Fallin mál.

I.

Feld frumvörp.

A. Stjórnarfrumvarp.

Fráfærur ásauðar.

Á 2. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa landsstjórninni til að fyrirskipa fráfærur ásauðar (A. 3).

Á 4. fundi í Ed., fimtudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eins og háttv. þm. er kunnugt, er gerð allítarleg grein fyrir frv. þessu í athugasemdunum, sem því fylgja.

Það, sem sjerstaklega vakti fyrir stjórninni, var hið sama og það, sem framkvæmt er nú í öðrum löndum, í miklu stærri stíl en hjer, sem sje það að bjargast sem mest við innlendar afnytjar, svo að ekki verði veruleg hungursneyð, þótt siglingateppa yrði.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í frv. þetta að sinni, vil að eins óska, að það fái að ganga til 2. umr. og henni verði frestað þangað til bjargráðanefndin hefir sest á laggirnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., laugardaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 3).

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að frv. þessu verði vísað til bjargráðanefndar og umræðu þessari þar með frestað.

Eggert Pálsson: Jeg vil bera fram þá brtt., að frv. þessu verði vísað til landbúnaðarnefndar, því þar á það, eftir eðli

sinu, heima, og jeg sje eigi, hvað sú nefnd á að gera, ef hún á ekki að meðhöndla mál sem þetta.

Forseti: Jeg vil vekja athygli hv. þm. á því, að allir hv. þm., er sæti eiga í landbúnaðarnefnd, eiga og sæti í bjargráðanefnd.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Benda vil jeg á það, að allir landbúnaðarnefndarmennirnir eru í bjargráðanefnd, en auk þeirra 2 aðrir hv. þm., og tel jeg að gagnvart athugun þessa máls sje þar ekki góðum mönnum ofaukið. Jeg býst og við því, að bjargráðanefnd hafi víðari sjóndeildarhring og líti meir á hagsmuni landsins í heild sinni en hag landbúnaðarins eingöngu.

Eggert Pálsson: Það má nú segja, að hjer, í þessari háttv. deild, megi á sama standa, til hvorrar þessarar nefndar málinu sje vísað, þar sem sömu menn eiga sæti í þeim báðum, en þótt svo sje hjer, þá er eigi víst, að svo sje í hv. Nd., en sje málinu hjer vísað til bjargráðanefndar, ber það og að gera í hv. Nd. Að því eiga menn hins vegar að ganga sem vísu, að í landbúnaðarnefnd hv. Nd. sitji þeir menn, er best má treysta í slíku máli sem þessu, en engin trygging fyrir, að bjargráðanefnd þar sje svo skipuð. Af þessari ástæðu, meðal annars, finst mjer sjálfsagt, að málinu sje vísað til landbúnaðarnefndar.

Karl Einarsson: Frv. þetta verður að skoðast fyrst og fremst sem ófriðarráðstöfun, og því sjálfsagt og rjett að vísa því til bjargráðanefndar, en það er hins vegar einnig rjett, að hún beri það undir landbúnaðarnefnd, áður en hún skilar því aftur, og beri t. d. undir landbúnaðarnefndina, hvort hægt sje að framkvæma ákvæði frv. eður eigi, svo að gagni komi.

ATKVGR.

Frv. vísað til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 536) með 8 : 4 atkv.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Ed., fimtudaginn 2. maí, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 3, n. 38).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Eins og skrifað stendur og ljóst er orðið, hefir landbúnaðarnefndin lagt til, að þetta frv. yrði ekki samþykt..

Ástæður nefndarinnar fyrir því eru að miklu leyti, en þó ekki öllu, teknar fram í nefndarálitinu.

Jeg hygg það vera almenningsálit hjer á landi, að aðalhættan, sem vofir yfir þjóðinni, sje sú, að sjávarútvegurinn gangi saman og geti ekki framfleytt því fólki, sem á honum lifir. Og þetta álit er væntanlega aðalástæða stjórnarinnar til að koma fram með frv. þetta; hún hefir litið svo á, að með almennum fráfærum mundi skapast meiri atvinna í landinu, og þá meiri þörf á fólki til sveita, og mundu sveitirnar þá toga til sín fólkið frá sjónum, líkt og svampurinn dregur í sig vatnið.

En við höfum nú komist að þeirri niðurstöðu, að hæstv. stjórn hafi gert sjer of háar vonir um þetta, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að landbúnaðurinn er alls ekki við því búinn að bæta við sig miklu fólki.

Það mun vera rjett, að hann geti framfleytt fleiru fólki en hann gerir nú, en sú viðbót verður aðallega að koma smátt

og smátt, eftir því sem ræktun landsins og búskap manna fer fram.

Jeg álít, að aðalbjargráðin verði að vera þau,að auka sjávarútveginn eftir öllum föngum, og í öðru lagi það, að spara á allan hátt kaup á erlendum vörum, og hingað til hefir verið gert minna að því en skyldi.

Má þar benda á sykureyðsluna nú í landinu. Skamtur sá, sem ákveðinn er nú, er miðaður við sykureyðsluna fyrir stríðið, sem þá var komin á sitt hæsta stig, og þegar tekið er tillit til þess, hvernig aðrar þjóðir haga sjer í þessum sökum, og eins hins, að sveitafólki er það ekki vorkunnarmál að komast af að mestu án sykurs, þá dylst það engum, að hjer er komið út á hættulega vegu.

Sama má segja um matvælaskamtinn, að hann er óþarflega mikill, meðan nóg er til í landinu af innlendum matvælum.

En jeg skal ekki fara langt út í þetta mál að svo stöddu.

Það væri ástæða til að tala meira um það, hvernig landbúnaðurinn stendur yfir höfuð, og horfurnar á því, að hann geti hlaupið undir bagga með sjávarútveginum. Jeg hefi reynt að kynna mjer það mál, en eins og von er til, nær sú kynning skamt.

Þar sem jeg þekki best til var árið 1915 gott ár, og græddi þá allur fjöldi bænda, en 1916 komust menn einnig allvel af, og breyting var lítil á yfirborðinu, en innbyrðis varð sú breyting, að mismunurinn jókst á efnahag manna. Þeir sem betur voru settir græddu, en hinir töpuðu.

Og síðastliðið ár hefir sú stefna haldist, mismunurinn fer vaxandi. Margir hafa sigið niður á bóginn, og alldjúpt sumir hverjir, og munu margir vera svo langt komnir nú, að þeir hafi ekki fullan gjaldeyri fyrir ákveðnum matvæla- og sykurskamti þ. á., auk heldur meiru.

Sveitirnar munu því eiga fullerfitt með að sjá um sig sjálfar.

Jeg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, en býst við, að ýmsir líti svo á, að þetta mál gefi ástæðu til að ræða bjargráðin frá ýmsum hliðum.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Frá mínu sjónarmiði hefir frv. þetta ekki sætt eins góðri meðferð og athugun og æskilegt hefði verið, og mátti vænta þess, að svo færi, eftir því hvernig afdrif frv. fjekk hjer við fyrstu umr. Jeg lagði þá til, að frv. þessu yrði vísað til bjargráðanefndar, því hjer er fyrst og fremst um dýrtíðarmál að ræða, en leikar fóru svo, að með meiri hluta atkvæða var samþykt að vísa því til landbúnaðarnefndar, og hlýtur að liggja á bak við það sú hugsun, að hjer sje einvörðungu um landbúnaðarmál að ræða, og þá líti á frv. og það skoðað og metið nokkuð frá öðru sjónarmiði en stjórnin ætlaðist til. Þetta verð jeg að telja mjög óheppilegt fyrir málið.

Frv. þetta hefir tvær hliðar og verður að skoðast frá þeim báðum, en hv. nefnd hefir að eins litið á aðra þeirra, og eingöngu þá, sem veit að landbúnaðinum; um það ber nefndarálitið ljósan vott. Önnur hliðin er sú, er veit að alþjóð manna. Aðrar þjóðir hafa gert itarlegar og margvíslegar ráðstafanir til þess að reyna að varðveita líf og heilsu borgara sinna, hvað sem í skerist, og þessar ráðstafanir fara dagvaxandi, og öllum er ljóst, að líf þjóðanna er undir því komið, að þær takist vel. En það er ekki hægt að hugsa sjer, að þessar ráðstafanir geti að haldi komið,

nema því að eins, að þær brjóti í bág við ímyndaðan hag, eða beint í bága við hag einstaklingsins í stöku tilfellum. En heill einstaklingsins verður að víkja fyrir heill þjóðarheildarinnar.

Hin hliðin — sú er nefndin hefir athugað — veit að sauðfjáreigendunum og hag þeirra. Nú vita það allir menn, að áður en styrjöldin mikla hófst þá var deilt um það, hvort það borgaði sig eða ekki að færa frá. En frá því styrjöldin hófst hefir þetta breyst mikið, og breytingarnar eru allar þeirri stefnu í hag að það borgi sig í flestum tilfellum að færa frá; um það er jeg sannfærður og það býst jeg líka við að allir verði að viðurkenna. Og í sambandi við þetta vil jeg taka það strax fram, að undanþágur var ætlast til að ættu sjer stað, og hefur stjórnin hugsað sjer — þó það standi ekki í frv., enda öllu fremur reglugerðarákvæði — að sjerstakur þar til skipaður maður veitti undanþágurnar í hverri sýslu eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfjelaga.

En hv. landbúnaðarnefnd hefur ekki viljað játa það, að hjer sje um dýrtíðarráðstöfun að ræða, sem jeg legg áherslu á að var, og það þótt jeg sje fyllilega við því búinn, sem gamall sauðfjáreigandi og bóndi, að sýna fram á það, að það sje beinn hagur fyrir bændur að færa frá. Þegar verið er að ræða um það, hvort fráfærur borgi sig eða ekki, þá mega menn ekki gera búreikninga sína upp á sama hátt og þeir gerðu áður en stríðið byrjaði, heldur verða þeir að gæta þess, hvað er notadrýgra fyrir búið, og jeg er ekki í minsta vafa um það, að notagildi mjólkurinnar er meira en notagildi það, er fæst með auknu kjöti fyrir dilkaeldið. Jeg hef ekki útvegað mjer nákvæmar upplýsingar um þetta hjá efnafræðingum, en þó hygg jeg, að ef frv. nefndarmenn vildu bera þetta atriði undir dóm landlæknis, sem allra hjerlendra manna hefir besta þekkingu um þetta, þá mundu þeir sannfærast um það, að notagildi búsins vex afarmikið.

Það hafa margir verið að spyrja að því, hvers vegna þingið væri kvatt saman á þessum tíma ársins. Og svarið við því er það, að það er gert vegna dýrtíðarinnar mestmegnis, því að ef gera á ítarlegar og miklar ráðstafanir, þá getur verið, að nauðsynlegt sje, að þær sjeu komnar í kring áður en vorannir og heyannir byrja.

Hv. frsm. landbúnaðarn. (S. F.) benti á ýms atriði í ræðu sinni, er til bjargráða má telja, en þau eru óviðkomandi því máli, sem hjer liggur fyrir, og má nota þau eins eftir sem áður, hvernig sem um það fer.

Við stöndum nú svo, að enginn maður veit hvað næsti dagur ber í skauti sínu, og hörmungar stríðsins geta skollið á oss er vill. Það má heita, að aðflutningar hafi verið meira og minna teptir til okkar síðan á nýári. Og hver getur fullyrt, eins og stendur, nema aðflutningar til landsins teppist alveg? Og hvar stöndum við þá?

Er það ekki helg og brýn skylda, sem hvílir á oss, fulltrúum þjóðarinnar, að sjá um það, að þjóðin noti þau bjargráð sem hægt er? Er það ekki skylda okkar þá að stuðla að því af öllum mætti, að hún geti sem mest búið að sínu og að synir hennar og dætur hafi nóga björg, svo enginn þurfi að líða hungur?

Sannarlega er það skylda vor, en þá verðum vjer líka að gæta þess, að notagildi þjóðarbúsins verði sem mest og haganlegast að auðið er. Og þess er óskandi, að margt gott leiði af þessu þingi, en því miður er það ekki álitlegt

enn þá, og hv. landbúnaðarnefnd virðist ekki hafa um þetta hugsað, er hún athugaði frumvarp þetta. Og í hv. Nd. í gær mátti vel finna það, að hv. deildarmönnum þar var það ekki vel ljóst, að siglingarteppa gæti skollið á oss nær er verða vildi, en jeg vona það, að hv. efri deild, öldungaráð þjóðarinnar, sýni það, að hún vaki yfir því að gera öll þau bjargráð, er hún telur að þjóðinni geti að haldi komið. Jeg efa ekki, að öldungaráðið vilji, að oss Íslendingum líði sem best og að við getum sem mest búið að voru, enda hlýtur það, að við sjeum sjálfbjarga, eigi hvað minst að auka sjálfstæðistilfinning vora, og það, að vjer sjeum sjálfum oss nógir, hlýtur að vekja hjá oss ást og traust á landinu. Það er því, eins og nú hagar, ábyrgðarhluti að fella frv., en þó nú sje sorti á lofti, sem eigi má sjá hvað úr verður, þá vona jeg, að bjartara verði yfir áður en þinglausnadagur rennur upp, og mætti þá svo fara, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, yrði ekki eins nauðsynlegt. En „allur er varinn góður". Af þessari ástæðu er það, að jeg óska þess, að nefndin vildi taka dagskrá sína aftur, eins og málinu horfir nú við, því ef syrtir að, þá er sjálfsagt að samþykkja frv., en ef birtir vel til — og þá fyrst — gæti nefndin borið tillöguna fram, án þess þó, að hennar sje í rauninni nokkur þörf þá, því hjer er að eins um heimildarlög að ræða, og eins og nefndin segir — og sýnilega veit — þá mun frv. vera fremur óvinsælt hjá kjósendum. En úr því svo er, þá er það víst, að stjórnin mundi ekki nota sjer þessi heimildarlög nema hún teldi brýna nauðsyn bera til.

Hv. frsm. (S. F.) kom að eins með eitt atriði í ræðu sinni, er snerti þetta mál. Það var um, að vakað hefði fyrir stjórninni að auka atvinnu í landinu, þegar atvinna sú, er sjávarútvegurinn veitir, verður, að því er vænta má, minni en verið hefir. En þetta er engan veginn aðalástæða stjórnarinnar, þó það sje hins vegar kostur við frv., heldur er og hlýtur það að vera aðalástæðan að sjá um það, að notagildi þjóðarbúsins vaxi og að jafnholl og góð fæða og sauðamjólkin er geti komið að sem bestum notum.

Nefndin segir, að frv. þetta sje óvinsælt og að því verði illa hlýtt. Haldið þið má ske, hv. þm., að fyrirskipanir þær og öryggisráðstafanir, sem fjölmörg lönd hafa nú orðið að gera, hafi altaf verið vinsælar? Haldið þjer má ske ekki, að það sje brýnni skylda vor að gera allar öryggisráðstafanir sem unt er, til þess að þjóðinni vegni vel, heldur en að hugsa um stundarvinsemdir? Haldið þjer má ske ekki, að það geti syrt enn þá meir að og verið þörf allra öryggisráðstafana? Haldið þjer ekki, að það sje betra að brjóta í bág við vinsemdirnar og vera við öllu búinn heldur en standa eins og hugsunarlausar og ráðalausar skepnur, ef siglingarteppan skellur yfir oss? Nei — óvinsælda má enginn heiðarlegur stjórnmálamaður taka tillit til á þessum tímum, enda áttar þjóðin sig fljótt á því, sem henni er fyrir bestu, og sjer, þegar í það er komið, að þessara ráðstafana er þörf. Jeg man það, þegar seðlaúthlutun byrjaði hjer í Reykjavík, að þá var urgur í mörgum manninum, þeir töldu þetta óþarfa, fyrirhöfn og kostnað, en nú mun vera erfitt að finna þann, er hefir nokkuð við það að athuga eða skilur ekki til fullnustu þá nauðsyn, sem á því var og er — þó getur verið, að eitthvert slikt andlegt nátttröll

fyrirfinnist enn þá. Eins er það með fráfærurnar, að þeim verður sumstaðar hlýtt strax möglunarlaust, og smám saman yrði þeim hlýtt alstaðar, nema þar, sem undanþágur yrðu veittar, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Og um hlýðnina vil jeg auk þess benda á það, að lög vor eru því miður brotin, og ef vjer ættum að eins að setja þau lög, er allir hlýddu, þá geri jeg ráð fyrir, að erfitt yrði með lagasetningar. Jeg skil ekki vel, hvernig hv. þm. koma með jefnhjegómlega mótbáru.

Önnur ástæðan, er nefndin færir á móti frv., er fólkseklan og að fá þyrfti fólk úr kaupstöðum í sveitirnar til vinnu. Satt er það, að þar, sem fært er frá, þarf meiri vinnukraft, en allvíða á landinu færa bændur enn frá, og jeg hefi aldrei heyrt þess getið, að efnahagur þeirra bænda, er færa frá, sje neitt verri en hinna. Það ber að líta á fleira en það, hversu mikið búin geta framleitt til sölu; búin framleiða og mat o. fl. handa sjálfum sjer til notkunar, og bóndinn, sem færir frá, framleiðir miklu meira til eigin búsafnota en hinn, sem ekki færir frá; þess vegna er bú hans og hagur oft betri en hins. En hjer er meira djúp á milli skoðana minna og nefndarinnar en fljótt á litið virðist. Nefndin segir: framleiðið sem mest til sölu og þá verslið sem mest, en jeg segi: verslið sem minst, búið sem mest að afurðum landsins. Og það getur varla leikið efi á því, að eins og nú hagar, er oss full nauðsyn að búa sem mest að voru.

Þá segir nefndin, að það svari ekki kostnaði að færa frá. Jeg get ekki sýnt fram á það með tölum, hversu mikið hver einstök ær gefur af sjer yfir sumarið, en jeg hefi yfir 10 ára bil tekið á móti dilkum og hagalömbum til vigtunar að haustinu, og af þeirri reynslu þori jeg óhikað að halda því fram, að munurinn á þeim er miklu minni en nemur næringargildi því, er fæst úr sumarmjólk ánna. Og þótt annað hefði verið fyrirstríðið, þá hagar dæminu alt öðruvísi nú.

Þá segir nefndin, að kjöt það, sem ókleift að færa frá, og má það vel vera, en við því er sleginn varnagli í frv.; það eru undanþágurnar, svo óþarft er að fjölyrða um það.

Þá segir nefndin að kjöt það, sem verslað yrði með, yrði aðallega kjöt af hagalömbum og kviaám, og segja, að þess vegna verði kjötið lakara. Jeg skil ekki, hvernig reyndir bændur og góðir búmenn fara að halda því fram, að kjöt af hagalömbum þurfi að reynast ljelegt; það vita flestir, að það kjöt er oft gott. Um kviaærnar er það að segja, að kjötið af þeim stendur alls ekki að baki kjöti af tvílembdum ám. En látum nú svo vera, sem þetta væri rjett hjá nefndinni, hvaða kjötmarkaði getum við spilt, þegar við, eins og nú stendur, höfum engan vísan markað fyrir kjötið, og við vitum ekki, hvort við getum komið nokkurri kjöttunnu út fyrir landsteinana? Helsta von vor nú um þetta er, að Bretar kaupi af oss kjötið fyrir eitthvert verð, og ef svo fer, þá er þar alveg um nýjan markað — ef svo má kalla það — að ræða, markað, sem eigi getur orðið til frambúðar. Síðastliðið haust gátum við komið nokkru kjöti til Noregs, en nú eru engar líkur fyrir því. Að við með þessu getum spilt fyrir oss á kjötmarkaði vorum á Norðurlöndum, legg jeg því ekkert upp úr.

Nefndin segir, að tólgarframleiðslan muni minka, og er það rjett athugað.

Hún minkar eitthvað, en ekkert á móts við það, sem smjörframleiðslan vex, svo feitmetisframleiðslan verður miklu meiri — og betri. Og ef nóg er af feitmeti í landinu, þá má spara sykurinn. Læt jeg mjer þar um nægja að vísa enn á ný til hæstv. forseta vors, hr. landlæknis G. Björnsonar.

Af þessu má öllum vera það ljóst, að nefndin hefir að eins litið á aðra hliðina af tveim hliðum málsins, en sára-lítið — jafnvel alls ekki — litið á það, hvað framleiðendur fá, ef þeir færa frá. Og nefndin hefir alls ekki athugað þá hlið málsins, er að alþjóð veit, og er beinlínis nauðsynlegt nú á ófriðartímum að fá svarað, það, hvernig best sje hægt að bæta úr feitmetisskortinum í landinu.

Jeg vil því ítreka þá ósk mína, að landbúnaðarnefndin taki aftur dagskrá sína á þessu stigi málsins, svo að við getum betur sjeð, hvar og hvernig vjer stöndum að vígi, og jeg ber það traust til öldungaráðs þjóðarinnar, að það beiti hinum bestu og hagfeldustu ráðum, er þjóðinni megi að haldi koma, og að það slíðri ekki vopn sín meðan ekki er sjeð, nema þeirra sje brýn þörf. En ef menn sjá að eins yfir dalverpið, sem þeir búa í, og halda dagskránni áfram, þá óska jeg þess, að nafnakall verði haft um hana.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg fil með nokkrum orðum gera grein fyrir atkvæði mínu, þótt jeg sje ekki í landbúnaðarnefndinni.

Jeg skal fyrst geta þess, að jeg er yfirleitt og nálega í flestum atriðum samdóma nefndinni, og jeg tel rjett að samþykkja hina rökstuddu dagskrá, sem hún ber fram. Jeg get vel skilið það, að hæstv. atvinnumálaráðherra falli það sárt, hversu þungar undirtektir þetta frv. fær, því jeg efa ekki, að það sje borið fram af góðum vilja, en góður vilji enga gerir stoð, ef hann er ekki bygður á skynsamlegum rökum, og fullnægingu hans fylgja engin hyggileg úrræði.

Það er auðskilið mál, að ef fráfærur verða almennar, þá þarf meiri vinnukraft til sveita en nú er, en eins og nú hagar til, án þess að fært sje frá, er vinnukraftur í sveitunum alt of lítill, og bændur kvarta mjög yfir fólksleysi. Og víða er fólksleysið svo mikið nú, að til stórra vandræða horfir, og er brýn asta þörf á því, að á því væru ráðnar bætur. Það væri því alveg öfugt við það, sem þarf og á að vera, að fara að gera enn þá meiri vinnukröfur til bænda. Ef fært er frá, þá þurfa bændur fyrst og fremst að fá sjer smala. Hann er aðalmaðurinn, en eins og nú hagar, er varla unt að fá góðan smala; menn eru orðnir óvanir þeim starfa, en auk þess þarf fleira fólk, einkum góðar mjaltakonur. Ef smalinn er ekki starfi sínu vaxinn, þá leiir af því, að húsbóndinn sjálfur, eða má ske besti verkmaðurinn, verður að fara af stað að leita að fje því, er smalinn hefir týnt.

Kvenfólkið tefst mjög mikið. En það er ókostur, sem vegur mikið á móti gagninu, sem af fráfærunum kynni að leiða. Í sambandi við þetta er það rjett hjá nefndinni, að þetta dragi úr fóðurframleiðslunni, en afleiðingin af því er annaðhvort enn verri hjásetning, eða að fjenu verður að fækka. Og þar við bætist svo það, að um leið og fóðurframleiðsla er minni, ef fært er frá, þá er fjeð líka fóðurfrekara. Þar hefi jeg og fleiri, sem verið hafa í bændastjett, mjög mikla reynslu. (**Atvinnumálaráðherra:** Eru hagalömb yfirleitt fóðurfrekari en dilkar?) Það þarf yfirleitt að

fóðra hagalömb betur. Ær, sem altaf eru höfuðsetnar, þurfa ólíkt meira fóður að vetrinum en dilkærnar, sem fá að ganga í frjálsræði hvar sem þeim sýnist og leita sjer hins besta fóðurs upp til fjalla.

Enn fremur er það rjett hjá nefndinni, að framleiðsla á kjöti hlýtur að minka; það er bæði minna og lakara kjöt af fráfærnalömbum en dilkum og af horuðum kviaám heldur en fjallgengnum dilkám. Og þar kemur því undir eins frádráttur á hagnaði þeim, er leiðir af fráfærunum, þar sem kjötið minkar og versnar. Í sambandi við skortinn á feitmeti innanlands vil jeg geta þess, að það er ekki sjálfsögð skylda að flytja kjötið út úr landinu, ef ekki er von um gott verð fyrir það. En nú er það öllum vitanlegt, að kjöt gefur ekki einungis af sjer ágætt feitmeti, heldur og sparar annað feitmeti, því það mun ekki síður á landi hjer að eta smjör við kjöti. Gagnvart smjörframleiðslunni kemur fram stór ókostur um framleiðslu á kjöti.

Hæstv. atvinnumálaráðh. gat þess, að líkur væru til, að kjöt yrði í lágu verði, og að litlar líkur væru til þess, að hægt yrði að flytja það út, en ef svo er, þá sýnist mjer vafasamt, hvort nokkurrar aukinnar smjörframleiðslu þurfi við, því að eins og jeg tók fram, kemur þá kjötið í staðinn fyrir smjör. Jeg held nú líka, að kjötið sje ódýrasta fæðan í landinu, jafnvel með því verði, sem á því var í haust.

Enn fremur má geta þess, að um leið og fráfærurnar draga úr kjötframleiðslunni, þá spilla þær gæðum þeirrar vörutegundar, sem undanfarið hefir verið talin besta tegund sauðakjöts, sem er dilkakjötið.

Þá er enn beint tap, sem verður að draga frá gróðanum af aukinni smjörframleiðslu, og það er, að mörinn minkar og tólgin þar af leiðandi. Þótt dæmi sjeu til þess, að fráfærnalömb skari hátt upp í dilka að þyngd, þá hefi jeg reynslu fyrir því, að fráfærnalömb eru miklu mörminni. Hjer kemur þá líka nokkuð til frádráttar frá aukinni smjörframleiðslu.

Framleiðsla á skyri, sýru og ostum er fult svo þýðingarmikil eins og framleiðsla á smjöri. (**Atvinnumálaráðh.:** Alveg rjett!). Það alt verður auðvitað fyrir sama frádrætti og smjörið.

Svo er ýmislegt fleira, sem mætti minna á, þótt það sje ekki mikilsvert, en það er annar kostnaður fyrir utan vinnukostnað. Vegna flutningateppunnar, sem á sjer stað, þá hafa skilvindurnar, sem hljóta nú orðið að vera skilyrði fyrir því, að fráfærur þrífist, gengið úr sjer. Menn hafa nú upp á síðkastið orðið að notast við gamla garma. Ef nú á í einu flughasti að skipa fyrir fráfærur og bjóða þeim mönnum að færa frá, sem ekki hafa ætlað að gera það, og annaðhvort eiga enga skilvindu eða einhverja ómynd, þá getur það orðið dýr útgjaldaliður, enda hugsa jeg líka, að landstjórnin hafi ekki hugsað fyrir því að hafa nógar skilvindur á boðstólum. Það er að vísu gert ráð fyrir í frv., að verja megi fje til fráfærna úr landssjóði, en það er svo óljóst orðað, að jeg veit ekki hvað átt er við með því. Fjeð verður þá að vera til þess að auka vinnukraftinn og líka til þess, að hægt sje að ná í þau áhöld, sem til fráfærna þarf.

Svo er enn einn ókostur við fráfærur, sem margir hafa rekið sig á,og hann er sá, að miklu lakari heimtur eru á fráfærnalömbum en dilkum. Dilkærnar skila sjálfar dilkunum heim á haustin,

en það er oft, að fráfærnalömb koma aldrei fram, eða þau eru seld í öðrum hjeruðum fyrir lítið verð, sem óskilafje.

Eitt aðalatriðið í þessu máli er enn fremur, að ekki er hægt að búast við neinum árangri af fráfærum sem þvingunarráðstöfun. Menn eiga að vera svo heilskygnir, að sjá hvar fráfærur borga sig og hvar ekki, og það eru menn líka oftast. Ólafsdalur er t. d. sjálfsögð fráfærnasveit; þar er land alt undan túni og smalamenska hæg. Það blindaði Torfa heitinn í Ólafsdal — jeg segi honum það alls ekki til lasts, — en það hagaði alt öðruvísi til hjá honum en víða annarsstaðar.

Það er áreiðanlegt, að ef koma á á almennum fráfærum með þvingunarlögum, þá verður jafnframt að rjetta fram einhverja sterka og örugga hjálparhönd, bæði með vinnukraft og annað.

Jeg get því ekki ásakað mig, þótt jeg greiði atkvæði með þessari rökstuddu dagskrá, en móti frv., þegar litið er á alt, sem mælir á móti því. Þetta eru þvingunarlög, sem annaðhvort verður ekki hlýtt eða þá af nauðung. Þau hafa að minsta kosti sjö annmarka í för með sjer:

1) þau útheimta aukinn vinnukraft,

2) draga úr fóðurframleiðslu, en auka fóðurþörf.

3) minka framleiðslu kjöts, bæði til fæðis í landinu og til útflutnings,

4) spilla gæðum þess,

5) draga stórlega úr framleiðslu tólgar,

6) auka annan kostnað og krefjast áhalda, sem vafasamt er að verði útveguð í tíma,

7) valda verri heimtum og jafnvel reglulegum fjársköðum.

Alt þetta finst mjer góðar og gildar ástæður til þess að vera á móti frv., þótt jeg hins vegar játi, að fráfærur geti verið mikið góðar þar, sem þær eiga við, og þar, sem menn geta á viðunanlegan hátt veitt sjer nægan vinnukraft og önnur nauðsynleg skilyrði.

Guðmundur Ólafsson: Hv. síðasti ræðumaður (G. G.) er nú búinn að losa mig við margt af því, sem jeg ætlaði að segja. En þó vildi jeg reyna að bera hönd fyrir höfuð nefndarinnar, því mjer fanst hæstv. atvinnumálaráðh. gera henni getsakir.

Hann sagði í byrjun ræðu sinnar, að honum hafði sagt þungt hugur um afdrif frv., er það lenti á þessum stað, — í landbúnaðarnefndinni, en ekki í bjargráðanefnd. En nú má geta þess, að menn úr landbúnaðarnefnd eru í meiri hluta í bjargráðanefnd. Enn fremur sjáum vjer nú, að hv. 4. landsk. (G. G.) er á sömu skoðun, en hann er og í bjargráðanefnd. Reyndar heyrði jeg ekki glögt ræðu hans, því að jeg var orðinn syfjaður, með því að mjer leiðast langar ræður, en jeg heyrði, að hann taldi mótbárurnar upp í sjö liðum, og er jeg á sama máli um öll þau atriði. Hæstv. atvinnumálaráðh. fór nokkuð ítarlega í gegnum nál. og komst að þeirri niðurstöðu, að þar væri alstaðar litið á málið frá annari hliðinni. En þetta má miklu fremur segja um ræðu hans og frv. Það er ekki nema ein grein, sem er heimild fyrir stjórnina til að fyrirskipa fráfærur.

Í greinargerð frv. er sagt meðal annars, að 2½ kg. af smjöri fáist úr sumarnyt hverrar rollu. Jeg hefi nú sjálfur fært frá, fyrir nokkrum árum síðan, og hefi reynslu fyrir, að það er mikils til of hátt áætlað. (**Atvinnumálaráðh.:** Það er of lítið áætlað). Nei, langt of mikið.

Hv. 4. landsk. (G. G.) hefir tekið fram

það, sem jeg vildi sagt hafa viðvíkjandi kostnaðinum við að fá þetta aukna feitmeti. Og það vegur og mest hjá mjer, að jeg er sannfærður um, að þetta svari ekki kostnaði fyrir bændur yfirleitt. En hefði maður getað sjeð það í frv., sem hæstv. atvinnumálaráðh. tók fram, að einn maður ætti að vera í hverju sýslufjelagi, sem veitti undanþágur frá lögunum, eftir tillögum sveitarstjórna, þá liti frv. alt öðruvísi út. En líklega yrði þá árangur þessara heimildarlaga fremur lítill.

En svo jeg víki aftur að kjötinu, þá get jeg ekki gert lítið úr muninum á dilkakjöti og kjöti hagalamba. Ef við komum nokkru kjöti út, þá hlýtur frv. þetta að skaða kjötmarkaðinn stórlega, og ef við getum engu kjöti komið út, þá er betra að eta feitt kjöt en smjör með mögru kjöti. Það er þegar búið að taka það fram, að það, sem vinst með aukinni smjörframleiðslu, tapast á tólginni og kjötinu. Fráfærur eru mörgum með öllu ókleifar, vegna verkafólksleysis.

Það má segja, að ef aðflutningar teppast, geti komið sultur og hungurdauði, eins og hæstv. atvinnumálaráðh. tók fram, en hvernig fer þegar bændur hafa sett hálfu djarfara á, vegna lögskipaðra fráfærna, en áður?

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg býst ekki við, að nefndin geti orðið við þeim tilmælum hæstv. atvinnumálaráðh., að taka till. sína aftur, því jeg held, að hann hafi ekkert um málið sagt, sem nefndin var ekki búin að hugsa um. **(Atvinnumálaráðh.:** Það hefir ekki komið fram í nál. eða ræðu frsm.). Það er eðlilegt, að málið horfi nokkuð sjerstaklega við hæstv. atvinnumálaráðh., því að hann er úr þannig sveit — Köldukinn — að þar verður lítill munur á dilkum og graslömbum, því þar er bæði gott land og nóg vatn. En þetta kemur öðruvísi út t. d. á Reykjaheiði, sem er stærri afrjettur, hrjóstrugt land og þurt. Annars er þetta mál gamalt spursmál, sem við atvinnumálaráðh. höfum lengi verið sinn á hvorri skoðun um.

Viðvíkjandi aukningu þeirri á matarframleiðslu, sem haldið er fram að fylgi fráfærunum, þá tel jeg víst, að stj.frv. geri ráð fyrir of miklu, þar sem það áætlar 2½ kg. af smjöri eftir ána, yfir sumarið. Það mundi samsvara 40 lítrum af mjólk, en eftir því, sem jeg þekki til, mun fullnóg að gera ráð fyrir 30 l. eftir ána, og er þá ekki hægt að áætla meira en 1¾ kg. af smjöri.

Við meðferð undanrennu mjólkurinnar eru naumast nema tvær leiðir til; önnur sú, að breyta henni í ost, hin sú, að breyta henni í skyr.

Ostagerð er hjer, enn þá sem komið er, á lágu stigi, en sje mjólkinni breytt í skyr, vantar ílátin til að láta það í og flytja um landið. Og þótt næg ílát fengjust, mundu þau verða dýr, engu síður en kjötílátin.

Því hefir verið haldið fram, að ábyrgðarhluti sje að vera á móti frv. þessu, en jeg tel það ekki síður ábyrgðarhluta að stofna framleiðslu heyjanna og kjötmarkaðinum í hættu.

Hæstv. atvinnumálaráðh. hjelt því fram, að kjötmarkaður vor mundi bundinn við England. En mjer þykir hitt þó eins líklegt, að markaður náist á Norðurlöndum, ef útflutningsleyfi fæst á annað borð.

Það sem hann tók fram um óvinsældir málsins hefir nokkuð til síns máls. Því það er satt, að slíkt má ekki hræða frá nauðsynlegum ráðstöfunum. En óvinsældirnar geta þó verið of mikl-

ar, og mjer er kunnugt um það, að fjöldi bænda er þessari ráðstöfun mótfallinn. Jeg veit ekki betur en að sýslunefnd S.-Þing., sem mál þetta var borið undir, teldi hana óráðlega, og mjer er kunnugt um, að fjöldi bænda, víðs vegar um land, lítur þeim augum á málið.

Það hefir verið bent á, að fráfærur hafi borgað sig vel, þar sem þær hafa tíðkast, hingað til, en það er mjög skiljanlegt, því að auðvitað hafa þær haldist við á þeim stöðum, sem þær borguðu sig best.

Viðvíkjandi mismuni á dilkum og hagalömbum, þá hygg jeg að láti nærri, að hagalamb, sem vegur 60 pd., sje sem dilkur um 80 pund, og verður kjötmismunurinn þá nálægt 7 pd., en munur á mör um 2 pd.

Munurinn á kjöti ánna hygg jeg að verði líkur. Jeg þykist eins viss um, að 40 pd. falli af dilkánni, eins og 32—33 pd. falli af kvíaánni, og munurinn á mörnum verður meiri en á lömbunum.

Það var svo ekki fleira, sem jeg vildi segja að þessu sinni, enda hefir verið svarað rækilega frá öðrum hliðum.

Magnús Torfason: Jeg ætla mjer ekki að taka þátt í því að meta, hve mikið frv. þetta mundi auka feitmeti í landinu, en þó er jeg ekki í neinum vafa um, að það mundi gera það að talsverðum mun, og ekki að eins feitmeti, heldur einnig önnur efni, sem við þörfnumst mest, ostefni og skyr.

Jeg hefi haft næg tækifæri til að sjá, hver kostur manna hefir verið í vetur í sjávarþorpum, og veit, að margur hefir beðið heilsu- og jafnvel líftjón af slæmri og óheppilegri fæðu. Er því full ástæða nú til að gera alt til þess, að þeir, sem við verstan kost eiga að búa, geti veitt sjer betri fæðu en síðasta vetur.

Jeg hefi litið svo á, að frv. þetta væri að eins heimildarlög fyrir stjórnina, til þess að gera alt, sem hún telur fært, til þess að auka fráfærur ásauðar, en að það beri ekki að skoða sem almenn þvingunarlög.

Þess er líka getið í ástæðum frv., að þótt ekki yrði nema tiltölulega lítill hluti fram yfir það sem verið hefir, sem fært yrði frá af ám, þá mundi það geta komið að góðu haldi.

Framkvæmdir málsins eru í höndum landsstjórnarinnar, og get jeg ekki hugsað mjer, að reglugerð sú, sem gerð yrði kæmi út í lífið án þess að vera áður borin undir búmenn og fulltrúa þeirra, Búnaðarfjelag Íslands.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þessa hlið málsins, meðan engar bendingar koma frá hæstv. stjórn um það, hvernig hún hafi hugsað sjer aðaldrættina í till. sínum.

Jeg verð að segja það, að mjer finst háttv. landbúnaðrn. hafa tekið kuldalega í þessar bjargráðatillögur hæstv. stjórnar, sjerstaklega þegar þess er gætt, að hjer er annað frv. á ferðinni, frá hv. frsm. landbúnaðarn. (S. F.), sem hlýtur að draga úr feitmetisöflun í landinu.

En það sem sjerstaklega var ástæðan til þess, að jeg tók til máls, var það, að mjer skilst nál. vera mjög einhliða og sjálf rökstudda dagskráin órökstudd.

Nál. miðar alt að því, að níða alt vit úr frv. stjórnarinnar, en ekki er ein einasta setning til að rökstyðja dagskrána. Þar segir svo, að stjórnin eigi að stuðla að því eftir föngum, að bændur geti aukið vinnukraftinn, en engin

bending er gefin um, hvernig það megi verða.

Enn fremur á stjórnin að gefa bændum upphvatningu til fráfærna á „tiltækilegan hátt", en engu orði er vikið að því, hvernig hann er, sá háttv. tiltækilegi háttur.

Af öllu þessu virðist mjer það ljóst, að fylsta þörf sje á að fresta þessari umr., og þykist jeg vita, að háttv. nefnd verði fús til að hugsa málið betur og koma fram með ástæður fyrir hinni rökstuddu dagskrá.

Jeg lít því svo á, að það sje í þágu háttv. nefndar, ef málinu yrði frestað.

Mjer finst líka full ástæða til að láta bíða með að stytta máli þessu aldur, þangað til háttv. bjargráðanefnd hefir komið fram með eitthvað, til að bæta úr skorti þeim, sem þetta frv. átti að bæta úr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Hv. þm. Ísaf. (M. T.) þótti bresta á röksemdir fyrir dagskrá þeirri, er landbúnaðarnefndin ber fram og ætlast til að frv. sje afgreitt með. Það er rjett, að rökfærslan er ekki ítarleg að því leyti; en þó er í niðurlagi nefndarálitsins nokkur rökstuðning fyrir dagskránni.

Þá fann hann það og nefndinni til foráttu, að hún gerði ekki grein fyrir því, á hvern hátt stjórnin mætti best auka vinnukraft bænda. Satt er það, að nefndin hefir eigi borið neitt fram um það, á hvern hátt það eigi að framkvæmast, en nefndin varð að líta svo á, sem það væri, í þessu sambandi, fremur skylda stjórnarinnar. Frv. það, er hjer liggur fyrir og stjórnin ber fram, krefst mikils aukins vinnukrafts, og ætti stjórnin að hafa hugsað sjer leiðir til að bæta úr því. Jeg vil því vísa hv. þm. Ísaf. (M. T.) til stjórnarinnar um þetta atriði. Ef ætti að bæta úr þessu til fulls, mundi þurfa önnur þvingunarlög, er ræku fólk með valdi úr sjávarþorpunum upp í sveitir landsins, til að stunda þar vinnu. (**Atvinnumálaráðh.:** Mætti veita ívilnun á ferðakostnaði).

Besta ráðið til þess að hvetja bændur til þess að færa frá er eflaust það, ef landsstjórnin gæti trygt mönnum gott smjörverð, svo bændur sæju, að fráfærur borguðu sig.

Sami hv. þm. (M. T.) gat um það, að frv. það, er jeg hefi flutt, mundi draga úr smjörframleiðslunni. (**M. T.:** Mjer gefst tækifæri til að kreista svampinn síðar). En þar sem það liggur ekki hjer fyrir, en jeg býst hins vegar við, að síðar verði tækifæri til þess að ræða þetta mál, þá læt jeg það bíða að sinni.

Samkvæmt ósk þm. Ísaf. (M. T.) bar forseti upp, hvort fresta skyldi umræðunni.

Það var felt með 8 :5 atkv.

Forseti: Þá er umræðunni lokið, með því að ekki hafa fleiri kvatt sjer hljóðs.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá landbúnaðarnefnd, á þgskj. 38, feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. D., S. F., E. P., G. G., G. Ó., H. St., H. Sn.
nei: M. K., M. T., S. E., S. J., Jóh. Jóh., K. E., G. B.

Þegar hjer var komið atkvæðagreiðslunni, mælti

Magnús Torfason: Má jeg óska þess, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá.

Forseti: Jeg álít, að þar sem skoðanir hv. þm. eru eins skiftar og komið hefir fram við atkvæðagreiðsluna, og málið hins vegar mjög mikils vert fyrir þjóðina, þá sje rjett að jeg taki málið út af dagskrá, svo hv. deildarmönnum gefist tækifæri til að athuga málið sem allra best.

Málið tekið af dagskrá.

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 6. maí, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 3).

Guðmundur Ólafsson: Af sjerstökum ástæðum vil jeg biðja hæstv. forseta um að taka málið út af dagskrá.

Forseti: Jeg tók það fram um daginn, að jeg tæki mál þetta á dagskrá strax og nefndin óskaði þess, og það hefi jeg gert. Úr því nefndin óskar nú, að málið sje tekið út af dagskrá, þá finst mjer jafn-sjálfsagt að verða við tilmælum hennar, og tek því málið út af dagskrá.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 13. maí, var frv. enn tekið til 2. u m r.

FRAMHALD ATKVGR.

1. gr. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., M. K., M. T., S. E., S. J., G. B.

nei: S. F., E. P., G. G., G. Ó., H. St., H. Sn., K. E., K. D.

Frv. því

f a l l i ð.

B. Þingmannafrumvörp.

2. Veðurathuganastöð í Reykjavík.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 3. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um veðurathuganastöð í Reykjavík (A. 47).

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf ekki að fjölyrða um þetta mál frekar en skýrt er frá í greinargerðinni, enda er auk þess öllum þm. frv. kunnugt frá síðasta sumri, er það var afgreitt frá deildinni með samhljóða atkvæðum. Og þar sem það eitt varð banamein frv., að það dagaði uppi í efri deld, þá fanst nefndinni sjálfsagt að hreyfa þessu máli að nýju.

Auk þess hefir nýtt atriði komið fram í þessu máli, og það er það, að líkur eru til, að ungur og efnilegur námsmaður leggi fyrir sig þessa fræðigrein, ef von væri atvinnu síðar.

Það er ekki þann veg að skilja, að nefndinni sje ekki ljóst, að hjer á landi væru ýmsir menn þeim starfa vaxnir og vel hæfir til að standa fyrir slíkri stöð, en yfirleitt eru þeir menn hjer svo störfum hlaðnir, að þeir gætu varla lagt þetta á sig í viðbót. Auk þess væri það mikill styrkur fyrir málið, að hægt væri að byrja með ungan mann, sem lagt hefði þessa fræðigrein fyrir sig frá byrjun, og hefði því þekkingu til að stjórna slíkri stöð, sem hjer um ræðir, svo að sómi væri að.

Annars ætlast enginn til, að stöðin verði sett upp nú þegar, en það er ekki nema gott, að lögin sjeu til, sem bending um það, að þetta muni þó verða gert, og gæti það orðið manni þessum næg hvöt til að leggja stund á þessa fræðigrein.

Að þessu sögðu skal jeg ekki eyða fleiri orðum um frv. að þessu sinni, en jeg vona, að hv. deild taki því eins ljúflega í fyrra og leyfi því að ganga til 2. umr.

Forseti: Jeg leyfi mjer að benda á, að þó að málið komi frá nefnd, þá er rjett, að það sje einnig athugað af fjárveitinganefnd, með því að hjer er um útgjöld úr landssjóði að ræða, og vil jeg því gera það að tillögu minni, að fjárveitinganefnd verði falið að taka það til nánari athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 47, 76).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 : 2 atkv.
2.—7. gr. — — 13 : 1 —
Fyrirsögn — án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 47).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 : 5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. maí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um veðurathuganastöð í Reykjavík,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 120).

Á 20. fundi í Ed., fimtudaginn 16. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til mentamálanefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 536) með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 1. júní, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 120, n. 248).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Þótt nál. sje stutt, hefi jeg litlu við það að bæta. Jeg get ekki fyrir nefndarinnar hönd gefið neinar ítarlegar skýrslur um einstök atriði málsins, því að hún hefir ekki getað aflað sjer þeirra svo, sem henni þótti þurfa, og af þeim sömu ástæðum hefir nefndin komist að þessari niðurstöðu, sem nál. ber með sjer.

Mjer ,fyrir mitt leyti, þótti það leitt að verða að komast að þessari niðurstöðu, þar sem jeg lít svo á, að málið sje alls eigi þýðingarlítið, en mundi geta haft bæði vísindalega og raunverulega þýðingu fyrir lífið.

En nefndarmenn urðu sammála um það, að þeir hefðu ýms atriði málsins of lítið á valdi sínu, til þess, að þeir gætu ráðið til þess að leggja út í fyrirtæki þetta.

Eins og kunnugt er, þá er fjárhagur landsins erfiður og mun verða það á næstu árum, og gæti svo farið, að þrengst yrði í búi einmitt þegar byrja ætti á verki þessu. En til þess að það fullnægi þeim kröfum, að hafa bæði vísindalega og raunverulega þýðingu, þá er það gefinn hlutur, að alt yrði að vera í fullu lagi.

Mjer er það að vísu ekki fullljóst, hve mikið þarf til þess, en jeg tel þó víst, að til þess þurfi mikið fje.

Og oft hefir svo farið, að menn hafa ekki í upphafi gert sjer fulla grein fyrir því, hvað til þurfi, þegar ráðist hefir verið í ýms fyrirtæki, og oft hafa þá vakist upp fleiri erfiðleikar og meiri kostnaður en gert var ráð fyrir í upphafi. Má t. d. benda á, að kjör starfsmanna hafa í fyrstu verið miðuð við

sultarlaun, og hefir því orðið að hækka þau bráðlega, og hefir það aukið áætlunarkostnað.

En til þess að fyrirtæki þetta kæmi að fullum notum, yrðum við að hafa bein skeytasambönd við Vesturheim, og enn fremur vantar til þess símstöð á Grænlandi.

Auk þess yrði að setja hjer á stofn athugana- og merkjastöðvar.

En alt þetta hlyti að hafa í för með sjer svo mikinn kostnað og erfiðleika, að ekki getur talist gerlegt að ráðast í það að svo stöddu.

Alt þetta þarf líka miklu betri og rækilegri undirbúning, og kom nefndinni því saman um að fela stjórninni að undirbúa málið á sínum tíma.

Jeg vil því, fyrir nefndarinnar hönd, leggja það til að rökstudd dagskrá á þgskj. 248 verði samþykt.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá mentamálanefnd, á þgskj. 248 (sbr. A. 296), samþ. með 7 shlj. atkv.

Frv. því talið

fallið.

---

3. Skipun læknishjeraða [100% hækkun læknataxta].

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 10. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (A. 79).

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr. (A. 79, 114).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Af því svo áliðið er dags skal jeg láta mjer nægja að vísa til greinargerðar við frv., og vona jeg, að ef menn hafa eitthvað við frv. að athuga, þá geymi þeir það til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 4 atkv.

Á 26. fundi í Nd., laugardaginn 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 79, 114).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Þegar þetta frv. var hjer til 1. umr., hafði jeg ekki ástæðu til að tala um frv. fram yfir það, sem greinargerðin ber með sjer. Nú langar mig því til að fara nokkrum orðum um málið alment. Það kann nú að vísu svo að virðast, að málið snerti mína eigin hagsmuni nokkuð náið. En jeg ætla samt að reyna að tala um það frá almennu sjónarmiði, fyrst jeg valdist til að hafa framsögu um frv. hjer í deildinni, sem telja má fremur óheppilegt.

Þetta frv. er þannig fram komið, að meiri hluti fjárveitinganefndar flytur það að tilhlutun landsstjórnarinnar, en hún hafði fengið áskorunarskjal frá Læknafjelagi Íslands um það að flytja frv. í þessa átt.

Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, var á aukaþinginu 1916—17 samþykt dýrtíðaruppbót til starfsmanna landssjóðs og þannig ákveðið, að uppbótina skyldi greiða bæði af föstum launum og aukatekjum starfsmanna. Þingið 1917 breytti þessum lögum þannig, að dýrtíðaruppbót er nú að eins greidd af föstum launum. Þessi breyting kemur harðast niður á læknunum. Þeirra föstu laun eru svo lág, að þeim er ætlað að taka hlutfallslega mikinn hluta af launum sínum í aukatekjum. Sumir embættismenn taka líka aukatekjur sínar eftir verðlagsskrá, t. d. prestarnir. Fá þeir þá dýrtíðaruppbót á aukatekjum sínum í hækkuðu verðlagsskrárverði. Þetta kemur því harðast niður á læknum.

Jeg skal ekki fara mikið út í einstakar greinar frv., heldur hafa framsöguna sem mest almenns efnis. Enda er lítið um 1. gr. að segja. Hún er bygð svona nokkurn veginn á því verðfalli peninganna, sem orðið hefir síðan stríðið hófst. En annars er óhætt að segja það um þá verðskrá, sem aukatekjur læknanna eru reiknað eftir, að hún er mjög gömul og því mjög lág. Þó lögin sjeu ekki eldri en frá 1917, þá er gjaldið miðað við eldgömul lög, enda tekið fram, að svo skuli vera, að gjaldskráin verði ekki yfirleitt hærri en áður hafði verið. Það er því mjög gamall grundvöllur, sem hún byggist á.

2. gr. er um borgun fyrir ferðir lækna. Jeg geng út frá því, þó að jeg viti það ekki með vissu, að þegar það var sett í lögin 1907, að læknar skyldu fá 30 aura fyrir hverja klukkustund, sem þeir eru frá heimili sínu, þá hafi verið miðað við það kaup, sem venjulegt var að borga verkamönnum þá. Þeim hefir víst ekki verið borgað meira þá, og yfirleitt líklega ekki meira en 25 aurar á klukkustund.. Ef það er rjett athugað, að kaup verkamanna hafi verið lagt til grundvallar, þegar ferðakaup læknanna var ákveðið, þá er fult samræmi í því að hækka það nú, og ætti reyndar að hækkast miklu meira, ef fult samræmi ætti að haldast.

Jeg geri ráð fyrir því, þó að ólíklegt kunni að virðast, að einhver verði til að hreyfa mótmælum. Jeg ætla því ekki að tala langt mál nú, en geri ráð fyrir að þurfa að svara einhverju seinna. Að eins eitt atriði get jeg tekið fram strax. Jeg get búist við, að á það verði bent, að óviðfeldið sje að hreifa við þessu á þessu þingi, þar sem það standi í sambandi við launalögin og verði tekið til yfirvegunar með þeim. En þar til er því að svara, að hjer er líkt ástatt og með launauppbót kennara, sem var hjer á ferðinni um daginn. Þessi uppbót á að eins að vera til bráðabirgða, eins og hin. Það er tekið fram í 3. gr. frv., að þetta skuli ekki gilda nema meðan landssjóður veitir starfsmönnum sínum dýrtíðaruppbót.

Brtt. hefir komið fram við frv., en jeg ætla ekki að fara neinum orðum um hana, því jeg hefi ástæðu til að ætla, að hún komi ekki til atkvgr.

Jörundur Brynjólfsson: Því neitar enginn, að læknar hafa lág laun, borið saman við ýmsa aðra starfsmenn, og ekki síður ef miðað er við þann tilkostnað, sem undirbúningur þeirra undir starf sitt hefir í för með sjer. En þó föst laun þeirra sjeu lág, þá álít jeg, að þessi leið, sem valin er í frv. til að bæta kjör þeirra, sje afar-óhentug. Ekki af því, að ekki sje ástæða til að hækka laun læknanna, svo þeir geti lifað betra lífi og

átt hægara með afkomu alla, heldur vegna þeirra afleiðinga, sem það gæti haft fyrir heilbrigði í landinu, ef þessi leið væri valin. Borgunin fyrir ferðir lækna er ekki há, frá þeirra sjónarmiði sjeð, en hún er samt nógu há fyrir þá, sem læknis þurfa að vitja um langan veg. Löng ferðalög eru dýr fyrir þá, sem þurfa að kaupa öll farartæki, og því tilfinnanlegt að bæta háu ferðakaupi læknis ofan á kostnaðinn við að flytja hann.

Jeg skil vel afstöðu læknanna, og jeg viti alls ekki þá, sem bera þessa launakröfu fram. Læknarnir ættu það sannarlega skilið, að kjör þeirra væru betri. Þeir leggja svo mikið í sölurnar. En leiðin, sem frv. þetta vill fara til að bæta kjör þeirra, er varhugaverð.

Háttv. þingdm. minnast þess ef til vill, að síðastliðinn vetur kom það til tals í Englandi að breyta launalöggjöf læknanna á þá leið, að þeim skyldi vera launað að öllu leyti af ríkisins fje, en sjúklingar þyrftu ekkert að greiða fyrir læknishjálp sína. Þetta átti ekki að gera einungis vegna sjúklinganna sjálfra, heldur vegna heilbrigðisástandsins í landinu. Það þykir meiri trygging fyrir því, að læknis sje vitjað í tíma, ef sjúkdóma ber að löndum, þegar mönnum gefst kostur á læknishjálpinni fyrir væga borgun. — Þó við vildum nú ekki fara eins langt í þessu efni og komið hefir til orða að Bretar færu, þá er varhugavert, ef við ætlum að fara að gera alla læknishjálp dýrari en hún hefir verið. Jeg er hræddur um, að það gæti orðið til þess, að menn vitjuðu ekki læknis nema í ítrustu nauðsyn, sjerstaklega þeir, sem minni ráð hafa á að borga. Menn mega ekki skilja orð mín svo, að jeg sje á móti því, að laun lækna sjeu hækkuð, heldur er jeg á móti því, að farin sje þessi leið, sem frv. gerir ráð fyrir. Jeg get verið því fylgjandi og skal stuðla að því, að eitthvað verði gert til þess, þegar á þessu þingi, að bæta laun lækna, fastakaup þeirra eða á einhvern annan hátt, en að gjaldskráin og borgun fyrir ferðir sje látið halda sjer sem mest óbreytt.

Það hefir komið fram brtt., á þgskj. 114, um að fella í burt 2. gr. frv., það er að segja, nema í burt hækkun á ferðakaupi lækna. Þetta mundi koma sjer einkar vel fyrir þá, sem læknis þurfa að vitja um langan veg. En þetta er samt sá liður, sem næst lægi að hækka, að undanteknu fastakaupinu. Þó það kæmi hart niður á þeim, sem þurfa að sækja lækni langt, þá er þetta kaup undur lágt, eftir núgildandi gjaldskrá. En það hefir auðvitað vakað fyrir tillögumönnum, að það geti orðið töluverð fúlga fyrir þá, suma hverja, sem eiga að greiða hana, en það er þó rjettlátt.

Jeg held það hefði verið heppilegra, frá heilbrigðinnar sjónarmiði, að nefndin hefði borið fram frv. um að hækka föst laun læknanna, og jafnvel hækka þau mjög ríflega. Ef nefndin álítur ekki fært að fá því framgengt á þessu þingi, þá hygg jeg fyrir mitt leyti, að unt yrði þá á annan veg að bæta kjör læknanna. Með þessu móti, sem frv. fer fram á, kemur launabótin á þá, sem síst geta borið hana, sem sje sjúklingana. Þeir, sem heilsugóðir eru, eru ekki of góðir til að bera eitthvað af þeirra byrði. Það gæti farið svo, að eftir frv. yrði ómögulegt, nema fyrir vel efnaða menn, að vitja læknis. Ef t. d. læknis er vitjað eftir 9 að kvöldi, til einhverra minni háttar læknisverka, t. d. skera í ígerð, þá getur það kostað 15—17 kr., þó læknirinn þurfi ekki mjög langt að fara, t. d.

3 tíma ferð fram og aftur. Menn sjá, að þessi kostnaður getur hæglega vaxið mörgum efnalitlum yfir höfuð.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg var ekki við, þegar þetta frv. var til 1. umr. Jeg hygg, að þá hafi orðið litlar umræður um málið. Mjer þykir skylt nú að staðfesta það, sem tekið var fram í framsögunni og skýrt er frá í greinargerð nefndarinnar, að nefndin flytur frv. fyrir tilhlutun stjórnarinnar. Stjórnin hafði fengið tilmæli um það frá Læknafjelagi Íslands að leggja þetta mál fyrir þingið. Þetta er háttv. þingdm. kunnugt, ef þeir hafa lesið greinargerð nefndarinnar. En ráðuneytinu þótti beinast að koma málaleitunum Læknafjelagsins á framfæri á þennan veg.

Það er alveg rjett athugað hjá háttv. frsm. (M.P.), að ferðakaup læknanna er miðað við alment verkakaup þegar lögin voru samin. Það er því ekki mikið, þó læknar fái nú helmingi hærra ferðakaup. Verkamannakaup er nú orðið þrefalt við það, sem þá var.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) var að tala um það, að rjett væri að hverfa frá því að láta sjúklingana borga fyrir læknishjálpina, en að læknar ættu að fá öll sín laun af almannafje. Þetta er ekki nein ný hugmynd. Það hefir mikið verið um hana rætt í ýmsum löndum. T. d. var hún mjög ofarlega á dagskrá í Noregi fyrir nokkrum árum. Jeg segi ekki neitt um það, hve langt þetta mál hefir komist í Englandi í vetur, en víðast hvar, sem það hefir komið til umræðu, hefir það verið kveðið niður, og það þegar í stað. Menn óttast það, að læknar muni ekki alment leggja sig eins mikið í framkróka með að hjálpa sjúkingum, ef þeir eigi að gera það sem embættismenn að eins, án þess að fá nokkra þóknun fyrir læknisverkin sjerstaklega.

Það væri auðvitað ekki heldur talsmál að breyta launakjörum lækna í þessa átt á þessu þingi. Til þess vantar málið undirúning. En frv., sem fyrir liggur, er að eins bráðabirgðaúrræði, sem ekki hefir nein áhrif á launamál læknanna í framtíðinni. Eins og kunnugt er, er nú orðið svo mikið af læknum, sem ekki eru embættislæknar. Þeir geta tekið fyrir læknisverk sín eins og þeim sýnist, og auðvitað hækkað læknagjöld sín í samræmi við dýrtíðina. Það er því ekki nema eðlilegt, að embættislæknar þykist beittir ósanngirni, ef þeir fá ekki neina hækkun, sem sje í samræmi við hækkunina á öllum sviðum, hvert sem litið er. Alstaðar hækka launin, og það er að sjálfsögðu krafa, sem læknarnir eiga, eins og aðrir menn, að þeirra tekjur sjeu hækkaðar. Eins og háttv. framsm. (M. P.) benti á, er læknaþóknunin ekki eingöngu föst laun. Þessar 1500 kr., sem læknirinn fær úr landssjóði, eru laun hans sem embættismanns. Það, sem hann fær þar fram yfir, er borgun fyrir verk, sem hann vinnur fyrir einstaka menn, og ætti því í raun og veru að ráða yfir, þó löggjafarvaldinu hafi þótt rjett að takmarka hve dýrt hann selur þessi verk, fyrst hann fær auk þess þóknun sem embættismaður. Það er því sanngjarnt, að læknar fái líka þau verk betur borguð í dýrtíðinni, sem þeir vinna fyrir einstaka menn, því læknarnir hafa líka önnur störf með höndum en að lækna sjúklinga, störf sem þeir eiga að leysa af hendi sjerstaklega sem embættislæknar.

Björn R. Stefánsson: Til þess að spara umræður skal jeg taka það fram strax,

að brtt. á þingskjali 114 verður tekin aftur. En fyrst jeg er staðinn upp, þá ætla jeg að tala dálítið um frv. sjálft. Jeg hefi frá upphafi haft imugust á þessu frv. Ekki fyrir það, að jeg viðurkenni ekki, að krafan um hækkuð laun sje sanngjörn, frá læknanna sjónarmiði, þegar litið er til þeirrar verðhækkunar, sem orðin er á öllum lífsnauðsynjum. En sama er að segja um alla, sem goldið er í peningum. Það er satt, að læknar fá enga dýrtíðaruppbót af aukatekjum sínum. Það fá ekki heldur sýslumenn nje prestar. Það mundi því verða erfitt að neita kröfum þeirra, eftir að búið er að fullnægja læknunum, ef þeir gerðu tilkall til að fá dýrtíðaruppbót af aukatekjum sínum. Jeg verð reyndar ekki var við, að neinn ætli að taka tillit til kröfu sjera Sveins Guðmundssonar í Árnesi, sem liggur frammi í lestrarsal þingsins. Verður því þó tæplega neitað, að þar sje um sanngirniskröfu að ræða, þar sem farið er fram á dýrtíðaruppbót á tekjum, sem eru margfalt minna virði nú en fyrir stríðið. Á jeg þar við dúntekju. Dúnninn er nú í helmingi lægra verði en fyrir stríðið, og svo er hver króna meira en helmingi minna virði nú en þá var, og loks kostar hirðing dúnsins og hreinsun helmingi fleiri krónur nú en þá.

Ekki held jeg að þeirri ástæðu verði við komið, að afkoma lækna sje neitt verri en presta og sýslumanna, enda held jeg ekki, að laun þeirra sjeu neitt lakari, ef alt er talið með, bæði föstu launin, borgun fyrir aukaverk og meðalasala. — En málið hefir frá mínu sjónarmiði aðra alvarlegri hlið. Hjer er verið að taka frá þeim hluta þjóðarinnar, sem allra síst geta borgað, sem sje sjúklingunum. Flestir munu vera samdóma um það, að sjúkdómar sjeu þeir þyngstu skattar, sem á menn geta lagst, og að leggja, núna í dýrtíðinni, ofan á aðra erfiðleika, þá kvöð á sjúklingana, að láta þá borga dýrtíðaruppbót læknanna, tel jeg óverjandi. Þá sjúklinga er veruleg ástæða til að styrkja, í stað þess að leggja á þá nýjar byrðar.

Ef ekki er hægt að komast hjá því að bæta laun læknanna nú þegar á þessu þingi, þá held jeg, að menn ættu að reyna að finna einhverja aðra leið til þess. Jeg fyrir mitt leyti vil fara alt aðra leið til að borga læknunum fyrir verk sín. Jeg vil, að gerð sje gangskör að því að stofna sjúkrasjóði í hverri sveit, og reynt sje að gera þá svo sterka, að þeir geti borgað alla læknishjálp.

Hæstv. forsætisráðh. fanst það varhugavert að borga læknum algerlega úr landssjóði. Hann óttaðist, að þeir mundu þá verða skeytingarminni um sjúklingana. Það held jeg að sje ástæðulaus ótti. Jeg hefi að minsta kosti svo gott álit á læknunum, að jeg held það sje miklu fremur skyldurækni þeirra og samviskusemi í embættisfærslu, sem knýr þá út í erfið ferðalög, en þessir 30 aurar, sem þeir fá um klukkutímann.

Einnig benti hæstv. forsætisráðh. á það, að þessi taxti væri svo lágur, að það kæmi illa niður, þar sem „praktiserandi“ læknar hefðu óbundnar hendur til að taka svo mikið sem þeim sýndist fyrir sína læknisdóma. En þetta sýnist benda til þess, að ef lækning er ódýrari hjá fastalæknum, þá ættu þeir að hafa því meiri aðsókn og þar af leiðandi meiri tekjur, það er að segja, ef þeir eru eins færir læknar eða betri.

Hjer í fylgiskjali við frv. er bent á taxta Norðmanna. En um hann segi jeg: Mig varðar ekkert um taxta Norðmanna. Jeg vil læra af útlendingum það,

sem betur má fara og er við okkar hæfi, en það, sem ekki er við okkar hæfi varðar okkur ekkert um. Jeg kæri mig ekki um að elta alt uppi, þótt útlent sje, ef það ræður enga bót á því, sem fyrir er hjá okkur, og því síður ef það gerir það gagnstæða.

Jeg er ekki með þessu að mæla því mót, að læknum sje betur goldið fyrir verk sín. En viðbót við laun þeirra vil jeg ekki láta sækja í vasa þeirra, er við erfiðust kjör eiga að búa og ekkert mega missa.

Bjarni Jónsson: Öllum mönnum er það kunnugt um lækna, að þeir eru manna skammlífastir, og leiðir það af því, hve starf þeirra er hættulegt og erfitt. Þeir verða að vera til taks hvenær sem er, að degi og nóttu, þá er einhver kallar. Er því ekki að tala um að þeir geti lagt neitt annað fyrir sig. Hvað því viðvíkur, sem sumir nefna gróðafyrirtæki lækna, og er meðalasalan, þá er það mjög tvíeggjað, því að fyrst er það, að meðalasalan er ekki gróðafyrirtæki, heldur áhættu, og í annan stað veit jeg ekki betur en að margir læknar gefi eigi alllítið, og því verður ómótmælt, að það eru fleiri læknar, sem hafa meiri skaða en ábata af meðalasölunni.

Þá er það rjett, að þar sem þeir hafa 1500 kr. árlega í föst laun sem embættismenn hins opinbera, þá fylgir því sú krafa, að sjá um heilsu manna og hefta sjúkdóma. En mjer er nú spurn: Borgar það sig að taka þessi árslaun, ef sá böggull fylgir skammrifi, að þeir sem læknar hins opinbera eru neyddir til að sætta sig við 30 au. um kl.st. á ferðalögum. Setjum nú svo, að læknir sje á ferð 100 daga á ári, og 10 stundir hvern dag. Og tökum svo til dæmis tímakennara. Svo er nú guði fyrir þakkandi, að enginn tekur nú við minnu en 1 kr. fyrir kl.st.; en flestir 2 kr. eða meira. Í útlöndum fengu þeir ekki minna en 2 kr. fyrir 20 árum. Tel jeg ekki ýkjamikið í lagt, þótt læknum sje ætlað sama kaup og tímakennurum. Nú reikna jeg 100 daga, 10 kl.st. á dag og 2 kr. á tíma. Sje nú þetta tveggja kr. tímakaup lagt til grundvallar, verður skaði læknisins kr. 1,70 á kl.st., eða á ári kr. 1700,00.

Þá er mjer spurn, hvort það sje rjett fyrir þessa stjett að vera í þjónustu hins opinbera og taka þar við slíkum hundsbótum. En hitt er rjett, sem hv. þm. hafa borið fram, að það er hart að taka meira fje af sjúklingum. En það hefur verið stefnan, að taka frá þeim. Þeir hafa orðið að borga lífið fullu verði eins og matinn. Verður því svo að fara, að þeir, sem ekki hafa fjár, verða að deyja drotni sínum, eða fara á hreppinn, og verða aðnjótandi þeirra hlunninda, sem hinu hávísa Alþingi hefur þóknast að skapa þeim, að vera settir á bekk með glæpamönnum og öðrum, sem fyrirgert hafa mannrjettindum sínum, og missa þann rjett, sem hverjum frjálsbornum manni ber, að eiga atkvæði til allra þjóðmála. En þetta er ekki læknunum að kenna. Þeir eiga ekki að gjalda þess, þótt þjóðfjelagsskipun sje ill og svívirðileg. Það getur ekki komið til mála að leggja þá ábyrgð þjóðfjelagsins á læknana eina, heldur þá á allar stjettir. En það má nú segja, að þingið leggi þunga skatta á menn á þessum árum. Þar sem sá maður, sem fær 3000 kr. laun á ári, þarf 7000 kr. til að lifa af, þá leggur landið á hann 4000 króna skatt.

Það var ætlun mín með þessum orð-

um að minna á, að læknar eigi fulla heimting á því að kjör þeirra sje bætt. Jeg játa að það er hart að taka þetta af fátæklingum, en láta landsjóð ekki borga. En vilji menn nú koma með brtt. um, að landsjóður hækki laun lækna um 1500—2000 kr., þá skal jeg fallast á það. En annars verður að sjá læknunum borgið á annan hátt, því að hvernig eigum vjer að lifa ef lífgjafarnir drepast.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg get þakkað flestum þeim, er talað hafa, undirtektir þeirra, því að þótt þær hafi ekki verið sem bestar hjá öllum undir frv. þetta, þá hefur þó hjá öllum komið fram sú viðurkenning, að ekki sje farið vel með læknana eins og sakir standa.

Hv. þm. Reykv. (J. B.) fanst það stærsti gallinn á frv., að þessi launabót er tekin af sjúklingum, en ekki úr landsjóði. Það er síður en svo, að jeg vilji mótmæla þessari skoðun yfirleitt, eða telji þetta ekki geti komið til mála sem framtíðarfyrirkomulag. Og auk þess ætti það síst að sitja á oss læknum að hafa á móti því að fá borgun vora sem mest úr landssjóði, þar sem það er auðvitað miklu tryggara. En hversu holt það væri fyrir ríkið, er annað mál. Þar á eru ýmsir agnúar, eins og líka hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) benti á. Þó að reikna megi á pappírnum allmiklar tekjur fyrir ferðalög, þá er ekki borgunin eins trygg úr landssjóði. Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hafði það á móti frv., að það gæti orðið til þess, að menn vanræktu fremur að sækja lækni nema í ítrustu neyð, vegna hækkaðs ferðakostnaðar. Ekki get jeg nú skilið, að þetta sje á rökum bygt, því að þegar þarf að sækja lækni langa leið, er kostnaðurinn við að sækja hann sáralítið fólginn í borgun til læknisins sjálfs. Aðalkostnaðurinn fyrir sjúklingana er einmitt kostnaðurinn við að flytja og sækja læknirinn. Og flutningskostnaður breytist ekki. En þótt vegalengdir sje sumstaðar nokkuð miklar hjer á landi, sem læknar þurfa að fara, þá getur það þó aldrei numið mikilli upphæð, sem allur kostnaðurinn hækkaði við hækkun ferðapeninganna.

Það, að fjárveitinganefndin fór ekki þessa leið, sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) benti á, stafar fyrst og fremst af því, að þetta mál kom í þessari mynd frá læknafjelaginu og landsstjórninni, og læknafjelagið taldi það víst, að Alþingi myndi ekki treysta sjer til að hækka föst laun lækna, þar sem alt launamálið væri ekki tekið fyrir í heild. Það er alt af þessi agnúi, að menn vilja bíða þar til alt kerfið sje tekið fyrir.

Ef hjer eru einhverjir hv. þm., sem eins og hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), eru sannfærðir um, að illa sje farið með lækna, en geta ekki felt sig við þetta frv., þá vil jeg mælast til, að þeir beri fram till. um einhverja aðra leið í málinu, og leggi ekki kapp á að koma þessum till. fyrir kattarnef, fyr en þeir hafa aðrar betri, sem geti komið í staðinn. Frá þerra sjónarmiði virðist vel mögulegt fyrir þá að hleypa þessu frv. til 3. umr., og bera þá heldur fram brtt., en skera frv. nú niður með öllu, án þess að hafa hugmynd um, hvort hv. deild muni ganga að þeirra uppástungum.

Jeg held annars, að mjer sje óhætt að segja, að úti um land sje almenningur á því, að læknum sje hlægilega lítið borgað. Menn hafa iðulega gert gaman að því við mig og sagt: „Þú átt sæti á löggjafarþinginu, og lætur þó þetta viðgangast!“

Það er sjálfsagt alveg rjett, sem hæstv. forsætisráðherra sagði um laun-

in, að aukatekjurnar mætti skoða sem borgun fyrir einstök verk, en embættislaunin fyrir þá ábyrgð, er á þeim hvílir sem embættismönnum. En embættislaunin skoða jeg annars fyrst og fremst sem borgun á stofnkostnaði. Á það verða ekki brigður bornar, að stofnkostnaður lækna er lang mestur allra embættismanna. Og enn fremur eru þau borgun fyrir það, að læknarnir verða að selja frelsi sitt. Læknar eru sú stjett embættismanna, sem er lang ófrjálsust. Þeir hafa engan tíma, dag eða nótt, sem þeir geta kallað sinn eigin. Jeg er viss um, að verkamenn, sem engan undirbúning þurfa undir starf sitt, myndu heimta hærra kaup, ef þeir mættu aldrei um frjálst höfuð strjúka. Og jeg fyrir mitt leyti myndi sætta mig við mun minna kaup, ef jeg gæti haft vissan ákveðinn vnnutíma.

Viðvíkjandi þessari ferðaborgun hef jeg heyrt það utan að mjer, að þessar ferðir krefðu ekki eins mikið erviði og önnur líkamleg vinna. Þetta kann nú stundum að geta verið rjett, en jeg held að það geti komið fyrir, að það sje einhver allra erviðasta vinna. Og jeg verð að segja, að það fylgir ekki margskonar vinnu, sem oft fylgir þessum ferðum lækna, að þeir verða oft beinlínis að stofna lífi sínu í hættu, ef þeir eiga að vera skylduræknir. Með tilliti til þessa tel jeg og, að borga ætti þessa vinnu betur en marga aðra.

Hv. aðalflm. brtt. (B. St.) hefur talað um, að taka þær aftur. Vil jeg þakka honum fyrir það, en jafnframt láta í ljós, að jeg skil ekki þann ímugust, sem hann hefur á þessu frv. fyrir þá sök, að aðrir embættismenn, sýslumenn og prestar, myndu þá fara fram á dýrtíðaruppbót á aukatekjum sínum. Jeg tel ekki svo mikla hættu á því. Prestar hafa aukatekjur sínar eftir verðlagsskrá, og hún hefur hækkað. En um sýslumenn ber þess að geta, að föst laun þeirra eru svo miklu betri en lækna, að því er ekki saman að jafna. Einstöku sýslumenn hafa að vísu ekki nema ¼ hærri laun en læknar, en ekki eru þeir heldur hættulegir til samanburðar. Sýslumönnum hefur líka verið veitt dýrtíðaruppbót á skrifstofukostnaði. (E. A.: Það eru hundsbætur!) En svo má telja, að læknar hafi það, er talist geti ígildi skrifstofukostnaðar, þar sem er húsnæði og fólk til afgreiðslu og meðalasölu. En jeg skildi ekki vel samræmið hjá hv. 2. þm. S.-M. (B. St.), þá er hann var að tala um erindi það frá prestinum í Árnesi, er hjer liggur frammi á lestrarsal. Það er nefnilega komið fram út af því ákvæði í lögum frá í fyrra um dýrtíðaruppbót, að prestar skuli ekki fá dýrtíðaruppbót á þeim tekjum, er þeir fá í afgjaldi af jörðum, er þeir búa á. Tel jeg mjög illa með þá farið, að þeir sjeu beint látnir borga fyrir þau hlunnindi, sem engin hlunnindi eru, en get ekki skilið, að það komi þessu máli við.

Þá var sami hv. þm. (B. St.) að tala um, að það væri illa viðeigandi, að taka þessa uppbót frá þeim hluta þjóðarinnar, er síst mætti við útgjöldum. Jeg býst við, að þar hafi hann átt við alla þá, sem sjúkir verða. En nú býst jeg ekki við, að hann álíti, að það sjeu eingöngu fátæklingar, sem þurfi læknis við. Eftir minni læknisreynslu er mjer óhætt að fullyrða, að ekki sje meira leitað læknis af fátæklingum, ef til vill ekki af því að fátæka fólkið sýkist ekki eins mikið, heldur af hinu, að efnamennirnir fara oftar með hvert smáræði til læknanna, og nota fje þannig meira. Held jeg því, að honum sje óhætt að

láta frv. fara sinna ferða fyrir því, að þessi uppbót lendi ekki frekar til útgjalda á fátækum en ríkum. Og jeg vil enn fremur benda hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) á það, að um öll Norðurlönd hafa læknar hækkað mjög mikið gjöld þau, er þeir taka af sjúklingum, vegna dýrtíðar. Það er og kunnugt, að í Reykjavík hafa allir frjálsir læknar hækkað gríðarlega mikið sinn læknataxta. Hef jeg þó ekki heyrt talað um neina óánægju í Reykjavík út af því.

Jeg veit ekki, hvort hv. þm. hafa lesið fylgiskjalið með frv. En ef þeir hafa lesið það, þá sjá þeir, hve gífurlegur munur er á borgun lækna í Noregi og hjer. Í Noregi fá þeir fyrir tveggja kílómetra ferð kr. 5,00, fyrir 10 km. ferð kr. 8,00, og síðan fyrir hverja 5 km. kr. 2,00. Með öðrum orðum: Þeir fá 30 kr. fyrir þá vegalengd, sem vjer, íslenskir læknar, fáum 2—3 kr. fyrir. En nú skyldu menn ætla, að norsku hjeraðslæknarnir hefðu mestar tekjur sínar af þessum ferðum, en aftur lítil laun, en svo er þó ekki, því að föst laun þeirra eru miklu hærri en íslenskra lækna, og nú er í ráði að hækka þau, svo að þau geti náð 5000 kr.

Jeg tek einmitt dæmi af Noregi, því að jeg býst við, að það sje hægast að bera hann saman við okkar land, nema hvað íslenskir læknar hljóta að slíta sjer meira út á ferðunum en norskir læknar, og ættu, þess vegna, að hafa miklu hærri borgun en þeir. Jeg vildi endurtaka það, að ef menn væru mjög bráðir á því að slátra þessu frv., en vildu þó bæta kjör lækna, að þeir þá lofuðu því að lifa fram til 3. umr., svo þeir gætu tekið saman ráð sín, til þess að bera fram sínar bótatillögur í þessu efni áður en frv. er drepið.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) var að tala um það, að læknar hefðu talsvert ríflegar aukatekjur, þó að ekki væri hækkuð borgun þeirra. Það held jeg að sje nú eins og oft fer, að menn telja, að margir aðrir hafi meiri tekjur en þeir hafa í raun og veru. — Það hefur verið reynt að grenslast eftir því, hve miklar aukatekjur læknar hefðu, og þær skýrslur, sem fengist hafa, hafa sýnt það, að þær eru miklu minni en menn hafa ætlað. Í fámennum hjeruðum og strjálbygðum eru þær litlar. Jeg held, að óhætt sje að telja, að skýrslur þær, sem fengist hafa um þetta, sjeu fult svo áreiðanlegar eins og skýrslur yfir höfuð geta verið hjer á landi, og það sem út kemur er ekki glæsilegt, það er að segja, þegar maður tekur launin yfirleitt; þá hefur helmingur lækna ekki 1000 kr. til jafnaðar í aukatekjur, en auðvitað er það misjafnt. Af 36 læknum reyndist að 17 þeirra hefðu til jafnaðar ekki nándar nærri 1000 kr., ekki meira en 800 kr., eða meira en allur helmingur lækna landsins hefur ekki nema 800 kr., eða 2300 kr. í laun alls. Nú getur hugsast, að nokkrir læknar hafi smávegis tekjur af búskap, en það vita þeir sem þekkja, að það er svo lítill ábati af því að það er ekki teljandi. Þá er það, sem var nefnt áðan, að læknar hefðu meðalasölu. Þar til er því að svara, að það er ekki til ábata fyrir þá, því að það reynist svo, að hvar sem læknar hafa getað komið þessu af sjer, þá gera þeir það með fúsu geði; þeir hafa þakkað fyrir hverja lyfjabúð, sem sett hefur verið, svo að þessi ástæða til að ekki þurfi að bæta við tekjur lækna er víst alveg röng. Hvað hættuna snertir fyrir almenning við þetta, þá er víst mjög lítið úr henni gerandi; jeg held líka,

að almenningur úti um land myndi ekki kvarta yfir þessu, og því óþarft fyrir hv. þm. að hræðast dóma hans um þetta mál. Í kaupstöðum held jeg að það sje svo, að sjúkrafjelög sjeu altaf að myndast og verða öflugri og öflugri, en ef þau væru ekki nógu öflug, væri hitt líklega betra, að ráða til þess að styrkja þau meira í dýrtíðinni til þess að bæta þetta upp. Hvað t. d. þennan eina fasta lækni, sem hjer er í Reykjavík, snertir, þá má starf hans heita hverfandi í samanburði við aðra lækna hjer, og út af því, sem hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) sagði, að sig varðaði ekkert um hvað borgað væri annarsstaðar, þá vil jeg nefna að það er nú orðið svo, að hinir ungu, efnilegu læknar vilja ekki setjast hjer að; þeir leita sjer annarsstaðar atvinnu; nú eru t. d. tveir efnilegir menn farnir af landi burt, annar þeirra hefir sest að í Danmörku, hinn í Noregi, og býst jeg við að svo fari um fleiri, ef læknar fá ekki þau laun, að þeir geti lifað af, svo að það er ekki rjett að segja það, að samanburður við önnur, nálæg lönd, komi okkur ekkert við.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg mintist ekki á það með einu orði áðan, að jeg ætlaðist til þess, að gjaldskrá sú, sem hjer er nú í gildi, væri afnumin, og að farið yrði að borga læknum að öllu leyti úr landssjóði, svo að ekki þarf um það að ræða. Jeg geri að vísu ekki svo mikið úr því, að læknar myndu ekki vinna verk sittt jafn-trúlega og áður, þó að þeir tækju kaup sitt úr landssjóði, og jeg er sannfærður um það, að með því skipulagi, sem nú er, er sú gjaldskrá, sem nú er, nóg aðhald fyrir þá, þó að borgun þeirra verði ekki tvöfölduð. Það hefir verið minst á það, að þetta væri gömul venja, að borga svona. En þó að það sje gömul venja, er engin ástæða til að halda henni lengur, ef annað þætti heppilegra; væri þá ekki nema rjett að breyta til.

Viðvíkjandi því, hver kauphækkun hafi átt sjer stað hjá almenningi yfirleitt, þá sje jeg ekki að það þurfi mikið að snerta kaup lækna, á þann hátt, að sú kauphækkun, sem þeim er ætlað að fá, þurfi endilega að koma frá sjúklingunum. Eins og jeg drap á áðan, finst mjer rjettast að kaup lækna sje greitt úr landssjóði. Að almenningi úti um land kunni að finnast borgunin til lækna altof lág, skal jeg ekki þrátta um, en spá mín er sú, að þeim, sem hafa orðið að vitja læknis langa leið, hafi þótt það alveg nóg, sem þeir hafa þurft að borga, því að það eru ekki nema efnamenn, sem kunna að eiga hægt með að auka gjöld við sig, og þó að hv. frsm. (M. P.) gæti þess nú, að fátæklingar, eða efnaminni menn, vitjuðu ekki fremur lækna en efnamennirnir, þá munu sjúkdómar þó vera fremur algengari meðal þeirra en hinna efnaðri manna, og verður það auðvitað því tilfinnanlegra fyrir þá að greiða gjöldin sem þau eru hærri, og því síður vitja þeir þá lækna, nema í lífsnauðsyn. Hv. frsm. (M. P.) drap á það, að gjöld þau, sem læknar erlendis taka af sjúklingum, hefðu hækkað mjög. Þetta er sjálfsagt rjett. En nú hefir líka komið fram mjög sterk hreyfing erlendis, sem fer í þá átt, að láta lækna hætta að taka gjaldið af sjúklingunum, en að ríkissjóður borgi. Skyldi það nú ekki geta stafað nokkuð af þessari hækkun? (**Forsætisráðh.:** Nei, hún er miklu eldri). Jæja, hún hefir samt komið fram á ný, miklu efldari og sterkari en áður. Þá drap hv. frsm. (M. P.) á það, að „taksti“ Norðmanna væri miklu hærri, en jeg býst líka við,

að þessar löngu ferðir, sem hann var að tala um, komi þar miklu sjaldnar fyrir, að þeir þurfi sjaldan að vitja manna um langar leiðir þar, því eins og menn vita, þá er þar miklu þjettbýlla en hjer. Aftur á móti vita menn það, að hjer hagar svo til, að læknar þurfa oft að vera marga tíma á ferð.

Nú er það upplýst, að aukatekjur lækna sjeu víða mjög lágar, svo að þessi hækkun á gjaldskránni bætir þá býsna lítið úr kjörum læknanna, en hækkunin kemur þó þar niður, sem síst skyldi. Mjer finst það því bein mótsögn hjá þeim hv. þm., sem vilja halda fram þessu frv., að þeir lýsa yfir því, að aukatekjurnar sjeu mjög litlar og að þeir vildu miklu heldur að læknarnir fengju hækkun á föstum launum, en samt eru þeir að berjast fyrir þessu frv. Þetta finst mjer svo skýr mótsögn, að ekki verði í móti mælt.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsætisráðherra drap á, að sjúkrasamlögin væru svo öflug, að þau greiddu mikinn hluta af kostnaði meðlima sinna fyrir læknishjálp, þá er mjer nú kunnugt um það, að þróttur þeirra er ekki meiri en svo, að þau berjast í bökkum, enda er það ekki nema eðlilegt, því að þau eru svo ung enn þá, og hefir alls ekkert fje safnast. En hvað því við víkur, að Reykjavík megi standa á sama, hvort gjaldskrá lækna hækkar eða ekki, vegna þess, að hjeraðslæknirinn annar minstu af því, sem þarf að gera fyrir sjúklinga, þá skiftir mig það engu, því þetta mál snertir mjög alþjóð manna. Jeg get vel ímyndað mjer, að hjeraðslæknirinn hjer í Reykjavík hefði mestan hag af því, að gjaldskráin væri hækkuð, því að jeg ímynda mjer, að hann þurfi að fara miklu tíðar til sjúklinga en nokkur læknir úti um land. En það fæst jeg ekkert um, og læt mig mestu skifta, hvaða afleiðingar slík hækkun kann að hafa í för með sjer.

Jeg hefði fyrir mitt leyti helst kosið, að hv. frsm. (M. P.) hefði viljað gerbreyta þessu frv. Jeg get reyndar gert það fyrir hann að greiða atkv. með frv. nú til 3. umr., en í því trausti, að frv. verði þá breytt. Jeg skal vera fylgjandi því, að föst laun lækna hækki að miklum mun.

Björn R. Stefánsson: Jeg heyrði það á ræðum hæstv. forsætisráðh. og hv. frsm. (M. P.) að þeir höfðu misskilið mig. Það langar mig til að leiðrjetta. Hæstv. forsætisráðh. sagði, að jeg hefði verið að tala um það, að aukatekjur lækna mundu vera töluvert rífar. Jeg sagði það ekki í þeirri merkingu, að þær væru svo miklar, að það væri ekki ástæða til að bæta við þær, heldur í þeirri merkingu, að afkoma lækna myndi ekki vera verri en annara embættismanna. Þá talaði hæstv. forsætisráðh. um það, að það myndi vera lítið upp úr meðalasölunni að hafa. Það er nú sjálfsagt nokkuð misjafnt, og fer eftir því, hvernig læknirinn beitir því; en ef það er rjett, sem gefið hefir verið í skyn, að sumir læknar gefi kann ske meira og minna af þessum tekjum sínum, þá býst jeg við, að þeir myndu alveg eins gera það, þó að þeir ættu að taka nokkuð meira fyrir. Þá nefndi hæstv. forsætisráðh. sjúkrasamlögin, og er jeg honum þar alveg samdóma um það, að þau beri að efla sem fyrst og best, en það gengur alt of seint með þeirri aðferð, sem nú er; við þurfum nú þegar að koma á almennum sjúkrasjóðum, og jeg hygg, að þetta hv. þing muni standa svo lengi, að það væri hægt að koma því máli fram. En hvað það snertir, að við

látum frv. lifa til 3. umr., þá vildi jeg heldur leggja til að það verði tekið út af dagskrá og látið bíða um sinn, því að tíminn verður víst nógur, og skal jeg lofa því, að berjast ekki í móti að læknar fái einhverja rjetting mála sinna, því að þeim ætti síst að verða vangoldið, þar sem þeir verða hverja stund að vera við því búnir að leggja af stað í erfiðar ferðir og hættulegar.

Þá spurði frsm. (M. P.) mig, hvort jeg teldi alla sjúklinga fátækasta hluta þjóðarinnar. Jeg talaði um sjúklinga yfirleitt, í sambandi við heilbrigði yfirleitt, og þó jeg viti, að sjúkdómar falli eins á ríkan eins og fátækan, þá er það þó þungur skattur engu að síður, en það getur kanske verið, að sjúkdómar sjeu ótíðari með fátækum, sem mjer þó finst óeðlilegt; jeg ímynda mjer öllu heldur, að það álit byggist á því, að þeir fátæku komi alls ekki til læknis, fyr en eitthvað verulegt er á ferðum, að þeir treysti sjer ekki til að fara með hvert eitt smáræði til læknis, jafnvel þó þörf væri á því; ímynda jeg mjer að þeir kynoki sjer enn þá meira við það, ef verðskráin er hækkuð, og tel jeg það því ekki heppilegt að hækka hana svo mikið að þeir, máske margoft sjer til tjóns, leiti alls ekki læknis.

Jeg endurtek það, að mig varðar ekkert um þá aðferð, sem aðrar þjóðir hafa í þessu efni. Jeg álít, að þessi aðferð, sem nefnd er í fylgiskjalinu við frv., sje ekki heppilegt, og þess vegna vil jeg ekki fara að því, þótt aðrar þjóðir hafi það svo. Jeg vil taka að eitt upp, sem vel á við hjer, en ekki apa eftir það sem óheppilegt er og óviðeigandi.

Jeg geri það að till. minni, að málið sje tekið út af dagskrá um sinn, heldur en að eiga það á hættu, að það verði felt nú þegar.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki tefja tímann lengi, en jeg vildi geta þess, að þó að jeg hafi í þetta skifti greitt atkv. með frv., þá er það ekki svo, að jeg telji mjer skylt að greiða því atkv. til 3. umr., heldur var það af því, að jeg gerði mjer von um að fram kæmu brtt., sem jeg gæti felt mig við.

En þó að jeg hafi þessi orð um frv., þá er það ekki af því, að jeg sjái ekki þörfina á launabótum til lækna og viti ekki, að sanngirniskrafa mæli með því, að reynt sje að bæta kjör þeirra, því að jeg viðurkenni fyllilega, að þeir hafa lengi borið skarðan hlut í launakjörum sínum. En jeg óttast, ef horfið verður að þessu ráði, að mörg hjeruð sæki um styrk til að leita læknishjálpar, svo sem þekst hefur áður og nú yrði brýnni ástæða til.

Jeg skal lýsa yfir því, að jeg að ýmsu leyti hallast að skoðun hv. samþingismanns míns (B. St.) og hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), og að mjer þykir ákaflega viðurhlutamikið að leggja þyngri byrðar á sjúklinga heldur en verið hefir, og jeg tel allsendis óviðeigandi að gert sje gys að því, hvað læknar fái lítið fyrir aukavinnu sína. Um erfiðleikana og kostnaðinn við læknishjálp hefi jeg heyrt marga kvarta, en engan telja gjaldið hlægilega lágt. Fyrir sjúkling kemur í einn stað niður, hvort fjeð gengur til læknis eða í ferðakostnað. Hann verður auk sjúkleikans að bera þá hækkun gjaldsins, sem hjer er farið fram á, ef þetta verður að lögum.

Frekar skal jeg ekki tefja umræður, en atkvæði treystist jeg ekki að gefa þessu frv.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) ljet í ljós, að hann efaðist ekki um, að læknar ynnu allir

eins trúlega starf sitt, þótt þeim yrðu greidd öll laun sín úr landssjóði, eins og þeir innu nú, þó þeir fái nokkuð af tekjum sínum greiddar fyrir verk sín. Jeg ætla mjer ekki að bera brigður á það, en þó gæti það verið dálitið athugavert. Og komið gæti það fyrir, þar sem læknunum er undir mörgum kringumstæðum í sjálfsvald sett, hvort þeir eigi að fara eða ekki, eða þeir mundu fremur koma sjer hjá því að fara, þar sem þeim er borgað alt úr landssjóði, heldur en ef þeir fá vissa borgun fyrir ferðina frá þeim, sem sækir þá. Þetta gæti því orðið hvöt fyrir þá til þess að gegna síður, ef þeim yrði borgað úr landssjóði. Þá finst mjer það eiga betur við að styrkja þá, sem eiga langt til læknis, til þess að ná í hann, eins og gert hefir verið nokkuð að undanförnu. Sama hv. þm. (J. B.) fanst ekki kaup verkamanna hafa getað haft nein áhrif á ferðapeninga lækna, en þar er jeg alls ekki sammála honum, því 1907, þegar lögin um laun lækna og gjald fyrir læknisferðir voru ákveðin, þá mun það hafa verið miðað við það kaup, sem verkamenn höfðu þá í tímavinnu, og væri þá ekki einnig rjett nú að halda áfram þeirri stefnu?

Þá talaði hv. þm. (J.B.) einnig um það, að mönnum mundi þykja nóg að borga þann kostnað, sem þegar er bundinn við hverja læknissókn, og jeg efast ekki um að svo sje, því það er yfirleitt þannig um alt, sem menn eiga að borga, bæði opinber gjöld, og jafnvel gjöld til presta fyrir skírnir og þess háttar, en þó verð jeg að segja það, að jeg hefi aldrei heyrt menn telja eftir að borga lækninum sínum, og ef menn hafa gert það, þá mun það ekki hafa beinlínis verið af því að þeim þætti borgunin of há, heldur af öðrum ástæðum.

Þá gat hv. sami þm. (J.B.) þess, að svo mundi vel geta staðið á því, að læknum í Noregi væri borgað meira fyrir ferðir sínar heldur en læknunum hjer á landi, að yfirleitt myndu ferðalög þeirra vera styttri og þeir myndu ekki fá tiltölulega meira fyrir þær heldur en læknar hjer. Um það þarf ekki að fara langt eða grúska mikið, til þess að sjá ójöfnuðinn, og að þetta nær engri átt, því þar sem norskir læknar fá 8 kr. fyrir 10 km. ferð, sem við ríðum á klukkutíma, þá er gaman að sjá, hversu löng ferð íslensks læknis þarf að vera til þess að fá 8 kr. og við sjáum, að hann er ekki búinn að fá 8 kr. fyr en hann er búinn að vera allan guðslangann daginn á leiðinni, og nokkuð af nóttunni, því eftir 10 tíma ferðalag er hann búinn að fá 6 kr. Það er því ekki hægt að bera þetta saman við ferðakaup lækna í Noregi, því að allar lengstu ferðir okkar, verða aldrei eins dýrar og ferðir þeirra, þó styttri sjeu.

Svo spurði hv. þm. (J. B.) hvers vegna þessi leið væri farin til þess að auka tekjurnar, þar sem þetta hlyti að vera svo lítil uppbót fyrir lækna. Og þetta er alveg rjett hjá honum, en það var ekki af því, að vjer álitum þetta bestu úrlausn málsins, að vjer færum þessa leiðina, heldur völdum vjer hana af því, að vjer hjeldum, að ekki mundi þýða að fara fram á aðrar launabætur við Alþingi, eins og það er vant að taka í kröfur um launabætur embættismanna. Jeg skyldi taka því með fögnuði og styðja hv. þm. (J. B.) eftir mætti, ef hann vildi beita sjer fyrir það, að laun vor yrðu hækkuð t. d. um 1000 kr. eða helming, því það væri svo miklu betra fyrir lækna.

Hv. þm. (J. B.) var að óska þess, að þetta mál yrði tekið út af dagskrá, svo að menn neyddust ekki til að drepa það,

en jeg sje enga ástæðu til að láta þessa ósk hans rætast. Í fyrsta lagi er þetta að eins 2. umr., og menn hafa því nægan tíma til að koma með breytingartillögur sínar þar til 3. umr. verður. Svo er það í öðru lagi, að jeg skil ekki, ef menn á annað borð hafa hugsað sjer að bæta laun lækna, hvers vegna þeir hafa þá ekki komið með brtt. til bóta, allan þann tíma, sem liðið hefir milli 1. og 2. umr., sem þó er heil vika.

Hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) talaði um, að afkoma lækna væri ekki mikið verri en annara embættismanna. Jeg get því miður ekki fært sönnur á, að hann fari hjer með staðlausa stafi, en jeg leyfi mjer að vjefengja þetta, og jeg tel það víst, að kjör sveitalækna, eftir því sem þeim er borgað fyrir verk sín, sjeu yfirleitt mjög bág, og mætti helst bera þau saman við kjör presta, sem lifa sem tómthúsmenn og hafa litlar aukatekjur.

Þá talaði sami hv. þm. (B. St.) um, að tilgangslítið væri að hækka borgunina, ef læknar gæfu fátæklingum alt það, sem þeir ættu að borga þeim. En mjer finst nú það vera einmitt ein ástæðan til hækkunarinnar, að því betri sem kjör læknanna verða, því hægara eiga þeir með að ívilna fátæklingum. Svo að ef hv. þm. (B. St.) trúir, að þetta yrði, þá ætti það að vera honum hvöt til þess að greiða atkv. með frv. En þó hann nú geri það ekki, þá veit jeg að það er ekki af því, að hann vilji ekki bæta kjör lækna, heldur af því, að hann er með aðrar tillögur á leiðinni, sem fara í líka átt, og skil jeg vel afstöðu hans til málsins.

Hjeðan af verður þetta mál ekki tekið út af dagskrá, og ef menn geta ekki greitt atkv. með því, þá er ekki rjett að vera að draga það á langinn, heldur tel jeg betra að láta skeika að sköpuðu með það, hvort heldur því verður vísað til 3. umr. með fyrirvara eða ekki.

Hv. 1. þm. S.-M. (B. St.) hafði það helst við frv. að athuga, að ef það yrði að lögum, þá mundi á næsta þingi koma því fleiri óskir um styrk til þess að sækja lækna. Jeg skil ekki, hvernig hv. þm. hefir getað komist að þessari niðurstöðu, þegar hann að hinu leytinu er á því, að borgunin, sem læknirinn fær, sje ekkert í samanburði við ferðakostnaðinn. Vjer getum t. d. athugað, að ef læknirinn er sóttur á vjelbáti 10 tíma ferð, þá kostar ferðin 100 kr., en þó læknataxtinn yrði hækkaður um helming, yrði þó kaup læknisins ekki nema 6 kr. Mundi því nokkrum detta í hug að hætta við að sækja lækninn, undir svona kringumstæðum, þó hækkunin færi fram?

Annars þýðir ekki að vera að fjölyrða um þetta mál, því jeg þykist sannfærður um, eftir þeim orðum, sem menn hafa látið sjer um munn fara um kjör lækna, að frv. nái fram að ganga, og þó mikið muni verða um breytingatillögur, þá munu þær þó miða allar í þá átt, að bæta kjör lækna að einhverju leyti.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla að eins að lýsa yfir því, að jeg er móti því, að þetta mál verði tekið úr af dagskrá, og jeg býst við, að svo muni verða um aðra nefndarmenn. Jeg álít rjett, að maður fái að sjá það svart á hvítu, hvernig hv. deild verður við þessari svokölluðu hækkun, sem í mínum augum er alls engin hækkun.

Það er alkunna, að alt hefur hækkað um helming og meira, og tekjurnar hafa líka hækkað hjá framleiðendum, hvort

heldur um er að ræða hlut fiskimannsins eða afurðir sveitabóndans eða kaupeyri vinnumannsins. Jeg fæ því ekki sjeð annað en að hjer sje einungis verið að fara fram á að bæta úr því verðfalli peninganna, sem öllum er kunnugt og viðurkent er.

Að borga allan sjúkrakostnað úr landssjóði skil jeg ekki að nokkrum geti dottið í hug, og óráð tel jeg að bæta læknum hallann á gjaldskránni með því að hækka launin úr landssjóði, eins og hann er nú staddur. Það hefir einn hv. þingm. verið að tala um sjúkrasjóðina og að hækkun gjaldskrár yrði að bíða þar til lag væri komið á þá, og þeir svo öflugir og almennir að geta hlaupið undir bagga. En hækkun þessi á gjaldskránni myndi einmitt verða ný hvöt til þess að knýja það mál fram.

Það er athugavert, við umr. um þetta mál og önnur hjer á þingi, að menn eru að leita eftir einhverjum agnúum, sem þeir geti fundið á því, og svo magna þeir þessa agnúa svo í huga sínum, að þeir geta orðið nytsömu máli að fótakefli. Og svo eyða menn tímanum í það að skrafa um þessa agnúa fram og aftur, þangað til það traust, sem alþýða á að bera til Alþingis, um að greiða fyrir góðu máli og líta sanngjörnum augum á hvern málstað og láta fram við hann koma rjettlæti, er með öllu eyðilagt og brotið niður. Og svo þora menn varla að leggja fyrir Alþingi sanngjarna kröfu, alt saman út af þessu sífelda agnúaþjarki. Auðvitað mega menn ekki heldur við því að vera að bíða eftir því, að engir agnúar finnist á málum, sem ganga eiga í gegnum þingið.

ATKVGR.
Brtt. 114, 1. samþ. án atkvgr.
1. gr. svo breytt, samþ. með 13 : 1 atkv.
Brtt. 114. 2. tekin aftur.
2. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 1 atkv.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 178, 186).

Einar Árnason: Jeg vil að eins geta þess, að brtt. á þgskj. 186 eru teknar aftur.

ATKVGR.
Brtt. 186 tekin aftur.
Frv. **felt** með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þór. J., B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J.
nei: S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. B., P. O., P. Þ., Ó. B.

Einn þm. (B. St.) fjarstaddur.

---

4. Skipun læknishjeraða. [50% hækkun læknataxta].

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (A. 391).

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. júní, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 : 1 atkv.

Frsm. (Matthías ólafsson): Jeg hefi að þessu sinni engu við það að bæta, sem stendur í greinargerð þessa frv. Jeg heyri og að sumir hv. þm. vilja ógjarnan, að umr. verði að þessu sinni. Vænti jeg því, að málinu verði umræðulaust vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. u m r. með 11 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 27. júní, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 391).

Frsm. (Matthías ólafsson): Frv. þetta stendur í nokkuru sambandi við frv. á þgskj. 393. Eins og kunnugt er hefir nú verið felt frv. um hækkun á aukatekjum lækna. En fjárveitinganefnd hefir nú borið fram frv. um launaviðbót embættismanna. En hins vegar sá hún sjer ekki fært að hækka föst laun lækna, svo sem þörf gerðist. En henni fanst sanngjarnt, að þeir, sem læknana nota, tækju nokkurn þátt í hækkuninni. Þessi hækkun nemur helmingi þeirrar hækkunar, sem áður var farið fram á. Nefndinni virtist það eigi óhæfilegt, að þeir, sem læknis vitjuðu, gyldu eitthvað. Föstu launin eru í raun og veru að eins þóknun til læknisins fyrir að vera á þessum stað og til þess að hann taki ekki of hátt gjald fyrir starf sitt. Hjer er eigi farið fram á svo mikla hækkun, að ástæða sje til að vera á móti henni. Þegar fjárhagur landssjóðs er jafnerfiður og nú, virðist bæði sanngjarnt og eðlilegt, að almenningur taki einhvern þátt í þessari hækkun.

Starf læknanna er alt of lágt metið. Daglaunamenn fá t. d. þrefalt hærra gjald fyrir störf sín en læknirinn. Og geta má þess, að dýralæknum er ekki settur neinn taxti. Á sama tíma og annars er vitjað til þess að lækna kú er hinn sóttur til konu í barnsnauð. Hinum fyrra yrði sennilega goldið þrefalt hærra kaup fyrir að drepa kúna heldur en hinum fyrir að bjarga lífi konunnar. Jeg verð að segja, að slík hlífni við menn er gersamlega óþörf.

Menn hafa fært það til gegn taxtahækkuninni, að sjúkdómar sjeu böl og það sje skylda hinna heilbrigðu að taka þátt í kjörum þeirra, sem sjúkir eru. Þetta er að vísu satt. En hjer eru mörg bölin, sem bæta þarf. Jeg vona, að hv. deild sjái, að sú hækkun, sem hjer er farið fram á, er bygð á fylstu sanngirni, til þess að ljetta lítið eitt á landssjóði, með því að rjett þykir, að þeir, sem lækninn nota, borgi honum dálítið fyrir ómakið.

Jeg sje eigi ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar að svo stöddu. Jeg hefi heyrt menn segja, að læknar hafi hingað til sett ferðir sínar nógu hátt, þó að eigi væri þeim gefið tækifæri til þess að hækka það gjald nú að nýju. Það er að vísu rjett, að þeim, sem langt þurfa að vitja læknis, verður læknishjálpin dýrari heldur en hinum, sem nálægt honum búa. En hjá því verður ekki komist; það verður einu sinni svo að vera. Enda mætti þá eins með sanni segja, að landssjóður ætti að greiða þeim mönnum, sem búa fjarri kaupstað, sjerstakt gjald fyrir vöruflutninga.

Benedikt Sveinsson: Jeg býst við, að ýmsum þyki leitt að fá þennan uppvakning aftur inn í deildina; því að eins og mönnum er kunnugt var frv. um sama efni felt áður á þessu þingi, og þegar af þeirri ástæðu er vafamál, að leyfilegt sje að koma fram með þetta frv. á sama þingi. Það verður að minsta kosti að teljast á móti anda þingskapanna, að frv. þetta fái fram að ganga, enda hefir sú ekki verið venjan, að frv., sem kveðin hafa verið niður, væru vakin upp að nýju á sama þingi. En hitt frv. var, sem kunnugt er, felt með 15 atkv.

Blöðunum hefir orðið töluvert fjölrætt um mál þetta og þeim verið lagt ámælisorð, sem stóðu að því að fella frv. Stjórn Læknafjelags Íslands reit grein í Læknablaðið — sem annars fáir lesa, því að nú eru læknar hættir að gefa út blað við alþýðuhæfi, eins og Hjaltalín landlæknir gerði. Ef það á að verða almenningi kunnugt, hvað í blaði þessu stendur, verða önnur blöð að taka það upp. Hingað til hafa þau ekki gert það, ef um eitthvað þarflegt hefir verið að ræða. En í þetta sinn ginu þau við því, hvert af öðru, af því að ritsmíð þessi var níð og skammir um einstaka þingmenn.

Það kom greinilega í ljós við umræður þessa máls á dögunum, að þeir, sem lögðust á móti frv., voru eigi mótfallnir því, að kjör lækna yrðu bætt. Tek jeg þetta fram af því, að enginn skoraðist undan að hækka fastalaun læknanna. Og hv. þm. Stranda. (M. P.), sem var framsm. málsins, ljet þá svo um mælt, að læknar vildu heldur fá þesskonar uppbót heldur en uppbót á taxtanum.

Jeg lagði þá eigi neitt til þessa máls, og kom ekki með neina brtt. við frv., því að jeg bjóst við, að flm. eða aðrir, er þá tóku til máls, mundu bera fram breytingar í þessa átt og ganga svo frá launakjörum lækna, að þeir mættu við una. En þegar málið kom til 3. umr., höfðu engar brtt. komið fram við frv., og var þá eigi um annað að ræða en greiða atkv. annaðhvort með því eða á móti. Og jeg var einn þeirra syndasela, sem greiddu atkv. móti frv. En þá stekkur stjórn Læknafjelagsins upp á nef sjer og ritar hina umræddu grein og segir þar, að þm. hafi nú slitið því góða samkomulagi, sem hingað til hafi verið milli lækna og alþýðu, þar sem „þeir skollar“ vilji ekki sýna læknastjettinni neina sanngirni.

En þetta eru gersamlega rangar og ástæðulausar sakargiftir, því að það kom berlega í ljós við umræður um málið, að þm. viðurkendu, að sjálfsagt væri að bæta kjör lækna, en þeir vildu eigi bæta þeim á þann hátt, sem farið var fram á í frv., heldur með öðru móti, sem læknar mættu eins vel við una, en kæmi almenningi betur.

Nú er fram komið frv. frá fjárveitinganefnd, um bráðabirgðalaunaviðbót til embættismanna, og þar með auðvitað taldir læknar. En þessi sama nefnd hefir auk þess komið með annað frv., á þgskj. 391, þar sem hjeraðslæknum landsins er heimilað að hækka gjaldskrá sína um 50%.

Nefndin segir í greinargerðinni við frv. þetta, að óhjákvæmilegt virðist, að bætt sjeu launakjör lækna, og munu allir vera á einu máli um það. Hugði jeg, að sú hækkun gæti komið fram í hinu fyrnefnda frv. En nefndinni þykir sú hækkun, sem þar er ákveðin, eigi nægileg, heldur vill hún, að „almenningur beri einnig nokkuð af byrðunum“. En það geta þeir eigi fallist á, sem

feldu frv. á dögunum. Þeim virðist það eigi sanngjarnt, heldur þvert á móti rangt, að aukinn kostnaður sje lagður á sjúklingana eða þá, sem að þeim standa. Því að það er rangt, sem sagt er í greinargerðinni við frv. að „almenningur" taki þátt í kostnaðinum; hann legst að eins á sjúklingana eða aðstoðarmenn þeirra. En þeir geta eigi heitið almenningur. Þetta teljum vjer nokkurir þm. ranglátt, að vanheilsa og sjúkdómar sjeu gerð að gjaldstofni, til þess að bæta kjör vissrar stjettar.

Það er alkunnur sannleiki, að sjúklingar eru yfirleitt ver stæðir en heilbrigðir menn. Sjúkdómar eru tíðastir meðal fátæklinga og gamalmenna, sem erfitt veitist að vinna fyrir sjer. Og auk þess, sem slíkir menn þyrftu að gjalda lækningarkostnað, legðist á þá ýmislegt fleira, sem nú er dýrara og tilfinnanlegra en í venjulegu ári. Má nefna vinnutap t. d., sem er þung álaga á þessum tímum. Enn fremur má nefna kostnað við að leita læknis. Hestlán eru og hálfu dýrari en áður voru þau. Einnig eru vjelbátaferðir eða bifreiðaferðir miklu dýrari, þar sem slíkra ferðatækja þarf við, til þess að vitja læknis. Allur þessi kostnaður legst á bak sjúklinganna.

En hvað gerir hið opinbera til þess að hjálpa þessu fólki?

Alls ekkert. En ýmsum embættismannastjettum er á margan hátt gert greiðara fyrir að komast af heldur en áður. Í stað þess á að gera sjúklinga að skattstofni, til þess að bæta kjör þessara embættismanna. Á það viljum vjer ekki fallast.

En vjer erum fúsir á að bæta kjör lækna samkvæmt því, sem farið er fram á á þgskj. 393, eða hækka laun þeirra um 500 kr. á ári. Ef sú uppbót þykir of lág, er jeg fús á að hækka hana, og sjálfsagt virðist mjer, að greidd sje af henni dýrtíðaruppbót. Vjer viljum gjarna bæta læknunum svo, að þeir megi við una. Eins og allir munu sjá, eru 1500 kr. harla lág árslaun, t. d. á útkjálka lands, þar sem aukatekjur eru litlar, en erfiðleikar miklir við að eiga.

Mjer virðist því síður ástæða fyrir leiðtoga læknafjelagsstjórnarinnar að víta þingmenn fyrir, þó að þeir vilji ekki hækka taxtann með lögum, þar sem þeir kannast sjálfir við, að læknar sjeu ekki bundnir við taxtann, nema ekki náist samkomulag að öðrum kosti. Þeir segja, að það sje orðinn siður að setja læknishjálp töluvert hærra en ákveðið er í taxtanum. Því síður er þá þörf á að hækka taxtanna, úr því að hann gildir að eins þegar ekki verður samkomulag milli hlutaðeigenda. Við því er ekkert að segja, þó að læknar fari ekki eftir taxtanum, ef um annað semst. Þeir, sem efni hafa á, greiða þá læknum hærra gjald. En fyrst svo er, að læknar þykjast ekki fara eftir taxtanum, þá skil jeg ekki hverja ástæðu þeir geta haft til að gera þennan úlfaþyt út af málinu. Það virðist þá helst gert til þess, að geta gengið að fátæklingunum með oddi og eggju, sem eigi geta goldið læknishjálpina háu verði. En slík þvingunarlög get jeg ekki samþykt, og mun jeg því greiða atkvæði móti frv. En þó að hinar illgirnislegu og óviturlegu getsakir læknaformannanna í margnefndri grein sje læknastjettinni síst til hagnaðar, þá vil jeg eigi láta stjettina gjalda þess, þó að hún hafi tasvíga forvígismenn. Jeg vil láta stjett þessa njóta allrar sanngirni. En um frv. er það að segja, að þó að skrifaðar yrðu hundrað skammagreinar um mig og aðra þm., mundi jeg ekki ljá því fylgi mitt.

Forseti: Út af ummælum hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að eigi hafi verið leyfilegt, að taka mál þetta aftur til meðferðar á þessu þingi, úr því að það hafi áður verið felt, skal jeg leyfa mjer að geta þess, að þetta hefir verið athugað, og niðurstaðan orðið sú, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, á þgskj. 391, sje ekki sama og frumvarpið á þgskj. 178, er felt var hjer í deildinni á fundi 23. f. m. í 28. gr. þingskapanna segir: „Lagafrumvarp, er önnur hvor deildin hefir felt, má eigi bera upp aftur á sama þingi". Og með því að bera þetta frv. saman við frv. það, sem felt var, má sjá, að á þessum tveim frv. er ekki að eins orðamunur, heldur einnig talsverður munur að efni, og verður því ekki sagt, að hjer sje um sama frv. að ræða.

Fyrir því er hjer með úrskurðað, að framangreindákvæði þingskapannasjeu ekki því til fyrirstöðu, að frv. þetta verði tekið til meðferðar af hv. deild.

Magnús Pjetursson: Jeg get ekki stilt mig um að kveðja mjer hljóðs, af því að jeg var frsm. líks máls áður, og þó sjerstaklega af hinu, að hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) veittist að læknastjettinni og formönnum hennar; en jeg tel mjer skylt að bera hönd fyrir höfuð henni.

Jeg get slept að fjölyrða um það, hvort leyfilegt sje að bera þetta frv. fram, þar sem nú er fallinn forsetaúrskurður um það atriði. En jeg skal þó taka það fram, að það er beinlínis sagt móti betri vitund, að þetta frv. hafi verið felt með 15 atkv., því að brtt., sem var samhljóða þessu frv., kom aldrei til atkvæða, heldur voru þær teknar aftur.

Svo virðist, sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hafi sárnað árásirnar í Læknablaðinu. Og jeg skal ekki lá honum, þó að honum sviði, og er það að makleg-leikum.

Hann getur ómögulega rjettlætt afstöðu sína nje annara hv. þm., sem fóru með atkvæði sitt á sama hátt og hann, með því einu, að þeir hafi látið í ljós, að þeir á annan hátt vildu bæta kjör lækna. Ef hugur hefði þar fylgt máli, mundu þeir hafa borið fram till. þess efnis áður en þeir drápu frv. hjer um daginn. Og því fremur var ástæða til að ætla, að þeir meintu ekkert með þessu hjali sínu, þar sem margoft var á þá skorað að koma fram með tillögur, og málið hjer um daginn einmitt dregið á langinn til þess að þeim gæfist kostur á að koma fram með brtt. Það var því læknum sýnilega til lítils gagns, alt þeirra málæði, því vitanlega geta þeir ekki lifað á því einu, að hátt sje galað hjer á þingi um, hve bágborin kjör þeirra sjeu.

Þá var það og annað, sem ástæða var fyrir forvígismenn lækna að taka illa upp, og það var aðferðin, sem höfð var við, er frv. var drepið. Jeg býst við, að hv. þm. muni hvaða aðferð var við höfð til þess að myrða þetta frv. Það kom fram brtt. við till. nefndarinnar, og fór sú till. í þá átt, að lækka um helming „procentu"-töluna. Og því næst, áður en nokkur tími vanst til að ræða málið og till., var hún tekin þegjandi aftur, og frv. drepið umsvifalaust. Þessi lúalega og móðgandi aðferð átti mikinn þátt í því að tendra reiðina í hugum þeirra manna, er frv. báru fyrir brjósti, enda munu hv. þm., sem voru frumkvöðlar að þessu, hafa iðrast eftir fljótfærni sína, og því mun þeim hafa sviðið það, er um þá var sagt síðar. En framkoma brtt. gerði fylgismenn frv. örugga um, að engin launráð hefðu farið fram bak við tjöldin og í skúmaskotun-

um, til þess að ráða niðurlögum frv.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) fór hálf óvirðulegum orðum um málgagn lækna, og fæ jeg ekki sjeð á hverju hann byggir þau ummæli sín. Það er að vísu satt, að það gæti verið ámælisvert, að læknastjettin skuli ekki gefa út fræðirit um heilbrigðismál, en þess ber að gæta, að alþýða vill ekki kaupa slíkt rit. Það er ekki langt síðan að þess háttar rit var gefið út að tilhlutun lækna, en það gat ekki þrifist, því enginn vildi kaupa það. Þá get jeg ekki heldur vítt blöðin, sem tóku óbeðin upp greinina úr Læknablaðinu um þetta mál, því jeg veit ekki betur en að meginþorri landsmanna, og er mjer sjerstaklega kunnugt um íbúa í þrem sýslum, hafi tekið í sama strenginn og talið hina mestu ósvinnu meðferð þingsins á frv., og tel jeg það virðingarvert af blöðunum að láta svo skýrt í ljós skoðun sína, þó með annars orðum sje.

Þá hjelt hv. þm. N.-þ. (B. Sv.) því fram, að það væri rangt hermt í Læknablaðinu, að þm. vildu ekki bæta kjör lækna. Jeg hefi sýnt fram á, að þetta er algerlega rjett hermt, því að það er ekki hægt að taka mark á orðum þm. einum saman, heldur verða rökin að sýna, að hugur fylgi máli. Að síðustu, áður en jeg lýk máli mínu um frv. sálaða, þá vil jeg sjerstaklega mótmæla þeim orðum, er hv. þm. N.-Þ. viðhafði um forvígismenn læknastjettar þessa lands, þar sem hann kallar þá bæði „óvitra“ og „miður góðgjarna.“ Þessi orð mæla sjálf á móti sjer, og það þykist jeg geta staðhæft með fullum rjetti, að enginn, hvorki utan þings nje innan, mundi verða til þess að taka undir þessi orð hv. þm. nje bera ábyrgð á jafn ósæmilegum árásum á fjarstadda menn.

Þá skal jeg fara nokkrum orðum um stefnumuninn, sem fram hefir komið í þessu máli. Jeg tók það fram, er launamál lækna kom fyrst til umr. í þesari hv. deild, og jeg segi það enn þá, að læknum megi á sama standa af hverju þeir fái uppbótina, hvort sem það nú er af föstum launum eða aukatekjum með taxtahækkun, og síst er það verra fyrir þá að fá uppbótina beina leið úr landssjóði, því það er auðsætt, að það er tryggara heldur en að fá hana frá sjúklingunum. En þó nú uppbótin hefði verið veitt með því að hækka taxtann, þá væri það samt sem áður ekki rjett, sem fjárveitinganefnd hefir verið borið á brýn, að hún gerði sjúkdóma að gjaldstofni. Það hefir sem sje komið áður fram hjer á þingi, að byggja yrði á því fyrirkomulagi, sem hingað til hefir verið látið ráða í launamálum, og sú stefna í launum læknanna er, að þeir taki launin bæði af alþýðu og úr landssjóði. Þessa stefnu hefir fjárveitinganefnd þrætt, og sje jeg því ekki, að hún sje ámælisverð fyrir það. En ef einhverjum skyldi sýnast annað, þá er það ekki nema rjett fyrir þá að koma fram með brtt., enda hefir fjárveitinganefnd lýst því yfir, að hún mundi ekki amast við því, að t. d. yrði öll uppbótin borguð úr landssjóði. Og það hefir jafnvel verið ákveðið, að ef þetta frv. yrði felt, þá mundi fjárveitinganefnd koma fram með till. í þá átt, að greiða uppbótina úr landssjóði.

Þá gat hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) þess, að það væru svo margir aðrir skattar, sem legðust á sjúklingana, heldur en þeir, sem læknar legðu. Þetta er alveg rjett hjá honum. Og jeg verð því að segja, að þessi kostnaður, sem við bættist, ef þetta frv. yrði samþ., mundi ekki gæta neins, ef tekið yrði hundraðstal af öllum kostnaðinum. Hvað mundi þess t.

d. gæta, þó þeir fengju 15 aur. meira um kl.st. Það er rjett hjá manni nokkrum orðheppnum, norður í Húnavatnssýslu, er hann sagði, að ef einhver þyrfti að fá sjer fylgdarmann, þá skyldi hann reyna að fá lækninn, því að þeir væru án efa langódrustu fylgdarmennirnir. (H. K.: Ætli læknarnir vildu taka þann starfa að sjer.). Jeg geri nú að vísu ekki ráð fyrir því, en það mætti láta það líta svo út, sem verið væri að sækja lækninn þangað, sem maður ætlaði. Og gæti jeg vel trúað, að hv. þm. Barð. (H. K.) mundi geta gert sjer upp einhvern kvilla, til þess að fá jafngóðan fylgdarmann og læknirinn er.

Þá mintist hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) á það, að ekki væri mikil þörf á að hækka taxtann, þar sem læknar væru ekki beinlínis skyldaðir til þess að fara eftir honum, og sagði hann enn fremur, að eftir því, sem Læknablaðið segði, mundu læknar ekki fara eftir taxtanum. Það, sem hann hafði upp eftir Læknablaðinu, er rjett, en jeg get ekki sjeð, að það komi mikið þessu máli við, þótt svo væri, að læknar hefðu eitthvað hækkað gjaldskrá sína, sumir hverjir. Annars hefi jeg ekki orðið mikið var við það, að læknar hafi alment hækkað taxtann, en hitt hefi jeg heyrt, að sumir menn hafi borgað meira heldur en þá hefir borið skylda til. En hafi nú læknar hækkað alment taxtann, þá er það ekki meðmæli með því, að löggjafarvaldið skuli ekki hækka hann, því mjer finst það miklu fremur vera ástæða til þess að taxtinn verði hækkaður, þar sem það eftir þessu er sýnt, að fólkið hefir ekkert á móti því og telur það jafnvel sjálfsagt. Annars er það augljóst, að læknar, sem lengi hafa verið í sama hjeraðinu og vanir eru að fara eftir gjaldskrá, og fólkið svo að segja þekkir það verð, sem læknirinn er vanur að taka nærri fyrir hverja bæjarleið, — er augljóst, segi jeg, að þeir læknar muni kynoka sjer við að hækka taxtann án lagaheimildar.

Áður en jeg sest niður vil jeg benda þeim mönnum, sem andvígir eru þessari stefnu, á það, að til er önnur leið í málinu heldur en að láta sjúklingana borga, og hún er sú, að veita læknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra. Annars stendur mjer, fyrir mitt leyti, nokkurn veginn á sama um, hvor leiðin verður farin, því aðalkjarni málsins er fyrir mjer sá, að bætt verði á einhvern hátt úr kjörum lækna.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg skal ekki verða fjölorður, en það vil jeg láta hv. þm. vita, að þó þeir nú drepi þenna uppvakning, þá eru þeir samt ekki lausir við hann, því svo segir að minsta kosti þjóðtrúin, að slíkir uppvakningar gangi þá aftur og fylgi eftir það þeim, sem drap hann. Jeg þykist því vita, að þótt það takist að sálga þessum uppvakningi, þá mundi hann samt ekki láta þá í friði, því hann verður með órjettu drepinn.

Það, sem aðallega greinir hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) og mig í sundur, er það, að hann vill láta landið borga læknunum alt, en það get jeg ekki fallist á, og það var þessi stefna, sem nefndin gat ekki heldur fallist á. Þessi stefna ríður líka beinlínis í bága við þá venju, sem tíðkuð er. Hví borga menn smiðnum fyrir að byggja hús, og hví skyldu menn þá ekki alveg eins borga lækninum fyrir unnið verk sitt, verk, sem hefir í för með sjer bætta heilsu? Jeg verð því að álíta þá stefnu rjetta, að láta sjúklingana borga nokkuð af því, sem læknirinn kostar, og má hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hanga

í þessari skoðun eftir þörfum, og finna alt það til foráttu, sem hann getur, því hún verður jafnrjett eftir sem áður. Þá sagði hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að það væri ekkert gert af landssjóðs hálfu til þess að minka böl sjúklinganna, en þetta er ekki rjett, því þar sem sjúkrasamlögin eru komin á, þar leggur landssjóður þeim nokkurt fje. Þá var sami hv. þm. að tala um, að vissir menn væru að gera úlfaþyt út af þessu. En mjer er spurn, hver gerir meiri úlfaþyt í þessu máli heldur en hann sjálfur og hans samherjar?

Þá vil jeg lýsa yfir því, að jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkvæði mitt með því að hækka föst laun lækna eftir því sem ráð er gert fyrir á þgskj. 393, ef þetta yrði ekki samþ., en það verð jeg að segja, að mjer er það þvert um geð, þó jeg neyðist til þess að gera það, því það er mín sannfæring, að læknar eigi að fá borgun frá þeim, sem mest hafa þörf fyrir þá, og ef hver einstaklingur út af fyrir sig treystist ekki til þess að borga lækninum, þá eiga menn að slá sjer saman í sjúkrasamlög og bera þannig hver annars byrði. Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) getur ómögulega varið sig fyrir því, að hann hefur ekkert gert til þess að bæta kjör lækna, þrátt fyrir orðamergð sína, annað en að rífa það niður, sem aðrir hafa reynt að byggja upp, og sjá allir hvílík hjálp er að slíku.

Gísli Sveinsson: Þegar málið um hækkun á taxta lækna var hjer til umr. fyr á þessu þingi, var jeg einn þeirra manna, sem fylgdi því, og þótti mjer leitt, að fyrir því fór eins og raun ber vitni um. Og það, sem síðar hefir komið á daginn í þessu máli öllu saman, finst mjer bera þess merki, að þeir, sem þá voru æstastir með því að fella frv., hafi líka eftir á sjeð eftir því frumhlaupi sínu. Finst mjer það bera vott um þetta, að þegar jeg og fleiri hv. þm. komum fram með till. í þá átt, að veita læknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra, voru meðflm. þeirrar till. engu síður þeir menn, sem gengu með til þess að fella taxtahækkunarfrv., heldur en hinir, er því fylgdu.

En menn verða og að gæta þess, að till. okkar um dýrtíðaruppbót af aukatekjum lækna er ekki í meira samræmi við hækkun á föstum launum þeirra heldur en á taxtanum. En þegar þetta frv. er nú á dagskrá, mætti segja, að það horfi öðruvísi við heldur en áður, því mönnum þarf ekki að vera nú eins illa við að hækka laun lækna hin föstu, þar sem nú er gert ráð fyrir, að nokkur launahækkun fari fram að því er snertir flesta embættismenn landsins.

Í þessu frv. eru gerðar till. um dálitla launabót handa hjeraðslæknum, en jafnframt ber að gæta þess, að læknum mun finnast sú úrlausn, sem þar er gert ráð fyrir, nokkuð léttvæg, og munu því vart geta sætt sig við hana, nema líka fáist einhver önnur uppbót.

Þegar jeg nú athuga þessar tvær stefnur, að landssjóði blæði einum, og að eins föstu launin verði hækkuð, eða þá að alþýða beri og kostnaðinn að nokkru leyti, þannig, að læknum verði leyft að hækka taxta sinn, þá verð jeg að segja, að jeg fylgi heldur þeim hv. þm. og hv. fjárveitingan., sem vilja leyfa læknum að hækka nokkuð taxtann. Það er aðallega hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), sem að þessu sinni reynir að halda uppi vörnum fyrir þá stefnu, er vill, að landssjóð blæði einum. Ef þetta væri í raun og sannleika heitasta ósk hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), þá

ætti hann að koma fram með till. til breytingar á því ástandi, sem nú er. En það er víst, að þótt læknum væri leyft að hækka taxta sinn, þá yrði engin breyting á stefnu til hins verra, frá sjónarmiði almennings, sem þegar lögum samkvæmt á að borga læknum, — sjerstaklega þegar þess er nú gætt, sem komið hefir hjer fram, að læknar hafi þegar hækkað taxta sinn, og ekkert er að því fundið. Ef nú þetta er áreiðanlegt, þá skl jeg ekki, að það skaði mikið að gera t. d. þessa hækkun leyfilega. Jeg hygg því, að það sje einhver grýla, sem komið hefir af stað mótþróanum gagnvart þessari taxtahækkun. Það hefir komið fram hjer, og þó einkum hjá hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að það væri ekki almenningur, sem borgaði læknum kaup, en þó er því nú svo farið, því að við almenning skilur maður ekki einn einstakan mann, heldur heildina. Ogþótt svo kunni að vera, að allur almenningur verði ekki veikur undir eins eða að sama sinni, þá getur þó allur almenningur orðið sjúkur, eða hver einstakur, einhverntíma. Enda er það líka innihald laganna hjer að lútandi og gjaldskrár, að almenningur eigi að borga aukakaup lækna. Hitt verður auðvitað að telja með öllu rangt, að hjer sje nokkuð í áttina til þess að gera sjúkdómana að skattstofni. Og sjúkdómarnir geta ekki fremur talist skattstofnar, þó að fólk verði að borga lækninum fyrir að vinna bug á þeim, heldur en hver önnur verk, sem menn láta vinna fyrir sig og borga.

Þessum staðhæfingum hjá hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) er því slegið fram út í bláinn, til þess að gera þetta mál óvinsælla. Menn verða og að gæta þess, að þó að menn verði eða sjeu veikir, þá þurfa þeir ekki endilega að vera illa staddir fjárhagslega. Því að það er enganveginn sagt, að þeir verði sjerstaklega veikir, sem fátækari eru, nema þá helst á nokkrum stöðum í stórbæjunum, en slíks gætir ekki út um sveitir landsins. Þar má áreiðanlega svo segja, að sjúkdómarnir fari ekki í manngreinarálit. Sjúklingar á slíkum stöðum geta því yfirleitt alls ekki talist of góðir til þess að greiða fyrir læknishjálpina, ef þeir eru þess megnugir. Jeg hefi heldur ekki orðið var við það, að menn hafi talið eftir borgun fyrir læknishjálp; getur verið, að það hafi komið einstaka sinnum fyrir, er læknar hafa tekið því hærra fyrir verk sitt, og kann ske misheppnast, að menn hafi kveinkað sjer nokkuð, en það er þó ekki svo oft, að ástæða sje til þess að bera það fram hjer í deildinni sem algilda reglu. Það er líka kunnugt, að læknar fara einmitt mjög í „manngreinarálit", það er að segja, að þeir taka oft hærri borgun af ríkum heldur en fátækum, þó verkið sje hið sama. Ef fara ætti nú inn á þá braut, að landssjóður greiddi einn læknum fyrir starf þeirra, þá er það í fyrsta lagi áreiðanlegt, að þeir, sem vel eru stæðir, mundu græða á því, en í annan stað stórt efamál, hvort þeir, sem verst eru staddir, mundu græða svo ýkjamikið. Jeg hygg því, að almenningi mundi vera lítill greiði gerður, þótt sú stefna yrði ofan á. Og þjóðfjelaginu og sjóði þjóðarinnar yrði að því beinn ógreiði.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði einnig, að hið opinbera gerði ekkert til að ljetta undir með hinum sjúku. (B. Sv.: Jeg sagði, að ekkert væri gert fyrir þá vegna dýrtíðarinnar sjerstaklega). Það getur verið, að ekki sjeu gerðar neinar sjerstakar dýrtíðarráðstafanir fyrir sjúklingana. En mjer finst ekki nema eðli-

legt, að dýrtíðin komi niður þar eins og annarsstaðar, ef sjúklingarnir geta á annað borð risið undir henni efnalega. Þeir, sem eru svo vel stæðir, að þeir geta borgað, þeir eru ekki of góðir til að borga hærra á þessum tímum en endrarnær, eins og þeir verða að borga hærra fyrir hverja aðra vinnu, sem fyrir þá er unnin. Dýrtíðin kemur því ekki til greina í þessu sambandi, nema hvað læknana snertir. — En hitt er öllum kunnugt, að hið opinbera borgar að nokkru leyti læknunum laun þau, sem þeir eiga að hafa sjer til viðurværis, að hinu leytinu er þeim heimilað að taka fyrir læknisverk sín, samkvæmt gjaldskránni. En það tekur ekki nokkru tali, hve langt það er fyrir neðan alla gegnd nú, sem þeim er ætlað að taka.

Í kaupstöðunum, þar sem frjáls læknasamkepni er, eru menn tiltölulega illa settir gagnvart háum kröfum lækna. Þar ráða menn ekki við það verðlag, sem læknar setja á læknishjálp sína, með því að mikið eru sóttir aðrir læknar en hjeraðslæknar, — læknar, sem bæði stunda menn á heimilum sínum og eru við riðnir sjúkrahús og spítala. Þeir taka fyrir læknishjálp sína eins og þeim sýnist, og almenningur sækir til þeirra engu minna en til hinna, ef þeir á annað borð hafa orð á sjer sem góðir læknar. Í sveit eru menn aftur á móti betur settir hvað þetta atriði snertir. Þar er að jafnaði ekki um annan lækni að gera en hinn launaða hjeraðslækni, og hann verður að halda sjer að mestu við hina lögákveðnu gjaldskrá. Í raun og veru yrðu menn í sveitunum enn þá betur settir en áður, ef þeir þyrftu ekki að borga fyrir læknisverk sín, nema þetta litla gjald, eftir hinni núgildandi gjaldskrá, og að eins landssjóður yrði látinn blæða. Og þeir eru enn betur settir fyrir það, að víða í sveitum og smærri kauptúnum eru nú komin upp sjúkraskýli, sem landssjóður styrkir að einhverju leyti.

Jeg get ekki sjeð, að andmælendum þessa frv. sje nokkur ágóði að því að drepa það. Um það, hvort málið sje of skylt máli, sem áður hefr verið felt hjer í deildinni, þýðir ekki að tala. Það er hæstv. forseta að kveða upp úrskurð um það, sem hann og þegar hefir gert. Það má því ekki koma til álita, er menn ákveða afstöðu sína til frv. Hitt er það, sem kemur til greina, hvort menn geti fylgt frv. að efni til, hvort stefnan, sem í því felst, sje þess verð að fylgja henn eða ekki. Og jeg verð að álíta, að þeir, sem eru andvígir þessu frv., lýsi sig með því andvíga þeirri stefnu, að þeir, sem nota lækninn, borgi honum, að mestu eða nokkru, fyrir þá fyrirhöfn, sem hann hefir þeirra vegna. Hjer eftir, sem hingað til, munu læknar fara nokkuð, eða allmjög, eftir efnum og ástæðum með gjald fyrir læknishjálp sína. Engir embættismenn hafa sýnt það betur en læknar, og engir embættismenn hefðu heldur getað sýnt það betur en þeir, að þeir jafnan hafa tekið tillit til ástæðna þess fólks, sem þeir gera eitthvað fyrir. Þeir munu að jafnaði setja upp ríflega borgun við þá, sem þeir vita að hafa efni á að borga, en mjög litla, eða jafnvel enga borgun við þá, sem efnalausir eru. Það er því ekki mikil ástæða til að mótmæla frv. frá sjónarmiði fátæklinganna, eða þykjast vera að tala þar fyrir þeirra hönd.

Jeg mun að sjálfsögðu fylgja þessu frv., eins og jeg var fylgjandi því frv. sem áður var hjer á ferðinni. Till. mín o. fl. um dýrtíðaruppbót af aukatekjum lækna mun þá ekki koma til greina,

ef málið kemst í það horf, sem því er ætlað að komast með þessu frv.

Einar Jónsson: Eins og háttv. deildarmenn sjálfsagt muna, er jeg einn af þessum stórsyndurum, sem urðu til að ráða niðurlögum frv. þess um hækkun á aukatekjum lækna, sem felt var hjer í deildinni um daginn. Og jeg er ekki kominn á aðra skoðun síðan þá. Jeg er enn þá á sömu skoðun, sem jeg lýsti yfir við umræðurnar um það mál, að rjettmætt sje að bæta kjör læknanna, en að það eigi að gera á þann hátt, að hækka föst laun þeirra, en ekki þær tekjur, sem þeir fá eftir gjaldskránni. — Viðvíkjandi því sem háttv. þm. Stranda. (M. P.) var að tala um, að nokkrir þm. hefðu verið að gala um það, að þeir vildu bæta kjör læknanna, en kæmu svo ekki fram með neitt í þá átt, þá skal jeg viðurkenna, að jeg var einn af þeim fyrstu, sem hóf andmæli gegn frv. En jeg tek ekki til mín neinar ákúrur fyrir það. Jeg kannast ekki við það, að jeg hafi galað um bætur, án þess að gera neitt til að koma þeim á, því jeg gerðist strax meðflutningsm. að frv., sem fór fram á að bæta kjör lækna og fór í því efni lengra en frv. það, sem nú er fram komið, á þgskj. 391. Sú leiðin, til að bæta kjör lækna, sem þar er farin, — eins og háttv. þm. Stranda, (M. P.) líka hefir bent á, — er vel fær, og jeg verð að álíta, að að öllu samanlögðu sje það rjettasta leiðin. En jeg vil ekki skifta uppbótinni niður í margar leiðir.

Jeg ljet að öðru leyti í ljós skoðun mína á þessu máli við umræður um fyrra frv., og skal ekki endurtaka neitt af því hjer, enda hafa aðrir tekið fram sumt af því, sem ástæða er til að athuga.

Háttv. þm. Stranda (M. P.) sagði, að það væri almenn ánægja úti um land yfir því, að læknataxtafrv. var drepið hjer á dögunum. Jeg verð nú að álíta, að háttv. þm. hafi ekki fyrir sjer neitt almannamál, því hann hefir ekkert um það spurt. En viss er jeg um það, að allur þorri almennings mundi heldur greiða atkvæði með því að hækka fremur launin en gjaldskrána.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vildi, að læknirinn fengi einhverja borgun frá sjúklingnum fyrir læknishjálp sína. Það fá þeir hvort sem er. Sjúklingarnir sleppa ekki við að borga lækninum, þó ekki sjeu hækkaðir taxtarnir, meðan núgildandi gjaldskrá er í gildi, og jeg fyrir mitt leyti hefi enga tilhneigingu til að nema hana úr gildi. Mig furðar það stórlega, að nokkur skuli geta verið á móti því, að landssjóður borgi læknunum það, sem vantar á, að þeir geti lifað af tekjunum, sem þeir hafa, en vilja heldur leggja þunga skatta á sjúklingana, sem verða að bera manna þyngstar ábyrðar.

Jeg skal með fúsu geði fylgja því, að hækka laun læknanna meira en farið er fram á í frv. á þgskj. 391, eða þá að veita þeim dýrtíðaruppbót af aukjatekjunum, þó jeg búist við því, að aukatekjurnar verði þá meiri en læknar láta nú í veðri vaka að þær sjeu. Jeg á bágt með að trúa því, að aukatekjur lækna sjeu ekki meiri en þeir alment gefa upp.

Sjerstaklega finst mjer það að athuga við hækkun gjaldskrárinnar, að þeim, sem veikir eru, eru með því bakaðir erfiðleikar. Því við það verða menn að kannast, að það eru fleiri fátækir en ríkir, sem veikir eru, og þá munar því um sjerhverja hækkun á læknaskostnaðinum. Þó háttv.. þm. V.-Sk. (G. Sv.) haldi því fram, að ekkert fleiri

sjúklingar sjeu fátækir en hinir, sem efni hafa á að borga fyrir sig, þá er það ekki rjett. Lífsskilyrði fátæklinganna eru þannig, og híbýli og aðbúnaður allur lakari og orsakar tíðari veikindi meðal fátæklinga en efnamanna.

Annað atriðið er það, að þeir, sem langt eiga að sækja til læknis, verða að borga miklu meira fyrir læknishjálp sína, ofan á annan kostnað við að vitja læknisins, en þeir, sem búa í grend við læknissetrið, komast að miklu leyti hjá þessari hækkun.

Þegar um það er að ræða, að líkja ferðakaupi læknanna við kaup verkamanna eða vinnumanna, þá er þar ólíku saman að jafna. Læknarnir eru fyrst og fremst launaðir til þess að hafa þessi störf á hendi, og í öðru lagi eru þeim lögð til flutningatæki og borgaður fyrir þá allur kostnaður við ferðina. Þeir leggja til þreytuna, sem af ferðinni leiðir, og annað ekki. Með verkamanninn er aftur öðru máli að gegna. Þó kaup hans sje hærra, þá verður hann að fæða sig og kosta að öllu leyti af þessu kaupi.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) mintist á það, að við, sem atkvæði greiddum móti gjaldhækkunarfrv. um daginn, hefðum orðið fyrir skömmum í opinberum blöðum. En jeg verð að segja það, að skammir hafa sömu áhrif á mig og hann sagði að þær hefðu á sig. Jeg tek þær ekki minstu vitund til greina á nokkurn hátt. Þó skrifaðar væru um mig 20 skammargreinar og hver þeirra væri gefin út 20 sinnum, þá stæði jeg jafnkeikur fyrir því, með eða móti hvaða mál sem er. Það, sem sagt er um mig sjerstaklega, eða þingið í heild sinni, hvort heldur er í kirkjuræðum eða í blaðagreinum, það hefir ekki nokkur minstu áhrif á mig. En slíkar kirkjuræður geta stundum gert mig undrandi, eins og t. d. ein kirkjuræða, sem haldin var hjer í Reykjavík í vetur og síðan kom út sem grein í blöðum. Þessi grein gerði mig undrandi fyrir þá sök, að hún kom frá presti, eins og gefur að skilja, þar sem það var kirkjuræða. En hitt var ekki síður undravert, að hún skyldi koma frá fyrverandi þingmanni, sem fyrst og fremst gat sjer engan afburða orðstír með þingsetu sinni, en ætti því fremur, fyrir það að hafa verið þm., að skilja, hversu óholt það er, að ala á lítilsvirðingu fyrir þinginu. Í þessari grein er því haldið fram, að þingið sje hvorki húshæft nje kirkjugræft. Mig furðar á því, að nokkur maður, sem er svo miklu skyni og mentun gæddur, að geta skrifað blaðagrein, skyldi geta lagt sig í að skrifa annað eins, þó ekki þurfi mikla hæfileika til þess. Óvandaðar skammir geta líka allir skrifað, sem kunna á annað borð að halda á penna. En slíkar greinar hafa lítil áhrif á fjöldann. (E. A.: Það lítur einmitt út fyrir að þær hafi haft talsvert mikil áhrif á háttv. þm. (E. J.), því hann talar svo mikið um þetta). — Það þýðir því ekki fyrir nokkurn mann að taka penna til að skrifa slíkt, ef jeg á í hlut.. — Það er svo ekki ástæða til að segja meira um málið frá minni hálfu. Jeg mun sýna það með atkvæði mínu, hvað jeg vil að fram gangi.

Forsætisráðherra (J. M.): Frá sjónarmiði læknanna skiftir það ekki miklu, hvort þeir fá uppbót á aukatekjum sínum frá sjúklingunum eða úr landssjóði. Það er meira að segja betra fyrir þá að fá dýrtíðaruppbót úr landssjóði, því aukatekjurnar yrðu þá miklu hærri, þar sem það mun mjög algengt, að læknar gefi upp meira eða minna af

aukatekjum sínum, þegar fátæklingar eiga í hlut. Það er því betra fyrir læknana að fá dýrtíðaruppbótina úr landssjóði, því annars tapa þeir oft bæði upphaflega gjaldinu og viðbótinni. En hvort rjett er að halda inn á þá braut, er samt vafasamt. — Jeg skal ekki fara mikið út í það mál. Jeg hefi látið í ljósi skoðun mína á því áður, þegar þetta eða svipað mál var hjer á ferðinni, og jeg finn enga ástæðu til að endurtaka neitt af því nú.

Meðan ekki koma fram neinar till. um það að bæta laun læknanna, eða að veita þeim dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra, þá finst mjer rjettast, að þetta frv. fái að halda áfram. Jeg er ekki í neinum efa um það, að læknum mun yfirleitt finnast það harla lítil bót á kjörum sínum, ef þeir fá ekki annað en það, sem farið er fram á í frv. því, sem stendur næst á dagskránni. Fyrir mitt leyti er jeg ekki í efa um það, að hjá miklum hluta lækna er það alvara að segja lausum embættum sínum, ef ekki er tekið í sanngjarnar kröfur þeirra hjer á þinginu. Margir þeirra mundu vafalaust græða mikið á því, því þá gætu þeir sett upp svo mikið sem þeir vildu fyrir læknisverk sín. Þar sem mannmargt er og aukatekjur eru miklar, — og í sumum hjeruðum eru þær jafnvel meiri en launin — þar er hægt að hækka borgunina fyrir læknisverkin svo, að læknirinn græði á því að sleppa embættinu. Aftur á mótu mundu læknar í fámennum sveitahjeruðum skaðast á því. En jeg er líka viss um það, að íslensku læknarnir eru ekki bundnir við þetta land. Þeir geta fengið atvinnu annarsstaðar, ef þeir vilja snúa sjer að því. Mjer finst því ekki tiltök annað en að verða við kröfum læknanna. Það mundi hver einstaklingur gera, að sinna þannig vöxnum kröfum þjóna sinna, og það verður þjóðfjelagið að gera, þegar svona stendur á.

Jeg tel því rjettast, að þetta frv. fái fram að ganga að sinni. Ef eitthvað annað verður komið upp á teninginn, þá má breyta því eða hverfa frá því við 3. umr. Ef til vill vilja menn heldur hækka uppbót læknanna í frv. um launauppbót embættismanna. En jeg vona að minsta kosti, að hv. deild sje nú svo rjettsýn og framsýn, að hún sjái, að ekki eru tiltök að neita læknastjettinni um rjettmæta uppbót á kjörum hennar.

Benedikt Sveinsson: Hjer hefir margt verið talað af þeim, sem málinu eru meðmæltir. Sumt af því, sem sagt hefir verið, er svo langt utan við efnið, að ekki tekur því að elta það, og sumt er misskilningur á orðum mínum og annara. Það mundi lengja þingtíðindin óþarflega mikið að fara að leiðrjetta eða svara því öllu saman. Jeg ætla því einungis að drepa á fáein atriði og láta við það sitja.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) hjelt að oss mundu hafa þótt harðar árásirnar í opinberum blöðum, sem vjer höfum orðið að sæta fyrir það að greiða atkvæði á móti gjaldhækkunarfrv. um daginn, og það því harðari, sem þær hefðu verið á rökum bygðar. En það er alls ekki af því, að oss þættu árásirnar harðar, sem jeg hreyfði mótmælum hjer, heldur af því, að mjer fanst sannleikurinn fyrir borð borinn. Jeg vildi því gera grein fyrir atkvæði mínu nú, fyrst þetta mál var vakið upp hjer í deildinni. Þá var sami háttv. þm. (M. P.) að tala um, að nokkrir þingmenn hefðu ætlað sjer að bæta kjör læknanna, og komið með brtt., sem átti að vera

miðlun í málinu, en tóku hana svo aftur á síðustu stundu, til þess að drepa frv., og hafi svo ekki komið með neitt í málinu síðan. Jeg verð að gera þá grein fyrir minni aðstöðu í málinu, að jeg var alls ekkert við þessa brtt. riðinn. Það eru því ekki nema fáeinir þm., sem þurfa að taka til sín ávítur hv. þm. (M. P.). Satt að segja fanst mjer það standa honum næst, sem frsm. þessa máls, að koma með nýjar till., þegar hann fann mótspyrnuna í deildinni, en vissi, að byr mundi fást fyrir aðrar till. til bóta á kjörum læknanna, sem hann sætti sig engu síður við.

Sami háttv. þm. (M. P.) kvað það alment álit um alt land, að þeir þm., sem greiddu atkv. gegn frv. um hækkun gjaldskrárinnar, ættu litlar þakkir skildar. Þessa ályktun byggir hann á því, að honum hafi borist brjef eða símtöl frá þrem mönnum. Mjer finst það nú harla veik ástæða að byggja á þá ályktun, að allur þorri manna á landinu líti svona á, þótt hann hafi talað við þrjá kunningja sína, er fjellust á mál hans, sem ef til vill eru þá ekki heldur alveg óskyldir læknastjettinni.

Jeg er alls eigi á móti því, að bæta kjör læknastjettarinnar, eins og jeg hefi svo margoft sagt áður. En jeg vil heldur, að það sje gert með því að hækka föstu launin, sem goldin eru úr landssjóði, heldur en með því að hækka læknataxtana, sem kemur jafnt niður á ríkum og fátækum, hraustum og vanheilum.

Þá sagði sami háttv. þm. (M. P.), að jeg hefði farið hörðum orðum um forvígismenn Læknafjelagsins og meðal annars kallað þá óvitra. Það sagði jeg aldrei. En jeg sagði, að till. þeirra hefðu verið óviturlegar, og það getur jafnvel vitrum mönnum orðið á að koma með miður viturlegar till. Einnig þótti honum það illa að orði komist hjá mjer, að tala um að gera sjúkdóma að gjaldstofni, þar sem það hefði að eins verið gert áður, er læknataxtinn var saminn í öndverðu. En þar er alt öðru máli að gegna, þó læknum hafi verið goldin nokkur þóknun fyrir læknisverk sín. Þeir munu vera fáir, sem ekki sýnist það rjettmætt, að læknum sje borgað eitthvað sjerstakt fyrir aukaverk sín. Það mundi ekki vera gott eða heppilegt, ef ætti að launa þeim að öllu leyti úr landssjóði. Þá fjelli í burtu hvötin til þess að sinna þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar, og það er hætt við, að sumir þeirra yrðu þyngri til langra ferðalaga og stirðari að sinna óskum almennings, ef laun þeirra væru að öllu leyti föst og ekkert goldið fyrir einstök verk, sem þeir gera. Hitt er deiluatriðið, hvort það sje rjettmætt að veita læknunum uppbót á tekjum sínum á þessum óeðlilegu tímum á þann hátt, að þyngja byrði sjúklinganna. Á það legst ýmislegur kostnaður annar en lækniskostnaðurinn, sem líka er hærri en venjulega, af völdum dýrtíðarinnar. Það kemur alt enn þá harðara niður en ella. Ferðalög eru nú öll miklu dýrari en áður, og sömuleiðis allir flutningar og öll hjúkrun og aðhlynning. Þetta hefir líka háttv. þm. Stranda (M. P.) viðurkent. En það er nú líka vitanlegt, að því dýrara sem alt annað verður sjúklingunum, því harðara kemur hækkun læknagjaldsins niður á þeim.

Nú hefir það komið fram hjá ýmsum ræðumönnum, sem og er vitað og einnig kom fram í grein formanns Læknafjelags Íslands, að læknar fara ekki eftir taxtanum. Þeir taka oft hærra

gjald, og eins og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, fara í manngreinarálit eftir efnum manna, er þeir taka gjald fyrir læknishjálp sína. Hvers vegna er þá nauðsynlegt að staðfesta hækkunina með lögum? Tilgangurinn getur ekki verið annar en sá, að læknar geti gengið að þeim með oddi og egg, er ekki hafa efni á því að greiða hærra gjald en kveðið er á í læknataxtanum, í stuttu máli, að þeir geti tekið uppbót sína í þeim stöðum, er síst skyldi og ómaklegast er.

Hv. framsm. (M. Ó.) gat þess, að þessi uppvakningur hefði angrað mig og ásótt, og það að maklegleikum, þar sem jeg hafi verið í þeirra tölu, er sálguðu honum. En ekki er það rjett, er hann ljet um mælt, að hann mundi mjer enn örðugri ef honum yrði sálgað aftur. Uppvakningum er ekki sálgað, en fróðir menn og fjölkunnugir hafa oft kveðið þá niður. Jeg vona, að það takist um þenna uppvakning, og býst jeg varla við því, að jeg verði neitt skelkaður eftir þá athöfn.

Annars kendi nokkurrar mótsagnar í ræðu háttv. framsm. (M. Ó.). Hann sagði, að meginreglan ætti að vera sú, að þeir greiddu lækninum, er á hans aðstoð þyrftu að halda, alveg eins og menn greiða smiði fyrir að gera við bát eða hjólbörur. Þetta getur látið vel og sennilega í eyrum. En svo snýr hv. framsm. (M. Ó.) við blaðinu og vill að allir taki höndum saman og myndi sjúkrasamlög. En þá greiða hinir ósjúku fyrir þá, sem sjúkir eru. Og það er einmitt þetta, er vjer viljum gera. Vjer viljum, að landið sje alt eitt sjúkrasamlag, og að landssjóður beri byrðarnar með þeim og borgi fyrir þá, sem sjúkir eru. Framkoma vor er því í fylsta samræmi við það fyrirkomulag, er hann kveður best allra.

Þá þótti hv. framsm. (M. Ó.) það útúrsnúningur einn, er jeg sagði, að almenningur og sjúklingar væru ekki eitt og hið sama. En þar hygg jeg, að jeg hafi á rjettu að standa. Það er, sem betur fer, eigi nema lítill hluti almennings, sem sjúkur er. Og þeir einir, sem sjúkir eru, eiga að greiða uppbótina. En allur almenningur greiðir læknunum kaup, þar sem hann geldur til landssjóðs, og aukið kaup þeirra kemur niður á honum. Almenningur sleppur því ekki, þó að kaupið sje hækkað.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefi jeg þegar svarað að nokkru leyti. Það er rjett hjá honum, að dýrtíðaruppbót af aukatekjum lækna er í meira samræmi við taxtahækkunina heldur en hækkun á fastalaununum. Þá miðast uppbótin við það, sem þeir hafa lagt á sig, ef skýrslurnar um aukatekjur eru annars rjettar. En till. sú, er hann bar fram í þessa átt, hefir ekki komið aftur, síðan er henni var vísað til nefndar. Væri það nær mínu skapi að samþ. till., heldur en frv. það, er nú liggur fyrir. Sá tekjuauki læknanna kæmi ekki niður á sjúklingum.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók undir með öðrum um það, að þeir, er læknis þyrftu, ættu að greiða læknishjálpina. Þetta er engan veginn sjálfsagt. Öll sjúkrasamlög og frílækningar stefna einmitt að því að ljetta kostnaði af þeim, sem við sjúkdóma eiga að stríða.

Jeg hygg, að þetta mál sje svo þrautrætt, að frekari umræður muni ekki breyta afstöðu manna. Hjer er að ræða um tvær andvígar stefnur, er báðar liggja ljóst fyrir. Það eru þær sömu stefnur, sem börðust, er hitt frv. var

felt, og hygg jeg því, að hjer hljóti að fara á sama veg.

Magnús Pjetursson: Jeg get verið stuttorður að þessu sinni.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) gaf mjer sjerstaklega tilefni til þess að kveðja mjer hljóðs aftur. Hann hefir fetað í fótspor annara, að því leyti, að hann afsakar framkomu sína í þessu máli með því, að hann hafi b e n t á aðra leið en þessa. En hinu sama gegnir um hann og aðra hv. þm., hann gerir ekkert frekara en að benda. En læknar hafa ekkert gagn af þessum bendingum hans, jafnvel þó þeir hefðu allir getað sjeð fingurinn.

Háttv. þm. (E. J.) var að kvíða fyrir því, að veitti þingið læknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra, myndu þeir freistast til þess að gefa þær upp upp of háar. Háttv. þm. þekkir sennilega tíundasvik og hefir ef til vill búist við slíku hjer. En jeg þykist hafa skjallegar sannanir fyrir því í höndum, að læknar munu tíunda aukatekjur sínar rjett. Árið 1917 urðu þeir að telja fram aukatekjur sínar fyrir 1917, og fengu þá uppbót á þeim. Fjórðungur lækna gaf þá upp að eins 50—500 kr. aukatekjur á ári, helmingur 500—1000 kr., og einungis fjórði hluti allra lækna hafði yfir 1000 kr. aukatekjur árlega. Þessa skýrslu kalla jeg skjallega sönnun fyrir því, að aukatekjurnar sjeu rjett taldar fram. Auðvitað er bókfærsla lækna ekki svo nákvæm alstaðar, að þeir geti tíundað aukatekjur sínar upp á eyri, heldur verða þeir að áætla þær svo, sem þeir geta rjettast.

Þá kom fram eitt atriði í ræðu háttv. þm. (E. J.), er mjer þótti næsta hjákátlegt. Hann kvað ekki rjett að miða ferðakaup lækna við kaup vinnumanna. En við það hefir þó verið miðað í lögunum frá 1907, er tímakaup lækna var ákveðið 30 au., sem var hærra en alment verkakaup var þá, en það mun ekki hafa farið fram úr 25 au. Þó var það enn undursamlegra, er hv. þm. (E. J.) sagði, að öðru máli væri að gegna um kaup lækna, heldur en um kaup vinnumanna. Læknum væri sjeð fyrir flutningstækjum, þeir væru fluttir ókeypis og ferðuðust alveg ókeypis, þyrftu ekki að leggja annað til en tíma sinn. Ekki veit jeg hvernig hv. þm. (E. J.) hagar til með vinnumenn sína. Jeg býst við því, að hann leggi þeim til hesta í kaupstaðaferðir, eða eiga þeir kann ske að borga hestlán fyrir þær ferðir, sem þeir fara í þarfir hans? Og enn lengra er hægt að jafna til vinnumanna, þar sem húsbændur leggja þeim þó til verkfæri, en læknar verða að útvega sjer verkfæri sín sjálfir.

Háttv. þm. (E. J.) sagði, að engar skammir myndu hafa áhrif á sig. Þetta getur rjett verið, en ekki áliti jeg hann minni mann, þó að hann tæki tillit til þess, er vitrir menn og góðgjarnir leggja til málanna. Og sýnilega hefir það haft einhver áhrif á hann og rumskað við honum og fleiri háttv. þm., svo að þeir hafa áttað sig á því, er þeir hafa gert.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) kvað mig hafa farið með misskilning og útúrsnúninga. En mjer þótti vænt um, að hann heyktist á stóryrðunum, er hann bar fram í fyrri ræðu sinni. Hann hefir sjeð, að hann hafi þá ofmælt. Jeg skal ekki rengja, að hann hafi verið óviðriðinn brtt., er kom fram við frv., er felt var. En hitt gladdi mig, að hann skuli einnig

hafa verið óviðriðinn það ráðabrugg, er fór fram áður en frv. var drepið.

Hv. þm. (B. Sv.) láði mjer, að jeg skyldi ekki, er jeg fann mótþróa gegn frv., hafa borið fram brtt. í þá átt, er hugir manna hneigðust. Því er til að svara, að jeg var ekki flutnm. frv., heldur framsm. fjárveitinganefndar, er flutti frv., og hafði jeg enga heimild til þess að ganga í berhögg við hana og bera fram brtt. í eigin nafni. Og svo er annað. Ættu menn, er flytja frv., að hlaupa til og bera fram brtt., er aðrir segjast sjá betri leið í málinu? — Jeg þakka fyrir, það er þeirra að flytja brtt., er sjá, að eitthvað megi betur fara eða finna rjettari brautir.

Menn hafa sagt svo margt um mál þetta, að jeg get ekki farið langt út í þá sálma. En mjer þótti vænt um að heyra, er hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði, að hann vildi ekki, að læknar fengju öll laun sín úr landssjóði, heldur ættu þeir að fá einhverja þóknun fyrir læknisverk sín. Þá gengur hann ekki alveg eins langt og sumir aðrir, er fylgja þeirri stefnu, að læknar skuli ekki fá nein laun annarstaðar en úr landssjóði. En nú vil jeg spyrja hv. þm. (B. Sv.), hvort hann álítur, að læknar muni fá meiri þóknun fyrir verk sín en árið 1907, er gjaldskráin var samin, þó að taxtinn væri hækkaður nú um 50%, hvort þeir fái jafnmikið til framflutnings á lífi sínu sem árið 1907, og hvort þeir, er eiga að greiða lækni þóknun fyrir starf hans, greiði jafnmikið sem þá. Jafnvel þó að taxtinn verði hækkaður nú, þá er að eins verið að færa gjaldið í þá áttina, að það verði hið sama sem áður, eftir verðgildi þess gjaldeyris, sem goldið er með.

Hv. þm. (B. Sv.) gat þess, að þar sem sumir læknar hefðu þegar hækkað taxtann og tækju meira gjald af efnuðum mönnum, þá gæti tilgangurinn með frv. þessu ekki verið annar en sá, að pína fátæklingana til þess að gjalda einnig hærra. Þessu er þó ekki þannig varið. Frv. er einmitt komið fram vegna þess, að margir læknar kynoka sjer við að hækka gjaldið, nema þeir hafi lög að baki sjer. Og það er alkunna, að það eru ekki altaf fátæklingarnir, er telja eftir að greiða læknunum þóknun, heldur skirrast efnamenn alveg eins við að gjalda meira en þeim ber, oð jeg hefi einmitt fremur heyrt getið um eftirtölur úr þeirri átt. Býst jeg því við því, að engu síður þurfi að beita lögunum við efnamenn.

Um till. þá, er fjárveitinganefnd hefir ekki skilað frá sjer, vil jeg geta þess, að verði þetta frv. felt, geri jeg ráð fyrir, að nefndin muni láta þá till. koma fram. Þingið getur þá skorið úr, hvora leiðina það vill heldur fara, en það átti ekki við að ræða þetta tvent í einu.

Framsm. (Matthías Ólafsson): Eins og kunnugt er, hafa læknar sjer til lífsframfærslu laun úr landssjóði og gjald fyrir læknisverk sín. Nú hefir hvorttveggja þessi borgun lækkað í verði sökum dýrtíðarinnar. Hvað er nú annað, sem fjárveitinganefnd leggur til, en að þetta verðfall verði að nokkru bætt? En þó er langt frá því, að það, sem lagt er til að landssjóður og sjúklingar borgi umfram það, sem áður var, vegi upp á móti verðfallinu.

Jeg sje enga ástæðu til þess nú, þegar hagur landssjóðs er jafnbágur og hann er, að taka greiðsluskylduna af öðrum aðilja og leggja hana á hinn. Það er ekki svo um landssjóðinn, að hann sje botnlaus hylur, sem ætíð sje hægt að veiða upp úr. Almenningur verður að

gjalda í hann aftur. Því er engin furða, þó að þeir menn, er lítið gjalda til landssjóðs, vilji mjólka hann sem mest. Tala jeg þetta til hv. 2. þm. Rang. (E. J.). Það eru ekki bændurnir í Rangárvallasýslu, er drýgstan skerfinn leggja til landssjóðs, heldur miklu fremur aðrir, og þá helst þeir, er við sjó búa. Það er því skiljanlegt, að þeir menn muni helst nota atkvæðisrjett sinn á þann hátt, að láta landssjóð veita sjer fríðindi, sem minst greiða til hans aftur.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) kvað ekki rjettlátt, að sjúklingar greiddu þetta verðfall peninganna. Það get jeg með engu móti fallist á. Sjúklingum er jafn skylt að greiða uppbót að sínum hluta eins og landssjóði að sínum. Vona jeg, að hv. þm. (B. Sv.) sjái, að þetta er í alla staði og allra hluta vegna sanngjarnt, og greiði því frv. atkvæði.

Minst hefir verið á rjett læknanna á uppbót á aukatekjum þeirra. Get jeg vel skilið þessa skoðun frá sjónarmiði þeirra, sem álíta, að ekkert geri til, þó að landssjóður bergi. En annars hlýt jeg nú sem áður að vera á móti þeirri stefnu.

Einar Jónsson: Jeg vildi að eins mæla örfá orð í tilefni af ræðu hv. framsm. (M. Ó.) og nokkrum atriðum í ræðu hv. þm. Stranda (M. P.).

Báðir þessir hv. þm. hafa fundið ástæðu til þess að vefengja það, er jeg sagði, en mjer finst jeg geta staðið við. Háttv. þm. Stranda (M. P.) sagði, að aukatekjur lækna hefðu verið taldar fram árið 1916 á þann veg, að fjórðungur lækna hefði að eins 50—500 kr. aukatekjur. Mjer dettur í hug, að læknir, er hefir 50 kr. aukatekjur á ári, muni ekki gera svo ýkjamikið gagn. Aðminsta kosti er sá læknir lítið notaður, hvort sem það stafar af því, að hann sje ófær til starfsins, óvinsæll, eða þá aðrar orsakir liggja til þess.

Þar sem háttv. þm. (M. P.) drap á tíund í sambandi við aukatekjuframtal lækna, er hann hjelt fram að vera mundi ábyggilegt, þá skal jeg geta þess, að mjer hefir að undanförnu þótt framtal lækna á aukatekjum sínum furðu lágt, engu síður undralágt heldur en tíund framteljanda á lausafje yfirleitt. Jeg hefi t. d. sjeð skýrslur lækna um aukatekjur til launamálanefndarinnar, og þá furðaði jeg mig á því, hve lágar þær voru taldar, án þess þó, að jeg sje að rengja, að rjett hafi verið sagt til á sumum stöðum.

Þá sneri háttv. þm. (M. P.) út úr orðum mínum, er hann sagði, að jeg hafi borið kaup vinnumanna saman við ferðakaup lækna. Það gerði jeg ekki, en þó má taka það til samanburðar. Ekki er algengt, að kaup vinnumanna fari fram úr 1 kr. á dag. En þeir munu að jafnaði vinna 12 tíma daglega, og hafa þeir þá miklum mun minna kaup en læknar. En áður höfðu menn borið ferðakaup lækna saman við kaup verkamanna í kaupstöðum, og það var einmitt það, sem jeg gerði. Verkamannakaup mun nú vera venjulega 75 au. um kl.st., og hafa læknar þá að vísu minna kaup en verkamenn, því að 30 au. kaup er lægra en 75 au.

En eins og jeg sagði áður, þá verður þetta fólk að kosta sig alveg sjálft af þessum 75 au., en læknarnir hafa fría ferð og taka þetta inn „nettó“.

Þá var hv. framsm. (M. Ó.) að furða sig á, að nokkur skuli greiða atkvæði þannig, þegar hagur landssjóðs sje eins og nú sje hann, og heldur hann að það sje af því, að jeg vilji að bændur í Rangárvallasýslu losni við að greiða í lands-

sjóðinn, og virtist hann gefa í skyn, að þeir leggi lítinn skerf til útgjalda landssjóðs. En jeg get sagt þessum hv. þm. (M. Ó.), að bændur í Rangárvallasýslu hafa ekki legið á liði sínu um að borga sín útgjöld til hins opinbera, þótt þeir, eins og aðrir sveitabúar, leggi af skiljanlegum ástæðum minna fram en íbúar sjávarhjeraða, en þeir hafa líka miklu minna úr býtum borið úr landssjóðnum en sjávarhjeruðin. En það er æfinlega svo, að þegar þessum hv. þm. (M. Ó.) dettur í hug, að sveitirnar borgi minna í landssjóðinn en sjávarhjeruðin, þá ætlar hann að ærast og springa af ofmetnaði fyrir sjávarmanna hönd og ósanngirni í garð sveitamanna. Hann kemur þó talsvert við landssjóðinn sjálfur — þó það sje fjarri mjer að segja, að hann sje óþarfur maður, — en þá tekur hann fje af öllum landsmönnum og þar á meðal líka Rangæingum. En þar sem hann sjálfur er landssjóði dýr, þá ætti hann að spara sjer þau orð hjer, að sveitarfjelögin sjeu að draga sig undan gjöldum. En þessu líkt hefir þessi sami hv. þm. (M. Ó.) oft að orði komist áður í garð sveitahjeraðanna, en jeg álít þau ummæli ósanngjörn og ómakleg og koma úr hörðustu átt.

Einar Árnason: Jeg skal vera stuttorður. Jeg stóð upp út af því, að háttv. þm. Stranda. (M. P.) mintist á brtt., sem jeg ásamt nokkrum fleiri hv. þm. flutti fyrir nokkru síðan hjer í deildinni. Þessa brtt. tók jeg aftur áður en til atkv. kom. En nú lýsir þessi hv. þm. (M. P.) því yfir, að ef þessi till. hefði komið til atkv., hefði hún vafalaust verið samþykt. En hann getur alls ekki fullyrt neitt um það, hvort till. hefði orðið samþ. eða ekki. En hafi hann eða aðrir hv. þm. litið svo á, að till. væri góð og þörf, þá var hægurinn hjá fyrir hann eða aðra að taka hana upp. En svo var ekki gert.

Jeg get vel skýrt frá hvers vegna till. var flutt. Við, sem fluttum till., og margir aðrir þm. vorum mótfallnir taxtahækkun lækna. En það var ekki víst, hvernig málinu myndi reiða af, og fyrir því fluttum við þessa brtt., til miðlunar, því að af tvennu illu vildum við heldur það skárra. En svo urðum við flutningsm. þess varir, að margir voru andvígir till. okkar og einráðnir í að fella frv. Þess vegna vildum við alls ekki láta till. koma undir atkv.

En það var annað, sem háttv. þm. Stranda. (M. P.) tók og fram í þessu sambandi. Hann sagði að þeir, sem hefðu aðra stefnu í þessu máli, hefðu ekki gert annað en að gala hátt og koma með lauslegar bendingar um sitthvað. En þetta er alls ekki rjett, því að við 5 þm. höfum flutt till. á þgskj. 244, þar sem farið er fram á að veita læknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum. Alþingi var áður búið að ganga inn á þá braut, að veita dýrtíðaruppbót af aukatekjum, og því alls ekkert óeðlilegt að halda því áfram, ef á annað borð ætti að gera læknum hærra undir höfði en öðrum embættismönnum. En þegar svo þetta mál alt kemur til fjárveitinganefndar, þá stingur hún þessari till. undir stól, en flytur í stað þess frv., sem fer í sömu átt og búið var að fella áður. Í raun og veru er fjárveitinganefndin með þessu að kasta hanskanum framan í meiri hluta þessarar deildar. og jafnvel þeir 2 háttv. fjárveitinganefndarmenn, sem talað hafa fyrir þessu frv., hafa líka kastað hanskanum framan í meiri hluta deildarinnar, með því að segja, að ummæli Lækna-

blaðsins um allmarga þingmenn persónulega hafi verið að maklegleikum. Og þótt svo óliklega kynni að fara, að frv. verði samþ., þá er það ekki fyrir þá sök, að tekist hafi neitt sjerstaklega þinglega að mæla með því.

Framsm. (Matthías Ólafsson): Að eins nokkur orð til þess að svara hv. 2 þm. Rangæinga (E. J.). Jeg vænti þess ekki, að hann mundi reyna að hrekja það, sem jeg hafði sagt, að þar sem læknar fengju borgun fyrir starf sitt, bæði hjá landssjóði og þeim, sem læknana nota, og hvorttveggja væri orðið oflítið fyrir verðfall peninga, þá væri rjett, að báðir þessir aðiljar greiddu þeim þá launabót, sem flestum kemur saman um að þeir eigi heimtingu á. Og hann gekk líka fram hjá þessu, og það var heppilegast fyrir hann. Jeg vildi að eins geta þessa, til þess að sýna, hvernig hann færir rök til afstöðu sinnar, sem sje með því að ganga fram hjá því, sem er mergurinn málsins.

Að öðru leyti skal jeg svara pillum þeim, sem hann sendi mjer, ógnarlega stutt. Hann sagði, að jeg ryki altaf upp til handa og fóta, ef minst væri á sveitir landsins og það, er þær legðu fram til hins opinbera. En jeg hefi sagt, og segi enn, að skattalöggjöf vor sje á þann veg, að útgjöldin lendi ekki nær því eins mikið á sveitarfjelögunum og sjávarútveginum.

Hvað það snertir, að jeg hafi komið við landssjóðinn, þá er það rjett, að jeg hefi teki úr honum mitt þingmannskaup, og er það 2 kr. lægra en þessi hv. þm. (E. J.) fær. En hann hefir skotið algerlega yfir markið, ef hann heldur, að jeg sje á landssjóðnum sem starfsmaður Fiskifjelags. En þetta fjelag hefir sitt vissa framlag úr landssjóðnum árlega, og það kaup, sem það geldur mjer svo fyrir starf mitt, er landssjóði algerlega óviðkomandi.

Stefán Stefánsson: Af því að jeg býst ekki við að geta greitt þessu frv. atkv. mitt, þá vildi jeg með örfáum orðum gera grein fyrir þeirri afstöðu minni.

Það er nú búið að taka það fram, að læknar fari ekki eftir þeirri gjaldskrá, er nú gildir. Sje jeg því ekki, að verulega mikið sje unnið við þetta frv. Jeg get ekki sjeð, að þeim læknum, sem hafa leyft sjer að taka hærri gjöld en gjaldskráin mælir fyrir, geti verið það mikið áhugamál eða kappsmál, að slikt frv. nái fram að ganga.

En svo er önnur ástæða, og hún er sú, að þeir læknar hafa best upp úr þessari 50% hækkun á gjaldskránni, er síst þurfa á auknum tekjum að halda. Það verður mestur hagur fyrir þá, er mestan „praxis“ hafa, en þeir læknar, sem hafa verið svo óheppnir, að lenda í fámennum og strjálbygðum útkjálkahjeruðum, og hafa þar af leiðandi lítinn ‚praxis“ og miklum mun verri aðstöðu, þeir verða litlu bættari. Tekjumismunur þeirra og hinna verður enn meiri, en þess á þingið einmitt að gæta, að gera hjer á sem mestan jöfnuð og láta þessa menn fá hækkun. Því að það er ekki sagt, að sá læknirinn, sem lendir í fámennu útkjálkahjeraði, sje að neinu leyti ver undir það búinn að leysa af hendi mikilvæg læknisverk en hinn, sem fær fjölmennara hjeraðið. Þetta misrjetti ætti frv. að laga, en þar sem það gerir það ekki, þá greiði jeg því ekki atkvæði.

Svo er líka annað, sem verður að koma til athugunar í þessu sambandi. Jeg hefi heyrt það af munni læknis, sem þekkir vel hag síns hjeraðs, og álít-

ur hann, að þar sem hann þekkir best til, þá þyldi almenningur ekki öllu hærri taxta en nú er. Það getur nú vel verið, að fjöldinn allur þoli það, en það er mjer vel ljóst, að allmargir muni eiga fullerfitt með að gjalda eftir núgildandi taxta.

En svo liggur nú hjer fyrir háttv. deild, sem 2. mál á dagskrá, frv., sem mælir svo fyrir, að laun hjeraðslækna skuli hækkuð um 500 kr. Með dýrtíðaruppbót hafa þá læknarnir 2600 kr. laun úr landssjóði. Þegar svo ofan á þessi laun úr landssjóði bætist „praxis", þetta 500—1000—1700 kr., þá hygg jeg, að læknar alment muni geta allsæmilega lifað af þeim launum. Mjer finst, að þegar launin eru komin upp undir eða yfir 4000 kr., þá geti þau talist allvel viðunanleg. Þess vegna hefi jeg álitið, að verði frv., sem næst er á dagskránni, samþykt, þá sje fengin talsvert veruleg bragarbót á kjörum lækna.

Og þegar litið er á frv. það, er hjer lá fyrir deildinni, um 100% hækkun á „praxis" og ferðataxta, og flutt var að tilhlutun lækna, þá sje jeg ekki betur en að rjettur þeirra hjeraðslækna, sem hafa t. d. 500 kr. aukatekjur, sje eins vel trygður með þessu frv. Þeir fá hjer 500 kr. launaviðbót, og er það sama sem þeir hefðu 1000 kr. aukatekjur. En hinir, sem lægri aukatekjur hafa, fá líka 500 kr. Hjer er því fyllilega bætt upp einmitt þeim læknum, er þyrftu að fá launaviðbót. Hygg jeg því, að þeir læknar, er eiginlega þurfa að fá hækkun, geti verið eins ánægðir með að fá það frv. samþ., sem næst liggur fyrir á dagskránni, og þá prósentuhækkun, er fyrst var borin fram, og því lítil ástæða til að farið sje að hækka gjaldskrá og ferðataxta, sem er mestur vinningur fyrir þá, er síður þurfa þess, en á hina hliðina mörgum fátæklingnum til verulegs óhagræðis.

Af þessum ástæðum greiði jeg atkv. móti frv.

ATKVGR.

Nafnakalls óskuðu um frv. þessir þm.: B. Sv., H. K., J. B., Sv. Ó., E. Árna., St. St.

1. gr. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., Þór. J., B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., Ó. B.

nei: P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. B.

Einn þm. (S. S.) fjarstaddur.

Frv. því

fallið.

5. Verðlagsnefndir.

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 28. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um verðlagsnefndir (A. 410).

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 29. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum greiddum atkv.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Þar sem þetta er 1. umr. um málið, og þar

að auki er gerð rækileg grein fyrir frv. í nefndarálitinu, þá finn jeg eigi ástæðu til að gera frekari grein fyrir því og vildi óska, að hv. deild leyfði frv. að ganga til 2. umr.

Pjetur Ottesen: Úr því að formaður bjargráðanefndaar hefir óskað, að málið fái að ganga til 2. umr., og þar sem framsm. þessa máls er heldur ekki við, þá get jeg setið hjá að þessu sinni. Annars er jeg á móti frv., en get látið athugasemdir mínar bíða til 2. umr. og vona, að menn muni eins geta komið sjer saman um að slátra því, þó að því sje slept að þessu sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 1. júlí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 410).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 2. júlí, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 410).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Orsökin til þessa frv. er frv. á þgskj. 336, sem bjargráðanefnd fekk til meðferðar. Þótti henni full þörf á að breyta töluverðu um þessar verðlagsnefndir, og hefir þess vegna lagt til frv. á þgskj. 410. Það er aðgætandi, að þótt verksvið þessara verðlagsnefnda hafi verið töluvert hingað til, þá er orðin sú breyting á verslun landsins, að verksvið hennar hlýtur að verða töluvert minna en áður.

Bjargráðanefndin fekk þær upplýsingar, að verðlagsnefnd sú, sem setið hefir hjer að störfum, hafi gert töluvert, en hitt duldist henni ekki, að verk hennar hafa borið lítinn árangur, í samanburði við peninga þá, sem gengið hafa til að launa henni. Þessi verðlagsnefnd mun hafa kveðið upp 10 úrskurði um verðlag á vörum, en þessir úrskurðir hafa flestir verið numdir úr gildi, svo að jeg held, að nú standi ekki nema tveir þrir af þeim.

Það, sem nefndin átti erfiðast með, var að laga útsöluverð kaupmanna. Þar átti hún við mikla erfiðleika að stríða, enda varð árangur hennar tiltölulega lítill, þegar litið er á verðlag á þeim vörum. Hins vegar upplýstist það, að nefndin hefði með samtali sínu við kaupmenn getað þokað nokkru til um verðlag á útlendum vörum, þótt ekki kæmi til úrskurðar hennar.

Bjargráðanefnd leit svo á, að þó að nefnd þessi hafi haft töluvert starf með höndum, þá hafi árangurinn af starfi hennar ekki orðið að sama skapi. En nú víkur talsvert öðruvísi við, því að með þessum nýja viskiftasamningi, sem gerður er við Bandamenn, er sú breyting á orðin, að stjórnin hefir tekið í sínar hendur öll innkaup á útlendum vörum, og getur því sett verð á þær. Að þessu leyti er því verkefni verðlagsnefndar horfið að mestu, og þá um leið ástæðan til þess að hafa hana í þjónustu landsins. Hvað verðlag hennar á innlendum vörum snertir, þá hefir það ekki borið þann árangur, sem hefði mátt vænta, og er það að segja, að á því eru allmikil vandkvæði. Verðið fer, eins og kunnugt er, allmikið eftir eftirspurn og framboði á vörum, og því óhægt fyrir nefndina að ráða miklu um það. Af þessu hefði mátt ætla, að bjargráðanefnd hefði verið á sama máli og við flm. þessa frv., og jeg verð að segja það,

að þótt jeg gengi inn á þessa braut, þá hefi jeg ekki sjeð brýna þörf á að hafa verðlagsnefnd og allra síst verðlagsnefnd, sem alt landið kostaði, en hitt get jeg þó fallist á, sem fram kom í nefndinni, að nema ekki þessi lög úr gildi án þess, að nokkuð kæmi í staðinn. Því þótti rjett að koma fram með frv. á þgskj. 410, þó þannig breytt, að skipun á verðlagsnefnd fer fram eftir till. hlutaðeigandi bæjarstjórnar. Nefndinni þótti ekki rjett að banna algerlega að setja verðlagsnefndir þar, sem það var vilji hlutaðeigandi kaupstaðar að fá nefnd skipaða til þess að ákveða verð á vörum, með því að þótt gæti nauðsyn á því. En auðvitað er það, að þetta er einkum sett með tilliti til Reykjavíkur, og enda líkast, að þar verði helst þörf á slíkri nefnd. Maður getur t. a. m. hugsað sjer, að brauðgerðarmenn vildu setja svo hátt verð á brauðið, sem almenningur þó lifir mestmegnis af hjer í kaupstöðunum, og af því geti það verið rjett, að bæjarstjórn hafi heimild til að snúa sjer til landsstjórnarinnar um skipun á slíkri nefnd; hjer er því sá mikli munur á þessu frv., ef það verður samþ., og hinu fyrra frv., að stjórnin skipar þá nefndirnar eftir ósk og till. bæjarstjórna, en þar sem þetta frv. er, eins og það nú kemur orðað frá nefndinni, bundið við óskir um skipun frá kaupstöðunum, þótti nefndinni rjett, að bæirnir kostuðu þessar verðlagsnefndir. Þetta frv., sem nefndin hefir komið með, er að eins heimildarlög fyrir landsstjórnina til að skipa þessar nefndir, þegar bæjarstjórnum, í hinum einstöku kaupstöðum, þykir þörf á því. Að frv. þetta geti haft svo mikinn kostnað og útgjöld í för með sjer, þykir ekki ástæða til að ætla; finst nefndinni það ekki líklegt, þegar tekið er tillit til þess að nefndirnar verða kostaðar úr bæjarsjóði; hjer er því farið bil beggja og reynt að gera báðum til hæfis. ,

Það var upphaflega meiningin, að verkefni slíkra nefnda yrði að líta eftir verði bæði á útlendum og innlendum vörum, en eftir umr. hjer í þessari hv. deild í gær virðist svo sem deildin vilji kasta þeirri áhyggju upp á stjórnina, og hefir stjórnin látið sjer það vel líka, þar sem hún greiddi atkv. á móti þeirri till., að veita stjórninni heimild til að ákveða verð í heildsölu, hefir sjálfsagt talið sig hafa heimild til þess án nýrra heimilda. Vona jeg, að allir sjái, að þetta frv. hefir mikið við að styðjast, og að engum þyki hjer órjettur ger, því að hjer er stjórninni að eins veitt heimild til að koma í veg fyrir það, að seljendur í kaupstöðunum beiti ósanngirni. Að þetta nái mikið til sveitanna þarf ekki að óttast, vegna þess, að rannsókn á starfi verðlagsnefndar hefir sýnt það, að hún getur mjög litlu um það ráðið; vona jeg því, að hv. deild samþ. þetta frv., en ef það verður felt, þá mun jeg halda mjer við hið upphaflega frv.

Hvað því viðvíkur, að rjettara væri að víkka nokkuð verksvið nefndanna, þannig að verðlagsnefndin hjer yrði t. d. ekki eingöngu bundin við Reykjavík, heldur gæti verksvið hennar með reglugerðarákvæði náð til umhverfis bæjanna, eða nærliggjandi sveita, þá lætur nefndin ekkert álit uppi um það að sinni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, innibindur það ekki beint í sjer, eftir því sem jeg skil það, að ekki skuli vera ein verðlagsnefnd fyrir alt landið, enda virðist mjer, að hún þó hafi haft talsverð áhrif á vöruverð yfir höfuð, og hygg jeg, að

mjög viðsjárvert geti verið að afnema, að ein verðlagsnefnd sje fyrir alt landið. Það getur komið til þess, að meira samræmi þurfi í verðlagið en ein verðlagsnefnd, hver í sínum kaupstað, gæti komið á. Það, sem jeg held að ekki sje í þessu frv. og vanti í það, er það, að verksvið nefndanna geti einnig náð til kauptúna, sem eru mörg og miklu fleiri heldur en kaupstaðirnir, og ef því verður ekki bætt inn í frv. áður en það fer hjeðan úr deildinni, virðist mjer mjög mikið vanta, því að þar hygg jeg einmitt mesta þörf á verðlagsnefndum.

Þar sem hv. framsm. (S. St.) tók fram, að hann hjeldi ekki að mikil þörf mundi vera á því, að ákveða verðlag á útlendum vörum, þá vil jeg þó benda á, að það getur verið svo mikill munur á flutningskostnaði og fleiru, að það getur þurft að taka tillit til þess. Um innlendar vörur hygg jeg, með því að verðlagið er, eins og kunnugt er, mjög misjafnt, að nauðsynlegt sje að hafa verðlagsnefnd, og þá helst eina verðlagsnefnd fyrir alt landið. Þó að reynslan hafi sýnt, að nokkuð megi fara í kring um það, þá mun þó, með nákvæmu eftirliti, vera lagðar talsverðar hömlur á, að það fari fram úr hófi. Þetta tvent finst mjer viðsjárvert að fella niður, að ein verðlagsnefnd sje fyrir alt landið, og að því leyti, sem kynni að verða að skipa sjerstakar verðlagsnefndir fyrir kaupstaðina, þyrfti verksvið þeirra einnig að ná til hinna einstöku kauptúna.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Hæstv. atvinnumálaráðherra fann það helst að frv., að það myndi ekki geta náð til hinna einstöku kauptúna úti um land. Hæstv. atvinnumálaráðh. sagði, að það væri mismunandi staðhættir og fleira, sem gæti orsakað verðmun, og það er líka rjett. En það er einmitt gallinn, að þegar ein verðlagsnefnd setur sama verðið um alt land, þá getur það, þó það sje rjettlátt á einum staðnum, orðið ósanngjarnt á öðrum, vegna mismunandi staðhátta og fleira, t. d. vegna mismunandi kostnaðar við framleiðslu á vörunni, því að það kostar mismunandi mikið, og getur því ekki verið sanngjarnt að hafa sama verð um alt land.

Hvað það snertir, að hafa eina verðlagsnefnd, þá hygg jeg, að það muni álit flestra, að hún verði fremur gagnslítil, enda er það vitanlegt, að sú rannsókn, sem fram hefir farið um störf þessarar nefndar, hefir ekki sýnt, að hún hafi ráðið nokkru verulegu um verð á vörum úti um land, einmitt vegna þeirra erfiðleika, sem á því hljóta að vera, og þó að hæstv. atvinnumálaráðh. segði, að með nákvæmu eftirliti mætti „kontrollera" það, þá er það vandkvæðum bundið og ekki mögulegt að koma því á, þó að ein verðlagsnefnd sitji hjer í Reykjavík. — Hins vegar ber enginn brigður á það, að hvað útsöluverð á útlendum vörum snertir, þá er nú minna fyrir hana að gera en verið hefir, og á því byggist þetta frv. Jeg hygg því, að þessar athugasemdir hæstv. atvinnumálaráðherra, þótt þær sjeu rjettar frá hans sjónarmiði, muni ekki nægja til þess að halda í þá allsherjarverðlagsnefnd, sem sett hefir verið, nje heldur til þess, að þetta frv. nái ekki fram að ganga.

Jörundur Brynjólfsson: Enda þótt ræða hv. þm. Borgf. (P. O.) um daginn gæfi nóg tilefni til þess, að henni væri svarað nokkru, þá ætla jeg nú ekki út

í þau atriði að þessu sinni, því að það heyrir til 5. málinu á dagskránni. Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið með þeim ummælum, að jeg ljeti mig litlu skifta, hvort málið næði fram að ganga eða ekki.

Jeg hefi eiginlega ekki getað sjeð, að nokkuð væri unnið við þessa breytingu, sem gerð er á því. En jeg tel þetta frv. þó má ske betra, eða heimildina, sem það veitir til afskifta af verðlagi, heldur en að afnema lögin alveg, og engin heimild sje til þess, að hindra óhæfilega framfærslu á verði á nauðsynjavörum.

Hákon Kristófersson: Jeg get verið sammála hæstv. atvinnumálaráðh. um það, að eftir því, sem mjer skilst, er það tilætlunin eftir frv., að valdsvið verðlagsnefnda nái að eins til þeirra bæja, sem hafa bæjarrjettindi, en ekki til smærri kaupstaða úti um land.

Þegar verðlagsnefndin var upphaflega skipuð, var ætlast til, að valdsvið hennar næði yfir alt landið. Jeg vil á engan hátt draga það í efa, að starfi nefndarinnar hafi verið þann veg háttað, að hún hafi ætlað að gera sitt hið besta. En annaðhvort hefir verkið verið erfitt eða skortur á afskiftasemi hennar, því að mjer er ekki kunnugt um, að hún hafi neitt skift sjer af vöruverði úti um land, allra síst á þann hátt, að þau afskifti hennar hafi á nokkurn hátt verið til bóta. Hæstv. atvinnumálaráðh. benti á, að nefndin hefði haft áhrif á vöruverð kaupmanna. Verið getur, að hún hafi haft einhver slík áhrif hjer í Reykjavík, en mjer er ekki kunnugt, að hún hafi þokað niður vöruverði hjá kaupmönnum úti um land. Og svo hygg jeg, að einnig megi segja um verð hjer í Reykjavík. Þetta mun því vera tilgáta hæstv. atvinnumálaráðh.

Framsm. (S. St.) benti og á, að nefndin hefði kveðið upp 10 úrskurði og að eins 3 af þeim væru enn í gildi. Ef það er rjett, sem hv. þm. Borgf. (P. O.) sagði, að starf nefndarinnar hefði kostað 9000 kr., þá hefir hver núgildandi úrskurða kostað 3000 kr. Þeir verði því að vera mikils virði, ef þeir eiga ekki að vera of dýru verði keyptir.

Jeg verð að halda því fram, að verðlagsnefndir sjeu ekki að eins nauðsynlegar í bæjarfjelögum, heldur og í sveitarfjelögum og kauptúnum. En fram hjá þeim gengur frv. Framsm (S. St.) gat þess að vísu, að verksvið nefndarinnar ætti að vera að hafa eftirlit með smásöluverði kaupmanna, en mjer skilst, að eftir frv. nái valdsvið þeirra ekki út fyrir þá bæi, sem þær eru skipaðar í. Hann sagði og, að engin þörf væri að hafa slíkar nefndir í sveitum. En mjer virðist auðsætt, að ef þeirra er þörf þar sem verslun er rekin í stærri stíl, þá sje sú nauðsyn engu síður brýn á þeim stöðum, sem verslunin er minni.

Hæstv. atvinnumálaráðh. gat þess, að nefndin hefði haft áhrif á vöruverðið. Það getur verið rjett, þó að mjer sje ekki kunnugt um það, að hún hafi einhverju um þokað í svo smáum stíl, að þess hefir ekki gætt, og er því ekki teljandi. Ef reynsla undanfarinna ára sýnir, að áhrifa verðlagsnefndarinnar hafi eigi gætt og að vörubjóðendur hafi sett verðið á vörurnar eftir vild sinni, þá er ekki hægt að vænta þess, að þetta verði neitt öðruvísi í framtíðinni. Mjer virðist þetta gefa fremur góðar vonir en áreiðanlega vissu, sem hægt sje að treysta.

Samkvæmt þessum skoðunum mínum get jeg ekki verið með frv., nema því að eins, að 1. gr. verði víðtækari, nái út fyrir þá staði, sem þar er bent á.

Jeg óttast, að vöruverðið geti orðið of hátt víðar en hjer í Reykjavík. En mjer er kunnugt um, að hjer gengur það sumstaðar fram úr hófi, þrátt fyrir vald dýrtíðarnefndarinnar. En jeg get því miður eigi nefnt þess dæmi, vegna persónulegra ástæðna.

En ef valds verðlagsnefndar gætir ekki og hún hefir engin áhrif á vöruverðið, þá virðist, að verðlagsnefndin sje að eins nafnið eitt, og framkvæmdir hennar sjeu fáum sýnilegar.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi verið einn í tölu þeirra manna, sem ekki hafa haft trú á, að verðlagsnefndin gæti gert verulegt gagn í þessu landi, eins og ástatt er. Jeg hefi verið eitt misseri í verðlagsnefnd og er töluvert kunnur störfum hennar og þeim erfiðleikum, sem hún á í höggi við. Enn fremur er mjer ljósara en áður það gagn, sem nefndin hefir gert, en mjer er einnig ljóst, að ýmsar hömlur eru á því, að nefndin geti afrekað svo mikið sem skyldi.

Það er alkunnugt lögmál, að framboð og fölun ræður verðlagi á vörum alstaðar í heiminum, þar sem frjáls viðskifti eiga sjer stað. Nú hafa víða í löndum verið settar ýmsar reglur um verðlag, síðan ófriðurinn hófst, og gengur misjafnlega að framfylgja þeim. Hjer í landi verður mjög erfitt að fá menn til þess að hlýðnast hámarksverði þeirrar vöru, sem lítið er framleitt af, en eftirspurn mikil. Menn fara þá sínu fram, og eftirliti verður oft ekki komið við. Verðið hefir verið mjög breytilegt, og farið síhækkandi, og þess vegna hefir verið oft erfitt að ákveða verð á t. d. erlendri vöru, sem seld er í stórsölu. Á hinn bóginn hefir ástandið verið svo, að þó að verðlagsnefndin hafi viljað hafa hönd í bagga með stórsölu, þá hafa stórsalarnir verið búnir að selja vöruna þegar á skipsfjöl, áður en nefndin gat tekið í taumana, og þess vegna hefir orðið erfitt að leggja hömlur á verðhækkun.

Hins vegar hefir verið auðveldara að sjá um verð hjá smásölum, einkum þegar langur tími hefir liðið milli skipaferða. Og það hefir verðlagsnefndin gert; hún hefir haft stöðugt eftirlit með verðlagi smásalanna og komist að þeirri niðurstöðu, að þeir hafi farið heldur hóflega í sakirnar. Þeir hafa oftast hækkað vöruna um nærfelt 10%, og má sú hækkun naumast minni vera, til þess að standast kostnaðinn og hafa eitthvað upp úr þessum atvinnurekstri. Ef sumir kaupmenn hafa selt vöruna hærra verði, hefir verðlagsnefndin talað við þá og fengið þá til þess að setja niður verðið.

Það er líka miklum erfiðleikum bundið að ákveða verðlag á innlendri vöru. Þegar framboðið er lítið, svo sem á feitmeti, svo að varan fæst naumast, þó að neytendur sækist eftir henni, þá er ekki hægt við að gera, þó að framleiðendur selji dýrara en verðlagsnefnd ákveður.

Ef nefndin ætti að geta beitt sjer til fulls um verðlag á erlendri vöru, þyrfti að banna sölu á vörunni þangað til nefndin hefði ákveðið verðið.

Um frv. það, sem hjer liggur fyrir, er það að segja, að jeg hefi litla trú á, að það verði að nokkurum notum. Þó að það sje satt, að verðlag á innlendri vöru sje mismunandi á ýmsum stöðum, þá hygg jeg erfitt að framfylgja heimildum þeim um verðlag, sem frv. gerir ráð fyrir, svo að nokkru gagni komi. Það væri alveg þýðingarlaust að setja verð á vöru, nema sama verðið gildi yfir stórt svæði. Til hvers væri að leggja

verð á t. d. kjöt í Reykjavík, ef hámarksverðið yrði hærra í Hafnarfirði og fram á Seltjarnarnesi, og ef til vill ekkert hámarksverð suður með sjó? Þar, sem minna er aflað af vöru en neytendur þurfa á að halda, gæti verðlag nefndarinnar ekki komið að nokkurum notum. Varan mundi óðara hverfa þangað, sem hámarkið væri hærra, eða ekkert hámark væri á henni. Menn mættu þá að ósekju kaupa vöruna og selja utan kaupstaðanna svo háu verði sem vildi, og sjá allir, hversu algagnslaust hámarksverðið hlyti þá að verða.

Jeg hygg þess vegna, að svo þýðingarlítil sem verðlagsnefndin er nú, þá muni hún þó verða enn þá þýðingarminni, ef þetta frv. verður samþykt. (B. K.: Þetta er að eins heimild). Til hvers er að samþykkja heimild fyrir 4—5 bæjarfjelög til þess að gera það, sem er helber hjegómi? Slíkt er að eins sjálfsblekking.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) benti á það, að þar sem nú væri gerður viðskiftasamningur við Breta, og landsstjórnin tæki vöruskiftin í sínar hendur, þá gæti hún ráðið verðlagi á þeirri vöru. Þetta er rjett. En þess ber jafnframt að gæta, að margar vörutegundir ganga ekki í gegnum hendur landsstjórnarinnar. En í gær var samþykt frv. þess efnis, að stjórninni skuli heimilt að hafa eftirlit með öllum vörum, sem flyttust til landsins. Það er ætlast til, að stjórnin láti innflutningsnefnd annast um þetta eftirlit, og þar á meðal með vöruverðinu. Sýnist það ekki ófyndið, þar sem meiri hluta nefndarinnar skipa stórkaupmenn, og þá vonandi, að það sje sæmilega trygt, að hagur þeirrar stjettar sje ekki fyrir borð borinn.

Mjer dettur samt í hug, hvort það mundi vera úr vegi, að stjórnin hefði óháða verðlagsnefnd sjer til aðstoðar til þess að ákveða vöruverðið. Nú væri betur búið í hendur nefndarinnar en áður var, þar sem stjórnin hefir tögl og hagldir á allri innfluttri vöru. Hygg jeg, að alþýðu manna mundi þykja tryggara, að óháð verðlagsnefnd hefði hönd í bagga um verðið, heldur en að eiga það undir nefnd, þar sem stórkaupmennirnir ráða mestu.

Mjer hefir skilist, að meginmótspyrnan gegn verðlagsnefndinni hafi verið sú, að hún hefði kostað landið 9000 kr. Og á hinn bóginn heyrðist það altaf kveða við, að nefndin geri ekki annað en að hirða kaup sitt. Þetta er þó rangt, því að nefndin tekur ekki kaup fyrir annað en það, sem hún hefir unnið. Síðustu 5 mánuðina hefir þessi kostnaður ekki farið fram úr 500 kr. samtals. Þessi nefnd tekur ekki kaup fyrir það eitt „að vera til," eins og sumar milliþinganefndir hafa gert, t. d. fánanefndin. Hygg jeg vafasamt, að stjórnin fái ódýrari aðstoð í þessu efni annarsstaðar. Þá gæti og komið til mála að afnema kaup nefndarinnar, því að starf hennar mun ekki verða svo umsvifamikið, að hún þurfi að vinna nema endrum og sinnum.

Hitt virðist mjer varhugavert, að afnema nefndina með öllu, og væri ekki ólíklegt, að blöðin kynnu að fjargviðrast út af því við stjórnina á eftir, því að „góður er hver genginn." Hún hefir einatt verið skömmuð fyrir ýmislegt, sem hún hefir gert eða ógert látið. Dettur mjer í hug, að svo gæti farið, að bráðlega yrði þá skorað á stjórnina að skipa nýja verðlagsnefnd með bráðabirgðalögum. Annars læt jeg mjer þetta í ljettu rúmi liggja. En jeg býst við, að eigi mælist það vel fyrir, að stjórnin og almenningur eigi alt verðlag undir stórsalanefnd.

Pjetur Ottesen: Jeg sje á nefndarálíti bjargráðanefndar, að hún hefir komist að sömu niðurstöðu og jeg komst að í framsöguræðu minni á dögunum, um að störf verðlagsnefndar hafi borið lítinn sem engan árangur. En hún hefir fært þessa niðurstöðu sína í svo mildilegan og áferðarfallegan búning; en það skín þó út úr öllu, að ekkert hefir upp úr starfi nefndarinnar hafst.

Nefndarálitið byrjar á því að segja frá, að nefndin hafi felt 10 úrskurði á árinu 1917, til 19. júní þ. á., og eru að eins tveir þeirra nú í gildi. Mjer er ekki kunnugt um, hvaða úrskurðir það eru; sennilega eru það úrskurðir um hangikjöt og kæfu og beitutöku á Breiðafirði. Jeg spurði hv. þm. Snæf. (H. St.) að því, hvort nokkurt gagn hefði orðið að úrskurðinum um beitutökuna, og kvað hann nei við því. Við sama tón kveður hvaðanæfa þar, sem verðlagsnefnd hefir eitthvað slett sjer fram í. En þó að þetta sje þann veg vaxið, þá dettur mjer ekki í hug að efa, að nefndin hafi ef til vill töluvert aðhafst. En jeg staðhæfi, að öll hennar störf hafi að mestu verið unnin fyrir gýg. Jeg veit að vísu, að hægt er að þylja hjer upp langar romsur af tölum og benda á stóra skjalabunka um rannsókn á vöruverði, en árangurinn af öllu því braski hefir orðið einn og sami, bara fálm út í loftið.

Þetta er skriffinskunnar öld, sem vjer lifum á, enda mun verðlagsnefndin vera í þessu efni skilgetið barn sinnar aldar. Þá skal jeg snúa mjer að því, sem hv. frsm. (S. St.) sagði viðvíkjandi þessu frv., sem hjer liggur fyrir. Jeg skil nú ekki hvernig á því stendur, eftir þessa niðurstöðu, sem hv. bjargráðanefnd hefir komist að um árangurinn af starfi verðlagsnefndarinnar, að hún skuli vera að burðast með þetta frv. Og síst skil jeg í því, að hv. frsm. (S. St.), sem er meðflutningsmaður minn að frv. um afnám verðlagsnefndar, skuli hafa gengið inn á þetta.

Hv. bjargráðanefnd viðurkennir, að verð á aðfluttum vörum sje alt komið í hendur stjórnarinnar, fyrst og fremst af því, að landsverslunin kaupir upp á eigin spýtur meginið af öllum nauðsynjavörum, er til landsins flytjast, og auk þess ganga reikningar yfir allar aðrar vörur, sem fluttar eru til landsins, gegnum hendur innflutningsnefndar.

Það er því hægt um vik fyrir stjórnina að fá nákvæmar upplýsingar um innkaupsverðið, og getur hún því, að fengnum þeim upplýsingum, ákveðið hæfilega álagningu. Eins get jeg ekki skilið það, að stjórnin geti ekki með aðstoð þeirra nefnda, sem hún hefir í kring um sig, haft eins gott eftirlit með útsöluverði smákaupmanna og verðlagsnefnd hafði, og gripið í taumana, ef henni þykir þörf. Jeg skil ekki annað en að það sje ósköp hægt við að jafnast. En nú eru tómir stórsalar í innflutningsnefndinni, segir hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), en það er ekki rjett, því þar á sæti formaður Búnaðarfjelags Íslands. Auk þess geri jeg ráð fyrir, að stjórnarráðið hafi valið þá menn eina í þessa nefnd, sem treysta megi til þess að gera skyldu sína, og þá eins í þessu efni sem öðru. Það hlyti líka að koma bráðlega í ljós, ef þessir menn gerðu sig bera í rangindum, og væri það, frá þeirra sjónarmiði sjeð, hið mesta glapræði að reyna til að beita hlutdrægni, því ef það kæmist upp, mundi það leiða til þess, að þeir krossfestu bæði sig og sína stjettarbræður. Jeg held því, að það sje óhætt að segja það, að

alt verksvið verðlagsnefndar sje horfið, hvað aðfluttar vörur snertir, enda tók hv. framsm. (S. St.) það fram, að það væri ekki af því, að hann áliti verulegt gagn að þeim verðlagsnefndum, sem í þessu frv. er gefin heimild til að stofna. En hvað er það þá, mjer er spurn, sem hefir komið honum til þess að gerast meðflutningsm. þessa frv.? Það er svo sem sýnt, hvað á að verða starfssvið þessa verðlagsnefndarbróður, eða hvað maður á að kalla það. Útlenda varan heyrir ekki lengur undir verksvið verðlagsnefndarinnar, og þó þessi verðlagsnefndarbróðir verði fullburða hjer, sem jeg tel nú ólíklegt að verði, þá á hann ekkert erindi á þau mið. Það er þá innlenda varan, sem á að beina þessu skeyti að. Jeg tók greinilega fram, við framsögu mína í þessu máli, að afskifti þau, sem verðlagsnefndin hefir haft af innlendum afurðum, bentu alls ekki til þess, að halda ætti þeirri nefnd eða neinni slíkri við lýði, til þess að þræða þær brautir, sem hún fór. Og jeg verð að telja það mjög óráðlegt, og það styður þegar fengin reynsla í því efni, að setja verðlagsnefndir til höfuðs innlendri framleiðslu. Það þarf þá að vera góð trygging fyrir því, og það mikið betri trygging en sett er í þessu frv., — að því sje ekki beitt þannig, að tjón geti af hlotist, og það einmitt fyrir þá kaupstaðina, sem þetta á að koma að haldi. Aukning og efling innlendrar framleiðslu er, eins og nú er komið með aðföng öll til landsins, lífsskilyrði þessarar þjóðar. En ef framleiðendur eiga verðlagsnefndarbrandinn reiddan yfir höfði sjer, þann, sem brugðið var að smjörversluninni 1917, já, þá getur farið svo, að ekki sje við góðu að búast. Þó að mjer blandist svo sem ekki hugur um það, að forlög hámarksverðs á innlendum framleiðsluvörum, verði þau sömu hjer eftir sem hingað til, að hámarksverðið verði að litlu eða engu haft, þá getur hver heilvita maður sjeð, að það er ekki hvöt fyrir framleiðendur til að leggja sig í líma með framleiðsluna, þegar þeir mega ekki um frjálst höfuð strjúka með afurðirnar og verða að versla í pukri, ef framleiðslan á að borga sig. Það eru ekki allir, sem mundu sætta sig við það, að verða að versla þannig huldu höfði með það, sem þeir með erfiðismunum og áhættu hafa framleitt í sveita síns andlitis. Afleiðingin mundi verða sú, að margir þeirra mundu draga sig í hlje með framleiðsluna og alls ekki kæra sig um það, að verða settir í neitt verðlagsnefndarskrúfstykki. Afleiðingin af því er öllum auðsæ. Og mjer þykir það satt að segja skjóta nokkuð skökku við, ef þingið getur ekki fallist á það nú að þoka úr veginum þeim lagaákvæðum, sem hætta getur stafað af í þessa átt. Og mjer finst það brjóta í bág við þá hugsun og þann anda, sem undantekningarlaust hefir komið fram hjá þingmönnum, nauðsynina á því, að framleiða sem allra mest í landinu sjálfu, þó að hins vegar hafi verið nokkuð skiftar skoðanir um aðferðina til þess. Það getur því blátt áfram stafað hætta af því fyrir þjóðarbúskapinn í heild sinni, að fá slíka heimild sem þessa í hendur einstökum bæjarfjelögum, sem fá þetta verðlagsnefndarstarf aftur í hendur mönnum, sem ef til vill hlaupa eftir órökstuddum sleggjudómum óhlutvandra og gerræðisfullra manna, sem blöðin kunna að leyfa rúm í dálkum sínum. Greinum, sem með fullum sanni má slíkt um segja, hefir

öðru hvoru skotið upp í blöðunum, og er það ilt að leggja fjöregg landsins, framleiðsluna, á slíkar metaskálar.

Framleiðendur þessa lands, bæði til sjávar og sveita, hafa heldur ekki gefið neitt tilefni til þess að vera með þetta verðlagsnefndarfargan. Þeir hafa alls ekki gert neina tilraun til þess að selja vörur sínar fram yfir það, sem nauðsynlegt var. En eðlilega hefir innlenda varan hækkað mjög í verði, sökum þess hve framleiðslukostnaðurinn hefir aukist gífurlega.

Háttv. framsm. (S. St.) mintist á brauðgerðarhúsin, að gott væri, og má ske nauðsynlegt, að geta haft hönd í bagga með þeim. Jú, það getur nú verið svo. En hvað sýnir undangengin reynsla á því sviði? Verðlagsnefndin hásæla hefir engan úrskurð felt yfir brauðsölunum. Nei, alls engan; en að vera að halda því fram, að verðlagsnefnd hafi unnið svo og svo mikið gagn með því, að fara bónarveg að mönnum, bæði brauðsölum og kaupmönnum, er blátt áfram broslegt. Það er bara til að segja eitthvað. Enda er nætt við, að það hefði ekki hrifið mikið, þar sem mönnum var kunnugt um, að verðlagsnefndin stóð magnlaus að baki þeim.

Jeg mintist á það í framsöguræðu minni um þetta mál, að hámarksverð verðlagsnefndar hefði orðið til þess að hækka vöruverð á ýmsum öðrum stöðum á landinu. Smjörverð hækkaði að mun á Vestur- og Norðurlandi og blautfisksverð á Ísafirði og Vestmannaeyjum og víðar. Svona er það, það er alt á sömu bókina lært.

Hæstv. atvinnumálaráðherra er nú farinn af fundi, og skal jeg því ekki fara inn á ræðu hans. Hann var eitthvað að tala um góð áhrif af starfi verðlagsnefndar, en jeg verð að segja það, að jeg get ekki almennilega gert mjer grein fyrir því, af hvaða sjónarhæð hann getur komist að þeirri niðurstöðu.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) þarf jeg ekki að svara; ræða hans gaf ekki tilefni til þess.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) talaði sanngjarnlega um þetta mál. Hann sagði, að verðlagsnefndina hefði brostið heimild til þess að geta orðið að verulegu liði. Jeg man eftir því, er hann talaði um verðlagsnefndina á síðasta þingi, að þá tók hann dýpra í árinni og sagði, að verðlagsnefndin hefði verið til ills eins, en engu góðu til leiðar komið. Vil jeg leyfa mjer, að fengnu leyfi hæstv. forseta, að lesa upp nokkur orð, er hann viðhafði um verðlagsnefndina í fyrra. Þar kemur fram svo góð og hárrjett lýsing á starfsemi verðlagsnefndar, og góð vísa er aldrei of oft kveðin. Þar segir hann: „Afskifti verðlagsnefndar af smjörverðinu hafa ekki orðið að neinum notum. Smjörverðð hefir þvert á móti hækkað fyrir bragðið. Enda er það eðlilegt, þar sem hámarksverðið hefir haft þau áhrif, að smjörframleiðsla hefir stórum minkað. Afskifti hennar af smjörverðinu mega því teljast verri en gagnslaus. Jeg vil því styðja tillögu þá, sem fram er komin. Heppilegra hefði kann ske verið, að hún hefði komið fram í öðru formi, og jafnvel mælt svo fyrir, að verðlagsnefndin skyldi afnumin með öllu. Enginn efi er á, að hámarksverðið hefði sömu afleiðingar að sumri og það hefir nú, og því þarf að afnema það. Satt að segja virðist mjer verðlagsnefndin ekki hafa orðið til neins gagns. Hún hefir ekkert skift sjer af verði á útlendri vöru.“ Þannig mæltist hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) í fyrra, og þá skaut hann því líka fram, til bjargráðanefndar,

hvort ekki væri hægt að losna við eitthvað af hinum mörgu nefndum, og segir: „Rjettast væri að hverfa frá öllu þessu nefndabraski, sem átt hefir að bæta úr styrjaldarvandræðunum. Þær hafa drjúgum aukið óáran í landinu, valdið óþarfa útgjöldum úr landssjóði og auknum álögum á landsmenn. Það er því eitt, sem bjargráðanefndin ætti að athuga, hvort ekki væri hægt að losna við eitthvað af óþörfum nefndum.“ Þetta er vel og skörulega sagt, eins og vænta mátti af þessum hv. þm.

Nú virðist hann vera dálítið linari í þessu máli, þó hann reyndar, bæði beinlínis og óbeinlínis, viðurkenni enn gagnsleysi og skaðlegar afleiðingar þessarar vandræðanefndar. Hann er nú sem sje einn af nefndarmönnum, en það var hann ekki á síðasta þingi.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en jeg lít svo á, að það eigi alls ekki að samþykkja þetta frv., heldur stíga sporið til fulls og afnema verðlagsnefndina með öllu. Það eru nóg skakkaföllin á hærri og lægri stöðum, þó ekki sje verið að halda í verðlagsnefndina, til þess að bæta við syndaregistrið.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. þm. fer að verða vorkunn að hlýða svona lengi á þessar umræður, en hv. þm. Borgf. (P. O.) hefir endurtekið svo mikið af fullyrðingum sínum, er hann hafði við í framsöguræðu sinni, að mjer finst jeg ekki geta látið hjá líða að veita þær upplýsingar, sem skýra málið frekar. Það er hægt að gera athugasemdir við sitthvað í ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.), sem sýna honum, að hann stendur ekki á eins föstum fótum og hann hyggur. Jeg mun leitast við að sýna það með tölum, þó honum sje illa við þær, við hversu mikil rök staðhæfingar hans hafa að styðjast, um að enginn árangur hafi orðið af starfi nefndarinnar, hvað verðlag snertir. Hitt get jeg tekið undir, að starf þessarar nefndar hefði mátt vera betra og fullkomnara. Það hefði verið æskilegt. En þá ber og þess að gæta, að verðlagsnefndina hefir skort lagaákvæði, til þess að geta beitt sjer, og úr því hefir ekki verið bætt, en það er ekki sök nefndarinnar. Bæði er stjórninni kunnugt um það, sem áfátt er í þeim efnum, og svo skýrði jeg bjargráðanefnd frá því í þingbyrjun, hversu það væri ókleift, með þeim lagaákvæðum, sem til eru um þetta atriði, að hafa hemil á útsöluverði stórkaupmanna. Hv. þm. Borgf. (P. O.) sagði um daginn, að sjer vitanlega hefði verðlagsnefndin ekki gert neitt að gagni. Jeg hefi aldrei hugsað mjer, og veit ekki til þess, að hann sje það vitrari öðrum mönnum, að hann þekki alt til hlítar án þess að þurfa að afla sjer fróðleiks um málin. Honum hafa staðið til boða skjöl og skilríki verðlagsnefndar, og hefði honum verið innan handar að kynna sjer þau. Annars verð jeg einnig að upplýsa það, að mjer til leiðinda hafa meðnefndarmenn mínir ekki kynt sjer skjölin um starfsemi nefndarinnar eins ítarlega og þurfti, enda þótt jeg ámálgaði það iðulega við þá, en það leiðir af sjálfu sjer, að ekki er unt að kveða upp rjettlátan dóm um þetta atriði, nema því að eins að hafa kynt sjer þau skjöl og skilríki, sem fyrir liggja. Hv. framsm. (S. St.) drap á, að afskifti verðlagsnefndar af útlendri vöru hefðu ekki gert allra minsta gagn. Því mótmæli jeg, því að jeg get sannað það með rökum, að kaupmenn lögðu misjafnt á vörur landssjóðs fram að árinu 1917, en fyrir milligöngu og tillögur verðlagsnefndar

var ákveðin viss % (10%), sem þeim skyldi heimilt að leggja á vöruna, sem þeir fengju frá landssjóði. Það kom þá líka í ljós, að kaupmenn úti um land hefðu gert meira en góðu hófi gegndi að því að leggja á ýmsar vörur, og má nefna, að í Ólafsvík var sykur t. d. seldur hærra verði en annarsstaðar, og sömuleiðis var smjörlíki í Hafnarfirði selt þar nokkru hærra verði en á öðrum stöðum. Verðlagsnefnd greip þar í taumana og færði verðið niður að miklum mun, 15—20 au. hvert kg.

Hv. þm. Borgf. (P. O.) gat um, að ákvæðið um beitutekju á Breiðafirði hefði engan árangur borið, og bar fyrir þessu hv. þm. Snæf. (H. St.). Mjer er kunnugt, að það átti að fimmfalda þá upphæð, sem áður hafði verið tekin fyrir beitu, en eftir að verðlagsnefndin skarst í leikinn kom engin kvörtun, svo að jeg verð að álíta, að verk hennar hafi komið að tilætluðum notum. Eftir því, sem kom fram hjá hv. framsm. (S. St.), þá hafði þetta tvent vakað fyrir honum, fyrst, að verðlagsnefndin, sem ekki er rjett, hafi engin áhrif haft á útlendu vöruna, í öðru lagi, að ekki ætti við, að hún beitti áhrifum sínum gegn innlendri framleiðslu, og svo loks, að verðlagsnefndin hefði kostað landið um 10 þús. kr. frá byrjun. Nú skal jeg lítillega minnast á, hvort verðlagsnefnd hafi ekki haft áhrif á verð á innlendum vörum; hitt er annað mál, hvort rjett sje að takmarka verð á innlendum vörum. Jeg skal þá geta þess fyrst, að hjer í Reykjavík 1917 ætluðu brauðgerðarmenn að færa brauðverðið fram. Verðlagsnefnd hefir aldrei sett hámarksverð á brauð, en hins vegar hefir hún haft áhrif á það og gætt þess, að það yrði ekki alt of hátt. Á síðasta hausti ætluðu mjólkurframleiðendur að setja mjólkurverðið upp í 50 aura, en verðlagsnefndin kom því þá til leiðar, að hún hækkaði ekki nema í 48 aura. Á þessu hefir almenningur í Rvík grætt um 16 þús kr. yfir veturinn.

Nú á síðastliðnu vori ætlaði mjólkurfjelagið að hækka mjólkina upp í 56 aura lítrann, en verðlagsnefndin fjekk því áorkað, að ekki var farið hærra en í 52 aura. Sje nú gert ráð fyrir, að hjer í bænum sjeu seldir 3750 lítrar á dag, þá nemur mismunurinn 150 kr. á dag, eða 1500 kr. á mánuði. Það, sem almenningur í Reykjavík greiðir nú minna fyrir mjólk, beint fyrir afskifti verðlagsnefndar, á 6 dögum (um 900 kr.), er hjer um bil sama upphæðin og nefndin hefir kostað frá nýári til þessa dags.

Þess skal getið, viðvíkjandi fiskverðinu, að verðlagsnefndin skarst þar í leikinn. Fisksalar seldu fiskinn á 16—20 aura pundið, en selja hann nú á um 12—16 aura. Þetta er nú að vísu ekki mikill árangur, en samt nemur það 6000 kr. á mánuði, ef nægilega mikill fiskur berst að, til að fullnægja þörfum bæjarmanna. Gerum nú ráð fyrir, að fiskþörf bæjarins sje að meðaltali fullnægt að hálfu; þá nemur verðmunurinn 30—40,000 kr. á ári. Svona mætti halda áfram lengur. (**P. O.**: Það er best að gera það). — Háttv. þm. Borgf. (P. O.) baðst undan miklu af tölum, og skal jeg því hlífa honum við þeim. En í þessu sambandi eru tölurnar sjálfsagðar, því þær eru það eina, sem ekki er hægt að hrekja.

Hitt er alt annað mál, sem virðist vera skoðun hv. þm. Borgf. (P. O.), að innlendum mönnum eigi að vera heimilt að setja það verð, sem þeim sýnist, á þá vöru, sem þeir hafa til sölu, hvort sem

þeir eru framleiðendur eða milliliðir. Það þykir nú heppilegast að hafa tvo stórsala, til að ákveða, hve mikið þeir megi leggja á þá vöru, sem þeir flytja inn í landið. Jeg hjelt nú satt að segja, að stórsalarnir hefðu ekki unnið sjer það traust á þessum síðustu tímum, að þeir fengju sjálfir að skamta sjer verðið á þeirri vöru, sem fer í gegnum hendur þeirra.

En viðvíkjandi því, að ekki eigi að hafa nein afskifti af verðlagi á innlendri vöru, þá er jeg þar á annari skoðun. Jeg skal viðurkenna, að það getur verið skoðunarmál, og mönnum er auðvitað heimilt að hafa hverja rjettmæta skoðun sem er. En skoðunin verður því að eins rjettmæt, að hún sje bygð á þekkingu og reynslu. Mjer þótti leitt, hve háttv. þm. Borgf. (P. O.) staðhæfði mikið við framsögu frv. síns hjer á dögunum, og því leiðara þótti mjer, að hann skyldi endurtaka mikið af þessum staðhæfingum aftur nú. Jeg kann því ávalt illa, er menn fara með staðlausa stafi. Þó háttv. þm. (P. O.) segði, að hann vissi ekki betur, þá er það engin afsökun, því að hann átti kost á að vita alt betur, ef hann hefði viljað bera sig eftir þeirri vitneskju. Og hann hefði meira að segja ekki þurft að bera sig eftir neinni fræðslu, til að komast hjá sumum rangfærslunum, ef hann hefði að eins fylgst með því, sem birt hefir verið í blöðunum. Hv. þm. (P. O.) talaði um það, að hámarksverð á eggjum og kartöflum væri brotið. En veit hann þá ekki, að ekkert hámarksverð er til á þessum vörutegundum. Þegar háttv. þm. (P. O.) veit ekki um það af gerðum nefndarinnar, sem birt er opinberlega í Lögbirtingablaðinu, þá er ekki von, að hann viti mikið um innri starfsemi nefndarinnar, sem hvergi er birt. Svo hvað það snertir gæti jeg látið ummæli hans um nefndina í ljettu rúmi liggja.

Háttv. þm. (P. O.) mintist á afskifti nefndarinnar af mjólkurverðinu. Haustið 1916 ákvað nefndin hámarksverð á mjólk, en framleiðendur voru ekki ánægðir með það. Án þess að hafa nokkrar vífilengjur fluttu þeir enga mjólk til bæjarins. Jeg skal nú engum getum að því leiða, hvað jeg hefði gert þá, ef jeg hefði verið í sporum framleiðenda. En jeg held, að jeg hefði ekki sett bæinn í mjólkursvelti fyr en eitthvað hefði verið reynt til samkomulags. En framleiðendur voru nú ekkert að skirrast við það að grípa til þessa úrræðis, og ljetu sig litlu skifta, hvað af því gæti leitt, að öll börn og sjúklingar væru alt í einu svift þeirri fæðunni, sem þau máttu síst án vera. Þetta eitt sýnir, hvort óþarft er að hafa afskifti af sölu á innlendri vöru. Það sýnir, að þeir menn eru til meðal framleiðenda þessa lands, sem geta, og hika ekki við, ef því er að skifta, að nota neyð annara til að knýja fram sínar eigin hagsmunakröfur. Stjórnarráðið kipti þessu í lag. Framleiðendur fengu ekki kröfum sínum fullnægt til fulls. Þeir hefðu sett verðið enn þá hærra, ef stjórnin og verðlagsnefndin hefði ekki haldið því í skefjum; reynslan er fyllilega búin að sýna það, að framleiðendur gera margir hverjir meiri kröfur en nauðsynlegt er.

Þá mintist hv. þm. (P. O.) á, að afskifti verðlagsnefndar af smjörverðinu hefðu verið óheppileg. En þar til er því að svara, að í fyrrasumar var verð á smjöri hærra hjer en í nokkru nálægu landi. Ef bændur hefðu því flutt smjör sitt út, þá hefðu þeir fengið minna fyrir það en þeir fengu eftir hámarksverðinu hjer. Að vísu hefir eitthvað verið farið í kringum hámarksverðið, meðan

það stóð, en verðið varð þó aldrei eins hátt eins og síðar. Strax og hámarksverðið var afnumið, var smjörverðið fært upp um 30 aura pundið. Áður en mánuður var liðinn, var það orðið 50 aurum hærra, og nú er smjörverðið komið í kr. 3,50 pundið.

Þegar nefndin setti hámarksverð á smjörið, fór hún eftir tillögum einhvers mesta smjörframleiðandans á Suðurlandsundirlendinu. Hún studdist því við reynslu og ráðleggingar góðs manns, sem óhætt virtist að leggja mikið upp úr. (P. O.: Hver var hann?). Hann er búsettur hjerna fyrir austan fjallið. (P. O.: Jeg veit það, fyrst hann er smjörframleiðandi á Suðurlandsundirlendinu. En hver var hann?). Mjer er svo sem sama, þótt jeg nefni nafn hans, fyrst hv. þm. (P. O.) virðist bera brigður á orð mín. Hann heitir Eggert Benediktsson. Svo verður hv. þm. sjálfur að hafa fyrir að finna heimilið. Hann er sæmilega vel þektur maður, og verður varla gert lítið úr reynslu hans í þessum efnum.

Jeg held jeg sje nú búinn að sýna fram á, að ummæli hv. þm. Borgf. (P. O.) hafi ekki við mikið að styðjast. Að verðlagsnefndin hafi ekki haft mikil áhrif á verðlag í landinu þýðir ekki að halda fram, og að því fje, sem hefir verið til hennar kostað, hafi ekki verið vel varið, verð jeg að mótmæla. Það er hverfandi lítið í samanburði við þann árangur, sem orðið hefir af starfi hennar.

Hv. þm. Borgf. (P. O.) vill, að þetta land sé öðruvísi en öll önnur lönd í því, að leyfa einstökum mönnum að taka allan þann gróða, sem þeir geta náð í á þessum vandræðatímum, hvernig sem hann er fenginn. Það yrði ofan á, ef verðlagsnefndarlögin væru alveg numin úr gildi. Þess vegna vildi jeg helst, að eldri lögin væru látin gilda áfram óbreytt, eða að minsta kosti sje haldið fulltryggu eftirliti með verðlagi á vörum eftir sem áður. — Að framleiðslan geti orðið nokkru minni fyrir afskifti verðlagsnefndar nær ekki neinni átt. Að hún hafi engu góðu til leiðar komið fer auðvitað eftir því hvernig á það er litið. Hún hefir ef til vill ekki komið neinu góðu til leiðar fyrir þá menn, sem vilja taka sjer meiri gróða en góðu hófi gegnir, en hún hefir komið góðu til leiðar fyrir hina, sem fyrir hennar aðgerðir hafa fríast við að borga of mikið fyrir nauðsynjar sínar, og hún hefir líka komið góðu til leiðar fyrir hina, með því að leggja hemil á framferði þeirra og láta ekki koma í ljós, hve ágengir þeir eru.

Að hafa engin takmörk á verði á innlendum vörum nær ekki nokkurri átt. Hv. þm. Borgf. (P. O.) hefir ekki í huga þá menn, sem enga framleiðslu hafa og verða að kaupa alt af öðrum. (P. O.: Þeir kunna að setja upp fyrir verk sín). — Vinnulýðurinn hefir ekki verið einráður um sín laun, hvorki hásetinn á fiskiskipinu nje daglaunamaðurinn á eyrinni. Og ef lítið er á kaupgjaldið, þá er það ekki í neinu hlutfalli við það verð, sem orðið er á vörunum. Það væri þá mest gustukin að láta þetta hlutfall verða enn argara en það er, með því að láta framleiðendur og kaupmenn leika lausum hala með verðlag á öllum vörum.

Jeg get varla ímyndað mjer, að þingið geri bændum neinn greiða með því að afnema nú verðlagsnefndina, og jeg er þess fullviss, að það mundi gert í óþökk margra, — allra þeirra, sem sjá út fyrir túnfótinn sinn.

Það var margt fleira í ræðu þessa hv.

þm. (P. O.), sem hefði mátt gera athugasemdir við, en jeg get ekki farið út í það alt saman. Jeg get að lokum ekki alveg slept ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Hann sagði, að orð hv. þm. Borgf. (P. O.) væru töluð út úr hjörtum flestra deildarmanna. Jeg veit ekki hvort hann á þar við öll orð hv. þm. eða að eins nokkuð af þeim, hvort það er það, sem hann sagði um starfsemi verðlagsnefndarinnar, eða eitthvað annað. Ef hann hefir átt við það, sem hv. þm. (P. O.) sagði um nefndina, þá hefir hann verið nokkuð skjótur í ályktunum sínum, því hann hefir áreiðanlega ekki kynt sjer, á hverjum rökum þau voru bygð. En ef til vill voru það einhver önnur orð, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fundust töluð út úr hjörtum deildarmanna. Jeg þarf ekki að leggja mig niður við að svara þeirri skoðun hv. þm. Borgf. (P. O.) á okkur nefndarmönnunum, að fyrst við fengjum aura fyrir að vera í nefndinni, þá væri okkur sama um, hvort nokkur árangur sæist af starfi hennar eða ekki. (**P. O.**: Hve nær sagði jeg það?). Það kom fram óbeinlínis, þegar sagt var, að nefndin hefði ekki orðið að neinu liði, en samt vildu nefndarmennirnir fyrir hvern mun sitja í henni áfram. Slíkar aðdróttanir í okkar garð, frá hv þm. (P. O.), tel jeg ærið ómaklegar. Hann þekkir okkur alls ekki að neinu slíku.

Gísli Sveinsson: Það væri synd að tala lengi yfir svona fáum mönnum, liggur mjer við að segja, þar sem svo margir þingmenn eru bundnir á öðrum fundum og geta því ekki hlýtt á umræðurnar. En jeg get ekki annað en sagt nokkur orð, fyrst hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) gerði mjer þann heiður, að minnast á mig, út af ummælum, sem jeg hafði haft endur fyrir löngu hjer í deildinni. Enda var það auðheyrt, að hann var undir það búinn að tala núna, og hefir hann nú ljett á hjarta sinu.

Hv. þm. (B. J.) ljet svo um mælt, að hann vissi ekki, hvað það hefði verið í ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.), sem jeg hefði átt við, þegar jeg sagði, að orð hans væru vafalaust töluð fyrir munn allmargra manna hjer í deildinni. Með þessu átti jeg ekki við nein einstök atriði, heldur alt, sem hv. þm. Borgf. (P. O.) sagði að því sinni. Það kom til af því, að mjer er allvel kunnugt um, hvern hug þingmenn yfirleitt bera gagnvart þeim nefndum, sem settar hafa verið á laggirnar á síðustu tímum, en sjerstaklega þó gagnvart þessari nefnd, sem hjer um ræðir. Það sanna og ummæli hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) á þinginu í fyrra. Hann kvað þá mjög hart að orði um verðlagsnefndina. En nú getur hann að sjálfsögðu miklu frekar mælt henni bót, þar sem hann er sjálfur kominn í hana. Víst er um það, að ekki er líklegt, að menn geti verið sjerlega hrifnir af starfi verðlagsnefndarinnar, þegar litið er á það, sem hún hefir komið í framkvæmd, með hliðsjón af því, að hvaða haldi það hefir komið. Og manni hlýtur að verða það ósjálfrátt á að bera saman kostnaðinn og árangurinn, þegar meta á nauðsyn og gagn einhverrar starfsemi. Jeg dreg það ekki í efa, að verðlagsnefndin hafi haft ýmislegt fyrir stafni. En flestir af þeim athöfnum hafa ekki verið til mikilla nytja, því allflestar ákvarðanir, sem nefndin hefir tekið, hafa verið úr gildi numdar nærri jafnharðan, af henni sjálfri eða öðrum, ef þær hafa þá ekki verið svo bandvitlausar, að þær hafi þegar fallið um sjálfar sig í framkvæmdinni, eins og t. d. kæfu- og hangikjötsreglugerðin þjóðkunna.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) vildi reyna að sýna fram á, að verðlagsnefndin hefði komið að einhverjum notum víðs vegar um landið. Það er nú mjög vafasamt. En hjer í Reykjavík hefði mátt vænta, að áhrifa hennar gætti einna mest. En hjer jafnvel orkar tvímælis, hvort starf hennar hafi orðið til bóta eða skaðsemdar. Hún hefir einkum lagst á mjólkurverðið og fiskverðið, og það hefir orðið ofan á, að verðhækkun hefir á yfirborðinu orðið eitthvað minni en framleiðendur ljetu í veðri vaka, að þeir ætluðust til, í hvert sinn sem þeir þóttust þurfa að færa verðið upp. En ávalt hefir þó nefndin orðið að beygja frá kröfum sínum, sjerstaklega með mjólkurverðið, því að framleiðendur gátu hætt að framleiða mjólk eða flytja hana til bæjarins, ef þeir fengju ekki að setja yfirleitt það verð á hana, sem þeir þóttust þurfa.

Þá mintist háttv. þm. (J. B.) á afskifti nefndarinnar af smjörverðinu. Það er nú ábyggilega víst, að hámarksverðsákvörðun nefndarinnar varð ekki smjörneytendum hvarvetna til hagsmuna, því að hún varð blátt áfram til þess að hækka verð á smjöri víða á landinu. Smjörverðið var t. d. töluvert lægra á Norðurlandi, þegar nefndin setti hámarksverðið, en þegar frjettist um það norður, hækkað verðið þar brátt. Því fór þess vegna fjarri, að hámarksverðið yrði smjörneytendum að gagni á öllu landinu, heldur í hæsta lagi að eins á nokkrum hluta þess.

Þetta, sem jeg hefi nú látið uppi, bendir til þess, að full ástæða sje til að athuga, hvort ekki sje rjett að breyta fyrirkomulaginu í það horf, sem háttv. bjargráðanefnd leggur til, það er að segja, ef menn hugsa nokkuð um að endurbæta verðlagsnefndarfyrirkomulagið, í stað þess að leggja nefndina alveg niður. Jeg, fyrir mitt leyti, er ekkert á móti því, að heimild sje til að skipa nefnd eða nefndir, í einhverri mynd, til þess að ákveða verðlag á vörum á ýmsum stöðum, ef þörf gerist. Að vísu er nú á leiðinni frv., sem þegar hefir verið samþ. við 2. umr. hjer í deildinni, þar sem svo er ákveðið, að landsstjórninni skuli heimilt að ákveða, hve mikið skuli lagt á vöru, sem flutt er til landsins. Með þessu er það lagt í hendur landsstjórnarinnar að hafa eftirlit með útsöluverði á aðfluttum vörum. Ef sveitar- eða bæjarfjelög orka ekki þrátt fyrir þetta að halda verði úlendrar vöru hæfilegu, innan sinna takmarka, þá þurfa stjórnendur þeirra að geta snúið sjer til einhverra, sem hafa vald til að kveða á um hámarksverð. Og hvert ættu sveitar- og bæjarstjórnir að snúa sjer í þessu efni, ef ekki til stjórnarvaldanna, eða þeirra nefnda, sem þau setja, hvar sem þeirra væri óskað eða þörf er fyrir þær. Nú er það ætlun hv. bjargráðanefndar, að að eins megi skipa verðlagsnefnd eftir tillögum bæjarstjórna. En jeg vildi skjóta inn í greinina „og sveitarstjórna“, því að það getur hæglega komið fyrir, að slíkrar nefndar verði engu síður þörf í sveit eða kauptúni, sem ekki hefir kaupstaðarrjettindi.

Nú getur vel svo farið, að ein sveit vilji láta ákveða hámarksverð á vöru, sem önnur sveit er mótfallin hámarksverði á. Það mælir á móti því, að hafa eitt og sama hámarksverð fyrir landið alt, og þá um leið að ein og sama verðlagsnefnd sje fyrir alt landið. Það á ekki við að hafa sama verð á innlendri vöru, hvar sem er á landinu, og því síður á það við um verð á útlendri vöru. Það nær ekki nokkurri átt, að hún sje seld

sama verði austur í Hornafirði, eða norður á Langanesi, eins og þar sem hún er fyrst lögð á land úr millilandaskipunum, segjum hjer í Reykjavík. Það þýðir ekkert að tala um þá meginreglu, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hefir verið að tala um, að varan sje seld sama verði hvar sem er á landinu. Hitt, að verðið hljóti að vera misjafnt, hefir ávalt verið og mun ávalt verða meginreglan, enda er það ekki nema eðlileg afleiðing staðháttanna og í samræmi við allar heilbrigðar verslunarmeginreglur. — Þá er nær að fylgja tillögum háttv. bjargráðanefndar, og jeg get fallist á, að það sje betra en að nema verðlagsnefndarlögin algerlega úr gildi.

Jeg skal ekkert blanda mjer inn í orðræður háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og háttv. þm. Borgf. (P. O.). En jeg verð að segja, að mjer finst það nokkuð völt staðhæfing hjá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að hann mundi ekki hafa gert sig sekan í sama glapræði og t. d. aðrir mjólkurframleiðendur hafa gert, ef hann hefði verið í þeirra tölu. Jeg get viðurkent það, að mjer, sem ýmsum öðrum, þótti áminst aðferð mjólkurframleiðenda ekki sem best viðeigandi, en það er dálítið annað en að vera að hrósa sjer fyrir það, að maður hefði breytt öðruvísi, ef veri hefði í þeirra sporum. — Einnig gat háttv. þm. (J. B.) þess, að verðlagsnefndin hefði bygt hámarksverð sitt á smjöri á tillögum þekts manns úr bændastjett, sem hann nefndi. En jeg hefi heyrt, að sá hinn sami maður hafi borið af sjer, að hann ætti nokkurn þátt í því hámarksverði, sem ákveðið var, sínar tillögur hefðu verið á annan veg. Enda var hvergi eins mikil óánægja með smjörverðið eins og fyrir austan fjall, þar sem hv. þm. taldi þennan mann eiga heima.

Jeg skal nú ekki segja meira.

Jeg stóð í rauninni upp aðallega til þess, að skjóta því til nefndarinnar, sem jeg hefi tekið fram, hvort ekki mundi rjettast að heimila verðlagsnefndir víðar en í kaupstöðunum, ef heimild á að gefa.

Pjetur Ottesen: Það er nú ekki að ástæðulausu, að jeg kveð mjer hljóðs, eftir þennan reiðilestur háttv. verðlagsnefndarmanns (J. B.), því í þetta sinn var það verðlagsnefndarmaðurinn, sem talaði, en ekki þingmaðurinn. Jeg spurði mikinn viðbúnað í þeim herbúðum, þegar það heyrðist, að við ætluðum að flytja á þessu þingi frumv. til laga um afnám verðlagsnefndarinnar. Mjer kom því ekki á óvart að heyra þessa varnarræðu. En af því að jeg hafði haldið, að það lægi ekki alveg á lausu gullið og gæðin, sem þessi hv. nefnd, að dómi þessa skjaldsveins hennar hjer í deildinni, hefir ausið yfir innbyggjendur þessa lands, með sínu starfi, þá finst mjer ástæða til að athuga dálítið þessa varnarræðu. Jeg skal að mestu taka atriðin í þeirri röð, sem þau komu fram.

Jeg vil þá taka það fram fyrst, að það er einhver sá rjettasti mælikvarði á það, hve þessir úrskurðir verðlagsnefndarinnar hafi verið haldgóðir og bygðir á rjettlátum grundvelli, að þeir hafa oltið um sjálfa sig, hafi þeir ekki verið teknir strax aftur eða skornir niður. (J. B.: Það er ekki rjett). Tveir munu standa enn, þeir sem lúta að hangikjötinu og beitutekjunni á Breiðafirði!! Vitanlega sýnir þetta ljósast og best, hvað alt starf verðlagsnefndarinnar hefir alt verið frámunalega fljótfærnislegt og handvitlaust.

Jeg tók það fram, að verið gæti, að verðlagsnefnd hefði ekki haft það vald,

er hún þurfti til nauðsynlegra framkvæmda í þá átt, að ákveða álagningu á vörur hjá kaupmönnum, og hefði þá nefndin átt að bera sig upp undan því við þingið, ef hún þættist þurfa að fá aukið vald sitt. Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að hún hefði borið sig upp undan þessu við stjórnina og bjargráðanefndirnar. Þetta hefir þá verið á þessu þingi. Nú hafa þær ekki viljað sinna þessari málaleitun. Þekki jeg að vísu ekki ástæðurnar til þess, en vart mun það hafa verið að ástæðulausu.

En það leynir sjer ekki, að verðlagsnefndarmennirnir hafa verið nokkuð lengi að átta sig á þessu valdaleysi sínu, því að á síðasta þingi kom engin umkvörtun fram út af þessu. En satt að segja skal það vera óátalið af mjer, þó bjargráðanefnd og landsstjórn hafi ekki viljað stuðla neitt til þess, ag leggja meiri völd upp í hendur þessarar nefndar, eins og hún hefir farið að ráði sínu.

Þá tók háttv. þm. (J. B.) það fram, að kaupmenn hafi lagt misjafnt á vörur landsverslunarinnar og að verðlagsnefnd hefði bætt úr því. Mintist hann á sykurinn í Stykkishólmi og smjörlíkið í Hafnarfirði. Getur verið, að þeir úrskurðir verðlagsnefndar hafi haft þýðingu í svipinn, er þeir voru kveðnir upp, kanske dægur langt, en það eru þá víst þeir einu, því flest mun nú fram dregið, en sömu hafa verið forlög þessara úrskurða sem annara.

Að lögreglan hafi verið sett til höfuðs mönnum, af völdum verðlagsnefndar, hefi jeg ekki heyrt. Jeg hygg og, að það hafi ekki haft mikla þýðingu heldur, þó verðlagsnefnd hafi farið bónarveg að kaupmönnum. Það hefir auðvitað gefið nefndinni tilefni til að auka skriffinskuna og bæta við skjalabunkana, sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) er ekki lítið dríldinn yfir. En að nokkurt gagn hafi af slíku hlotist, geta verðlagsnefndarmennirnir náttúrlega talið sjer trú um, með útreikningi á óyggjandi tölum! En það er nú lítið gefandi fyrir slíkt.

Þá kvað hv. þm. (J. B.) störf nefndarinnar hafa borið mestan og bestan árangur á árinu 1917. Það er engin furða, því að á því ári var hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) einmitt skipaður í verðlagsnefnd. Hverjum þykir sinn fugl fagur, og er því skiljanlegt, að hv. þm. (J. B.) áliti nefnina hafa unnið mikið og þarft verk það ár. En ill var þín fyrsta ganga, má því með sanni segja um starf nefndarinnar á því herrans ári, því að fyrsta verkið var hið eftirminnilega hámarksverð á smjöri, sem enginn einasti maður mun nú mæla bót, nema verðlagsnefndarmennirnir, ef það er þá nokkur af þeim, sem dirfist að gera það, nema hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Hv. þm. (J. B.) bar einn sæmdarbónda austanfjalls fyrir þessari ráðstöfun, en nú hefir því verið lýst hjer í hv. deild í dag, að sá maður beri það af sjer, en það mun nú lítið þýða, því hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) mun vilja álíta sig hæstarjett í því, sem öðru, er verðlagsnefndinni við kemur. Starf verðlagsnefndar á árinu hefði þurft að vera gott, til þess að það hefði bætt fyrir þessa einu synd, en það er nú eitthvað annað en svo sje, því þar býður hver syndin annari heim.

Þá er að minnast á brauðgerðarhúsin. Verðlagsnefnd hefir ekki kveðið upp neinn úrskurð um verð á brauðum. Það hefir oft komið fram í blöðunum, að hitt eða þetta væri selt óhæfilega háu verði. En að verðlagsnefndin hlaupi eftir öllu blaðagaspri að óreyndu, er mjög óheppilegt og fjarstætt. Blaðadómar eru oft og tíðum hinir herfilegustu sleggjudómar. Nefndin hefir sem sagt ekki sett neitt hámarksverð á

brauð, en háttv. þm. (J. B.) segir, að nefndin hafi haldið verðinu í skefjum með því að ógna eigendum brauðgerðarhúsa með hámarksverði. Jeg legg nú lítið upp úr þessu. (J. B.: Hví kynnir hv. þm. (P.O.) sjer ekki plögg málsins?). Þó að hv. þm. (J. B.) sje að benda á plöggin, þá er harla lítið á þeim að græða; það er ekkert nema ímynduð áhrif, því nefndin getur enga samninga sýnt við bakarana; þeir eru engir til. Mjer er það mál fullkunnugt.

Þá gat hv. þm. (J. B.) um hámarksverðið á mjólk haustið 1916. Eins og jeg hefi áður tekið fram í framsöguræðu minni, er það stjórninni að þakka, að það mál komst í viðunanlegt horf. Verðlagsnefnd hafði ákveðið ósanngjarnlega lágt hámarksverð á mjólkinni og beitt framleiðendur ósanngirni, og þegar svo er af stað farið, þá er það mannlegur breyskleiki, þó að þeir, sem þannig eru leiknir, sýni stífni á móti. Stjórnin miðlaði málum, og er það ekki verðlagsnefnd að þakka, þó ekki hlytist stórtjón af þessum úrskurði hennar fyrir bæinn.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir á viðeigandi og hæfilegan hátt svarað því, þar sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) var að tala um það í þessu sambandi, hvað hann mundi hafa gert eða ógert látið. Jeg get því slept því. En það er náttúrlega altaf hægt að hrósa sjer af þeim mannkostum, sem ekki koma í ljós, af því það reynir ekki á það.

Þá vík jeg að fiskverðinu. Háttv. þm. (J. B.) kvað hámarksverðið á fiski hafa haft mjög mikla þýðingu fyrir Reyjavík. En þess ber að gæta, að mjög auðvelt var að ná sama árangri með því, að bæjarstjórn hefði haft hönd í bagga með fisksölunni. En þetta hámarksverð varð til þess að hækka verð á blautum fiski viðs vegar um land. Þessi hv. þm. (J. B.) lætur sig það litlu skifta, þó að þrengt sje kosti manna úti um land, er enga framleiðslu hafa, eða þeirrar stjettar, sem hann er talsmaður fyrir hjer í bæ. Sjóndeildarhringur hans er þá ekki víðari en það, að hann nær ekki út fyrir Reykjavík. Og þegar þessi hv. þm. (J. B.) er að brigsla mönnum um, að þeir hafi asklok fyrir himin og sjái ekki út fyrir túnfótinn, þá heggur hann þó sannarlega nokkuð nærri sjálfum sjer.

Hv. þm. (J. B.) hjelt því fram, að í innflutningsnefndinni væru eingöngu stórsalar, og væri hún því illa fallin til að hafa eftirlit með vöruverði. Jeg veit nú ekki betur en að formaður Búnaðarfjelagsins sje í nefndinni, og er hann ekki stórsali, svo sem kunnugt er. Sje hann stórsali, þá hefir hann orðið það í dag.

Jeg tek mjer það ekki nærri, þótt hv. þm. (J. B.) telji mig hafa farið með eintómar staðhæfingar og fullyrðingar í garð verðlagsnefndar. Það hefir verið margsýnt fram á það, að verðlagsnefnd hefir unnið minna gagn en ekki neitt. Þær tölur og tilfæringar, sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir hjer á lofti, eru ímyndanir einar, en styðjast ekki við neitt raunverulegt. Staðhæfingarnar eru því þeim megin.

Jeg álít, að óþarfi hafi verið að setja hámarksverð á kartöflur síðastl. haust. En það mun hafa verið sett af þeirri ástæðu, eða því mun nú haldið fram, að einstaka kaupmenn hjer í bæ höfðu keypt eitthvað af kartöflum, og hafa menn óttast, að þeir myndu ætla sjer óhæfilegan hagnað af þeim. En hvernig fór? Bæjarstjórnin ljet taka kartöflurnar eignarnámi, sennilega eftir tillögum verðlagsnefndar, eða sumra úr henni, sem eins og kunnugt er eru nokkuð

nákomnir bæjarstjórninni. Það fór fram mat á kartöflunum og aftur mat. Endirinn varð svo sá, að frostið tók helminginn af kartöflunum. Þetta hefir því ekki verið lítill búhnykkur fyrir bæjarfjelagið! Það er ekki svo að skilja, að jeg kenni verðlagsnefndinni um þetta beinlínis, en þetta á þó rót sína að rekja til þess, að farið var að setja hámarksverð á þessa vöru, og það sýnir áþreifanlega, að það er ekki ætið hagræði að slíkum ráðstöfunum. Jeg geri ráð fyrir, að hinn töluvísi hv. 1. þm. Reykv. (J.B.) gæti búið til nokkuð háar tölur úr þessu, ef það væri tekjumegin hjá verðlagsnefndinni.

Um eggin er það að segja, að hámarksverðið á þeim varð að eins til þess að hækka verðið; vitanlega valt það fljótt úr sögunni, eins og annað. Hv. þm. (J.B.) vildi gera sjer mat úr því, að jeg vissi ekki að þetta hámarksverð væri afnumið. Jú, jeg veit það vel, að það valt strax um sjálft sig, eins og fleira af því tægi, valt eins og taðköggull ofan snarbrekku; og sömu leið á verðlagsnefndin að fara.

Viðvíkjandi smjörinu mintist hv. þm. (J. B.) á það, að verð á því hafi verið hærra en annarsstaðar á þessum tímum. Jeg skal ekki um það segja. En hv. þm. (J. B.) getur hafa flaskað á því, hafi hann miðað við smjörverð í Danmörku, að þar var smjör selt undir verði, ríkið borgaði þriðjung eða fjórðung verðsins. Menn hafa oft getið þess, hve ódýrt smjör væri í Danmörku, og man jeg ,eftir, að þessu var slegið fram af hæstv. forsætisráðherra á síðasta þingi; kvað hann smjör kosta þar kr. 1,70 pundið. En þá var því slegið fram úr annari átt, hvers vegna landsverslunin væri að flytja inn hálfóætt smjörlíki frá Ameriku fyrir kr. 1,50 pundið. Getur verið, að þetta hafi orðið til þess, að eitthvað kom hingað af dönsku smjöri, en jeg hygg, að menn hafi orðið fyrir töluverðum vonbrigðum, og verðið hafi orðið allmikið hærra í reyndinni en sagt var.

Þá mintist hv. þm. (J. B.) á það, að bændur og aðrir framleiðendur vildu ganga of langt í því, að spenna upp verð á vörum sínum og beita menn ósanngirni í viðskiftum. Jeg verð að mótmæla þessu kröftulega, og tel þau ummæli öldungis ósæmileg, og það eins, þó til þeirra sje gripið til að bera blak af vitleysum verðlagsnefndar. Og hafi eitthvað bólað á því hjer í nágrenni við Reykjavík, þá mun það hafa verið af því, að þeim hafi verið sýnd ósanngirni að fyrra bragði, af völdum verðlagsnefndar.

Að bærinn hafi grætt 16000 kr. á afskiftum verðlagsnefndar af mjólkurverðinu á síðastl. hausti, finst mjer hæpið að þakka verðlagsnefnd. Hv. þm. (J. B.) tekur það traustataki, held jeg fyllilega. Jeg hefi átt tal við einn mjólkurframleiðanda um þetta atriði. Kvað hann smærri mjólkurframleiðendur hafa farið fram á það við stjórn mjólkurfjelagsins, að verðið yrði hækkað, þar sem þeir stæðu höllum fæti að framleiða mjólkina með öðru móti. En þetta hafi mætt mótspyrnu í fjelagsskap mjólkurframleiðenda, og niðurstaðan varð sú í fjelaginu, að verðið skyldi ekki hækkað. Það er því með hreinasta bessaleyfi gert að tileinka verðlagsnefnd þessa niðurstöðu, sem varð með mjólkurverðið. Svona er það með þessar tölur, þessar óyggjandi tölur, sem háttv. þm. (J. B.) er að flagga með. — Mjólkurframleiðendur áttu þó tal við verðlagsnefnd um þessar

mundir, og kvað sögumaður minn formann verðlagsnefndar hafa sagt, að þýðingarlaust væri að setja hámarksverð á mjólk, því það mundi alls ekki verða farið eftir því. (J. B.: Finst hv. þm. (P. O.) samkomulagsleiðin ekki rjett?). Hún er þýðingarlaus, þegar ekki þarf til samninga að koma; því hjer var um samkomulag milli mjólkurframleiðenda að ræða, en ekkert samkomulag milli mjólkurframleiðenda og verðlagsnefndar.

Jeg hefi þá tekið til athugunar ýms af þeim atriðum, er hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) mintist á og nokkru máli skifta í þessu sambandi. Að öðru leyti get jeg leitt hjá mjer að svara ræðu hans frekar; persónulegar slettur hans til mín virði jeg ekki svars.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg finn, fyrir hönd bjargráðanefndar, ekki ástæðu til að blanda mjer inn í þær miklu deilur, er risið hafa milli hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og hv. þm. Borgf. (P. O.). Hygg jeg, að málið hafi ekkert grætt á þeim. Jeg mun því að eins drepa á athugasemdir þær, sem gerðar hafa verið við frv.

Hv. þm. Barð. (H. K.) þótti vanta í frv. heimild til stjórnarinnar til þess að veita sveitarfjelögum sama rjett sem kaupstöðum til þess að skipa hjá sjer verðlagsnefndir. Nefndin hafði þetta atriði til athugunar, og voru sumir nefndarmenn þessu fylgjandi í fyrstu. En við nánari íhugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að þetta myndi ekki tiltækilegt. Ef þörf væri á því að skipa verðlagsnefndir víðar en í kaupstöðum, sem ekki er við að búast, yrði verðlagið ef til vill svo sundurlaust og margvíslegt, að komið gæti upp ágreiningur milli þessara nefnda, og yrði þá jafnvel nauðsynlegt að setja yfirverðlagsnefnd. Nefndin áleit þetta svo vandamikið, að það myndi ekki koma að gagni. Hún mun þó samt taka þetta atriði til rækilegrar íhugunar til 3. umr. Jeg get bent á eitt dæmi þess, hvernig farið getur, verði verðlagsnefndir settar í sveitum. Menn þyrftu ef til vill ekki að fara lengra en austur fyrir fjall, til þess að finna annað hámarksverð á ýmsum vörum, t. d. smjöri, heldur en hjer í Reykjavík. Báðar verðlagsnefndirnar gætu haft nokkuð til síns máls, og þyrfti því yfirverðlagsnefnd að skera úr málinu.

Verðlag á útlendum vörum er nú úr sögunni. Verð á útlendum vörum er mjög breytilegt, og því erfitt fyrir verðlagsnefnd að ákveða hámarksverð á þeim. Það gæti orðið of hátt aðra vikuna og of lágt hina, enda hefir stjórnin og landsverslunin tekið að sjer alt eftirlit á þessum vörum.

Menn verða að gæta þess, að frv. fer einungis fram á heimild fyrir stjórnina til þess að setja verðlagsnefndir eftir tillögum bæjarstjórna. Menn verða að bera það traust til bæjarstjórnanna, að þær misbeiti ekki þessum tillögurjetti og noti hann ekki nema nauður reki til. Til þess er ætlast, að verksvið þessara nefnda sje að eins í bæjunum, en að ákveða verðlag í sveitum yrði ofurefli hverrar nefndar. Þar ræður framboð og eftirspurn verði, og myndu menn því á allan hátt fara í kring um hámarksverðið. En þó að nefndin sæi þessi tormerki á að skipa verðlagsnefndir víðs vegar um landið, þótti henni ekki rjett að svifta kaupstaðina — og þá helst Reykjavík — öllum möguleikum til þess að koma slíkri nefnd á fót hjá sjer.

Það er kunnugt, að kaupmenn í Reykjavík hafa keypt smjör af fram-

leiðendum fyrir það verð, sem þeim samdi um. En svo hafa þeir leyft sjer að hækka verðið allmikið. Einmitt svona verslunaraðferð ætti verðlagsnefnd að geta komið í veg fyrir. Hún gæti ákveðið verð á innlendum vörum, er kaupmenn kaupa og leggja óhæfilega mikið á. Þetta hefir verðlagsnefnd þegar gert í mörgum tilfellum. Svo er t. d. um fiskverðið, sem getið hefir verið um í hv. deild. Jeg hygg, að verðlagsnefnd hafi unnið þar þarft verk. Bæjarstjórn hefði ef til vill getað framkvæmt hið sama, en ekki hefði það verið umsvifalaust fyrir hana að gera það, sem verðlagsnefnd framkvæmdi með einum úrskurði. Það er kunnugt, hvernig kartöflur voru seldar hjer í bænum í fyrrahaust. Framleiðendur, sem aðallega munu hafa verið Akurnesingar, seldu þær verði, sem menn verða að álíta sanngjarnt, en kaupmenn keyptu þær af þeim og ætluðu sjer óhæfilegan gróða. (M. ó.: Hvað kallar hv. þm. (S. St.) sanngjarnt verð?) Jeg hygg, að þessar kartöflur hafi verið seldar á 25 kr. tunnan, en kaupmenn vildu selja hana aftur á 35—40 kr. og jafnvel meira. Hvort sem verðlagsnefnd tekur í taumana eða ekki, er svona framfærsla úr hófi. Þetta gæti verðlagsnefnd komið í veg fyrir, og gæti hún því komið að gagni, þó að verksvið hennar sje ekki víðtækara en hjer er farið fram á.

Jeg hefi heyrt hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og hv. þm. Borgf. (P. O.) deila um brauðgerðarhúsin, og skal jeg engan dóm leggja á það, hvor þar hafi á rjettara að standa. En komið gæti það fyrir, að þau legðu ofmikið á vöru sína, og væri þá nauðsyn á verðlagsnefnd, til þess að grípa í taumana.

Þegar bjargráðanefnd leit á alt þetta, þótti henni viðurhlutamikið að afnema alveg verðlagsnefndirnar, þó að hún yrði á hinn bóginn að taka undir með hv. þm. Borgf. (P. O.), að verk verðlagsnefndar hingað til hafi verið tiltölulega lítið og þýðingarlaust fyrir landið í heild sinni.

Þetta frv. fer að eins fram á heimild fyrir stjórnina, og jeg verð að játa það, að svo langt gæti ósanngirni stjettarbræðra minna, bændanna, gengið, að nauðsynlegt sje að grípa í taumana. Jeg fæ ekki sjeð, að þetta fyrirkomulag sje neinn slagbrandur yfir höfði framleiðenda. Það er eðlilegt, að hver skari eld að sinni köku, en þá er nauðsynlegt, að gætt sje sanngirni, eins og nú stendur á. Það er farið að bóla á ágengni í þessum efnum hjer, sem annarsstaðar. Slíkar nefndir hafa verið skipaðar í öðrum löndum, og ætla jeg löggjafarvaldi þeirra þjóða ekki þá vanhyggju, að þær sjeu settar að þarflausu, nje heldur að svo ólíkt hagi til hjá okkur, að þeirra sje síður þörf hjer.

Hv. deild ræður hvað hún gerir við frv. Vilji nefndin ekki sinna því, mun jeg halda mjer við það frv., er jeg var upphaflega meðflutningsm. að. Nefndinni er frv. ekkert kappsmál, en hún áleit þetta sanngjarna miðlunarleið í þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 : 3 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11 : 3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 1 atkv.

Á 63. fundi í Nd., fimtudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 410, 448).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 448, er of seint var útbýtt.

Pjetur Jónsson: Jeg vil segja að eins örfá orð, því jeg vona, að hv. deild geti fallist á frv. eins og það liggur fyrir.

Við 2. umr. þessa máls var tekið fram alt hið helsta, sem um það þurfti að segja. Jeg vil rifja það upp fyrir hv. þm., að ef frv. þetta nær fram að ganga, er allvel sjeð fyrir því, að landsstjórnin geti haft eftirlit með verðlagi á vörum, svo sem hægt er.

Hjer hefir verið samþ. frv. um heimild fyrir landsstjórnina til þess að ákveða álagningu á aðfluttum vörum. Í þessu liggur heimild — hvort sem kosin yrði sjerstök nefnd eða ekki — til þess að ákveða verðlag á vörum, og var bent á, að stjórnin hefði útflutningsnefnd og forstöðumenn landsverslunarinnar sjer til aðstoðar, og er enginn vafi á, að hún er sjerstaklega kunnug þessu efni og hefir tækifæri til þess að kynna sjer það. Hjer er aftur á móti ætlast til, að bæirnir geti fengið skipaðar verðlagsnefndir, er skakki leikinn, ef á þarf að halda, og er má ske ekki loku skotið fyrir, að tiltaka megi vítt svæði, sem vald þeirra næði yfir. Um þessa verðlagsnefnd, sem hefir unnið eins vel og kostur hefir verið á, er það að segja, að hún hefir gert mest gagn í Reykjavík, og mundi eigi vera heppilegt fyrir bæinn, að henni yrði kipt í burtu að fullu og öllu. En vegna þess, að nefndin er aðallega valin handa Reykjavík, álítur nefndin hyggilegast, að henni sje markað þar starfsvið, svo að hún fari eigi að hlutast til um verð á nauðsynjavörum úti um land. Eins og kunnugt er, flytur landsverslunin inn matvöru og sykur, og ræður því verði, svo eigi verður ástæða til að breyta því.

Um áhrif nefndarinnar á verð á innlendum vörum er það að segja, að þar hafa till. hennar verið lítils megnandi, enda er þar við ramman reip að draga. Framleiðsla á vörum þeim, sem eru í hæstu verði, eins og t. d. smjöri, er svo lítil, að hún er mikið minni en eftirspurnin. En reynslan er hins vegar alstaðar sú, að þegar framleiðslan er minni en eftirspurnin, er erfitt að setja hámarksverð á vöruna. Nefndirnar geta ekki áorkað neinu verulegu í þessum efnum. En þó geta þær sjeð um það í bæjunum, að einstakir braskarar spenni ekki verðið upp að óþörfu.

En hins vegar getur landsstjórnin falið útflutningsnefnd að annast um verðlag á innlendum vörum, sem nægilegt framboð er af, eins og t. d. kjöti, síld og fiski; hún ætti að geta gætt þess, að verð á þessum vörum færi ekki fram úr hófi.

Jeg hygg þess vegna, að með frv. þessu sje allvel sjeð fyrir verðlagsnefndaskipunum í bæjum.

Pjetur Þórðarson: Nú hefir allmjög verið rætt um nauðsynina á að afnema verðlagsnefndina, og ætla jeg mjer ekki að endurtaka það, sem sagt hefir verið, en get fallist á, að nokkur ástæða sje til þess að breyta fyrirkomulaginu.

Hins vegar hefi jeg ekki getað fallist á, að ekki geti verið jafnmikil þörf á verðlagsnefndum í einstökum hjeröðum sem í bæjarfjelögum.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) gat þess áðan, að tilraunir nefndarinnar til þess að hafa áhrif á verðlag á vörum, hafi orðið árangurslitlar. En jeg held, að um þetta sje ekki hægt neitt að fullyrða. Jeg hygg, að ekki hafi verið hægt að búast við, að afleiðingarnar af ákvæðum hennar kæmu fram í beinum gróða landinu til

handa. Nefndin gat auðvitað ekki gert annað en jafna verðið, svo að fjeð rynni ekki um of úr einum vasanum í annan. Og jeg býst við, að þessu sje svo farið enn þá, sjerstaklega um stærri bæi sem Reykjavík. En lítilsverðara er það ef til vill fyrir önnur hjeruð. Þó hygg jeg, að það gæti haft sína kosti, að sama verðlag gilti ekki um alt land, og að nefndirnar gætu gert gagn í hjeruðum, eins og í bæjarfjelögum. Þar af er brtt. mín sprottin. Jeg vildi láta heimildina einnig ná til hjeraða, sem vildu skifta sjer af verðlagi á vörum. Nýlega mátti sjá hjer í blaði, að í einni sveit á landinu höfðu sveitarbúar komið sjer saman um verðlag á innlendri vöru. Jeg hygg því, að ekkert mæli á móti, að sú heimild sje veitt, sem farið er fram á í brtt. minni.

Það hafði komið til tals í nefndinni, sem um málið fjallaði, að heimildin næði út fyrir bæjarfjelög. En þau vandkvæði þóttu á þessu, að ákvæði nefndanna gætu rekið sig hvert á annað, nema skipuð væri yfirallsherjarnefnd, til þess að jafna millum nefndanna. En jeg held, að stjórnin sje sjálfkjörin yfirallsherjarnefnd, til þess að taka í taumana, ef verðlagið rekst á. Jeg álít, að það sje mjög svo mikils varðandi, að þessi heimild sje til, og að hún geti beinlínis orðið til þess að koma í veg fyrir, að óþarfir kaupsýslumilliliðir beri stórgróða frá borði.

Mjer er kunnugt um, að er fyrst var ákveðið verðlag á smjöri, stafaði það að mestu leyti af því, að einstakir menn í Reykjavík voru farnir að fara á móti smjörseljendunum, kaupa af þeim smjörið og selja óhæfilegu verði. Þess vegna vænti jeg, að þm., sem vilja hafa einhvern hemil á þesskonar okri, sætti sig við brtt. mína.

Jeg get ekki verið samdóma hv. þm. S.-Þ. (P. J.) um það, að verðlagsnefndir geti ekki haft fullkominn hemil á þessu, auk þess sem útflutningsnefnd mundi hafa um verðlag á fiski. Oft stendur svo á, t. d. í Reykjavík, að þegar lítið er um nýjan fisk, er hætt við að geti orðið mismunandi verðlag á honum. Hitt er annað mál, að verðlag á söltuðum fiski skapast af sjálfu sjer.

Jeg skal geta þess, að með brtt. hafði jeg ekki að eins í huga stærri kauptún, heldur og sveitir, og vona, að það þyki sanngjarnt, að þessi heimild verði til, ef einhverjir kynnu að álíta, að þyrfti að nota hana.

Sumir hafa látið það í ljós, að ef frv. yrði samþ., þá vantaði jafnvel í það ákvæði um það, hvernig verðlagsnefndirnar yrðu skipaðar; hvort framleiðendur ættu t. d. að eiga sæti í þeim. En slík ákvæði heyra undir reglugerð þá, sem heimiluð er í frv.

Jeg tek undir það, sem hv. framsm. (S. St.) sagði við 2. umr. þessa máls, að mjer er þetta ekki það kappsmál, að jeg vilji gera mikið veður út af því. Jeg álít það í sjálfu sjer ekki svo mikils vert; en hins vegar vona jeg, að brtt. mínar nái fram að ganga.

Einar Arnórsson: Jeg þykist sjá einn kost á frv. þessu, eða get öllu heldur skilið, að aðrir hv. þm. sjái þennan kost eða þykist sjá. En hann er sá, að kaup verðlagsnefnda skuli ekki greiðast úr landssjóði, heldur úr bæjarsjóðum eða sveitarsjóðum. En frá mínu sjónarmiði skiftir þetta engu máli. Jeg lít svo á, að það komi í sama stað niður, hvort gjaldið er greitt úr sveitarsjóðum, bæjarsjóðum eða landssjóði.

En hins vegar eru ýmsir ókostir á frv., sem gera það ekki aðgengilegt. Í fyrsta lagi sá, að nefndirnar á að skipa

eftir tillögu bæjar- og sveitarstjórna, ef brtt. hv. þm. Mýra. (P. Þ.) nær fram að ganga, sem jeg tel sjálfsagt, ef frv. verður samþ. En jeg hygg, að það sje óheppilegt, að sveitar- og bæjarstjórnir ráði því, hvort vörurnar verði verðlagðar og hverjir geri það. Það getur auðveldlega átt sjer stað, að þær líti ekki óvilhalt á það mál, hvort nefndirnar skuli skipaðar eða ekki. Í öðru lagi getur meiri hluti stjórnarinnar verið framleiðendur á einum staðnum, en viðtakendur á öðrum. Hinir fyrri gætu þess vegna verið á móti verðlagi og í fullri andstöðu við hina. Hitt er annað mál, að ef nefndirnar yrðu skipaðar af báðum flokkum, eins og hv. þm. Mýra. (P. Þ.) tók fram, eru líkur til, að málið yrði athugað frá báðum hliðum.

En svo er annað, sem bent hefir áður verið á með glöggum rökum og hlýtur að verða að taka til greina. Ef brtt. hv. þm. Mýra (P. Þ.) yrðu samþyktar, sem jeg tel sjálfsagt frá sjónarmiði þeirra, er samþykkja vilja frv., getur niðurstaðan orðið ærið skringileg. Jeg skal taka til dæmis Eyrarbakka og Stokkseyri. Stokkseyrarhreppur fær verðlagsnefnd, en Eyrarbakkahreppur enga. Nú setur verðlagsnefnd Stokkseyrarhrepps hámarksverð á kjöt t. d. Þetta ylli verðmun á þessari vöru á tveim nálægum stöðum. Afleiðingin mundi verða sú, að ákvæði nefndarinnar yrðu brotin. En ef ákvæðin yrðu að menn á öðrum þessara staða fengju ekki brotin, mundi það leiða til þess, ekki vöruna, nema framboð yrði meira en eftirspurn. En ef framboð yrði meira en eftirspurn, er óþarft að verðlagsnefnd ákveði verðið.

Svo er ekki þar með búið; það er vel hugsanlegt, að á tveim slíkum stöðum sitji verðlagsnefndir, en þá ber að sama brunni, því að það er engan veginn gefið, að verðlagið verði hið sama á báðum stöðum, og þá stæðist lægra verðið ekki, eða með öðrum orðum, það yrði brotið og yrði að nema það úr gildi. Það getur þá leitt af þessu mjög skringilegt tilfelli.

Jeg veit, að þegar verðlagsnefndin í Reykjavík hefir sett verð á vöru, þá hefir hún leitað sjer upplýsinga um þau atriði, er máli skifta, að því er henni virtist. Jeg man, að hún setti hámarksverð á eina vöruteg. í kauptúni nokkru úti á landi, og þá skildist mjer, að hún hafi hlotið að leita sjer upplýsinga um þau atriði, er henni þóttu mestu varða. Ein verðlagsnefnd hlýtur líka að geta haft betra yfirlit yfir alt, er að málinu lýtur, heldur en verðlagsnefnd, sem hokrar út af fyrir sig á hverjum einstökum stað. Ef menn, yfir höfuð að tala, vilja ekki una við líkt fyrirkomulag og nú tíðkast, þá er það miklu hreinlegra að afnema með öllu þau lög, sem nú gilda um verðlagsnefndir. Jeg held, að afleiðingin af þessu frv. verði aðallega sú, að upp risi einn allsherjarverðlagsnefndarhrærigrautur, ef heimildin á annað borð væri notuð úti um land, en það skal jeg láta ósagt, hvort svo verður, því að það getur aldrei orðið annað en spádómur. En ekki finst mjer það líklegt, að heimildin verði mikið notuð.

Björn Kristjánsson: Eins og framsm. (S. St.) sagði, komst meiri hluti bjargráðanefndar að þeirri niðurstöðu, að breyta ekki frv., og það bygði hann á þeirri reynslu, að menn utan Reykjavíkur æskja alls ekki eftir því, að hámarksverð sje sett á vörur. Síðan verðlagsnefnd var stofnuð hefir utan af landi að eins verið beðið um að setja

verðlag á tvær vörutegundir, beitutekju við Breiðafjörð og sykur í Ólafsvík. Þetta sýnir hversu lítið menn úti um landið nota verðlagsnefndina, og auk þess ber að gæta, að í öðru tilfellinu ræðir um útlenda vöru, sem menn eru nú orðnir sammála um, að ekki sje þörf að setja hámarksverð á. Hámarksverð mundi því að eins notað á innlendar vörur, en þá er þess að gæta, að víða úti um land selur framleiðandi vöru sína beint til neytanda, en notar ekki kaupmenn sem milliliði. Auk þess er svo ástatt í smákauptúnum úti um land, að vöruframboðið er meira en eftirspurnin, en hjer í Reykjavík er alt annað uppi á teningnum, því að hjer er eftirspurnin meiri heldur en framboðið, og þar af leiðandi er hjer miklu meiri þörf á verðlagsnefnd heldur en í smákauptúnum úti um land. Við skulum t. d. taka nokkur kauptún og byrja á Vík í Mýrdal. Þar er mjög fáment, en upp af kauptúninu er fjölmenn og frjósöm sveit. Eftirspurn eftir landafurðum hlýtur því að verða mjög lítil, borin saman við framleiðslumagnið. Sömuleiðis má nefna Vopnafjörð; þar stendur alveg eins á, að ekki er nægur markaður fyrir innlendu vörurnar í kauptúninu, og því er ekki hætt við, að framleiðendur geti skrúfað þær upp. Þá er og Húsavík; þar er stór sveit upp af, og framleiðsla því meiri en kauptúnið hefir þörf fyrir, og þar af leiðandi framboðið meira en eftirspurnin. Enn fremur Sauðárkrókur; þar er stór, góð sveit umhverfis, og verður því niðurstaðan hin sama og á hinum stöðunum. Sömuleiðis Blönduós, og svona má halda áfram að rekja kring um alt landið, og niðurstaðan verður alstaðar hin sama, að framboðið er meira en eftirspurnin. Þess vegna er álit nefndarinnar alveg rjett, og niðurstaða hennar sömuleiðis, að þar sem fólkið er margt, eins og t. d. hjer í Reykjavík, og eftirspurnin er meiri en framboðið, þar er þörf á verðlagsnefnd, en annarsstaðar ekki. Það gefur því að skilja, að jeg er á móti brtt. hv. þm. Mýra. (P. Þ.). Aðallega er það í Reykjavík, sem þörfin er fyrir hendi, því að hjer eru sjerverslanir með íslenska vöru og innlenda varan að mestu í höndum kaupmanna, og eftirspurnin meiri en framboðið. Dæmið, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók, um Eyrarkakka og Stokkseyri, styður þetta mál mitt, því að starfsemi verðlagsnefndar á slíkum stöðum er með öllu óþörf, og svo getur farið, að ákvæði hennar verði óframkvæmanleg. Upp frá þeim kauptúnum liggur líka stór sveit, og þess vegna selja bændur í Árnessýslu þær vörur sínar hingað, sem þeir ekki koma út á Eyrarbakka og Stokkseyri. Það er því rjett hjá meiri hluta bjargráðanefndar að mæla með því, að frv. gangi fram óbreytt.

Sigurður Sigurðsson: Af sjerstökum ástæðum verð jeg að gera grein fyrir atkv. mínu að því er þetta frv. snertir. Frv. er frá bjargráðanefnd og til orðið, að því er mjer skilst, út af því, að öðru frv. var vísað til nefndarinnar, sem sje frv. til laga um að afnema heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa verðlagsnefnd. Jeg hefi eigi verið heima um hríð, og um burtverutíma minn hefir þetta frv. bjargráðanefndar orðið til. Á síðasta fundi nefndarinnar, sem jeg kom á áður en jeg fór burtu úr bænum, var frv. á þgskj. 336 til umr., og kom þá fram í umræðunum sú skoðun, að komið gæti til mála að heimila ráðuneytinu að skipa sjerstaka nefnd, einkum hjer í Reykjavík, með tilliti til ein-

stakra vörutegunda, sem spekúlantar hafa lagt undir sig. Jeg get fyrir mitt leyti sagt það, að jeg er því hlyntur, að Rvík væri gefin heimild til að skipa nefnd, sem sjerstaklega hefði hönd í bagga með að setja hámarksverð á vörur, sem framleiddar eru innan umdæmis bæjarins og spekúlantar hafa náð tangarhaldi á. En með þessu frv. get jeg ómögulega verið, og hafa ástæðurnar fyrir því þegar verið tilfærðar, sjerstaklega af samþingismanni mínum, hr. E. A., svo að jeg þarf ekki að fara út í það frekar. En þess vil jeg láta getið, að brtt. hv. þm. Mýra. (P. Þ.) gera enn meiri glundroða en frv., eins og það er nú, og ef þær yrðu samþ., yrði úr því tóm vitleysa. Jeg hefi nú raunar altaf litið svo á, að verðlagsnefndirnar og hámarksverð á innlendum vörum væri tvíeggjað sverð, og reynslan af nefndunum hefir ekki verið sem æskilegust. Jeg segi ekki þetta til þess að hnýta í neina sjerstaka nefndarmenn, eða til þess að álasa nefndinni eða bera henni á brýn, að hún hafi ekki gert skyldu sína eða legið á liði sínu. En jeg lít svo á, að slíkt starf sem hennar sje mjög vandasamt og það sje mjög aðgæsluvert, hve nær ástæða sje til fyrir slíka nefnd að grípa inn í verðlagið og setja á hámarksverð. Og þessi verðlagsnefnd, sem vjer höfum haft, hefir þá líka verið svo óheppin, að hún hefir tíðast gripið inn í til að setja hámarksverð á innlendar afurðir, en látið útlendu vöruna minna til sín taka. Eins og jeg hefi sagt, þá lít jeg svo á, að komið gæti til mála að heimila Reykjavík að setja á stofn verðlagsnefnd til þess t. d. að athuga verð á fiski, sem framleiddur er innan umdæmis bæjarins. (E. A.: Það er enginn fiskur framleiddur innan umdæmis bæjarins). Jæja, hvað sem því nú líður, þá er þó hjeðan róið og aflað fiskjar, sem svo er seldur hjer í bænum, og það er hið sama.

En svo má benda á það, að bærinn sjálfur gæti tekið að sjer verslunina með fisk o.fl., ef hann gæti ekki haldið í hemilinn á þeim mönnum, sem nú hafa þessa verslun með höndum. En ef það nú skyldi vera varhugavert að sleppa með öllu hendinni af þessu máli og hafa enga verðlagsnefnd, þá sje jeg þó ekki, að þetta frv. bæti nokkuð úr skák, og mun jeg því greiða atkv. á móti því, enda þótt það komi frá bjargráðanefnd.

Pjetur Þórðarson: Mjer finst þeir hv. þm., er talað hafa, hafa gert lítið úr því, er hv. framsm. (S. St.) sagði, að það, að skipuð væri nefnd fyrir eitt sveitarfjelag, útilokaði það ekki, að ein og sama nefndin væri fyrir stærra svæði. Eins er og það, að það sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að í till. vantaði ákvæði, er kæmi í veg fyrir glundroða, þá vil jeg gera miklu minna úr því en hann, því að jeg álít, að það geti komið svo margt til greina, er bæti úr þessu, og ákveðið verði í reglugerð, er stjórnarráðið setur um þetta. Og svo er í 3. gr. mælt svo fyrir, að ef árekstur verður, þá er hægt að skjóta málunum undir úrskurð stjórnarrásins. Jeg ætlast til, að með þessu verði hægt að hafa fullkomið vald á þessum hugsanlega glundroða, og þótt hann yrði, þá get jeg ekki hugsað mjer, að hann valdi slíkum ónotum, sem hv. þm. (E. A.) heldur. Jeg get ekki hugsað mjer, að það verði svo almennt, sem þessi heimild verði notuð, og jafnvel álít jeg, að eftir 1. gr. yrði stjórnarráðið að synja mönnum um heimildina, ef það álítur hana óþarfa, og að hún ef til vill geri ilt verra. Jeg get ekki felt mig við, að það þurfi að

gera ítarlegri lög en þetta, þar sem bæta má úr með reglugerð, sem stjórnarráðið semur.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að fara að tala frekar um málið í heild sinni, vil þó láta þess getið, að jeg álít hyggilegra, að hafa eina allsherjar-verðlagsnefnd, heldur en margar. Auðvitað held jeg, að hv. deildarmönnum sje þetta ljóst, og þarf jeg því ekki að fara frekar út í þá sálma. Hitt vil jeg taka undir með hv. nefnd, að það er jafnvel dálítið athugavert við að gefa bæjarfjelögum og þó einkum mjög smáum bæjarfjelögum þetta vald. Bæjarstjórnin eða sveitarstjórnin getur verið svo skipuð, að ekki væri tekið eins mikið tillit og þyrfti til allra kringumstæðna. Jeg held nú reyndar, að þessu valdi yrði ekki misbeitt í kaupstöðunum, en hins vegar álít jeg ekki rjett að veita sveitarfjelögum það vald, sem hv. þm. Mýra. (P. Þ.) vill veita þeim. Jeg held, að það hljóti að vera hverjum manni ljóst, að það geti verið alveg ófært þar sem ef til vill þeir væru kaupmenn, sem flestum sveitarmönnum væri illa við. Að vísu væri það oft kaupmannanna sök, en hætt er við, að farið yrði of langt í því, að þrengja um of að þeim. Ef ætti að fara út fyrir kaupstaðina, þá ætti að takmarka þessa heimild við sýslurnar, en ekki við sveitirnar eða sveitrstjórnirnar, og væri það nokkuð meiri trygging fyrir því, að litið væri rjett á málið, en eigin hagsmunir ekki látnir mestu ráða. Og þar að auki yrði þá úr meira mannvali að velja, því að í sveit, þar sem búa um 200 manns, gæti verið örðugt að finna 5 menn, er gætu rækt þetta starf sómasamlega. Mjer finst aðaltill. hv. nefndar nógu athugaverð, en ef fallast ætti á till. hv. þm. Mýra. (P. Þ.), þá yrði þetta mál ófært.

Pjetur Jónsson: Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir haft nokkuð á móti frv., og skilst mjer aðalmótbáran vera sú, að ef margar verðlagsnefndir yrðu skipaðar, þá mundi af því leiða glundroða, er gæti gert ilt verra. Og til þess, að geta málað fjandann á vegginn, þá taldi hann sjálfsagt, að samþykkja till. hv. þm. Mýra. (P. Þ.), því að ekki er hægt að mæla í móti, að sú till. býr til mestan glundroða. En hann þurfti ekki að benda nefndinni á, að þessi glundroði kynni að geta átt sjer stað, en eins og hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir bent ljóslega á, þá vakti það fyrir nefndinni, að varla mundi koma til, að verðlagsnefnd yrði skipuð annarsstaðar en hjer í Reykjavík. En þó að nú verðlagsnefnd yrði skipuð í stærri kaupstöðum, eins og t. d. á Ísafirði, Akureyri eða Seyðisfirði, þá er ekki svo mjög að óttast glundroða þeirra á milli, því að ekki er svo mjög náið sambandið milli þeirra manna, er viðskifti eiga við þessa bæi. Menn verða þá einnig að athuga, að þar sem stjórnarráðið semur reglugerð um þetta atriði, þá mundi í henni vera svo ákveðið, að það hefði úrskurðarvaldið um hámarksverðið, og getur það því fyrirbygt hinn umtalaða glundroða, ef hann yrði nokkur. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) taldi líka, að bæjarstjórnirnar væru ekki vel lagaðar til að benda á menn í nefndina og ákveða um þörfina á verðlagsnefnd, en þetta finst mjer ósanngjarnt, því að jeg fæ ekki betur sjeð en að bæjarstjórnunum sje best treystandi til að geta litið á og kunna að meta þörfina eftir ástæðum og mennina eftir verð-

leikum. Mjer finst þetta alt vera miðað við það, að menn láti smámunalega hagsmunasemi ráða öllum gerðum sínum, en það er ekki rjett að gera mönnum slíkar getsakir.

Kostnaðurinn er ekkert aðalatriði fyrir nefndinni, því hún gerði alls ekki þessa till. til að losa landssjóð við kostnaðinn, heldur áleit hún, að eðlilegra væri, þegar verðlagsnefnd ynni algerlega fyrir bæinn, að bæjarfjelagið borgaði kostnaðinn við hana, heldur en landssjóður. En ef hv. deild álítur rjettara að landssjóður borgi, þá mun ekki standa á nefndinni að fallast á það.

Einar Arnórsson: Hv. 1. þm. G.-K. (B.K.) sagði, sem sjálfsagt er heldur ekki ástæða til að bera brigður á, að utan Reykjavíkur sje lítil þörf fyrir verðlagsnefndarákvæði. Þetta mun vera alveg satt. Af því dró hann þá ályktun, sem líka er rjett, ef forsendan er rjett, að óþarft sje að skipa verðlagsnefnd annarsstaðar en í Reykjavík. En af sömu forsendunni virðist einnig mega draga aðra ályktun, sem er ofureinföld og liggur beint við. Hún er sú, að þetta frv., sem hv. bjargráðanefnd er með á prjónunum, sje líka hreinasti óþarfi. Ef óþarfi er að gera nokkrar verðlagsákvarðanir, hvað á þá að gera með verðlagsnefndir, og hvað á þá að gera með heimildir til að skipa þær? **(B. K.:** Þar sem fólkið er flest og viðskiftin mest, þar getur verið þörf fyrir þær). Jú, þar sem fólkið er flest og viðskiftin mest. En mjer skildist á ræðu hv. þm. (B.K.), að hann áliti, að víðast hvar utan Reykjavíkur væri framboð á vörum meira en eftirspurnin. Ef svo er, þá skiftir ekki miklu, hve margt fólk er á staðnum. Ef útlit er fyrir, að eftirspurnin kynni að aukast á einhverjum stað þannig, að hún yrði meiri en vöruframboðið á þeim stað, svo að þörf yrði fyrir verðlagsákvæði, hvað er þá betra að skipa verðlagsnefnd þar á staðnum heldur en að ein verðlagsnefnd sje fyrir alt landið, ávalt reiðubúin til að ákveða hámarksverð, hvar sem þess gerist þörf? Ef verðlagsnefnd er skipuð á hverjum stað, þá er miklu frekar hætta á, að það gæti orðið til þess, að framleiðendur þar í grendinni yrðu fremur fyrir ósanngirni af hennar hálfu heldur en ef óviðriðnir menn eiga að skera úr málunum. Við getum tekið til dæmis á Ísafirði. Það er sá staður, sem helst mundi geta skort innlendar afurðir, næst á eftir Rvík, svo eftirspurn yrði meiri en framboð á þeim. Þá mundi stjórnarráðið skipa þar verðlagsnefnd, væntanlega eftir tillögum bæjarstjórnar. **(B. K.:** Á móti tillögum bæjarstjórnar. Það er venjan). Það getur vel verið. En þó hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) segi það venju að skipa nefndir móti till. bæjarstjórnar, þá býst jeg við, að landsstjórnin mundi í þessu tilfelli verða, sökum skortandi þekkingar, að fara eftir till. bæjarstjórnar. En hvort sem hún gerði það eða ekki, þá mundi hún skipa í nefndina einhverja menn, sem búsettir væru á Ísafirði. Jeg get ekki talað mikið með um það, hvað er venja við slíkar útnefningar. Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hlýtur að tala þar af þekkingu, því hann hefir verið ráðherra og kannast líklega við þesskonar praxis frá þeim tímum. Annars mundi hann varla gera ráð fyrir, að honum væri fylgt. — En ef það kæmi fyrir, að verðlagsnefnd yrði skipuð, að sjálfsögðu mönnum úr kaupstaðnum, hvort sem þeir væru valdir eftir till. bæjarstjórnar eða ekki, þá er ekki óhugsandi, að þeir kynnu að halla rjetti framleiðendanna, sem búa í kringum

kaupstaðina. Á þessu væri minni hætta, ef að eins væri ein nefnd á öllu landinu, sem skipuð er öllum flokkum mannfjelagsins, ef jeg má svo að orði kveða. Í þeirri nefnd, sem nú situr, eru fulltrúar bæði fyrir sjávar- og sveitaratvinnu, svo hún ætti að geta litið óvilhalt á málin. Jeg held því, að það sje ólíkt heppilegra, ef á að hafa einhverja verðlagsnefnd á annað borð, að halda sjer við það fyrirkomulag, sem nú er, heldur en fara að skipa nefnd á hverjum stað.

Hv. þm. Mýra. (P. Þ.) vildi ekki neita því, að ef það fyrirkomulag, sem hann, eða háttv. bjargráðanefnd, leggur til að verði upp tekið, gæti valdið glundroða í framkvæmdinni. Það er ekki von, að hann vildi neita þessu, því hann er skynsamur maður, og skynsamir menn neita ekki staðreyndum. En hv. þm. (P. Þ.) hjelt, að girða mundi mega fyrir þennan möguleika með reglugerð, sem stjórnarráðið gæfi út. Jeg veit ekki hvort hægt er að girða fyrir þann möguleika með reglugerð, og sje ekki aðra örugga leið til þess en þá, að drepa þetta frv., sem hjer er á prjónunum.

Hv. frsm. (S. St.) sagði, að heimildin mundi ekki verða notuð, því ekki mundi verði þörf á verðlagsnefndum. En þá re ekki heldur nein þörf á frv. hv. þm. Mýra (P. Þ.) benti á, að stjórnin hefði heimild til að neita að skipa verðlagsnefnd, ef henni virtist engin ástæða til að gera það, þó að þess væri óskað. En það mundi vera mjög illa sjeð af stjórninni, ef hún gerði það. Sú bæjarstjórn, sem lagt hefir til, að verðlagsnefnd skuli skipuð á þeim stað, mundi verða óánægð, ef till. hennar væri ekki sint. (**P. Þ.**: Jeg geri ráð fyrir, að hún mundi færa einhverjar ástæður fyrir því, að hún fór fram á það). Því býst jeg líka við. En fyrst hv. þm. (P. Þ.) gerir ráð fyrir, að neitað kynni að verða um nefndarskipun, þá hlyti það að vera af því, að stjórnin tæki þessar ástæður ekki gildar. Og ekki verður óánægjan minni hjá bæjarstjórninni, þó að henn finnist hún hafa fært gullvægar ástæður fyrir tillögum sínum, en að þær hafi verið virtar að vettugi. En jeg get gefið hv. þm. Mýra (P. Þ.) eftir í því, að till. hans er í fullu samræmi við það, sem nefndin fer fram á. Ef þörf getur orðið á verðlagsnefnd einhversstaðar, þá getur sú þörf komið fyrir á hverjum stað sem er, en er ekki bundin við kaupstaðina. Hún fer ekki eftir því formi á stjórnarskipun staðarins, sem gerir hann að kaupstað. Jeg veit t. d. ekki hve nær Siglufjörður verður gerður að kaupstað. En sá dagur, sem hann fær kaupstaðarrjettindin, verður varla úrslitadagur um það, hvort ákveða þurfi þar verðlag á útlendri eða innlendri vöru.

Jeg get ekki fallist á það, með hæstv. forsætisráðherra, að heppilegt væri, að sýslunefndir gerðu till. um verðlagsnefndarskipun. Eins og kunnugt er, halda þær sjaldan fundi. Að vísu má kveðja þær saman á aukafundi, þegar nauðsyn krefur. En hræddur er jeg um, að sumir sýslunefndarmenn yrðu óánægðir yfir því, að þurfa að takast löng og erfið ferðalög á hendur, til þess að mæla með skipun verðlagsnefndar í einhverju kauptúninu í sýslunni. Enda mundi venjulega reynast svo, að meiri hluti sýslunefndar yrði algerlega á móti því að skipa verðlagsnefnd, ef til vill í eina kauptúninu í sýslunni. Það mætti því teljast fyrirfram ákveðið, að slíkar nefndarskipanir yrðu æfinlega feldar. Það væri því sama sem að taka með annari hendinni, sem gefið er með hinni, að fela sýslunefndum þetta skipunarvald.

Flestu af því, sem fram kom hjá hv. framsm. (S. St.) hefi jeg áður svarað í orðum mínum til annara þm. Það kemur sama hugsunini fram hjá honum og hjá hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að ekki muni verða þörf á verðlagsnefndum, nema fyrir Reykjavík. Ber það alt að sama brunni, að best sje að láta standa það fyrirkomulag sem er. — Hv. framsm. (S. St.) virtist sárna það, sem jeg hafði sagt, að jeg taldi ekki girt fyrir hlutdrægni í skipunum verðlagsnefnda, ef sveitar- og bæjarstjórnir ættu að ráða þar mestu um. Hann sagði, að menn yrðu að ganga út frá, að þessir tímar væru búnir að bræða svo úr mönnum allan sjerplægnisanda, að ekki væri hætt við neinni hlutdrægni. Jeg hefi ekki þá trú, að mennirnir sjeu orðnir svo miklu betri en þeir hafa verið, eða verði það fyrst um sinn. Það mun lengst af verða svo, að hver reynir til að vera sjálfum sjer næstur. Og mjer dettur ekki í hug að álasa neinum fyrir það, þó að sá, sem vöru hefir að selja, reyni að fá fyrir hana svo mikið verð, sem hann getur fengið, og sá, sem þarf að kaupa vöruna, reyni að fá hana fyrir svo lágt verð, sem kostur er á. Jeg býst ekki við, að þessi grundvallarregla alls kaupskapar verði upp hafin á þessu ári, eða á nokkru ári. En af því sprettur þessi sjerplægnisandi, að hver maður reynir í vöruskiftum að fara það sem hann kemst með heiðarlegu móti. Og jeg býst ekki við öðru, en að sá sjerplægnisandi, muni lengst ríkja í viðskiftum manna.

Þá mintist hv. framsm. (S. St.) á kostnaðaratriðið og sagði, að það væri ekkert aðalatriði fyrir sjer, hver ætti að borga kostnaðinn við þessar nefndir. Jeg trúi því vel, að frá hans sjónarmiði sje þetta ekkert aðalatriði. En fyrst svona langt er komið, að hv. nefnd viðurkennir, að kostnaðaratriðið sje ekkert aðalatriði, og fyrst sýnt hefir verið fram á með rökum, að það fyrirkomulag, sem nefndin vill koma á, verði ekki á neinn hátt betra í framkvæmdinni, heldur öllu lakara, en það sem er, þá finst mjer, að nefndin ætti að taka sporið alveg út og taka frv. aftur.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) mun hafa látið orð falla í þá átt, að verðlagsnefnd, sem skipuð er eftir tillögum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, gæti lagt á verð, sem gilti fyrir utan þann hrepp eða bæ, sem hún væri skipuð fyrir. Jeg get ekki sjeð, að þetta felist í frv. Mjer finst, að menn hljóti öllu heldur að skilja frv. þannig, að valdsvið verðlagsnefndarinnar nái ekki út fyrir þann kaupstað, eða þann hrepp, sem hefir lagt til, að hún yrði skipuð. Mjer finst, að ef nefndin ætti að ákveða verðlag á vörum á öðrum stöðum, þá gæti sú bæjar- eða sveitarstjórn, sem þar ræður yfir, talið farið inn á sitt valdsvið, þar sem hún átti engar tillögur um skipun nefndarinnar. Það yrði tæpast talið rjettlátt. Ef það er tilætlunin með lögunum, að verðlagsnefndir geti ákveðið verðlag annarsstaðar en í sinni sveit, eða sínum bæ, þá yrði það að minsta kosti að vera skýrt tekið fram í frv. En frv. gefur alls ekkert tilefni til, að það verði skilið á þann hátt, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) gaf í skyn, og virtist telja frv. til bóta.

Benedikt Sveinsson: Það dylst ekki, að sú er skoðun ýmsra þingmanna, og víst margra annara, að sú verðlagsnefnd, sem nú situr, hafi gert lítið gagn. Þess vegna vilja menn nú taka af stjórninni heimildina til að skipa verðlagsnefnd með þeim hætti, sem nú er. En þá er undarlegt, að þessir sömu þm. skuli

vilja veita stjórninni heimild til að skipa margar verðlagsnefndir, í stað þessarar einu, sem ekki þykir nein þörf á að halda. Í frv. bjargráðanefndar er farið fram á að heimila nefndarskipun í hverjum kaupstað, og í brtt. við það er farið fram á, að skipa megi eina verðlagsnefnd fyrir hvern hrepp á landinu, eða 200 verðlagsnefndir, í staðinn fyrir eina. Aðalástæðan hjá þeim, sem vilja afnema verðlagsnefndina, sem nú situr, virðist vera sú, að kostnaðinum, sem hún hefir í för með sjer, sje kastað á glæ. Þá verð jeg að segja, að óþarflega miklu verði kastað á glæ fyrir þessar 200 nefndir, því að óhjákvæmilega hlýtur að verða kostnaður við þær, ef þær eiga eitthvað að gera. Jeg held, að þá væri ráðlegra að afnema hreinlega þessa einu verðlagsnefnd og vera ekki að gefa heimild til að stofna 200 nýjar í hennar stað. En ef það er rjett að hafa verðlagsnefndir sumstaðar á landinu, þá er sjálfsagt, að heimilt sje að hafa þær alstaðar. Það er ekki hægt að rökstyðja það, að brýnni nauðsyn beri til að hafa verðlagsnefnd í kaupstað heldur en í kauptúni eða sveit. Þess vegna er brtt. hv. þm. Mýra. (P. Þ.) fyllilega á rökum bygð og í fullu samræmi við þá stefnu, sem hv. bjargráðanefnd hefir tekið, eins og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir líka rjettilega sýnt fram á.

Jeg held, að hv. nefndarmenn hafi ekki fyllilega gert sjer grein fyrir þeim agnúum, sem eru á því, að hafa verðlagsnefndir að eins í kaupstöðum. Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) kannaðist við, að það væri rjett, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hafði sýnt fram á, að það gæti valdið glundroða, ef verðlagsnefndirnar væru margar. En hann hjelt því fram, að því að eins væri nokkur hætta á glundroða, að heimilað væri að skipa nefnd í hverjum hreppi. Hann taldi engar líkur til, að slíkur glundroði gæti orðið, ef nefndir væru að eins í kaupstöðunum, og nefndi til Seyðisfjörð, Akureyri og Ísafjörð. Rökstuddi hann mál sitt með því, að svo langt væri milli þessara bæja, og samgöngur og viðskifti þeirra á milli svo lítil, að ekki væri hætt við, að ákvæði nefndanna rækjust neitt á. En hv. þm. (P. J.) virtist gleyma því, að hjer á næstu grösum er einn kaupstaðurinn, í Hafnarfirði: Ef nú sæti sín verðlagsnefndin í hvorum þessara bæja, og ákvæði sitt hámarksverðið hvor á einhverri vörutegund, þá yrði niðurstaðan sú, að varan flyttist öll til þess bæjarins, sem hefði ákveðið hærra hámarksverðið. Ef t. d. verðlagsnefndin hjer hefði ákveðið hærra hámarksverð en nefndin í Hafnarfirði, þá drægist öll verslun með þá vörutegund hjeðan til Hafnarfjarðar, svo framarlega, sem þar væri nóg eftirspurn. Þar að auki er það að athuga, að ef verðlagsnefnd er skipuð eftir tillögum bæjarstjórnar, þá mundi hún ekki fá víðara valdsvið en það, sem bæjarstjórnin ræður yfir. Það hefði ekki neina þýðingu að ákveða verðlag á vöru í Reykjavík, ef það ætti að eins að gilda hjer á staðnum. Til hvers væri það t. d. að setja hámarksverð á kartöflur, ef framleiðendur mega selja þær fyrir hvaða verð sem þeim sýnist á næstu nesjum, bæði á Seltjarnarnesi, Kjalarnesi og Akranesi. Þegar framboð væri mjög takmarkað, mundu menn fara þangað að kaupa kartöflurnar, fyrir það verð, sem seljandinn vildi á þær setja, svo hámarksverðið kæmi ekki að neinu haldi. Framleiðandinn mundi selja kartöflurnar heima hjá sjer, og flytja þær svo fyrir einhverja þóknun til neytendanna í bænum. En ef nefndin hefir stærra vald-

svið, þá er hægt að girða fyrir slíkt, eins og t. d. í haust, þegar kaupmenn hjer í bænum ætluðu að kaupa upp allar kartöflur, til að okra á þeim. Þetta frv. er því ekkert nema fálm út í loftið, eins og það er. Það lítur líka út fyrir, að hv. frsm. (S. St.) finnist það eitthvað gallað, þar sem hann telur það ekki útilokað, að valdsvið nefndanna nái út fyrir bæina. Það þyrfti auðvitað svo að vera. En þá er maður kominn út fyrir það, sem rjett er að álykta. Því að nefnd, sem skipuð er eftir till. bæjarstjórnar og kostuð af bæjarfje, getur alls ekki haft neitt vald nema þar á staðnum. Þó að verðlagsnefnd sje skipuð hjer í Rvík, þá geta framleiðendur selt sína vöru í sveitunum hjer í kring, fyrir hvaða verð sem þeim sýnist. Það er þá komið undir verðlagsnefndum Mosfellssveitar eða Kjalarness, hverju verði má selja vöruna í þeirra umdæmum.

Það getur vel verið, að þessi heimild yrði ekki notuð nema á stöku stað. En það getur líka verið, að hreppsnefndir mundu sækja um það nokkuð alment, að verðlagsnefndir verði skipaðar. Það er t. d. ekki óhugsandi að framleiðendum þyki ilt, að afurðir sjeu seldar út úr sveitinni fyrir of lítið verð. Og eftir frv. má alveg eins skipa nefnd til að ákveða lágmarksverð á vöru eins og hámarksverð. Hvað ætli menn hjer í bænum segðu við því, ef þetta frv. yrði til þess, að verðlagsnefnd á Akranesi bannaði að flytja þaðan kartöflur, sem seldar væru undir 50 kr. tunnan?

Til þess að fá einhverja heila brú í frv. og til þess að gera lítið úr þeim misfellum, sem af því gætu leitt, er svo talað um, að skjóta megi til stjórnarinnar úrskurðum nefndanna, til þess að laga misfellurnar. Eða ef ósamræmi yrði milli hinna einstöku hreppa, þá sje ekki annað en að þær haldi sameiginlegan sýslufund. En mundi það fyrirkomulag nokkru hentugra og kostnaðarminna? Og ef verðlagsnefndir kaupstaðanna ættu að senda stjórninni skýrslur sínar, til þess að hún gæti lagt úrskurði á málin, hygg jeg, að stjórninni þætti umsvifaminna að hafa eina verðlagsnefnd, svo sem nú er.

Þetta frv. er yfir höfuð svo fult af göllum og misfellum, að mig furðar á því, að það skuli hafa verið borið fram. Jeg býst þó við því, að það slampist í gegnum hv. deild; menn eru hjer svo brjóstgóðir, að þeir samþykkja marga vitleysuna, svo sem nærri því var orðið um frv. um vjelþurkun á kjöti, sem þó loks tókst að drepa í gær. En þó að frv. þetta verði samþykt hjer, vænti jeg þess, að það sleppi ekki út úr þinginu, heldur verði því þá banað í hv. Ed.

Pétur Jónsson: Jeg hygg að ekki taki því að ræða frekar um þetta frv.; mjer er nokkurn veginn sama um, hvernig því reiðir af. En hitt þykir mjer um vert, er kom fram hjá nokkrum hv. þm., að þeir geta ekki tínt annað til mótmæla frv. en ýmislegt smælki, er ekki kemur málinu við. Svo var um hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.). Jeg skal ekki eltast við það, er hann sagði. Jeg ætla ekki heldur að metast við hann um heilbrigða skynsemi; jeg veit, að hv. þm. ætlar okkur nefndarmenn ekki þeim mun meiri heimskingja en sig.

Hv. þm. (B. Sv.) hefir lítið á nokkur smáatriði málsins. Aðalatriðið er það, að sú nefnd, sem skipuð yrði í Reykjavík, starfaði að eins á því svæði; jeg gat þess að eins sem míns álits, að skeð gæti, að verksvið hennar mætti ná lengra. Sú nefnd færi auðvitað ekki að skifta sjer af verðlagi á vörum, sem ganga kaupum

og sölum annarsstaðar á landinu. Þessi er munurinn á sjerstakri nefnd fyrir bæinn og núverandi nefnd. En annað mál er það, hvort þetta er galli eða kostur. Sumir telja þetta galla, aðrir kost, og skal jeg láta það liggja á milli hluta. En aðrir vegir eru heppilegri til, til að hlutast um, hvaða verði menn austan úr sýslum selja smjör sitt eða kartöflur, heldur en að hafa verðlagsnefnd, er allir gera sjer leik að að fara í kringum.

Í öðru lagi eru kringumstæður breyttar að því leyti, að verðlagsnefnd þarf ekki til þess að skifta sjer af sölu á aðfluttum lífsnauðsynjum úti um land, þar sem landsverslunin hefir það starf með höndum.

En er nefndin hugleiddi það, að rjett væri, að Reykjavík fengi heimild til að skipa verðlagsnefnd í bænum, fanst henni ekkert því til fyrirstöðu, að hinir kaupstaðirnir fengju sömu heimild, ef til þess kæmi, að þeir óskuðu að nota hana. Nefndin áleit, að það gæti ekki vakið neinn glundroða, þar sem kaupstaðirnir eru svo langt hver frá öðrum. Auðvitað gæti það vakið glundroða að hafa sína verðlagsnefndina á hvorum staðnum, Reykjavík og Hafnarfirði, en þá væri hægur hjá fyrir stjórnina að gæta þess, að svo yrði ekki. Enda sje jeg ekki, hvað gæti vakað fyrir þeim tveim nefndum, ef þær hefðu ósamræmi sín á milli. Það yrði til óhagnaðar fyrir hvorn kaupstaðinn um sig.

Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um málið; jeg vildi að eins benda á þessi aðalatriði, en stendur nokkurn veginn á sama um, hvort frv. stendur eða fellur.

ATKVGR.

Brtt. 448, 1. feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., G. Sv., J. B., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., B. Sv., B. St., E. A.

nei: E. Árna., H. K., J. J., J. M., M. G., P. J., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. K., Ó. B.

Tveir þm. (Þorst. J. og B. J.) fjarstaddir.

Brtt. 448, 2. kom því eigi til atkvæða.

Frv. samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. Árna., H. K., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

nei: Þór. J., B. Sv., E. A., E. J., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. P., P. O., S. S.

J. B. greiddi ekki atkvæði.

Tveir þm. (Þorst. J. og B. J.) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., fimtudaginn 4. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um verðlagsnefndir,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 452).

Á 60. fundi í Ed., mánudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg legg til, að máli þessu verði vísað til bjargráðanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 544) með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., mánudaginn 15. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 452, n. 497).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. feld með 7 : 3 atkv.

Frv. því
fallið.

---

1. Einkarjettur til smjörverslunar og tólgar.

Á 7. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. apríl, var útbýtt
Frumvarpi til laga um einkarjett til verslunar með smjör og tólg (A. 24).

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Friðjónsson): Ástæðurnar fyrir frv. þessu eru allítarlega teknar fram í greinargerð þess, og tel jeg ekki ástæðu til þess að taka þær upp aftur í ræðuformi.

Þó vil jeg fara um málið nokkrum orðum. Fyrst vil jeg geta þess, að prentvilla hefur slæðst inn í greinargerðina. Þar segir svo á einum stað, að verð á smjöri landsverslunarinnar mundi að líkindum hafa áhrif til hækkunar á því smjörverði o. s. frv., en á auðvitað að vera til lækkunar.

Þá vil jeg geta þess, að aðalástæðan til þess, að jeg kom fram með frv. þetta, er sú, að jeg er mótfallinn frv. um fráfærur ásauðar, en leit þó svo á, að ekki væri sæmandi að fella það mál niður með öllu, án þess nokkuð kæmi í staðinn.

Nú er það vitanlegt, að aðalhvötin fyrir framleiðendur til að færa frá er sú, að þeim sje trygt nægilega hátt verð fyrir afurðir sínar. Og það var ætlun mín, að þetta frv. gæti orðið til þess.

Með slíkum lögum væru stjórninni fengnar í hendur nokkurskonar metaskálar, þar sem á væri feitmetiseklan á annari skálinni og framleiðslan á hinni. Þegar svo feitmetiseklan yrði of þung á metunum, yrði að bæta þunga á hina skálina, þ. e. hækkuðu smjörverði, sem gæfi hvöt til að auka framleiðsluna, uns jafnvægi næðist.

En frv. þetta þarf þó ekki að útiloka hitt frv., um fráfærur, því að þótt nóg yrði feitmeti, gæti frv. þetta orðið til þess að greiða úr viðskiftunum og laga ýmsar misfellur á smjörverðinu.

Jeg hefi heyrt, að smjörverðið, sem til er tekið í frv., muni þykja helst til lágt. En jeg lít svo á, að rjett sje að hafa ákvæðisverðið frekar of lágt en of hátt í fyrstu, því að hægra mun reynast að færa það upp en niður.

Og reynslan hefir sýnt það, að mörgum hefir reynst örðugt að kaupa við ákvæðisverði vörur sínar, og margt hefir það komið fram í viðskiftum manna, sem minnir á gömlu setninguna: „Á jeg að gæta bróður míns?“

Jeg sá hjer í gær erindi Bjarna Jónssonar frá Vogi, „Um annað líf“. — Jeg nefni hann hjer með nafni, því að jeg tala ekki um hann sem þm., heldur sem rithöfund. — Þetta „annað líf“, sem hann talar þar um, er lífið í listunum, og hefi jeg ekkert út á þau ummæli hans að setja. En jeg veit, að til er enn annað líf, lífið í samkendunum og viljanum til þess að bæta úr kjörum þeirra,

sem bágt eiga. Að vísu geta allir með fullum rjetti sagt sem svo: „Við þurfum að fá svo mikið fyrir vörur okkar, að við getum framfleytt okkur sjálfum og skylduliði okkar". En þess ber þó að gæta, að ekki má ganga of langt í þeim sökum, svo að ekki þurfi að spyrja: „Hvað er orðið af bróður þínum?"

Sumir vilja hafa alla verslun frjálsa, aðrir vilja leggja á hana nokkra fjötra, sumir allharða. Mín skoðun liggur þess á milli. Jeg vil hafa versunina sem mest frjálsa, en þó hömlur nokkrar stundum, þar sem þörf krefur. Og hömlur þær, sem hjer í frv. eru lagðar á feitmetisverslun landsins, vona jeg að reynist teygjanlegar og ekki ómjúkar, en harðni þó þegar á reynir, líkt og fjöturinn forni, sem gerður var af dyn kattarins, skeggi konunnar og af rótum bjargsins o. fl. Því að hjer er líka verið að leggja haft á úlf, þar sem er eigingirni annara, svo að hún fái ekki að leika lausum hala.

Jeg vil svo gera það að till. minni, að máli þessu verði vísað til bjargráðanefndar, að umr. lokinni.

Eggert Pálsson: Jeg tel þess ekki brýna þörf að ræða frv. þetta ítarlega á þessu stigi málsins, því þar sem málið er svo víðtækt, mun það verða tekið til íhugunar af nefnd og síðan verða athugað af hv. þm. á eftir.

En einmitt vegna þess, hve yfirgripsmikið það er, vil jeg samt ekki þegjandi hleypa því af stað, og mun jeg því gera nokkrar athugasemdir, sem vakið gætu íhugun nefndarinnar.

Það er augljóst, að hjer er farið fram á stórfelda breytingu á verslun landsmanna með innanlandsafurðir, þar sem um einkarjett á vissum vörutegundum er að ræða, þótt ekki sje nema fyrir landsstjórnina. Þegar í ráði er að ganga inn á slíka braut, að veita einkarjett til verslunar með einhverja vörutegund, þarf það vel að athugast, hvort rjett sje að byrja einmitt á þessari vörutegund frekar en annari, eða yfir höfuð hvort rjett sje að ráðast í þeim efnum frekar á innlenda vörutegund en erlenda. Eins þarf að athuga hitt, ef veittur er einkarjettur á annað borð, hvort rjett sje að veita hann takmarkaðan, eins og hjer er gert, eða veita hann að fullu og öllu.

En svo að jeg snúi mjer sjerstaklega að þessu máli, sem hjer liggur fyrir, þá virðist mjer, sem það þurfi að líta á það frá þremur hliðum. Í fyrsta lagi verður að líta á það frá þeirri hlið, er að framleiðendum veit, í öðru lagi þeirri, er veit að neytendunum, og í þriðja lagi þeirri, er veit að landssjóði.

Þegar litið er á fyrstu hliðina, get jeg ekki varist því að hugsa, að eina eða aðalorsökin fyrir frv. þessu hafi verið sú, að litið hafi verið ofsjónaraugum á smjörverðið hjer á Suðurlandi í samanburði við smjörverðið á Norðurlandi, en slík ástæða er engan veginn nægileg eða forsvaranleg til þess að byggja á frv. slíkt sem þetta. Smjörverðið hjer á Suðurlandi er óneitanlega hátt orðið, saman borið við það, sem áður var, en ef það er borið saman við það, hvað aðrar nauðsynjavörur hafa stigið, þá verður ekki sagt, að það sje orðið neitt óeðlilega hátt.

Eins og háttv. þingmönnum er kunnugt, hefir af formanni Búnaðarfjel. Íslands verið gefin út skýrsla um það, hvað smjörverð þyrfti að vera hátt til þess, að samsvaraði verði á erlendum

vörum, og samkvæmt þeirri skýrslu er það ekki nógu hátt enn, þótt komið sje upp í 3 kr. pundið, til þess, að sú verðhækkun samsvari verðhækkun þeirri, sem orðið hefir á allri kornvöru. En taki maður hina hliðina, sem vikið er að í greinargerð frv., að smjörverðið sje of hátt í samanburði við kjötverðið, þá verður að gæta þess, að fyrir stríðið var kjötverðið hlutfallslega hærra en smjörverðið. Til þess bendir það líka, að allur þorri bænda lagði, og leggur enn í dag, meiri áherslu á að framleiða kjöt en smjör, auðvitað af þeirri ástæðu, að þeir telja það borga sig betur, enda má með einföldu dæmi sýna fram á, að svo sje í raun og veru á flestum jörðum. Hugsi maður sjer ákveðinn forða af heyi, t. d. 40—50 hesta, sem kýrfóðrið er talið að vera, þá kemur það í ljós, að arðurinn verður meiri af að ala á því sauðfje en kýr, svo framarlega sem um nokkra sauðfjárbeit er að ræða. Á kýrfóðrinu má viðast hvar framfleyta 20 ám, og mundi dilkur undan hverri, að minsta kosti á Norðurlandi, seljast á 25 kr., svo að arðurinn af þeim öllum yrði 500 kr. fyrir utan ull.

Nú má gera ráð fyrir, ef kýr væri alin á þessum heyjaforða hjer á Suðurlandi, að hún gæfi af sjer 125 pund af smjöri, er mundi vera fullhátt áætlað eftir reynslu síðustu ára.

Sje nú smjörverðið 3 kr. pundið, gerir það samtals 375 kr. Hjer er nú að vísu ótalin undanrennan, en ekki mundi hún að neinu leyti nægja til að fylla upp þær 125 kr. og ullina, sem á vantar í hin fyrri dæmi.

Þetta dæmi og reynslan, sem jafnan er ólygnust, sýnir það því ljóslega, að sauðfjárræktin borgar sig betur yfir höfuð að tala en kúaræktin, sjerstaklega að því er Norðurland snertir.

Háttv. flm. (S. F.) sagðist ætlast til, að frv. þetta kæmi í stað frv. um fráfærur, tilgangurinn væri sá sami, að auka smjörframleiðsluna í landinu. En jeg býst við, að afleiðingar frv. þess, ef samþ. verður, yrðu gagnstæðar, enda virtist háttv. flutnm. (S. F.) sjálfur vera þeirrar skoðunar annað veifið, þar sem hann játar það, að það mundi leiða til aukinna fráfærna á Norðurlandi, en minkaðra á Suðurlandi.

En fari svo, þá eykst framleiðslan ekki í heild sinni. Það er nokkurn veginn ljóst.

Jeg tel það að vísu gott, ef hægt væri að finna heppilegt ráð til að auka feitmetisframleiðslu í landinu, en öflugasta hvötin álít jeg að yrði það, ef verð það, sem nú er, hjeldist áfram og löggjafarvaldið geri enga tilraun til að þrýsta því niður með ógætilegum þvingunarráðum.

En sje það ekki nóg hvöt, þá gæti komið til mála að verðlauna menn fyrir fráfærur. Það er ekki óliklegt, að það gæti orðið til þess, að fráfærur yrðu almennar og smjörframleiðslan þar af leiðandi ykist svo, að það lækkaði af sjálfu sjer aftur í verði. Það mætti skoðast sem eðlilegur gangur.

Þá kem jeg að annari hlið málsins, eða neytendunum. Háttv. flm. (S. F.) tók það fram, að þetta fyrirkomulag, sem felst í frv. hans, mundi fækka milliliðunum. En jeg get ekki sjeð að svo sje. Milliliðirnir verða þrír eftir frv., sem sje umsjónarmaður í hverri sveit, smjörmatsmaður í kaupstöðum og svo sjálf landsverslunin.

Býst jeg við, að milliliðir þessir yrðu allkostnaðarsamir, og síst eru þeir færri en nú á sjer stað.

Ef útkoman yrði nú sú, að framleiðslan ykist ekki, þá mundi verða

áframhaldandi feitmetisekla í landinu, og er þá hætt við því, að neytendur myndu nota sjer heimildina, sem gefin er í frv., og fara sjálfir til framleiðenda og sækja vöruna. Gefur þá að skilja, að það yrði að eins lítill hluti, sem landsverslunin klófesti.

Og þótt ganga megi út frá því, að sá litli hluti yrði ódýrari, þá liggur hættan í hinu, að sá ódýrari hluti lendi hjá þeim, sem betur eru settir og átt geta viðskifti við landsverslunina í stórum stíl.

Gæti þá svo farið, að einmitt fátæklingarnir yrðu að sæta hinum dýrari kjörum, rjett eins og átti sjer stað í fyrra vor. Þá keypti landsverslunin smjörið á 1,80 kr. pundið frá rjómabúunum og seldi það alt til stærri borgara þessa bæjar, sem keypt gátu í stórum stíl. Hinir, sem ekki gátu keypt mikið í einu, eða urðu of seinir með pöntun, urðu að sæta verra verði.

Ef litið er á alt þetta, sjest það, að hagurinn fyrir neytendurna verður ekki ýkjamikill eftir frv. þessu.

Þá kem jeg að þriðju hliðinni, landsversluninni. Hv. flm. (S. F.) heldur, að 25 aurar á pund nægi til að bera allan kostnaðinn. Það tel jeg þó óhugsandi, því að kostnaðurinn hlýtur að verða ærið mikill. Gerum ráð fyrir, að smjörið verði flutt í hvert kauptún á landinu. Þá yrði landsverslunin að eiga hús í hverju kauptúni landsins, til að versla í og geyma vöruna, og síðan að tína upp hvert einasta kauptún til að smala saman vörunni, þótt ekki væru nema smápinklar í hverjum stað. Til þess að standast þann kostnað, mundu 25 aurar af pundi ekki nægja, allra síst er þar við bætist 1% til umsjónarmanns og 1% til matsmanns. Annars er mjer það ekki ljóst, af hverju umsjónarmenn í sveitum eiga að reikna þessa 1%, sem þeir fá í þóknun. Eigi það að byggjast á skýrslunum um það, hverju lofað sje til landsverslunarinnar, þá þykir mjer sennilegast, að það verði svo lítið, að enginn fáist til starfans, en eigi það að byggjast á því, hvað mikið kemur í raun og veru af smjöri úr hverri sveit, þá verður að halda nákvæma skýrslu um það, hvaðan hver böggull hefir komið.

Og um þóknun til smjörmatsmanns eða konu er það að segja, að óheppilegt virðist það í meira lagi að miða hana við % af söluverði smjörsins, því að með því er óneitanlega gefið undir fótinn þeirri tilhneigingu, að koma smjörinu öllu í sem hæst verð, eða með öðrum orðum úrskurða sem mest af því fyrsta flokks vöru, til þess að matsmaður eða matskona geti fengið sem mesta borgun.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í málið að sinni. Jeg þykist hafa sýnt fram á það með þessum orðum, að ekki liggur opið fyrir, að sá þrefaldi ávinningur, sem getið er um í niðurlagi greinargerðarinnar, leiði af því, þótt frv. verði að lögum, sem sje það, að framleiðslan aukist og batni, í öðru lagi, að viðskiftin verði greiðari, og í þriðja lagi, að verði á feitmeti verði haldið í sæmilegu horfi.

En þrátt fyrir það, þó að jeg telji mikla tvísýnu á, að frv. nái tilgangi sínum, álít jeg það sjálfsagt, að það verði sett í nefnd til nákvæmari athugunar.

Hv. flm. (S. F.) lagði til, að því yrði vísað til bjargráðanefndar, en með því er óbeinlínis gefið í skyn, að tilgangurinn sje ekki sá, að auka framleiðsluna, því hlutverk bjargráðanefndarinnar er miklu fremur að sjá fyrir hagsmunum neytendanna heldur en framleiðendanna. En jeg vil gera það að till. minni, að því verði vísað til landbúnaðarnefnd-

ar, svo hún geti athugað, hvort hjer sje ekki verið að stiga hættulegt spor í þá átt, að skerða rjett þeirra manna, bændanna, sem hún á sjerstaklega að bera fyrir brjósti. Frumvarpið, ef það yrði að lögum, getur haft svo stórvægileg áhrif á landbúnaðinn, að telja má sjálfsagt, að sú nefnd, sem hefir landbúnaðarmálin með höndum, taki það til rækilegrar yfirvegunar.

Flutnm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg vil taka það fyrst fram, viðvíkjandi smjörverði því, sem ákveðið er í frv., að það er ekki ákveðið svo, sem þar er gert, vegna þess, að vjer Norðlendingar sjáum ofsjónum yfir verði því, er búandmenn hjer á Suðurlandi fá fyrir smjör sitt, heldur vegna þess, að jeg leit svo á, og lít svo á, að hjer sje um sanngjarnt verð að ræða. Að þetta sje rjett sjest að nokkru á smjörverðinu fyrir norðan og að nokkru leyti á því, hvað smjörframleiðendur á Suðurlandi vildu fá fyrir smjör sitt í fyrra. Í fyrra var sett hámarksverð á smjör; hámarksverðið var 1 kr. 80 au. til framleiðendanna, en þeim þótti það of lágt, en sögðust vera ánægðir með 2 kr. til 2 kr. 25 au. fyrir pundið. Þeir geta því ekki verið óánægðir með það verð, sem hjer er ákveðið, auk þess sem þeir búa að miklu betri smjörmarkaði og mundu altaf geta fengið undanþágu þá, er frv. gerir ráð fyrir, og selt smjör sitt fyrir útsöluverð.

En við hvað á að miða smjörverðið? Á að miða það við aðrar sauðfjárafurðir, og þá fyrst og fremst sláturafurðir? Sumir vilja miða það við verð aðfluttra vara, t. d. matvara, og þeir hafa nokkuð til síns máls. En jeg held, að í þessu sje rjettast að miða verðið við sjávarafurðir, t. d. fisk. Smjörinu er ekki ætlað út úr landinu; það eru kaupstaðarbúar og sjávarþorpsbúar, sem fyrst og fremst eiga að fá það, og sú vara, sem þeir geta boðið landbændum fyrir smjörið, er fiskur. Það er gamalt mál, að 1 pd. af smjöri jafngildi 1 lýsipund af fiski, og jeg held, að verðhlutföll þeirra verði svipuð eftir frv.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) virtist vilja halda því fram, að smjörverðið þyrfti að vera hærra hjer á Suðurlandi en á Norðurlandi, en þetta er misskilningur hjá hv. þm. Það sjest best á því, að þegar rjómabúsöldin var sem mest hjer á landi, þá gáfu rjómabúin á Suðurlandi góðan hagnað, en rjómabúin á Norðurlandi gátu varla borið sig. Þá vildi hann og líta svo á, sem frv. gerði ráð fyrir mörgum milliliðum. Eigi get jeg fallist á það; frv. gerir að eins ráð fyrir einum millilið, landsversluninni; hitt eru verkamenn hennar.

Þó gerði sami hv. þm. (E. P.) ráð fyrir því, að ef frv. þetta næði óbreytt fram að ganga, þá þyrfti landssjóður að eiga hús í hverju kauptúni til smjörgeymslu og að eyða miklu fje til að safna því saman. Allir sjá, að þetta eru öfgar einar, og þetta nær engri átt. Landssjóður fær leigt handa smjörinu þar sem þess þarf, og umboðsmennirnir segja til, hvar smjör sje ósent. Kostnaður þessi er því mjög lítill.

Rjettast tel jeg að vísa þessu máli til bjargráðanefndar; hún á fyrst og fremst, eins nú hagar, að reyna að stuðla að því, að framleiðsla landsmanna aukist, og nægir þar að benda á sjávarútveginn; því á frv. þetta þangað fara, en eigi til landbúnaðarnefndar.

Magnús Kristjánsson: Segja verð jeg það, að jeg er ekki til fulls búinn að átta mig á frv. því, er hjer liggur fyrir, og

hefi því ekki tekið að fullu afstöðu til þess„ en mjer virtust mátbárur þær, sem bornar voru fram gegn frv., meir miðaðar við ástandið eins og það var fyrir ófriðinn heldur en við ástandið eins og það er nú, og því er það, að jeg vildi segja nokkur orð.

Öllum hv. þm. hlýtur að vera það ljóst, að feitmetisskorturinn hjer á landi kemur eingöngu af því, að aðflutningarnir hafa tepst. Og þótt eitthvað af smjöri sje fáanlegt fyrir 6 kr. til 6 kr. 50 aura kílóið, þá er það svo hátt verð, að allur þorri manna hefir ekki efni á því að kaupa svo dýrt feitmeti, og verður því að vera feitmetislaus. Og ef hann hefði efni á að kaupa feitmeti sliku verði, þá yrði eftirspurnin margfalt meiri en framboðin. Þess vegna er það nauðsynlegt, að framleiðsla á smjöri aukist að miklum mun, ef frv. þetta á að ná tilgangi sínum, og svo hlýtur að verða, ef frv. um fráfærur ásauðar nær fram að ganga. Mjer finst, að þá sje þetta frv. beinlinis nauðsynlegt, og þá kemur það á heppilegu viðskiftafyrirkomulagi. Mjer finst frv. stefna að því, að framleiðandi fái sem mest fyrir vöru sína, en þetta er vitanlega þveröfugt við skoðun 1. þm. Rang. (E. P.).

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara frekar út í mótbárur þær, er bornar voru fram gegn frv., en þegar verið er að bera smjörverðið saman við verð útl. vöru, þá verður það að gerast með mikilli aðgæslu, og er alls ekki nóg, eins og hjer var gert, að taka einstaka matvörutegundir til samanburðar, heldur verður að miða við verð margra vörutegunda. En þótt smjörverðið sje borið saman við kornvöru, þá hefir þó smjörverðið hækkað miklu meira en kornið.

Þá var því haldið fram, að smjörframleiðsla á Suðurlandi sje mikið kostnaðarmeiri en annarsstaðar á landinu. Má vera að svo sje, en með öllu er það þó órannsakað og óupplýst mál, enda hefir kostnaðurinn við það ekki stóraukist á einu ári. En þótt svo væri, þá má gera ráð fyrir, að sá kostnaðarauki hafi átt sjer stað um land alt. Þess vegna ekki ástæða til að halda því fram, að fyrirkomulag það, er frv. þetta fer fram á, þótt það næði fram að ganga, kæmi sjerstaklega hart niður á einum landshluta fremur öðrum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Tillaga um að vísa málinu til landbúnaðarnefndar feld með 7 : 5 atkv.

Frv. vísað til bjargráðanefndar (sjá A, bl. 544) með 9 : 1 atkv.

Á 8. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 24, n. 62 og 63).

Frsm meiri hl. (Sigurjón Friðjónsson): Eins og kunnugt er, hefir bjargráðanefndin klofnað í þessu máli. Meiri hluti hennar leggur til, að frv. nái fram að ganga með nokkrum breytingum, en minni hlutinn vill fella frv. strax.

Aðalbreytingar meiri hlutans eru tvær. Önnur er sú, að hækka hámarksverðið um 50 aura á hverju kg., A-flokkinn upp í kr. 5,00 og B-flokkinn upp í kr. 4,50. Hin aðalbreytingin er sú, að fella niður undanþágu frá hámarksverði á smjöri því, sem gengur beint milli framleiðenda og neytenda, og er það gert til þess, að auðveldara verði

að fyrirbyggja braskaraverð á smjörinu, og í sömu átt gengur ákvæðið um sektir á brotum gegn lögunum.

Um mótbárur minni hlutans get jeg verið fáorður. Mjer virðist þær vera sjálfum sjer sundurþykkar, og geta því ekki staðist, frekar en ríkið, sem var sjálfu sjer sundurþykt. Annars vegar kemur fram trúleysi á því, að lög þessi gætu orðið til þess að auka smjörframleiðslu í landinu, en hins vegar er hræðsla við það, að of mikið smjör berist í hendur landsverslunarinnar, og hún muni því neyðast til að selja það með niðursettu verði. Síðari mótbáran, að smjörið verði of mikið, þykir mjer ólíkleg, enda væri þá hægt fyrir landsverslunina að selja smjör til útlanda, og það jafnvel fyrir hærra verð en hámarksverðið er hjer. Hitt þykir mjer sennilegra, að áhrif laganna í þá átt, að auka framleiðsluna, yrðu ekki eins mikil og þörf er á, en þó hygg jeg, að þau yrðu talsverð.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um frv. að þessu sinni, en vil þó geta þess, að í ráði er hjá meiri hluta nefndarinnar að koma fram með brtt. við 3. umr. málsins, og stendur svo á því, að nokkrir menn hjer í Reykjavík hafa í hyggju að setja á stofn smjörlíkisverksmiðju, en það geta þeir því að eins, að þeir hafi tryggingu fyrir því, að þeir fái tólg við sæmilegu verði. Vilja þeir gera samninga við landsverslunina um það, og taki hún síðan smjörlíkið af þeim til útsölu. Jeg vildi að eins vekja athygli á þessu, í þeirri von, að frv. fái fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ólafsson): Jeg vænti þess, að hv. deild hafi kynt sjer nál. minni hl., á þgskj. 63, og sjeð ástæður þær, sem hann hefir fram að færa. Vil jeg þó bæta þar við nokkrum orðum. Aðaltilgangur frv. virðist eiga að vera sá, að auka feitmetisframleiðslu í landinu, en það þykir minni hl. ekki líklegt að takist með því, að leggja höft á viðskifti manna á þeirri vöru. Þótt hámarksverðið sje hækkað um 50 aura á kg. á hvorum flokki smjörsins, þá er það að vísu bót frá því, sem var í frv., en nær þó ekki gangverði nú hjer sunnanlands. Þess verður líka að gæta, að seljendur fái ekki þetta verð óskift; nokkuð fer til milliliðanna tveggja, þó lítið sje.

Gert er ráð fyrir, að umsjónarmaður fái 1% af verði þess smjörs, er hann gefur skýrslu um, og eftir brtt. meiri hl. eiga matsmenn að fá 5 au. af hverju kg. Jeg minnist ekki á þetta af því, að mjer þyki laun þessi of há, en þau dragast þá frá söluverðinu. Mjer þykir líka mjög ótrúlegt, að starf umsjónarmanna þessara yrði að nokkrum notum, því að skýrslur, sem safnað er fyrir 20. júní, mundu naumast gefa rjetta hugmynd um, hve mikið yrði selt af smjöri yfir sumarið.

Eftir frv. var framleiðanda leyfilegt að selja smjör og tólg beint til neytanda, til eigin heimilisnota, án ákvæðis um hámarksverð, en nú hefir sú undanþága verið feld burt með brtt. meiri hl. Meiri hl. getur ekki skilið, hvernig sú breyting megi til bóta verða, því að hvernig á að hafa eftirlit með slíkri sölu? Hver getur vitað um það, hvort jeg t. d. sel nágranna mínum undir eða yfir hámarksverði? Mjer virðist það beint hlægilegt að setja sektir við broti á slíku ákvæði, sem ógerningur er að vita hvort haldið er eða ekki.

Hv. frsm. meiri hl. (S. F.) fór nokkr-

um orðum um nál. okkar, og taldi hann það eins og ríki, sem er sjálfu sjer sundurþykt. Jeg vil ekki líkja skoðun hans við ríki, þótt segja megi um hana, með engu minni rjetti, að hún sje sjálfri sjer sundurþykk, þar sem því er haldið fram, að lög þessi myndu auka framleiðsluna á Norðurlandi, en draga úr henni á Suðurlandi. Mundi þá ekki verða tvísýnt um ágóðann?

Jeg get ekki sjeð, að meiri þörf sje á, vegna framleiðenda, að lögbjóða með þvingunarlögum hámarksverð á þeirri vöru, sem hægast er að fá sæmilega hátt verð fyrir. Hv. flm. (S. F.) tekur það fram í greinargerð frv., að þvingunarlög sjeu neyðarúrræði, sem ekki ætti að grípa til nema í ítrustu nauðsyn, og er það hverju orði sannara, en hitt kemur kynlega fyrir, að lasta þvingunarlög í greinargerð fyrir þvingunarlagafrv., eins og hann gerir þar.

Það er rjett, að nál. minni hl. heldur því fram, að frv. mundi ekki verða til þess að auka framleiðsluna, en sýnir jafnframt fram á, hvernig færi, ef sú skoðun reyndist ekki rjett og landsversluninni bærist ef til vill of mikið af smjöri, að niðurstaðan verður sú sama, hvort heldur sem yrði, að frv. mundi ekki koma að neinu gagni.

Greinargerð hv. flm. (S. F.) og nál. meiri hl. tekur heldur ekki dýpra í árina en það, að segjast álíta, að frv. geti orðið til nokkurra bóta.

Þá er eftir að líta á, hver not kaupendur myndu hafa af lögum þessum. Þar hefir maður reynsluna fyrir sjer hvað hámarksverðið snertir. En það er öllum kunnugt, að um það hefir ekki verið skeytt, og hefir það því ekki að neinu gagni komið. Og litlar líkur eru til þess, að ákvæði það yrði betur haldið fyrir sektarákvæðin.

Þá má líka benda fylgismönnum frv. á það, að auknar fráfærur mundu draga úr tólgarframleiðslunni, og er það atriði vert athugunar fyrir hv. meiri hl., sem ætlar sjer að koma fram með brtt. við 3. umr., í sambandi við það, að í ráði er að stofna hjer smjörlíkisverksmiðju.

Jeg skal svo ekki eyða fleiri orðum að frv. að sinni, en legg til, að það verði felt.

Halldór Steinsson: Hv. frsm. minni hl. (G. Ó.) hefir að mestu leyti tekið fram skoðun mína á þessu máli. Jeg þykist viss um, að lög þessi mundu hafa litla þýðingu og mundu ekki auka smjörframleiðslu í landinu yfir höfuð. Þau gætu að vísu aukið hana á Norðurlandi, en mundu draga úr henni á Suðurlandi, og mundi sá mismunur varla verða til bóta.

Jeg hygg líka, að frv. mundi ekki stuðla að greiðari viðskiftum á feitmeti, því að víða á landinu er svo háttað, að hjeruðin framleiða ekki feitmeti nema til sinna þarfa, og eru viðskifti hjeraðsbúa þar greiðust með því fyrirkomulagi, sem nú er.

Þriðja atriðið er það, að fyrirgirða braskverð á smjöri, en um það held jeg líka að fylgismenn frv. geri sjer of háar hugmyndir. Jeg hygg, að hjer yrði eins og með önnur þvingunarlög, að hægt mundi að fara í kringum þau, og það ekki sparað.

Það, sem jeg álít að geri frv. aðallega þýðingarlaust, er það ákvæði í 1. gr., að framleiðendur megi selja beint til neytenda; af því mundi leiða, að alt hjeldist í sama horfi og áður var. Jeg held því, að það hefði mjög litla þýðingu að samþ. frv. Það yrði að eins til að fjölga pappírslögunum svo nefndu, sem meira en nóg er til af áður.

Jeg vil því leggja það til, að frv. þessu verði ekki hleypt lengra.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg vildi að eins gera nokkrar athugasemdir út af því, sem sagt hefir verið. Það er þá fyrst um vonirnar um árangur af lögum þessum. Eins og gefur að skilja, eru það að eins vonir. Reyndin ein getur skorið úr því, hver árangurinn verður. Og jeg þykist ekki hafa látið í ljós háar vonir um hann, því að það er siður minn að fullyrða ekki um það, sem jeg veit ekki um, og það, sem framtíðin felur, getur enginn vitað um.

Þá er annað atriðið, að hámarksverð frv. nái ekki gangverði nú, svo að framleiðendur geti ekki gert sjer vonir um gott verð á vöru sinni, en það er einmitt tilgangur frv. að draga úr því óhæfilega háa smjörverði, sem nú er, þar sem verðhækkun á því er meiri en á nokkurri annari innlendri vöru.

Hvað því viðvíkur, að lítið mundi berast í hendur landsverslunarinnar, þá er því til að svara, að svo framarlega sem fráfærur ykjust, þá mundi framleiðsla á smjöri aukast svo, að mörg hjeruð mundu hafa smjör aflögu, og þá auðvitað selja það landsversluninni.

Þá hefir því verið haldið fram, að lítill árangur mundi verða af starfi umsjónarmanna. En það fyrirkomulag er bygt á skýrslum, sem reyndar hafa verið í Þingeyjarsýslu og hafa reynst ábyggilegar.

Um það, að viðskiftin yrðu ógreið, er það að segja, að undanþágan er veitt til þess að greiða fyrir viðskiftavinum innan hjeraða, en landsverslunin á að greiða fyrir þeim milli fjarlægra hjeraða.

Eggert Pálsson: Jeg mintist lítið eitt á frv. þetta, þegar það var til 1. umr., og taldi þá ekki gerlegt að samþ. það. Bjargráðanefndin hefir síðan haft frv. til meðferðar, og meiri hluti hennar leggur til, að það verði samþ. með brtt. þeim, sem prentaðar eru á þgskj. 62, er brtt. þessar geta ekki á neinn hátt breytt áliti minu á frv.

Það má segja, að eiginlega sje þar að eins um eina eiginlega breytingu að ræða, þá breytingu, að setja hámarksverð á alt smjör, jafnt það, sem framleiðendur selja beint til neytenda, sem hitt. Þetta er stærsta og veigamesta brtt., en jeg get tekið undir með hv. þm. Snæf. (H. St.), að jeg er hræddur um, að þessi brtt. nái ekki tilgangi sínum. Það hefir áður verið reynt hjer á landi að hafa hámarksverð á smjöri, en það hefir alt farið út um þúfur, og það er ósköp eðlilegt, að hámarksverð á íslenskum afurðum komi aldrei að notum. Því ef of lítið er framleitt af vörunni, þá neyta neytendur allra ráða til að afla sjer hennar, og af því leiðir, að þeir kaupa hana hærra verði en hámarksverðið ákveður, og enginn hirðir um að fara eftir því, hvorki sá, sem selur, nje sá, sem kaupir.

Jeg gat þess um daginn, að undirstaðan undir frv. þessu væri ofsjónin yfir mun, sem er á smjörverðinu á Suðurlandi og Norðurlandi, enda er það skýrt tekið fram í greinargerðinni fyrir frv., að það sje skylda þings og stjórnar að laga þetta. En jeg hygg, að það sje með öllu ókleift að kippa slíku í lag í jafnvíðáttumiklu landi og Ísland er. Og ef gera á svo þegar um mismunandi smjörverð er að ræða, á og að gera það þegar um mismunandi verðlag er að ræða á öðrum vörutegundum. Við vitum t. d., að það kemur oft fyrir, að fiskur er margfalt dýrari hjer í Reykjavík en víða annarsstaðar

úti um land. Þetta fer vitanlega eftir því, hversu mikið aflast og hversu mikil eftirspurnin eftir þeirri vöru er. En við þurfum ekki að ætla oss þá dul, að laga slíkan mismun með lögum. Það væri afaróholt fyrir þjóðfjelagið, ef slíkt væri reynt. Og eins og því er háttað í þessum efnum, svo er það líka í öðrum.

Hið fyrsta er mörgum verður að spyrja, er hann sjer frv. þetta, er: Hverjum er frv. í hag? Er það í hag framleiðenda, eða er það í hag neytenda? Ef það er hvorugum í hag, þá hlýtur frv. að vera þýðingarlaust.

Það hefir verið deilt um það, hvort af frv. mundi leiða aukin smjörframleiðsla, og hv. flm. frv. (S. F.) sagði nýlega, að ekki væri hægt að segja neitt um það. Í greinargerð þeirri, er fylgir frv., býst hann við, að smjörframleiðslan muni aukast á Norðurlandi, en minka á Suðurlandi, en það er því næst, sem að segja, að smjörframleiðslan muni standa í stað, þótt frv. yrði samþ. En annaðhvort ætti hún að minka eða aukast við svona löguð lagaákvæði.

Ef smjörframleiðslan minkaði, þá ber að sama brunni og áður, að eftirspurnin verður meiri, og verðið hækkar og hækkar, hvað svo sem lög segja þar um. Hámarksverðið, sem til er tekið í frv., mundi þá reynast algerlega máttlaust. Menn mundu þá finna ýms ráð til þess að fara í kringum það, t. d. með því að taka svo og svo mikinn flutningskostnað. En ef framleiðslan aftur á móti ykist, þá liggur í hlutarins eðli, að smjörinu væri haldið með ákvæðisverði frv. í óeðlilega háu verði. Landsstjórnin væri þá sem sje skyld til að kaupa alt það smjör, þótt meira en nóg væri handa landsbúum, fyrir hið lögákveðna háa gjald. Og til þess að forðast beint tap yrði hún að selja smjörið til útlanda að meira eða minna leyti, eða með öðrum orðum að gefa sjálfri sjer undanþágu frá útflutningsbanni því, sem nú er á feitmeti. En að hún leyfi sjer þann útflutning, sem hún bannar öðrum, er harla óviðfeldið og næsta einokunarkent.

Jeg hygg, að þó að smjörverðið sje hátt nú sem stendur, þá sje ekki ástæða til þess að demba þannig vöxnum þvingunarlögum á þjóðina fyrir þær sakir. Það virðist rjettara að líta á, hverjar ástæður liggja til þess, að smjörverðið er svo hátt, sem nú er raun á. Og ástæðan til þess virðist liggja opin fyrir. Við vitum, að síðastliðin tvö ár hefir heyfengur manna hjer á Suðurlandi brugðist meira og minna. Heyin hafa verið hrakin og skemd, sjerstaklega taðan, og þá er eðlileg afleiðing af því, að kýr gera minna gagn en ella hefði verið, ekki að eins að vetrarlagi, heldur einnig að sumri til, því kýr þurfa langan tíma til að ná sjer eftir ljelegt fóður, eins og öllum má vera auðsætt. Og þegar þessa er gætt, þá hljóta allir að vona, að hjer sje að eins um bráðabirgðahækkun að ræða, sem engin ástæða er til að löggjafarvaldið fari að skifta sjer af. Það má ganga út frá því sem sjálfsögðu, að strax er árferði batnar og heyfengur bænda verður betri, þá hljóti smjörframleiðslan að vaxa og þá jafnframt verðið að lækka af sjálfu sjer, án íhlutunar löggjafarvaldsins.

Magnús Kristjánsson: Það er ekki mikil ástæða fyrir mig að taka til máls, því hv. framsm. meiri hlutans (S. F.) hefir fært ljós rök fyrir því, að frv. þetta getur aldrei gert skaða, en hins vegar

miklar líkur til, að það geri gagn. Jeg mun þá ganga fram hjá smáatriðunum.

En það tel jeg þungamiðju þessa máls, að Alþingi er samkvæmt frv. ætlað að sjá um það, að helstu lífsnauðsynjar manna sjeu ekki svo dýrar, að alþýðu manna sje ókleift að kaupa þær. Við vitum og, að um allan heim er þetta talin bein skylda þings og stjórnar, og að öll lönd hafa gert miklar og margvíslegar ráðstafanir um þau efni. Nú hagar svo til, að eitt kilo af smjöri kostar 7 krónur, og þetta er svo hátt verð, að það er öldungis hið sama og að útiloka fjölda manns frá því að geta keypt smjörið, og þótt frv. gerði ekkert gagn að því leyti að auka smjörframleiðsluna, þá er þessi kostur þess svo stór, að mjer blandast ekki hugur um það, að greiða frv. atkv., og jeg tel sjálfsagt, að það nái fram að ganga. Og þar sem enginn hefir leyft sjer að halda því fram, að frv. væri skaðlegt, þá finst mjer það vera sjálfsagt að samþykkja það, og það því fremur, sem enginn getur heldur fært rök fyrir því, að það mundi ekki auka smjörframleiðsluna.

Ekki finst mjer það vera nema eðlilegt, þó að kaldan gust leggi á móti frv. frá hinum hv. smjörframleiðendum, en hitt þykir mjer kynlegra, þegar þm. frá sjávarþorpum, eins og hv. þm. Snæf. (H. St.), leggjast á móti því, því mjer finst honum ætti að þykja vænt um það, að vara þessi væri í viðunanlegu verði.

Annars er það mjög varhugaverð stefna, er virðist bóla á hjá sumum hv. þm., að vilja rífa niður allar tilraunir, er koma fram til þess, að ráða bót á vandræðum þeim, er nú ríkja. Sú stefna kom og fram hjer í hv. deild þegar verið var að ræða um fráfærur ásauðar, því ástæður þær, er þar voru færðar fram, voru harla ljettvægar, einkum þegar þess er gætt, að þar var eingöngu um heimildarlög að ræða, sem ekki átti að nota nema þar, sem það gæti vel átt við. Hv. þm. verða að gera sjer það fyllilega ljóst, að það er skylda þeirra að reyna að ljetta undir með almenningi í dýrtíð þeirri, sem nú ríkir, eftir því sem hægt er, og því verða nauðsynjavörur að seljast með sanngjörnu verði, svo fólk geti framfleytt sjer og sínum. Og hv. þm. verða að gæta þess, að það hvílir mikil ábyrgð á þeim, þegar þeir eru að rífa niður. Það er vandalítið að rífa niður, en því fylgir skylda til að byggja eitthvað upp í staðinn.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ólafsson): Hv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að enginn hefði leyft sjer að halda því fram, að frv. þetta væri skaðlegt. Það er nú svo — það kann að vera, að enginn hafi sagt það með beinum orðum, en vjer, sem erum í minni hl. í nefndinni, höldum því fram, að frv. sje skaðlegt, því það er jafnan skaðlegt að setja gagnslaus lög, sem fáir eða engir fara eftir, en margir brjóta. Jeg er sannfærður um það, að hvorki framleiðendur nje neytendur hafa nokkurt gagn af þessu frv. Hv. flm. (S. F.) sjálfur hefir heldur aldrei leyft sjer að halda því fram, að smjörframleiðslan ykist, þótt frv. hans yrði samþykt, og hv. þm. Ak. (M. K.) sagði við 1. umr. um frv., að það væri einkis nýtt. (**M. K.:** Ekki rjett, jeg neita því). Má vera, að það komi ekki í þingtíðindin, en hann bætti þá raunar við: ef fráfærnafrumvarpið verður ekki samþykt, sem getur þó varla haft mikil áhrif. Af þessu vona jeg, að menn sjái, að nytsemi frv. er ekki mikil, þegar aðalforkólfar þess vantreysta því sjálfir.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Með örfáum orðum vil jeg gera grein fyrir atkvæði mínu. Eins og menn vita, þá er útflutningsbann á smjöri og tólg, og hefir það talsverð áhrif á mál þetta. Í fyrra var reynt að setja hámarksverð á smjör, en það voru svo mikil brögð að því, hvað farið var í kringum hámarksverðið, að það varð að nema það aftur úr gildi, og eru því varla líkindi fyrir, að það kæmi nú að notum. En eins og hv. þm. Ak. (M. K.) sagði, þá liggur svo mikil hugsjón á bak við frv., að jeg tel sjálfsagt og rjett að greiða því atkv. til 3. umr., og það því fremur, sem nefndin á eftir að athuga stórt og þýðingarmikið atriði, sem stendur í nánu sambandi við þetta, eins og hv. frsm. meiri hl. (S. F.) gat um.

Halldór Steinsson: Hv. þm. Ak. (M. K.) lagði áherslu á það, að með frv. þessu væri sett hámarksverð á smjör, en ef það er aðalatriði frv., þá vil jeg benda á, að til þess þarf ekki lagasetningu. Verðlagsnefndin getur hve nær sem er sett hámarksverð á smjör, og það heyrir beinlínis undir verkahring hennar. Annars vil jeg, úr því jeg stóð upp, mótmæla því um leið, að jeg fylgi nokkurri niðurrifspólitík, eins og hv. þm. Ak (M. K.) bar mjer á brýn.

Guðmundur Björnson: Háttvirtu þingbræður! Jeg ætla mjer ekki að blanda mjer inn í umr. um þetta mál, um það, hvaða áhrif þetta frv. mundi hafa á smjörverð og smjörafla í landinu. En jeg vildi vekja athygli háttv. þm. á einu mjög mikilsverðu atriði; það er feitmetiseklan, sem getur orðið tilfinnanleg í landinu. Þess hefir verið getið hjer í umr. um annað mál, hvað það hefir í för með sjer, að feitmetisskortur getur orðið í sumum hjeruðum landsins. En það er mjer kunnugt um, að svo hefir verið. En jeg verð að segja það, að aldrei hefir komið fyrir enn, að feitmetisskortur hafi orðið í landinu í heild sinni. Ef skynsamlega hefði verið niður deilt, þannig, að þegar þess varð vart, að feitmetisskortur var sumstaðar, þá hefði verið hægt að vísa til annara staða, þar sem það var aflögu. Það kom fyrir síðast í fyrra, að feitmetisskortur var á Suður- og Vesturlandi, en þá var til nóg af tólg á Norðurlandi.

En hvort sem á þetta er litið frá sjónarmiði bænda eða verslunarinnar, þá verður það aldrei aðalatriði þessa máls. Undirstöðuatriðið, þjóðhagsatriðið, er það, að Alþingi verður að hugsa fyrir því, að tilfinnanlegur skortur komi ekki fyrir í einstökum bygðum. Ef landið, stjórnin, hefði verslunina í sinni hendi, ætti að vera hægt að girða fyrir, að skortur verði í einu bygðarlaginu frekar en öðru. Hvað sem líður þessu frv., er þetta skylda Alþingis: að girða fyrir skortinn eins og unt er. Gáum að einu, skortur getur orðið á tvennan hátt: annaðhvort algerður skortur, eða skortur í tómthúsmannabygðunum, meðal fátæklinga og þeirra, sem ekki geta greitt hvaða verð sem krafist er fyrir mat sinn. Svo verður það, ef aðflutt feitmeti nægir þeim mönnum einum, sem næga peninga hafa. Þá verða hinir að eta þurt. Aðalatriðið er, að þingið sjái um, að hinir efnaðri lifi ekki í „vellystingum praktuglega“ og hinir efnaminni svelti. Jeg hafði tal af merkum manni, nýkomnum frá Englandi. Hann var alveg forviða á óhófinu, sem varð hjer alstaðar fyrir augunum á honum. Á Englandi væru allar lífsnauðsynjar skamtaðar. Feitmetið er ein af brýnustu lífsnauðsynjum. Ef alt er látið danka eftir-

litslaust, getur hæglega komið til þess, að þeir, sem peningana hafa, smyrji jafnþykt brauðinu, en hinir hafi ekkert. Jeg segi það einu sinni enn, að hvað sem líður þessu frv. um einkarjett til að versla með feitmeti, er það skylda þingsins að sjá fyrir því, að ekki verði feitmetisskortur í einstökum hjeruðum, eða meðal efnaminna fólks af þeirri ástæðu, að alt sje látið ganga eftirlitslaust.

ATKVGR.

1. gr. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., S. F., G. G., Jóh. Jóh., M. K., G. B.

nei: M. T., S. E., E. P., G. Ó., H. St., H. Sn., K. E., K. D.

Frv. því

f a l l i ð.

Skipamiðlar.

Á 7. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um skipamiðlara (A. 27).

Á 9. fundi í Ed., mánudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Eins og kunnugt er, þá hafa heyrst allmargar raddir um það, að síðustu þing hefðu verið óþarflega frjósöm að lagafrumvörpum og breytingum á eldri lögum, en jeg fyrir mitt leyti lít svo á, sem það hafi ekki verið um of. Það hefði verið miklu athugaverðara, ef Alþingi hefði verið andvaralaust um þær breytingar, sem gera þurfti á lögum landsins og þeim nýjum lögum, er þörf var á að setja, í tilefni af breyttum lifnaðarháttum og framþróun þjóðarinnar. Það hlýtur ætíð að vera eitt helsta skylduverk Alþingis að gæta þess, að lög þjóðarinnar sjeu í fullu samræmi við lifnaðarhætti hennar. Og þegar nýir atvinnuvegir rísa upp meðal þjóðarinnar, þarf að gæta þess, hvort eigi þarf að breyta eldri lögum eða setja ný lög.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er að fullu tímabært, og jeg lít svo á, sem það hefði ekki mátt dragast að flytja það, svo það gæti náð framgangi. Jeg geri fastlega ráð fyrir því, að öllum komi saman um það, að viðskifti þjóðarinnar eigi sem mest, eða helst að öllu, að vera í höndum innlendra manna, og þá ekki síður þau viðskifti hennar, er lúta að siglingum, skipaleigur, skipakaup o. s. frv.

Til skamms tíma var þessum viðskiftum svo háttað, að vjer urðum að snúa oss til útlendinga um alt það, er að þeim lýtur, en síðustu tvö árin hefir þetta breyst svo, að innlendir menn hafa að miklu leyti annast þessi viðskifti, og er það stríðið, sem gert hefir þessa breytingu. En þegar stríðinu linnir, mun aftur sækja í gamla farið, þetta óeðlilega verslunarlag, sem ríkt hefir hjer um, nema því að eins að trygt sje, að útlendir skipaeigendur geti snúið sjer til manna, sem víst er að njóti trausts hins opinbera. — Og það er tilgangur frv. þessa, að svo verði — viðskiftin haldi áfram í landinu.

Þessu frv. hefir verið sýndur svo mikill heiður, að það hefir verið ráðist á það í blaði nokkru, áður en hæstv. Alþingi gat haft það til meðferðar. Það má

nú segja, að þetta sje óþarflega snemma, en það sýnir betur en nokkuð annað, að hjer er um þarft og nauðsynlegt mál að ræða. Annars hefði ekki verið ráðist strax á frv., en jeg finn ekki ástæðu til að svara mótbárum, er þar voru færðar móti frv., fyr en ef þær koma fram hjer í hv. deild, því mestmegnis voru þær einber misskilningur.

Frv. gerir ráð fyrir því, að öllum, er það vilja, sje frjálst að stunda þennan atvinnurekstur, en jeg tel, og að því beinist frv., að til þessa starfs veljist hæfir menn, og það er hlægileg fjarstæða, sem haldið var fram í þessari blaðagrein, að af því að stjórnarráðið á að útnefna þá, þá verði það óhæfir menn. En í öðru lagi er það svo, að ef menn vilja vera miðlarar, þá eru menn háðir eftirliti stjórnarinnar.

Aðalætlunarverk miðlaranna er að starfa sem óvilhallir lögskipaðir milligöngumenn í þarfir atvinnurekstrar þess, er starfssvið þeirra nær til, og í útlöndum er það svo, að sami maður má ekki hafa önnur störf með höndum. Þó getur sami maður fengið leyfi til að starfa sem vörumiðlari og verðbrjefamiðlari; hins vegar fær skipamiðlari ekki að hafa á hendi önnur miðlarastörf, nema þegar alveg sjerstaklega stendur á, t. d. ef skip verður fyrir sjótjóni, þá fær skipamiðlari leyfi til að starfa sem vörumiðlari. Miðlararnir mega því ekki hafa önnur verslunarstörf á hendi en þau, sem þeir eru skipaðir til að gera, og víða sett tryggingarákvæði fyrir því, að þeir misbrúki ekki stöðu sína.

Starf skipamiðlara er aðallega að semja um skipaleigur, sjá um afgreiðslur skipsskjala við komu þeirra í höfn og burtför, greiða fyrir tollafgreiðslu, gangast fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum vegna sjótjóns o. þ. h., og víðast hvar er starf þeirra skýrt afmarkað, þótt það sje hins vegar nokkuð mismunandi á hinum ýmsu stöðum.

Menn sjá best, hversu starfsemi skipamiðlaranna er talin ábyrgðarmikil, þegar þeir gæta að því, að víða eru miðlararnir skyldir að framkvæma störf sín sjálfir; einungis þegar um heilsubrest er að ræða, geta þeir fengið aðstoðarmann sinn settan til að gegna starfinu fyrir sig, þó því að eins, að sá maður verði að dómi hlutaðeigandi yfirvalda álitinn vel fær til að gegna starfinu. Það ber þó við, að skipamiðlarar, sem hafa umfangsmikið starf, geta fengið sjer skipaðan fastan fulltrúa, þegar reynslan hefir sýnt, að þeir þurfi iðulega að vera fjarverandi vegna skipaskaða og annara þesskonar starfa.

Alt þetta miðar að hinu sama, að það sje ekki hyggilegt að setja engar skorður við því, hverjir hafi þetta starf með höndum.

Loks skal jeg geta þess, að það er talið ókleift, að aðrir fáist við miðlarastörf en þeir, sem eru til þess skipaðir; eigi slíkt sjer stað, getur það varðað sektum, og getur jafnvel bakað þeim ábyrgð, sem verkið er unnið fyrir.

Skipamiðlarar eru skyldir til að færa löggilta gerðabók, og sje í hana rituð skýrsla um störf þau, er þeir framkvæma daglega, svo jafnan sje kostur á að fá afrit af gerðinni, ef á þarf að halda. Slík afrit geta haft talsverða þýðingu, sem sönnunargögn í málum, sem kunna að rísa út af skipasamningum og þess háttar. Enn fremur eru víðast hvar, þar sem skipamiðlarastarfsemi á sjer stað, settar reglur um það, hversu hátt gjald þeir megi taka fyrir störf sín, og alstaðar er þeim bannað að gefa óviðkomandi mönnum upplýsingar um störf, er

þeir hafa int af hendi fyrir aðra, ef einhver hlutaðeigandi krefst, að þeim skuli haldið leyndum.

Jeg þykist nú ekki þurfa að þreyta hv. deild á lengri framsögu í máli þessu. Það hlýtur öllum, er um þetta hugsa, að vera ljóst, að það er full þörf á því, að þingið taki til alvarlegrar íhugunar, hvort ekki sje rjett og nauðsynlegt að koma starfsemi þessari í fastara horf en nú er.

Magnús Torfason: Jeg vil að eins gera stutta fyrirspurn til hv. flm. (M. K.) um 2. gr. frv. Þar segir, að enginn geti orðið löggiltur skipamiðlari, nema hann sje fullra 25 ára að aldri og fullnægi öðrum almennum skilyrðum. Ber nú að skilja þetta svo, að engir geti verið skipamiðlarar, nema löggiltir sjeu? Eftir orðalagi greinarinnar virðist vera vafasamt, hvort líta megi svo á, og mun þurfa að kveða ákveðnar að þessu en gert er í greininni.

Jeg tók ekki eftir, að hv. flm. (M. K.) legði til, að máli þessu yrði vísað til nefndar, og vil því leggja til, að því verði vísað til sjávarútvegsnefndar, að þessari umræðu lokinni.

Flm. Magnús Kristjánsson): Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. Ísaf. (M. T.) vil jeg taka það fram, að eftir anda þessarar gr. frv. og frv. í heild sinni mega ekki aðrir vera skipamiðlarar en þeir, sem löggildingu hafa hlotið. Þetta finst mjer vera skýrt í frv.; þó mætti má ske orða það skýrar.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að jeg hefði ekki lagt til, að málinu yrði vísað til nefndar, og var það af því, að mjer fanst það eðlilegra, að sú tillaga kæmi frá öðrum, án þess þó, að jeg hafi nokkuð við það að athuga, en mjer finst rjettast að vísa málinu til allsherjarnefndar, og vil jeg því leggja það til, að svo verði gert, þegar umr. er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) með 8 : 2 atkv.

Á 20. fundi í Ed., fimtudaginn 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 110).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Þó frv. það, sem hjer um ræðir, sje ekki langt, er það þó að efni til svo mikilvægt, að nefndinni hefir ekki unnist nægilegur tími til að íhuga það sem skyldi. Skipamiðlastarfið er nú á byrjunarstigi hjer á landi, og er fyllilega ástæða til að reyna að tryggja það nú þegar, að menn verði ekki valdir til þess af verri endanum. Nefndinni barst langt og ítarlegt frv. í handriti, sem hún hafði tæpast annað að athuga við en það, hve langt og ítarlegt það var, allra helst þar sem þingtíminn mun hafa verið vel hálfnaður, að því er búast má við, þegar nefndinni barst frumvarpið í hendur. Mál þetta er svo áríðandi og umfangsmikið, að þingmönnum er ekki ætlandi að búa það út til fullnustu, heldur væri það stjórnarinnar og sjerfróðra manna að búa það vel úr garði áður en á þingið kæmi. En jafnframt þessu sá nefndin þörf á, að sett verði nú þegar byrjunarlagaákvæði til að tryggja þeim mönnum, sem þurfa að snúa sjer til skipamiðla, að einhverjir sjeu til innanlands, og þeir ekki af verri endanum. Hefir nefndin því komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að aðhyllast frv.

það, sem fyrir liggur, með lítilfjörlegum breytingum.

Nefndin leitaði álits Verslunarráðs Íslands og fjekk brjef frá því, þar sem komist er að sömu niðurstöðu og nefndin komst að; lög um skipamiðla í öðrum löndum sjeu mjög sundurleit, og hjer á landi hagi á margan hátt alt öðruvísi til en í öðrum löndum; sje því ráðlegast að fara gætilega af stað, en byggja síðar á reynslunni, er lengri og ítarlegri lög verði sett um starfsemi skipamiðla.

Nefndin ráðleggur því hv. deild að samþykkja frv. með þeim breytingum, er jeg nú í stuttu máli skal minnast á.

Fyrsta brtt., við 1. gr., er sú, að skipamiðlar verði skipaðir eftir tillögum bæjarstjórnar, nema í Rvík; þar yrðu þeir skipaðir, eins og í frv. var ætlast til að væri alstaðar, eftir tillögum Verslunarráðs Íslands. Nefndinni virtist að Verslunarráðið myndi bresta kunnugleika til þess nema hjer í Rvík.

Þá er önnur brtt., við 2. grein. Greinin er orðuð upp, og eina breytingin sú, að í stað „hafi óflekkað mannorð“ komi „valinkunnur maður“. Fyrsta skilyrðið fyrir skipamiðil er auðvitað, að hann hafi nægilega þekkingu til starfans, en það er ekki einhlítt. Skipamiðillinn þarf líka að vera valinkunnur heiðursmaður, sem allir beri traust til og stjórnarvöldin geti verið þekt fyrir að vísa mönnum til. Eins og ástandið er nú, er hættan sú, að menn hitti ekki á nógu góðan skipamiðil, er þeir þurfa til hans að leita, sem sje heiðarlegur í öllu tilliti. „Valinkunnur maður“ er þrengra hugtak en „hafi óflekkað mannorð“, og það er einmitt aðaltilgangur þessara laga að tryggja það, að til skipamiðilsstarfs veljist ekki nema ágætismenn.

Þriðja brtt. er að eins orðabreyting. Þótti nefndinni það betra mál og áferðarfallegra, að setja „skipamiðill“ í stað „skipamiðlari“.

Fjórða brtt., við 4. grein, er sú, að tekið er berum orðum fram, að það er stjórnarráðið, sem sviftir skipamiðil löggildingu.

Þá er fimta brtt., við 5. grein; a-liðurinn leiðir af 3. brtt.; b-liðurinn er, að við greinina bætist: „enda beri þeir og ábyrgð á gerðum sínum sem slíkir“. Þetta ákvæði fanst nefndinni vanta í frv. Það er ekki nóg, að skipamiðlar sjeu sektaðir, ef þeim verða á afglöp í starfi sínu. Hitt er sjálfsagt, að menn eigi kröfu til skaðabóta á skipamiðlana sjálfa, ef þeir hafa orðið fyrir tjóni, sem miðlarnir eru valdir að, hvort sem það er af vangá eða af ásettu ráði.

Fleirum orðum fer jeg ekki um þetta, en vona, að menn taki frv. og brtt. nefndarinnar vel.

Magnús Kristjánsson: Jeg má vera nefndinni þakklátur fyrir það, að hún hefir aðhylst frv. í þeirri mynd, sem jeg bar það fram; einkum fyrir það, að fyrir henni lá annað frv., miklu víðtækara, sem jeg álít að hefði verið óheppilegt að samþ., eins og nú er ástatt. Annað mál er það, að mjer virðast brtt. n. ekki mikils virði. Óþarfi er það af nefndinni að láta prenta upp heilar greinar, þar sem ekki þurfti annað en skjóta inn nokkrum orðum. En naumast ástæða til að fást mikið um það. Nafnbreytingin á miðlunum getur verið álitamál. Jeg er raunar á máli nefndarinnar um það, að „miðill“ er fegurra orð en „miðlari“, en orðið „miðlari“ var af ásettu ráði sett í frv. „Miðill“ er til í málinu í annari merkingu. Það orð hafa anda-

trúarmenn sett sitt mark á, og væri mjer mjög á móti skapi, ef þeim tveim merkingum væri ruglað saman.

Eins og jeg sagði, eru brtt. mjög þýðingarlitlar, og get jeg látið mjer á sama standa um þær.

ATKVGR.

Brtt. 110, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 110, 2. (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 110, 3. samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
— 110, 4. (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 110, 5. a. samþ. án atkvgr.
— 110, 5. b. samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 110, 6. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 18. maí, var frv. tekið til 3. u m r. með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um skipamiðla (A. 151, 156).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 156 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11. shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um skipamiðla, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 173).

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Pjetur Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á, að frv. sje vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) í e. hlj.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 3. júní, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 173, n. 271).

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Skömmu eftir að allsherjarnefnd hafði fengið þetta frv. til athugunar barst henni einnig uppkast að frv. til laga um verslunar- og siglingamiðla, eins og skýrt er frá í nál. Þar sem það frv. er miklu yfirgripsmeira og nær lengra en þetta frv., en málið þarfnast hins vegar nákvæmrar íhugunar, þótti nefndinni rjettast, að ekki yrðu nein lög um miðla afgreidd á þessu þingi, Leggur nefndin því til, að frv. verði afgreitt til stjórnarinnar og henni falið að leggja ítarlegt frv. um miðla fyrir næsta þing. Nefndin stingur upp á, að þetta verði gert með rökstuddu dagskránni, sem prentuð er í nál.

Önnur ástæða liggur til þess, auk þeirrar, sem áður er getið, og hún er sú, að nefndin sá sjer ekki fært að taka

svo mikinn lagabálk sem þennan til nákvæmrar íhugunar á þessu þingi, þar sem svo var á liðið þingtímann, er frv. kom fram, enda þess engin þörf að afgreiða það nú, þar sem skamt er nú til reglulegs þings.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá allsherjarnefnd, á þgskj. 271 (sbr. 301), samþ. í e. hlj.

Frv. því talið

fallið.

8. Fólksráðningar.

Á 20. fundi í Ed., fimtudaginn 16. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um fólksráðningaskrifstofu í Reykjavík og um vald landsstjórnarinnar til að ráðstafa atvinnulausu fólki (A. 145).

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 18. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Aðalástæðurnar fyrir frv. þessu eru teknar fram í greinargerð þeirri, er fylgir frv., og er því ekki ástæða til að reifa það löngu máli. Nefndin hefir borið frv. undir bjargráðanefnd hv. Nd., og hefir hún tekið því vel.

Það má segja, að fólksráðningaskrifstofa hjer í Rvík muni ekki gera mikið gagn í vor hjeðan af. Þó er hugsanlegt að svo verði, ef síldarútvegurinn bregst og margir standa atvinnulausir. Og næsta vetur ætti að geta fengist reynsla um það, hvort ekki mætti verða gagn að fólksráðningaskrifstofu þeirri, sem hjer er ráðgerð.

Það er ekki búist við, að til þess komi, að landsstjórnin ráðstafi fólki, nema mjög mikil bjargarvandræði verði. Slík vandræði eru enn ekki orðin, sem betur fer, en þau geta skollið á nær sem verða vill, og þá er betra, að stjórnin hafi lög sem þessi að grípa til.

Jeg óska því, fyrir nefndarinnar hönd, að hæstv. deild taki frv. vel og vísi því til 2. umr.

Magnús Torfason: Jeg verð að játa það, að jeg er alveg hissa yfir ávextinum af starfi bjargráðanefndar, og sjerstaklega er jeg undrandi yfir því, að hún skuli koma fram með frv. þetta eftir skollaleik þann, er leikinn var hjer síðastliðinn laugardag. Jeg held, að þetta frv. ráði ekki bót á því hörmulega slysi, sem hinu háa Alþingi þá varð á.

Jeg sje ekki betur en að frv. þetta sje óhafandi, bæði að efni og formi, hvar sem á er litið. Til þess að færa þessum orðum mínum stað verð jeg að nokkru að geta einstakra atriða í frv., enda er það alt samföst keðja, þar sem ekki er hægt að snerta einn einstakan hlekk, nema því að eins, að við aðra hlekki sje jafnframt komið.

Frv. ætlast til þess, að sett verði á fót fólksráðningar s k r i f stofa; því nægir ekki að setja á fót fólksráðningarstofu. Jeg býst við, að þessi titill eigi vel við, því það verður áreiðanlega meira um skriftirnar, en minna um framkvæmdirnar. Og hvar sem fólkið er búsett um landið, þá á ráðning þessi

að fara fram hjer í Reykjavík. Ballið byrjar á því, að hver vinnuveitandi, er vantar verkafólk, á að snúa sjer til sveitarstjórnarinnar, eða bæjarstjórnar ef í kaupstað er, og sveitarstjórnin á síðan að snúa sjer til fólksráðningarskrifstofunnar og biðja hana um verkafólkið, með öðrum orðum, ef einhver karlmaður er atvinnulaus vestur á Ísaf., og bóndi vestur á Barðaströnd vill ráða hann til sín sem vinnumann, þá verður bóndinn fyrst að snúa sjer til hreppsnefndarinnar í Barðastrandarhreppi, með tilmælum um, að hún útvegi sjer vinnumann; hreppsnefndin ritar síðan fólksráðningarskrifstofunni í Rvík ósk um, að hún útvegi bónda þessum vinnumann vestan af Ísafirði. Þetta telur hv. nefnd heppilegt fyrirkomulag. Það er ekki unt að sjá, hvað hreppsnefndin hefir hjer að gera sem milliliður, nema ef vera skyldi að spara bóndanum brjefaskriftir og burðargjald. Svo semur hreppsnefndin við fólkráðningarskrifstofuna í Rvík um kaup vinnumannsins á Ísafirði, en maðurinn sjálfur, sem vinnuna á að fá, hann er ekki spurður að neinu, hvorki kaupi nje því, hvort hann óski eftir vinnunni. Honum er ekki ætlað neitt annað en að hlýða — hlýða möglunarlaust; að minsta kosti er hvergi hægt að sjá annað af frv., og ekki heldur að atvinnulausu verkafólki sje leyfilegt að snúa sjer til sveitarstjórnar sinnar í atvinnuleit. Það er ekki unt að sjá annað en að frv. sje alt miðað við atvinnurekendur, enda segir 3. gr. frv.: „Hver sá, sem verkafólks er vant, getur snúið sjer til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar.“ 4. gr. ræður ekki bót á þessu, því að skýrslan, sem sveitarstjórnunum er þar ætlað að gefa um atvinnulaust fólk, lítur ekki út fyrir að segja eigi annað en hversu það er margt. Það er ekki unt að sjá annað en þegar fólksráðningarskrifstofan á að ráða eitthvað af því, þá geti hún tekið hvern sem hún vill og sent hvert á land sem er, og það er ekki einu sinni svo vel í garðinn búið, að hlutaðeigandi sveitarstjórn geti nokkurn hlut um það sagt. Jeg geri ráð fyrir því, að allir hv. þm. sjái, að þetta getur aldrei orðið til þess að bæta úr neinni vinnueklu.

En þá kem jeg að annari hlið á frv., sem er þó enn ísjárverðari en þessi, og er þar engin bót í máli, nema sú von, er jeg hefi, að frv. verði að eins pappírsgagn; það er valdboð landsstjórnarinnar til að ráðstafa bjargarvana fólki; það er með öðrum orðum verið að stofna til allsherjar sveitarflutninga um land alt. Og þessi grundvöllur er alveg afskaplegur. Hjer er ekki tekið neitt tillit til hins bjargarvana fólks. Við vitum, að nú fer enginn þurfamannaflutningur fram nema bæði dvalar- og framfærslusveit samþykki hann og telji æskilegan, og við vitum líka, að þurfamannaflutningurinn er mjög illa þokkaður, og því takmarkaður sem mest, og menn ekki fluttir frá atvinnustað sínum fyr en í fulla hnefana. En hjer þarf ekki að spyrja dvalarsveitina að því, hvort hún óski flutningsins. Ekki þarf heldur að spyrja framfærslusveitina. Nei — það er alveg sama, þó bæði þessi sveitarstjórnarvöld telji flutninginn óheppilegan — flytja skal mennina samt. Maður skyldi þó halda, að þessar tvær sveitarstjórnir væru kunnugri högum mannsins og vildu fremur greiða götu hans, en fram hjá þeim er alveg gengið. Nei — samþykki sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar á að eins að leita hjá þeirri sveit, sem fólkinu er ráðstafað til. Þetta ákvæði er þó augsýnilega óþarft, því það

fer enginn að biðja um fólk til vinnu, nema því að eins, að hann hafi þörf fyrir meiri vinnukraft. Þetta getur því ekki orðið til annars en að meina verkafólki að fá atvinnu á frjálsan hátt, eða til þess, að sveitarstjórnin í sveit þeirri, er vinnuveitandinn býr í, geti sagt við hann: Þú þarft ekki á fleira verkafólki að halda. Og það er illa farið, ef sveitarstjórnirnar eiga að fara að gæta þess, að hver einstakur bóndi hafi ekki of marga vinnumenn eða vinnukonur. Og ekki getur hún heldur sagt, hvort maðurinn sje hæfur til vinnunnar. Þetta ákvæði er því gersamlega gagnslaust og að eins til vansa.

En þó er eitt atriði enn í frv., sem eigi verður hjá komist að geta að verðleikum. Það er í 6. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að þetta bjargarvana fólk verði að fá læknisvottorð, er sýni og sanni, að það sje ekki haldið af næmum sjúkdómum. Það á með öðrum orðum að stimpla þetta aumingja bjargvana fólk, stimpla það sem nokkurskonar skríl. Ef við athugum hverjir verst verða úti og mest þurfa atvinnunnar, þá eru það ekki einhleypingarnir eða einhleypurnar, heldur barnamennirnir eða nýtustu og þörfustu borgarar þjóðfjelagsins.

Jeg skal játa það, að 5. gr. gæti verið til bóta, en sú bót er þó ekki meiri en svo, að það mætti gera hana með þingsályktunartill., og óþarft að setja á fót lagabálk hennar vegna. Eftir því sem fram fór á laugardaginn (**Forseti:** Það var enginn fundur á laugardaginn). Víst var lokaður fundur í sameinuðu þingi á laugardaginn (**Forseti:** Já — jeg hjelt að átt væri við hv. deild), og jeg hjelt, að hv. þm. væru ekki alveg búnir að gleyma honum — þá hjelt jeg, á meðan alveg er óvíst, hvort einn helsti atvinnuvegur vor, síldarútvegurinn, legst ekki í kalda kol, að margs væri meiri þörf en þessa frv. En það ber má ske að líta svo á, að þetta sje áframhald af fundinum og frv. eigi að eins að vera til þess, að styðja vissa grein atvinnurekenda. Svo mikið er víst, að að undanteknu þessu litla atriði í 5. gr. er ekkert gert með frv. þessu til þess að styðja þá. er atvinnunnar þurfa.

Það sýnist svo, sem bjargráðanefnd hafi lítt hugsað frv.; er það má ske af því, að síðustu dagana hafa margir rekið á eftir þingstörfunum, og um fátt annað hugsað. Og frv. ber þess greinileg merki, að það er búið til í heimahögum, og hefir ekki verið hálfkarað.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Þó ræða hv. þm. Ísaf. (M. T.) væri alllöng og stórorð, þarf ekki að svara henni mörgum orðum.

Hv. þm. Ísaf. (M.T.) sagði, að frv. væri samanhangandi keðja — en mjer fanst ræða hans vera samanhangandi keðja af misskilningi eða öðru verra. Sem dæmi misskilnings skal jeg geta þess, að hann hjelt, að fólksráðningarskrifstofan hjer í Rvík ætti að ráða verkafólk um land alt, svo enginn vinnuveitandi mætti sjálfur ráða vinnufólk sitt beint. Í frv. segir „getur", sem ræðumaður las og lagði út af eins og þar stæði „skal". Jeg veit ekki, hvort þetta er útúrsnúningur eða misskilningur.

Hv. þm. (M. T.) sagði enn fremur, að sveitarstjórnirnar og fólksráðningarskrifstofan gætu skuldbundið fólkið til að vera hvar sem væri, án samþykkis þess. Þetta er samskonar fjarstæða. Svo er ætlast til, eins og frv. ber með sjer, að þeir, er atvinnu vilja fá með styrk fólksráðningarskrifstofunnar, fari fram á það við hana, og þá er hún ekki orðin

annað en samningsaðili fyrir þá, samkvæmt umboði. Gamall verksmiðjueigandi ætti að vita það, að oft gerir annar maður samninga en sá, er hlut á að, og er það eftir umboði hans og jafngilt og hann sjálfur hefði gert.

Þá hjelt hv. þm. (M. T.), að hjer væri verið að ráðgera allsherjar sveitarflutning. Þetta er enn ein fjarstæðan, og nær vitanlega engri átt.

Eitt af því, sem hv. þm. (M. T.) hafði við frv. að athuga, var það, að ráðstafanavald landsstjórnarinnar væri bundið við samþykki sveitarstjórnar vinnuveitenda. Þetta er í sjálfu sjer rjettmæt athugasemd. En flestir þeirra, sem frv. hefir verið borið undir, hafa ekki viljað ganga lengra í því efni að fá landsstjórninni þvingunarvald í hendur en þar er gert.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að svara ræðu hv. þm. Ísaf. (M. T.), því ræða hans fór fyrir utan frv., og því óþarft að athuga hana frekar.

Magnús Torfason: Jeg þarf ekki að svara hv. frsm (S. F.) mörgum orðum, því hann var bersýnilega varnarþrota.

Það er sagt, að þessi fólksráðningarskrifstofa í Rvík eigi ekki að ráða fólk annarsstaðar. Þetta er sýnilega ekki rjett. Frv. segir, að landsstjórnin eigi að ráða mann til þess að stjórna þessu. Í frv. eru ekki ákveðin nein laun handa honum; það á landsstjórnin að gera. Þetta er alveg nýtt í sögunni og hlýtur að vera sprottið af því að maður sá á að hafa mikið vald og ráða fólk án samþykkis þess, nokkurskonar verkmanna-týranni. Það er því eðlilegt, að kaupið þurfi að vera mikið, því starfið hlýtur að verða víðtækt og vandasamt, svo ekki verður auðið að fá menn til að gegna því fyrir lítið gjald.

Jeg hefi ekki misskilið frv. svo, að atvinnuveitendur verði samkvæmt því skyldugir að snúa sjer til þessarar fólksráðningarskrifstofu; þeim er ekki bannað að leita sjer vinnufólks á annan hátt — og ekki þakka jeg hv. flutningsmönnum þá ívilnun. En ef frv. þetta verður að lögum, mun samt reyndin verða sú, að atvinnuveitendur verði, þó ekki sjeu þeir skyldir til, að snúa sjer til „skrif"-stofunnar. Eins og jeg sagði, hljóta ummælin að eiga við atvinnurekendur eina; verkamennirnir eru hvergi nefndir. En jeg get vel trúað því, að hv. frsm. (S. F.) hafi með sjálfum sjer aldrei ætlað að meina verkafólki að leita sjer atvinnu.

Hv. frsm. (S. F.) sagði, að aldrei hafi verið tilætlunin, að annað fólk verði flutt á milli en það, sem er sjálfu sjer ráðandi. Hvað verður þá um börn þeirra, sem vinnu hafa leitað, og gamalmenni, sem eru þeim áhangandi? Á að skilja þau eftir? Ef svo er, er þetta alt miklu verri en jeg hafði nokkurn tíma gert mjer í hugarlund.

Fyrir skömmu flutti hv. frsm. (S. F.) annað frv. hjer í deildinni, sem hann kvað vera gert af dyn kattarins og skeggi konunnar, og er mjer næst að halda, að þetta frv., er hann nú flytur, sje gert af því, er hann þá ekki nefndi, nefnilega fogls hráka. Er það ekki ósennilegt, því frv. þetta er fullkomið hrákasmíði.

Magnús Kristjánsson: Þótt frv. þetta sje komið frá bjargráðanefnd deildarinnar, ber mig engin skylda til að leggja því liðsyrði, en mjer getur ekki dulist, að ýms ummæli hv. þm. Ísaf. (M. T). voru óþarflega hvatskeytleg og jafnvel illviljuð í garð nefndarinnar, sem ber frv. fram. Jeg tel ekki heppilegt, að gerðar sjeu tilraunir til að æsa

hugi manna gegn hverri bjargráðatilraun, sem fram er borin. Það er rangt að tala um frv. á þessu stigi sem lög, heldur á það að skoðast sem tillaga, sem borin er fram og á að athuga, með fullri stillingu. Og er mál þetta vel þess vert, en síður hins, að ráðist sje á það með illvilja. Flestum kemur saman um, að hlutfallið milli vinnukrafts til sjávar og sveita, á ýmsum árstímum, sje ekki heppilegt. Oft mun því mikill vinnukraftur fara til lítils, því hingað til hefir lítið verið gert af hálfu stjórnarvaldanna til þess, að hann gæti komið að fullum notum. Með þessu frv. er gerð nokkur tilraun til að bæta úr þessu mikla ólagi, og fæ jeg ekki sjeð, að það gangi á nokkurn hátt of nærri rjetti einstaklinganna. Gert er ráð fyrir, að bæði vinnuveitendur og vinnuþiggjendur hafi fullkomið frjálsræði í að leita eftir vinnukrafti eða atvinnu. Þar er ekki þröngvað kosti nokkurs manns. En tilraun er gerð til að ljetta bæði vinnuveitendum og vinnuþiggjendum að ná því takmarki, sem báðir vilja ná. Annað eða verra liggur ekki í þessu frv.

Að mínu áliti er það illa gert að ætla að færa þetta á verri veg og stimpla þá, sem að frv. standa, sem „týranna“ — það orð höfum vjer reyndar heyrt áður hjer í deildinni, en þá í öðru sambandi. Hjer er ekki verið að koma á neinskonar harðstjórn. Þvert á móti er verið að greiða fyrir mönnum. Það gæti auðveldlega komið fyrir, að vinnuskortur yrði í einhverjum hjeruðum landsins, en í öðrum hjeruðum væri hægt að nota meiri vinnukraft en til væri þar í sveit. Mundi atvinnuskrifstofan geta unnið þarft verk, þegar svo stendur á. Hún gæti alveg komið í veg fyrir, að leggja þyrfti atvinnulausu fólki lífsviðurværi, án þess að nokkurt verðmæti fengist í staðinn.

Þessi aðalhugsun frv. er mjög þörf, en jeg skal ekki neita því, að einstök atriði gætu farið betur öðruvísi. En dómur hv. þm. Ísaf. (M. T.), að frv. væri óhæft og jafnvel ósæmilegt, var alveg órökstuddur. Jeg vil ekki líta svo á, að þessi framkoma hans hafi verið sprottin af illvilja, heldur af fljótfærni og misskilningi. Við þessa fyrstu umr. vil jeg ekki hreyfa einstökum atriðum, þó hv. þm. Ísaf. (M. T.) hafi leyft sjer það. Vona jeg svo að endingu, að hann eigi eftir að verða stuðningsmaður frv. með þeim breytingum, sem hann álítur nauðsynlegar. Gæti frv. að líkindum borið góðan árangur í hans eigin kjördæmi, því ekki er langt síðan þar hjó nærri verulegri neyð.

Magnús Torfason: Hv. frsm. (S. F.) og hv. þm. Ak. (M. K.) brugðu mjer um ósæmilega framkomu og illvilja í þessu máli. Eru þetta óþingleg orð, og hefi jeg engum borið því um líkt á brýn og ætla mjer ekki að gera. En jeg ætlast til, að mönnum virðist ekki óeðlilegt, að mjer þyki þetta skrítin bjargráð. Er frv. svo stórgallað, að jeg get ekki verið með í að „lappa upp á“ það, þó hins vegar gæti verið eitthvert vit í að koma upp fólksráðningastofum víðs vegar um land.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 1 atkv.

Á 24. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 145, 184).

Framsm. (Sigurjón Friðjónsson): Nefndin hefir tekið frv. aftur til athugunar og gert við það nokkrar breytingar, til frekari skýringar á fyrirmælum þess. En ekki þótti henni ástæða til að gera við það neinar efnisbreytingar.

Jeg skal þá leyfa mjer að minnast lítillega á einstakar greinar frv.

Fyrsta gr. fer fram á það, að sett verði á stofn fólksráðningarskrifstofa hjer í Reykjavík, í samráði við Búnaðarfjelagið og Fiskiveiðafjelagið, til þess, að greiða fyrir vinnuviðskiftum í landinu. Nefndin lítur svo á, að fólksráðningarskrifstofa hjer í Rvík þurfi að hafa samband við tiltekna menn úti um land, til þess að starf hennar verði greiðara og vafningaminna. Sumum kom til hugar, að til þess væri nefndur einn maður í hverri sveit, en því mátti ætla að fylgdi kostnaður, og var því hin leiðin valin, að leggja þetta á sveitarstjórnir, eins og fleira, án ákveðinnar borgunar.

Í 2. gr. er stjórninni veitt heimild til að ráðstafa atvinnulausu og bjargarvana fólki, en með því meinar nefndin alls ekki, eins og sumir hafa getið sjer til, að komið verði á allsherjar þurfamannaflutningi. Enda er ekki gert ráð fyrir, að þessi lög nemi nein önnur lög úr gildi. Ákvæði sveitarstjórnarlaganna ráða því enn þá um það atriði eftir sem áður, og engin hætta er á, að ákvæði frv. verði misbeitt, þar sem samþykki sveitarstjórnar þarf meðal annars til þess, að því verði beitt.

Í 3. gr. lá upphaflega það, að bæði vinnuveitendur og vinnuþiggjendur gætu snúið sjer til skrifstofunnar; það var að vísu ekki skýrt tekið fram í greininni um vinnuþiggjendur; aftur á móti var þess getið í greinargerðinni. En með brtt. nefndarinnar verður þetta nú fullskilmerkilegt.

Bæði 4. og 5. gr. eru svo ljósar, að þær þurfa engrar skýringar við.

Um 6. gr. er það að segja, að jeg tel slíkt ákvæði nauðsynlegt og þarft í alla staði. Eins og kunnugt er, þá er farið að koma á slíku eftirliti á öðrum sviðum, t. d. í skólunum, og þykir það að góðu gagni koma.

Önnur brtt. nefndarinnar gengur út á það, að setja þann svip á niðurlagsgrein frv., að það sje ófriðarráðstöfun. Hún breytir að vísu ekki frv., og er því ekki þýðingarmikil.

Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um frv. að sinni.

Halldór Steinsson: Það er að vísu leiðinlegt að verða að leggjast á móti bjargráðatilraunum þeirrar nefndar, sem kosin var til að fjalla um þau mál, en tilraunir hennar hafa verið svo úr garði gerðar, að jeg hefi ekki getað fallist á flestar þeirra.

Og sama er að segja um frv. þetta. Jeg hygg, að það muni ekki ná tilgangi þeim, sem því er ætlað. Jeg vildi leyfa mjer að að fara fáeinum orðum um 3. gr. þess aðallega, og var það aðallega fyrirspurn til hv. nefndar út af því, sem stendur í 2. gr. Hún byrjar svo: „Enn fremur heimilast landsstjórninni vald til að ráðstafa vinnufæru, en atvinnulausu og bjargarvana fólki, sem ekki verður ráðið á fólksráðningaskrifstofunni, eða með frjálsum samningum á annan hátt“. En þá er mjer spurn, hvernig á landsstjórnin að ráðstafa því fólki? Jeg lít svo á, að greinin verði að skiljast svo, sem hjer sje um fólk að ræða, sem ekki sje vinnufært, og eru þá tæpast aðrir vegir til en sveitarflutn-

ingur eða fjárframlög. Þá get jeg ekki sjeð, að krókaleiðir þessar sjeu heppilegri að neinu leyti heldur en að fólk þetta snúi sjer til viðkomandi sveitarstjórna, eins og verið hefir.

Í 3. gr. segir svo: „Hver sá, er verkafólks er vant, getur snúið sjer til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar, og þær síðan til fólksráðningaskrifstofunnar. Þetta er alt of flókin aðferð. Hvers vegna mega menn ekki snúa sjer beint til skrifstofunnar? Jeg get ekki sjeð, að nein önnur aðferð geti verið greiðari.

Í 6. gr. stendur, að hver sá, sem ráðstafað er samkvæmt 2. gr., skuli skoðaður af lækni og hafa frá honum vottorð um að vera ekki haldinn af næmum sjúkdómi. Þetta kann að vera góð tilhögun. En nú geta margir verið haldnir af næmum sjúkdómi, þótt á svo lágu stigi sje, að þeir sjeu vinnufærir eftir sem áður. Hvernig á þá skrifstofan að ráðstafa þeim mönnum öllum? Það get jeg ekki sjeð. Jeg held því, að frv. þetta nái ekki tilgangi sínum.

Hitt þykir mjer eðlilegra, að frjálsar skrifstofur væru settar á stofn í þessum tilgangi, eins og þegar hefir verið byrjað á, og þurfa þær ekki að koma landsstjórninni neitt við, nema hvað hún gæti brýnt það fyrir hreppsnefndum að leita til þeirra. Jeg get því ekki fylgt frv. þessu.

Kristinn Daníelsson: Jeg vildi að eins láta það í ljós, að jeg trysti mjer ekki heldur til að fylgja frv. þessu fram, eins og það nú liggur fyrir. Og jeg hafði vænst þess, að hv. nefnd gerði við það miklu gagngerðari breytingar. Annars hefi jeg, eins og hv. þm. Snæf. (H. St.), ekkert á móti því, að skrifstofa til fólksráðninga væri sett á fót.

En eins og sami hv. þm. (H. St.) benti á, þá eru það sjerstaklega ákvæðin í 2. gr. frv., sem ekki er hægt að fella sig við. Jeg get alls ekki gengið að því, að tekinn verði hópur manna, þótt svo ætti að vera, nauðugur og fluttur, þvert ofan í vilja sinn, frá einum landshluta til annars. Jeg lít svo á, að í þeim sökum sje ekki holt að fara lengra en heimilað er í sveitarstjórnarlögunum.

Jeg get þó greitt frv. þessu atkv. til 3. umr., ef vera kynni, að þá kæmu fram viðtækari brtt. Sjálfur hefi jeg ekki hugsað til að koma fram með brtt. við frv. þetta, því að yfir höfuð hefi jeg ekki mikið traust á ráðstöfunum þannig löguðum. Jeg geri líka ráð fyrir því, að ef svo væri komið, að taka þyrfti hóp manna af einhverjum stað á landinu, vegna neyðar, þá yrðu aðrir staðir heldur ekki færir um að taka við þeim mönnum. En aðalatriðið, sem fyrir mjer vakir, er það, að fólki, sem ekki leitar sjálft á annara ásjá, verði ekki ráðstafað nauðugu og flutt frá einum til annars.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal láta þess getið strax, að jeg hefi ekki haft tíma til að bera mig saman við hina aðra ráðh. um mál þetta. Það, sem jeg segi, verður því að eins mín eigin skoðun.

Jeg get tekið undir með þeim hv. þm. Snæf. (H. St.) og hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), að jeg sje mjer ekki fært að vera með frv. þessu, eins og það nú liggur fyrir. En hitt get jeg vel ímyndað mjer, að ef settar yrðu á stofn frjálsar fólksráðningaskrifstofur, þá kæmu þær að góðu haldi. Get jeg þar vísað til reynslunnar. Hjer í Reykjavík var atvinnuskrifstofa í vetur, til þess að velja úr þá, sem erfiðast áttu, og veita þeim atvinnu,

og ávanst talsvert í því að útvega slíkum mönnum atvinnu.

Annars mun jeg greiða atkv. með frv. til 3. umr., en ekki með því, að það fari óbreytt út úr deildinni.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg verð að svara örfáum orðum því, sem nú hefir fram komið. Er það aðallega viðvíkjandi ráðstöfunarvaldi stjórnarinnar og nauðsung þeirri, sem henni mun vera samfara.

Um ráðstöfunarvald þetta hefi jeg það að segja, að jeg tel það frekar of lítið en of mikið, þar sem það er bundið samþykki sveitarstjórna, en það er öllum kunnugt, að þær eru ófúsar á að taka í sveitina fólk, sem vandræði kynnu að stafa af, og er því engin hætta á, að slíkar ráðstafanir yrðu gerðar nema þegar nauðsyn krefði.

Þá er annað, sem fundið hefir verið að, það, að sveitarstjórnir skuli eiga að vera milliliður milli skrifstofunnar og einstaklinga; þykir sumum það muni vera haganlegra, að hver einstaklingur geti snúið sjer til skrifstofunnar milliliðalaust. En það er heldur engum meinað eftir frv.

En þegar svo stendur á, að margir leita á náðir skrifstofunnar úr einni sveit, virðist mjer auðsætt, að betra sje fyrir skrifstofuna að geta snúið sjer til eins manns fyrir sveitina en til hvers einstaklings. Slíkt fyrirkomulag verður því einfaldara, en ekki flóknara.

Þá er læknisskoðunin. Hv. þm. Snæf. (H. St.) spurði, hvað ætti að gera við fólk það, sem haldið er næmum sjúkdómi. Eftir frv. verður ekkert við það gert; því verður ekki ráðstafað af landsstjórninni í vist.

Jeg get ekki komist að annari niðurstöðu, hvernig sem jeg hugsa um mál þetta, en að það muni að minsta kosti á engan hátt verða til hins verra. Gagnið kann að verða minna en til er ætlast, en þó er það trú mín, að það muni ljetta nokkuð undir með að ráðstafa fólki því, sem atvinnulaust er og í bjargarvandræðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 : 2 atkv.

2. gr. samþ. með 8 : 4 atkv.

Brtt. 184, 1. a. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 184, 1. b. samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 8 : 1 atkv.

4.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 184, 2. (ný 8. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 184, 3. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 1 atkv.

Á 26. fundi í Ed., föstudaginn 24. maí, var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um fólksráðningaskrifstofu í Reykjavík og um vald landsstjórnarinnar til að ráðstafa atvinnulausu fólki og bjargarvana (A. 189, 193).

Eggert Pálsson: Jeg kann ekki við, að frv. þetta komi til atkv. án þess, að jeg segi skoðun mína á því. Frv. er þess vert, að ekki sje þagað um það. Jeg hefi reynt eftir mætti að gera mjer ljóst, hvort frv. myndi svara kostnaði, ef það yrði að lögum. Og jeg þori að segja, að það mundi tæplega verða. Jeg er hræddur um, að þessi fólksráðningaskrifstofa yrði lítið notuð, þó hún kæmist á stofn.

Þjóðfjelag vort er svo lítið, að menn vilja helst þekkja hvern annan, ef þeir ætla að gera samninga með sjer, og þó einkum, ef um vinnuveitendur og vinnufólk er að ræða. Menn vilja helst enga milligöngumenn, og síst mundu þeir snúa sjer til „skrifstofu". Verkafólkið myndi reyna að snúa sjer til atvinnurekendanna sjálfra, eða þá einhverra milligöngumanna, sem það bæri einkar gott traust til. Sama mundi verða um atvinnuveitendurna. Skrifstofan yrði því sennilega til lítilla nota. Eins og jeg sagði, vilja menn, sem ætla að bindast samningum, hafa nokkur kynni hver af öðrum. En skrifstofuleiðin útilokar slík kynni, því svo er ákveðið í frv., að samningar, sem skrifstofan gerir, sjeu bindandi fyrir báða málsaðilja. Það myndi ekki síst verða til að hindra menn frá að nota skrifstofuna. En ef einhverjir yrðu samt sem áður til að nota hana, er hætt við, að það yrðu annars vegar þeir vinnuveitendur, sem jafnan eiga örðugt með fólkshald, og hins vegar verkafólk, sem á ilt með að fá atvinnu hjá þeim, sem þekkja það að afspurn. Harðdrægustu vinnuveitendur myndu þar mæta úrkastinu úr verkafólkinu. Og má að vissu leyti segja, að vel fari á því. En hins vegar er það ljóst, að atvinnufyrirtæki, hvort heldur er til lands eða sjávar, sem rekið væri með eintómu úrkasti úr verkafólkinu, muni ekki svara kostnaði.

Viðvíkjandi hinu aðalatriði frv., að landsstjórninni sje veitt vald til að ráðstafa vinnulausu og bjargarvana fólki, hugsa jeg að seint eða aldrei mundi koma til framkvæmda. Þar fyrir er ekki fyrir að synja, að til bjargarvandræða geti dregið á næstunni. Nei. En það mundi aldrei til slíkra ráðstafana koma, af því hlutaðeigandi sveitarstjórnir myndu aldrei gefa leyfi til að flytja slíkt fólk á sína vegu. Því ef til verulegra vandræða horfir, verða þær, sveitar sinnar vegna, að neita slíku, úr því að þær hafa vald til þess. En slíkt neitunarvald í þessu efni er þeim tvímælalaust veitt í frv. þessu. Og það gerir það að verkum, að til þeirrar ráðstöfunar á atvinnulausu og bjargarvana fólki, sem frv. talar um, getur aldrei komið.

Enn er kostnaðarhliðin á þessu máli. Kostnaðurinn við framkvæmdina gæti orðið drjúgur. Mann þyrfti til að veita skrifstofunni forstöðu, eins og tekið er fram í 1. gr. frv. En þar eru engin laun ákveðin. Má samt búast við þeim allháum. Sennilegt væri og að forstöðumaðurinn þyrfti einhverja aðstoð; ekki getur hann altaf verið viðlátinn. Þá er húsnæðið, sem þó er ekki minst á í frv. Það þyrfti að vera fremur vandað, og mundi það hleypa mjög fram kostnaðinum.

Af greindum ástæðum get jeg ekki greitt frv. atkv., þó jeg viti, að tilgangurinn með að bera það fram hafi verið góður.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Í tilefni af mjög hóglegum aðfinslum hv. 1. þm. Rang. (E. P.) vil jeg segja örfá orð. — Að óreyndu er ekki hægt að segja ákveðið um hvaða gagn myndi leiða af slíkri skrifstofu sem þessari, og síst skyldi þvertaka fyrir að hún gæti orðið að gagni. Hjer í Rvík hafa einmitt risið upp áþekkar skrifstofur. Ætti það að sýna þörfina, en betur þarf að vanda til, ef að verulegum notum á að koma. — Viðvíkjandi kostnaðinum skal þess getið, að það er hugmyndin, að ráðningastofan verði rekin í sambandi

Búnaðarfjelag Íslands að einhverju leyti, og hefði þar húsnæði. Kostnaðurinn ætti því ekki að verða mikill, 2000 kr. mætti gera ráð fyrir eða tæplega því. Er þetta ekki svo mikið, að ekki sje það vel gefandi fyrir tilraunina, því gefist þetta vel, verður gagnið margfalt við kostnaðinn. — Athugasemdir hv. 1. þm. Rang. (E. P.), viðvíkjandi ráðstöfunum landsstjórnarinnar á vinnulausu og bjargarvana fólki, voru á góðum rökum bygðar, og hefi jeg áður minst á það atriði. En flestir þeir, sem að frv. standa, hafa viljað halda þessum ákvæðum í þessari mynd. — Annars skoða jeg þetta frv. helst sem grundvöll undir frekari ráðstafanir, ef til þyrfti að taka síðar.

Magnús Torfason: Jeg þarf ekki að snúa mjer að fólksráðningaskrifstofunni sjerstaklega. Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir gengið svo frá henni, að þess er engin þörf. Jeg skal því sjerstaklega snúa mjer að efni 2. greinar, þar sem landsstjórninni er gefið „vald til að ráðstafa vinnufæru en atvinnulausu fólki, sem ekki verður ráðið á fólksráðningaskrifstofunni, eða með frjálsum samningum á annan hátt.“ Jeg get ekki betur sjeð en hjer sje verið að slá stóru, svörtu sryki yfir alla fátækralöggjöfina. Sveitar- og bæjarstjórnir hafa hingað til haft þess háttar störf með höndum, enda borið þungann af slíku fólki sjálfar. Um þau mál hafa dvalar- og framfærslusveitirnar orðið að sjá, og má ætla, að þær sjeu best til fallnar fyrir kunnugleika sakir. Oft hefir reyndar verið kvartað undan harðræði, einkum af hálfu framfærslusveitar, ef þurfalingurinn hefir dvalið annarsstaðar. Þurfamannaflutningurinn er illa þokkaður, og hefir orðið mörgum heimilum til mikils ills. Þetta hefir verið grundvöllurinn hingað til. En nú er verið að gerbreyta þessu, án þess að öðrum ákvæðum sje breytt um leið í samræmi við breytingu á grundvallaratriðinu. Hvergi er í frv. minst á, að landsstjórnin eigi að bera kostnaðinn af þessum þurfamannaflutningi, sem hún sjer um, nema hvað í 5. gr. er gert ráð fyrir fríu fargjaldi. Hvergi er minst á fóður handa fólkinu á leiðinni í þann sælunnar reit, sem verið er að flytja það til. —

Eins og greinin er orðuð, að enn fremur heimilist landsstjórninni að ráðstafa vinnufæri fólki, þá verður að álykta, að þeir, sem ekki eru vinnufærir, börn og gamalmenni, megi ekki fara með, heldur verði að sitja heima.

Og þegar athugaður er tilgangur frv., eftir því sem segir í greinargerð þess, þá sjest það, að til valdsboðs þessa á ekki að grípa fyr en hungursneyð dynur yfir; en þá rekur að því, að börn og gamalmenni verða látin svelta heima. Eða kann ske það eigi að vera bjargráð og dýrtíðarhjálpin, að taka vinnukraftinn úr sveitum þeim, sem neyðin dynur yfir? Eg held það sje nokkuð viðurhlutamikið að breyta grundvelli þeim, sem lagður er með fátækralöggjöfinni, sem er hjer sniðinn eftir því, sem tíðkast í öðrum löndum, og láta ókunnugt vald, eins og landsstjórnina, taka við af sveitarstjórnunum, þegar í óefni er komið og hungur og mannfellir stendur fyrir dyrum.

Jeg get ekki sjeð annað en þessi ákvæði um vald landsstjórnarinnar sjeu algerlega ótímabær á þessu þingi. Jeg veit ekki til, að nein hætta sje á hungursneyð fram til næsta þings, þar sem nú nýlega hafa fengist loforð fyrir sæmilega miklum matarbirgðum til landsins.

Við höfum því algerlega nógan mat, en hitt er annað mál, hvort okkur verður ekki fjefátt, og hvort við getum fengið sæmilega mikið fyrir afurðir landsins; en úr því mundi ekki verða bætt með lögum þessum.

Jeg sje því ekki betur en það sje með öllu óþarft að samþykkja slík ákvæði sem þessi, nú þegar. Jeg hygg því, að mál þetta hafi gott af að hvíla sig, og eðlilegast að stjórnin undirbyggi slíkt mál. Henni ætti ekki að vera það vorkunn, enda er það skylda hennar.

Jeg skal taka það fram, að mjer þótti leitt, að frv. þetta skyldi koma fram í þessari hv. deild, af því að mjer er ant um sóma hennar og virðingu. Og jeg skal játa það, að jeg var allharðorður um frv., við 1. umr., af því, að jeg áleit það draga þessa hv. deild niður á við.

Einn hv. þm. sagði þá, að jeg væri að stofna til æsinga með orðum mínum, en það var alger misskilningur. Jeg mundi þá hafa viðhaft alt önnur orð, og jeg get fullvissað þann hv. þm. um það, að jeg hafði full ráð til að stimpla frv. þetta, hefði jeg viljað það við hafa.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Mjer er það mikið furðuefni, hvernig hv. þm. Ísaf. (M. T.) skilur frv. þetta. Hann virðist líta svo á, sem hjer sje verið að stofna til allsherjarfátækraflutninga, en það er þó hvergi tekið fram í frv., að önnur lög sjeu með því úr gildi numin, og til þess er alls ekki ætlast, að lög þessi nái á neinn hátt inn á svið fátækralaganna. Í öðru lagi má benda á það, að framkvæmdir þessa ákvæðis í frv. eru bundnar við samþykki sveitarstjórna, og það ætti öllum að skiljast, að engin sveitarstjórn leyfir á sig ómagaflutning að nauðsynjalausu. Börn og gamalmenni munu því sitja í sinni sveit eftir sem áður. Tilgangurinn er því að eins sá, að vinnufæru fólki, sem ekki fær atvinnu í sínu hjeraði, megi ráðstafa þangað, sem það getur fengið atvinnu.

Viðvíkjandi því, hvort það sje sæmd eða vansæmd fyrir þessa hv. deild að samþykkja frv. þetta, þá lít jeg svo á, sem það sje henni til sóma að samþykkja það.

Magnús Torfason: Jeg get vel skilið það, að hugsunin í frv. hafi átt að vera sú, að landsstjórnin ætti að eins að taka við af sveitarstjórnum, en hjer stendur í gr.: „Enn fremur heimilast landsstjórninni vald til að ráðstafa vinnufæru en atvinnulausu og bjargarvana fólki.“ En það stendur hvergi, að stjórnin fái fyrst það vald, þegar sveitarstjórnir geta ekki lengur ráðstafað því. (S. F.: Mætti setja inn ákvæði um það). Það er nú um seinan. (S. F.: Mætti gera það í Nd., ef frv. fer þangað). Þetta er ákvæði, sem verður að miða við, og jeg get ekki hugsað mjer, að það verði framkvæmt án þess að það grípi inn á verksvið sveitarstjórnar. En sje átt við hitt, þá hefði þess átt að vera getið í einhverri gr. frv., að landsstjórninni veittist þá fyrst fje og heimild til að ráðstafa þessu fólki, þegar sveitarfjelögin þryti. En það er síður en svo, að það sje tekið fram. Hjer er að eins sagt, að samþykki sveitarstjórnar þurfi, sem fólkinu er ráðstafað til, og er þá gefið, að ekki er farið eftir samþykki venjulegra sveitarstjórnarvalda, sem fátækraflutningi ráða.

Jeg get ekki heldur sjeð, hvaða fólk er sveitarmatur, ef ekki það, sem er atvinnulaust og bjargarvana. Jeg lít svo á, að þeir, sem bæði eru fjelausir, matarlausir og atvinnulausir eigi ekki aðra kosti en sveitina.

Jeg býst svo ekki við að þurfa að eyða fleiri orðum að frv. þessu.

Magnús Kristjánsson: Hv. þm. Ísaf. (M. T.) var að kvarta undan því, að því hefði verið dróttað að honum við 1. umr. málsins, að hann mundi hafa talið sjer gefast tækifæri til að gera hvell út af frv. þessu. Hafi þeim kvörtunum verið beint til mín, þá get jeg lýst því yfir, að jeg hefi ekki breytt þeirri skoðun minni. Framkoma hans þá benti til þess; því fruntalegri árás á eina af nefndum þingsins hefi jeg ekki vitað á öllum þeim þingum, sem jeg hefi setið.

En hvort sú aðferð hv. sama þm. (M. T.), að tala nú um málið með hógværð og stillingu, stafar af því, að prúðmenska hans er vöknuð, eða hann hefir nú komið auga á það, að stefna frv. er heppileg, undir þeim sjerstöku kringumstæðum, sem nú eru, það skal jeg ekki um segja. En eins og stendur í 8. gr. frv., þá er til þess ætlast, að þetta sjeu bráðabirgðaráðstafanir, sem gildi meðan stríðið stendur yfir.

En að hjer sje kollvarpað öllu núverandi sveitarstjórnarfyrirkomulagi, nær engri átt, þar sem framkvæmdirnar skulu bornar undir sveitarstjórnir. Jeg get ekki hugsað mjer það, að landsstjórn og sveitarstjórnir leggist á eitt með að misþyrma gildandi löggjöf. Það virðist frekar ástæða til að halda, að hv. þm. Ísaf. (M. T.) vilji halda sem fastast við gamla fyrirkomulagið, að hve nær sem einhver er í nauðir kominn, sje ekki um aðrar leiðir fyrir hann að ræða en hlaupa til sveitar.

En stefna frv. er sú, að koma í veg fyrir það og forða því, að sveitarþyngslin aukist. Að hv. þm. Ísaf. (M. T.) sje svo misvitur, að hann skilji þetta ekki, því trúi jeg ekki fyr en jeg tek á.

Nú gæti staðið svo á, að harðæri sje í ýmsum hlutum landsins, en á öðrum stöðum greiðari aðgangur til aflafanga og rekstrar ýmissa fyrirtækja. Mundi þá ekki koma sjer vel, að landsstjórnin gæti haft hönd í bagga með að ráðstafa fólkinu frá þeim stöðum, sem atvinnuleysið er, og þangað, sem atvinnu er að fá?

Og jeg vil beina þeirri spurningu til hv. 1. þm. Rang. (E. P.) hvort ekki mundi heppilegt, ef ísalög og harðæri ylli atvinnuteppu á Vestur-, Norður- og Austurlandi, en góðæri væru á Suðurlandi, að geta notað vinnukraftinn til stórfyrirtækja, svo sem vatnsveitanna, sem þar eru á döfinni.

En hjer er ekki um neina nauðungarflutninga að ræða, eins og hver maður, sem læs er, hlýtur að sjá af frv. Að eins er ætlast til, að greitt verði fyrir atvinnuviðskiftum í landinu, svo að vinnukraftur fari ekki til ónýtis.

Jeg þarf ekki að fara nákvæmlega út í efni frv.; um það er svo margt búið að segja. En hins vil jeg geta, að verði frv. nú, af óskiljanlegum ástæðum, felt hjer við 3. umr., þá þykist jeg sannfærður um, að þess verði ekki langt að bíða, að það komi fram aftur, ef ástæður þær, sem nú eru, haldast, og gæti jeg þá hugsað mjer, að hv. þm. yrðu komnir í skilning um, hvert stefnt er með því.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) vildi láta frv. bíða til næsta þings. Jeg er því algerlega mótfallinn. Jeg lít svo á, að ef tími er til að afgreiða þjóðþrifamál, þá eigi ekki að slá þeim á frest. (**M. T.:** Nefndi hv. þm. frv. þetta þjóðþrifamál?).

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið, en hygg, að ef ófriðurinn helst, þá muni hv. þm. Ísaf. (M. T.) og öðrum skiljast það, að betra væri að samþ. frv. þetta.

Forseti: Jeg tel mjer skylt að gera kunnugt, að jeg greiði þessu frv. atkv. til Nd., — en ekki af því, að mjer líki það, eins og það nú er orðað, heldur af því, að jeg nú veit, að bjargráðanefndir beggja deild hafa verið í samráðum um þetta mál — og tel því rjett, að hv. Nd. fái það til athugunar, en efalaust að hún muni ekki samþ. það óbreytt, og frv. því koma aftur til atkv. hjer í deildinni..

Atvinnumálaráðh. (S. J.): Jeg vildi að eins lýsa því yfir, að jeg greiði ekki atkv. um frv. þetta; ekki af því, að jeg álíti ekki margt gott í því, heldur af því, að það leggur stjórninni svo mikla ábyrgð og vanda á herðar, að jeg tel rjettara, að það komi frá þinginu einu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., S. F., G. G., G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., G. B.

nei: M. T., S. E., E. P., H. St., K. E., K. D.

S. J. greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 25. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um fólksráðningastofu í Reykjavík og um vald landsstjórnarinnar til að ráðstafa atvinnulausu fólki cg bjargarvana,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 207).

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 27. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. maí, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi að eins geta þess alment að nýju, sem jeg tók fram í till. frá mjer á dögunum, að ekki er nægilegt, til þess að tryggja framtíð landsins, að ráðstafa fólkinu, þegar það er orðið bjargarvana, heldur verður að styrkja það áður en það er komið á vonarvöl, svo að til þess komi aldrei. Þessu vildi jeg skjóta til bjargráðanefnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til bjargráðanefnar (sjá A. bls. 545) með öllum gr. atkv.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 207, 227, n. 260, 261).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Eins og kunnugt er, er þetta frv. um fólksráðningarskrifstofu o. s. frv., komið frá hv. Ed. Bjargráðanefnd þeirrar deildar flutti það, en aðalhöfundur þess mun vera hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.). Bjargráðanefnd hv. Ed. hafði samvinnu við bjargráðanefnd hv. Nd. um þetta frv., og er mjer óhætt að segja, að neðri deildar nefndin hafi þá fallist á stefnu frv. í öllum aðalatriðum.

Nefndin hefir nú á ný haft þetta frv. til athugunar, og eins og menn geta sjeð af nál. á þgskj. 260, leggur meiri

hlutinn til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hins vegar hafa tveir hv. nefndarmenn komið fram með brtt. á þgskj. 261, er fara fram á allverulegar breytingar á frv. Þeir leggja til, að feldar verði í burtu 2., 4. og 6. gr. frv. ásamt nokkrum hluta 5. gr., eða í stuttu máli öll ákvæði frv. er lúta að því, að heimila landsstjórninni að ráðstafa atvinnulausu fólki.

Meiri hluti nefnarinnar verður að mæla á móti þessum brtt. og ráða hv. deild til að samþ. það óbreytt. Jeg hygg, að óhætt sje að fullyrða, að meiri hlutinn líti svo á, að tilgangi frv. sje talsvert spilt, verði heimildin til þess að ráðstafa bjargarvana fólki og atvinnulausu numin burtu. Reyndar skal jeg geta þess, að sumir í meiri hluta nefndarinnar telja vafasamt að hve miklu haldi þessi ákvæði geti komið. Aftur hafa aðrir, og á meðal þeirra er jeg, trú á því, að heimild þessi geti komið að miklum notum, ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis. Jeg hafði meira að segja tilhneigingu til þess að ganga lengra en í frv. er gert.

Jeg skal leyfa mjer að vekja athygli á brtt. á þgskj. 227. Nefndin hefir að vísu ekki rætt hana, en jeg hygg óhætt að lýsa því yfir, að hún fallist á hana, enda mun svo litið á, að hún sje fremur orðabreyting en efnisbreyting.

Meiri hl. ræður sem sagt til þess að samþykkja frv. óbreytt. En nú munu menn brátt fá að heyra, hvað minni hl. hefir fram að færa, sínu máli til stuðnings.

Jörundur Brynjólfsson: Við tveir nefndarmenn höfum ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum okkar, að öllu leyti, um frv.

Eins og brtt. okkar, á þgskj. 261, ber með sjer, teljum við 2. og 4. gr., og þau önnur ákvæði í frv. er snerta þær, tilgagnslaus, eins og þau eru orðuð. Ákvæði 2. gr. eru þannig, að þegar þyrfti að beita þeim, væri það orðið um seinan. Ef þau ættu að koma að einhverjum notum, þyrfti að orða þau svo, að stjórnin hefði heimild til að ráðstafa fólki fyr en það væri orðið bjargarvana. Stjórnin ætti að hafa heimild til að skipa fólki að vinna (framleiðsluvinnu) áður en það væri orðið bjargarlaust. En eins og 2. gr. er orðuð nú, hefir stjórnin ekki heimild til þessa fyr en menn geta ekki bjargað sjer sjálfir.

Þegar svo er orðið ástatt, — en það myndi aðallega koma fyrir í kauptúnum —, má búast við, að vetur sje genginn í garð, en það er á þeim tíma árs, sem búast má við að ókleift sje að koma fólki í burtu. Ákvæði þessarar greinar er því algerlega máttlaust pappírsgagn, er að engu liði myndi koma. Til þess að það kæmi að notum, þyrfti landsstjórnin að hafa heimild til að skipa fólki að fara þangað, sem atvinnu væri unt að fá, ef ástæða væri til að óttast, að það yrði atvinnulaust síðar.

Auk þessa er annað ákvæði þessarar sömu greinar, er gerir það vafasamt, að hvaða haldi þessi heimild geti komið. Ekki er hægt að setja fólk niður samkvæmt þessu frv., nema með samþykki stjórnarvalda þeirrar sveitar eða bæjar, er eiga að taka við fólkinu. Sveitarstjórnir þær, sem eiga hlut að máli, verða að gefa samþykki sitt til þess, að fólk megi setjast þar að. Þó að gera megi ráð fyrir því, að sveitarstjórnir hafi ekki á móti því, að taka við þessu fólki, þá gætu þær það ekki, nema þær hefðu vísan samastað fyrir fólkið. Nú getur staðið svo á, að efnuð heimili, er gætu tekið við nokkrum mönnum, þurfi ekki

beinlínis á fólki að halda og synji af þeirri ástæðu málaleitunum sveitarstjórnarinnar. Af því myndi beinlínis leiða, að sveitarstjórnir yrðu að neita því, að taka við fólkinu, og gæti landsstjórnin þá ef til vill ekki ráðstafað því.

Í þessari grein er ákveðið, að landsstjórnin megi ráðstafa vinnufæru en atvinnulausu og bjargarvana fólki. En þá virtist meiri jöfnuður, ef einnig mætti skylda þá menn, er gætu bætt fólki við sig, til að taka við því. Þá fyrst mætti búast við gagni af lögunum.

Jeg þarf ekki að fara frekari orðum um þetta; hygg að það sje mönnum nokkurn veginn ljóst. 4. og 6. gr. og síðari hluti 5. gr. standa í sambandi við 2. gr., og þarf jeg því ekki að fjölyrða um þær.

Ef samþykkja ætti eitthvað í þessa átt, þyrfti vald landsstjórnar að vera miklu viðtækara. Sje jeg ekki heldur neitt því til fyrirstöðu, að landsstjórninni sje heimilað vald til þess að skipa ungu fólki og vinnufæru að leita sjer atvinnu. En þá þyrfti það ákvæði að vera orðið svo, að hægt væri að ráðstafa fólkinu áður en það yrði um seinan. En til þessa er frv. algerlega ónógt.

Ef atvinnuvegir vorir geta ekki starfað í sumar, eins og tæki og áhöld leyfa, vegna fólksskorts, væri það þjóðarbúskapnum hið mesta mein og hin mesta nauðsyn að reyna að bæta úr því, eftir því sem unt er. Er jeg ekki í neinum vafa um, að t. d. hjer í Rvík og ef til vill víðar væri margt fólk, er ekki hefði neinn nytsamlegan starfa. Sæi jeg þá ekki eftir því, þó að fólk þetta yrði knúð til að vinna með lögum, þegar horfurnar um afkomu þjóðarinnar eru jafnerfiðar sem nú.

En sem sagt er frv. alveg ónógt til þessa, og þyrfti því að herða að mun á ákvæðum þess. Nú eru þau þannig, að þá fyrst, er alt er komið í þrot og vetur stendur fyrir dyrum, má grípa til þessara úrræða. En þá væri það um seinan. En það sem olli því, að við bárum ekki fram breytingar, sem fóru í þessa átt, var það, að okkur flutnm. að þessum brtt. þóttu litlar horfur á, að slík ákvæði yrðu samþykt.

Bjarni Jónsson: Mjer þótti vænt um margt af því, sem hv. síðasti ræðumaður (J. B.) sagði. Hann virtist þar ekki langt frá þeirri skoðun, sem jeg hefi haldið fram hvað eftir annað, að það væri ætíð varlegast að búast svo við, að það gæti komið fyrir, að landsmenn yrðu nauðulega staddir. Jeg hefi bent á, að ekki þyrfti annað en að skip þau, er landið hefir á að skipa, færust, yrðu numin hernámi eða glötuðust á einhvern hátt. Það eru þessi skip, sem eiga að færa að landinu vörur þær, er það fær með samningum við erlendar þjóðir. Færust nú þessi skip, áður en þau hefðu flutt til landsins vetrarforða, stæðu menn uppi bjargarlausir, og gæti þar orðið þau brögð að, að menn felli úr hungri.

Skal jeg nú ekki fjölyrða frekar um þetta, sem jeg hefi oft áður rætt, en snúa mjer að frv. í sambandi við þessa skoðun, er jeg nú lýsti.

Það er þá fyrst, að jeg tel slík frv. sem þessi eiga að gera ráð fyrir því, að menn noti sem best sumartímann, sem nú er byrjaður, til að rækta jörðina og afla af henni, líkt og farið var fram á með till. þeirri, er jeg flutti nú fyrir skemstu og hv. þm. gerðu mjer þann greiða að fella fyrir mjer. Þar til heyrir, að sjá bændum fyrir vinnukrafti. Fráfærur eru þeim mun sjaldgæfari, sem bændur eiga í meiru fólkshraki. Kvikfjeð er bústofn bænda, og

það verður að vera sá stofn, er þjóðin lifir af, ef sjávarútvegur bregst og aðrar atvinnugreinir falla í auðn. Verður því að auka þessa atvinnugrein, kvikfjárræktina, og hlynna svo að henni, að hún geti haldið lífinu í þessari þjóð á komandi árum, ef illa fer. Jeg bið menn að gæta þess, að jeg er ekki að segja, að þetta verði. Jeg er engu að spá hjer um, en segi, að það liggi svo nærri, að þetta geti orðið, og enginn sá er búmaður, sem ekki býr sig undir að mæta áföllum. Og með hverju býr þjóðin sig undir það áfall, er nú nefndi jeg? Með því að auka búskap og hjálpa bændum til að fá verkafólk til að reka hann. En hvernig á að útvega fólk? Með því, sem hjer er farið fram á í frv., að setja á stofn fólksráðningarskrifstofu í Reykjavík. En það verður seint um langan veg að spyrja sönn tíðindi. Það verður erfitt fyrir bændur vestan, norðan og austan að leita til Reykjavíkur upplýsinga um fólk eða ráðningar. En alstaðar á landinu eru kaupstaðir og þangað er styttra fyrir bændur að snúa sjer til ráðningamanna. Þess vegna væri rjettara að heimila stjórninni að setja upp fólksráðningaskrifstofur þar, sem tiltækilegt virðist úti um land, eða þó fremur, að fela bæjar- og sveitarfjelögum fólksráðninguna. En þó gæti það komið fyrir, eins og nú er í pottinn búið, að valdi þyrfti að beita, og þyrfti þá stjórnin að hafa lagaheimild til að skipa mönnum í vistir, en það er það fólk, sem bíður eftir kraftaverki, svo sem að síldarútvegur verði sem áður, enda þótt vitað sje, að slíkt geti ekki orðið. Það bíður svo og liggur uppi á sínu fólki allan sumartímann og er svo á nástrái þegar veturinn kemur. Því þyrfti stjórnin að hafa það í hendi sjer, að duga bæjar- og sveitarstjórnum í því, að koma þessu fólki í vistir, til að vinna fyrir framleiðsluna.

Fyrir því vildi jeg ekki leggja það til, eins og 2 aðrir hv. þm., að 2. gr. frv. sje numin burtu, heldur að frv. væri ekki nema 2. gr. Það er þarflaust nema 2. og 6. gr., sem þessir hv. þm. (J. B. og Þorst. J.) líka vilja fella burtu. Jeg teldi því nægilegt, að samþ. 2. gr. með nauðsynlegum breytingum.

Jeg skal nefna það um leið, úr því að jeg tala um 2. gr., að í henni er allundarleg nafnháttarmynd. Þar stendur: Þetta má því að eins s k e, að stórfeld bjargarvandræði verði eða vofi yfir, o. s. frv. Mjer er það ókunnugt, að nokkur nafnháttur í íslensku máli endi á e. Held jeg, að þá væri betra að hafa ekki þetta orð um hönd nema hafa sömu reglu og um aðra nafnhætti og færa til samræmis. Yrði þá víst að færa það til samræmis við t. d. að sjea = s j á, og yrði það þá s k j á. Annars eru til í íslensku önnur sagnorð, er setja mætti í stað orðskrípis þessa, sem komið er úr þýsku í dönsku og þaðan inn í íslenskuna. En í sambandi við setningu þá, er jeg las upp, verð jeg að leggja áherslu á, að þessar ráðstafanir eiga að vera til þess að forða vandræðum. Því að þegar stórfeld vandræði eru orðin, hver getur þá tekið við bjargarvana fólki? Það geta ekki bændur, heldur verða bæjar- og sveitarsjóðir að gera það. En hvernig á að forða því, að bjargarvandræði verði? Með því að rækta landið og færa það sjer sem best í nyt, eins og hæstv. forsætisráðherra benti oss á fyrir skemstu í ágætri ræðu. Þess vegna á að setja upp ráðningastofu nú þegar og ráða fólk nú, ekki að eins svo, að því verði lokið fyrir sláttinn, heldur nú þegar. Það er kominn tími til, og orðið heldur seint, að fara að erja jörð-

ina og setja niður jarðepli. Þetta frv. hefði átt að vera tilbúið fyr, því að Íslendingar vita vel, hve nær þeir eiga að erja jörðina, svo að ávaxtar megi vænta. Þingið var kvatt saman svo snemma til þess, að yrði búið áður en bjargræðistíminn hófst.

Um 3. gr. þarf ekki að ræða. Hún má vera slík sem hún er, breytt í samræmi við 2. gr. Ekki sje jeg heldur, hvað er á móti 4. gr., þótt sumir vilji fella hana niður. Hún kann að vera ónýt grein. Það þýðir ekkert að vera að tala um, hve margt fólk sje orðið bjargavana. Eftir því á ekki að bíða.

Um 5. gr. þarf fátt að segja. Það getur vel verið rjett, ef stjórnin skyldar menn til að fara í vistir, að hún borgi ferðirnar, en þeir, sem við taka fólkinu, gætu líka borgað. En það er annað, sem vantar í þessi lög, og það nefndi hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). En það er að skylda menn til að taka við þessum hjúum. Ef Íslendingar ætla að vera forsjálir og framsýnir og vera við því búnir, sem að gæti borið, þá verða allir bændur að búa ekki að eins fyrir sjálfa sig, heldur og alt landið og þjóðina. Þeir verða að stækka bú sín, heyja meira og fjölga skepnunum, ef fært er, til þess að auka stofninn svo, að landið geti bjargast við sitt í framtíðinni. Þetta verður að reikna út og skifta vinnukraftinum eftir því. Þetta er afarmikið vandaverk, og væri þar ekki nógur fólkskrafturinn einn, heldur og að hafa búskapareinvalda, eins og í Þýskalandi. Þar hafa þeir haft eina allsherjar matselju — karlkyns þó, — er skamtað hefir öllu landsfólkinu. Þannig hafa þ e i r mætt örðugleikunum, en ekki með atkvæðagreiðslum og ræðum á þingfundum, þar sem sitt sýnist hverjum. Heimild landsstjórnarinnar skyldi heimila að skipa mönnum í vist og skipa mönnum að taka hjú.

En hvað viðvíkur 6. gr., sem hv. flm. brtt. á þgskj. 261 vilja að falli burtu, þá tel jeg það ekki rjett. En hún á ekki sjerstaklega að eiga við þá, sem ráðnir eru samkvæmt 2. gr., því að þeir þurfa ekki að vera heilsulausari en hinir. En það ætti að skylda alla, sem í vist fara, að hafa læknisvottorð. Það er ekki gott í strjálbygðu landi að fá mann með illkynjaðan sjúkdóm inn á heimili, þar sem engin þekking er fyrir hendi nje önnur tök til að verjast. Það gæti orðið til þess, að alt fólk á bænum legðist í sama sjúkdómi. Hjer ætti því að vera í lögum, að hver sá maður, sem ræðst í vist, hafi læknisvottorð. Það er og merkilegt, að hjer eru engin lög um það, að menn skuli hafa meðmæli frá þeim, sem þeir voru fyr hjá. Verða menn því að renna blint í sjóinn, er þeir ráða sjer hjú, um heilsufar og annað. Mætti því gjarnan í þessi lög setja almenn ákvæði um það, að fólk, sem ræður sig í vist, sjerstaklega þar, sem örðugt er að ná í lækni, skuli hafa vottorð eða meðmæli frá þeim, er þeir hafa áður unnið hjá.

Jeg hefði talið betra, að hv. bjargráðanefnd hefði hugsað um þetta og breytt frv. í þá átt, er jeg nefndi. En hún gerir það þá líklega við 3. umr. Ef ekki, þá myndi jeg leita að þeim mönnum, er hefðu líka skoðun minni hjer um, hvort þeir vildu ekki koma með brtt. til 3. umr., því að nú er frv., að þessu leyti, verra en ekki, ef það verður samþykt.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Það, sem jeg heyrði af ræðu hv. þm. Dala. (B. J.), fanst mjer heldur styðja frv.

á þgskj. 207 en hitt. Hann hafði að vísu ýmislegt við það að athuga, og flestar aðfinningar hans við það voru að mínu áliti meira og minna á rökum bygðar. En mjer skildust athugasemdir hans fara í öfuga átt við brtt. á þgskj. 261. Mjer skildist hann, sem sagt, vilja ganga lengra en frv., og herða á ákvæðum þess, fremur en draga úr. (B. J.: Það er rjett!). Meðal annars gat hann þess, að rjett væri að hafa ráðningastofur víðar en í Reykjavík. Þessu er jeg í sjálfu sjer ekki mótfallinn. En hjer verður fyrst að líta á kostnaðarhliðina. Þetta myndi vitanlega hafa nokkuð mikinn kostnað í för með sjer. En það má líka taka til greina, að þar hlýtur að vera mest þörf þessara ráðningastofa, sem fólkið er margt, en síður þörf þar sem það er fátt. Þar er hægra að ná til fólks, og þar þekkja bændur í nærliggjandi sveitum svo að segja hvern mann. En svo er ekki um fólksmarga kaupstaði, eins og Rvík og Hafnarfjörð. Þar þekkja kaupstaðarbúar ekki einu sinni hver annan, hvað þá að bændur úr sveitum, nær eða fjær, geti valið úr eftir kunnugleika. Eftir því, sem fólkinu fjölgar, verður kunnugleikinn minni. Af því leiðir, að á slíkum stöðum er meiri þörf ráðningastofu.

Með þetta fyrir augum er það lagt til að setja upp ráðningastofu hjer í Reykjavík. Nú er komið svo, að jafnvel menn úr næstu sveitum eiga mjög erfitt með að fá fólk í Reykjavík. En það er ekki af því, að fólkið sje ekki til, heldur af hinu, að bændur þekkja það ekki og vita ekki af því.

Hv. sami þm. (B. J.) áleit, að ef þessar brtt., á þgskj. 261, yrðu samyktar, þá yrði frv. verra en einkis nýtt. Jeg er honum í raun og vera samdóma um þetta. Jeg tel það ekki aðalatriði frv. að heimila stjórninni að setja hjer fólksráðningaskrifstofu. Hitt tel jeg miklu meira vert, að landsstjórnin hafi ráð á að ráðstafa fólki, ef þörf gerist; en vitanlega áður en það er of seint og fólkið orðið þurfalingar. Hv. sami þm. (B. J.) áleit líka, að þó að 2. gr. væri feld, þá væri ekki ástæða til að fella 4. gr., og er það rjett. Hann gat þess líka um 6. gr., að ekki væri meiri ástæða til að heimta læknisvottorð af fólki, sem ræðst eftir 2. gr., en öðru fólki, sem ræður sig í kaupavinnu eða vist. Jeg er honum einnig samdóma um þetta. En jeg býst við, að það hafi vakað fyrir þeim, er sömdu frv., eða mestan þátt eiga í því, að það er orðið til, að um það fólk gæti verið að ræða, sem brostið hefði nauðsynlega aðhlynningu og hreinlæti, og gæti því hafa tekið ýmsa næma sjúkdóma, svo sem kláða eða önnur óþrif, og væri því nauðsynlegt, að menn hefðu vottorð um, að svo væri ekki. En þetta getur líka átt við efnabetra fólkið, sem við betri kjör á að búa. Og sumir næmir sjúkdómar munu vera einna tíðastir meðal þess fólks, sem við best kjör á að búa.

Jeg heyrði ekki nema lítið af ræðu hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). En að því leyti, sem jeg heyrði ræðu hans, gat jeg ekki almennilega skilið hugsanasambandið milli brtt. hans og þess, er hann sagði. Hann gat þess, að það væri of seint að ráðstafa fólki er það væri orðið bjargarvana. Jafnvel þótt orðalag frv. megi skilja á þann hátt, þá er það dálítið langsótt, og vitanlega er til þess ætlast í frv. að ráðstafa fólkinu áður en það er orðið bjargarvana. Jeg geri ráð fyrir, að því eigi að ráðstafa þá er útlit er fyrir, að það geti ekki fætt sig og klætt á eigin ramleik. Jeg kann verst við þau tvö orð í frv. „ske“ og „bjargarvana“. Nú fanst mjer það hugsun hv. 1.

þm. Reykv. (J. B.), að ef þetta orð, „bjargarvana", væri strikað út úr frv., þá yrði það aðgengilegra. Hefði hann þá átt að koma með brtt. um að fella það orð burtu. Jeg er honum samdóma um, að þetta orðalag er óviðfeldið, og vil, að landsstjórnin láti skríða til skarar fyr en fólk er orðið bjargarvana og án tillits til þess, hvort sjeð er fyrir því eða ekki. Jeg vil láta ráðstafa öllum, sem ekkert gera, af því að þeir annaðhvort vilja ekki eða nenna því ekki. (**E. A.**: Hver ætli vilji taka það fólk?). Þeir verða margir, sem vilja það, því að þótt margir unglingar t. d. sjeu ódælir og latir hjer í Reykjavik, þá verður alt annað uppi á teningnum, er þessir sömu unglingar koma upp í sveit, til fólks, er með þá kann að fara.

Út af athugasemdum hv. þm. Dala. (B. J.) og annara, gagnvart þessu frv., get jeg lofað því fyrir nefndarinnar hönd, að það skal verða athugað til 3. umr. Um leið vil jeg fara þess á leit við hv. flm. till. á þgskj. 261, að þeir taki þær aftur að þessu sinni og láti þær bíða til 3. umr. Það er ekki óhugsandi, að samkomulag geti náðst milli meiri og minni hl. nefndarinnar áður en lýkur.

Þorsteinn Jónsson: Það, sem jeg hafði sjerstaklega að athuga við þetta frv., var það, að mjer fanst það ekki ganga nógu langt hvað það snerti að ráðstafa atvinnulausu fólki. En ef ekki væri hægt að fá þingið til að ganga lengra, þá álít jeg og meðflutningsmaður minn, hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að þær greinar, sem við viljum láta fella burtu, hafi ekkert að þýða. Við hjeldum, að það væri ekki til neins að ganga lengra; það myndi ekki fást samþykki þingsins til þess að ráðstafa fólki, sem atvinnulaust væri, ef það hefði nóg fyrir sig að leggja. En ef hv. deild vill ganga svo langt, að ráðstafa atvinnulausu fólki, þótt það sje ekki bjargarvana, er ekki nennir að vinna, eða hefir ekki dáð í sjer til þess að útvega sjer atvinnu, þá er jeg þeirrar skoðunar, að það sje rjett, að þingið gangi þá leið, því að eins og tekið hefir verið fram áður, varðar þjóðfjelagið ekkert meira en að hver einstakur maður verði látinn vinna eitthvert það starf, sem að gagni má koma. En eins og ákvæði þessa frv. eru, um að ráðstafa því fólki, sem er bjargarvana, þá álít jeg, að of seint verði gripið í taumana, þótt þetta frv. verði samþ. Því að ef ætti að fara að framkvæma nokkuð eftir því, mundi það ekki verða fyr en í vetur, að fólkið yrði orðið svo bjargarvana, að það þyrfti að fara að ráðstafa því.

Af þessum ástæðum og þeim athugasemdum, sem fram eru komnar við frv., er jeg og hv. meðflutningsmaður minn (J. B.) til með að taka þessar brtt. aftur og vita hvort samkomulag fæst í nefndinni um aðalatriðin, því að tilgangur okkar var að fella burtu þessar greinar af því að við álitum þær þýðingarlausar, eins og frv. var úr garði gert. — En hvað till. á þgskj. 227 snertir, þá sje jeg enga ástæðu til annars en að nefndin geti fallist á hana.

Jörundur Brynjólfsson: Það er að eins örstutt athugasemd út af ummælum hv. frsm. bjargráðanefndar (S. S.). Reyndar hefir hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) tekið það fram, er máli skifti. Þetta (um ákvæði 2. gr.) bar á góma í nefndinni, og virtist okkur þessi ákvæði vera gagnslítil, eins og þau eru í frv., ef þau væru til þess ætluð, að koma að nokkru liði. En aftur á móti virðist mjer, að

skoðanir okkar flm. brtt. á þgskj. 261 og hv. þm. Dala. (B. J.) falli saman um, að nauðsynlegt sje, að landsstjórnin mætti ráðstafa atvinnulausu fólki í tíma. En samkvæmt 2. gr. frv., á þgskj. 207, hefir landsstjórnin ekki heimild til að beita þvingun við fólkið fyr en fullsýnt er, að yfir vofi hættulegur bjargarskortur, en það er ekki auðvelt að sjá slíkt fyrir, og þess vegna sýnist mjer, að í þeim efnum ætti stjórninni að vera fengið svo mikið vald, að hún þyrfti ekki að bíða eftir þeim skýlausu horfum. Þetta var það, sem kom okkur til að nema í burtu þessar greinar, vegna þess, að við vorum sannfærðir um, að þær eru, eins og þær eru orðaðar, því nær eða alveg gagnslausar.

Hv. frsm. (S. S.) drap á, að hann hefði ekki fylgst með því, sem jeg sagði, það var von til þess, því að hann var ekki viðstaddur þegar jeg byrjaði ræðu mína, — en jeg ljet það álit mitt í ljós, að til þess, að frv. þetta kæmi að nokkrum notum, yrði að ganga miklu lengra, og það er mín skoðun, að alveg rjettmætt sje, að landsstjórnin hafi fult vald til að skipa fólki að vinna að þeim verkum, sem mest nauðsyn og gagn megi að verða. Með þeirri von, að hv. meiri hl. nefndarinnar komist á sömu skoðun, get jeg vel fallist á þau ummæli hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) að taka aftur brtt. við þessa umr. málsins.

Gísli Sveinsson: Jeg vildi leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir við þetta mál, og ekki síst, ef það á að fara aftur til nefndarinnar. Mjer fór eins og hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar (S. S.), að jeg skildi í fyrstu ekki hvað hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) fór. Eftir því, sem lá í brtt., virtist það svo, sem hann og hv. meðflutnm. hans (Þorst. J.) vildi ekki hafa þessi ákvæði í frv. Síðar kom það í ljós, í ræðu hv. þm. (J. B.), að honum þótti frv. ekki nógu víðtækt. (J. B.: Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) talaði um það). Já, en þá þegar skildist hver meiningin var, þegar hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hafði talað til fulls, og verð jeg að segja, að þá var rjetta leiðin vitanlega alt önnur en að fara að nema ákvæðin í burtu, sem sje heldur að breyta frv. En það getur vel verið, að það sje ekki kleift, svo að vel sje, og mjer finst þá ekki nema eðlilegt, þó að nokkrum hv. þm. sýnist það ekki álitlegt, að láta stjórnina, hversu góð sem hún væri, hafa slíka víðtæka heimild. Málið hefir líka fleiri hliðar. Það er ekki að eins, að landstjórnin eigi að hlaupa undir bagga með atvinnulausu fólki og bjargarvana, heldur á hún líka að koma því einhvern veginn fyrir, og þá verður hún að hafa heimild til að setja fólkið niður þar, sem henni gott þykir, ef ekki verður öðruvísi. Jeg er nú á því, að ekki sje ráðlegt að setja slíka heimild í lög, þó að svo ári sem nú, og margt sje ískyggilegt fram undan, því að þótt lýðurinn í Reykjavík eða annarsstaðar sje orðinn atvinnulaus, og búið að ráðstafa því fólki, sem viljugt vill fara, þá er ekki ráðlegt að láta landsstjórnina drífa fólk inn á sveitaheimili, sem ekkert brúk hafa fyrir það og kann ske vill ekkert með það hafa; það verður ekki affarasælt. Það verður að fara einhverjar skaplegri leiðir.

Mjer finst annars, að frv. fari nógu langt með heimild sinni í 2. gr., og að ekki sje ástæða til að skilja hana þannig, að það sje ekki heimilt fyrir stjórnina að taka í taumana fyr en allir eru bjargarvana. Mjer skilst, að í frv. sje heimild vinnulausu fólki, en það þarf að vera fyrir stjórnina til þess að ráðstafa at-

vinnufært, og það finst mjer líka verða að vera nokkurn veginn sjálfsagt skilyrði; því að ef fólkið er ekki vinnufært, er engin spurning um að ráðstafa því til vinnu, og ekki hægt að kúga menn í hjeruðum til að taka fólk, sem ekki er vinnufært.

Í öðru lagi er svo bjargarvana fólk. Því getur stjórnin að sjálfsögðu ráðstafað, ef það er að eins bjaargarvana, en vinnufært, því ef það er ekki vinnufært, gilda alt aðrar reglur. Því skilst mjer, að með þessu frv. sje það í raun rjettri einungis meiningin að ráðstafa atvinnulausu fólki og láta það vinna þar, sem þörf er á vinnunni. Það gefur að skilja, að þetta verður að gerast eftir því, sem til hagar hjer á landi, og eftir því, sem frjálsræði þeirra stjórnarvalda, sem hjer eiga hlut að máli, krefur. Það má ekki reka fólkið með nauðung annars vegar upp í sveitirnar, svo og svo mikið af atvinnulausum lýð, því að það verður einmitt hlutverk viðkomandi sveitarstjórnar að ráðstafa fólkinu innan sveitarinnar, ef ekki gengur saman með vinnuveitendum þar í sveitinni og verkafólkinu. Menn verða að athuga það, að vel getur komið fyrir, að mjög margir verði atvinnulausir og heilsulausir, og svo í öðru lagi, að þeir, sem vilja vinna og eru atvinnulausir, geti ekki útvegað sjer hana vegna þess, að ekki eru fólksráðningastofur. En annað mál er það, að ráðstafa því fólki, sem ekki er hægt að sjá farborða; en þar dugir engin kúgun; eða að setja upp á bændur svo og svo margt fólk, sem enginn veit nema þurfi að framfæra blátt áfram á annara kostnað. Því verð jeg að ráða frá að fara lengra en gert er með þessum ákvæðum, sem hjer eru sett, og álít jeg þau nógu skýr til þess, að ráðstafa megi atvinnulausu fólki eftir þeim, og líka fólki, sem er bjargarvana, en það verður ætíð að vera ótvírætt skilyrði, að það sje vinnufært. Það gefur líka að skilja, að það nær ekki nokkurri átt að treysta landsstjórninni einni til þess, því að þótt hún væri öll af vilja gerð, gæti hún ekki gert það ein, svo að nokkur mynd yrði á því.

Jeg skal svo að lokum minnast á eitt atriði, en það er að eins orðabreyting. Það er hjer í 1. gr. frv. talað um fjelag, sem heiti Fiskiveiðafjelag Íslands; það er mjer vitanlega ekki til. Það heitir Fiskifjelag Íslands, sem líklega er átt hjer við. En þessu getur hv. nefnd breytt fyrir 3. umr.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Síðasta athugasemd hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) mun vera á alveg rjettum rökum bygð. Fjelagið heitir Fiskifjelag Íslands; það er best að kannast við það. Að öðru leyti þakka jeg hv. þm. (G. Sv.) fyrir athugasemdir hans, sem voru mjög skýrar og málinu til stuðnings.

Viðvíkjandi þeirri athugasemd, sem jafnvel hefir komið fram meðal hv. þm., að samhliða því, að heimila stjórninni að ráðstafa atvinnulausu fólki, þá þurfi um leið að skylda sveitirnar og aðra hluta landsins til þess að taka á móti fólkinu. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók það rjettilega fram, að þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt. Nefndin hefir heldur ekki hugsað sjer að heimila stjórninni slíkt vald, enda engin ástæða til þess að gera það.

Það er nú mín skoðun, að nóg atvinna sje til fyrir atvinnulaust fólk í landinu, ef vel er leitað. Það er talið, að bændur hjer á landi sjeu um 6600, þeir er búa á einu jarðarhundraði eða meiru. Vitanlega eru allmargir bændur í þessari tölu, sem búa á jörðum í sjóþorp-

um og við sjávarsíðuna, og koma nokkrir þeirra hjer til frádráttar. En margir þeirra bænda, er búa við sjávarsíðuna, að minsta kosti hjer við Faxaflóa, þurfa aukinn vinnukraft suma hluta ársins. Jeg býst þess vegna við, að af þessum 6600 sje að minsta kosti 5000, sem þurfi á meiri eða minni vinnukrafti að halda að vorinu og sumrinu, fram yfir fasta heimilismenn. Sumum nægir ein manneskja, en þeir eru þó fáir. Fjöldinn allur tekur 2—3 kaupahjú um sláttinn, og margir 4—6. Jeg held því, að ekki sje of mikið sagt, að þessir 5000 bændur þurfi um 10000 manns yfir sumarið, eða hver þeirra 2 hjú til jafnaðar.

Nú er það vitanlegt, að í bæjum og kauptúnum þurfa hvergi nærri allir vinnufærir menn að leita sjer atvinnu annarsstaðar, heldur hafa þeir hana þar á staðnum, sem þeir eiga heima. Og svo er það hjer í Reykjavík og víðar. Jeg hygg því, að flestu, ef ekki öllu, atvinnulausu fólki í bæjum og kauptúnum megi útvega atvinnu yfir vorið og sumarið, ef því er haganlega jafnað niður og sent þangað, sem atvinnu er að fá eða eitthvað er að gera, án þess að um nokkra þvingun þurfi að ræða. En hitt er satt, sem hjer hefir verið minst á, að þetta mál er alt of seint á ferðinni. Stjórnin hefði átt að byrja þingið með því að leggja slíkt frv. fyrir það, svo að þessi ráðningastarfsemi hefði getað hafist strax í vor, og mundi hún þá hafa getað komið að miklun notum.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru að eins örfá orð. Mjer virðist svo, sem hv. þm. misskilji þann tilgang, sem þetta frv. óneitanlega hefir. Tilgangurinn er sá beinlínis, að reyna að stuðla að því, að atvinna og framleiðsla verði sem mest, en það er ótvírætt, að frv. nær ekki tilgangi sínum, eins og það er orðað. Tilgangurinn er sá, að láta sem flesta vinna að framleiðslu á komandi sumri, og þó að það sje nokkuð seint fram komið, getur ekki hjá því farið, að það verði að nokkru gagni, ef það er fljótt samþ. og afgreitt. Því næst verður að athuga, hvort ekki eru margir þeir menn, sem fáanlegir myndu til að fara í sveit, eða þá vinna að einhverjum þeim störfum, sem nauðsynleg væru, og þegar þær upplýsingar væru fengnar, þá að leitast fyrir um það, hvort ekki vantar menn til heyvinnu eða sjávarútvegs, og þá að skipa því fólki, sem ekki hefir vinnu, eða stundar gagnslausa vinnu, í vistir í sveitunum. En ef til ógnar vandræða horfir, getur hæglega til þess komið, að nauðsynlegt verði að fá stjórninni heimild til að skipa fólki niður.

ATKVGR.

Brtt. 261. tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 227. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 17 : 1 atkv.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 7. júní, var frv. tekið til 3. u m r., með þeirri breytingu á fyrirsögninni, að fyrir „fólksráðningaskrifstofu“ komi

fólksráðningarstofu.

(A. 295, 308, 311, 312).

Sigurður Stefánsson: Brtt. við frv. hefir ekki verið útbýtt fyr en nú á fund-

inum, og þar sem margir hv. þm. þykjast ekki hafa áttað sig á þeim, leyfi jeg mjer að óska þess, fyrir hönd nefndarinnar, að málið verði tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., mánudaginn 10. júní, var frv. aftur tekið til 3. u m r. (A. 295, 308, 311, 312).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Þegar bjargráðanefndin hafði frv. þetta á þgskj. 295 fyrst til athugunar og yfirlits, þá komst hún að þeirri niðurstöðu, að ráða hv. deild til að samykkja það óbreytt. En það var ekki af því, að nefndin teldi frv. að öllu leyti gott og gallalaust,. En hins vegar hafði hún ástæðu til að búast við, að þingi yrði slitið þá og þegar, og þar sem Ed. hafði afgreitt það í þessu formi, þá vildi bjargráðanefnd Nd. ekki tefja málið, og vildi því láta það taka sem minstan tíma, með því að samþykja það óbreytt. En við 2. umr. komu fram, frá ýmsum hv. þm., athugasemdir við frv., sem nefndin kannaðist við að hefðu við mikil rök að styðúast. Af þessu leiddi, að nefndin tók málið á ný til athugunar og flytur nú brtt. á þgskj. 311. Í öðru lagi skal jeg minna á brtt. frá hv. þm. Dala. (B. J.), á þgskj. 308, og enn fremur brtt. við brtt. nefndarinnar, frá tveim hv. þm. í bjargráðanefnd, og er sú brtt. á þgskj. 312.

Að því er snertir brtt. nefndarinnar, þá eru þær aðallega því fólgnar að færa út eða auka heimild landsstjórnarinnar til að ráðstafa atvinnulausu fólki. 2. gr. frv., eins og hún er nú, er lagt til að falli burt og 3. gr. verði 2. gr. Síðan komi ný grein, er verði 3. gr., og ræðir um að ráðstafa vinnufæru fólki, „sem ekki verður ráðið til vinnu af fólksráðningastofunni nje með frjálsum samningum á annan hátt. Leggur nefndin til, að bæjar- og sveitarstjórnum veitist vald til að ráðstafa fólki, sem ekki fer í vist á annan hátt, „enda líkur til", segir í greininni, „að það verði öðrum að byrði". Þetta vilja tveir nefndarmanna strika burt, svo að greinin fái á sig skýlausari og hreinni blæ, þannig, að heimildin nái til alls þess fólks, sem ekki vill ráða sig af frjálsum vilja, hvort sem það hefir nokkuð fyrir sig að leggja eða ekki. Jeg skal játa það, að persónulega get jeg vel fallist á þessa brtt. hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.). Og nefndin gerir þetta alls ekki að neinu kappsmáli. En með því að fella þessi orð í burtu eru myndaðar hreinar línur. Býst jeg raunar við, að menn líti svo á, að ákvæðið sje töluvert nærgöngult, en það kemur ekki frekar fram við þá efnaminni en hina. Hugsunin, sem liggur bak við brtt. og þessa gr., er sú, að allir eigi að vinna, hvort sem líkamlegar þarfir krefjast þess eða ekki og hvort sem menn hafa mikið eða lítið fyrir sig að leggja. Þótt þetta virðist hart í fljótu bragði, þá er það hið rjetta í þessu máli, eins og á stendur. Þess ber vel að gæta, að frv. er nokkurskonar dýrtíðarráðstöfun að þessu leyti.

Enn fremur er það brtt. nefndarinnar, að 4. gr. sje orðuð eins og þar segir, á þgskj. 311. Aðalinnihald hennar er það, að ef bæjar- eða sveitarstjórn getur ekki ráðstafað fólkinu samkvæmt 3. gr. og horfur eru ískyggilegar, þá skuli hún safna skýrslum um ástandið og síðan snúa sjer til landsstjórnarinnar, og er þá svo fyrir mælt, að landsstjórnin hafi vald til að skipa fyrir um flutning á

þessu fólki og skipa því í vistir. Enn fremur er þar til tekið, að ef bæjar- eða sveitarstjórn gerir engar fullnægjandi ráðstafanir að því er atvinnulaust fólk snertir, þá hafi landsstjórnin heimild til, að undangenginni aðvörun, að beita valdi til að ráðstafa því í atvinnu.

Þetta er nú aðalbrtt. nefndarinnar, og býst jeg við, að um þær verði aðallega rætt, og ef skoðanir eru skiftar um málið, þá sje það einkum um þessi atriði.

Að því er snertir brtt. hv. þm. Dala. (B. J.), þá er þess að geta, að flestar brtt. hans eru, að meira eða minna leyti, teknar upp í brtt. nefndarinnar, að undanteknu þó sektarákvæðinu, og brtt. undir 4. lið, þar sem þessi hv. þm. (B. J.) leggur til, að ef stjórnin vill afstýra skorti, samkvæmt lögum þessum, skuli henni og heimilt að skipa mönnum hjú. Með öðrum orðum, þessi hv. þm. (B. J.) vill gera mönnum að skyldu að taka við því fólki, sem þannig er á sig komið. Jafnvel þótt þetta kunni nú að sýnast í samræmi við það, að skipa atvinnulausu fólki í vistir, getur nefndin þó ekki fallist á það að ganga svo langt. Bæði er það allhart aðgöngu, og nefndin álítur ekki þörf að skipa mönnum hjú, því að þegar alls er gætt, þá er ekki fleira iðjulaust fólk en atvinna er fyrir í landinu, ef fólkinu er jafnað rjett niður. Jeg þóttist leiða rök að því við aðra umr., í framsögunni, að þörfin fyrir fólkið að vorinu og sumrinu sje svo mikil úti um landið, að það er meira en nóg að gera fyrir alla þá í bæjunum og kauptúnunum, sem ekki geta fengið vinnu þar heima fyrir. Nefndin getur því ekki fallist á þessa till. hv. þm. Dala. (B. J.)

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að nefndin hefir gert till. um smábreytingar. T. d. hefir hún leiðrjett nafnið á Fiskifjelagi Íslands, o. s. frv. Ákvæðin í 6. lið, um breytingu á 7. gr, eru í samræmi við fátækralögin.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að ræða þessar brtt. frekar. En þess vil jeg þegar láta getið, að með þessum brtt., og sjerstaklega ef brtt. á þgskj. 312 er samþ., þá eru hjer myndaðar hreinar línur í þessu fólksráðningarmáli, og má segja, að grundvallarhugsunin sje þessi gamla kenning: „Hver, sem ekki vill vinna, á heldur ekki mat að fá“. Hjer er miðað við það, að fólk, sem getur unnið, en vill ekki, sje látið vinna, án tillits til hvort því líkar betur eða ver. Með því er algerlega numinn af frv. sá „fátækrastimpill“, sem margir hafa virst hneykslast á. Jeg ætla nú ekki að gera þessar till. að kappsmáli, en hins ber að gæta, að nái þær ekki fram að ganga, er frv. búið að missa sinn kraft, og þá stendur á sama, hvort stjórninni er gefin heimild til að setja upp fólksráðningaskrifstofu eða ekki. Jeg læt mjer það liggja í ljettu rúmi. Hitt álít jeg miklu meira vert, að veita bæjar- og sveitarstjórnum heimild til að ráðstafa til vinnu því fólki, sem er atvinnulaust, annaðhvort af því, að það vill ekki vinna, en liggur svo á öðrum, eða lifir á eigin fje. Á þessum erfiðu tímum þurfa allir að leggja fram krafta sína; enginn má liggja á liði sínu. Allir verða að vinna, sem vetlingi geta valdið, hvort sem þeir eru æðri eða lægri, ríkir eða fátækir.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi gert brtt. við þetta frv., og áttu nefndin að gangað þeim. Ætla jeg, að hún hafi sjeð þær áður en hún ljet prenta sínar. (S. S.: Rjett). Jeg skal geta þess, að jeg tel ekki sæma að setja slík lög á Alþingi, nema bygð

sjeu á skynsamlegum grundvelli. Að káka við slíkt er ekki til nokkurs hlutar. Annað tveggja verður, að láta alt arka að auðnu, eða fá alt stjórninni í hendur. Jeg tel, að eins og nú horfir um aðstöðu Íslands og viðburði heimsins, eigi stjórnin að taka við öllum atvinnuvegum landsins í sínar hendur. En til þess að haga atvinnuvegunum þannig, að landið geti sem mest búið að sínu og þurfi ekki að sækja undir högg til annara, þá verður stjórnin að hafa fult vald til þess að ráða fólk til atvinnunnar og hagnýta vinnukraftinn á þann hátt, að sem mest verði aflað og sem mest framleitt úr skauti jarðar og sjávar, til þess að ala önn fyrir þessari þjóð veturinn er nú fer í hönd, og með hliðsjón á árunum fram undan, því að ef stríðið heldur áfram, þá er auðsætt, að þetta land verður að læra að búa að sínu. Og það er engin frágangssök. Í þessu landi má fá svo mikið af næringarefnum, að þjóðin getur vel lifað af, ef hún kann að blanda þau, svo að hún þarf ekki að sækja til annara, eða eiga viðurværi sitt undir þeirri slempilukku, að tundurskeyti hæfi ekki skipin, sem flytja mat að landi, þar sem svo mikil eru vígaferli á sjónum. Þess vegna þarf að skifta vinnukraftinum svo haganlega milli atvinnuveganna, að trygging sje fyrir því, að landsmenn falli ekki úr hungri, er fram á veturinn kemur.

Það er næst á að minnast, að ekki er langt síðan kunngerðir voru samningar þeir, er gerðir hafa verið við bandamenn, fyrir landsins hönd. Er skjótsjeð á þeim samningum, að öðrum aðalatvinnuvegi landsins, sjávarútveginum, er í beinan voða stefnt, svo að engar líkur eru til, að hann framfleyti eins mörgum og undanfarið. Þetta fólk verður því atvinnulaust, er fram á kemur, og peningalaust, og mun þeim ekki þægilegt um atvinnu til viðurværis, er vetrar að. Það er því bersýnileg hætta fyrir stjórnina og landið yfir höfuð að ganga í móti vetri með stórar borgir og kauptún full af fólki, sem hún þarf ef til vill að taka upp á arma sína á miðjum vetri. „Ekki er ráð, nema í tíma sje tekið"; þess vegna verður nú tafarlaust að ráðstafa því fólki, sem ekki er bjargarlaust, en getur orðið það. Það er ekki til neins, eins og til hagar hjer, að vera að geyma hjálpina þangað til atvinnuvegir eru komnir í kalda kol, því að þá er ekki til neins að taka, því að hvar er þá björgin? Það getur verið nóg gull til í handraðanum, en engin björg fyrir fólkið. Vil jeg hjer minna á atriði síðustu daga, en það er það, að nú hafa kafbátastöðvar verið fluttar vestur að Vesturheimsströndum, og hvar er nú trygging fyrir því, að þessir sterku vígdrekar, er geta legið úti mánuðum saman, sneiði fram hjá 2—3 skipum, sem Íslendingar eiga í förum? Hvar er trygging fyrir því, að þessum skipum verði ekki sökt áður en þau koma heim nokkurri lúku af korni, eða kann ske helmingnum af því, sem nauðsynlega þarf, en þegar ekkert korn er til, hvernig á þá að fara að því að bjarga fólkinu? Það er fyrirhyggjan ein, sem bjargar þjóðunum í stríðinu, og þar eiga menn að semja sig að kenningu hins mikla lærimeistara heimsins í þessu stríði, Þýskalands. Það er þess vegna alt, sem gert er í þessu máli, kák, nema það eitt, að gera alt til þess að auka framleiðsluna; en til þess að tryggja líf fólks hjer í Rvík verður strax að byrja á öflugum ráðstöfunum og framkvæma þær, en bær eins og Reykjavík er alls ekki trygður

nema fjölda fólks sje ráðstafað til ársvista upp í sveitir, þar sem mjólk er til. Allir vita, að Reykjavík hefir þolað mikinn mjólkurskort, þrátt fyrir allan þann mikla tilkostnað, sem ráðist hefir verið í, við að sækja mjólk austur yfir fjall, en þegar bændur fá miklu minni skamt af korni en verið hefir, verða þeir að búa að sínu, og má æra óstöðugan að fara þá að taka af þeim þeirra eigin mjólk. — Nei, látum þá fá fólkið til að vinna að heyskapnum, svo að ekki þurfi að skera fjeð niður í útlendinga, sem ætla að gera svo vel að kaupa það fyrir hundsbætur. Látum t. d. hjón fara með 2 börn upp í sveit og vinna þar fyrir þeim kauplaust, eða þá að kaupið sje nákvæmlega metið. Hjer á ekki að hugsa um það, að ein stjett græði eða tapi, en það, sem þjóðin á að gera, og það, sem Alþingi og stjórn á að hugsa um og gera, er það, að sjá um, að þrátt fyrir skaða sinn lifi þjóðin. Menn þekkja veðráttu hjer á landi; bjargartíminn er 2 mánuðir eða 3, og þann tíma verður að nota; því er á þessum síðustu dögum seinasti tími til að gera tryggingarráðstafanir. Jeg vil benda á, að það er ekki til neins að vona, því að hve lengi er eitt tundurskeyti að gera enda á þeim vonum? Það er því ekki til neins að búa eins og verið hefir, því að menn hafa bókstaflega bygt á því, að Þjóðverjar hjeldu ekki út nema 2 mánuði fram yfir síðustu þingslit, en menn ættu nú að fara að sjá, að það eru engar veikar þjóðir, sem hjer eigast við, heldtvær hinar sterkustu þjóðir, sem til eru, Þjóðverjar og Englendingar. Þess vegna er ekki til neins að byggja vonir á því, að önnur hvor þeirra muni detta fyrir borð, því að þótt báðar þeirra sjeu orðnar úrkula vonar um að sigra, mun þó langt að bíða þess, að þær, með allri þeirra manndáð, ásamt þeim þjóðum, er hvorri þeirra fylgja, hætti að berjast. Þess vegna er ekki annað fyrir Íslendinga að gera en að taka verulega skynsamlegar ráðstafanir, og er þá ekki annað til en að nota íslenska náttúru og íslenska jörð til þess að framleiða af henni það, sem þjóðin þarf til þess að lifa; en það er ekki til neins að láta reka á reiðanum, því að langt verður til þess, að allur almenningur fer að skilja þetta eins vel og hv. þm. ættu að gera. Það er þingið, sem á að skilja þetta, því að það er kosið af þjóðinni til þess að hafa á hendi stjórn landsins, og það er skylda þings og stjórnar að gera nú svo viturlegar ráðstafanir, að þjóðin verði ekki svikin þegar mest á liggur.

Á þessari grundvallarhugsun byggjast mínar till.; því að þetta skrifaði jeg meira upp til þess, að það væri sú stefna, sem nefndin ætti að fara eftir, og enn fremur gerði jeg ráð fyrir, að hún mundi bæta ýmsu inn í, sem til bóta mætti verða. Jeg hafði talið mjer skylt að láta hv. bjargráðanefnd þessar till. í tje, svo að hún gæti athugað þær nánar.

Eitt atriði vil jeg nefna; það er það, sem er 4. liður hjá mjer, sem hv. frsm. (S. S.) sagði að nefndin vildi ekki fallast á, að stjórnin þarf að hafa heimild til að taka búskap landsins í sínar hendur og skipa bændum hjú. Nú kann að vera, að einhver bóndi segi: Jeg hefi nógu stórt bú; jeg kæri mig ekkert um meira fje og fleiri hjú. En þessi bóndi býr t. d. á stórri jörð og getur tekið ein hjón með tvö börn, og má vel stækka hans bú; þá verður hann að hlýða og búa fyrir þjóðina og stækka sitt bú. Það er ekki til neins að beita harðúð við verkamennina, en láta hinn aðilann, vinnuveitandann, neita að hlýða sjer, með því að stjórnina vanti heimild til þess að skipa

fyrir. Hv. þm. skulu sanna, að það verður þessu landi verulega dýrt, ef þessi till. verður feld. En geri þeir nú eins og þeim líkar; jeg mun finna ráð til að sýna, að jeg hefi ekki farið með neina heimsku, og eins munu viðburðirnir, þeir er síðar gerast, sýna, að jeg hefi farið hjer með rjett mál.

Einar Jónsson: Það er svo vanhugsað og öfugt frv., sem hjer liggur fyrir, að það er naumast hægt að binda sig við það, en jeg skal þó gera það sem jeg get í því efni. Jeg býst við, að margir af landsmönnum muni vera farnir að búast við því, að þetta þing, sem nú hefir setið hjer í 2 mánuði, væri búið að gera eitthvað að gagni, en jeg hefi ekki sjeð það enn þá, og enda þótt jeg líti í þetta frv., þá get jeg ekki heldur sjeð, að það bæti nokkuð úr skák í því efni.

Hv. þm. Dala. (B. J.) er búinn að tala mikið um þetta frv., og hefir hann farið sanngjörnum orðum um það. En það, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir sagt um það, met jeg einkis. Jeg held, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, geti ekki talist nein dýrtíðarráðstöfun, til bóta. — Ef á að fara að skylda bændur til þess að taka við fólki, sem þeir hafa ekkert með að gera, þá tel jeg, að farið sje um of inn á eignarrjett einstakra manna. Því að jeg skil þetta frv. svo, að það eigi að útvega atvinnulausu fólki vinnu hjá þeim, hvort sem þeir vilja nokkuð með það hafa eða ekki, og bændur, sem þurfa að fá sjer vinnukraft, eiga að taka við því, hvort sem það getur orðið þeim að nokkrum notum eða ekki. En oftast mun það fólkið, sem liðljettast er til vinnu, skorta atvinnu, fremur en hitt, sem dugandi er. Það yrðu því ónytjungarnir, sem þessi fólksráðningastofa hefði til útbýtingar, og býst jeg ekki við, av vinnuþiggjendum þætti það svara kostnaði. Þetta er sú dýrtíðarráðstöfun, sem verið er að gera; sú ónýtasta og órjettlátasta, sem jeg hefi sjeð. Hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að eitt af tvennu ætti að gera, að láta annaðhvort alla vera sjálfráða, eða lögbjóða alt. En jeg vil hjer fara millivegin, að alt sje ekki látið liggja í lausu lofti, en ekki heldur alt lögboðið, sem kemur við atvinnuþörfinni og vinnuveitandanum í bága. Jeg held nú helst, að eins og nú er komið, sjeu ekki neinar líklegar ráðstafanir í okkar höndum, sem viturlegar sjeu, og þess vegna væri best, að við segðum vertu sæll hver við annan og færum okkar leið, því að þó að við segjum, að þetta frv. sje dýrtíðarráðstöfun, þá er það tómt ómark, sem við undirskrifum með einu stóru ómarki, frá upphafi til enda. Þjóðin ræður eins miklu um þetta, og þess vegna vil jeg fá styrk hvers einasta hv. þm. til þess að losna við þetta ómak.

Jeg sje ekki, að nokkur bót sje í þeim brtt., sem hjer liggja fyrir framan mig. Frv. er óbrúklegt sjálft, og brtt. bæta það ekkert; vil jeg því lýsa yfir því, að jeg mun ekki greiða því atkv. mitt, og þarf enginn hv. þm. að halda, að hann bæti heiður þingsins að nokkru leyti með því að vilja samþykkja það.

Jeg ætla með nokkrum orðum að minnast á það, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að það væri ekki rjett fyrir Reykjavík og austurhjeruðin að vilja skiljast hvort við annað. Tel jeg það rjettmætari umsögn en hitt, sem Jón Ólafsson sagði á þingi 1913, að þótt himinhár múr væri gerður eftir allri Hellisheiði, þá myndi Reykjavík einkis sakna, og lifa jafnvel þó öll viðskifti við austurhjeruðin hyrfu. Það var rjett, sem

hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að Reykvíkingar þyrftu mjólk og smjör að austan. Til þess þarf að koma upp járnbraut austur, en fólksráðningaskrifstofan má fara sína leið; jeg greiði atkv. á móti henni þegar í kveld.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer sýnist till. hv. þm. Dala. (B. J.) fara í rjetta átt. Mjer virðist, að hv. bjargráðanefnd hafi ekki lagt nægilega áherslu á það, að gera ráðstafanir til þess að skifta vinnukraftinum niður á atvinnuvegina, hindra það, að þeir, sem atvinnu þurfa, sitji langan tíma yfir lítilli vinnu. Þar í held jeg að hættan sje mest, en ekki svo mjög mikil í því, að atvinna fáist ekki yfirleitt, að minsta kosti ekki enn þá. Get jeg nefnt það þegar, að mestu hættuna tel jeg stafa af síldveiðunum, því að vera má, að ráðist verði í mjög mikinn síldarútveg, að nokkru upp á óvissu, sem svo hættir í miðju kafi. En þar sem síldarútvegur er rekinn er margt fólk saman komið til að stunda þá atvinnu, og gæti þetta orðið mjög slæmt fyrir kaupstaðina. Notadrýgri gæti þó önnur atvinna orðið fyrir landið, þótt dagkaupið væri þar ekki alveg eins hátt. En þetta alt er fjarska erfitt við að eiga, vegna þess, að fyrir þetta sumar, sem nú fer í hönd, býst jeg við, að naumast verði hægt að gera þær ráðstafanir, sem að gagni mættu koma. En ef ófriðurinn heldur áfram, þá veit jeg, að hugsa verður fyrir því, að fólkið hafi atvinnu við framleiðslu, sem vissa sje fyrir að hægt verði að fá.

Aftur á móti er jeg ekki eins trúaður á það, sem mjer finst allmargir hv. þm. vilja, að hyggilegt sje að skylda bændur til að taka hjú. Það er, held jeg, ákaflega örðugt og ákaflega athugavert, jafnvel á svona tímum, vegna þess, að á milli húsbænda og hjúa er náið samband, og því mjög ilt að lögbjóða það. En jeg held samt, að það eigi að veita landsstjórninni eða fólksráðningaskrifstofunni einhverja heimild til að skipa atvinnulausu fólki í þá staði, þar sem það getur starfað að framleiðslu; en ef þessi fólksráðningaskrifstofa, eða landsstjórnin, hefir engum peningum yfir að ráða, til þess að útvega þessum mönnum atvinnu, þá er jeg hræddur um, að þetta geti orðið meira í orði en á borði. Jeg held þess vegna, að með þessari skyldu, um að sjá fyrir því, að atvinnulaust fólk geti fengið atvinnu við einhverja framleiðslu, hefði átt að fylgja heimild til að nota fje til þess, eitthvað svipað og var í lögum þeim, sem enn þá gilda, um að sjá fólki fyrir atvinnu, en sem sagt, jeg ætla ekki að fara lengra út í það atriði.

Eins og að framan er talið, er jeg samdóma hv. 2. þm. Rang. (E. J.), að jeg verð að telja það mjög svo athugavert að skipa bændum að taka hjú. Að öðru leyti vona jeg, að mál þetta fái sem bestar undirtektir og athugun.

Gísli Sveinsson: Síðan mál þetta var hjer síðast til umr. hafa allmargar brtt. komið fram við það.

Um till. bjargráðanefndar er það að segja, að þær eru að sumu leyti aðgengilegri og að sumu leyti, ef til vill, lakari en frv. En jafnframt skal jeg lýsa yfir því, að jeg hefi ekki verið móti frv. eins og það var, og er það ekki enn, en jeg álít, að brtt. nefndarinnar geri hvorki til nje frá, þegar öllu er á botninn hvolft. Hún vill færa töluvert af þessu starfi yfir á bæjar- og sveitarstjórnir, og það getur verið heppilegt, en um það skal jeg ekki fjölyrða frekar. En jeg vildi

einkum fara nokkrum orðum um ræðu hv þm. Dala. (B. J.) í sambandi við ræðu hæstv. forsætisráðherra.

Jeg varð hissa að heyra hv. þm. (B. J.) leyfa sjer svo sem að egna annan stríðsaðiljann móti skipum vorum og flutningi. Slíkar getsakir hafa að vísu komið fram hjá hinum hv. þm. (B. J.) áður, en mjer og öðrum fellur þungt, að nokkur maður skuli láta sjer slíkt um munn fara. Þótt vjer höfum orðið undir kúgun að búa, eru slík ummæli sem þessi algerlega óleyfileg gagnvart sjálfum oss, og einnig sjálfum Þjóðverjum, þeim aðiljanum, sem hv. þm. (B. J.) gefur í skyn að muni láta oss sæta hörðu. Því að hvað höfum vjer til saka unnið? Hvað höfum vjer gert á hluta Þjóðverja? Það er hreint og beint óðs manns æði að geta þess til, að Þjóðverjar sýni oss slíka fúlmensku, þó að vjer höfum neyðst til, stöðu vorrar vegna, að gera samning við Englendinga. Jeg þykist þess fullviss, að Þjóðverjar láti oss eigi í einu nje neinu gjalda slíks samnings, fremur hjer eftir en hingað til.

Hv. sami þm. (B. J.) kvað nú vera komna 11. stundu; nú væri mál til komið að aðhafast eitthvað. Kafbátarnir þýsku væru nú komnir að ströndum Vesturheims, og skip vor, sem ganga vestur um haf, væru því í hættu stödd, — þeim mundi verða sökt, vísvitandi eða óvart, og allir aðflutningar til landsins teppast. En hvaða ástæða er til að hugsa svo? Alls engin. Því að ef Þjóðverjar hefðu viljað láta oss gjalda aðstöðu vorrar, hefðu þeir gert það fyrir löngu. Undanfarið hefir kafbátahernaður altaf verið kringum England, þar sem skip vor hafa átt leið um, og þau þó aldrei verið lögð í einelti af Þjóðverjum. Þessar getsakir hv. þm. Dala. (B. J.) eru þess vegna algerlega rakalausar, og jeg tel þær ranglátar gagnvart þessum aðilja, sem bæði fyrir stríðið og síðan það hófst hefir ekki sýnt oss annað en gott eitt.En jafnframt eru getsakir þessar rangar gagnvart sjálfum oss, þar sem þær eru notaðar sem röksemdir með till., sem hjer er fram borin og eigi ætti að ná fram að ganga. Það er þess vegna algerlega ófyrirsynju, að hv. þm. (B. J.) hefir í hótunum um, að spár hans muni rætast, ef till. verði feld.

Þá kem jeg að meginefni máls hans, að landsstjórnin eigi að taka allan búskap landsins í sínar hendur. Vel má vera, að hv. þm. Dala. (B. J.) treysti landsstjórninni svo vel, að hann vilji fela henni búskap landsins. Og jeg skal ekki fortaka, að fleiri kunni að verða hv. þm. (B. J.) sammála um þetta. En jeg hygg, að þeir sjeu miklu fleiri, sem eigi vildu fela nokkurri stjórn — síst þeirri stjórn, sem nú situr að völdum — búskap sinn í hendur. Mjer er líka ráðgáta, hvernig stjórnin gæti rekið búskap landsins, svo vel færi, þar sem orðið hefir stórkostlegur tekjuhalli á öllum þeim dýrtíðarfyrirtækjum, sem hún hefir haft með höndum; enda er slíkt framleiðslufyrirkomulag hvergi tíðkanlegt, ekki einu sinni í stríðslöndunum. Tal hv. þm. (B. J.), um þetta atriði, er því alt út í hött. Slíkt búskaparfyrirkomulag er eitt af því, sem eigi gæti komið til mála.

Og líti maður nú á ástandið eins og það er, og hvort þörf sje á slíku fyrirkomulagi, má með sanni segja, að þó að þröngt sje um í ýmsum greinum, virðist það vera hrein og bein fjarstæða, að búskapur landsins sje lagður landsstjórninni í hendur. Hitt er annað mál — og í því getur verið heil brú — að reynt sje að hlynna að atvinnuvegunum með því, að setja alt verkfært fólk til

vinnu. En þegar að því kemur, hvernig á að framkvæma þetta, má búast við, að leiðir manna skiftist. Mjer skildist á ræðu hæstv. forsætisráðherra, að hann ætlaðist til, að fólkinu yrði skift milli atvinnuveganna. Mjer er óskiljanlegt, að þessi skifting gæti orðið í nokkru lagi, nema fólkinu sje skift hlutfallslega jafnt; svo sem bráð nauðsyn krefur, milli atvinnuveganna. Fólkið frá sjávarútveginum yrði að nokkru að fá atvinnu hjá landbúnaðinum. En ákvæðið í till. hv. þm. Dala. (B. J.) um þetta atriði er í raun og veru alveg eins og ákveðið er í sjálfu frv., en framkvæmdin að eins hugsuð með dálitið öðrum hætti. Ef hæstv. forsætisráðherra vill vinna að því að skifta fólkinu milli atvinnuveganna, skil jeg eigi, eftir till. hv. þm. Dala. (B. J.), eins og þær eru orðaðar, hvernig komist verður hjá að lögbjóða menn í vistir. En það tel jeg eigi kleift eða gerlegt, eins og nú stendur á. En jeg tel veg nefndarinnar færan og til bóta, ef veruleg brögð verða að atvinnuskorti á einum stað eða öðrum.

Mönnum mun og finnast, að auk þess, sem er aðalatriðið hjá hv. þm. Dala. (B. J.), að fela stjórninni búskap landsins, sje farið of langt í að fela henni umsjá á einu og öðru. Hún á að setja á stofn fólksráðningarstofur, skifta niður fólkinu á atvinnuvegi landsins, úthluta matvælum o. fl. Það þarf sannarlega ímyndunarafl til þess að komast að þeirri niðurstöðu um alt þetta, að stjórninni takist að tryggja þetta alt vel. Jeg er hræddur um, að henni verði skotaskuld úr að ákveða rjett hlutföll milli hinna ýmsu atvinnuvega. Það er miklum erfiðleikum bundið að rannsaka það atriði ábyggilega, eigi síst um þennan tíma árs, og kostnaðarsamt er það líka.

Hv. þm. Dala. (B. J.) ætlast til, að stjórnin hafi vald til að skipa mönnum vistir, en að eins atvinnulausu fólki. Nú getur fólk verið atvinnulaust, en hins vegar engin atvinna verið til handa því, því að hugsast getur, að sveitabændur vilji ekki bæta við sig fólki. En hvað á þá að gera? Í 4. gr. brtt. er svo ákveðið, að stjórnin megi skipa mönnum hjú til þess að afstýra bjargarskorti, en þó ekki að eins vegna atvinnuleysis. Hvernig á að samrýma þetta? En ef á að ganga þessa braut, verður að sjálfsögðu að sjá um, að fólkið verði tekið í vistir. Jeg hefi bent á, að slíkt getur ekki náð nokkurri átt, ef beita á nauðung. Því mætti spá með miklu meiri rjetti, að þetta yrði til þess að koma öllu í kaldakol, ef á að ráðast með slíkum hætti inn á heimili manna. Hæstv. forsætisráðherra gat þess, að verið gæti, að fólk hefði atvinnu, en að sú atvinna væri ekki heppileg, rjeði sig t. d. í síldarvinnu, en bæri lítinn hlut frá borði. Þetta getur hugsast. En á þessu hefir þó verið meiri hætta áður, en gera má ráð fyrir nú. Jeg hygg, að fólk ráði sig varla í hópum í síldarvinnu í því árferði, sem nú er; og jeg býst ekki heldur við, að vinnuveitendur safni að sje mörgu fólki. Síldveiði getur ekki þróast í ár. Á þessu hvorugu mun vera mikil hætta. En hins vegar getur verið viðsjárvert að svifta menn þeirri atvinnu, sem þeir eiga kost á. Sú leið er ekki heldur farin í frv. nje brtt. bjargráðanefndar. En aðalatriðið er þetta: í fyrra lagi að ráðstafa atvinnulausu fólki og í öðru lagi þeim, sem eru bjargarvana. En þessar ráðstafanir verða að fara fram með öðrum hætti en að s k i p a mönnum fólk þetta sem hjú.

Hæstv. forsætisráðherra kvað þingið eiga að veita fje til þess að tryggja atvinnuvegi landsins. Og jeg veit ekki bet-

ur en gert sje ráð fyrir í lögunum um almenna dýrtíðarhjálp, að landsstjórnin megi láta fólk vinna í beinar þarfir framleiðslunnar. En auðvitað er henni þar ekki gefin heimild til að siga fólki í vitleysu hingað og þangað, t. d. í grjótvinnu, um hávetur, upp um háfjöll. En stjórnin hefir þetta í sínum höndum og getur bæði lagt fólk og fje til framleiðslunnar, eins og hún hefir ráð á.

Jeg sje því enga þörf á að ákveða þetta nánar, en gert er í till. bjargráðanefndar, og býst jeg við að fylgja þeim, eins og komið er um málið.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla mjer að reyna að endurtaka ekki margt af því, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni. En eftir því, sem mjer hefir heyrst af tali sumra hv. þm., sem gert hafa mál þetta að umtalsefni, þá hafa þeir ekki vel skilið, hvað væri „í hagfeldustu hlutföllum". Það var þó ekki erfitt að skilja, að þar, sem um matvæli er að ræða, þá muni átt við, hvað væri hæfilega mikið af hverri matartegund. Einhver var og að tala um, að með orðunum „og ráða slíkt fólk í vist" mundi vera átt við atvinnulaust fólk. En það er ekki ætlun mín með þessari till., að þá fyrst verði farið að annast um fólkið, þegar það er orðið atvinnulaust, heldur á hún og frv. í heild sinni að koma í veg fyrir, að fólk verði atvinnulaust og bjargarvana. Svo man jeg ekki eftir að fram kæmi annar sjerstakur misskilningur á orðalaginu, sem jeg hafði haft. Hæstv. forsætisráðherra sýndist ekki hafa trú á að skipa fólki í vist og að skipa mönnum að taka við slíku fólki. En mín skoðun er sú, að besta bjargráðið, sem við höfum, sje að koma fólkinu fyrir á þeim stöðum á landinu, þar sem best er og hægast að útvega næringu, bæði mjólk og kjötmeti o. fl. Það ætti því að taka fólkið úr kaupstöðunum og ráða það í ársvist á slíkum stöðum, með það fyrir augum, að þarna gæti það þó lifað, þó að erfitt yrði um aðflutninga í haust eða vetur, en altaf geta aðflutningar tepst hingað til landsins. Einhleypt fólk og fólk með fá börn yrði að sitja fyrir að fara í sveitirnar, því að ekki er von, að bændur taki upp á sína arma fólk, sem hefir mörg börn í eftirdragi og er því bundið við þau, svo að það getur lítið annað aðhafst. Það fólk yrði að verða eftir í kaupstöðunum og sitja þar fyrir þeirri vinnu, sem til fellur, og mundi þá hægra að útvega því mjólk og aðrar bráðnauðsynjar, er hitt er á braut.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þessar tillögur. En að gefnu tilefni skal jeg lýsa því yfir, að það eru með öllu tilhæfulaus ósannindi, að jeg hafi bent til þess, að Þjóðverjar mundu eða ætluðu að hefna sín á Íslendingum fyrir samninga þeirra við Breta. Mjer hefir ekki neitt slíkt til hugar komið, því síður að jeg hefði getað sagt það. Hitt benti jeg á, að skipum þeim, sem flytja eiga nauðsynjar til Íslands, hlyti að stafa háski af því, að þau yrðu neydd til að sigla um ófriðarsvæði. Það mætti gera ráð fyrir, að þeim yrði sökt, þó ekki yrði það gert í hefndarskyni. Jeg hefi í þessari ræðu minni, eins og ávalt endranær, gert mjer far um að vera með öllu hlutlaus, og það er hrein og bein rangfærsla á orðum mínum, ef nokkuð er lagt inn í þau annað en það, sem er í alla staði hlutlaust. — Það ætti að vera orðið kunnugt mönnum hjer á landi, að þó þessi aðili ófriðarins vilji forðast að ökkva íslenskum skipum, þá hefir hann þó á skömmum tíma sökt þremur skipum, sem voru að flytja vörur til Íslands, þó ekki væru þau íslensk eign, eða með

íslenskri áhöfn. Svo hlýtur ávalt að geta farið, þegar siglt er um ófriðarsvæði. Það, sem jeg sagði, var það, að viðbúið væri, að innan skams yrði lagt hafnbann við strendur Vesturheims. Þess vegna yrði hætta búin þeim skipum, sem þangað ættu matvæli að sækja fyrir oss Íslendinga, og óhæfilegt væri að treysta því, að það tækist til lengdar. Það eitt sagði jeg, annað ekki.

En þar sem sagt var, að jeg hefði haft í hótunum við þingmenn, þá get jeg tekið upp aftur þau ummæli mín, sem líklega hafa verið lögð þannig út. — Jeg sagðist ætla að láta úttalað um till. mínar, því að rás viðburðanna mundi sanna mál mitt, þótt þingmenn vildu ekki leggja trúnað á það nú. Þannig hefi jeg oft áður staðið uppi á þingi og varað menn við hættulegum atburðum, sem í vændum voru. Það gerði jeg meðal annars á þinginu 1916. Það var ekki af því, að jeg vissi betur en aðrir, hvað verða mundi, heldur af því, að jeg reyndist í það sinn glöggskygnari en aðrir. Jeg sagði það þá á þinginu, að hert mundi bráðlega á kafbátahernaðinum, svo afardýrt og stórhættulegt mundi verða að sigla skipum til Englands. Hvatti jeg í því sambandi þingið til þess að gera ráðstafanir um kolarannsókn og kolagröft innanlands. Þessum orðum var þá ekki gaumur gefinn, en samt áttu þau sjer ekki langan aldur. Jeg vildi ekki fremur en þá verða sannspár að þessu sinni, en jeg efast ekki um, að jeg verði það. — Ef þetta verða kallaðar hótanir, þá vil jeg leyfa mjer að minna hv. þm. á, að það eru þeir, sem eiga að sjá framtíð þessa lands borgið, með atkvæði sínu og aðgerðum á þingi.

Pjetur Jónsson: Bjargráðanefndir beggja deilda hafa athugað, hvort ráðlegt muni að leggja út í það, að setja fólk niður í vistir, án þess að hafa til þess samþykki eða vilja þeirra, sem hlut eiga að máli. Þessu hafa nefndirnar velt fyrir sjer, en hvorug þorað að leggja til, að í það sje ráðist. Það grundvallaratriði í brtt. hv. þm. Dala. (B. J.) getur bjargráðanefnd því eigi aðhylst. Þar að auki er það stefnan í þessum brtt. að leggja þetta vandræðamál, að mestu eða öllu leyti, á herðar stjórnarinnar. En nefndin lítur svo á, að eins og landsháttum og staðháttum er hjer varið, og eins og hugsunarháttur þjóðarinnar er nú, þá mundi það ofvaxið hverri landsstjórn sem er að skipa fólkinu niður, eftir því sem henni sýnist þörf á og notadrýgst gæti orðið. Nefndin hefir því fallist á að leggja til, að einkum verði byrjað að neðan með þessar ráðstafanir, að sveitar- og bæjarstjórnir ráðstafi fólkinu meðan þær geta, en landsstjórnin taki þar við, sem þær geta ekki að gert, svo sem þörf er á.

Það mætti auðvitað taka til athugunar, hvort ekki væri rjett að láta stjórnina hafa í hendi meira vald en nefndin leggur til. Aðalatriðið er það, að byrjað sje að neðan, alveg eins og viðfangsefnið byrjar neðan að, því atvinnuleysið kemur fyrst í ljós í bæjar- og sveitarfjelögunum og kemur fyrst og fremst niður á þeim.

Viðvíkjandi því, að skifta fólkinu niður á atvinnuvegina, þá er að nokkru leyti gert ráð fyrir því í brtt. nefndarinnar, þar sem landsstjórninni er heimilað að skipa fyrir um flutning á atvinnulausu fólki þangað, sem atvinnu er að fá. Með því er gert ráð fyrir, að hægt verði að taka fólk frá einum atvinnuveginum, sem of margir stunda, og leggja til öðrum, sem getur notað fleira fólk.

Mjer skildist á hæstv. forsætisráðherra, að hann ætlaðist ekki einungis til, að hægt væri að skipa atvinnulausu fólki að atvinnu, heldur mætti einnig taka fólk frá einni atvinnu, t. d. síldarvinnu, og skipa því aðra, t. d. heyskap. — Ef taka á fólk frá síldarvinnunni og senda það upp í sveit til heyskapar, þá þarf til þess alveg ný ákvæði. Ef yfir höfuð að tala ætti að heimila að taka fólk frá einni atvinnu og skipa því aðra, þá er það utan við þann ramma, sem þetta frv. hefir haft.

ATKVGR.

Brtt. 308, 1. feld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. A., H. K., J. M., M. P., M. Ó., P. O., Þorl. J.

nei: B. K., B. St., G. Sv., J. J., J. B., M. G., P. J., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Tveir þm. (E. Árna. og E. J.) fjarstaddir.

— 311, 1. samþ. án atkvgr.

— 308, 2. feld með 17 : 3 atkv.

— 311, 2. samþ. með öllum gr. atkv.

— 312. samþ. með 13 : 3 atkv.

— 311, 3. svo breytt (ný 3. og 4. gr.) samþ. með öllum gr. atkv.

— 308, 3. tekin aftur.

— 308, 4. feld með 20 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., H. K., J. B.

nei: B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv., Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Tveir þm. (E. J. og J. M.) fjarstaddir.

— 311, 4. samþ. án atkvgr.

— 308, 5. feld með 13 : 3 atkv.

— 311, 5. samþ. með öllum gr. atkv.

— 308, 6. feld með 13 : 5 atkv.

— 311, 6. samþ. með öllum gr. atkv.

— 308, 7. samþ. í e. hlj.

— 308, 8. a. og b. kom ekki til atkv.

— 311, 7. (ný fyrirsögn) samþ. í e. hlj.

Frv., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv. og endursent Ed., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um fólksráðningar.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um fólksráðningar, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 332).

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 14. júní, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Bjargráðanefnd þessarar deildar, sem hefir athugað þetta frv. eftir að það er komið aftur frá Nd., leggur til, að það sje samþykt óbreytt. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frv. í Nd., sem eru allar fremur til bóta. Þannig hefir verið bætt inn í frv. nýrri grein, um að bæjar- og sveitarstjórnum gefist vald til að ráðstafa fólki í vistir, sem ekki verði ráðið til vinnu af fólksráðningarstofunni, nje með fjálsum samningum á annan hátt. Jeg álít þessa breytingu meinlausa, og ef til vill til gagns.

2. brtt., við 4. gr., um vald landsstjórnarinnar til að ráðstafa fólki og skipa í vistir, gengur að vísu fulllangt, að mínu áliti. En jeg vildi þó ekki vera á móti henni.

3. brtt., við 7. gr., sem er fyrirmæli um, að stjórnarvöldin geti haft aðstoð sýslumanna sjer til hjálpar, álít jeg til mikilla bóta, og yfirleitt verður nefndin að líta svo á, að samþykkja beri frv. óbreytt.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi áður talað á móti þessu frv., og skal því ekki endurtaka það, sem jeg hefi haft á móti því, en vil að eins, að það sjáist í þingtíðindunum, að jeg er jafnt á móti málinu nú eins og áður. Frv. er alt of nærgöngult gagnvart almenningi. Og það verður erfitt fyrir lögregluna að reka menn hingað og þangað í vistir, að þeim nauðugum. Yfir höfuð álít jeg tæpast sæmandi fyrir Alþingi að samþykkja svona frv.

Magnús Torfason: Jeg tel engan vafa á því, að frv. hefir nú tekið bótum, svo að óhætt muni deildinni sóma sins vegna að samþykkja það. En jeg get verið hæstv. fjármálaráðherra að svo miklu leyti samdóma, að jeg álít frv. meinlaust, — en gagnslaust, og sje ekki, hvernig sem jeg velti málinu fyrir mjer, að um nokkurn verulegan árangur gæti verið að ræða af því, þó að það yrði að lögum. Get því ekki greitt því atkv.

ATKVGR.

Frv. **felt** með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., M. K., S. F., G. G., G. Ó., H. Sn.

nei: K. D., M. T., S. E., S. J., E. P., H. St., Jóh. Jóh., G. B.

Kjötþurkun.

Á 24. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um einkaleyfi til að þurka kjöt með vjelaafli á Íslandi (A. 185).

Á 26. fundi í Ed., föstudaginn 24. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta frv. var til meðferðar á síðasta þingi í Nd., en kom ekki fyr en í þinglok, svo ekki vanst tími til að athuga það í þessari hv. deild.

Eftir ósk leyfisbeiðanda við landbúnaðarnefndina hefir það nú orðið ofan á í nefndinni að flytja frv. Eins og skýrt er frá í greinargerðinni, er frv. tekið upp eins og hv. Nd. gekk frá því í fyrra, en nefndin hefir síðan athugað það, að orðalaginu á því nokkuð ábótavant, og því ber hún fram brtt. þær, sem prentaðar eru á þgskj. 199.

Leyfisbeiðandi mætti á einum fundi með nefndinni, og hafði þá með sjer vjelþurkað kjöt, og leist nefndarmönnum fremur vel á það, og hygg jeg, að það muni vera fremur góður matur, er litið er til þess, hversu lengi það hefir verið geymt. Leyfisbeiðandi er nú orðinn fjelagi í kjötþurkunarfjelagi í Danmörku, og hefir það gert tilraunir með að vjelþurka kjöt þar, og ef þingið samþykkir frv. þetta, ætlar það strax í haust að byrja á tilraunum í smáum stíl hjer, og býst þá við að þurka að eins um 300 kiló á sólarhring. Efnarannsókn hefir farið fram á þessu kjöti, og eftir henni hefir það svipað næringargildi og reykt kjöt eða vindþurkað. En fjelaginu er áhugamál að fá einkaleyfi þetta, því ef vel gengur, þá getur það búist við, að

fleiri fjelög setjist hjer að í þessu skyni og gera aðstöðu þess erfiðari. (**Forseti:** Vill geta okrað á okkur). Nei—því kjötið er ætlað til útflutnings, en það vill tryggja hag sinn sem best.

Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv., en vona, að hv. deild taki frv. vel, og að minsta kosti sjái sjer fært að yfirvega það vandlega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 1. atkv.

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 27. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 185, 199).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf ekki að bæta miklu við það, sem jeg sagði um mál þetta við 1. umr. Hv. deild tók málinu þá vel, og vona jeg, að hún líti sömu augum á það enn.

Brtt. þær, sem komnar eru fram á þgskj. 199, frá nefndinni, eru ekki stórvægilegar. Við 1. gr. frv. er að eins orðabreyting, fært til betra máls. Þá er og lagt til, að aftan við 1. gr. bætist: „Þó með því skilyrði, sem áskilið er í 5. gr. frv.“, en eftir þeirri gr. getur landsstjórnin tekið einkaleyfið í sínar hendur eftir 5 ár, þótt það sje veitt til 15 ára.

Brtt. við 5. gr. er gerð til þess að koma í veg fyrir, að hægt sje að leggja þann skilning í þá gr., að kaupa eigi einkaleyfið; því auðvitað á ekki að kaupa það, heldur húsin og vjelarnar.

Vona jeg, að hv. deild finni ekkert athugavert við frv. þetta, sem að áliti landbúnaðarnefndar hefir inni að halda miklu strangari skilyrði fyrir einkaleyfinu en áður hefir tíðkast í þeim sökum, og hv. Alþingi hefir þó samþykt. Jeg leyfi mjer því að vænta þess, að frv. verði samþ., ásamt brtt. nefndarinnar.

Halldór Steinsson: Í fljótu bragði kann frv. þetta að virðast meinlítið, en jeg hygg þó, að ýmislegt sje athugavert við það, ef nánar er athugað.

Jeg lít svo á, að þingið ætti að gera sem minst að því, að veita einkaleyfi á útflutningi og verkun á algengum vörum. Jeg get tekið sem dæmi, að ekki er langt síðan farið var að gufubræða lýsi og koma upp fiskþurkunarhúsum; ef einstakir menn hefðu nú fengið einkaleyfi á fyrirtækjum þessum, þá mundi það hafa orðið til stórtjóns, þrátt fyrir það, að fyrirtækin eru í sjálfu sjer til stórbóta.

Við sjáum ekki langt fram í tímann, en svo getur farið, að vjelþurkað kjöt komist á svo góðan markað erlendis, að það útrými saltkjötinu, og mundi þá varhugavert, að einkaleyfið væri í höndum eins manns, er gæti skamtað landsmönnum eftir vild, hversu hár markaður sem yrði fyrir kjötið erlendis.

Tíminn er að vísu stuttur, 5 ár, en ef góður markaður fæst þann stutta tíma, getur það þó haft alvarlegar afleiðingar. Jeg tel viðleitnina góða og virðingarverða, að auka vöruvöndun, en ef sú viðleitni þarf að styðjast við sjerstök einokunarrjettindi, get jeg ekki búist við góðum árangri. Jeg get því ekki verið með frv. þessu.

ATKVGR.

Brtt. 199, 1. a. samþ. án atkvgr.

— 199, 1. b. samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 7 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. F., G. G., G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., M. K., M. T.

nei: E. P., H. St., K. E., K. D., G. B.

Tveir þm. (S. J. og S. E.) fjarstaddir.
2.—4. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
199, 2. samþ. með 7 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 3 atkv.

Á 30. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 231, 246).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 246, er of seint var útbýtt.

Magnús Torfason: Jeg stend að eins upp til þess að skýra hvers vegna brtt. mínar, á þgskj. 246, eru fram komnar.

Eins og sjá má á frv., er einkaleyfið þar miðað við nafn. Nú hafa slík einkaleyfi verið veitt áður, og það komið fyrir að þau hafa alls ekki verið notuð. En takist nú ekki þessum manni að koma fyrirtækinu á stað, þá getur þó svo farið, að aðrir vilja reyna það, og mundi þá þurfa ný lög til að leyfa það, ef einkaleyfið er miðað við nafn. En ekki ber að skilja þetta svo, að jeg álíti ekki að þessi maður eigi að ganga á undan eða fjelag það, sem hann stendur í sambandi við; því að mjer er það kunnugt, að hjer standa kraftar á bak við, sem eru þess megnugir, að hrinda fyrirtækinu af stað, kraftar, sem sennilega munu gera það bráðlega.

Brtt. 2. hefi jeg komið fram með af því, að mjer þótti lefið of langt. Ef fyrirtæki þetta hepnaðist vel, gæti það haft verð af framleiðendum kjöts, og ef arðurinn yrði mikill, ætti leyfistíminn að vera nógu langur 10 ár, frá því er leyfið er veitt, en ekki frá því er farið er að nota það. Auk þess mundi sú breyting herða á því, að byrjað yrði sem fyrst.

Brtt. 3. er til þess, að landið þurfi ekki að kaupa vjelar og áhöld eftir „spekulationsverði", heldur sannvirði; en þar með er meint það, sem hús og áhöld eru verð í sjálfu sjer, án tillits til staðarins, sem bygt hefir verið á. En hjer er það athugavert, að ekki er getið um grunninn. Það hefir komið fyrir fyr, og er frægt af sögunni, að menn hafa keypt hús án grunnsins, en það mun ekki vera meining frv., að slíkt sje gert hjer, og ætti það að vera nóg að taka það fram hjer í þessari hv. deild.

Jeg hefi svo ekki fleira að athuga við frv. þetta, en lít svo á, að rjett sje að styðja fyrirtækið, og vona því, að frv. verði samþ. með þessum brtt.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Mjer finst, að brtt. á þgskj. 246 sjeu fram komnar í þeim tilgangi, að eyðileggja frv., enda er víst tillögumaðurinn á móti því. (**M. T.:** Jeg greiddi atkvæði með frv. til 3. umr.). Jæja, það kann vel að vera, en hann hefir nú eitthvað breyst, og yfir höfuð lítur út fyrir, að sannfæring deildarinnar sje ekki vel föst hvað þetta mál snertir.

Þá skal jeg drepa á þá mótbáru hv. þm. Snæf. (H. St.) gegn frv., við 2. umr. þess, að eins og bætt hafi verið verkun á lýsi og fiski, eins megi bæta kjötverkunina, án þess að veita einkaleyfi til slíks. En mjer finst það ekki saman takandi, því miklu meiri kostnaður er í sambandi við það, að þurka kjöt með vjelum, en að gufubræða lýsi. Jeg get ekki heldur sjeð mikla hættu á því, að þetta einkaleyfi, eða rjettara sagt þetta fyrirtæki, mundi eyðileggja saltkjötsmarkaðinn, að minsta kosti ekki mjög bráðlega. En stafi saltkjötsmarkaðinum

mikil hætta af þessu, sýnir það best, að þessi kjötverkunaraðferð er vænleg til framfara og á sem fyrst að komast í framkvæmd, og þessi mótmæli eru því meðmæli með frv.

Maður getur sjeð það á brtt. sjálfum, að þær eru fram komnar sem mótstaða gegn frv., því t. d. það, að stytta leyfistímann um þriðjung, er til þess að þrengja kosti þess, sem um sækir, og það getur gert honum miklu erfiðara fyrir með að hætta á framkvæmdir.

Þá er sú ástæðan, að verðið á eignum fyrirtækisins gæti orðið „spekulations"-verð, þegar landsstjórnin vildi taka það í sínar hendur, ef brtt. næði ekki fram að ganga. Þetta finst mjer nú sannast að segja óþarfa varfærni. Í frv. segir, að dómkvaddir menn eigi að meta eignirnar; og jeg hygg, að hvorki landbúnaðarnefnd, sem setti þetta ákvæði, eða öðrum, sem um það hugsa, detti í hug, að þessir dómkvöddu menn ynnu ekki verk sitt eftir bestu samvisku, og engin ástæða er til að ætla, að þeir færu bara að meta húsin, en ekki grunnana, þótt þeir sjeu ekki sjerstaklega nefndir á nafn. — Jeg sje þá líka ekki annað en að svo gæti farið, þó brtt. „fyrir sannvirði, samkv. mati dómkvaddra manna", kæmi í staðinn.

Jeg gleymdi að geta fylgiskjala frá stjórn Sláturfjel. Suðurlands og frá Búnaðarfjel. Íslands, sem lögð voru fram með frv. í fyrra, og þar sem eindregið var mælt með því, að frv. næði fram að ganga. Slík meðmæli hljóta að hafa nokkuð að segja, og getur þar a. m. k. ekkert varhugavert legið á bak við.

Að hjer sje harðari ákvæðum beitt af Alþingis hálfu heldur en við áður veitt einkaleyfi sjest fljótt af samanburði. Árið 1915 veitti Alþingi einkaleyfi í 50 ár og gaf 5 ára frest til að koma fyrirtækinu á stofn; hjer er undirbúningstíminn að eins þrjú ár, og landsstjórnin getur tekið það í sínar hendur eftir 5 ár. Enn fremur var einkaleyfi til að vinna salt úr sjó veitt á Alþingi 1913 til 30 ára. Hjer eru því miklu strangari skilyrði.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) var að tala um einhverja krafta, sem stæðu á bak við og gætu komið þessu fyrirtæki í framkvæmd án einkaleyfis. Jeg veit ekki hvað hann á við með því; mjer er alls ókunnugt um þá krafta, sem hv. þm. (M. T.) talar um. Jeg vona svo, að hv. deild leyfi frv. að ganga til Nd., og skal ekki að þessu sinni fara fleiri orðum um málið.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg vildi að eins með örfáum orðum gera grein fyrir atkvæði mínu. Jeg lít svo á, að hjer sje um kjötverkunartilraun að ræða, sem gæti reynst vel fyrir landið. En það er ekki von, að neinn vilji leggja út í tilraunafyrirtæki, nema hann hafi einhverskonar tryggingu fyrir því að fá byrjunarkostnaðinn endurgreiddan. En það getur tæplega orðið nema annaðhvort með beinum fjárstyrk eða einkaleyfi, sem tryggi það, að byrjunarkostnaðurinn fáist greiddur af ágóða fyrirtækisins, þegar búið er að koma því til fulls í rjett horf. Jeg lít svo á, að einkaleyfið kosti landið ekki neitt, en veiti landið einkaleyfið, svo fyrirtækið komist í framkvæmd, hefir það reynsluna í aðra hönd, og þann ágóða, sem af hinni nýju kjötverkunaraðferð kann að verða. Jeg álít, að brtt. hv. þm. Ísaf. (M. T.) sjeu til bóta, og get verið með þeim, og væri enn fremur rjett að skjóta því inn í 5. gr., að grunnur fylgdi með í kaupunum. Mætti bæta því við í Nd.

Magnús Torfason: Það er fullkominn misskilningur hjá hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), að brtt. sjeu gerðar til þess að koma frv. fyrir kattarnef, heldur eru þær beint til þess að bjarga því.— Jeg sný ekki aftur með það, að fjelag stendur á bak við þennan mann, sem um einkaleyfið sækir, enda er það eðlilegt, þar sem þetta er stórfelt fyrirtæki. Þess vegna álít jeg líka rjett, að fjelagið fái einkaleyfið.

Eins og jeg er búinn að taka fram, viðvíkjandi 2. brtt., þá getur vel farið svo, að fyrirtækið verði svo gróðavænlegt, að það útrými saltkjötsversluninni, og um leið orðið því til hindrunar, að framleiðendur fengju hækkað verð kjötsins, eins og vert væri. Um 3. brtt. skal bent á, að verði hún ekki samþ., getur einkaleyfishafi sagt við landsstjórnina, eftir að hún hefir tekið við fyrirtækinu: „Gerið svo vel, farið með húsin af grunnunum", og landsstjórnin getur ekkert sagt við því.

Það var verið að bera þetta einkaleyfi saman við sandeinkaleyfið frá 1915, en það tvent er alls ekki saman berandi. Það var nú fyrst og fremst miðað við einn flóa, og sandtaka mátti ekki fara fram nema fyrir utan landhelgi, 60 faðma fyrir utan stórstraumsfjöruborð. Það var því mjög takmarkað.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg tek undir það með hv. þm. Ísaf. (M. T.), að jeg álít brtt. hans til bóta fyrir málið í heild sinni. Það, að einkaleyfið er stytt, ætti alls ekki að koma í veg fyrir, að þetta mál komist í framkvæmd.

ATKVGR.
Brtt. 246, 1. a. samþ. með 8 : 5 atkv.
— 246, 1. b. samþ. með 9 : 2 atkv.
— 246, 2. samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 : 3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 31. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um einkaleyfi til að þurka kjöt með vjelaafli á Íslandi, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 255).

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 3. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mál þetta mun þykja svo viðurlitsvert, að því verði vísað til nefndar, og geri jeg það að tillögu minni, að það verði falið landbúnaðarnefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 6 atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 540) með 12 : 4 atkv.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 14. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 344).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er ekki nýr gestur hjer í deildinni. Það er að miklu samhljóða frv. um vjelþurkun á kjöti, sem samþ. var í þessari hv. deild á síðasta þingi. En sökum þess, hve frv. kom seint fram á þinginu, þá dagaði það uppi í Ed. Munurinn á því frv. og þessu, sem nú er komið frá hv. Ed., er aðallega sá, að þá var veiting einkaleyfisins bundin við nafn Þorkels Clementz, en nú er hún ekki nafnbundin, og einka-

leyfistíminn er nú ákveðinn 10 ár, í stað 15 í fyrra frv. Þessar breytingar ættu að gera frv. aðgengilegra fyrir þá, sem voru því andvígir á síðasta þingi og þótti þá sjerstaklega varhugavert að aðhyllast frv. fyrir það, hve einkaleyfistíminn var ákveðinn langur.

Eins og kunnugt er, er kjöt ekki flutt út úr landinu öðruvísi en saltað; flyst það aðallega til Danmerkur og lítið eitt til Noregs. Nú er það vitanlegt, að í þessum löndum er líka framleitt kjöt, ekki að eins til heimanotkunar, heldur einnig til útflutnings. Í þessum löndum er því okkar kjöt ekki keypt nema vegna þess, að það fæst fyrir lægra verð en þessar þjóðir fá fyrir kjöt sitt á erlendum markaði. Markaðurinn fyrir okkar kjöt er því ærið takmarkaður. Við höfum orðið að sætta okkur við þennan markað um langt tímaskeið, vegna þess að við höfum ekki haft aðstöðu til að flytja kjötið út kælt eða fryst, svo við gætum notað þann mikla markað, sem er í Englandi, fyrir nýtt kjöt. — Jeg er hræddur um, að það sje ekki orðið fyllilega ljóst fyrir þeim hv. þm., sem eru mótfallnir þessu frv. hjer í þessari hv. deild, hve óheppilegt það hefir verið fyrir íslenska landbúnaðinn að hafa svo einhliða meðferð á kjötinu. Sjerstaklega er þetta þó óheppilegt síðan við neyddumst til að gera samning við Breta um kjötsöluna. Nú er það álit fróðra manna, að við stöndum ekki vel að vígi til að flytja út nýtt kjöt og keppa við Ameríku- og Ástralíukjötið á enska markaðinum, bæði vegna slæmrar aðstöðu innanlands, og ekki síst vegna þess, að framleiðsla á kjöti er langtum ódýrari í þeim löndum, en hjá okkur. Þó nú hægt sje að sanna það, að okkar kjöt sje betra en kjöt frá þessum löndum, þá mun reynast erfitt að telja neytendunum trú um, að betra sje að kaupa okkar kjöt hærra verði. Það myndi kosta bæði langan tíma og mikla peninga að sannfæra þá í þessu efni.

Á síðasta þingi var það borið fram, sem andmæli gegn frv., að óþarft væri að veita nokkrum manni eða fjelagi einkaleyfi til að koma þessari aðferð á; hún mundi komast á án þess. En jeg verð að halda því gagnstæða fram. Hjer er um nýja uppfyndingu að ræða, sem er eign einstakra manna. Þessa eign sína meta þeir til peninga og láta hana ekki af hendi, nema eitthvað komi í staðinn. Til þess að leggja út í að framkvæma þessa þurkunaraðferð, vilja þeir fá einkaleyfi á framkvæmdinni. Hún hefir mikinn kostnað í för með sjer, en eftirtekjan hins vegar óviss, þar sem um óreynda vöru er að ræða á markaðinum. Það er því ekki nema eðlilegt, að þeir, sem haft hafa fyrirhöfnina við að finna upp aðferðina, vilji tryggja sig gegn því, að einn eða annar, sem komist gæti á snoðir um hana, færi að keppa við þá.

Ef einkaleyfi verður veitt, þá hefir landið um leið fengið eignarhald á þessari verkunaraðferð. Að öðrum kosti getur fjelagið snúið sjer eitthvað annað og fengið einkaleyfi í einhverju öðru landi. Þá færi íslenska kjötið varhluta af þessari verkunaraðferð um nokkurt árabil, og ættu þá aðrar þjóðir enn hægra með að bola því burt af markaðinum.

Landbúnaðarnefndin lítur svo á, að engin hætta geti stafað af því að veita þetta einkaleyfi, þar sem landið getur tekið alt í sínar hendur eftir stuttan tíma. Hins vegar mælir það með því, að rjett og sjálfsagt virðist að láta einkis ófreistað til að bæta markaðinn fyrir

þessa vörutegund. Þingi og stjórn ber að styðja að því að gera hana sem vandaðasta og verðmesta að unt er.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Jeg vona að hv. deild taki því vel, eins og þegar það var hjer til meðferðar síðast.

Bened. Sveinsson: Hv. frsm. (E. Árna.) sagði, að þetta frv. væri ekki nýr gestur, því það hefði legið hjer fyrir deildinni í fyrra. Það er satt, að þetta mál er ekki nýr gestur, en engu ljúfari er hann fyrir því. Jeg get ekki annað sagt en að þetta sje ótrúlega leiður gestur, sem verið er að leiða hjer inn í þingið hvað eftir annað, og mig undrar stórlega, hvernig hv. landbúnaðarnefnd hefir getað látið snúa á sig. Á nál. er nú ekki mikið að græða af röksemdum, málinu til stuðnings. Það skýrir að eins frá því, að nefndin hafi athugað málið, og dregur þá ályktun af athugun sinni, að rjett sje að samþykkja frv. óbreytt. Nú hefir hv. frsm. (E. Árna.) gefið gleggri grein fyrir þeim ástæðum, sem nefndin byggir á þá ályktun að leggja til, að málið fái fram að ganga.

Áður hafa hjer á landi verið veitt tvenn einkaleyfi til að framleiða vörutegundir á landi hjer, annað til þess að vinna salt úr sjó, en hitt til þess að vinna járnsand úr botni Hjeraðsflóa. Nú getur það orkað tvímælis, hvort rjett hafi verið að veita þessi einkaleyfi. Þó er þetta einkaleyfi, sem hjer er farið fram á, alt annars eðlis. Þó einstöku fjelagi væri heimilað að vinna járnsand úr botni Hjeraðsflóa, þá gat það ekki teflt atvinnu landsmanna í neina tvísýnu. Sama er að segja um það, að vinna salt úr sjó. Þessi fyrirtæki gátu hvorugt að nokkru ráði snert atvinnuvegi landsins. Aftur á hinn bóginn var töluverður hagur í vændum fyrir landið, þar sem þau fjelög voru skuldbundin til að greiða hátt gjald í landssjóð af framleiðslunni, ef nokkur hefði orðið. En hjer er alt öðru máli að gegna. Hjer er tekin önnur höfuðvörutegund landsins, og ætlast er til, að þingið selji í hendur einstökum mönnum sjerstaka meðferð á henni til útflutnings. Auk þess er mjer ekki kunnugt um, að neitt liggi fyrir, sem sýni, að hjer sje um annað en hjegóma að ræða. Hjer hafa engar skýrslur verið lagðar fram um það, að þessi verkunaraðferð sje komin á það stig, að hægt sje að reiða sig á, að hún sje nothæf. Og þó kjöt sje vjelþurkað einhversstaðar suður í löndum, þá er ekki þar með sagt, að hún sje fremur eign eins en annars, sú aðferð, sem við það er höfð. Það er heldur alls ekki sannað, að ekki geti verið til fleiri aðferðir en ein til þessarar verkunar. Það væri broslegt, ef Alþingi Íslendinga færi að fela stjórninni heimild til að veita þannig lagað einkaleyfi, sem eitthvert fúskarafjelag sækir um, án þess að nokkur trygging sje fyrir því, að ekki sjeu til aðrar aðferðir, sem geti reynst jafngóðar eða betri. Eða værum vjer nokkru bættari, ef aðrar þjóðir gætu haft aðrar aðferðir til kjötþurkunar, sem ef til vill reyndust fult eins vel? — Jeg hefi reyndar heyrt því haldið fram, og meira að segja sjeð það í blöðum, að nafnið á þessari vörutegund mundi verða bundið við Ísland, ef fyrstu tilraunirnar til að framleiða hana væru gerðar hjer á landi. En þetta er ekki til annars en að blekkja menn. Þegar farið er að selja vöruna frá öðrum löndum, þá stendur ekkert land öðru betur á markaðinum, nema því takist að gera vöruna betri eða ódýrari en annarsstaðar. Ef á annað borð er hægt að vjelþurka kjöt, eins og hægt er að vjelþurka

fisk, þá er líklegt, að hægt sje að hafa til þess margar aðferðir, og er sjálfsagt að hver fái að hafa sína aðferð, sem á annað borð vill leggja út í það að verka kjöt á þennan hátt.

Flm. telja æskilegt að koma á kjötþurkun til þess að fá betri markað fyrir kjötið. En ef þessi verkunaraðferð skyldi ryðja sjer til rúms á skömmum tíma og vera jafnvænleg og þeir ætla, þá hlyti það að verða til tjóns, að markaðurinn væri í eins manns höndum, og þetta fjelag mætti ráða yfir verðinu á kjötinu í 10 ár. Það mundi geta náð undir sig allri kjötverslun í landinu, því að það gæti staðið sig við að bjóða lítið eitt hærra fyrir kjötið en aðrir, sem kaupa það til að verka það eftir eldri aðferðinni. Annað þyrfti ekki til þess, að fjelagið gæti sölsað undir sig alt kjötið og setið eitt með ágóðann af þessari nýju verkunaraðferð.

Það getur því ekki orðið til neins skaða, þó neitað sje um þetta einkaleyfi. Engum getur dottið í hug, að það verði til að flýta fyrir því, að ný verkunaraðferð finnist í heiminum, þótt Alþingi Íslendinga samþykki, að einhverju hálfdönsku fjelagi sje veitt heimild til að ná undir sig því kjöti, sem framleitt er á Íslandi. Heimurinn mun finna upp aðferðina án þess.

Á það mætti benda, að á síðustu 10 árum hafa komið upp nýjar aðferðir til hagnýtingar ýmislegrar vöru; t. d. að vjelþurka fisk og vinna mjöl og lýsi úr síld. Ef einhver hefði komið til Alþingis fyrir 10 árum og sagt: „Jeg skal kenna Íslendingum nýja aðferð til að nota betur síldina og verka fiskinn betur en þið getið nú, en jeg verð að fá einkaleyfi á aðferðinni", þá virðist mega ráða það af þeim viðtökum, sem þetta frv. fjekk hjer í deildinni í fyrra, að slíkt einkaleyfi mundi hafa fengist. Ekki hefði verið mikill vandi að telja núverandi þingmönnum trú um, að þessi nýja aðferð gæti orðið gagnleg fyrir atvinnuvegina. En hefðum vjer verið hótinu bættari fyrir því, þótt slíkt einkaleyfi hefði verið veitt? — Nú getur hver kaupmaður og hver útgerðarmaður, sem vill verka sinn fisk, þurkað hann með vjelum. Hefði það á nokkurn hátt verið betra fyrir hina íslensku þjóð, þó einkaleyfi hefði verið veitt á þessari verkunaraðferð? Jeg get ekki skilið það.

Sama er að segja um síldarverksmiðjurnar. Það hefði mátt segja margt fallegt um það, hve mikils virði það væri að vinna mjöl og lýsi úr síldinni, í stað þess að láta hana liggja í stórum dyngjum norður á Siglufirði, morkna í sólskininu og verða ónýta. En hefði það verið til gagns fyrir þjóðina, ef einkaleyfi hefði verið veitt þessum síldariðnaði? Hjer er alveg um samskonar einkaleyfi að ræða. Það er ekkert meiri galdur að þurka kjöt en að þurka fisk, og engin ástæða er til að efast um, að heimurinn finni upp einhverjar aðferðir til þess, sem frjáls notkun verður á, nema þingið fari að binda hendur þjóðarinnar fyrirfram.

Ef hjer væri að ræða um sjerstakar vjelar eða sjerstakan útbúnað til kjötþurkunar, þá væri sjálfsagt, að sá, sem hefði fundið þær upp, fengi „patent" á þeim vjelum. En hjer er ekki farið fram á neitt þesskonar, heldur er farið fram á einkaleyfi til að verka kjöt á þennan hátt og flytja það út. Slíkt verður ekki til þess að hækka verð á íslensku kjöti, eins og nefndin hefir ætlað, heldur er hjer verið að leggja gildru fyrir grunnhyggni þingsins.

Auk þess eru ýmsir gallar á frv. í 4. gr. er t. d. tekið fram, að ekki megi leggja neitt gjald á vöruna, annað en það, sem tekið er fram í 3. gr. Eftir því á stimpilgjald eigi að koma til greina. En þetta og því um líkt eru aukaatriði, sem ekki er vert að tala um. Jeg vona, að hv. deild gangi aldrei inn á að samþykkja þetta frv., svo gagnslaus gallagripur sem það er.

Einar Jónsson: Mjer þykir hv. þm. N.-Þ. (B.Sv.) fara nokkuð hörðum höndum um landbúnaðarnefndina, fyrir meðferð hennar á þessu máli. Mjer þykir það því undarlegra, sem jeg þykist mega fullyrða, að einmitt hann sjálfur var með því að veita bæði þau einkaleyfi, sem þingið hefir veitt áður. Áreiðanlega var hann með því að veita Páli Torfasyni einkaleyfi til að vinna salt úr sjó. Hv. þm. (B. Sv.) ætti að sjá, að hjer liggur fyrir fyrirtæki, sem líklegt er að verði framkvæmt og verði til bóta fyrir landbúnaðinn, en Páll Torfason hefir ekkert gert að því enn að nota sitt einkaleyfi. Líka ætti hv. þm. (B. Sv.) að vera það kunnugt, þar sem hann er þingmaður fyrir landbúnaðarhjerað, að mjög erfitt verður að hagnýta kjötið, ef ekki fæst í það salt, en á því geta orðið ýms tormerki að fá það flutt til landsins meðan siglingateppan helst. Ef Páll Torfason vinnur nú ekki saltið úr sjónum á þessum tímum, og mig minnir, að einkaleyfistími hans sje nú bráðum á enda runninn, þá verður þing og stjórn að gera eitthvað til þess, að fundin verði ný verkunaraðferð á kjötinu, svo hægt sje að gera það að verslunarvöru og mannafæðu.

Hin einkaleyfin, sem áður hafa verið veitt, hafa verið veitt til lengri tíma. En það líkar mjer miður vel. Jeg er mjög vel ánægður með það að hafa einkaleyfistímann sem stystan, eins og hjer í þessu tilfelli er ráð fyrir gert.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hafði einnig það á móti þessu frv., að það gæfi landssjóði ekkert í aðra hönd. Þessari staðhæfingu hjelt hann þó ekki út ræðu sína, sem varla var von, því áður en hann lauk máli sínu varð honum litið á 3. gr. frv., og kom þar auga á það, að einkaleyfishafi á að greiða landssjóði 10 kr. af hverri smálest, sem flutt er út af þessu þurkaða kjöti. Jeg get því ekki álitið, að neitt sje óhyggilega af stað farið með þetta frv., og landbúnaðarnefndin hefir eins mikla ástæðu til að mæla með því eins og aðrir þingmenn höfðu til að mæla með þeim einkaleyfum, sem áður hafa verið veitt. Áður var samþ. að veita einkaleyfi á ákveðið nafn, en hjer er ekki farið fram á það, heldur að eins, að stjórninni sje veitt heimild til að veita einkaleyfið, ef henni sýnist ráðlegt að gera það.

Mjer finst jeg mega til að bera blak af landbúnaðarnefndinni, þegar að henni er ráðist. Jeg get ekki fundið, að hún hafi gert neitt skakt í þessu máli. Enda þótt jeg þori ekki að fullyrða, hvort það er nokkuð sjerlega hyggilega ráðið að veita þetta einkaleyfi, eða nokkurt annað, þá er það þó fyllilega forsvaranlegt, í samanburði við það, sem áður hefir verið gert, að mæla með því, að þetta einkaleyfi sje veitt. Einkaleyfistíminn er styttri og gjaldið kemur í landssjóð engu að síður.

Jeg mun því halda mjer við gerðir nefndarinnar og greiða atkv. mitt með því að samþ. frv.

Björn Kristjánsson: Jeg minnist þess, að jeg mælti nokkur orð gegn þessu frv., er það lá hjer fyrir á síðasta þingi, og

Það er vitanlegt, að jeg hefi ávalt verið því mótfallinn, að þingið veiti slík einkaleyfi. Jeg er þessu enn mótfallinn, og það af þeirri ástæðu, að hjer er ekki farið eins að og tíðkast í öðrum löndum. Þar eru veitt einkaleyfi til þess að nota á k v e ð i n á h ö l d, er menn hafa fundið upp. En hjer er ekki um það að ræða, heldur um hitt, að veita einkaleyfi til þess að selja og framleiða ákveðna vörutegund.

Í frv. er ekki ljóst, hvort átt er einungis við einkaleyfi til að þurka kjöt með vjelum, eða hvort einnig er átt við einkaleyfi til útflutnings — í 1. gr. frv. segir svo: „Landsstjórninni veitist heimild til að veita einkarjett um 10 ár, frá því er leyfið er veitt, til þess að vjelþurka á Íslandi kjöt, sem ætlað er til útflutnings ....". Hjer virðist að eins átt við einkaleyfi til að þurka kjötið, en annars eigi salan að vera frjáls. En í 5. gr. frv. segir: „Þegar 5 ár eru liðin eða meira frá því, er einkaleyfishafi tók að flytja út þurkað kjöt ....". Þetta orðalag virðist benda til þess, að einkaleyfið eigi einnig að ná til sölu á kjötinu.

Ef skilja á frv. á þessa leið, er annar hængur á því. Rjettur landsstjórnarinnar til að taka einkaleyfið í sínar hendur er bundinn við 5 ár frá því, er einkaleyfishafi tók að flytja út kjöt. Einkaleyfishafi þarf alls ekki að flytja út kjötið sjálfur. Hann getur látið annan gera það, og kemur þetta tímatakmark þá ekki til greina. (**E. J.**: Þá er 10 ára takmarkið). Jú, það er að vísu rjett, en þetta er engin takmörk.

Það er rangt gert af þinginu að veita slíkan einkarjett, nema sannað sje, að menn eigi einhverja nýtilega uppgötvun. En það liggur ekki fyrir hjer. Í öðrum löndum eru oft veitt verðlaun fyrir nýjar uppgötvanir, sem það eiga skilið, og af þeirri ástæðu er veittur einkarjettur til þess að nota þær. En hafi menn ekki fundið neitt nýtilegt upp, hví á þá að veita þeim einkaleyfi?

Það var alveg rjett á litið af hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að sjeu skilyrði til þess að verka vöruna á þennan hátt, verður það gert alt að einu, hvort sem einkaleyfi er veitt eða ekki. Svo var um vjelþurkun á saltfiskinum. Alþingi þarf ekki að setja nein lög til þessa. Og komi þessi skilyrði á næstu árum, verður það landinu til stórtjóns að veita þetta einkaleyfi.

Jeg mun því, sem að undanförnu, leggjast á móti því, að slík einkaleyfi verði veitt.

Framsm. (Einar Árnason): Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) rjeðst allhart gegn þessu frv. Tók hann til samanburðar verkun á saltfiski og þurkun á kjöti. En sá samanburður var algerlega rangur. Þurkaður saltfiskur hefir fastan markað, sem er jafnvís, ef fiskurinn er jafngóður, hver aðferð sem höfð er við verkunina. En hjer er að ræða um vöru, sem á engan markað vísan og ómögulegt er að geta sjer til hverja framtíð á. Sama máli er að gegna um lýsið. Það hafði sinn fasta markað, og var því ekki undir högg að sækja með hann.

Hv. þm. (B. Sv.) kvað óvíst, að þessi aðferð væri annað en hjegómi. Auðvitað veit hann ekkert um málið, og því get jeg sagt honum það, að gerðar hafa verið tilraunir að þurka kjöt með þessari aðferð, og látið vel yfir árangrinum.

Þá taldi hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) þetta mundu leggja hömlur á íslenska framleiðslu. Jeg fæ ekki sjeð, að þetta sje rjett á litið. Þessi aðferð gæti alls ekki

felt verðið á íslensku kjöti. Því að vitanlega yrðu þeir, sem fyrirtækið rækju, að kaupa kjötið því verði, sem fyrir það fengist á öðrum markaði. Og þrátt fyrir þetta einkaleyfi eru allar leiðir opnar fyrir framleiðendur að flytja út kjöt, bæði saltað og kælt. Það gæti því aldrei regið úr framleiðslunni.

Hv. þm. (B. Sv.) kvað hjer ekkert að vinna, en miklu að tapa. Það get jeg ekki skilið. Fari svo, að þessi aðferð reynist arðvænleg, þá er hjer mikið að vinna fyrir landbúnaðinn íslenska. En reynist fyrirtækið ótímabært, þá er það ekki landið, heldur einkaleyfishafarnir, sem mest eiga á hættunni. Hvað sem því líður dómum hv. þm. (B. Sv.) um þetta, þá er það reynslan ein, sem hjer sker úr.

Þá gat hv. þm. (B. Sv.) þess, að eftir frv. yrði ekki lagt annað eða meira gjald á þurkað kjöt, sem út er flutt, en 10 kr. á hverja smálest. Getur verið, að menn greini á um, hvernig á að skilja þetta ákvæði. Jeg lít svo á, að engin önnur sjerstök gjöld en þetta eigi að leggja á kjötið, en stimpilgjald eigi að sjálfsögðu að koma niður á þessari vöru sem annari. Þyki mönnum óljóst til orða tekið, má vitanlega lagfæra það. Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) þótti það galli á frv., að einkaleyfið væri ekki veitt til þess að nota viss, ákveðin áhöld. En til þess er því að svara, að í raun og veru kæmi það ekki þeim að gagni, sem rækju fyrirtækið, þótt þeim yrði veitt slíkt einkaleyfi. Það þyrfti ekki annað en að einn eða annar kæmist á snoðir um, hvernig vjelarnar væru. Hann gæti þá komið á stofn þurkunarhúsi með vjelum, er væru lítið eitt frábrugðnar, og eyðilagt með því hitt fyrirtækið. Því að þegar ísinn er brotinn og markaður skapaður, myndi sá, sem á eftir kæmi, geta boðið vöruna lægra verði.

Þá þótti hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) ekki gott samræmi milli 1. og 5. gr. frv. Getur verið, að rjett sje að kveða skýrara að orði í 5. gr. Sje jeg ekkert því til fyrirstöðu að breyta 5. gr. á þá leið, að orðið „einkaleyfishafi“ verði felt í burtu, og orðaröðinni breytt þannig: „Þegar 5 ár eru liðin eða meira frá því, að tekið var að flytja út ....“ o. s. frv. Þá getur 5 ára tímatakmarkið komið að fullum notum.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði, að landbúnaðarnefndin hefði látið snúa á sig í máli þessu. Jeg skil ekki, við hvað hv. þm. á með þessu. Það mætti segja jafnrjettilega, að alt þingið hefði þá látið snúa á sig. Málið gekk sem sje í gegnum þessa deild á síðasta þingi, og nú kemur það frá hv. Ed. Jeg vona því, að þetta frv. nái fram að ganga hjer í deildinni, eins og síðast. Það er ekki óaðgengilegra en það frv., er þá var samþykt, nema síður sje, þar sem einkaleyfistiminn hefir verið styttur um 5 ár.

Bjarni Jónsson: Jeg sje ekki annað en að hv. landbúnaðarn. hafi farið skynsamlega með þessu máli. Jeg lít svo á, að allar tilraunir til þess að bæta markað á íslenskum afurðum sjeu til bóta, hvort sem um nýja aðferð er að ræða eða endurbætur á eldri aðferðum. Hjer er að ræða um nýja aðferð, sem ekki hefir áður verið notuð til muna meðal siðaðra þjóða, en er þó áður þekt.

Sá, sem vildi takast á hendur tilraunir í þessa átt, yrði annaðhvort að vera efnaður maður, til þess að hann treysti sjer til að leggja fje í annað eins fyrirtæki, sem áður er óþekt með öllu. Stofnkostnaðurinn yrði ekki lítill. Það má t. d. minna á auglýsingakostnað, sem í upphafi hlýtur að verða mjög mikill. Þá kostar það ekkert smáræði að setja

upp allar vjelar og enn að senda sýnishorn af vörunni á erlendan markað, svo að nokkur von sje um, að hægt verði að selja hana. Þetta alt þyrfti maðurinn að greiða af eigin efnum. En hafi hann nú ekki efni á öllu þessu, þá þyrfti hann styrk, og þá helst frá þeim, sem þessarar nýungar ættu að njóta — frá landsmönnum. Þeir þyrftu þá að hjálpa honum til að standast þennan kostnað.

Nú má veita þennan styrk með tvennu móti. Það má veita fjárstyrk til tilraunanna og til þess að koma vörunni á erlendan markað. Einnig er hægt að hafa aðra aðferð. Tryggja manninum einkaleyfi um svo langan tíma, að hann vinni upp þann halla, sem hlýtur að verða á fyrirtækinu fyrst í stað. Þar á maðurinn vitanlega meira á hættu. Því ef fyrirtækið yrði ekki arðvænlegt, ynni hann aldrei upp hallann af fyrstu árunum og fengi aldrei kostnað sinn greiddan. Landsmenn legðu þá aldrei fje í tilraunirnar og myndu engu á þeim tapa.

En yrði fje veitt úr landssjóði, gætu landsmenn notað aðferðina, og kept hvorir við aðra þá þegar, er reynsla væri fengin, þyrfti ekki að veita neitt einkaleyfi.

Nú vitum við allir, að hjer er að ræða um fátækan mann, er ekki hefir efni á að leggja mikið í kostnað. Hann hefir áhuga á framförum í atvinnuvegum vorum og hefir komið með margar tillögur til umbóta. Má minna á tillögur hans um mótekju, sem nú hafa borið þann glæsilega árangur, að hv. Ed. hefir samþykt að veita 3000 kr. til rannsóknar á mómýrum. En tillagan var góð, hvernig sem með hana hefði verið farið. Hún er ekki einungis framtíðartillaga, heldur og hin mest áríðandi bjargráðatillaga, sem fram hefir komið á þessu þingi.

Nú kemur önnur till. frá sama manni. Hann hefir ekki fje til að framkvæma hugmyndir sínar, en vill, að landið njóti þeirra, án þess að hann taki fje fyrir.

En ef hann á að koma þessari hugmynd í framkvæmd, sjer hann sjer ekki annað fært en að biðja um þessi rjettindi.

Mjer er ómögulegt að skilja, að þessi rjettindi verði veitt á annan hátt en þann, að honum verði skamtaður hagnaður og ekki verði atvinnuspell að. En þá fyrst yrðu atvinnuspell, ef varan yrði svo eftirsótt, að skaði væri að fleiri gætu ekki sett upp vjelar. Ólíklegt er, þótt vel gengi, að svo yrði innan 10 ára. En þó svo yrði, hefir stjórnin altaf vopn, er hún getur beitt til þess að halda verðinu niðri. Eftir 5 ár getur stjórnin keypt öll áhöld af honum eftir mati. Þyki stjórninni hann leggja óhæfilega mikið á vöruna, ímynda jeg mjer, að hann muni heldur leggja niður rófuna og lækka verðið en verða neyddir til að selja öll sín framleiðslutæki. Stjórnin gæti haft þetta fyrir keyri á hann, til þess að halda vörunni í hæfilegu verði. En væri hann illur viðureignar, þá er ekki annar vandinn en að stjórnin keypti vjelarnar. Og þótt stjórnin ræki fyrirtækið í 5 ár, væri engin ástæða til að óttast atvinnuspell fyrir landsmenn nje niðurdrep.

Það má vel vera, að „fúskara"-fjelag standi á bak við þennan mann. En engin ástæða er til að ætla það, að órannsökuðu máli. Jeg hefi að minsta kosti sjeð kjöt, þurkað með þeirri aðferð, sem hjer um ræðir, og verður ekki annað sjeð en að það sje góð vara.

En stjórninni er og innan handar, að veita ekki þetta leyfi, þótt henni verði heimilað það. Jeg er þess öruggur, að stjórnin veiti ekki neinum „fúskurum"

leyfi. Jeg hygg bæði gott og lofsvert, að þessar tilraunir yrðu gerðar. Og mönnum gæti þótt gott að hafa slíkar vjelar í landinu, til þess að varðveita matvæli landsmanna, meðan salt er rándýrt og ilt er að draga það að sjer. Þó að hjer sjeu íshús, gæti þetta komið að miklu meira gagni.

Jeg hygg auðskilið, að frv. veiti stjórninni heimild til að veita einkaleyfi til að þurka kjöt, en ekki til útflutnings. Það virðist óaðgætni, að 5. gr. er orðuð eins og hún er. Það hefir vakað fyrir mönnum, að einkaleyfishafi myndi flytja kjötið út sjálfur, eða fá aðra til að leggja fram fje í tilraunir til þess að skapa kjötinu markað.

Annars þurfa menn ekki einkaleyfi til þess að flytja út kjöt. Allir hafa jafnan rjett til þess að versla. Einkaleyfishafi má selja mjer kjöt, ef hann vill, en hann þarf ekkert einkaleyfi til þess að flytja út kjötið sjálfur. Þó að ákvæði 1. og 5. gr. sjeu ekki í fullu samræmi, þá hygg jeg, að þau verði ekki skilin á annan hátt en þann, að hjer sje einungis að ræða um einkaleyfi til að þurka kjöt.

Benedikt Sveinsson: Ekki hafa komið fram í umræðunum ýkjaveigamiklar röksemdir fyrir gagnsemi og ágæti þessa frv.

Hv. 2. þm. Rang. (E. J.) tók fyrstur að bera blak af frv. Hafði hann það helst fyrir sig að bera, að ekki sæti á mjer að mæla í móti þessu frv., þar sem jeg hefði áður greitt atkvæði með því að veita 2 lík einkaleyfi, sem sje einkaleyfi til að vinna salt úr sjó og til að vinna járn úr járnsandi. Það er satt, að jeg greiddi atkvæði með þessum einkaleyfum. Ekki af því, að jeg ætlaði, að þau myndu koma að stórmiklu gagni, heldur vegna þess, að jeg áleit þau skaðlaus. Jeg hugði, að enginn myndi fitna af saltinu úr sjónum, þó að Páli Torfasyni yrði neitað um einkaleyfi til að vinna það, nje heldur að það gerði nokkrum manni mein, þó að Túbogi mætti grafa sand úr sjónum í botni Hjeraðsflóa. Og þar sem þessu frv. er talið það til gildis, fram yfir hin einkaleyfisfrv., er samþykt hafa verið, að hjer sje um miklu skemri tíma að ræða, þá er því til að svara, að hjer er nokkuð ólíku saman að jafna, þar sem er að ræða um aðalútflutningsvöru landsmanna, en í hinu tilfellinu um ekki dýrmætara efni en leðjuna úr Lagarfljóti, sem liggur á 20 faðma dýpi úti í Héraðsflóa.

Hv. þm. (E. J.) kvað ekki fullvíst, hvort þetta einkaleyfi kæmi að gagni eða ekki. En eftir minni hyggju ætti það einmitt að vera fyrsta og sjálfsagðasta skilyrði þess, að frv. fengi meðmæli hjer í hv. deild, að menn væru fullvissir um, að það væri til gagns, en ekki til ógagns. En hræddur er jeg um, að væri það krufið til mergjar, yrði sannfæring sumra hv. þm. um, að þetta yrði þjóðinni að miklu gagni, ekki ýkja sterk.

Hv. frsm. (E. Árna.) kvað rangt að bera saman vjelþurkun á kjöti og vjelþurkun á saltfiski. Þurkaður fiskur væri þekt og gömul verslunarvara, en þurkað kjöt væri ekki þekt áður. Þetta kemur þó í einn stað niður. Vjelþurkun á saltfiski er ekki nema ein aðferð til að verka fisk, og vjelþurkun á kjöti er ekki nema ein aðferð af mörgum til að verka kjöt. Hvorttveggja miðar að því að framleiða þessar vörur á sjerstakan hátt.

Það er því í raun og veru enginn

eðlismunur á þessu, og því fullkomlega sambærilegt.

Jeg benti líka á, hverjar afleiðingar það hefði haft, ef einhver hefði rokið til og fengið einkaleyfi til að vjelþurka fisk. Og enginn hefir viljað halda því fram í hv. deild, að heppilegt hefði verið að veita einhverjum 10—15 ára einkaleyfi til að vjelþurka fisk, með einhverri sjerstakri aðferð, þótt álitleg hefði þótt í bili. Ef það hefði verið gert, einum manni eða fjelagi seldur sá rjettur í hendur að verka vöruna á þennan tiltekna hátt, þá leiðir þar af, að aðrir geta ekki hagnýtt sjer vöruna með þeim hætti. Það er sýnt, að er menn athuga þetta, liggur það mjög ljóst fyrir, að einkaleyfi í þessum efnum geta ekki gert annað en tjón.

Hv. meðmælendur frv. hafa ekki getað sýnt fram á, að hjer sje um nýja uppgötvun að ræða, enda er það ósköp alþekt, að hægt er að vindþurka kjöt eins og fisk. Hefir það verið gert á Færeyjum, svo sem hv. þm. Dala. (B. J.) tók fram. Vjer Íslendingar höfum og lengi þekt eina aðferð til að þurka kjöt, en það er að „reykþurka" það. Það kjöt köllum vjer hangikjöt, og ætti ef til vill að veita einhverjum einkaleyfi á þeirri þurkunaraðferð, ef einhver vildi taka það að sjer. Hjer væri þó ekki um neinn nýjan galdur að ræða, en ef sóst yrði eftir einkaleyfi á „reykþurkun" kjöts og það veitt, hverju væru þá Íslendingar bættari, þótt sú verkunaraðferð væri komin einum manni í hendur?

En setjum nú svo, að þetta vjelþurkunareinkaleyfi yrði veitt, og síðan kæmi erindi frá uppfundningamanni, sem fundið hefði nýja vjel og vildi fá einkaleyfi (Patent) á henni. Hann gæti ekki hagnýtt þessa nýju aðferð, ef búið er áður að veita þennan einkarjett á öllu vjelþurkuðu kjöti, nema ef Alþingi vildi kaupa dýrum dómum af leyfishafa þennan einkarjett, sem hann væri búinn að klófesta.

Sú aðferð, sem hjer er um að ræða, hefir líklega verið víða reynd, og er það kunnugt, að verið er að reyna hana í Danmörku. Er það líklega danskt fjelag, sem að henni stendur. Það væri mjög einkennilegt, ef þessi aðferð ætti ekki að verða kunn, eða geta rutt sjer til rúms, nema því að eins, að Alþingi Íslendinga veiti þessum mönnum heimild til að nota hana hjer á landi í 5—10 ár. Mun örðugt veitast að telja mörgum trú um það.

Hv. frsm. (E. Árna.) benti á, að frv. væri betra nú en í fyrra, þar sem tíminn hefði verið styttur. Það er rjett, að frv. er því minna skaðlegt, sem einkaleyfistíminn er styttri. En það er enginn kostur, út af fyrir sig, því að best væri, að einkaleyfið væri alls ekki veitt. Og eins og jeg tók fram áður, er engin nauðsyn að hætta á þetta. Því að svo framarlega sem hjer er um annað að ræða en hjegóma einberan, þá ryður þessi aðferð sjer til rúms eins og aðrar aðferðir til að verka vörur, svo sem fisk, ull o. þvíl., án þess að þingið þurfi á nokkurn hátt að binda hendur þjóðarinnar eða framleiðenda hennar. En hitt nær ekki nokkurri átt, að það greiði fyrir því, að vara komist á framfæri, þótt einstökum mönnum sje á þennan hátt veittur einkarjettur á vissri verkunaraðferð.

Mjer þótti leitt að heyra hv. þm. Dala. (B. J.) styðja þetta frv., því að hann er ekki vanur að berjast fyrir því, að Íslendingar selji útlendingum einkarjett á atvinnuvegum sínum eða öðrum rjettindum. (B. J.: Leyfisbeiðandi er ekki útlendingur). Það er satt, að sá, er

ekki útlendingur, er sækir, en kunnugt er, að það eru útlendingar, sem hafa vjelarnar í smíðum og standa á bak við umsækjanda. Hjer á landi er ekki til svo mikið sem ein skrúfa af þeim. (B. J.: Það er langt þangað til Íslendingar eiga allar sínar skrúfur sjálfir. G. Sv.: Sumir hafa „lausar skrúfur" á „lager"). Ekki skil jeg, að leita þurfi fræðslu hingað norður á hjara veraldar um það, hvernig vindþurkað kjöt er á bragðið. Það er fundið upp suður í löndum, og þar er það kunnugt.

Jeg er ekki að blanda manni að ófyrirsynju inn í umræðurnar, þótt jeg segi, að það sje vitanlegt, að hann sje í fjelagi með útlendingum og reyni að fá leyfið til að græða á og til þess að selja einkarjett sinn öðrum. Jeg ann honum alls þess lofs, að hann sje áhugasamur um verklegar nýungar, en það kemur ekki þessu máli við.

Það er rjett, að rjett þennan má aftur kaupa. En jeg sje ekki, að mætara sje að veita rjettinn til þess að kaupa hann aftur eftir 5 ár heldur en að hafa einkarjettinn lausan og óveittan, svo að allir landsmenn geti hagnýtt sjer aðferðina eftir vild. Það er miklu einfaldara ráð. ráð.

Þeir ljetu svo báðir um mælt, hv. 2. þm. Rang. (E. J.) og hv. þm. Dala. (B. J.), að gott væri að neyta þessarar aðferðar ef saltskortur yrði í landinu. En ef aðflutningar teppast svo, að ekki verður hægt að fá salthnefa til að strá í kjöt til reykingar, þá er jeg hræddur um, að erfitt verði að ná vjelum frá Danmörku, til þess að vindþurka alt það kjöt, er hjer fellur til á Íslandi. Er jeg því hræddur um, að þau „bjargráðin" komi ekki að miklu gagni.

Hv. þm. Dala. (B. J.) benti á þann höfuðókost frv., sem hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hafði bent á áður, að svo væri að sjá, sem frv. veitti einkarjett til útflutnings. Það er ekki hægt að skilja 5. gr. öðruvísi. En hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, og, að þetta gæti ekki komið til greina, því að allir hefðu heimild til að flytja út vörur, er vilja. En það er ekki svo, ef einum er veittur með lögum sá rjettur. Og þótt leyfishafi vildi og gæti l e y f t öðrum að flytja út, þá getur hann þá líka bannað það, þar sem hann hefir einkarjett til útflutningsins.

Sem sagt er það fátt eða ekkert, er mælir með því að veita þann einkarjett, sem hjer er farið fram á. Það er heldur ekki í samræmi við það sem tíðkast erlendis. Og á Alþingi síst að verða til þess að samþ. nokkuð það, er beri vott um þroskaleysi, er verði til þess, að þjóðinni verði skipað á bekk með lítt siðuðum skrælingjum. Vjer megum ekki við því, Íslendingar, og þurfum annars með nú, er vjer eigum í lokabaráttunni um þjóðrjettindi vor, en að gera oss hlægilega í augum útlendinga, og að það orð fari af oss víða um lönd, að vjer kunnum ekki að sjá fótum vorum forráð. Og jeg skil ekki, að hv. þm. Dala. (B. J.) vilji stuðla að slíku. Hann er því óvanur, því að þótt hann þyki stundum óspar á landsfje til ýmissa fyrirtækja, þá er það sprottið af því, að hann vill halda sem mest til jafns við aðrar þjóðir í hvívetna, og þeir, sem andleg afrek vinna, eiga þar hvað mest og vísast lið, því að hann vill ekki láta neina eina grein andlegrar starfsemi órækta í þjóðfjelagi voru.

Vildi jeg, að hv. þm. Dala. (B. J.) mælti ekki með þessu frv., því að það miðar ekki til að hefja hag þjóðarinnar

eða auka traust hennar með erlendum þjóðum.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg lýsti áliti mínu á þessu frv. í fyrra og get því verið stuttorður. Jeg vildi að eins leyfa mjer að benda á, að það lítur svo út, að þeir, sem sömdu frv. þetta, hafi ekki verið alveg vissir um það, til hvers einkarjettur þessi er veittur. Það er sagt í 1. gr., að einkarjetturinn sje til að vjelþurka kjöt, en eftir 5. gr. er það ótvírætt einkaleyfi til útflutnings á vjelþurkuðu kjöti. Jeg hygg, að það sje meiningin, að enginn annar en sá, sem vjelþurkar kjötið, geti haft ráð á útflutningi þess. En þótt þessi sje hugsunin, kemur hún samt mjög ógreinilega fram, svo að úr þessu hvorttveggja verður hálfgerður ruglingur.

Þá er og dálitið spursmál, hvernig reikna á þetta 5 ára bil þangað til leyfishafi tekur að flytja út þurkað kjöt. Í raun og veru er og sama að segja um 2. gr., þar sem stendur „innan 3 ára". Frá hvaða tíma mega þessi 3 ár líða? Er það frá því að landsstjórnin veitti leyfið, eða frá því að lögin gengu í gildi? Jeg held, að þetta hafi ekki verið alveg ljóst fyrir hv. nefnd, sem flutti frv., og þyrfti því að ákveða það nánar.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að ræða málið. Jeg býst við, að það hafi verið fullrætt í fyrra. Jeg hefi ekki breytt skoðun um þetta frv., fremur en þau tvö einkaleyfi, sem áður hafa verið veitt. Sýnast þau hafa orðið þinginu síður en ekki til sóma, og sje jeg því ekki, að vert sje að halda áfram á þessari braut. Jeg hefði álitið, að í frv. ætti að minsta kosti að setja, að ef leyfið yrði veitt, skyldi leyfishafi borga nokkra fjárhæð til tryggingar því, að þetta reynist ekki gabb eitt. Það gæti verið hægt að verja, en ekki hitt, að kasta einkaleyfum svo að segja út í vindinn. Og jeg get bætt því við, að jeg veit ekki til, að neinn sje umsækjandi um leyfið.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að játa það, að jeg sje heldur misjmíðar á frv., og hefir hæstv. forsætisráðherra bent á margt, er orða þyrfti ljósara, án þess að breyta því, er í frv. átti að liggja. Jeg hygg, að hjer sje átt við einkaleyfi til vjelþurkunar á kjöti, en ekki til útflutnings. Mætti setja í frv. það skilyrði, að þessi maður sje skyldur til að selja öðrum kjötið til útflutnings, og reisa þær skorður, er fyrirbyggi það, er hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) lagði áherslu á, að leyfisveiting þessi stæði í vegi fyrir atvinnuvegum. Það væri sjálfsagt að setja í frv. eitthvað það, er trygði það, að þessi atvinnuvegur gæti ekki spilt fyrir öðrum.

Rjett væri og að breyta 2. gr. þannig, að upphafið hljóðaði svo: „Geti leyfishafi ekki sýnt innan 3 ára frá því er leyfið var veitt" o. s. frv. Og 5. gr. ætti að breyta þannig, að þar stæði, „5 ár frá því, er leyfið var veitt, hefir landsstjórnin rjett" o. s. fr. Þá yrði frv. alveg skýrt, og enginn þyrfti þá að vefengja það eða hugsa, að þar sje fiskur undir steini. Þá yrði engin ástæða til að ótttast ginningar, en sumir hv. þm. eru altaf svo hræddir um, að þeir verði gintir.

Þá voru örfá orð út af ræðu hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), sem reyndi að snúa á mig. Hann kvað rjettan samanburð á söltuðum fiski og þurkuðum fiski, og ull og söltuðu kjöti, og vjelþurkuðu kjöti. Hjeðan hefir aldrei verið flutt út hangikjöt, nema í það eina skifti, er það var flutt til Þýskalands, og var því þá

ekki hleypt í land. Menn hjeldu það eitur og gerðu landrækt. Hingað til hefir verið flutt hjeðan saltkjöt, ekki þurkað kjöt. Hitt er alls ekki nýtt, að þurka hjer fisk og flytja út. Hið eina, sem er nýtt, er vjelþurkun á honum. En eins og hv. frsm. (E. Árna.) tók fram, er hjer um alveg nýja aðferð að ræða, áður óþekta. Það er rjett, að þessi eina kjötþurkunaraðferð er hjer þekt, að reykja kjöt, og oss þykir gott hangikjöt. Jeg gat þess, að hangikjöt hefði verið sent til Þýskalands, til Íslendings nokkurs þar, en það komst ekki í land, og maðurinn fjekk ekki leyfi til að eta það. Þetta gæti gefið bendingu um, hve auðvelt sje að koma nýrri aðferð við kjötþurkun eða verkun annara afurða inn í land, sem ekki þekkir til.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hjelt því enn fram, að einkaleyfið gæti ekki orðið nema til skaða. Jeg benti honum á, að engin hætta væri á því, að þessi aðferð gæti, fyrstu fimm árin, valdið atvinnuspjöllum. Ef menn sæju fram á, að þessi aðferð gæfist svo vel, að hún yrði eftir 5 ár hættuleg fyrir atvinnuvegina í landinu, þá getur landið keypt fyrirtækið og rekið það sjálft. Og það getur aldrei orðið landinu til tjóns, að reka arðvænlegt fyrirtæki.

Sami hv. þm. (B. Sv.) gat þess, að þetta væri fundið upp suður í löndum, og því óþarft að fara norður hingað til að reyna aðferðina. Og hann gat þess, að það kynni að liggja á bak við, að ginna þá eins og þursa, er hjer búa. En mönnum gæti nú dottið í hug, að það væri auðveldara að gera tilraunir um þurkun á kjöti í köldum löndum en heitum, og ætti maðkaflugan að sýna það.

Hv. sami þm. (B. Sv.) hjelt því fram, að það væri einfaldara að veita aldrei þennan rjett en veita hann og kaupa aftur eftir 5 ár. En sje rjetturinn ekki veittur, þektist aðferðin ekki eftir 5 ár, en sje hann veittur og orðinn eftirsóknarverður að 5 árum liðnum, þá er góðu verki af stað hrundið. Það eru þá ekki stór útlát fyrir landið, er það fær svo að segja fyrir ekki neitt það, sem annar er búinn að gera arðvænlegt, en áður væri ekki til.

Það er yfirleitt ekki aðferðin til að fá rjetta skoðun á málunum, að líta að eins á þau frá einni hlið, og ekki frá sínu sjónarmiði, heldur manna í öðrum löndum. Það getur verið, að þetta sje ekki venja í öðrum löndum, og mönnum þar finnist það ekki eiga vel við, en hvað kemur oss það við? Getum vjer ekki staðið á eigin fótum og sjeð best sjálfir, hvað við á í okkar eigin landi? Það er gott að vitna til annarar þjóðar ef bent er á hættu, er menn hafi brent sig á þar. Slík dæmi geta orðið til varnaðar. En að víkja aldrei frá því, sem aðrar þjóðir telja sig geta, er fásinna ein, og alveg ástæðulaust fyrir þingmenn að byggja sínar till. á þesskonar röksemdum.

Sami hv. þm. (B. Sv.) hjelt því fram, að það yrði talið þroskaleysi að veita slík einkarjettindi sem þessi. En jeg segi, að það verði talið þroskamerki, að þessi litla þjóð líti ekki svo smátt á sig, að hún telji sig þurfa að hnitmiða sínar gerðir við gerðir annara.

Jeg vil benda hv. þm. (B. Sv.) á, að hjer er um alt anað að ræða, svo að það kemur þessu ekki neitt við, sem hann sagði, að Danir eða aðrar þjóðir mundu ekki veita svona leyfi. (B. Sv.: Jeg sagði aðrar þjóðir). Það, sem hv. þm. (B. Sv.) grípur nú fram í, stríðir í móti því, sem hann sagði áður. Aðferð sem þessi lýsir alls ekki þroskaleysi, því að þau einkaleyfi, sem hjer hafa

veitt verið, geta á engan hátt verið vottur um slíkt; þau gætu heldur verið vottur um varasemi, af því að í sambandi við þau yrði miklu örðugra að hafa í frammi nokkra fjepretti. En það verður ekki sagt um þetta hjer, því að hjer er ekki um neitt þvílíkt að ræða; hjer er að eins að tala um sómasamlega tilraun í þektri atvinnugrein.

Hvað viðvíkur því, að okkur Íslendingum sje annað hollara nú en að fá orð á sig fyrir þroskaleysi og því um líkt, þá held jeg, að það sje annað, sem við ættum fyrst að forðast, og það er að vera altof orðsjúkir, því að það er ekki vottur um þroskaðar sálir, ef þeir þora ekki að halda rjettar leiðir í málum, af því að þeir halda, að einhverjir úti í löndum kynnu ekki að líta vel á það.

Þá vil jeg víkja þeim orðum að hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að mjer finst það heiður eigi alllítill, að hann vill gera mig að vindþurkuðu kjöti. Jeg veit eigi annað en að hjer sje til umr. það eitt, að vjelþurka á Íslandi kjöt, en hvorki aðgerðir mínar nje annara manna. En jeg mun þó eigi gera hv. þm. (B. Sv.) sömu skil, en jeg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort henni þyki ekki ástæða til að biðja um, að málið verði tekið út af dagskrá, til þess að laga orðalagið í frv.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg þarf ekki að svara hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), því að þótt hann talaði langt mál, þá kom ekkert nýtt fram í ræðu hans. Hann var enn að bera saman þurkun á kjöti og fiski. Jeg tók það fram áðan, að hjer væri mjög ólíkt ástatt, þar sem enginn markaður er til fyrir þurkað kjöt. Vil jeg í því sambandi benda á eitt dæmi, sem liggur mjög nærri okkur. Það voru nú fyrir skömmu sendir hestar til Ameríku, í því skyni að reyna að opna þar nýjan markað fyrir íslenska hesta. — Reynslan er öllum kunn. Fyrir hestana fjekst lítið sem ekkert verð, svo skaðinn varð töluvert mikill á þessari tilraun. Þetta er ein bending í þá átt, hversu mjög einkaleyfishafarnir tefla á tvær hættur.

Þá gat hv. þm. (B. Sv.) þess, að undarlegt mætti heita, ef þetta yrði ekki reynt eða notað annarsstaðar. Það er langt frá því, að svo verði ekki, því að auðvitað er, að ef einkaleyfið fæst ekki hjer, verður reynt annarsstaðar, og mjer kunnugt um, að stjórnir annara ríkja hafa þegar leitað samninga við þessa menn, til þess að fá þetta í framkvæmd hjá sjer.

Þá voru það nokkur orð út af athugasemd hæstv. forsætisráðherra. Hann gat þess, að ýmislegt væri óljóst í frv.; það væri t. d. ekki ákveðið, hvort einkaleyfið ætti að ná bæði til þurkunar og útflutnings á kjötinu. Jeg get lýst yfir því, að það er ekki tilætlunin, samkv. 1. gr., að einkaleyfið sje til útflutnings á kjötinu, en skal hins vegar taka það fram, að orðalag 5. gr. getur orkað tvímælis um þetta.

Þá fanst hæstv. forsætisráðherra ekki vel ljóst í frv., við hvað ætti að miða þriggja ára tímatakmarkið; hvort telja ætti frá því að leyfið var veitt, eða frá því að lögin gengu í gildi. Hjer getur ekki verið um að villast, að átt er við þann tíma, frá því leyfið er veitt. Það kemur alls ekki málinu við, hve nær lögin hafa öðlast gildi. Hjer er svo skýrt að orði kveðið í frv., að ekki er um að villast. Þessi aðfinsla getur því ekki komið til mála.

Það er þá að eins um breytingu á 5. gr. að ræða, og býst jeg við, að nefndin sje fús til að breyta orðalagi hennar í samræmi við það, sem fram kemur í

umr. í dag, til 3. umr. Jeg sje því enga ástæðu til, þar sem um svo lítið er að gera, að taka málið nú út af dagskrá.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. J., E. Árna., G. Sv., J. J., P. J., P. O., P. Þ., Ó. B.

nei: Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. K., B. St., E. A., H. K., J. M., J. B., M. G., M. Ó.

Þrír þm. (E. J., M. P. og S. S.) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já E. Árna., G. Sv., J. J., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. J., Ó. B.

nei: B. St., E. A., H. K., J. M., J. B., M. G., M. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. K.

Þrír þm. (E. J., M. P. og S. S.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. J., E. Árna., G. Sv., J. J., Ó. B.

nei: J. M., J. B., M. G., M. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. K., B. St., E. A., H. K.

Þrír þm. (E. J., M. P. og S. S.) fjarstaddir.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 26. júní, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 255).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. júlí, var frv. aftur tekið til 3. u m r. (A. 255, 417).

Frsm. (Einar Árnason): Við 2. umr. þessa máls var bent á, að ósamræmi væri milli orðalagsins á 1. og 5. gr. frv., þar sem 5. gr. virtist benda til þess, að einkaleyfið ætti einnig að ná til útflutnings á kjöti. Í tilefni af þessu hefir landbúnaðarnefndin komið fram með brtt., á þgskj 417; á sú brtt. að taka af öll tvímæli um það, að hjer sje ekki um neitt einkaleyfi til útflutnings að ræða, heldur að eins einkaleyfi til kjötþurkunar, eins og fyrirsögn frv. bendir til. Enn fremur vill nefndin láta þess getið, að gefnu tilefni, að hún telur sjálfsagt, að stimpilgjald verði greitt af farmskírteinum, um vjelþurkað kjöt.

Nú með því að málið hefir verið ítarlega athugað í nefndinni og miklar umr. urðu um það hjer í deildinni um daginn, þá býst jeg ekki við, að það græði mikið á löngum umr. nú, og ætla því ekki að svo komnu, að fara fleiri orðum um það.

Björn Kristjánsson: Jeg ljet það í ljós um daginn, við 2. umr. þessa máls, að jeg væri mótfallinn, og hefði verið mótfallinn, öllum slíkum einkaleyfum, sem veitt hafa verið að undanförnu, og eftir að jeg heyrði umsögn stjórnarinnar um þetta mál, fór jeg að athuga frv. svo lítið nánar, og komst þá að því, að í raun og veru væri fleira athugavert við frv. en það, sem jeg tók fram við 2. umr. Jeg fór að athuga það, í sambandi við það, sem hæstv. forsætisráðherra

sagði, að nauðsynlegt væri að setja sektarákvæði, ef þetta reyndist að vera gert út í loftið, og frv. komi ekki til framkvæmda.

Það fyrsta, sem jeg rak mig á, þegar jeg fór að lesa frv., var það, að í fyrirsögninni er talað um kjötþurkun með vjelaafli, og svo þegar jeg las fyrstu greinina, sá jeg, að ekki var lengur talað um að þurka kjöt með vjelaafli, heldur um að vjelþurka kjöt. Þegar maður talar um vjelaafl, er venjulega átt við gufuafl, mótorafl eða eitthvað þesskonar. Orðið vjel er haft um svo marga hluti hjer á landi, svo sem saumavjelar, prjónavjelar, prímusvjelar, eldavjelar og svo margt og margt annað, — og svo er orðið vjel haft um svo margar handvjelar, þótt ekkert vjelaafl fylgi. Hjer er því mikið ósamræmi milli fyrirsagnarinnar og frv.-greinarinnar. En ef farið er eftir 1. gr. frv., þá getur einkaleyfishafinn fengið einkaleyfið og jafnvel haldið því, ef hann ræðst í að þurka kjötið í bakaraofni eða yfir prímus og sendir kjötið til útlanda. En þegar jeg fór að athuga frv. enn betur, strandaði öll athugun mín á því, að jeg fann, að það var alls engan grundvöll hægt að finna fyrir sektarákvæði. Því þegar verið er að tala um að þurka kjöt með vjelaafli, eða að vjelþurka kjöt, þá er í sjálfu sjer ekkert sagt með því, vegna þess, að vjelaafl er svo mismunandi; það getur verið frá broti úr hestafli og upp eftir. En til þess, að þetta væri greinilega orðað, þyrfti að geta þess í frv., að það yrðu að vera vjelar með vanalegu afli, og áhöldin vitanlega. Ef frv. verður samþykt, þá verður það gert án þess, að við vitum nokkuð um það, hverskonar vjelar verða notaðar við þurkunina. Hjer er einnig verið að tala um það, að einkaleyfishafi verði að sýna það innan þriggja ára, að hann geti komið þessari starfsemi á fót; en ekkert er sagt, frá hvaða tíma skuli telja þessi þrjú ár. Eins er það álitið óviðkunnanlegt orðalag að segja „innan 3 ára", þegar svo er í sömu andránni farið að tala um „á því ári". Jeg vil þá spyrja: Við hvaða tíma á að miða þessi 3 ár? Á það að vera frá því að lögin eru undirskrifuð, eða frá því að leyfishafi fær einkaleyfisbrjefið? Og við hvað er átt með orðunum „á því ári"? Er það 3. árið, sem hann hefir einkaleyfið, eða árið á eftir? Þetta er alt svo óljóst orðað, að það verður að athuga það nánar. Í 3. gr. er t. d. sagt, að útflutningsgjaldið eigi að vera alt að 10 kr. En hvernig í dauðanum á nú að ákveða, hvernig gjaldið eigi að vera, þegar ekkert er sagt um, hver eigi að ákveða það? Með öðrum orðum, það er ekki gert ráð fyrir neinu valdi í lögunum, sem ákveði gjaldið; þau ákveða að eins það, að gjaldið megi ekki vera meira nje hærra en tíu krónur, en ekkert um neitt vald, sem geti ákveðið það. Þetta verð jeg að telja mjög mikla vöntun í frv. Stjórninni er hjer ekki sjerstaklega falið að ákveða gjaldið, og innheimtumönnunum er heldur ekkert vald gefið í þessu efni. Svo kemur það dálítið kynduglega fyrir, að í 4. gr. er verið að segja, að ekki megi leggja meira gjald á en 10 kr., sem nefnt er í 3. gr. Svo er loks 5. gr., sem nefndin leggur til að verði lagfærð að þessu leyti, að það sje að eins þegar varan er flutt út. En það kemur dálítið kynduglega við þetta ákvæði, hve nær landssjóður geti tekið að sjer einkaleyfið. Fyrst hefir leyfishafi 3 ár til undirbúnings, svo 5 ár; það verða alls 8 ár, en allur einkaleyfistíminn er þó ekki nema 10 ár. Yfir höfuð er frv. þannig úr garði gert, að það er alls ekki frambærilegt. Annars er málið

smámál í sjálfu sjer, og jeg gerði mjer enga rellu út af því, ef jeg vissi, að frv. ætti að eins að prenta á íslensku, en gallinn er nú sá, að þetta frv. verður auðvitað, eins og öll önnur frv. hjeðan, einnig prentuð á útlendu máli, og jeg stórveigra mjer við því, því að jeg met heiður þingsins svo mikils, að jeg hlýt að veigra mjer við því, að það komi fyrir útlendra manna sjónir.

Jeg vildi segja þetta og um leið lýsa yfir því, að það er svo ekki á minni ábyrgð, hvernig um málið fer í þessari hv. deild, úr því að jeg hefi látið skoðun mína í ljós um það.

Frsm. (Einar Árnason): Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hafði margt við þetta frv. að athuga, og skal jeg ekki fara mikið út í athugasemdir hans, þótt mjer þyki þær nokkuð kyndugar sumar hverjar. Honum fanst ósamræmi milli fyrirsagnarinnar og 1. gr. frv. Jeg get nú ekki sjeð, að í raun og veru sje nokkurt ósamræmi þarna á milli, því að það veit hv. þm. (B. K.) eins vel og jeg, að engar vjelar knýjast áfram af sjálfu sjer og að allar þurfa þær eitthvert utan að komandi afl til að geta starfað. Alt kemur því í einn stað niður, hvort sagt er, að þurkunin sje framkvæmd með vjelaafli, eða kjötið sje vjelþurkað. Þessi mótbára hv. þm. (B. K.) er því tómur barnaskapur og einkis virði. Þá sagði hv. þm. (B. K.), að ef þetta einkaleyfi yrði veitt, væri jafnvel hægt að banna mönnum að þurka kjöt handa sjer yfir primus. (**B. K.:** Nei, jeg sagði, að hægt væri að kalla það að vjelþurka kjöt, að þurka yfir primus). Jæja, jeg get þá huggað hv. þm. (B.K.) með því, að honum er óhætt, átölulaust fyrir þessu einkaleyfi, að svíða svo mikið kjöt sem hann vill yfir primus, og selja ef einhver vill kaupa.

Þá gat hv. þm. (B. K.) þess, að ekki væri ljóst ákveðið um það, frá hvaða tíma ætti að reikna þriggja ára frestinn. — Þessi athugasemd kom einnig fram við 2. umr., og sýndi jeg þá fram á, að hún væri á engum rökum bygð. Þykir mjer því einkennilegt, að hún skuli koma fram aftur. Hjer stendur í frv.: „Geti leyfishafi ekki innan 3 ára sýnt.." o. s. frv. Þessi þriggja ára frestur er auðvitað frá þeim tíma, sem einkaleyfið er veitt. Þetta er því svo greinilegt sem framast má vera. (**B. K.:** En „á því ári"?). Já, „á því ári",það er líka skýrt; það er seinasta árið sem hann hefir frestinn.

Þá er athugasemd hv. þm. (B. K.) við 3. gr., um að greitt skuli alt að 10 kr. í landssjóð. Jeg get ekki sjeð, að það ákvæði þurfi að valda neinum vandræðum. Það er sjálfsagt, að stjórnin ákveði upphæðina, um leið og hún veitir einkaleyfið. Hjer er að eins nefnt það hæsta, sem fara má, til þess að koma í veg fyrir, að hægt sje að leggja óhæfilega mikið útflutningsgjald á vöruna, í því skyni að eyðileggja fyrirtækið.

Þá mintist hv. þm. (B. K.) á, að það ætti að setja sektarákvæði í frv. Jeg skildi það svo, að hann vildi, að sett væri einhver trygging fyrir því, að þetta alt saman reyndist eitthvað annað og meira en „humbug". Það kann vel að vera, að þetta sje rjett, en þá verður líka að gæta þess, að gera ekki frv. þannig úr garði, að það verði algerlega óaðgengilegt.

Við 2. umr. var bent á, að það yrði talsvert mikill kostnaður fyrir þann, sem fengi einkaleyfið, og þá mundi það ekki verða neitt hvetjandi fyrir hann,

ef hann ætti fyrst og fremst að bera allan þann skaða, er af fyrirtækinu kynni að leiða, og þar að auki að greiða sektir. Jeg sje því ekki annað en að það væri algerlega frágangssök að setja þess háttar ákvæði; það má þá eins vel fella frv.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefi nú látið þetta mál fram að þessu afskiftalaust, og skal ekki fara mörgum orðum um það. Það er auðvitað, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er mesti gallagripur. Það er búið að benda á svo marga galla á því, að ekki þarf að fara frekar út í það. En mjer sýnist málið liggja þannig fyrir, að ógerningur sje að samþykkja frv. Það vantar allar upplýsingar um, hvaða aðferð á að nota við þurkun kjötsins, og hvaða líkur eru fyrir því, að not verði að þessu. Og mjer finst, að þegar á að gefa út lög um eins þýðingarmikil mál sem þetta, þá þurfi nákvæmar upplýsingar að vera til staðar. Held jeg því, að það sje enginn skaði skeður, þó að beðið sje með þetta mál, þar til einhverjar frekari upplýsingar liggja fyrir. Jeg hefi því hugsað mjer að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

> **Þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um það, hvar komið er undirbúningi þessarar nýju kjötþurkunaraðferðar, telur deildin ekki gerlegt að ráða málinu til lykta að þessu sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.**

Frsm. (Einar Árnason): Jeg vildi að eins lýsa yfir því, fyrir nefndarinnar hönd, að hún getur ekki fallist á þessa rökstuddu dagskrá. Lítur hún svo á, að það sje ekki annað en handhæg tilraun til þess að eyðileggja málið.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Reykv., J. B., (sjá A. 449) samþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. B., M. G., M. P., M. Ó., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. K., B. St., E. A.

nei: E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., P. O., P. Þ., St. St., Þorst. J., B. J., Ó. B.

S. S. neitaði að greiða atkv., og tók forseti ástæður hans til greina.

Tveir þm. (J. M. og P. J.) fjarstaddir.

Frv. því talið

fallið.

Húsaleiga í Reykjavík.

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um húsaleigu í Reykjavík (A. 433).

Á 57. fundi í Ed., fimtudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Guðjón Guðlaugsson): Á lestrarsalnum hafa legið frammi skjöl um mál þetta, og vona jeg, að hv. þm. hafi kynt sjer þau. Eru þar færðar gildar ástæður fyrir því, að núgildandi húsaleigulög sjeu hvergi hagkvæm, og síst af öllu sanngjörn, gagnvart eigna- og umráðarjetti húseigenda. Við höfum því tekið að okkur að flytja frv. þetta, svo

að þessari hv. deild gefist kostur á að segja álit sitt um málið. Og við lítum svo á, að þessir 350 menn, sem skrifað hafa undir áskorunarskjalið, hafi góð og gild rök að færa fyrir sínu máli.

Vil jeg þar fyrst til nefna, hversu mjög er takmarkaður og skertur eignarjettur manna, og tel jeg það vafamál, hvort skerðing sú stríðir ekki á móti stjórnarskránni, þar sem svo er langt gengið, að umráð manna yfir sínum eigin húsum eru af þeim tekin og þeim jafnvel meinað að hýsa foreldra sína og nánustu vandamenn.

Það er síður en svo, að það geti talist heppilegt, ef húseigandi þarf á húsinu að halda til slíkra hluta, að honum sje þá meinað það. Sömuleiðis er það slæmt að geta ekki skift um leigjendur, ef illkvittnir og lítt þolandi menn eiga í hlut, sem engu tauti verður við komið. Þá er hætt við, að samkomulag alt fari forgörðum, og er þar með húsfriðnum hætta búin.

En allir munu játa það, að helgasti og dýrmætasti friðurinn er friðurinn á manns eigin heimili.

Það hefir verið talið til gildis lögum þessum, að þau kæmu því til leiðar, að fátæklingum væri skotið undir þak, og menn kæmust eigi áfram með það að halda húsum sínum auðum meðan aðrir lægju á götunni. Þetta er aðalatriðið, sem ekki má frá víkja, og er það heldur ekki gert í frv. þessu, þar sem einmitt það skilyrði er sett, að annar komi í staðinn, þá er einhver flytur.

Þetta verður því að eins hringrás og meiri færsla, og húsaleigunefndinni er það í lófa lagið að gæta þess, að meginregla þessi verði ekki brotin.

Mönnum er að eins ekki leyft það lengur að skáka með skömmum og óbótum í því hróksvaldi, að þeir geti setið bjargfastir, þar sem ekki sje hægt að segja þeim upp.

En hitt er víst, að margur mundi haga sjer betur, ef hann hefir þann vönd yfir sjer reiddan, að verða að hröklast á burt þá og þegar, og færi hann nú samt sem áður svo að ráði sínu, að hann yrði að fara, þá gæti það orðið til þess, að hann hagaði sjer betur á næsta leigustað. En þess ber og að gæta, að oft getur sökin verið hjá báðum, húseiganda og leigjanda, ef ósamkomulag er, því sjaldan veldur einn er tveir deila, en þá er því meiri hættan á, að þeir beiti hvor annan ýmsum hrekkjabrögðum, því ófrjálsara sem um er búið alla samninga.

Þá vil jeg geta þess, að frv. þetta er að miklu leyti tekið upp úr húsaleigulögunum; t. d. er 1. gr. frv. orðrjett 1. gr. laganna.

Þá er aðalefnið í 2. gr. það, að segja megi upp leigjendum með fyrirvara og með því móti, að annað fólk úr Reykjavík sje tekið í staðinn. Fólk ofan úr sveit má ekki taka til að fylla skarðið, því að það væri sama sem að það fólk, sem upp var sagt, væri rekið út á götuna.

Þetta er sú breytingin, sem mesta þýðingu hefir.

Og jeg get ekki ímyndað mjer, að nokkur sje svo blindaður, að hann sjái ekki, hvílíkt vorkunnarmál það hlýtur að vera hverjum rjetthugsandi manni, að geta ekki komið inn foreldrum sínum eða barni, en verða að sitja með leigjendur, sem ef til vill hafa alt á hornum sjer og spilla friði og ánægju heimilisins.

Það er, eins og kunnugt er, siðferðileg skylda hvers manns að sjá foreldrum sínum fyrir húsnæði, fæði og klæðum; þar er engin lagaundantekning.

En það er að vísu engin lagaskylda

að sjá um börn sín, nema til 16 ára aldurs, en engum getur þó komið til hugar, að efnaður maður vilji ekki gjarnan verða til þess að skjóta skjólshúsi yfir börn sín og jafnvel systkini. Það er ekki nema fögur skyldurækni, sem margur hefir um hönd, án þess að beinn lagastafur heimti.

Það verður líka að teljast hart aðgöngu, ef maður þarf að auka húsrými sitt, vegna breyttrar atvinnu, að mega þá ekki taka þann hluta hússins, sem áður var öðrum leigður, til þess að geta haldið uppi atvinnunni.

En í því atriði verður samt að gæta allrar varúðar, svo menn geti ekki komist áfram með að segjast ætla að nota húsrýmið til slíkra hluta, en gera síðan alt annað við það.

En slíkt kemur auðvitað ekki fyrir um heiðarlegt og skikkanlegt fólk.

En við þessu er hjer sleginn sá varnagli, að útvega verði þeim leigjendum húsnæði, sem flytja verða burtu af þessum ástæðum.

Á hámarki leigu höfum við engar breytingar gert, og ýmsum reglum fyrir húsaleigu, sem finnast í upphaflega frv., sáum við okkur ekki fært að halda fram vegna þess, að það gripi um of inn á vald bæjarstjórnarinnar.

Við flm. hefðum helst óskað, að málið fengi fram að ganga nefndarlaust. Brtt. eru ekki margar; aðallega er það 2. gr. og auk þess ný 4. gr., til þess að vernda rjett leigutaka. En fari svo, að málið verði sett í nefnd, þá vonum við, að hún hraði því sem mest, því það hefir nú orðið svo stuttan tíma fyrir sjer, að annaðhvort verður að hrökkva eða stökkva, annaðhvort samþykkja eða fella frv.

Atvinnumálaraðherra (S. J.): Á síðasta þingi komu fram andmæli gegn húsaleigulögunum, en þá var þeim mjög lítið breytt eða ekkert, í þeim atriðum, sem nú er lögð áhersla á að breyta. Flm. (G.G.) virtist leggja aðaláhersluna á, lögin væru ósanngjörn gagnvart eigna- og umráðarjetti húsráðenda, enda er þetta nýja frv. til orðið þess vegna. En frá mínu sjónarmiði er breytingin nú talsvert mikil gagnvart leigjendunum, kosti þeirra allmjög þröngvað.

Flm. (G.G.) hjelt því fram, eins og líka er haldið fram í greinargerð frv., að með lögunum, eins og þau eru nú, megi raska heimilisfriðnum og það geti gengið svo langt, að eigendur verði að flýja eign sína. Jeg held nú, að heimilisfriðnum sje hættara við að raskast af öðrum ástæðum en þessum lögum, enda mun það víst ekki hafa komið fyrir, síðan lögin gengu í gildi, að húseigendur hafi nokkurn tíma þurft að flýja eign sína vegna leigjendanna, og verður þessi ástæða naumast tekin alvarlega.

Eins er tekið fram í greinargerðinni, að húseigendur geti ekki rýmkað til hjá sjer, jafnvel þó þeir þurfi að skjóta skjólshúsi yfir nánustu skyldmenni sín. En það verður ekki sjeð af frv., að það hafi verið samið með nokkuð slíkt fyrir augum, heldur sje það ekki fram komið til annars en þess, að húseigendur geti sagt upp leigjendum þegar þeim gott þykir.

Jeg tók það fram á síðasta þingi, að húsaleigulögin, sem nú gilda, hefðu fengið góðan undirbúning. Frv. var rætt á bæjarstjórnarfundum, og vildi hún hafa ákvæðin enn strangari en til var ætlast, svo að þegar lögin komu frá bæjarstjórn, þá var dregið nokkuð úr ákvæðum þeirra í stjórnarráðinu, en það sýnir, að bæjarstjórn hefir viljað

ganga enn lengra en farið hefir verið enn þá í þessu máli.

Jeg tel þá líka alveg sjálfsagt, að þetta frv. verði borið undir bæjarstjórn Reykjavíkur, og með fram vegna þess býst jeg ekki við, að það skifti svo miklu máli, hverjir hjer í bæ hafa fengið þingmenn til að koma með frv. Það gilda samskonar lög og núgildandi húsaleigulög hjer í öllum stærri borgum erlendis, lög, sem bæjarstjórnir hafa samið eða verið í samráði með að semja, og þau eru flest enn harðari gagnvart húseigendum en þessi lög.

Þetta mál er stórt mál og mikilvægt fyrir þennan bæ; þess vegna er það mín eindregin tillaga, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað í allsherjarnefnd og hún gefi sjer svo tíma til að bera málið undir bæjarstjórn Reykjavíkur.

Magnús Kristjánsson: Þess hefði mátt vænta, að hæstv. atvinnumálaráðherra hefði látið bíða að taka afstöðu til þessa máls, a. m. k. þangað til það kæmi úr nefnd, en sú hefir nú ekki orðið raunin á, þar sem hann er þegar búinn að fella sinn dóm yfir frv. Hitt er annað mál, hve sá dómur er á góðum rökum bygður, og bersýnilegt er, að hæstv. atvinnumálaráðh. hefir verið of fljótur á sjer og ekki kynt sjer alla málavöxtu sem skyldi..

Jeg var altaf á móti húsaleigulögunum, eins og þingið afgreiddi þau, og bar fram brtt. við lögin í fyrra, sem, hefðu þær verið samþ., — mundu hafa fyrirbygt þá óánægju, sem nú er komin á daginn. Nú hefir líka sumum þm. snúist hugur frá í fyrra, og þeir farnir að sjá betur en áður vansmíðin, sem voru á frv. Nefni jeg þar til hv. 2. þm. G.-K. (K. D.).

Jeg tel það yfirskynsástæðu hjá þeim, sem segjast vera að verja lögin vegna leigjendanna, því mjög margt í frv. miðar eingöngu í þá átt, að tryggja rjett leigjendanna, t. d. 4. gr. frv. Einasta ástæðan á móti málinu, sem takandi er gild, er sú, að það sje of seint komið fram, og það skal jeg líka játa. En við því var ekki hægt að gera; það var nú ekki tilbúið fyr. En frv. getur vel orðið að lögum fyrir þessari ástæðu, og að stinga því undir stól nú yrði að eins til þess, að það risi upp á ný á næsta þingi.

Það verður ekki um það deilt, að það er hægt að gera sjálfum húseigendum vistina algerlega ómögulega í sínum eigin húsum, og að þetta hefir verið gert af leigjendum hjer í bæ. Lögin gefa leigjendum líka blátt áfram undir fótinn með það, að þeir þurfi ekki að gæta neinnar sjerstakrar varúðar, siðsemi eða nærgætni gagnvart húseigendum. Reynslan hefir líka orðið eftir þessu og lögin orðið til stórtjóns, ekki að eins fyrir húseigendur sjálfa, heldur líka fyrir leigjendur, með því að spilla hugsunarhætti þeirra og ala upp í þeim stráksskap, — sumum hverjum.

Jeg þykist því sannfærður um, að málið verði samþ. við þessa umr., en verði því vísað til nefndar, þá væri æskilegt, að hún athugaði, hvort ekki mætti ganga lengra en gert er í frv. til þess að verja húseigendur ágangi. T. d. hafa einstakir menn bygt hjer stórhýsi, og ættu lögin að ganga í þá átt, að nota mætti eitthvað af því plássi fyrir leigjendur, heldur en að neyða upp á menn, sem eiga yfir litlum húsakynnum að ráða, að veita fjölskyldum húsnæði um aldur og æfi, — fjölskyldum, sem menn hafa e. t. v. af vorkunnsemi tekið inn í hús sín. Því lögin hafa frá upphafi verið til þess að íþyngja þeim mönnum, sem hafa af hjálpsemi tekið leigjendur í hús

sín, og opna óhlutvöndum mönnum tækifæri til að troða húseigendur um tær.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., laugardaginn 13. júlí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 433, n. 483).

Guðjón Guðlaugsson: Allsherjarnefnd hefir haft frv. þetta til umsagnar, og skal jeg með nokkrum orðum gera grein fyrir skoðun minni. Eins og á nál. sjest, sendi nefndin borgarstjóra Reykjavíkur frv., og hann aftur dýrtíðarnefnd bæjarins. Lagði nefnd þessi eindregið á móti því, að frv. væri samþ. Allsherjarnefnd fjelst ekki á þá skoðun dýrtíðarnefndar Rvíkur nje borgarstjóra, en sjerstaklega tveir nefndarmennirnir litu svo á, að málið væri komið í eindaga, en þyrfti hins vegar góðs undirbúnings með; varð það því að samkomulagi að leggja til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem prentuð er á þgskj. 483. En jeg vil taka það fram, að jeg get ekki sjeð nokkra ástæðu til að samþykkja ekki frv. nú þegar, nema þessa, að tíminn mun orðinn nokkuð naumur. Ummæli borgarstjóra og dýrtíðarnefndar eru gersamlega órökstuddur sleggjudómur. Vera kann, að menn segi, að hann og nefndin muni hafa betra vit á þessu máli en við þingmenn utan af landi, sem flytjum þetta frv., en jeg vil halda, að hann vanti alla reynslu um það, hvernig okkar frv. mundi reynast, hvort það myndi ekki koma að sömu notum. Aðalatriðið er það, að húsnæði minki ekki í bænum, heldur aukist, og um það væri einmitt von, ef þetta frv. yrði að lögum. Auk þess myndi samkomulag húseigenda og leigutaka stórbatna, og mun síst vanþörf á því.

Jeg færði rök fyrir frv. við 1. umr. Þau hafa engum mótmælum mætt, hvorki á fundum hjer í deildinni, nje í nefndinni. Þarf jeg því ekki að tala lengra mál um þetta. Jeg er alveg sömu skoðunar og áður, og þykir leitt, að málið kom ekki fyr inn á þingið. Jeg mun ekki greiða atkvæði um dagskrána nema nafnakall verði. Þá mun jeg greiða atkv. með henni, því í henni er fólgin viðurkenning um, að málið hafi við rök að styðjast, og áskorun til stjórnarinnar um að endurskoða núgildandi lög um húsaleigu í Reykjavík. Er því betra, að dagskráin nái samþykki, en málið falli niður ákvörðunarlaust.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá allherjarnefnd, á þgskj. 483, samþ. með 7 : 3 atkv.

Frv. því talið

fallið.

---

11. Skipun læknishjeraða [launahækkun].

Á 62. fundi í Ed., fimtudaginn 11. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða (A. 477).

Á sama fundi í Ed. var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Eggert Pálsson): Eins og hv. þm. sjá, þá verður ekki mikið grætt á því að lesa greinargerð þá, er fylgir frv., en hins vegar er, að því er frv. þetta snertir, vísað til greinargerðar á þgskj. 478, um frv. til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs. Og af þeirri greinargerð sjest, hvers vegna fjárveitinganefndin hefir leyft sjer að bera þetta frv. fram.

Orsökin til þess, að nefndin ber frv. þetta fram, er sú, að fjárveitinganefnd Nd. hefir borið þar fram, og fengið samþykt, frv. til laga um bráðabirgðauppbót á launum ýmsra embættis- og sýslunarmanna landssjóðs.

Fjárveitinganefndin treystir sjer nú ekki til að mæla með því, að frv. þetta verði samþ. hjer, þar eð hún lítur svo á, að með því væri sá glundroði skapaður, sem lítt væri viðráðanlegur, og gerbreyting gerð á grundvelli launanna, þvert á móti því, sem verið hefir tilætlun þingsins hingað til.

Nefndin hefir því tekið það ráð, að taka læknana eina út úr þessu frv. og bera fram sjerstakt frv. um þá. Með frv. þessu eru laun þeirra hækkuð, og ætlast nefndin til, að þetta sje ekki bráðabirgðahækkun, heldur föst og áframhaldandi hækkun. Þetta er gert með það fyrir augum, að hjer sje um þarfa stjett fyrir landið að ræða, stjett, sem landið megi ekki án vera, og stjett, sem ekki er hægt að launa með minnu en 1800 kr. launum, þrátt fyrir það, þótt kringumstæður bötnuðu eitthvað frá því sem nú er.

Með því að ganga þessa braut, sem nefndin leggur til, breytist heldur eigi að neinu, svo unt sje að telja, launakjör lækna, frá því sem hv. Nd. ætlaðist til í frv. sínu.

Það liggur opið fyrir öllum, sem á frv. Nd. líta, að eftir því eiga læknarnir að fá alls 1100 kr. hækkun á launum, eða 40% af 1500 kr. = 600 kr., og 500 kr. bráðabirgðaviðbót. En eftir frv. nefndarinnar, er liggja fyrir hv. deild, yrði þetta svo, að sjálf launaviðbótin yrði 300 kr., og þar við bætist 840 kr. dýrtíðaruppbót, og verður það alls 1140 kr., eða 40 kr. meiri laun til hvers læknis en hv. Nd. hefir samþ. Þessi munur er svo lítill, að það getur enginn gert ágreining út af honum.

Eins og hv. þm. sjá, þá er svo náið samband á milli þessa frv. og næsta máls á dagskránni, frv. um dýrtíðaruppbót, að nefndin telur sjálfsagt, að hið sama gangi yfir þau bæði.

Jeg tel, að fjárveitinganefnd hafi greitt vel og ljóst úr málinu, og vænti því, að frv. verði vel tekið. Það er nauðsyn, að hjer sje eitthvað að gert, meðal annars með tilliti til þess, að það er ekki ánægjulegt fyrir hv. þm. að vera að eiga við þetta mál ár eftir ár. Það er því mikið unnið við að koma málunum svo vel fyrir, að þau fái að vera í friði í nokkur ár á eftir. Og svo vona jeg að verði, ef frv. nefndarinnar verður samþ.

Vænti jeg því, að frv. verði vel tekið af hinni hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 12. júlí, kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 477).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg hefi fyrir mitt leyti ekki annað nje meira að segja um þetta mál en jeg sagði við 1. umr., og æski þess að eins, að deildin leyfi því að ganga óhindruðu áfram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., sama dag, kl. 8 síðdegis, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 477, 496).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ.

Frsm. (Eggert Pálsson): Það er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um mál þetta nú, það var að eins brtt. á þgskj. 496, sem jeg vildi minnast á. En það er að eins orðabreyting, og ekki fram komin vegna þess, að 2. gr. geti ekki staðist, heldur af því, að eftir því, sem fróðir menn segja, þá er enginn haus hafður á frv. þegar þau eru lögð fyrir konung, og mundi þá þykja kynlegt að vitna í lög, sem ekki eru nefnd í frv. Þótti því betur hlýða að nefna nafn þeirra í frv. sjálfu.

Breyting þessi er því eins og hv. þm. sjá, engin efnisbreyting, heldur að eins orðabreyting, gerð til þess að betur megi fara orðalag frv.

ATKVGR.
Brtt. 496 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 : 1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 70 fundi í Nd., laugardaginn 13. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 502).

Á sama fundi í Nd. var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Pjetur Jónsson: Jeg hafði búist við því um bæði þessi mál, sem á dagskránni eru, að ekki yrði eytt tíma til að ræða þau nú, við þessa umr., heldur væri rjettast að skjóta þeim strax til nefndar, svo nefndin geti strax í dag tekið þau til meðferðar. Jeg hefi búist við, að málunum verði vísað til fjárveitinganefndarinnar, þó jeg fyrir mitt leyti óski ekki neitt eftir að fá þau. Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að fjárveitinganefndin verði að fá þau til athugunar, og væri þá æskilegast, að hún gæti sest á rökstóla um þau nú þegar, nema ef meiri hl. deildarmanna ætlar að greiða atkv. á móti þeim við þessa umr.

Jón Jónsson: Jeg býst ekki við, að leggja þurfi þessi mál fyrir fjárveitinganefndina. Um daginn voru allir nefndarmenn á það sáttir að hreyfa ekki við dýrtíðaruppbótarlögunum á þessu þingi. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þeim hafi snúist hugur síðan. Meiri hl.. deildarinnar var þá líka á sama máli. Jeg sje því ekki, að annað liggi fyrir en að fella

bæði þessi frv. nú þegar og sjá svo, hvað hv. Ed. gerir við þau frv., sem voru afgreidd hjeðan á dögunum og send til þeirrar hv. deildar.

Pjetur Jónsson: Jeg álít rjett að vísa málunum til fjárveitinganefndar, en vera ekki að tefja sig við umræður um efni þeirra að svo komnu. Það er sjálfsagt, að nefndin athugi frv. og láti uppi álit sitt um þau, eða reyni að gera eitthvað til samkomulags við hv. Ed. út af þessum málum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 6 atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., mánudaginn 15. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 502 509).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., E. A., E. J., G. Sv., J. M., J. B., P. J., P. O., P. Þ., S. St.

nei: B. Sv., E. Árna., H. K., J. J., M. G., M. P., M. Ó., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

Tveir þm. (B. St. og Þorst. J.) fjarstaddir.

Frv. því

fallið.

II.

Feldar þingsályktunartillögur.

1. Gaulverjarbæjarsala.

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 18. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um sölu Gaulverjabæjar. (A. 11).

Á 5. fundi í Nd., föstudaginn 19. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 20. apríl, var till. tekin til einnar umr. (A. 11, 16).

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Um till. á þgskj. 11 er það að segja, að jörð sú, er þar um ræðir, Gaulverjabær í Árnessýslu, heyrir, að áliti sýslunefndar í Árnessýslu, undir 2. lið 2. gr. kirkjujarðasölulaganna. Hefir því sýslunefndin verið á móti sölu þessarar jarðar að undanförnu. Á sýslunefndarfundi Árnesinga 1917 var spurt um það, hvort þessi jörð, Gaulverjabær, teldist heyra undir 2. gr. nefndra laga. Var því þá svarað af sýslunefnd með 8 : 7 atkv., að ekki beri að selja nefnda jörð. Nefndin lýsti því annars yfir á þessum fundi, að hún væri yfirleitt á móti sölu opinberra jarðeigna í landinu. Að jeg flyt þessa till. er því bæði í samræmi við gerðir sýslufundar Árnessýslu og í samræmi við þá skoðun mína, að ekki beri að selja þessa jörð, frekar en Ólafsvelli.

Gaulverjabær er góð og gagnsöm jörð og vel í sveit komið. Get jeg hugsað mjer, að margir álíti þá jörð hentuga til sundurskiftingar og grasbýlabúskapar. Sá, sem nú býr á jörðinni, er Skúli Thorarensen, ungur maður og áhugasamur. Hefir hann hug á að eignast jörðina, og er það ekki láandi. En það hefi jeg margsinnis sagt honum, að honum ætti að vera innan handar að komast að svo góðum samningum um leigumála og jarðabætur, að hann mætti vel við una. Hann hefir áhuga á því að bæta jörðina, og ætti hann að geta það þótt hann fengi ekki jörðina keypta. Er vafalaust hægt að búa svo um hnútana, að hann fái kostnað sinn endurgoldinn, að svo miklu leyti, sem jarðabæturnar hafa ekki greitt hann eða borgað sig. Verð jeg því að leggja áherslu á, að þessi jörð verði ekki seld.

Skal jeg svo ekki orðlengja um þetta,

en óska, að till. þessi sje vísað til hv. landbúnaðarnefndar og 1. umr. frestað.

ATKVGR.

Till. vísað til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 540) með 16 : 1 atkv. og umr. frestað.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 30. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 11, 16, n. 29 og 33).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Sigurðsson): Því miður hefir landbúnaðarnefndin ekki getað fylgst að í þessu máli eða orðið samferða um till. En í sjálfu sjer ber nú ekki mikið á milli, þegar litið er á bæði nefndarálitin og ástæðurnar, sem þar eru fram bornar af beggja hálfu. — Nefndarálitin eru á þgskj. 29 og 33.

Í áliti meiri hl. nefndarinnar, á þgskj. 29, eru færðar fram helstu ástæðurnar fyrir því, hvers vegna ekki eigi að selja Gaulverjabæ. — Minni hl. hefir í áliti sínu, á þgskj. 33, reynt að hrekja þessar ástæður meiri hl., en það hefir ekki tekist nema í meðallagi.

Meðal annars segir minni hl., að það sje fjarstæða, „að ekki megi selja jörð úr opinberri eign, þótt hún geti talist góð bújörð.“ En þetta er vitanlega þveröfugt. Það er fjarstæðan og vitleysan að selja góðu bújarðirnar úr eign þess opinbera. Þær jarðir ætti, hvað sem öðru líður, alls ekki að selja.

Þá telur hv. minni hl. nefndarinnar, að það sje þessu máli alveg óviðkomandi, þó að lögin um áveitu á Flóann geri ráð fyrir, að landssjóður geti eignast jarðir á áveitusvæðinu. Þetta hlýtur að vera bygt á misskilningi hjá hinum hv. minni hl., því að það kemur einmitt mjög við þessu máli, hvað lögin segja um þetta atriði, vegna þess að Gaulverjabær er á áveitusvæðinu, enda fer það beinlínis í bága við anda laganna að selja opinberar eignir á þessu svæði til einstakra manna. Árangri áveitunnar og búskapnum á áveitusvæðinu, þegar hún er komin á, mundi miklu betur borgið, ef landssjóður ætti þar jarðir, heldur en hitt, að eiga það á hættu, að svo og svo margar jarðir lentu í höndunum á jarðabröskurum.

Hjer er einnig á það að líta, að ákveðið er í Flóaáveitulögunum, að landssjóður leggi fram ¼ hluta kostnaðarins. Það eitt út af fyrir sig mælir mjög á móti því, að jörðin sje seld nú, einmitt þegar liggur við borð, að ráðist sje í þetta fyrirtæki. Og þó að sumir hjartveikir menn telji jafnvel þetta fyrirtæki ótryggilegt, þá virðist þó, að eftirspurn eftir jörðum í Flóanum, og hið háa verð, sem á þeim er, bendi á annað, að bendi í gagnstæða átt, og er það fyrir mörgum vottur þess, að menn hafi álit á fyrirtækinu.

Jeg hefi heyrt því haldið fram af sumum, að þessi eftirspurn eftir jörðum í Flóanum ætti rót sína að rekja til jarðabraskaranna, sem sitja um að ná í hverja jörð sem losnar. En þá tekur ekki betra við, og er þetta einmitt ein af ástæðum meiri hl. nefndarinnar til þess, að hún vill ekki selja þessa jörð, að hætta er á því, að hún geti lent hjá jarðabröskurum. Og þessu neitar hv. minni hl. ekki. En hann álítur, að óttinn fyrir því eigi ekki að aftra því, að jörðin verði seld. — „Mikið vinnur þú til fyrir Höskuld, elskan góð,“ sagði bóndinn. Eins segi jeg um hinn hv. minni hl. Hann kveðst ekki geta verið með till., og vill þar af leiðandi, að jörðin sje seld, þrátt fyrir það, þótt gera megi ráð fyrir

því, að hún kunni þá, fyr eða síðar, að lenda í höndum jarðabraskara.

Í sambandi við sölu á Gaulverjabæ má benda á það, að ástæðurnar — fjórar alls — sem taldar voru mæla á móti sölu Ólafsvalla, gilda eins um Gaulverjabæ, allar nema hin fyrsta.

Gaulverjabær hefir komið til tals og álit sem skólasetur, eins og Ólafsvellir. Flóaáveitan og Miklavatnsáveitan nær til Gaulverjabæjar, alveg eins og Skeiðaáveitan nær til Ólafsvalla, og um skoðun sýslunefndar, að því er snertir sölu þessara tveggja jarða, má segja hið sama.

Þessar ástæður, sem jeg nú nefndi, gegn sölu Gaulverjabæjar, hefir hv. minni hl. undirskrifað og samþykt, að því er snertir Ólafsvelli. En hvernig stendur þá á ósamræminu, er virðist vera í skoðunum hans, að því er snertir Gaulverjabæ? Jeg skil það ekki.

Hjer er að vísu um einn formmismun að ræða, og hann er sá, að það er ábúandinn á Gaulverjarbæ, sem sækir um kaupin; annars er mismunurinn enginn. Það er því engu minni ástæða til að halda í Gaulverjarbæ en Ólafsvelli, eins og þegar hefir verið sýnt fram á og leidd rök að.

Yfir höfuð álít jeg og meiri hl. nefndarinnar, að ekki geti komið til mála að selja jarðir hins opinbera á áveitusvæðinu.

Annars skal jeg geta þess um Gaulverjabæ, að sú jörð er landnámsjörð, eftir því sem segir í Flóamannasögu. Og herra Jón biskup Helgason hefir frætt mig um það, að jörðin hafi verið í eign hins opinbera frá því um 1100, eða nú í rúm 800 ár. (**Einar Arnórsson**: Hvar stendur það skrifað?). Jeg inti hann ekki eftir heimildum, en hann sagðist hafa verið að leita eftir þessu, og ekki geta annað fundið en að hún hafi veri í eign hins opinbera síðan um 1103, enda má ætla, að máldagar jarðarinnar, eldri og yngri, sýni það og sanni.

Þetta, sem nú var talið, ásamt mörgu öðru, er í mínum augum næg ástæða til þess, að ekki megi selja jörðina, og jeg vil bæta því við, að það væri í rauninni ófyrirgefanlegt glappaskot, ef svo yrði.

Loks vil jeg minna á það, að þessi jörð hefir um margar aldir verið prestssetur. Með prestakallalögunum frá 1907 er Gaulverjabæjarprestakall að vísu lagt niður og því skift upp á milli, eða lagt til, annara prestakalla. En út af því reis þá megn óánægja, og á Alþingi 1909 var eftir beiðni manna í hinu gamla Gaulverjabæjarprestakalli farið fram á að gera það aftur að sjerstöku prestakalli. Þessi krafa getur komið fram á ný, þegar minst varir. Fjölgun býla og fólks á þessu svæði, þegar áveitan kemst á, gerir það ef til vill alveg nauðsynlegt, að Gaulverjabær verði sjerstakt prestakall aftur. Væri þá alveg ófyrirgefanlegt, ef búið væri að selja þessa jörð.

Till. um að Ólafsvelli skyldi ekki selja samþ. þessi hv. deild með 22 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli. Jeg læt mjer því ekki detta annað í hug en að þessi till. um Gaulverjabæ verði einnig samþykt, því að það á að vera báðum þessum jörðum jafnhátt undir höfði, og hvoruga þessa jörð á að selja eða má selja í framtíðinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi að eins gera stutta athugasemd, af því að jeg verð að fara af fundi. Eiginlega þarf jeg ekki að segja mikið annað en

það, sem jeg sagði, þegar verið var að ræða um sölu Ólafsvalla. Jeg álít nú eins og þá, að það sje alveg rangt af hinni hv. deild að fara inn á þá braut, að vera að taka eina og eina jörð út úr og vera að samþ. þingsál. um hana. Það er, held jeg, óheppilegt að taka upp á þessu, og það mun sýna sig, að þessi aðferð er ekki vel sæmandi fyrir þingið. Jeg held þess vegna, að það sje rjettast, að hin hv. deild vísi málinu til stjórnarinnar, hvernig svo sem hún fer með það. Auðvitað getur verið, að það hafi dálitið aðra þýðingu, vegna afstöðu deildarinnar til Ólafsvallamálsins, en það er samt ekki rjett af hv. deild að hlaupa svona upp, sjerstaklega þegar það er gert að beiðni einstaks manns, eins og gert var seinast í Ólafsvallamálinu.

Jeg álít, að það sje engin ástæða til fyrir stjórnina, að fara að gefa nokkra yfirlýsingu um þetta mál; hún svaraði þannig seinast, þegar um svona mál var að ræða, að þess er nú engin þörf.

Framsm. minni hl. (Pjetur Þórðarson): Till. á þgskj. 11 er í raun og veru tilraun til að draga úr gildi laga, sem segja má að tvívegis hafi verið samþ. hjer á þingi. Hv. deild veit, að hjer á jeg við tvenn lög um sölu opinberra jarðeigna. Till. er því í sjálfu sjer óþörf, þó að hún eigi að vera varnagli við einhverjum ímynduðum óhöppum, vegna þess að varúðarreglurnar eru í lögunum sjálfum, sem eiga að tryggja það, að illa fari ekki um jarðasöluna. Till. er sömuleiðis óviðeigandi af því, að hjer er verið að gera tilraun til að taka fram fyrir hendurnar á stjórninni í smámunum, sem, eins og hæstv. forsætisráðherra tók fram, er óheppileg braut að ganga inn á. Og svo jeg svari því, sem gripið var fram í fyrir mjer, hvort ekki muni hafa staðið eins á um aðra till. hjer um daginn, þá skal jeg geta þess, að þó jeg væri flæktur við að samþ. hana, þá álít jeg ekki rjett af neinum að binda sig við það, að láta eina syndina bjóða annari heim.

Þetta, sem jeg hefi nú sagt, ætti í rauninni að vera nóg til þess, að þessi till. næði ekki fram að ganga; en það er ekki mín sök, eða minni hl. nefndarinnar, þó að það kosti nokkurn tíma, pappír og prentun um þetta mál, sem verði til þess að auka þingkostnaðinn, og þess vegna ætla jeg svolítið að minnast á ástæður meiri hl. nefndarinnar.

Um fyrstu ástæðuna er það að segja, að mjer finst hún vera harla ófullkomin tilraun til þess að sýna, að salan sje í raun og veru ekki vilji sýslunefndar. En í fyrstu ástæðu minni hl. á þgskj. 33 er sýnt fram á, að álit sýslunefndar á málinu hefir breyst og gengið í þá átt, að heimila söluna. Þessi ástæða er því ljettvæg og virðist falla um sjálfa sig.

Önnur ástæðan sýnist og vera mjög fátækleg og ljettvæg, þar sem ekki er annað gert en að taldir eru upp ýmsir eiginleikar jarðarinnar, sem þó eru ekkert sjerkennilegir fyrir þessa jörð. Sömuleiðis er villandi frásagan um engjarnar, sem fylgja jörðinni, því þær eru í rauninni helmingi minni en upp er gefið í nefndaráliti meiri hl. Þetta má sjá í töflum yfir áveitusvæði það, sem um er getið í nefndarálitinu um Flóaáveituna. Þá vitnar meiri hlutinn í það, að jörðin sje stærsta jörðin í hreppnum að hundraðatali, eða 43,29 hndr. að dýrleika. Þó svo hafi verið eftir nær 60 ára gömlu jarðamati, þá hygg jeg, að hægt sje að sanna, að hún hafi ekki haldið því verðgengi í saman-

burði við aðrar jarðir í grendinni. Það mundi því áreiðanlega koma fram við nýtt mat, að hún væri ekki nein sjerlega mikil eign, eins og hún er nú, svo að hún geti talist höfuðból í þeim skilningi. Til þess því að geta gert þessa ástæðu að meðmælum með till. sinni hefir meiri hl. orðið að skýra villandi frá.

Að færa það til sem ástæðu, að jörðin muni vera heppileg til smábýlabúskapar, þá er ekki mikið byggjandi á því nú því hv. frsm. meiri hl. (S. S.) er kunnugt um, að smábýlabúskapurinn hefir ekki enn fengið mikinn byr hjer hjá oss og hlýtur að vera mjög fjarri.

Þriðja ástæðan, sem hv. frsm. (S. S.) gerir mikið úr, er sú, að ekki muni rjett að selja jörðina, þar sem hún sje á hinu fyrirhugaða Flóaáveitusvæði úr Hvítá. Jeg vildi, að þær vonir, sem bygðar eru á því, að opinberar eignir á áveitusvæðinu hækki mikið í verði, jeg vildi, segi jeg, að þær mættu rætast. Það þykir ef til vill ekki góður spádómur, að ekki komi alt það fram, sem meiri hl. hefir spáð um þetta fyrirtæki, en reynslan hefir þó orðið sú, að þegar hið opinbera hefir átt að fara að starfrækja eitthvað, þá hafa það ekki verið bestu öflin, sem knúð hafa starfið fram. Hingað til hefir einstaklingseignarrjetturinn og sjálfsábúðin knúð fram meira starf og meiri árangur. Það er ekki hægt að segja um það nú, hver spádómurinn muni rætast, en það gerir þá ekkert til, þó menn sjái það svart á hvítu, hver spádómurinn sje rjettari, þegar tímar líða.

Um fjórðu ástæðuna fórust hv. frsm. (S. S.) nokkuð mörg orð um það, er hann telur aðalatriðið, að jarðir á þessu svæði lendi í höndum braskara. Jeg veit, að þessi till. er fram komin af mjög miklum ótta við þessa hættu, en mjer virðist nú raunar þessi ástæða nærri óframbærileg, því svo mætti með sama rjetti segja um fjölda jarða, hvar sem er á landinu, en það eru þó ekki frambærileg rök í sjerhverju tilfelli. Í þessu tilfelli er t. d. bóndinn ungur og áhugasamur maður, sem hefir gert jörðinni mikið til góða. Ef því slíkur ótti sem þessi væri nokkurn tíma frambærilegur sem ástæða fyrir því, að ekki beri að selja opinberar eignir, þá er hann það þó síst hjer.

Mjer þykir það þar að auki nokkuð nærgöngult við einstaklingstilfinningarnar að bera slíkar ástæður fram, og álít jeg, að það sæmi alls ekki hv. deild að ganga svo nærri einstaklingunum með ástæðulitlum getsökum.

Auk þess sem jeg sje, að allar ástæður meiri hl. eru mjög ljettvægar, þá er jeg og á sama máli og hæstv. forsætisráðherra um það, að það sje ekki rjett að taka fram fyrir hendurnar á stjórninni í þessu máli. Hún á að ráða því til lykta á hvern veg er henni sýnist.

Jeg er nú búinn að gera grein fyrir, að mjer þótti ver farið að hafa samþ. fyrri till., þ. e. um sölu Ólafsvalla, en þar var þó töluvert öðru máli að gegna um ábúðina o. fl., en jeg get ekkert sjeð, sem mæli í sannleika með að samþ. þessa tillögu.

Annars vil jeg taka það fram, að jeg ætla ekki að fara að hefja langar umræður eða svara aftur, þó mælt verði á móti mínum rökum, því jeg hygg, að háttv. deild sje búin að átta sig á því, hvers virði till. er og hver afdrif hún eigi að hljóta. Leyfi jeg mjer því að koma fram með svo hljóðandi rökstudda dagsrá:

Í því trausti, að stjórnin ráði þessu máli til lykta á viðeigandi

hátt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Gísli Sveinsson: Hv. meiri hl. nefndar þeirrar, sem um þetta mál hefir fjallað, hefir sett hjer fram ýms rök fyrir niðurstöðu sinni. Það er sjálfsagt rjett frá sjónarmiði þeirra manna, sem undir nefndarálitið hafa skrifað, að taka þetta fram, þótt aðrir líti öðruvísi á málið.

Jeg verð að taka undir með hv. frsm. minni hl. (P. Þ.), að meiri hl. hefir ekki farið rjett með, er hann talar um dýrleik Gaulverjabæjar með hjáleigunni Garðhúsum, og svo torfunnar allrar.

Maður hefði síst búist við, að hjer væri farið rangt með, þar sem fyrir liggur nefndarálit Flóaáveitunefndarinnar, sem bæði jeg og hv. frsm. meiri hl. (S. S.) höfum átt þátt að og skrifað undir.

Það er rjett farið með, að Gaulverjabær með Garðhúsum er 43,29 hndr. að dýrleik, en svo segir enn fremur, að öll torfan sje 57,6 hndr. Þetta er ekki rjett, því það, sem heitir Gaulverjabæjartorfan, og Flóaveitunefndin tók upp í álit sitt sem eina heild, er 88,9 hndr. Með öðrum orðum, nefndarálit meiri hl. telur alla torfuna að eins liðugum einum tug hærri að dýrleik heldur en Gaulverjabæ með Garðhúsum, en það er sá hluti Gaulverjabæjartorfunnar, sem um er beðið til kaups, en í raun og veru er öll torfan meira en helmingi dýrari heldur en sá hluti hennar, sem um er beðið. Að hjer er farið með rjett mál má sjá af nefndaráliti Flóaáveitunefndarinnar á bls. 11, í töflu þar.

Hv. frsm. meiri hl.. (S. S.) vill víst telja svo, að ekki heyri til torfunni nema hjáleigurnar þrjár, Vaðlakot, Brandshús og Dalbær, en til hennar telst einnig, svo sem Flóaáveitunefndin greinir, Hellar, eystri og vestri, Haugur og Gerðar.

Í öðru lagi skeikar meiri hl. nefndarinnar, er hann fer að vitna í Flóaáveitulögin og álit nefndar þeirrar, sem það mál hafði með höndum. Í nefndaráliti meiri hl. segir sem sje, að Flóaáveitulögin geri ráð fyrir því, að landssjóður geti eignast jarðir á Hvítáráveitusvæðinu. Þetta er rjett, en svo heldur nefndin áfram og segir, að „það virðist því vera öfug stefna, og fara jafnvel í bága við framkvæmd Flóaáveitulaganna, að selja jarðir á áveitusvæðinu, sem eru eign hins opinbera.“ Þetta er hvorki rjett á litið út frá lögunum, nje heldur út frá skoðunum nefndar þeirrar, sem um málið fjallaði á sínum tíma, og liggur til sýnis hverjum manni í till., sem hún gerði um málið.

Nefndin var sem sje þeirrar skoðunar, að landssjóður ætti ekki að slægjast eftir jörðum á áveitusvæðinu, heldur væri heppilegra, að jarðirnar væru í höndum einstaklinganna, og einstaklingarnir stæðu fyrir áveitufyrirtækjunum, en fengju til þess styrk úr landssjóði. Ef nú svo færi, að jarðirnar samt lentu hjá landssjóði, þá taldi nefndin, að það yrði að vera af því einu, að bændur hefðu ekki nægan kraft til að reka þær, og yrði landssjóður því út úr neyð að taka þær að sjer.

Hvað þetta mál snertir, þá horfir það frá mínu sjónarmiði öðruvísi við en Ólafsvallamálið.

Þótt bæði jeg og margir aðrir áliti, að fylgja beri lögunum um sölu kirkjujarða og þjóðjarða, og þó það hafi verið þess vegna, að meiri hl. háttv. deildar feldi frv. frá stjórninni í fyrra, um frestun á framkvæmdum þeirra, þá var ekki þar með sagt, að ekki væri heimilt að

gera undantekningu í máli, sem eins horfði við og Ólafsvallamálið.

Um það mál er það fyrst að segja, að aðferðin, sem var viðhöfð, var í raun og veru tæpast lögunum samkvæm, þar sem tvímælis orkaði, hvort kaupbeiðandi var ábúandi, eða ætlaði sjer alls ekki að vera það áfram, eftir því sem fullyrða má. Í slíku tilfelli hefði það því verið beinlínis á móti anda laganna að selja.

Enn fremur var það næg ástæða til þess að neita sölunni, að jörðin var talin, vafalaust rjettilega, vera ágætt setur fyrir stærri stofnun, sem komið gæti fleiri en einni sveit til góða. Ef reynt yrði að setja á stofn skóla, ekki barnaskóla eða smáskóla, heldur hjeraðsskóla, landsfjórðungsskóla, og ef sá skóli ætti að verða í Árnessýslu, þá væri hvergi álitlegri staður fyrir hann heldur en á Ólafsvöllum. Nú er hvorug þessi meginástæða hjer fyrir hendi, hvað Gaulverjarbæinn snertir; kaupandinn er ungur maður og duglegur, sem hefir gert mikið að því að bæta jörðina, jafnvel svo, að aldrei hefir þar meira verið gert.

Sömuleiðis hygg jeg sönnu næst, að ef landsstjórnin fyndi kvöð hjá sjer til þess að krefja hann um yfirlýsingu í þá átt, að hann ætli sjer að búa á jörðinni og notfæra sjer gæði hennar, þá mundi hann gefa slíka yfirlýsingu þegar í stað.

Skólasetursástæðan kemur ekki heldur hjer til mála, því að jörðin er ekki betur hent slíkum skóla heldur en hver önnur jörð í sýslunni. (S. S.: Hvers vegna ekki?). Hún er sem sje út úr, liggur alveg niður við sjó, en skólajörð þarf helst að vera í miðju hjeraði. Það gæti auðvitað komið til mála að setja þar upp barnaskóla, fyrir þá sveit eina, en fyrir þá ástæðu að eins finst mjer ekki rjett að neita sölunni, enda er jeg líka viss um, að ef kaupandinn yrði spurður að því, hvort hann mundi gefa samþykki sitt til, að slíkur skóli yrði settur á jörðinni, þá er jeg viss um, segi jeg, að hann mundi með fúsu geði gera það og skuldbinda sig til þess.

Það eru því engin sjerstök rök fyrir því, að selja ekki þessa jörð. Auðvitað eru til staðar þessi aðalrök, sem móti eru sölunni, frá sjónarmiði þeirra manna, sem alls ekki vilja selja neina þjóðjörð, en það er ekki nema minni hl. hv. deildar, sem fellst á þær röksemdir.

Önnur þau rök, sem tilfærð hafa verið, eru í raun og veru einkis virði, því sú röksemd, að jörðin geti lent í höndum braskara, er að vissu leyti gullvægur sannleikur, en sá hængur er á, að svo mætti segja um alt, sem selt er. Það þarf ekki að bendla þennan unga mann við slíkt, fremur en aðra góða og gegna menn. (S. S.: Það hefir aldrei verið gert). Það lítur þó svo út, en annars er það ágætt, að það hefir ekki verið gert, því að með því er þá líka braskararöksemdin fallin, hvað þetta mál snertir sjerstaklega.

Jeg er því ekki sammála hv. frsm. meiri hl. (S. S.) um, að það væri „ófyrirgefanlegt glappaskot", eins og hann komst að orði, að selja jörðina, því ef hún kemst í góðra manna hendur og fult verð fæst fyrir hana — og jeg ætlast til, að mikið verð komi fyrir hana — þá tel jeg það alls ekki illa farið.

Jeg sje því ekki ástæðu til að greiða atkv. með tillögu meiri hl., heldur mun jeg greiða atkv. með því, að vísa málinu til stjórnarinnar, eins og minni hl. leggur til að gert verði.

Einar Jónsson: Eins og þgskj. 33 ber með sjer, er jeg í minni hl. í nefndinni, ásamt hv. frsm. minni hl. (P. Þ.).

Jeg þarf sannarlega ekki að bæta miklu við það, sem sagt hefir verið, en þó vildi jeg gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. frsm. meiri hl. (S. S.).

Ræða hans var óvenjulega formleg í þetta skiftið, enda hafði hann hana líka skrifaða orðrjetta fyrir sjer. Í þessari formlegu ræðu sinni segir hann, að ástæður okkar minni hl. mannanna sjeu vitleysa. (S. S.: Sagði það aldrei). Jeg hefi það skrifað hjer orðrjett eftir honum. (S. S.: Stendur skrifað hjer það, sem jeg sagði). En eins og komið hefir fram í umr., þá ætti þetta betur við álit meiri hl., því eins og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók fram, þá er önnur hver röksemd, að jeg ekki segi vitleysa, þá þó að minsta kosti geggjuð.

Þegar t. d. er minst á niðurstöðu sýslunefndarinnar, í áliti meiri hl., þá er mjög hlutdrægnislega skýrt frá. Í nefndarál. er sem sje að eins minst á niðurstöðu sýslunefndar árið 1917, þar sem synjað var sölunnar með að eins eins atkvæðis mun, en það gengur algerlega fram hjá því, að nú fyrir skömmu samþykti sama sýslunefndin söluna, með 12 atkv. gegn 1. Og þetta er ekki í eina skiftið, sem sýslunefndin hefir samþykt söluna, því árið 1910 komst hún að sömu niðurstöðu.

Af þessu lítur út fyrir, að hv. meiri hl. sje hjer að hafa í frammi vísvitandi blekkingar, því það er með öllu rangt að vitna að eins í eina niðurstöðu sýslunefndar, þegar margar fleiri liggja fyrir.

Í öðrum liðnum er líka villandi skýrt frá; það er að vísu rjett, að eftir jarðamati er Gaulverjabær með Garðhúsum 43,29 hndr., en hitt er með öllu rangt, að öll torfan sje að eins 57,6 hndr. Þetta hefir verið upplýst svo nákvæmlega af hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að ekki gerist þörf á því nákvæmara.

Annars finst mjer þetta koma lítið málinu við, þar sem margar jarðirnar, sem tilheyra torfunni, eru í sjálfsábúð. Það hefði eins vel mátt reikna það út í nefndarálitinu, hversu margir þumlungar hv. 1. þm. Árn. (S. S.) er á hæð, og sje jeg þó ekki, hvað slíkt hefði upplýst málið.

Þá er það eitt atriði, sem hv. meiri hl. hefir tekið fram í frv. sínu, og það er, að áveituland torfunnar sje um 400—500 ha. alls. Hjer lítur ekki út fyrir annað en að hv. meiri hl. nefndarinnar sje að hafa í frammi blekkingar við menn, sem ekki þekkja nákvæmlega alla málavexti, því það er alkunna, að Gaulverjabær og Garðhús fá ekki nema nokkurn hátt — nálægt helmingi — af þessu áveitulandi. Hvort þetta er borið fram vísvitandi, eða það er af fáfræði, skal ekki sagt, en hvort heldur sem væri, þá er það með öllu óafsakanlegt.

Auk þess getur nefndarálit meiri hl. þess, að jörðin eigi rekaítak, en þetta er nokkuð í lausu lofti, því ómögulegt er að reikna, hversu mikil þægindi eru af slíku.

Þriðja og fjórða liðnum hjá meiri hl. þarf ekki að svara að þessu sinni, því þeim hefir báðum verið svarað í nefndaráliti minni hl.

Annars skal jeg láta þess getið hjer, þar eð mjer er ábúandinn kunnur, að hann er líklegur til að verða í fremri bænda röð, að því er jarðabætur snertir.

Jörðin var honum leigð með þeim skilmála, að hann ynni 100 dagsverk að jarðabótum á ári, en í þau 2 ár, sem hann hefir búið, hefir hann unnið 640 dagsverk. Auk þess hefir hann fullyrt það í tali við mig, að hann hafi tök á að ljúka 1000 dagsverkum í vor. Þetta hefir hann auðvitað gert með það fyrir augum, að fá jörðina keypta.

Hvað því viðvíkur, að ekki sje rjett að rífa Gaulverjabæ út úr því kerfi um þjóðjarðir, sem þegar er til, þá hefir minni hl. aldrei farið fram á það. Við höfum að eins farið fram á, að málinu sje vísað til stjórnarinnar, og er ekki með því sagt, að jörðin verði nokkurn tíma seld. Við förum hjer milliveg, og er það sanngjarnasta leiðin, sem hægt er að fara.

Sú viðbáran, að ekki megi selja Gaulverjabæ vegna þess, að komið geti til mála að setja þar skóla á stofn, er fallin af því, að nýlega hefir sölu Ólafsvalla verið synjað af þessari ástæðu, og getur hún því alls ekki átt hjer við.

Annars er framkoma frsm. meiri hl. (S. S.) honum til lítils heiðurs, því þó hann vilji vera samkvæmur sjálfum sjer og móti sölu þjóðjarða, þá má hann þó ekki fara svo langt, að vilja skerða þann rjett einstakra manna, sem þeir hafa með rjettu.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Sigurðsson): Jeg ætlaði mjer að byrja á höfðinu, sem sje hæstv. forsætisráðherra, en þar sem jeg sje, að hann er farinn af fundi, sleppi jeg að svara honum og sný mjer að þeim næsta, sem er hv. frsm. minni hl. nefndarinnar (P. Þ.).

Hann taldi óþarfa af hv. deild að taka fram fyrir hendurnar á hæstv. stjórn í þessum efnum. En jeg verð að segja það, eins og jeg líka veit, að hv. deild er mjer sammála um, að oft er full ástæða til að taka fram fyrir hendurnar á stjórnum í ýmsum málum og ekkert athugavert eða rangt við það. Um þann kafla ræðu hv. frsm. minni hl. (P. Þ.), sem nál. minni hl. snerti, er það eitt að segja, að hann var óendurbætt útgáfa af sjálfu nefndaráliti minni hl.

Hv. frsm. minni hl. (P. Þ.) var að reyna að færa rök að því, að þessi jörð væri engin sjerstök kostajörð, en tókst það ekki meira en í meðallagi, enda verða aldrei færðar sönnur á það, sem er fjarstæða. Jörðin er ágæt, og besta sönnunin fyrir því er það, að hún hefir verið prestssetur um langt áraskeið. En það er öllum kunnugt, að það voru að eins úrvalsjarðirnar, sem voru valdar til slíks. Og ef jörðin væri ljeleg, hvernig stendur þá á, að svo mikil áhersla er lögð á að fá hana keypta, ekki að eins af þeim ábúanda, sem nú situr hana, heldur og áður. Eldri ábúendur, sem hafa búið á henni síðan hún hætti að vera prestssetur, hafa einnig sókst eftir henni til kaups.

Um hrakspár hv. þm. (P. Þ.) viðvíkjandi Flóaáveitunni skal jeg ekki fjölyrða, en óviðfeldið er að heyra slíkt um þau fyrirtæki, sem Alþingi veitir fje til og væntir mikils hagnaðar af.

Það má vel vera, að rjett sje, að núverandi jarðarábúandi hafi ekki hug á að selja jörðina, þó hann fái hana keypta, og ætli sjer að sitja hana, a. m. k. fyrst um sinn. Honum fórust þannig orð við mig, að sjer dytti ekki í hug að selja hana á næstkomandi tíu árum. Af þeim ummælum hans sjest þó, að ekki er loku fyrir það skotið, að jörðin kunni að verða seld að þeim tíma liðnum. Og á þessum freistingatímum, þegar menn fá tilboð í jarðir sínar, sem jafnvel nema 50—100% hærri upphæð en þær voru áður keyptar fyrir, er mjög hætt við, að bændur selji og jarðirnar komist svo í hendur braskara.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fann köllun hjá sjer til þess að halda langa prjedikun um þetta mál, víst til þess að rjettlæta snúning sinn gagnvart sölunni á þessari jörð, frá aðstöðu hans til sölu Ólafsvalla. Þar var hann mót i sölu, en

hjer er hann með! Er engin furða þó að honum vefðist tunga um tönn, er hann átti að fara að rjettlæta þennan tviskinnung sinn í málinu. — Sjerstaklega lagði hann áherslu á í ræðu sinni, að jeg færi með rangt mál, hvað dýrleikann á jörðinni snertir. Hann vildi fullyrða, að hundraðatal jarðarinnar væri miklu meira en nál. meiri hl. landbúnaðarnefndar tilfærir. Við þetta er það að athuga, að jeg fylgdi hjer jarðabókinni frá 1861; en í Gaulverjabæjarhverfi eru fleiri jarðir, og sumar þeirra heyra til hinu gamla Stokkseyrarprestakalli, og er það alt nefnt í daglegu tali Gaulverjabæjartorfa. Þetta er því rjett hjá hv. þm. (G. Sv.) hvað allar jarðirnar í Gaulverjabæjarhverfinu snertir. En Gaulverjabær sjálfur, með hjáleigum sínum, Brandshúsum, Garðhúsum, Dalbæ og Vaðlakoti, er 57,6 hndr. að dýrleika; um það er ekki að villast. Þegar um stærð áveitulandsins er að ræða, þá vil jeg minna á það, að í þessum 400—500 ha. er talið bæði það land, er Miklavatnsmýraráveitan nær til, og það, sem kemur til að njóta áveitunnar úr Hvítá. Jeg hefi að vísu ekki dregið frá það áveituland, sem Stokkseyrarprestakallsjarðirnar eiga, enda ekki auðvelt að gera það. En það áveituland, sem tilheyrir Gaulverjabæ með hjálendum þeim, sem jörðinni heyra til, er áreiðanlega 400 ha.

Jeg skal svo að lokum snúa mjer að hv. 2. þm. Rang. (E. J.). Hann byrjaði ræðu sína með því, að hafa það eftir mjer, sem jeg hefi aldrei sagt. Jeg sagði aldrei í fyrri ræðu minni, að álit minni hl. væri vitleysa, en hitt voru mín orð, að minni hl. hefði ekki tekist meira en í meðallagi að færa rök fyrir því, hvers vegna hann er á móti þingsál.till.

Hv. 2. þm. Rang. (E. J.) gaf hv. deild ýmsar upplýsingar um framkvæmdir ábúanda Gaulverjabæjar; hefi jeg ekkert við þær upplýsingar hans að athuga. En jeg fer nú að freistast til að ætla, að það eigi sjer stað um þessa till., sem sagt var um till. í Ólafsvallamálinu, að eitthvað persónulegt liggi hjer á bak við. En jeg verð að halda fram, að engan greinarmun eigi að gera á sölu þessara tveggja jarða, þó að einhverjum kynni að vera það persónulegt kappsmál, að þessi jörð, Gaulverjabær, verði seld. Mjer er sagt, að hv. 2. þm. Rang. (E. J.) hafi gert þetta mál að umræðuefni á flokksfundi Heimastjórnarmanna í gærkveldi. Það bendir á, að mikið kapp er lagt á málið og að núverandi ábúandi fái jörðina keypta, og það heldur fyr en seinna. — Eftir umræðunum að dæma er svo að skilja, að verði rökstudda dagskráin, sem hv. frsm. minni hl. (P. þ.) kom með, samþykt, þá muni málstað minni hl. borgið. Jeg hlýt því að vera á móti rökstuddu dagskránni, en tel, að samþykkja eigi tillögu mína.

Jörundur Brynjólfsson: Mjer finst umræðurnar í þessu máli hafa tekið nokkuð aðra stefnu en þörf er á, því aðalmergurinn málsins hjer er ekki annar en sá, hvort jörðina eigi að selja eða ekki. Beri maður saman þessa jörð og Ólafsvelli, þá er þess ekki að dyljast, að nær er að selja þessa jörð, þar sem ábúandinn er ungur maður og efnilegur og líklegur til frama sem búandi. En jafnframt verður að athuga, hvort landssjóður ber ekki skarðan hlut frá borði ef jörðin verður seld. Það hefir nú reynst svo með þær jarðir, sem landssjóður hefir áður selt, að hann hefir tapað á þeirri sölu. Fram á þennan dag er ekki hægt að benda á nokkra jörð, að jeg hygg, sem landssjóður hefir haft

hag af að selja; margir hafa einmitt þvert á móti sýnt fram á það, bæði í ræðu og riti, að landssjóður hafi tapað stórfje á sölu kirkju- og þjóðjarða. Það lægi því miklu nær að tryggja ábúendum þjóðjarða ábúðarrjett æfilangt og búa betur í haginn fyrir þá, af landsins hálfu, en verið hefir, heldur en að selja burtu jarðirnar. Þannig ætti t. d. ábúandi þjóðjarðar að fá greiddar fullu verði, eða því sem næst, þær umbætur, sem hann hefir komið í framkvæmd á ábúðarjörð sinni, þegar hann flytur af jörðinni. En eins og kunnugt er, geta slíkar umbætur oft orðið mjög miklar, ef jörðin er vel setin. Og það mundi ábúendum hvöt til þess, að gera jörðinni enn meira til góða.

Því hefir verið haldið fram, að þjóðjarðir sjeu ver setnar en jarðir, sem eru í sjálfsábúð, en slíkt er ekki rjett. Það er öldungis víst, að margar þjóðjarðir eru prýðilega setnar, engu síður en sjálfsábúðarjarðirnar.

Svo virðist, sem menn sjeu hálfundrandi yfir því, að bornar eru fram tillögur, sem fara fram á, að þjóð-eða kirkjujarðir sjeu ekki seldar, en jeg hygg, að menn sái, að það er ekkert undarlegt, þegar litið er til þess, hvernig farið var með þjóðjarðasölumálið á síðasta þingi. Þá feldi þingið frv. stjórnarinnar um frestun á sölu þessara jarða. Þessi jörð, sem hjer er um að ræða, er hið mesta höfuðból, víðlend og kostagóð. Hún liggur á áveitusvæðinu, sem kunnugt er, og á einmitt þar lendur miklar. Nú kostar landssjóður áveituna að ¼ og á auk þess að ábyrgjast hinn hluta kostnaðarins (¾), eða jafnvel, ef á þarf að halda, lána fje til framkvæmdar verkinu. Nú hlýtur maður að ætla, að verðmæti jarða á áveitusvæðinu aukist að miklum mun, og það miklu meira en þeim tilkostnaði nemur, sem verður við áveituna á hverri jörð.

Það er því hálfbágborin fjármálaráðstöfun frá landsins hálfu, ef það færi nú að selja þessa jörð, rjett áður en byrjað er á áveitufyrirtækinu. Jeg trúi ekki fyr en jeg tek á, að nokkur þm. ljái því fylgi sitt að selja jörðina, enda væri það með öllu óviðeigandi. Sú ástæða minni hl. landbúnaðarnefndar í þessu máli, að rjettmætt sje að selja jörðina vegna þess, að ábúandinn sje ungur og efnilegur, er engan veginn svo veigamikil, að af þeim sökum sje rjettmætt að selja jörðina. Þar kemur til álita, hvort hag landssjóðs sje jafnvel borgið, ef hann selur jörðina, og jeg fullyrði, að svo sje ekki. Vjer, sem erum á móti allri þjóðjarðasölu, teljum, að landssjóður ótvírætt tapi á þjóðjarðasölunni, og þjóðjarðasölumennirnir hafa sjálfir, þegar um jarðasöluna hefir verið deilt, sýnt fram á, að landssjóður tapar á þjóðjarðasölunni.

Í þessu sambandi minnist jeg ummæla1. þm. Húnv. (Þór. J.), er þjóðjarðasölumálið var til umr. á síðasta þingi, því þau ummæli bregða einkar skæru ljósi yfir það, hvílík fásinna er að selja þjóðjarðir. Hann segir svo á einum stað, — með leyfi hæstv. forseta:

„Það var ekki heldur rjett, sem hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) sagði, að menn keyptu jarðir sínar sjer um megn. Það gera menn ekki, af þeirri einföldu ástæðu, að borgunarskilmálarnir eru svo góðir, að menn vita tæplega af annari greiðslu en þeirri fyrstu. Árleg afborgun og vextir er ekki meira en vanalegt eftirgjald."

Jeg hjó eftir þessum röksemdum hjá hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) í fyrra, en

þótti ekki rjett að gera athugasemd þá, með því að jeg hjelt, að þessi ummæli hans hefðu verið sögð að lítt athuguðu máli. En þegar jeg sá þau svo í þingtíðindunum, þóttist jeg vita, að þau mundu af fullri athugun sögð, enda munu þessi ummæli hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) vel geta staðist; en ekki er því að leyna, að mig furðar mjög svo mikið á, að h a n n skuli geta verið með sölu þjóðjarða.

Jeg hygg, að fyrir hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) hafi vakað það, að leggja að jöfnu afborgun og vexti af seldri þjóðjörð og eftirgjaldið af henni á meðan hún var í eigu landsins og þetta er líka rjett. En greiðslan til landssjóðs verður þó ekki hin sama alt tímabilið, sem jörðin á að borgast á. Afborganir eru jafnar, en vextir þverra eftir því, sem eftirstöðvarnar af jarðarverðinu minka, uns jarðarverðið er að fullu greitt. Þess vegna greiðir jarðarkaupandi meira fyrstu árin eftir að hann keypti jörðina en hin síðustu. Jeg geri því ráð fyrir, að hv. 1. þm. Húnv. (Þór J.) hafi átt við jafna greiðslu öll árin, að afborgun og vextir til samans, sem greiddar væru í landssjóðinn, væru jafnar alt tímabilið (28 ár). En með þessu móti gefur landssjóður jörðina á 34 árum, samkv. skilmálum þeim, sem nú gilda um sölu þjóðjarða.

Við skulum taka dæmi. Jeg hugsa mjer, að landið selji jörð fyrir 30,000 kr., og eigi hún að borgast upp á 28 árum. Fyrsta afborgun er kr. 3000; þá eru eftirstöðvar á fyrsta ári kr. 27,000. Jöfn greiðsla af þessari upphæð, vextir og afborgun (6% af 27,000 kr.), er 1620 kr. árlega í 28 ár. Nú var fyrsta afborgun 3000 kr., en eftir 28 ár er sú upphæð með rentum og renturentum 9000 kr. Sje nú eftirgjaldið reiknað það sama á ári eins og árlega afborgunin og vextir af eftirstöðvunum (27,000 kr.), þá verður af þessum 9000 kr. að taka árlega 1620 kr., uns þær (9000 kr.) eru þrotnar (árlegar eftirstöðvar vaxtast auðvitað). Þessi 9000 kr. upphæð endist þá í tæp 6 ár (5,9 ár). Hvað hefir þá skeð á þessum 34 árum, sem liðin eru frá því, að landssjóður seldi jörðina? Það, að landssjóður hefir gefið jörðina, þessar 30,000 kr., og þá jafnframt þann tekjustofn, sem hún var, nefnilega 1620 kr. árlegar tekjur.

Þetta hygg jeg að bregði nokkuð skýru ljósi yfir þjóðjarðasölumálið og sýni, hvílík fásinna það er af þingi og stjórn að leyfa nokkra þjóðjarðasölu.

Nú gæti jeg ef til vill gengið inn á, að þarna skyti ofurlítið skökku við hjá hv. þm. (Þór. J.), að rentur og afborgun af jarðarverðinu sje nokkuð meira en árlegt eftirgjald af jörðinni. En samt er jeg ekki í neinum efa um, að eftir æði mörg ár er landssjóður búinn að gefa jörðina. Útkoman verður því nokkuð lík.

Jeg get ekki að mjer gert að undrast það, að margir þeirra manna, sem tjá sig vilja fara hvað best með landssjóðinn og eignir hans, telja eftir hvað litla fjárupphæð sem er, skuli vera í þeirra hóp, sem farga vilja slíkum eignum landssjóðs, honum til stórskaða. (P. Þ.: Var ekki þessi ræða haldin 1907?) Það þekki jeg ekki, en hv. þm. Mýra. (P. Þ.) þekkir það, sem jeg hefi drepið hjer á; má hann hafa vonda samvisku fyrir það, hvernig hann hagar sjer í þessu máli.

Þessir hagsmunir landssjóðs, sem jeg hefi nú talið, eru ætíð til staðar þegar rætt er um það, hvort landssjóður á að selja jarðir sínar, hvort sem ábúandi er ungur og efnilegur eða ekki. Og jafnvel þó að jeg gengi inn á, að landssjóður

tapi ekki eins miklu og hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) segir, þá rjettlætir það þó ekki, að þessari jörð sje fargað.

Að endingu vil jeg, eins og hv. frsm. meiri hl. (S. S.), víkja að þeim orðum hæstv. forsætisráðherra, að það væri undarlegt, er slíkar þingsályktunartill. kæmu fram. Það er ekkert undarlegt, þótt þeir menn, sem telja, að landssjóður eigi ekki að farga sínum bestu eignum, skjóti slíku máli sem þessu til þingsins. Það ætti að vera öllum ljóst, að þar sem meiri hl. þessarar hv. deildar hefir felt frumvarp til frestunar á þjóðjarðasölulögunum, þá er það mönnum þeim, sem á móti eru sölunni, því meiri hvöt til að reyna að bjarga einstökum kostajarðeignum hins opinbera. Og hygg jeg, að þeir, sem eru sömu skoðunar og hv. frsm. meiri hl. (S. S.), kunni honum bestu þakkir fyrir þessar till., sem hann hefir flutt til þess að reyna að hindra það, að landssjóður fargaði þessu höfuðbóli.

Einar Jónsson: Það þarf ekki frá þeirri skoðun að skýra, að það er ekki altaf sjálfsagt, að þessi hv. deild taki mest mark á því, sem einhver hæstv. ráðherra segir, hvort sem hann er hæstv. forsætisráðherra eða ekki. En þar álít jeg að taka beri fult tillit til orða stjórnarinnar, er ræða er um mál, sem til hennar er vísað. En hæstv. forsætisráðherra tók það fram, að rangt væri að taka þessa einu jörð út úr öðrum þjóðjörðum. Og nú er jeg að halda því fram, að þessi jörð eigi að hafa sama rjett og aðrar þjóðjarðir. En ef á að tryggja það, að þessi jörð verði ekki seld, því þá ekki að samþykkja lög um, að engar þjóðjarðir skuli seldar? Jeg vil vísa máli þessu til stjórnarinnar, en þar með er alls ekki sagt, að jeg telji það víst, að stjórnin selji hana.

En jeg vildi lauslega minnast á ræðu hv. frsm. meiri hl. (S. S.). Hún átti víst að vera áhrifamikil, en var ekki síður í lausu lofti en framsöguræðan, en öllu lausalopalegar samin og sögð, sem von var, þar sem hún var ekki skrifuð.

Eitt af því, sem hv. frsm. meiri hl. (S. S.) hjelt fram, var að jörðin hefði áður verið prestssetur, og því ætti ekki að selja hana, að skeð gæti, að hún yrði aftur prestssetur. En jeg vil minna hann á, að það er ekki „móðins“ núna að fjölga prestum, heldur fækka þeim, og er því þessi röksemd ekki **neitt bráð**knýjandi, — miklu fremur hlægileg.

Sami hv. þm. (S. S.) virðist vilja færa mjer það til ámælis, að jeg hefði vakið máls á þessu máli á Heimastjórnarflokksfundi. Þetta er rjett frá skýrt hjá hv. frsm. meiri hl. (S. S.), enda þótt hann sjálfur svikist um að mæta á þeim fundi, en hins vegar held jeg því fram, að hann varði ekkert um, hverju jeg vek máls á. Það er á minni ábyrgð, en ekki hans, og bið jeg hann ekkert gott fyrir. Jeg skal minna hann á, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er búinn að sýna fram á skekkju í nefndaráliti hans, og hann er sjálfur búinn að ganga inn á, að þar hafi verið skekkja. Það bætir ekki fyrir honum að hafa skrifað nál., sem hann verður að viðurkenna fyrir öllum þingheimi að hafi verið gert af hljedrægni eða vitleysu.

Væri það rjett hjá hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að jörð þessi sje höfuðból, þá er það því rjettmætari krafa, að hún sje ekki slitin út úr sambandi við aðrar þjóðjarðir og gert lægra undir höfði en þeim. En jeg vil minna á það, að jörðin getur því að eins verið höfuðból, að hún

sje vel setin, og bætt meir en búið er. Hún var í fullkominni niðurníðslu fyrir tveim árum, þegar Skúli Thorarensen kom að henni. Henni hefir mikið farið fram síðan, og hún getur orðið góð jörð með nægilegri áveitu og túnasljettum. Nú hefir ábúandinn, sem hefir bætt jörðina, og mun bæta hana meir, löngun til að fá hana keypta. Því þá ekki að selja honum, ef öðrum er selt? Auðvitað sjálfsagt að synja honum, ef öðrum er synjað.

Jeg man ekki, hvort það var hjer í deildarsalnum eða á nefndarfundi, að því var haldið fram, að það ætti afskaplega illa við að leyfa sölu landssjóðsjarða á áveitusvæðinu, vegna þess hve miklu landssjóður kostaði þar til. Þetta mun nú að mörgu leyti rjett hugsað, en má þó mótmæla. Ef menn gætu ekki fengið keyptar ábúðarjarðir sínar á áveitusvæðinu vegna áveitunnar, en í öðrum landshlutum fengju menn þær keyptar með góðum kjörum, þá væri það sá rjettindamissir fyrir menn á áveitusvæðinu, að jeg býst við, að meiri hluti hjeraðsbúa vildi ekki taka við einum eyri frá landssjóði til styrktar fyrirtækinu, ef það hefði slíkan rjettindamissi í för með sjer.

Annað atriði vildi jeg og taka fram í þessu sambandi. Landssjóður á ýmsar jarðir úti um land, sem hafa miklar innnytjar, sem landssjóður hefir ekki skapað þeim, heldur náttúran. Mjer virðist það nú horfa undarlega við, ef þeir, sem vilja kaupa þessar kostajarðir, fá þær, en menn á áveitusvæinu geta ekki fengið þær jarðir keyptar, sem landssjóður á þar og tekið hafa miklum framförum fyrir áveituna.

Jeg frábið mjer allar aðdróttanir um mágaframdrátt, en legg alt kapp á, að ungur og duglegur ábúandi verði ekki fyrir misrjetti, hvort sem hann heitir þetta eða hitt. Jeg vil berjast á móti því, að ein jörð sje gerð að undantekningu undan almennri reglu.

En ef hv. 1. þm. Árn. (S. S.) vill, get jeg skýrt frá því, hvernig hann kom fram í nefndinni. Það var honum ekki til sóma, því að hann sveik oss þar. (S. S.: Þingmaðurinn er að fara með ósannindi! Engin „persónulegheit"!). Það var samþykt í landbúnaðarnefnd að neita sölu Ólafsvalla vegna þess, að öllum var kunnugt, að kaupbeiðandi var maður, sem sjálfur notaði ekki jörðina og gat ekki notað hana. Þá sagðist hv. frsm. meiri hl. (S. S.) vera fús til þess að samþykkja, að Gaulverjabæjarmálinu væri vísað til stjórnarinnar, ef till. sín um Ólafsvelli yrði samþykt. En nú hefir hann snúið við blaðinu. (S. S.: Ósatt). Jeg get ekki talað við mann, sem ekki fæst til að viðurkenna sannleikann, þótt ósannindi hans hafi verið margrekin ofan í hann.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætlaði ekki að stada upp að þessu sinni, en hætti á að gera það, þar sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir gert mjer svo hátt undir höfði, að taka til meðferðar það, sem jeg sagði á síðasta þingi og byggja á því. Hann byrjaði mál sitt með því að taka það fram, sem sína skoðun, að landssjóður tapaði á allri jarðasölu, og bygði það síðan á orðum mínum.

Það er nú stutt síðan hjer var til meðferðar í deildinni mál um sölu einnar slíkrar jarðar, Ólafsvalla. Í skjölum þess máls kom það fram meðal annars, að eitt höfuðból landsins, Arnarbæli, væri svo setið, að þar væri engin lausafjártíund, að eins kúgildi á ca. 80 hundraða jörð. Þetta láðist honum að taka fram, er hann talaði um ábúð lands-

sjóðsjarða. Jeg skýt þessu fram, honum til athugunar, er hann fer að hugsa málið betur.

En þegar hann er að tala um, að landssjóður tapi altaf á jarðasölunni, þá slítur hann út úr rjettu samhengi það, sem jeg sagði á síðasta þingi. Það er rjett, að jeg gat þess á síðasta þingi, að það væri kostur við þetta jarðasölufyrirkomulag, hve tiltölulega hægt og auðvelt væri að kaupa jarðirnar. En hinn hv. þm. (J. B.) hefir ekki tekið það með í reikninginn, að jeg tók það fram í þessu sambandi, að óbeinlínis myndi við söluna þjóðareignin vaxa og þjóðin óbeint græða á sölunni. Það er eitt ákveðið þjóðareinkenni Íslendinga, á hvaða sviði sem er, að þeir vilja ekki vera öðrum háðir. Það atriði hefir komið mjög til greina í stjórnmálabaráttu vorri út á við, en sannarlega hefir það atriði ekki verið tekið nógu rækilega til athugunar inn á við. Jeg held, að það sje einnig fyrsta og sjálfstæðasta einkenni hvers manns, að hann lætur sjer mest um það hugað, sem hann á sjálfur full ráð yfir. Og það sýndi jeg líka á síðasta þingi, að jarðir í einstakra manna eign taka miklum umbótum og gerbreytast við það að komast úr eign hins opinbera í einstakra manna hendur. Það er af því, að menn fara alt öðruvísi að, er þeir fá sjálfir eignarjett á ábúðarjörð sinni. Þess vegna er það ekki nema hálfsögð saga, þótt sýnt sje með tölum, að landssjóður tapi svo og svo miklu fje á sölu jarðar. En jeg vildi biðja hann að svara mjer einni spurningu, og hafa í huga svo sem 100 dæmi svipuð því um ábúð Arnarbælis: Hvað græðir landið alt á því, ef röskur bóndi fær hverja jörð til kaups og gerir henni svo mikil skil, að hún eftir nokkur ár er 10 sinnum meira virði? Slíkir menn eru vitanlega fyrirmyndir sinnar sveitar. Og því verður ekki neitað, að margir þeirra, sem keypt hafa af landinu jarðir, sakir jarðabótaáhuga, og hafa síðan lagt alla alúð við jörðina sem sína eign, hafa orðið fyrirmyndir í sinni sveit, hafa lyft sinni jörð og jafnvel sveitinni allri um leið. Og hann mun ekki geta neitað því, að slíkar fyrirmyndir gera svo óútreiknanlega mikið gagn, að allar tölur, sem sýndar eru til sönnunar fyrir tapi landssjóðs, eru í samanburði við það hjegóminn einber, fyrir landi og þjóð. Jeg veit ekki, hvaða dæmi jeg ætti að taka til að gera honum þetta skiljanlegt. Væri t. d. spurt, hve miklu landið hefði tapað, ef hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefði ekki komist inn á þing, þá væri í sjálfu sjer jafnauðvelt að svara því og hinu, hve mikið landssjóður tapaði á því, að einhver þjóðjörð væri ekki seld ábúanda til sjálfsábúðar. Þetta er hliðstætt dæmi. En hvort sannfæring mín er eins í hvoru tveggja atriðinu — það er annað mál.

Það er ýmislegt í sambandi við þetta mál, sem telja mætti fram til raka fyrir sjálfsábúð. Athugum t. d. Ameríkuferðirnar hjer á árunum. Ef á þeim tíma hefðu verið fleiri jarðir í sjálfsábúð, hefði ekki hlaupið svo mikil skriða. Það er sjálfsábúðin, sem hefir gert menn ánægðari í landinu, aukið þeim hvöt til að vinna og gert landið meira virði.

Þessar tölur hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) voru annars svo strembnar, að jeg skrifaði þær ekki upp, enda koma þær ekkert í bága við mína skoðun. Hann gaf það í skyn, að hann hefði getað búist við, að jeg breytti því, sem jeg hafði sagt, en því þarf hann ekki að búast við, því að slíkt er ekki vani minn. Þetta er auk þess sannfæring mín. Það getur vel verið, að sýna megi með tölum, þegar tímar líða fram, að landssjóður tapi svo og svo

miklu á jarðasölunni, en þá vantar jafnframt að ákveða framfarir þær, sem leitt hafa af þessari ráðstöfun, endurbætur þær, er fram hafa farið á jörðunum.

Hjer hefir mikið verið um það rætt, hvílíkum framförum Suðurlandsundirlendið muni taka við áveituna. Það má vel vera, að svo verði. En gæti það ekki orðið til skaða? Setjum svo, að gæði landsins verði þar mikil. Þar verður betra að vera en annarsstaðar. Og ef svo verður farið að skifta þar sundur jörðum, þá er jeg hræddur um, að losna taki um ábúendur á landssjóðsjörðum í útkjálkasveitum þessa lands. En það tel jeg víst og sjálfsagt, að hagkvæmast sje fyrir okkur, að ábúð geti verið alstaðar og sem tryggust. En tryggust er hún þar, sem sjálfsábúð er, þar sem hún er í höndum landsmanna sjálfra.

Þetta er og hefir verið skoðun mín, og hún getur ekki breyst og hefir ekki breyst við tölur hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), þótt hann geri mjer svo hátt undir höfði, að byggja útreikninga sína á orðum mínum.

En því næst er það annað atriði í þessu máli, að jeg vil ekki láta taka fram fyrir hendur stjórnarinnar. Jeg veit, að hún sýnir í þessu máli fulla alúð og varkárni, og þess vegna bar jeg fram í Ólafsvallamálinu dagskrártill. um að vísa því máli til stjórnarinnar. Jeg tel það ekki eðlilegt að fara inn á þá braut, að samþykkja með þingsályktun undanþágur frá gildandi lögum, því að sú braut getur orðið hál. Stjórnin gefur að sjálfsögðu nákvæmar gætur að öllum sjerstökum aðstæðum, svo sem því, hver á jörðinni býr, og hvort hún geti tekið nokkrum sjerstökum umbótum. T. d. getur það komið til álita um þessa jörð, hvort áhættulaust muni að virða hana fyr en sjeð er, hverjum bótum hún getur tekið.

Af þessum ástæðum er jeg því eindregið fylgjandi að vísa málinu til stjórnarinnar. Mun jeg því greiða atkv. með þeirri rökstuddu dagskrá, sem hjer er fram komin frá hv. þm. Mýra (P. þ.), en móti þingsályktunartill., sem hjer liggur fyrir.

Bjarni Jónsson: Mjer er það dálítið óskiljanlegt, hvers vegna menn ræða hjer svo kappsamlega þessa till., þar sem hjer var á ferðinni fyrir örfáum dögum samskonar till. og var samþykt með miklum meiri hl. Mjer hefði þótt ótrúlegt, ef því hefði verið spáð fyrirfram, að margir vildu nú selja, sem þá vildu ekki selja, og gera svo upp á milli, þar sem svo að segja enginn munur er á. Nú er það fram komið, að margir þeir þykjast geta varið það, að láta sölu fara fram, sem þá töldu óverjandi að selja, er um Ólafsvelli var að ræða.

Jeg vil að eins með örfáum orðum lýsa yfir því, að þær ástæður, sem þessir menn hafa nú fært til sönnunar sínu máli, eru ónýtar, því að þeir eiga enn eftir að sanna, að hjer standi öðruvísi á en um Ólafsvelli, og það verður ekki sannað. Vil jeg þó gera undantekningu að því einu, er ábúandann áhrærir. Að öðru leyti stendur eins á.

Jeg man eftir því, að hjer á þingi var eitt sinn neitað um sölu á jörð vestur í Dalasýslu. Það var jörðin Skarfsstaðir. Sigmundur bóndi þar, er þar hafði búið allan sinn aldur og var orðinn gamall maður, vildi fá jörðina keypta. Þá var neitað vegna þess, að einhvern tíma hafði komið til mála, að þar yrði skóli settur. Nú vita það allir, er til þekkja, að á þessum stað getur ekki verið um annan skóla að ræða en barnaskóla. En

ef þá hefir verið hægt að neita á þessum grundvelli, þá mun enginn neita því, að umsögn um Gaulverjabæ sem skólasetur er eins rjetthá, og enda öllu meira í henni. Verður þá þegar sú röksemd móti sölu Gaulverjabæjar jafnþung eða þyngri á metunum en hún var, er um Skarfsstaði var að ræða. Allar þær ástæður, sem bornar voru hjer fram áður móti sölu Ólafsvalla, eiga því og við í fylsta mæli um þessa jörð, sem hjer ræðir um.

Hjer við bætist svo það, sem sagt hefir verið um áveituna. Það væri óðs manns æði, ef landssjóður seldi jarðir á áveitusvæðinu, sem hann ætlar nú að leggja stórfje í. Allir búast við stórgróða af því verki. Jarðir munu stíga afskaplega í verði. Það þýðir því ekkert að standa hjer upp í dag og segjast vera hræddur um, að enginn gróði verði af Flóaáveitunni. (P. Þ.: Rangfærsla). Þingmenn hafa þá, er þeir samþyktu, að landssjóður kostaði fje til Flóaáveitunar, verið að leika sjer með miljónir til að gera garða og skurði, ef þeir hafa ekki von eða heldur vissu um það, að jarðirnar batni, er áveitan er búin. En ef þeir hafa vonir um, að jarðirnar batni, því vilja þeir þá selja? Ef svo er heilagur rjettur ábúenda landssjóðsjarða á Suðurlandsundirlendinu, mundi þá ekki skylda landssjóðs að bæta jarðir alstaðar á landinu? Mjer skilst, að ef eigi eru gerðar undantekningar frá lögum um þær jarðir, sem svo eru bættar, er jeg lýsti, þá muni af því leiða, að í framtíðinni muni menn vitna í það, að þá er þessi lög um áveitu komust í framkvæmd, var Gaulverjabær seldur ábúanda með venjulegum kjörum. Áður en hann var seldur lofaði landið fyrirfram að kosta þar jarðabætur. Svo kem jeg og vil fá keypta einhverja jörð. En jeg segi, að mjer sje ekki nóg að fá jörðina í þessu ástandi, heldur verður nú sá góði landssjóður að leggja þar fje í vatnsveitur og skurðgröft, og svo má hann ekki setja verðið mjög hátt, til þess að ganga ekki of nærri mínum heilaga rjetti.

Þetta er óhæft. Þótt ábúendur þjóðjarða hafi sínar kröfur, þá á enginn ábúandi eða sjerstakur maður að rjettu lagi heimtingu á því að fá keypta jörð, sem landssjóður er búinn að ákveða með lögum að leggja stórfje í að bæta. Það er alveg rangt. Þessi lög um sölu landssjóðsjarða hafa aldrei heimilað þetta og gera ekki ráð fyrir því. Þar er eyða í lögunum.

Hvað viðvíkur jarðasölunni alment, þá er kunn skoðun mín á henni. Hún er hin sama og hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir nú lýst um hríð. Hygg jeg, að reikningur hans sje alveg rjettur. Það liggur í augum uppi, að þegar vaxtafótur er 4% og jörð borgast upp á 28 árum með 4% vöxtum og 2% afborgun, þá geta allir sjeð, að landssjóður fær 6% af eign sinni í 28 ár, en ekkert úr því, og missir eignina. En hefði hann ekki selt, hefði hann getað fengið 4% af jarðarverðinu í eftirgjald í 28 ár, og síðan 4% um alla eilífð.

Hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) talaði með meiri stillingu en þeir hv. þm., sem nú eru að taka fram í. Hann hjelt því fram, að það gæti orðið óbeinn gróði fyrir landið að selja jarðir sínar, því að þær gæfu meira af sjer eftir að þær væru komnar í einstakra manna eign. Þetta gæti vel verið, ef það væri rjett, sem hv. þm. (Þór. J.) heldur fram, að jarðirnar sjeu betur setnar og ræktaðar eftir en áður; jeg skal viðurkenna, að þetta getur verið rjett hjá honum í sumum tilfellum, en hvergi nærri öllum. Og það

er hvergi nærri sjaldgæft, að leiguliði, sem enga ívilnun fær, geri mikið til að bæta ábýlisjörð sína, en eigandi jarðar gerir alls ekkert til þess að fá leiguliða til þess að sitja vel jörðina, nje greiðir honum nokkra þóknun fyrir það, sem hann bætir hana. Þetta er svo algengt, að því verður ekki neitað, enda gæti jeg talið upp dæmi þúsundum saman, ef jeg vildi hafa fyrir að leita að þeim, því að það munu hv. þm. geta skilið, að jeg er ekki svo kunnugur þessum málum, að jeg geti talið upp fjölda dæma utan að.

En það, sem þessi hv. þm. (Þór. J.) hefir alveg rjett fyrir sjer í, það er, að það þarf á einhvern hátt að reyna að fá menn til að sitja betur landssjóðsjarðir, en að það fáist með því að selja þær, er alveg rangt. Væri ekki betra, að landssjóður eignaðist heldur jarðir, og ljeti mönnum þær svo í tje með aðgengilegum skilmálum? Jeg sje, að einn góður bóndi brosir að því, sem jeg segi nú, en jeg skal láta það bros hverfa. Segjum, að hann eða jeg sjeum frumbýlingar og vilji koma upp góðu búi, eigi dálítið af peningum og lánstraust. Ef jeg nú á að kaupa dýra jörð, þá fer mikið af því, sem jeg á, og sömuleiðis lánstrausti mínu, í kaupin, og þá á jeg erfitt með að setja upp bú. (**Þór. J.**: En jörðin?) Hv. þm. (Þór. J.) myndi tregari til að skrifa upp á víxil fyrir mann, sem hefði dýra jörð, er hann hefði ekkert borgað í, og vantaði bústofn, heldur en hinn, sem hefði sest á landssjóðsjörð með góðum kjörum. Menn eiga ekki að festa kaup á jörðum, sem þeir geta átt á hættu að vera hraktir frá, en hitt vil jeg, að ef þeir gera leigujörð til góða, þá eigi þeir verk sín, enda er ekkert hægra en búa svo um, með leigumála á landssjóðsjörð, að þeir fái lífstíðarábúð og auk þess ágóðann af vinnu sinni. Ef þetta væri aðalstefnan, mætti gera ábúð alveg eins góða og sjálfseign, og það yrði þá enginn munur á því og að búa á eigin eign og gjalda skatt af henni. Á þennan hátt mætti bæta ræktun landsins, ef bæði landssjóður og jarðeigendur hefðu það fyrir augum, að þetta er vegurinn, en ekki sá, að landssjóður kasti jörðum sínum í einhvern og einhvern, sem svo hangir kann ske nokkur ár við búskap og selur svo jörðina hverjum sem hafa vill, — og skal jeg geta þess, að hjer tala jeg ekki til þess heiðvirða manns, er leitað hefir kaups á Gaulverjabæ.

Nei, regla landssjóðsins er vitlaus; hann á aldrei að selja jarðirnar.

Svo skal jeg benda á, að undarlegt er, ef hv. þm. fara nú að greiða atkv. þvert ofan í það, sem þeir hafa gert fyrir nokkrum dögum. (**P. O.**: Nú er hv. þm. Dala. (B. J.) hættur að vera frumlegur). Jeg skil ekki þennan ágæta andbýling minn, en leitið í öllum þingtíðindunum, og þjer munuð hvergi finna, að jeg hafi sagst vera frumlegur.

ATKVGR.

Fram kom till. um að umr. yrði þegar hætt, frá P. O., M. P., St. St., E. Árna., Sv. Ó., M. G. og H. K.

Sú till. samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., E. Árna., E. J., H. K., J. J., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J.

nei: B. J., B. St., E. A., G. Sv., J. B., M. Ó., Þorl. J., B. Sv., Ó. B.

Þrír þm. (J. M., P. J. og S. St.) fjarstaddir.

Bjarni Jónsson: Það er með öllu óleyfilegt, óheimilt og ósæmilegt að leggja höft á málfrelsi þm. hjer.

Við hina rökstuddu dagskrá frá frsm. minni hl. (P. Þ.) kom fram brtt. frá Bjarna Jónssyni, þm. Dala., svolátandi:

Fyrir „ráði — hátt" komi: selji ekki þessa jörð.

Enn fremur bar 2. þm. Árn. (E. A.) fram viðaukatill. við þá brtt., svolátandi:

Aftan við „þessa jörð" bætist: fyrst um sinn.

Einar Arnórsson: Fyrst mjer er leyft það, skal jeg skýra í örstuttu máli, hvaða hugsun felst í brtt. minni við fram komna dagskrá. Jeg kem með brtt. af þeirri ástæðu, að til stendur, að gerðar verði umbætur á þeirri jörð, sem hjer er verið að tala um, umbætur, þar sem landssjóður leggur fram fje. En fyrst um sinn, meðan þessar umbætur eru ekki gerðar veit enginn, hverju þær kunna að orka síðar um verð jarðarinnar. Þess vegna er ekki rjett að selja jörðina meðan óvíst er um verðhækkunina, því að virðingarmenn hljóta að renna blint í sjóinn um það að áætla hana. Þess vegna er það, á meðan svona er óvíst, hvernig eigi að meta þessa jörð, að jeg hefi lagt það til, að hin rökstudda dagskrá verði þannig orðuð, að fyrst um sinn verði jörðin eigi seld. En þar með er ekkert sagt um það, nema rjett kunni að vera að selja hana síðar, þegar þær ástæður eru fallnar burtu, sem nú eiga að hamla sölunni.

Bjarni Jónsson: Jeg vil geta þess, að jeg fyrir mitt leyti samþ., að þessum orðum verði bætt aftan við mína till.

ATKVGR.

Brtt. þm. Dala. (B. J.) við rökstuddu dagskrána, með viðaukatill. 2. þm. Árn. (E. A.) við þá brtt., samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., S. S., St. St., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., M. G., M. P., M. Ó., Ó. B.
nei: P. Þ., Sv. Ó., Þorl. J., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B.

Tveir þm. (J. M. og S. St.) fjarstaddir.

Rökstudda dagskráin frá þm. Mýra. (P. Þ.), svo breytt, (sjá A. 43) samþ. með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., M. G., M. P., M. Ó., P. O., St. St., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., Ó. B.
nei: B. K., J. J., J. B., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorl. J.

P. J. greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (J. M. og S. St.) fjarstaddir.

Till. því talin

fallin.

---

2. Seðlaúthlutun og vöruflutningar.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 29. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um úthlutun matvöru- og sykurseðla og um vöruflutninga (A. 32).

Á sama fundi í Nd. var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 30. apríl, var till. tekin til einnar umr. (A. 32).

Flm. (Þorleifur Jónsson): Með því að fundur þessi hefir staðið svo lengi, skal jeg vera stuttorður.

Það er aðallega eftir áskorun og beiðni manna í Austur-Skaftafellssýslu að jeg hefi leyft mjer að bera fram þessa þingsályktunartill.., og þar sem svo er ástatt, að á fleiri stöðum mundi vera þörf fyrir sömu ákvæði, gerðust tveir hv. þm. meðflutningsmenn mínir. Það er ekki svo að skilja, að við sjeum á nokkurn hátt að amast við seðlafyrirkomulaginu í sjálfu sjer. Það er auðvitað rjettast, að allir fái sem jafnastan skerf, og til þess er seðlafyrirkomulagið. En hins vegar er ekki hægt að neita því, að þessi seðlaúthlutun hefir miklu meiri óþægindi í för með sjer fyrir þá, sem búa í sveitum, en þá, sem í kaupstöðum eru, og sjerstaklega þar sem aðdrættir eru erfiðir og fara verður í kaupstað um langa og torsótta vegi. Fyrir slíka menn er mjög óþægilegt að geta ekki fengið nema lítið eitt í einu, jafnvel þó að nægar vörur kynnu að vera fyrir hendi.

Í reglugerðinni um þetta er ákveðið, að útbýtt skuli til 4 mánaða í sveitum, og býst jeg við, að það muni nægja þar, sem stutt er í kaupstað og aðrar aðstæður góðar. Og þó að þeir verði að fara kaupstaðarferðir svo sem 3—4 sinnum á ári, sem hafa stuttan og greiðan veg í kaupstað, það er sök sjer. En þar, sem langir og torsóttir vegir eru, verður þetta mjög bagalegt. Jeg skal taka til dæmis Öræfi í Austur-Skaftafellssýslu, þar er svo langt í kaupstað, ca. vikuferð, yfir eyðisanda og stór vötn á báðar síður. Þar er það reglan, að bændur sækja forða sinn rjett fyrir sláttinn, en samkvæmt reglunni er ekki heimilt að láta þessa menn hafa forða nema til 4 mánaða. Því verða þeir að fara aftur af stað, hvernig sem viðrar og hvernig sem vegir eru að haustinu, til þess að sækja forða á ný, sem þó ekki nægir nema nokkuð fram eftir vetri.

Jeg vona, að hv. þingdeildarmenn muni sjá, að þetta er mjög bagalegt fyrir þá, og eins fyrir þá, sem eiga yfir erfiða fjallvegi að sækja, að geta ekki flutt að sjer forða nema til svona skamms tíma í einu. T. d. er mjer kunnugt um, að þetta er mjög óþægilegt í Múlasýslum báðum; kemur það sjer einkum illa fyrir Hjeraðsbúa að geta ekki sætt því að flytja sem mest heim til sín að sumrinu. Það er með tilliti til þessara sveita, sem einkum eru illa settar með aðflutninga, að við berum fram þessa þingsályktunartill., og vona jeg, þó að matarskömtun sje nauðsynleg, þá sjái menn þó, að það getur verið nauðsynlegt, að nokkrar undantekningar eigi sjer stað frá aðalreglunni, og það er með það fyrir augum, að jeg hefi leyft mjer að koma fram með þessa till. Jeg vonaðist eftir, að hæstv. stjórn myndi sjá sjer fært að veita einhverja undantekningu frá aðalreglunni, í þeim hjeruðum, þar sem sjerstaklega er erfitt um aðflutninga, en það getur verið, að stjórnin og

forstöðumenn landsverslunarinnar svari því, að vörur hafi ekki verið fyrir hendi til þess að útbýta til afskektra sveita, og getur vel verið, að svo hafi staðið á, en jeg verð að álíta, að það verði að láta þá staði sitja fyrir vörum á hentugum tíma, sem svo illa eru settar eins og þær, sem jeg hefi bent á, og það sem mest að sumrinu, svo að menn geti notað besta tímann til þess að flytja heim til sín, heldur en að hrúga birgðum upp hjer í Reykjavík mjög mikið. Jeg get ekki sjeð, að það sje mikill skaði skeður, þó að á aðalhöfnum landsins, t. d. Rvík o. fl. yrðu minni birgðir að sumrinu, þar sem ætla má, að til þeirra staða sje hægt að flytja allan veturinn.

Um seinni lið till. þarf jeg ekki að fara mörgum orðum, því að jeg býst við, að stjórnin sje sama sinnis um það, sem þar er farið fram á, nefnilega að láta þau hjeruð, sem hafa vondar hafnir, sitja fyrir flutningum að sumrinu. Svo vona jeg líka, að landsverslunin geri það eftir bestu föngum, en þótti þó rjett að minna á, að þetta er nauðsynlegt.

Jeg skal svo geta þess, hve hættulegt það getur verið, ef bíða verður með að flytja til vondra hafna þar til vetur er kominn.

Í fyrra haust var ekki hægt að fá meira en 30—40 tunnur af steinolíu handa Austur-Skaftafellssýslu. Það var, eins og allir hljóta að skilja, með öllu ófullnægjandi sýslubúum. En um nýársleytið fjekk stjórnin olíufarm, og voru Austur-Skaftafellssýslu ætlaðar um 50 tunnur þar af. Voru þær fluttar til Fáskrúðsfjarðar í janúar, að mig minnir, en vegna óhagstæðrar veðráttu varð aldrei hægt að koma olíunni frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar, og þegar jeg fór að heiman, 3. apríl, var olían ókomin enn.

Afleiðingin varð sú, að út úr miðjum vetri var víða ljósmatarlaust, að jeg ekki tali um, að menn gætu yljað upp híbýli sín, því ekki var miklu útbýtt af gjafakolunum svo kölluðu til sveita, sem aldrei var heldur búist við.

Jeg gat þessa til þess að sýna fram á, hversu varhugavert það getur verið að bíða með flutninga til slíkra hafna sem hjer um ræðir þar til vetur er kominn. Jeg skal láta þess getið, að jeg segi þetta ekki til þess að kasta steini að landsstjórninni, því hún gat ekki betur en hún gerði. Það er eins ástatt um Vík í Mýrdal og um Hornafjörð, að illmögulegt mun vera að komast að henni þegar vetra tekur, enda munu þessar tvær hafnir, Vík í Mýrdal og Hornafjörður, vera einhverjar torsóttustu hafnir á landinu að vetralagi.

Jeg vona því, að stjórnin taki liðlega í þetta mál, þegar svona stendur á, og sömuleiðis vona jeg, að forstjórar landsverslunarinnar athugi vel, hversu brýn nauðsyn er á að birgja slíkar hafnir sem þessar upp að sumarlagi.

Jeg veit ekki hvaða hug hv. deild ber til málsins, en ef hún skyldi að órannsökuðu máli álíta þessa tillögu óþarfa, þá væri þó rjettara að vísa því til t. d. bjargráðanefndar, en fella það ekki að svo komnu. Jeg vil ekki beint gera það að tillögu minni, að málið verði látið fara í nefnd; þó vil jeg láta þess getið, að jeg mundi geta unað því.

Magnús Pjetursson: Jeg stend ekki upp til þess að andmæla till., því jeg er á sömu skoðun og hv. flm. (Þorl. J.) um það, að ef nægilegur vöruforði er fyrir hendi, þá sje sjálfsagt að láta vöruúthlutunina ná yfir lengri tíma en 4 mánuði, sjerstaklega upp til sveita. En það var aðallega út af síðari liðn-

um, að jeg stóð upp, því að mínu áliti þarf betur að athuga hann heldur en hjer er gert. Og úr því að hv. flm. (Þorl. J.) gerði það ekki beinlínis að tillögu sinni, að málinu yrði frestað og vísað til bjargráðanefndar, þá vil jeg hjer með gera það að minni tillögu.

En eins og jeg tók fram áðan, var það út af 2. liðnum, að jeg tók til máls. Þar er talað um, „að láta þau hjeruð, þar sem eru slæmar hafnir eða erfiðir fjallvegir, sitja fyrir vörum til vetrarforða og flutningum á þeim að sumrinu".

En ef sú verður raunin á í sumar, eins og reyndist í fyrra sumar, að vöruforði yrði nægur fyrir í landinu, þá sjá allir, hversu brýn þörf er á að birgja fyrst og fremst þá landshluta og þær hafnir, sem algerlega geta tepst í 6—9 mánuði, vegna íss.

Jeg hafði ekki hugsað út í að koma með brtt. nú þegar, til þess að bæta úr þessu, en jeg vona, að það gangi greiðlega að koma málinu í nefnd, og býst því við, að þar gefist tími til að athuga þetta betur, því það liggur í augum uppi, að þeim höfnum verður fyrst að sjá borgið, þar sem alt fer saman, slæmar hafnir, erfiðir fjallvegir og svo ishættan.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Af því að jeg býst við, að till. hv. þm. Stranda. (M. P.) fái góðar undirtektir í deildinni, þá get jeg verið fáorður um málið. Jeg býst sem sje við, að nefndin tali við þá menn, sem aðallega hafa vörusendingar stjórnarinnar með höndum, og á jeg með þessu við forstjóra landsverslunarinnar, og þá mun margt það skýrast, sem að svo komnu máli kann að vera sumum hv. þm. óljóst.

Um það verður ekki sagt, hversu mikill vöruforði landsins verður í sumar, því það er ómögulegt að vita um það með vissu. En jeg tel sjálfsagt, að ef vöruforðinn verður ekki minni en síðastliðið sumar, þá verði öll áhersla lögð á það, að síðari liður þessarar till. verði tekinn til greina eftir föngum.

Fyrri liðurinn finst mjer ekki hafa eins mikla þýðingu og síðari liðurinn. Það verður alt að fara eftir þeim ástæðum, sem fyrir höndum verða, en nú er, eins og áður er um getið, með öllu óvíst hver vöruforðinn verður.

Það finst mjer ekki skifta svo miklu máli, þótt reglugerðin ákveði, að vörum skuli úthlutað til 4 mánaða, því jeg býst við, að því verði hagað eftir hentugleikum og ástæðum, og jeg treysti því, að ef nægur vöruforði verður fyrir höndum, þá verði úthlutunin látin ná yfir lengri tíma en reglugerðin ákveður, ef nauðsyn þykir til bera.

Það hafa komið fyrirspurnir til forstj. landsverslunarinnar um þetta efni og mjer er kunnugt um, að forstöðumennirnir munu liðka þetta til eftir föngum. Það eru margir staðir, sem þyrfti að birgja upp til 6 eða 9 mánaða, en þó er það einkum Norðurland, Fljótsdalshjerað og suðausturhluti Suðurlandsins.

Annars vil jeg ráða hv. deild til að samþykkja till. hv. þm. Stranda. (M. P.), því það er ekki heppilegt að kasta svona málum inn í deildina má ske undirbúningslaust, án þess að leita álits þeirra manna, sem um málið hafa lengi hugsað og haft það til framkvæmda eigi svo lítinn tíma.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla mjer að eins að segja örfá orð.

Jeg mundi telja það æskilegt, að svo mikill forði væri til í landinu, að stjórnin sæi sjer fært að úthluta sveitamönnum til missiris eða lengur af honum.

Jeg hef fengið brjef víðsvegar af landinu, og meðal annars af Fljótsdalshjeraði, þar sem kvartað hefir verið um, að vörunum væri úthlutað til of skamms tíma.

Jeg hygg, að stjórnin sje fús á að taka slíkar kvartanir sem þesar til greina, en hitt gerir enginn kröfu til, að hún útbýti vöru, sem ekki er til, eða taki frá einum til þess eins að birgja annan.

Jeg hefi ekkert á móti því að vísa málinu til bjargráðanefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 545) í e. hlj.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 6. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 32, n. 50).

Frsm. (Pjetur Jónsson): Jeg vona, að þótt þetta nál. á þgskj. 50 sje stutt, þá sje það nógu ljóst til þess, að jeg þurfi litlu við það að bæta.

Það er auðvitað mál, að vjer nefndarmenn gátum ekki tekið þetta mál öðruvísi en að tala fyrst við stjórn landsverslunarinnar. Töluðum vjer við hana um þessar tilhliðranir í seðlakerfinu, sem till. fer fram á, og er skýrt frá undirtektum hennar í nefndarálitinu. Álitum vjer því svo, sem tekið er fram í nál., að tillöguna þurfi ekki að samþykkja, því að tekið muni fult tillit til efnis hennar, eftir því sem ástæður leyfa.

Það liggur í augum uppi, að ekki er hægt að viðhafa miklar fullyrðingar um það, hve mikinn vöruforða landið fær, og er því ekki unt að kveða ákveðnar að en gert er í nál. Landsverslunarstjórnin kvaðst einlægt hafa gert ráð fyrir því, að gera þyrfti einhverjar tilslakanir á seðlaúthlutuninni og gefa undanþágu í einstökum tilfellum. Slíkt kerfi getur eðlilega ekki verið sanngjarnt undir öllum kringumstæðum. Menn standa ekki svo jafnt að vígi um þörf á vörunum, eða skilyrðin til að ná í þær vörur, er seðlaúthlutuninnær til, og verður því að taka tillit til þess í öllum greinum. Forstjórar landsversl. hafa haft þetta fyrir augum frá öndverðu, og taka því eins mikið tillit til þess eins og þeir telja hægt.

Þorleifur Jónsson: Mjer skilst, sem hv. bjargráðnefnd hafi fallist á ástæður okkar flutningsmanna till. á þgskj. 32, um að nauðsyn geti verið á að liðka til um úthlutun vara þar, sem erfiðir aðdrættir eru. En svo hefir bjargráðanefnd fengið þær upplýsingar hjá landsversluninni, að stjórn landsverslunarinnar búist við að taka eins mikið tillit til þarfa allra og hægt sje, og að haft myndi tillit til erfiðrar afstöðu ýmissa bygðarlaga. Þar sem landsverslunin tekur svo vel í málið, hefir bjargráðanefnd ekki þótt ástæða til að halda tillögunni fram, og ber hún því fram þessa rökstuddu dagskrá, á þgskj. 50.

Jeg verð nú að segja fyrir mitt leyti, að með þessari yfirlýsingu forstjóra landsverslunarinnar tel jeg fengið mest af því, er fyrir okkur vakti, er við fluttum tillöguna. Tilgangur okkar var sem sje að vekja athygli stjórnarinnar á þessu máli og fá viðkomandi stjórnarvöld til að taka fult tillit til þessara atriða. Jeg ber það traust til landsverslun-

arstjórnarinnar, að hún leyfi útbýtingu á vörum til lengri tíma, þar sem hún sjer þess þörf og ástæður leyfa. Og jeg skil ekki annað en að hún sjái slíka þörf á þeim stöðum, sem sjerstaklega er minst á í till. Því ber ekki að neita, að svo er mjög ástatt í Skaftafellssýslunum, og sama er að segja um Fljótsdalshjerað ofan til.

Ef landsverslunin sjer sjer fært að liðka svo til, að vöruúthlutunin og aðdrættirnir komist í sæmilegt horf á þessum stöðum og annarsstaðar, þar sem líkt hagar til, þá get jeg horfið að því að samþykkja dagskrána, í því trausti, að þessu máli verði ekki slegið út í veður og vind. Vona jeg og, að landsstjórnin og stjórn landsverslunarinnar geri sitt ítrasta til að síðari lið till. verði framfylgt, þar sem þess er eigi hvað síst þörf að birgja þau hjeruð upp með vetrarforða að haustinu, sem ilt eiga aðstöðu, og þar sem aðflutningar geta hæglega tepst svo að segja allan veturinn.

Vona jeg, að þessar umr. og dagskráin verði til þess, að hafðar verði töluvert nánari gætur en áður á þeim atriðum, er till. átti um að fjalla. Sje jeg því ekkert á móti því, að dagskráin verði samþykt.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla, að jeg hafi getið þess, þegar þessi till. var til umr. hjer fyr, að það mundi verða erfitt að binda stjórnina eða skipa henni að skamta mönnum mat yfir svo og svo langan tíma, af því að svo gæti farið, að maturinn væri ekki til. Þess vegna finst mjer góð skil gerð þessu máli með till. nefndarinnar, og því rjett að samþ. hana, eins og hv. flm. þingsál.till. (Þorl. J.) hefir að sumu leyti kannast við. En um leið og málið með þessum hætti er afgreitt til stjórnarinanr vildi jeg minna hana á Dalasýslu. Þar er, sem menn vita, svo háttað, að frost og ísalög loka þar oft fjörðunum, svo að ekki er hægt að ná mat, ef það er ekki gert áður, og á síðasta hausti komu frost svo snemma og svo óvænt, að til vandræða horfði. Þá vildi jeg nefna annan landshluta; það er Fljótsdalshjerað. Svo getur oft staðið á, að mjög ilt verði að koma við ferðum og flutningi úr fjörðunum, svo að ef auðið væri að láta það hjerað fá mat til lengri tíma, þá teldi jeg það sjálfsagt. Víðar kann að haga mjög líkt til og þar, og vænti jeg þess, að þeir hv. þm., sem hlut eiga að máli, bendi stjórninna á hvar skórinn kreppir að. Það var rjett, sem hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) sagði, að þær sýslur, er hann nefndi, eru illa staddar með það að fara langar leiðir á vetrardegi til að sækja sjer forða, og þess vegna mun stjórnin að sjálfsögðu hafa eftirlit með, að til þes þurfi sem minst að taka. Þetta munu vera erfiðustu staðirnir, þó að á Norðurlandi geti ef til vill verið líkt ástatt, þótt mjer sje ekki kunnugt um það.

Jeg ætlaði ekki að gera annað en að skora á stjórnina að gæta þeirra, sem svo erfitt eiga, eins og allir þeir, sem jeg hefi nú nefnt.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá bjargráðanefnd, á þgskj. 50, samþ. með öllum gr. atkv.

Till. því talin

fallin.

3. Biðlaun handa Metúsalem Stefánssyni.

Á 20. fundi í Nd., laugardaginn 11. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um biðlaun handa Metúsalem Stefánssyni, skólastóra á Eiðum (A. 95).

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Jón Jónsson): Eins og hv. deild er kunnugt, var samþ. í fyrra á þingi, að landssjóður tæki við Eiðaskólanum og skólinn um leið gerður að alþýðuskóla. En um leið og það var gert var skólastjórinn sviftur stöðu til frambúðar, og þar sem hjer er um mætan mann að ræða fyrir landbúnaðinn og mann, sem reynst hefir vel í stöðu sinni, þá telur nefndin sanngjarnt, að hann fái þá þóknun, sem hjer er farið fram á.

Fyrir árið 1918 hefir ekki verið borgaður út styrkur til Eiðaskólans nema að hálfu leyti. Eftir ættu því að vera kr. 1500 af þeim styrk, sem árlega var ætlaður til skólans; gæti þetta fje þá gengið til þessa, og þyrfti ekki nema 500 kr. í viðbót, ef biðlaunin yrðu fyrir tvö ár 1000 kr. á ári, eins og þingsál.till. gerir ráð fyrir. Til frekari skýringar skal þess getið, að þessi maður er einn af efnilegustu búfræðingum þessa lands og getur vafalaust orðið landinu enn að miklu liði. Jeg hygg því rjett, að sýna honum þessa viðurkenningu uns hann færstöðu, sem jeg býst við að verði fljótlega, þar sem nú er í ráði að setja sjerstakan umsjónarmann með gróðurtilraunum hjer á landi, og sennilegt, að honum verði veitt það starf.

Það er ekki gert ráð fyrir því, að biðlaunin sjeu veitt fyr en 1919, því að fyrri eigendur skólans hafa hann þangað til í sumar, og um biðlaun úr landssjóði getur því ekki verið að ræða fyr en að þessu ári liðnu. En um leið og skólinn hættir að starfa sem búnaðarskóli missir skólastjórinn stöðu sína og bíður af halla, eins og öllum má vera ljóst. Væntir fjárveitinganefndin svo styrktar hv. deildar í þesu máli, og skal ekki orðlengja um það meir.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer virðist að vísu rjett, að umræddur skólastjóri eigi að fá biðlaun eða eitthvað þesskonar, en jeg get ekki neitað því, að mjer finst skyldan til þess hvíla á Múlasýslunum, en ekki á landssjóði. Er þar sem hjer er um lítilræði að gera, skal jeg ekki um það fást. Jeg stóð aðallega upp af því, að jeg vildi skjóta því til hv. fjárveitinganefndar að athuga, hvort ekki væri hægt að fá þennan mann til þess að veita einhverja tilsögn við Eiðaskólann. Það er svo ákveðið í lögunum um nýja skólann, að fella megi niður kenslu að einhverju leyti. Mætti þá nefna það, að ekki væri ólíklegt, að það þætti nokkurs virði að hafa kenslu þar síðari hluta vetrar, t. a. m. búnaðarnámsskeið.

Gæti nú ekki staðið svo á fyrir þessum manni, að hann gæti tekið að sjer slíka kenslu? Þetta gæti verið til athugunar fyrir 2. umr., og yrði þá þingsályktunartill. breytt þessu samkvæmt.

Frsm. Jón Jónsson: Jeg get ekki sagt um það, hvort sú uppástunga, sem hæstv. forsætisráðherra kom með, geti gengið, því að þegar jeg talaði við skólastjóra, áleit hann sig bundinn við loforð við forseta Búnaðarfjelagsins. En hins vegar hefir hann ekki enn fengið ákveðið svar við því, hvort staðan verði stofn-

uð. Geri jeg ráð fyrir, að það geti dregist, og sennilegast, að ekkert verði gert í því máli fyr en á næsta þingi. Jeg gæti því hugsað, að þangað til gæti hann gegnt einhverjum kenslustörfum fyrir skólann.

Sveinn Ólafsson: Jeg heyrði ekki niðurlagið á ræðu frsm. (J. J.), af því að jeg var kvaddur til viðtals, en ræðu hæstv. forsætisráðherra heyrði jeg. — Þó að þessi maður, sem hjer er um rætt, sje alls góðs maklegur, þá álít jeg ekki rjett að samþykkja þingsál.till. þessa eins og hún er. Maðurinn hefir gott tækifæri til að afla sjer atvinnu, og það engu síður en margir aðrir. Forsætisráðh. benti á leið, sem er miklu viðfeldnari en biðlaunagreiðsla, og mæltist til við fjárhagsnefnd, hvort hún vildi ekki komast fyrir um það, hvort hann vildi ekki vera kennari við skólann næsta vetur. Jeg geri ráð fyrir, að Austfirðingum þætti fyrir, ef engin kensla yrði þar á komanda vetri, enda tæplega heimilt eftir bráðabirgðaákvæðum laganna frá síðasta þingi um Eiðaskóla að láta kenslu með öllu niður falla, en yrði kensla þar, þá gæti hann aðstoðað og haft þetta kaup. Jeg get ekki fallist á að greiða biðlaun þessi á annan veg.

Enginn skilji orð mín svo, að jeg vilji gera lítið úr verðleikum þessa manns. Og þótt jeg nú verði að álíta, að sú skylda, sem áður kynni að hafa hvílt á fyrri eiganda skólans, Múlasýslum, til að bæta honum atvinnumissi, sje nú komin landssjóði á hönd, sem eignast hefir stofnunina með gögnum og gæðum, þá er þess að gæta, að starfanum hefir verið sagt upp með tilskildum fyrirvara. En hjer er líka önnur ástæða, sem mælir móti biðlaunagreiðslu. Margir alþýðu- og barnakennarar hafa af dýrtíðarástæðum mist atvinnu að meira eða minna leyti, menn sem eiga engu minni sanngirniskröfu til bóta fyrir atvinnutjón, og sennilega mundu sæta færi og koma á eftir, þegar brúin væri bygð með veitingu þessara biðlauna.

Þessi maður stendur eflaust mörgum öðrum kennurum betur að vígi. Hann er, eins og jeg áður tók fram, fjölhæfur, bæði til andlegra og líkamlegra starfa, þektur og vel metinn og vissulega fær til að tryggja sjer sjálfur góða atvinnu.

Frsm. (Jón Jónsson): Það getur verið, að till. þessi reynist óþörf, og það væri engin ástæða til að samþykkja hana ef vissa fengist fyrir því, að maðurinn mundi fá sæmilega þóknun fyrir kenslustörf á Eiðum næsta vetur. En um það er ekki vissa enn. Till. er nú svo úr garði gerð, að ef til þess kæmi, þyrfti ekki að borga út þessa upphæð. Það er ekki talað um, að hún verði borguð nema maðurinn fái enga fasta stöðu. Jeg geri ráð fyrir, að fjárveitinganefndin hafi ekkert á móti því að taka málið til athugunar aftur, þ. e. a. s. þessa hlið málsins, hvort um nokkur kenslustörf verði að ræða handa manninum í vetur. Annars sje jeg ekki, að það komi neitt till. við, og sje ekki annað en að það sje óþarft að vera að togast á um hana. Jeg skil ekki annað en að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sje það ljóst, að það eru aðrir hæfileikar, sem útheimtast til þess að vera búnaðarskólastjóri, heldur en til þess að vera kennari við alþýðuskóla. Til þess þarf sjerþekkingu, og hún er dýrkeypt, ef hún er meira en nafnið tómt. Fullkomið búnaðarnám verður því mun kostnaðarsamara en

nám manna hefir verið, sem fengist hafa við barna- og unglingakenslu hjá okkur.

Nú er það kunnugt, að þessi maður hefir staðið sjerstaklega vel í stöðu sinni og er mjög vel að sjer í sinni grein, og þess vegna vill fjárveitinganefndin, að hann fái viðurkenningu fyrir sitt góða starf, og hjer er sannarlega ekki til mikils mælst.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með öllum gr. atkv.

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 95).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 95).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. **feld** með 12 :11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. J., G. Sv., J. J., J. M., M. Ó., P. J., P. Þ.

nei: Sv. Ó., Þór. J., E. A., E. Árna., H. K., J. B., M. G., P. O., S. S., S. St., St. St., Ó. B.

Þrír þm. (B. K., B. St. og M. P.) fjarstaddir.

---

4. Tjörnesnáman.

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um námurekstur landssjóðs á Tjörnesi m. m. (A. 112, 111 [skýrsla]).

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 112, 111).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Það hafði verið ætlast svo til, eftir dagskrám fundanna hjer áður, að hv. þingdeild og stjórn gengi fyrst í kolavinnu og fengi sjer síðan kalt fossabað. En svo æxlaðist, að baðið varð á undan, svo að fara verður í kolagrafirnar á eftir.

Hv. deildarmenn hafa sjeð þá skýrslu, sem nefndin hefir leyft sjer að gefa um kolanám hæstv. stjórnar á Tjörnesi, á þgskj. 111. Út af þessu ákvað nefndin að koma fram með till. á þgskj. 112,

sem hjer liggur fyrir til umr., en þar sem rök fyrir þessari till. eru í skýrslu þeirri, er jeg gat um, verð jeg að fara nokkrum orðum um efni hennar og gefa frekari skýringar um námurekstur stjórnarinnar á þessum stað.

Það er fyrst í fyrravor, að vart verður við það, að landsstjórnin fer að gera gangskör að því að ná í námurjett á Tjörnesi og vinna þar. Þess var líka að vænta, að það hefði ekki orðið fyr, því að það er fyrst í fyrra vetur, að skrið kemur á það að vinna kol eða surtarbrand hjer á landi. Að vísu hafði verið unnið áður á nokkrum stöðum, en með misjöfnum árangri. Jeg býst nú við, að sumum þeim, sem um þetta hafa fjallað, og sjerstaklega stjórninni, hafi þótt ærennilegt að leggja í kolanám á Tjörnesi, og það er jafnvel skiljanlegt, að ýmsir þingmenn hafi einnig litið svo á, með því að þeir vissu alment ekki nein deili á þeim stöðum, þó að þau hjeruð, sem nær liggja, og þingmenn þaðan, hafi vafalaust verið kunnugri. Þetta pláss er líka svo langt hjeðan, og þekking manna því svo lítil á staðnum, að erfitt var að mynda sjer glöggar skoðanir um fyrirtækið. Jeg geri helst ráð fyrir, að stjórninni hafi komið til hugar að ráðast í námurekstur þar norður á Tjörnesi vegna þess, að í henni átti nú sæti maður, sem var sjerstaklega kunnugur þar nyrðra, nefnilega hæstv. atvinnumálaráðherra. Þegar skriður kemst á málið, er fyrst farið fram á það, af hálfu landsstjórnarinnar, að þessi náma sje leigð landssjóði til handa og að landssjóður greiði fyrir víst gjald. Það varð svo að samkomulagi, þegar fram í sótti, að miða skyldi við það, sem upp væri tekið, og virðist það alls ekki óeðlilegt. Var svo ákveðið í fyrstu, að leigan skyldi verða með þeim kjörum, að landssjóður borgaði kr. 3,50 fyrir hverja smálest kola, sem flutt væri í burtu; það er í rauninni afskaplega hátt, svo óheyrilega hátt, að ekki kæmi til mála, að gengið hefði verið að því, nema af því að komið var út í þessa vandræðatíð, sem staðið hefir nú alllengi, eins og kunnugt er. Það er sárt til þess að vita, að það kemur hjer þegar fram, sem gengið hefir reyndar um landið alt, að fleiri eða færri einstaklingar og fjelög reyna að nota sjer vandræðin til þess að græða á þeim, græða fje af öðrum landsmönnum eða úr landssjóði, því að eins og allir skilja, kostaði það Tjörneshrepp ekkert meira að leyfa vinnu þarna, þó að dýrtíð væri um land alt. Nú, en þetta var nú ákveðið, og veit jeg ekki, hvort það var af því, að þeir, sem fyrir landsstjórn rjeðu, hafi ekki sjeð sjer annað fært en að ganga að þeim afarkostum, sem boðnir voru, eða að þeir hafa verið sem blindandi um þessi mál. En ef litið er á, hvernig þetta kemur nú út, þá væri þó landssjóður nú betur staddur, með þessari afarháu leigu, heldur en raun varð á síðar. Menn geta nú nokkuð getið sjer til um það strax, því að eins og menn sjá af skýrslunni, er búið að taka upp rúm 1400 smálestir af kolum 9. mars, en ekki burt flutt nema rúmt 1000. Þegar þes er gætt, að að eins er goldið fyrir það, sem í burt er flutt, þá er það ekki ýkjamikið, nálægt 4000 krónum, en ef alt hefði verið flutt í burtu, er þó kostnaðurinn ekki orðinn meiri en sem svarar 5000 kr., fyrir ótakmörkuð umráð og afnot. En svo gerist það, að þessum leigumála er alls ekki haldið, og hefir nefndin ekki getað sjeð, hvernig á því stóð; þá er ráðist í það fyrir landssjóðs hönd að kaupa námuna. Þetta var á miðju sumri fyrra árs, og, eins og gefur að skilja, þá ekki fengin

nein reynsla fyrir því, að hve miklu haldi þessi kol komi, eða vinsla námunnar, nje heldur, hvort nokkuð verulegt sje þarna af kol- eða surtarbrandslögum. Samt sem áður er ráðist í það, og náman keypt fyrir 16000 kr.; þá er búið að gjalda yfir 2000 kr. fyrir þessa námu í leigu; hefir því verið gefið fyrir hana, eins og kunnugt er, 18000 kr. rúmar.

Jeg skal að eins benda á það hjer, að eins og skýrslan ber með sjer, hefir sá orðrómur leikið á, að hreppurinn, sem seldi landssjóði þetta, hafi fengið keypt meira en rjettindin, sem sje jörðina líka, en það vitum við nefndarmenn ekki, því að engin skýrsla er um það, en það er víst, að þegar hreppurinn er nýbúinn að kaupa jörðina eða rjettinn, selur hann námurjettindin fyrir miklu meira en hann hefir gefið fyrir. Einstaklingar og fjelög reyna sem mest að ná sjer niðri á landssjóði, eins og jeg gat um, og landsstjórnin gengur á lagið. Hingað suður kemur fulltrúi hreppsins, sem var í öllum þessum samningum, og hjer í bænum er gefið afsal fyrir námunni. Þessi fulltrúi hefir, að því er upplýst er, fengið borgun hjá landssjóði, og jeg geri ráð fyrir, að í þeirri borgun hafi verið innifalin ferð hans hingað.

Maður hlýtur að furða sig á því, hvað hreppurinn hafi verið kræfur og haft upp úr þessu, að hann skuli fá borgun fyrir þetta ómak sitt, fyrir það, að láta manninn koma hingað, svo að hreppurinn gæti grætt á landinu; því að fyrir það hefir maðurinn fengið borgun, borgun, sem hann að sjálfsögðu átti að fá hjá hreppnum.

Nú, þegar landssjóður er búinn að leigja þessi rjettindi, var ekki annað að gera en að ráðast í kolavinslu, því að meiningin hefir náttúrlega verið að hafa þessa námu til frambúðar og láta vinna í henni. Þessi vinna stóð nú frá því í maí í fyrra og áfram út sumarið og yfir veturinn, og stendur, eins og kunnugt er, að einhverju leyti enn þá. En það er um þessa vinnu að segja, að margt er þar „skrítið í Harmoníu“. Það kann nú að vera, að landsstjórnin, sem situr hjer suður í Reykjavík, geti ekki haft nákvæmt eftirlit með vinnu norður á Tjörnesi, og þess vegna rjeð hún sjer til aðstoðar ýmsa menn þar nyrðra. Þessir menn voru, fyrir utan sýslumanninn þar í sýslunni, verkstjórar, sem komu hjeðan að sunnan, og svo einn ráðsmaður, og allir þurfa þeir að fá sitt kaup. Embættismaðurinn þar í sýslunni hefir nú víst ekki fengið ýkjamikla borgun, en þó vafalaust haft ýms óþægindi af þessu og orðið að láta vinna fyrir sig. Afgreiðslan gekk þar að ýmsu leyti tregt, þó að þar væru aðrir, eigi láglaunaðir, embættismenn til aðstoðar. Þar voru, eins og getið er um í skýrslunni, tveir verkstjórar, og hafði annar þeirra, að því er virðist, aðalverkstjórnina á hendi. Þegar maður lítur á, hvernig kjör hann hefir haft, verður maður í rauninni dálítið hissa; það er að vísu svo, að þessi maður var að einhverju leyti vanur verkstjóri áður, þó mjer sje óljóst, hvers konar verkstjórastörfum hann hafi gegnt, en eitthvað mun hann hafa unnið hjá vegamálastjóra landsins. Hann er sagður duglegur maður, ef því er að skifta, en við námurekstur hafði hann ekkert fengist, nema hvað hann hafði farið í Dufansdalsnámuna, að jeg hygg, og unnið þar eitthvað. Kjör þau, er hann fær hjá landssjóði, virðast allálitleg, sem sje 15 krónur á dag, og verðlaun af kolum, sem upp eru tekin, og alt frítt. Þegar menn líta á þetta, er þessi verkamaður að minsta kosti eins vel launaður

og ráðherrar landsins. Það getur vel verið, að það þyki ekki mikil laun nú á tímum, en þó má benda á, að það þykir samt, enn sem komið er, talsvert á-byrgðarmeira að vera ráðherra í landi hjer en verkstjóri norður á Tjörnesi.

Til samanburðar á þeim framkvæmd-um, er jeg hefi nú lýst í ræðu minni, skal jeg benda á, að þarna við hliðina á landssjóðsvinnunni í Tungunámunni, var annar námurekstur, sem þá var rekinn, og er þar enn þá allmikill kola-gröftur; það var námurekstur Þorsteins kaupm. Jónssonar frá Seyðisfirði, í Hringversnámu. Það var þar rjett við hliðina, og hagaði þar mjög líkt til í þeirri námu, sem Þorsteinn ljet vinna í; hann hafði verkstjóra þar, og greinir alls ekkert um, að hann hafi haft fleiri eftirlitsmenn en þann eina mann. Þessi maður reyndist mjög góður verkstjóri; auk þess var hann smiður og gerði við ýms verkfæri, er skemdir urðu á, en slíku var engu til að dreifa í landssjóðs-námunni. Kjör þau, er hann hafði, voru 200 kr. á mánuði auk fæðis. Nú þurfa menn ekki annað en reikna saman hvað það verður, og sjá menn þá, að hann er miklu ver launaður heldur en hinn hjá landssjóði. Það mun nú verða sagt, að ekki hafi verið hægt að fá góðan mann, eða þann mann, sem talinn verði góð-ur, fyrir minna kaup, en það rekur þá að þessu, sem maður iðulega verður var við, hversu illa hinu opinbera gengur að ráða til sín nýta menn fyrir sæmilegt kaup.

Jeg verð að geta þess hjer, meðan jeg tala um verkstjórnina, að sökum þess, að þar voru margir við vinnu fyrir landssjóðinn, telja ýmsir trúlegast, að nauðsynlegt hafi verið að hafa tvo verk-stjóra. En hitt getur manni ekki heldur dulist, að þegar skift er í flokka verka-mönnum, með flokkstjórum, og ekki um stærra svæði að tefla, og ef verk-stjórinn er góður og vel að sjer um sitt starf, þá muni vart þurfa að hafa tvo verkstjórana, heldur dugi einn. En nú brestur okkur að sjálfsögðu þekkingu á þessum mönnum, enda er það að sjálf-sögðu ekki meiningin að ræða um þá persónulega, heldur um vinnubrögðin, og verður þá að tala um þau eftir því, sem kunnugt er að unnið hafi verið á vissum tímum, og getur það um leið verið skýring á nokkrum þeim hlutum, sem fram hafa komið. Verð jeg að geta þess, að mál mitt hefi jeg frá góðum heimildum.

Þegar þessi verkstjóri, sem mest kemur við sögu, kemur norður, lætur hann strax einn flokk, 12—15 manns, fara að vinna að því að moka ofan af stóru svæði, þar sem hann hjelt að væru kol undir; á meðan ljet hinn verkstjór-inn grafa göng, þar sem hann vissi að kol voru. Jeg skal nú ekki áfella mann-inn fyrir það, að hann vildi leita að kol-um, en vil geta þess, að ráðsmaðurinn sagði honum, svo margir heyrðu, að þarna væru engin kol, eða að minsta kosti mjög erfitt að ná þeim, ef nokkur væru; þarna væri hann búinn að láta vinna áður eða kanna. Þetta væri því þýðingarlaust verk, nema menn hugs-uðu sjer að kasta vinnu fyrir gýg. Jarð-lögin væru á þessum stað missigin og líkast til ekkert upp úr þeim að hafa. En þessi verkstjóri, sem að sjálfsögðu hefir haldið, að hann mundi fá upp borna vinnu sína, lætur þessa 12 menn, eða hvað þeir nú voru margir, vinna að þessu nálægt mánaðar tíma, en þegar til kemur, hefst upp úr þessu svæði sama sem ekkert af kolum. Þetta getur maður sagt að sje óhepni, því að jeg vil ekki efa, að hann hafi af góðum

vilja gert þetta, en það er óhepni, sem í þessu sambandi verkar mjög leiðinlega. Menn geta reiknað, hvað þessir 12 menn kosta upp undir mánaðartíma, en af þessu má þó gera ráð fyrir, að hann og aðrir hafi eitthvað lært.

Eins og skýrslan ber með sjer, er þessi verkstjóri kallaður hingað suður til þess að undirbúa vetrarvinnu. Hann er þá ráðinn til vetrarins, og er ekkert við því að segja, þar sem stjórnarvöldin höfðu traust á honum, en það, sem mátti undrum sæta, og sýndi sig þegar hann kom norður aftur, en þá var talsvert orðið áliðið, var það, að þá hafði hann ekkert virkilegt látið gera til þess að undirbúa vetrarvinnuna, ekki einu sini látið gera fullnægjandi göng, þar sem hægt væri að vinna hvernig sem viðraði, þegar vetur legðist að. En svona er það, þessi maður er kallaður suður til þess að undirbúa vetrarvinnu, en jeg hefði nú álitið það betur til fallið, að hann hefði verið kyr við verkstjórn sína þar nyrðra og reynt að undirbúa vetrarvinnuna þar á staðnum. En þar var alt, að dómi kunnugra manna, mjög illa búið undir haustið og vetrarvinnuna, m. a. alt of margir menn, og vöfðust þeir þar hver fyrir öðrum. Þess vegna varð eftirtekjan miklu rýrari og að öllu minni en hefði átt að vera.

Þetta neyðir mig til að fara aftur inn á það, hvernig á því stendur, að svo lítil eftirtekja varð og þessi gífurlegi halli á rekstrinum. Hitt skal jeg ekkert út í fara, sem jeg hefi ekki getað fengið fulla vissu um, að ýmsir af þessum mönnum, sem verkstjórinn rjeði, hafi verið afarljelegir menn til vinnu og ekki að neinu gagni, og ýmislegt annað hafa menn um þetta borið, sem ekki er hægt að tala hjer um í hv. deild að svo stöddu. — Þessi maður, verkstjórinn, sem var, er enn þá við Tjörnesnámuna, og mun það koma af því, að stjórnin treystir honum og geri jeg ráð fyrir, að þeir, sem hann hefir áður unnið hjá, segi það af honum, að hann sje maður duglegur til vinnu, þótt hann hafi ekki áður verið reyndur í slíkri verkstjórn sem þessari.

Jeg skal leyfa mjer að drepa á, hvernig þessu að öðru leyti víkur við, að alt þetta mál getur orðið svona áberandi. Um verkamennina skal jeg geta þess, að með þeim kjörum, sem þeir voru ráðnir, það er að segja, að þeir voru ekki látnir kosta sig sjálfir að fæði og þess háttar, þá verður útkoman sú, að ráðningarkjörin eru mjög ill fyrir landið. Mest ber hjer á fæðinu, því að húsaleiga og því um líkt stingur ekki eins í augun; það hefir orðið afardýrt, sjerstaklega saman borið við það, sem átti sjer stað ekki langt frá.

Jeg skal leyfa mjer að skýra frá því, að í námu Þorsteins kaupm. Jónssonar höfðu verkamennirnir 200 kr. í kaup á mánuði, án fæðis. Þegar gert er upp, hvað fæðið kostar hjá þessum mönnum, kemur það í ljós, að upp úr 60 kr. fer það ekki á mánuði, eða með öðrum orðum, það eru um 2 kr. á mann á dag, en við landssjóðsnámuna reiknast fæðið á dag kr. 3,20. Þegar vjer lítum á eftirtekjuna af vinnu þessara manna, þá sjáum vjer, að hún er sáralítil, því að til 9. mars þ. á. hafa að eins verið teknar upp rúmar 1400 smál. af kolum eða surtarbrandi, og burt fluttar eru þá rúmlega 1000 smál.

Það er alkunna, að menn hefir mjög greint á um það, hvernig þetta eldsneyti hafi verið; sumir segja, að það hafi verið brúkanlegt, sumir aftur á móti, að það hafi verið svo að segja með öllu óhæft. Mest af þessum kolum hefir farið í Þingeyjarsýslu, og annarsstaðar á Norð-

urland, en þó hefir talsvert komið hingað til Rvíkur, og mjer er kunnugt um, að flestum hafa þau reynst mjög svo illa, svo að það hefði varla eða ekki komið til mála að kaupa þau svona dýrt, ef menn hefðu þekt þau og vitað, hvernig þau í raun og veru voru, því að það hefði borgað sig talsvert betur, þegar á alt er litið, að kaupa hin dýru ensku kol, heldur en Tjörneskolin. Þó skal þess getið, að þeir, sem náðu í talsverðan slatta og höfðu þau eldfæri, er með þurfti, t. d. eins og miðstöðvarhitunartæki, eða stóra og rúmgóða ofna, þeir gátu notað þau að nokkrum mun. Af þessu verður því ekki dregin önnur ályktun en sú, að dýrleikinn hafi farið fram úr hófi, ef miða á við notagildi kolanna, en þau urðu nú að vera dýr eftir vinnubrögðunum. Í fáum orðum varð kostnaðurinn þannig, og útkoman svo óálitleg, að mönnum hrýs hugur við því; og þó að eldsneytisþörfin sje aldrei nema mikil, þá er því nú samt svo farið, að stjórnin hefir enga heimild til að ráðast í slík fyrirtæki, eða halda þeim áfram, hvernig sem hagar og hver sem kostnaðurinn verður.

Það, sem maður rekur fyrst augun í við kostnaðinn, er byggingarkostnaðurinn. Jeg get að vísu ekki talað af fullkominni þekkingu um þess háttar efni, en jeg veit ekki, hvort það er ofsagt, þó að jeg segi, að hann hafi verið feikilega mikill. Það átti ekki að reisa neina höll þarna norður á hjara lands, heldur að eins skýli yfir verkamenn, skýli, sem gat verið brúkanlegt yfir sumarið, til að byrja með, og þó að menn beri því við, að það hafi líka átt að vera vetrarbústaður, þá þurfti það þó ekki að vera neitt afskaplega vandað, því að nóg var m. a. eldsneytið við höndina til að brenna og hita það upp. Til samanburðar við byggingarkostnað skýlis þessa eða bygginga á staðnum, sem nam 40,000 kr., skal jeg geta þess, að áðurnefndur Þorsteinn Jónsson kom upp skýli yfir sína verkamenn fyrir 4000 kr. Vitanlega var að mestu bygt úr torfi og öðru innlendu byggingarefni, en jeg hefi nú raunar sannspurt, að svo er líka um landssjóðsslotið, að veggir þess eru úr torfi.

Viðvíkjandi þessum mikla rekstrarhalla, sem á námunni varð til 9. mars og nam nokkuð á annað hundrað þús. króna, skal jeg geta um það til samanburðar, hvernig þessu er háttað hjá Þorsteini Jónssyni, því að hann hefir verið svo góður að lofa mjer að sjá reikninga námunnar. Hinn 1. nóv. f. á. er rekstrarhallinn 3300 kr. Náttúrlega var minna tekið upp hjá honum, því að hann hafði færri menn, en þó er þetta áberandi, því hann hafði þó menn í vinnu, sem skiftu tugum, og tók upp mörg hundruð smálestir á þeim tíma, sem hjer um ræðir. En á miðju sumri byrja þeir hjá honum að undirbúa vetrarvinnu, og 1. apríl þ. á. er rekstrarhallinn ekki að eins enginn orðinn, heldur er hreinn gróði 2—3000 kr. á rekstrinum yfirleitt. Hjá landssjóði er þá hallinn orðinn á annað hundrað þús. kr., svo sem áður er sagt. Jeg skal láta þess getið hjer, að kolaverðið var nokkru hærra hjá Þorsteini heldur en hjá landssjóði, sem seldi á 30—40 kr. smálestina, en Þorsteinn aftur á móti á 40—45 frá byrjun, og seinna meira, á 55 kr. hverja smál. Og ef hann hefði frá upphafi selt kolin fyrir 55 kr. smál., þá hefði námureksturinn líka borið sig til 1. nóv., eftir því sem reiknast hefir, og þá hefði líka gróðinn orðið meiri en hann er nú.

En ef átt hefði að leggja svo mikið á landssjóðskolin, að sá rekstur hefði borið sig, þá hefði 10—20 kr. álagning

ekki nægt á hverja smálest, heldur hefði orðið að leggja á smálestina 70 kr., svo að verð hennar hefði orðið yfir 100 kr. á staðnum, en fyrir það verð hefði engum dottið í hug að kaupa kolin, nema ef til vill að eins lítið eitt, og til að byrja með, þegar þau voru óreynd og ekki kunn. Það er yfirleitt leiðinlegt alt saman, sem kol þessi snertir, fyrst og fremst að náman skuli bera sig svona illa, og að í viðbót skuli kolin vera svo slæm, að menn vilja ekki kaupa þau, jafnvel þó að verðið væri lágt. Hvaða ályktun á maður að draga af þessu? Mjer finst að eins vera hægt að draga af því eina ályktun, og hún er sú, að frá upphafi hafi verið ókleift að vinna þarna kol, og þess vegna hafi landsstjórnin ekki átt að halda þeim rekstri uppi.

Auk Þorsteins Jónssonar vildi jeg til samanburðar nefna verkamannafjelag Akureyrar. Það vann þarna á sömu slóðum sem landssjóður að kolatöku, frá fyrri hluta maí til 1. okt. f. á. Jeg hefi beðið það um að gefa mjer upplýsingar um gang verksins og fengið þær í símskeyti, og útkoman er sú, að kolin kostuðu fjelagið við námuna 45 kr., en komin til Akureyrar kostuðu þau 72 kr., og með þessu verði ber verkið sig, að því er sjeð verður. Menn spyrja nú, hvernig standi á þessu öllu saman, og svarið verður, að auk þess, sem það hafi verið óráð fyrir landsstjórnina að ráðast í kolagröft þar norður frá, þá hefir yfirstjórnin líka hlotið að vera í mesta ólagi, eða engin; því að þótt maður hafi verið fenginn til að hafa eftirlit með útborgun, þá hefir hann engin skylda eða rjettur borið til þess að hafa eftirlit með því, hvernig unnið væri. Því síður gat ráðsmaðurinn það, því að hann virðist hafa haft nóg að gera með að annast alla reikningsfærslu. Niðurstaðan verður því sú, að sá sem átti að hafa eftirlitið, hafi verið verkstjórinn. Nú hafa menn sjeð, hvernig eftirlit það var í hans höndum, og það sýnir, að hann var ekki, fyrir landssjóðs hönd, því starfi vaxinn, að hafa nokkra yfirstjórn eða yfirleitt stjórn verksins með höndum. Það er nú víst ekki rjett að segja, að hann hafi haft hina eiginlegu yfirstjórn verksins með höndum, því að hún var eða átti að vera, eftir því sem þessu var háttað, hjá þeim, sem alls ekkert skyn báru á þá hluti og ekkert kunnu að þessu, eða með öðrum orðum hjá landsstjórninni hjer suður í Reykjavík, og eftirlitið þó aðallega í höndum atvinnumálaskrifstofunnar og atvinnumálaráðherrans. Jeg efast ekki um, að hæstv. atvinnumálaráðherra hafi viljað gera þetta vel og samviskusamlega, en því verður ekki neitað, að útkoman virðist sýna, að hann hefir a. m. k. ekki verið heppinn í mannavali, eða þá að hjer er um megnasta hirðuleysi að tefla.

Það virðist þó liggja í augum uppi, að stjórnin hefir álitið, að hægt væri að reka þetta verk með skeytum hjeðan að sunnan. Og þegar að er gætt og tekið er að rannsaka málið, kemur það í ljós, að stjórnin hefir ekkert um ástandið þar norður frá vitað, eða um reikningshallann. Hún virðist ekki hafa hugmynd um, hvernig sakir standa, og hefir aldrei til fullnustu gert upp reikning námunnar, að því er nú er sannað. Þegar svo kemur fram á haustið, virðist svo, sem landsstjórnin fari að ókyrrast, því að þá er fenginn „prívat"-maður, sem þó virtist vera einskonar trúnaðarmaður hæstv. stjórnar; það var hr. Einar Gunnarsson, og hann á, hjer syðra, að grenslast eftir ástandinu þar nyrðra. Það er ekki svo að skilja, að hann sje þá fenginn til að gera upp reikningana, heldur á

hann að fylgjast vikulega með, hvað líði kolabirgðum á Tjörnesi og skuldbindingum námunnar. Þess er getið í skýrslunni, að hann hefir lokið athugunum sínum eftir nálægt mánaðartíma, og eru þar tilfærð orð hans. Jeg skal nú ekkert um það fullyrða, hvort hæstv. stjórn hafi lagt trúnað á þessa skýrslu trúnaðarmanns síns, en hann kveðst byggja á skýrslum að norðan. Skal jeg ósagt láta um það, hvort þær skýrslur hafi verið ábyggilegar, en það virðist þó svo, sem stjórnin trúi þeim, því að ekkert bendir á það, að hún hafi vefengt niðurstöðu E. G.

Þá verður þetta uppi á teningnum, að stjórnin ræðst í fyrirtækið, í öndverðu athugunarlaust, lætur síðan reka á reiðanum eftirlitslaust, og yfirleitt veit stjórnin ekkert, hvernig sakir standa. Þegar svo kemur skýrsla frá trúnaðarmanni stjórnarinnar um það, að alt sje í þann veginn að fara í kaf í eftirlitsleysi og hirðuleysi, þá gerir hæstv stjórn s a m t ekkert, alls ekki neitt, heldur lætur þetta eiga sig í marga mánuði, þar til loks á þessu ári, að hún fór að bregða blundi. Ofan á alt annað verður þetta eigi með neinu móti fyrirgefið stjórninni, og mundi hvergi verða fyrirgefið nokkurri stjórn, því að þá er hjer er komið, er kæruleysið, eftirlitsleysið og gáleysið orðið vísvitandi. Stjórnin kannast við það, að á þessum tíma hafi mikið farið í súginn, og sje þá ekki sjerlega undarlegt, þó að rekstrarhallinn hafi orðið mikill. En jeg býst við, að hv. þm. hafi ætlast til þess, að hæstv. stjórn hefði haft hönd í bagga með rekstrinum og örugt eftirlit frá upphafi, og að hún að minsta kosti hefði tekið í taumana, þegar hún sá það svart á hvítu, að alt var að fara í kaf, sýnt þá rögg af sjer, sem hver dugleg stjórn hefði gert, ef hún hefði ekki verið út af dauð eða gersamlega hugsunarlaus um, hvernig alt veltist.

Jeg sje ekki ástæðu til að kynna mönnum, að svo stöddu, meira af brjefi hr. E. G. en það, sem stendur í skýrslunni, en ef sjerstakt tilefni verður til, býst jeg við að koma að efni þess betur síðar.

Auk þessara stóru atriða, sem drepið hefir verið á, þá eru í þessu máli ýms atriði, sem að vísu eru smávægileg saman borin við hin, en bera þó ótvírætt vitni um það, hversu alt hefir gengið á trjefótum í stjórn námunnar. Jeg skal leyfa mjer að skýra frá einu slíku smáatriði. Verkamanni nokkrum þar norður frá var t. d. sagt löglega upp vinnu, og átti hann því auðvitað ekkert tilkall til neinna sjerstakra hlunninda frá landsstjórninni. Þegar hann kemur suður í vetur, fer hann að krefja stjórnina um ferðapeninga — hann ferðaðist á 1. farrými á strandferðaskipinu, eins og það er nú fljótt í förum. Nú skal jeg ekki um það segja, hvað farið hefir í milli atvinnumálastjórnarinnar og hans. Eitthvað hafa þeir þæft um þetta líklega, en þó verður það úr, að stjórnin lofar að greiða ferðakostnaðinn, sem að vísu er ekki nein stór upphæð í öllu þessu sukki, að eins kr. 361,50. En þó að kostnaðurinn sje ekki meiri, þá átti þó maðurinn enga heimtingu á þessu, eins og öllum hlýtur að bera saman um, nema þá atvinnumálastjórninni. Þegar hjer var komið málum, hafði sú breyting orðið á stjórn námunnar, að rekstur hennar er kominn í hendur vegamálastjóra, eins og áður er getið. Stjórnin sendir nú brjef til vegamálastjóra út af þessu öllu saman og áður en útborgun færi fram, og hann skýrir það fyrir stjórninni og færir rök að því, að maðurinn hafi

meira að segja ekki staðið vel í stöðu sinni, enda eftir samningum verið rjett að segja honum upp vinnunni. Fyrir því ætti hann ekkert tilkall eða nokkra kröfu til þess að fá neinn ferðakostnað. Nú gætu menn sagt, að það hefði alt að einu ekki verið ósanngjarnt að greiða manninum einhvern kostnað suðurferðarinnar, og vegamálastjórinn getur þess þá líka, að verjandi sje að greiða honum nokkrar krónur. En maðurinn er djarfur og fer til stjórnarinnar og segir við hana, að hjer sje reikningur yfir ferðakostnaðinn suður, á 1. farrými, eins og getið var, og þennan reikning verði hún að greiða, og það gerir hún svo þvert ofan í tillögur vegamálastjóra, ráðunauts síns og stjórnanda fyrirtækisins þá.

Þetta er að sjálfsögðu ekki stórt atriði, en þó sýnir það, hvílík ringulreið var á öllu þessu máli í höndum stjórnarinnar.

Menn munu nú spyrja, hvaða hlutdeild hv. þing eigi í þessu, — þessum rekstri Tjörnesnámunnar, og þá útkomu fyrirtækisins. Það liggur því nærri að athuga, hvað hv. Alþingi hefir gert í þessu kolamáli. Fyrst er minst á það á aukaþinginu 1916—17; þá kemur fram þingsályktunartill., sem samþykt er í þessari hv. deild. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp:

„Alþingi ályktar: 1. Að skora á landsstjórnina að fá þegar áreiðanlega sjerfræðinga til að rannsaka sem flesta kolafundi í landinu, gæði kolanna, vinsluskilyrði og flutninga. 2. Að heimila stjórninni að vinna kol á kostnað landssjóðs, svá fremi þessar rannsóknir sýni, að það sje tiltækilegt."

Þetta var samþ. hjer í hv. deild á aukaþinginu, en svo dagaði málið uppi í Ed. Þegar á því þingi, á öndverðu árinu 1917, veit því stjórnin um ótvíræðan vilja þessarar deildar, og þar sem ekki komu fram nein mótmæli í hv. Ed., þá má segja, að þarna lýsi sjer vilji aukaþingsins 1916—17.

Þegar kemur fram á aðalþingið í fyrra, kom eldsneytismálið mjög til athugunar, og þá var samþ. svo hljóðandi þingsályktun, sem jeg vil leyfa mjer að lesa upp:

„Alþingi ályktar að skora á stjórnina að vinda sem bráðastan bug að innlendu kolanámi, á þeim stöðum, sem menn finna hentugasta, svo að fylt verði eldiviðarþörf landsmanna, þótt engin erlend kol náist.

Enn fremur skorar Alþingi á stjórnina að annast flutning á kolum þeim, er hún lætur vinna, beina leið til þeirra verslunarstaða og kauptúna, sem kolanna þurfa eða hægast er fyrir notendur að ná þeim.

Jafnframt ályktar Alþingi að heimila stjórninni fje úr landssjóði til nauðsynlegra framkvæmda í þessu máli, svo sem til verkfærakaupa, til torfbæja yfir verkamenn, til kaupa eða leigu á námunum o. fl. þ. h."

Menn kynnu nú að líta svo á, að með þessu hefði þingið í raun og veru gerst samsekt í öllu þessu kolafargani, en þetta er þó engan veginn svo að skilja. Í fyrsta lagi verður Alþingi altaf að ganga út frá því, er það felur stjórninni að framkvæma eitthvað, að stjórnin geri það, sem hún á að gera, með fyrirhyggju og forsjá, og í öðru lagi, að stjórnin ráðist ekki í annað en það, sem hún sjer leið til að kljúfa, og ani ekki áfram, eða haldi verkinu áfram, þó að hún sjái, að af því hljóti að leiða gífurlegt tap fyrir landssjóð. Þó að þingið hefði hreint og

beint samþ., að vinna skyldi að kolagrefti á Tjörnesi, þá hlaut það að ganga út frá því, að stjórnin sæi svo um, að framkvæmdirnar yrðu forsvaranlegar og að hún færi sæmilega að ráði sínu.

En nú er ekki því að heilsa. Á síðasta þingi var, eins og skýrt hefir verið frá, að eins gerð sú ályktun, að stjórnin skyldi beita sjer fyrir öflun innlendra kola þar, sem hentugast væri. Nú hefir hæstv. stjórn fundið þennan stað hentugastan, og má vera, að það hafi verið af góðum og gildum ástæðum, að hennar skoðun. En jeg veit ekki til, að stjórnin hafi gefið neina skýrslu um það, að kolanámið gengi svona illa, eins og það óneitanlega var farið að ganga seinast á þinginu í fyrra. Það átti stjórnin að vita og skýra þinginu frá því. Þá hefði það getað ákveðið að gera eitthvað annað en gert var. En í þess stað fekk þingið ekki að vita annað en það, að nú væri verið, með góðum árangri, að vinna kol norður á Tjörnesi, og engum datt annað í hug en að alt væri þar í góðu lagi.

Till., sem til umr. var, og samþ. var í þessari hv. deild á aukaþinginu 1916—17, ætlaðist ekki til, að ráðist væri í kolavinslu nema áður væri tilhærilega rannsökuð, af sjerfróðum manni, bæði gæði kolanna og vinsluskilyrði. En í þess stað voru hinir og þessir menn, sem enga reynslu eða þekkingu höfðu á námum og námuvinnu, látnir fara til námunnar þarna norður frá, og gæði kolanna voru að visu rannsökuð á efnarannsóknarstofunni, eftir einu eða tveimur sýnishornum, sem hingað voru send, vitanlega af þeim bestu. Nú fyrst er rekstur námunnar kominn í það horf, sem hefði átt að koma honum í strax, ef forsvaranlegt hefði átt að teljast að byrja á verkinu. Nú er fenginn hæfur maður til að hafa á hendi yfirumsjón verksins, og hún algerlega dregin út úr stjórnarráðinu. En þangað hefði hún aldrei átt að koma. Og nú er fenginn hingað maður frá Svíþjóð, sem vit hefir á að rannsaka þessa hluti, maður með sjerstaka þekkingu og reynslu á brúnkolum og vinslu þeirra. En hann kemur ekki fyr en alt er í óefni komið. Alt bendir á það, að stjórnin hafi ekki gert sjer mikið far um að grenslast eftir, hverju fram fór þarna nyrðra, eða kippa í lag þeim misfellum, sem henni var kunnugt um, fyr en að því dró, að eitthvað yrði við þessu máli hreyft opinberlega, eða þegar þing fór að nálgast. Henni hefir að minsta kosti mislánast að fela stjórn fyrirtækisins hæfum mönnum, fyr en sýnt var, svo að segja hverju mannsbarni í landinu, að þetta gat ekki gengið lengur. Það er sama, gamla sagan, sem menn eru nú farnir að þekkja úr ferli þessarar stjórnar.

Að síðustu skal jeg leyfa mjer að minnast á ummæli hæstv. fjármálaráðherra á dögunum, þegar námurekstur landssjóðs kom til tals og meðal annars var tilrætt um Tjörnesnámuna. Kvað hæstv. fjármálaráðherra hana rekna eftir áskorun Alþingis, beggja deilda og bjargráðanefnda. Þetta er algerlega rangt. Jeg veit ekki til þess, að neitt liggi fyrir, sem bent geti í þá átt að teljast áskorun til rekstrar þessarar námu, nema eitt einasta plagg; það er brjef frá bjargráðanefnd Ed., skrifað á öndverðu þingi í fyrra, meðan enginn vissi þó neitt um, hvernig horfurnar voru með námuna, eða hverju fram fór þar nyrðra. Þetta brjef er undirskrifað af þáverandi formanni bjargráðanefndar Ed., sem nú er hæstv. fjármálaráðh. (S. E.). Í því lýsir hann ánægju sinni yfir því, að stjórnin hafi ákveðið að reka þessa námu, og skorar á hana að halda

því áfram. Það virðist nú nokkuð undarlegt, meðan enginn veit neitt, að vera að skora á stjórnina að halda áfram þessu verki, þótt ekkert lægi fyrir, sem gerði það sjálfsagt, hvorki að votta þakklæti nje skora á til frekari framkvæmda. Bjargráðanefnd Nd. ljet ekkert frá sjer heyra í þá átt, og hinar sameinuðu bjargráðanefndir ekki heldur. Jeg sje því ekki, að stjórnin hafi haft mjög mikla ástæðu til að byggja á þessu skjali, ef hún hefir gert það. Það er þess vegna ótvírætt, að Alþingi getur ekki með nokkru móti ásakað sig um, að svona hefir farið. Það er eingöngu á ábyrgð stjórnarinnar.

Þetta mál hefir orðið til þess, að fjárhagsnefnd þessarar deildar hefir ekki sjeð sjer annað fært en að koma með till. til þingsályktunar, sem nú liggur hjer fyrir og fer fram á það, að hætt sje kolanámi á Tjörnesi, svo framarlega sem það sýnir sig með fullri vissu — og það í mjög náinni framtíð — að ekki sje hægt að reka námuna skaðlaust, eða að minsta kosti með mjög litlum halla fyrir landssjóð, undir hæfri og ábyggilegri stjórn. Það gefur að skilja, að eins og eldsneyti þetta hefir reynst, nær ekki nokkurri átt að eyða tugum eða jafnvel hundruðum þúsunda í það að afla þess fram yfir það, sem það getur selst. — Í öðru lagi fer tillagan fram á það að styðja einstaklinga til að afla innlends eldsneytis.

Það sjá nú flestir, að það er sú aðferð, sem hefði átt að hafa frá upphafi. Einstakir menn og fjelög hafa sýnt, að kolanám þeirra getur gengið vel. Það mundi ekki hafa verið átalið, þó að landið hefði jafnvel keypt námurjettindin og svo gefið sýslufjelögum heimild til að nota námuna, ef til vill ókeypis. Þó að það hefði keypt Tjörnesnámuna, svona dýru verði, og leigt hana einstökum mönnum, eða leyft þeim að afla þar eldsneytis, þá hefði sú ráðstöfun út af fyrir sig verið vel verjandi. Það var þegar í fyrra vor orðið kunnugt, að bæði Þorst. J. kaupm. og Verkamannafjelag Akureyrar ætluðu að taka upp kol í stórum stíl. Þó að landssjóður hefði offrað þessum 18000 kr. eða svo, sem náman kostaði, hvað var það? Hvað var það á móti því, sem nú er á orðið? Með því móti hefði verið ýtt undir einstaka menn með öflun kolanna eða surtarbrandsins, og alt hefði verið að öllu leyti skaplegra en þau ósköp, sem nú eru komin á daginn.

Að öllu þessu athuguðu hefir fjárhagsnefnd orðið ásátt um, eins og skýrsla hennar ber með sjer, að koma með þessa tillögu til þingsályktunar, sem skorar á landsstjórnina, svo sem getið hefir verið, að halda ekki áfram rekstri Tjörnesnámunnar á kostnað landssjóðs, nema hún beri sig, eða hallinn verði að minsta kosti hverfandi lítill, í samanburði við það, sem verið hefir, og í öðru lagi að styðja samtök einstakra manna til eldsneytisöflunar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það ræður að líkindum, að búist sje við því, að jeg taki til máls næst á eftir hv. frsm. fjárhagsnefndar (G. Sv.). Menn hafa að sjálfsögðu búist við, að jeg hefði athugað málið og búið mig undir að gera athugasemdir og skýringar því viðvíkjandi, að því leyti sem skýrsla hv. nefndar nær. Það er líka svo, og það gerir mjer ljettara, að jeg hefi hugsað mjer að fylgja nokkurn veginn sömu röð og hv. frsm. (G. Sv.). Það er líka eðlilegt, að þegar 2 menn hugsa um sama málið, þá

hugsa þeir báðir sama þráð í skýringum á því. Hitt væri ekki eðlilegt, að þeir hjeldu sína leiðina hvor.

Umræðuefninu, sem fyrir liggur, má skifta í þrent. 1) Skýrsla fjárhagsnefndar, þgskj. 111; 2) Þingsályktunartillagan, þgskj. 112; 3) Viðbótarskýringar framsögumanns ásamt viðbót og endurtekningum fleiri hv. þm., sem vænta má að fram komi, þegar um mál er að ræða, sem fara í svipaða stefnu og hjer er á ferðinni. Skýrsla fjárhagsnefndar er nokkurskonar greinargerð með till. Það er venja, að með till. og frv. fylgi greinargerð, sem tekur fram ástæður fyrir því, sem fram er flutt. Venjulega er greinargerðin á eftir, en hjer er hún á undan, og er ekki um það að fást; það er jafnvel bara betra.

Jeg hefi þá ástæðu til að snúa mjer fyrst að skýrslunni á þgskj. 111. Ekki skal jeg fara út í það að dæma, hversu nákvæm og ábyggileg skýrslan er. Mig vantar ýmisleg gögn til þess. En það er ljóst, af þeim skýringum, sem fram hafa komið, að nefndina hefir vantað ýms gögn til þess að gera skýrsluna svo úr garði, að fulltrygg geti talist að þeirra áliti. En við það verður að sitja frá báðum hliðum. En jeg vil reyna að skýra málið í sumum atriðum nokkuð nánar og koma fram með athugasemdir við ýmislegt, sem í skýrslunni stendur, og leiðrjettingar.

Það, sem vantar í skýrsluna, og jeg vildi taka dálítið nánar fram, er fyrst og fremst um tildrög málsins. Fyrstu tildrög til þessa námurekstrar felast í þingsályktunartill., sem samþ. var á síðasta aukaþingi hjer í deildinni, en eigi varð útrædd í Ed. Af umr. málsins þá sjest það, að þingmenn lögðu afarmikla áherslu á, að landsstjórnin ljeti sem mestan árangur verða af till. Till. þessi var í tveimur liðum, sem sje:

a ð láta sjerfræðing rannsaka kolafundi, og
a ð heimila landsstjórninni kolavinslu á kostnað landssjóðs.

Jeg get upplýst það nú, ef menn hafa ekki vitað það áður, að stjórnin hefir altaf verið á hnotskóg til að reyna að útvega sjerfræðing. En eins og jeg tók fram í hv. Ed. fyrir skömmu, þá hefir það verið svo miklum örðugleikum bundið að fá sjerfræðing í kolanámufræði, að það hefir ekki lánast að fá neinn fyr en nú fyrir skömmu. En jeg skal taka það fram, að þar sem svo er að orði komist í skýrslunni, að vegamálastjórinn hafi útvegað manninn, þá er það ekki rjettilega skýrt. Jeg skal ekki draga neitt úr afskiftum vegamálastjórans. Hann hefir gengið mjög vel fram í málinu. En frumkvæðið var þó hjá stjórninni. Hún hefir gert sitt ítrasta til að útvega manninn, bæði með brjefaskriftum til íslensku stjórnarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn og fyrir milligöngu Kirks hafnarverkfræðings, sem hjer var. Með tilstyrk vegamálastjórans hefir nú tekist að útvega manninn, en það er alls ekki honum að þakka, fremur en stjórninni. — Þessi námuverkfræðingur hefir verið trúnaðarmaður sænsku stjórnarinnar við rannsókn á brúnkolanámum þar í landi. Hann er ráðinn hjer til næstu áramóta, og er nú að rannsaka Tjörnesnámuna, en að því loknu er honum ætlað að rannsaka kolafundi sem víðast, þó einkum þar, sem menn áður vita um kol, svo sem á Vestur- og Austurlandi.

Síðari liður till. frá aukaþinginu stendur í nánara sambandi við Tjörnes-

námuna en skýrslan ber með sjer. Þó till. tali um að útvega sjerfræðing til að rannsaka kolafundi, þá er ekki í henni bannað að hafast eitthvað að áður en hann fáist. Síðari liður till. heimilar það beinlínis, og telur jafnvel æskilegt, að eitthvað sje gert áður.

Fyrst stjórnin vildi nú verða við óskum þingsins í þessu efni, þá varð það úr, að sumarið var ekki látið líða, nje heldur beðið eftir tilraunum einstakra manna, sem stjórnin vissi ekkert um að ætluðu sjer að vinna kol, eða beðið eftir sjerfræðingnum frá útlöndum, sem þá og lengi síðan var ekkert víst um að kæmi.

Stjórninni var nú kunnugt um það, — ekki einungis úr fræðiritum, heldur og af innlendri reynslu margra manna, að surtarbrandur var til víða um land og að vart hafði orðið við brúnkol á stöku stað. Þar eð engum sjerfræðingi var til að dreifa til kolarannsókna, virtist stjórninni helst tiltök að byrja kolanám á þeim stað, þar sem mest var fengin reynslan um kolavinslu og notagildi kolanna. Stjórninni var nú ókunnugt um, hvernig kol höfðu reynst, þau er tekin höfðu verið, nema á Tjörnesi. Þar vissi stjórnin með vissu, að surtarbrandstekja hafði verið stunduð í 30 ár, og brúnkol tekin til eldneytis, stundum allmikið, einkum síðustu árin. Það var því fengin góð reynsla um þessi kol. Þó það væri ekki efnafræðileg reynsla, þá var hún notagildisleg, bygð á umsögn manna þar um slóðir, sem höfðu notað kolin og reynst þau góð, ef hagað var eldstæðum eftir því, sem best hentar þessum kolum.

Stjórnin taldi þessa notkunarreynslu nokkurn veginn ábyggilega. Jeg skal geta þess, að einn í stjórninni, fyrverandi fjármálaráðherra (B. K.), veitti þessu máli mikla athygli. Hann er mjög áhugasamur í þessum efnum og hafði, meira en nokkur annar í stjórninni og meira en nokkur annar í þessari hv. deild og í Ed., kynt sjer námufræði og steinafræði. Hann hafði skrifast á við Benedikt Björnsson, skólastjóra á Húsavík, um Tjörnesnámuna, og hefi jeg hjer í höndum brjef, sem Benedikt skrifaði þáverandi fjármálaráðherra (B. K.), dags. 9. maí 1917. Hefir hann góðfúslega lofað mjer að sjá brjefið, og þó að það sje „privat"-brjef, vil jeg leyfa mjer að lesa úr því svolítinn kafla. Hann segir svo:

„Eingöngu kol úr þessari námu hafa verið notuð hjer á Húsavík í vetur. Verð þeirra hefir verið kr. 20,00 tonnið við námuna, en kr. 29,00—30,00 hingað komið, og hafa flutningar orðið svo dýrir vegna óhentugra flutningatækja.

Nú hafði jeg undirbúið kolanám í sumar í allstórum stíl, eftir beiðni og pöntunum ýmsra manna hjer og kringum Eyjafjörð og víðar ..... Menn hafði jeg ráðið og lagt í allmikinn kostnað með verkfæri og annan útbúnað, enda allur atvinnuvegur minn í sumar bygður á þessu og miðaður við þetta. En nú veit jeg ekki, hvernig um hann fer, ef landsstjórnin tekur námurnar til rekstrar, eða einhverra athafna.

Um notagildi kolanna ber mönnum ekki saman. En eftir minni reynslu tel jeg kolin hálfgildi góðra enskra ofnkola. En rúmgóð og dráttmikil eldstæði þarf fyrir þau, ef vel á að fara, því þau eru svo öskumikil."

Það er einmitt þetta atriði, sem sumir hafa ekki vitað um, sem harðast hafa dæmt Tjörneskolin, og ekki er sagt, að dómurinn hefði orðið á þá leið, ef rjettilega hefði verið með kolin farið.

Nú voru send tvö sýnishorn af kolum

úr þessari námu hingað suður, til rannsóknar, og reyndust þau svo vel, að upp frá því var afráðið að byrja að vinna þarna.

Á þinginu í fyrrasumar var enn samþykt þingsályktun í sameinuðu þingi, þgskj. 241, þar sem enn fastara er kveðið á um öflun eldsneytis, sjerstaklega innlendra kola, og er stjórninni þar meðal annars heimilað fje til leigu og kaupa á kolanámum. — Eins og tekið er fram í skýrslunni, var náman á Tjörnesi fyrst leigð, en eftir að tillagan var samþ. í þinginu, fóru fram kaup á öllum námurjettindum í Ytri-Tungulandi, 16. ágúst f. á.

Af þessu er það ljóst, að stjórnin hefir í þessum efnum farið eftir skýlausum vilja þingsins og heimildum þess, og kappkostað að koma þessu ítrekaða áhugamáli þingsins svo til framkvæmda, sem henni virtust atvik helst liggja til. Stjórnin skildi svo framkomu þingsins í þessu máli, að það hefði ekki lagt áherslu á annað meira en að þarna væri duglega hafist handa. Auðvitað ekki með reikningslegum halla, ef unt væri. En hvar er hægt að fá fulla vissu, eða þó ekki sje nema viðunanlegar líkur til þess, að ekki geti orðið tap á svona stóru fyrirtæki, þar sem kunnáttu og reynslu vantar svo tilfinnanlega?

Í þessu sambandi er rjett að taka það fram, að stjórnin hefir, rjettilega, ekki látið sitja við kolavinsluna á Tjörnesi. Hún hefir, með þeirri bestu aðstoð, sem hún getur fengið hjer innanlands, þegar sjerfræðing vantaði, látið rannsaka kolafundi á Vesturlandi og Austurlandi og gefa þær upplýsingar, sem föng voru á. Hún hefir látið rannsaka kolasýnishorn hjer í Reykjavík frá ýmsum stöðum, útvegað verkstjóra, þar sem þess hefir verið óskað, útvegað verkfæri og sprengiefni og yfir höfuð reynt að greiða fyrir kolavinslu sem mest.

Hjer get jeg líka tekið það fram, sem er alls ekki í ljóst í skýrslunni, nje heldur í viðbótargreinargerð hv. frsm. (G. Sv.) við hana, að í þessu hafði stjórnin frá byrjun aðstoð og tillögur vegamálastj. En í því efni fór stjórnin í varfærnisáttina, að hún vildi ekki hefja kolavinslu nema á þessum eina stað.

Þetta er nú það, sem jeg vildi sagt hafa alment um málið, áður en jeg sný mjer að skýrslunni sjálfri. Eins og skýrt er frá í upphafi skýrslunnar, kom það fram í ræðu hv. frsm. (G. Sv.), að nokkru nákvæmar var þar farið út í málið.

Ætla jeg nú að taka skýrsluna eins og hún liggur fyrir mjer á borðinu, eins og öðrum hv. þm.

Fyrst skal jeg geta þess, að það ætti að geta verið hv. fjárhagsnefnd ljóst, hvers vegna náman var fyrst tekin á leigu. Get jeg í efni vitnað til hæstv. fyrv. fjármálaráðherra (B. K.), að það var fyrir það, að hreppsnefnd Tjörneshrepps átti frumkvæði í því. Eftir að hreppurinn hafði fengið kauparjett á námunni fyrir um 12,000 kr., gerði hreppsnefndin fyrirspurn í síma um það hvort landsstjórnin vildi ekki leigja námuna, og bauð landsstjórninni að sitja fyrir leigunni. En einstakur maður, Þorsteinn Jónsson, kaupm. frá Seyðisfirði, var þá að falast eftir að fá námuna leigða. Leiga fekst ekki lægri en 2400 kr. á ári. Þannig stóð þá á því, að landsstjórnin gekk að því að leigja námuna, fyrir kr. 3,50 fyrir hverja burtflutta smálest, sem hv. nefnd og frsm (G. Sv.) virðast telja of hátt. Hjer var ekki kostur á vildari kjörum. Og það held jeg rjett með farið, að maður sá, er falaðist eftir námunni til leigu, hafi ekki átt

kost á henni fyrir þetta, en hefði má ske ekki gengið frá, þótt leigan hefði verið hærri. Þessi leigusamningur gilti til hausts, til 1. sept., því að þá var óráðið, hvort námurekstri yrði haldið lengur áfram á kostnað landssjóðs. En svo kemur fram þetta nýja, að Tjörneshreppur býður landsstjórninni námuna til kaups, og þegar svo þingsályktunin frá þinginu í fyrra líka heimilaði kaup, þá varð það að ráði að kaupa námuna fyrir 16000 kr. Að það sje hálfu meira verð en hreppurinn hafði þá nýlega keypt jörðina fyrir, er því ekki rjett, en hins vegar er það mjög tíðkanlegt á þessum dögum, að eignir hækka fljótt í verði, án þess að kaup eða almenn viðskifti hætti fyrir það. Í raun og veru var það ekki nema eðlilegt, að stjórnin rjeðist í að kaupa. Reikningslega sjeð var það hagkvæmara en að halda áfram að leigja, því að ekki þurfti nema tæpar 4600 smál. af uppteknum og burtfluttum kolum, til þess að borga kaupverðið, og þegar búið var að taka upp 5000 smál., var það orðið betra en að leigja. Jeg ætla ekki að þreyta hv. deild á því, að koma fram með þetta sem reikningsdæmi, en hægt er um vik að sannfæra sig um, að þetta sje rjett.

Áður en keypt var hafði fyrir nokkru verið hafin kolavinsla fyrir norðan, og sá verkstjóri ráðinn, sem þegar hefir verið nefndur, bæði í skýrslunni og ræðu hv. frsm. (G. Sv.). Það er Jónas Þorsteinsson. Hafði hann ágætismeðmæli og átti frá háu kauptilboði að hverfa, sem verkstjóri við annað fyrirtæki, sem fór í líka átt, eldneytisöflunina í Reykjavík. Hafði hann áður verið nokkuð við námugröft í Dufansdal, og auk þess verkstjóri undir yfirstjórn Jóns Þorlákssonar. Var hann ráðinn af atvinnumála- og fjármáladeild stjórnarráðsins í sameiningu. Síðar var svo bætt við öðrum manni, Sigurði Jónssyni, af því að vinnan var svo margskift og verkamenn margir. Það virðist nú svo, að það sje álit hv. nefndar og frsm. (G. Sv.), og ef til vill hv. þingdm. og almennings, að þessi maður hafi verið óheppilega valinn, af því að hann hafi ekki reynst standa í stöðu sinni á þann hátt, er þurft hefði, en þar sem sjá má í skýrslunni, að veganálastjóri hafi traust nefndarinnar að minsta kosti á móts við það traust, er nefndin ber til landsstjórnarinnar, þá víkur því einkennilega við, að veganálastjóri hefir ráðið þennan mann áfram til að standa fyrir vinslu námunnar. En jeg get nú tekið það fram, að þetta er ekki það eina, sem ekki er vel samrýmanlegt við það, sem nefndin segir og virðist álíta um málið, svo rökfærslan fer stundum út um þúfur.

Kaupgjaldið er að vísu nokkuð hátt, en ekki vil jeg segja, að það sje nákvæmlega eins hátt og segir í skýrslunni, en það munar aldrei svo miklu, að út af því sje hvellur gerandi. En jeg mun síðar, ef hæstv. forseti leyfir, skýra frá áliti annara manna, sem færa skriflegar ástæður fyrir því, að eðlilegt sje, að kaup sje hærra þarna en við nokkra aðra atvinnugrein hjer á landi.

Sama er að segja um fæðiskostnaðinn, sem jeg er sammála nefndinni um að er hjer mjög hár. Mun það og eðlilegt, að á þessum stað þurfi fæði að vera í kostbesta lagi vegna erfiðrar vinnu.

Er jeg þá kominn að því, hvað selt hefir verið frá námunni á þessu tímabili. Skal jeg hjer ekki gera veður út af því, þótt þar sje ekki nákvæmlega frá skýrt.

Jeg skal taka það fram, að þess er getið á 2. bls. skýrslunnar, að skipaður hafi

verið eftirlitsmaður og reiknigshaldari við námuna sá maður, er frsm. (G. Sv.) drap á, sem sje sýslum. í Þingeyjarsýslu. Það var þegar jeg fór norður til að athuga námuna, að það kom upp, að nauðsynlegt væri, að til aðstoðar um ýms vandasöm atriði, yrðu skipaðir 3 menn í nefnd. Var það sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu, hreppstjóri Tjörneshrepps, Jón Jónsson á Hjeðinshöfða, og Egill Sigurjónsson, hreppsn.m. á Laxamýri.

Jeg er ekkert smeikur, þótt skrifarar þessarar hv. deildar festi þessi nöfn á pappírinn, því að jeg er þess fullviss, að lífs og liðnum verður þeim ekki borinn annar vitnisburður en sá, að þeir hafi verð vandaðir sæmdar- og merkismenn, og framkvæmdir þeirra hafa sýnt þá hyggna menn og athugula. Hv. frsm. (G. Sv.) var nú svo nettur, að í sambandi við þetta fór hann alls ekki út í það, að Sigurður Jónsson, fyrrum á Ystafelli, hefði ritað upp á greiðsluávísun fyrir ferðakostnaði sínum norður. Það var að eins eitt heiðrað blað, eða eitt blað, skulum vjer heldur segja, sem hafði það fyrir hvítasunnusálm, að jeg hefði farið norður til að ráðstafa búi mínu og flytja suður konu mína og börn upp á landssjóðs kostnað. Það verður eini útúrdúr minn að gera grein fyrir þessu. Jeg fór norður á eigin kostnað. En í samráði við þáverandi hæstv. fjármálaráðherra tókst jeg á hendur að athuga ýmislegt viðvíkjandi námunni. Fyrir það var ekki borgað annað en það, sem gekk í fylgdarmann og hesta frá Ystafelli til námunnar. Að öðru leyti tók jeg ekkert fyrir þá ferð. En þessa skýringu má ekki misskilja þannig, að jeg gefi í skyn, að nefndin hafi hreyft þessu til að villa sjónir.

Það er margt fleira í skýrslunni, sem jeg hefði viljað skýra frekar, en jeg vil sjerstaklega taka það fram viðvíkjandi því, sem skýrslan segir, að „hreinn halli á rekstri þessarar námu hafi orðið frá miðjum maí f. á. til 9. mars þ. á., á annað hundrað þúsund króna“, að þessir reikningar eru ekki enn fyllilega endurskoðaðir. Niðurstaða nefndarinnar er því ekki nákvæm. En þetta er ekki svo að skilja, að hallinn muni áreiðanlega reynast minni. Hann getur eins vel orðið nokkuð meiri.

Það er rjett, að kolaverðið var fyrst 35 kr., og var því haldið nokkuð lengi. Að kolaverðið var ekki hækkað þegar landssjóður tók að vinna námuna, stafaði af því meðal annars, að þegar námavinnan byrjaði, þá var þar fyrir vinnuflokkur, eins og líka hv. frsm. (G. Sv.) drap á. Varð það að samkomulagi, að þessi flokkur rjeði sig til landssjóðs, þannig að báðir flokkarnir lögðu saman. En sá flokkur var búinn að lofa nokkrum kolum fyrir þetta litla verð.

Að setja verðið svo í byrjun, að sýnt væri, að reksturinn bæri sig, var ekki svo auðvelt, þar sem um nýtt fyrirtæki er að ræða, með nýjum áhöldum og öðrum dýrum verkfærum.

Það stendur í nál., að kaupendum og neytendum þessara kola hafi víst þótt nóg fyrir þau gefið. Þetta getur vel verið rjett fullyrðing að einhverju leyti, en þá verður það líka að byggjast á því, að svo mikill sje gæðamunur á þessum kolum og kolunum úr Hringversnámunni, að ekki hafi verið gerlegt að selja þau hærra verði en þetta. Skal jeg láta mjer nægja að taka það fram, að þessi fullyrðing á ekki við sönnunargögn að styðjast.

Þá segir svo, í niðurlagsorðum skýrslunnar, að yfirstjórn þessa fyrirtækis hafi verið í höndum atvinnumálastjórnar landsins. Það er að nokkru leyti rjett,

en eins og jeg hefi áður vikið að, hefir og þáverandi forstöðumaður fjármáladeildarinnar, hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), látið sjer mjög ant um málið, meðan það var á undirbúningsstigi, og öllum helstu framkvæmdaratriðum í stjórnartíð hans. En þótt hann hefði lítil afskifti af fyrirtækinu, er það var komið í fast horf, þá var hann sá, sem var lífið og sálin í framkvæmdum þessum í byrjun, og mest vann að því að koma því í það horf, er það hafði í síðastliðnum ágústmánuði, og gæti því nefndin eins vel beint aðfinslum sínum þangað að mestu leyti.

Þá kem jeg að þeim stað í skýrslunni, sem styðst við brjef frá cand. Einari Gunnarssyni, og er allhörð ummæli um reikningsskil og annað. Þar er nú að vísu vikið að nokkru leyti að því,að stjórnin hafi ekki vandað til þeirra manna, er þar er veist að, nje haft eftirlit með þeim. Jeg hefi nú áður nefnt þessa menn, og skal jeg ekki fara langt út í þau orð, en að eins taka það fram, að þetta er slitið út úr sambandi, miðað við brot af reikningunum og haft eftir ónákvæmum og ósamhljóða simskeytum, sem oft er ómögulegt að segja um, hvernig stendur á að ósamhljóða eru, og vitanlega stundum eru röng, enda vitnar bæði þessi maður og vegamálastjóri nokkuð annað að lokum.

Eftir þetta vikur skýrslan mest að vegamálastjóra landsins, og að málið hafi verið honum í hendur fengið, „þegar í þetta hirðuleysis-óefni var komið“. Jeg hefi nú áður tekið það fram, að vegamálastjórinn var búinn að hafa áður ýms afskifti af námunni, sjá um kaup á verkfærum og útvegun á fleiru, með aðstoð verkstjórans, sem þá kom suður, hefir einmitt unnið að þessu, sem mig minnir, að hv. frsm. (G. Sv.) bendlaði við fyrirhyggjuleysi. Loks er það sagt, að hann hafi, eftir að hann tók við, fengið plögg námunnar í hendur frá stjórnarráðinu og heimtað til sín að norðan alla reikninga og bækur. Og síðan hafi hann með þau gögn í höndum gert reikningsskil yfir rekstur og hag námunnar frá byrjun. Þótt þetta sje má ske ekki algerlega rangt, er það ekki nægilega s k ý r t og talsvert villandi.

Enn segir skýrslan, að vegamálastjóri hafi útvegað sænskan verkfræðing, reyndan mann og dugandi. Sannleikurin er nú sá, að það gerði stjórnarráðið með aðstoð stjórnarskrifstofunnar í Höfn og Kirks verkfræðings. Jeg hefi alls ekki viljað draga af þessum heiðursmanni, vegamálastjóranum, þann tvísýna heiður að hafa útvegað þennan mann. En það er nú fremur stjórnarinnar verk, og býst jeg við, að sumir menn álíti það eitt af„ axarsköftum ogskakkaföllum“ stjórnarinnar að útvega manninn. Jeg vil með þesu benda á, að hann var ekki einn um það, svo að hann þurfi ekki að vera einn um ábyrgðina, þegar þar að kemur.

Enn er þess getið, í sambandi við vegamálastjóra, að nú sje náman „undir hæfri og ábyggilegri stjórn“. En þess er ekki getið, hve margir þátttakendur eigi að felast undir þessu samnafni „hæfri og ábyggilegri stjórn“. Sennilega er það, að landsstjórninni frátekinni, tilsjónarnefnd námunnar, verkstjórar og dagleg stjórn námunnar. Ef svo er, þá vikur því undarlega við, að í þessa hæfu og ábyggilegu stjórn ræður vegamálastjóri sama aðalverkstjórann og áður. Hann mun ráðinn til hausts. Það ber því alt að sama brunni. Þrátt fyrir góðan vilja kann jeg ekki að hugsa öðru-

vísi en svo, að hjer kenni, sem víðar hjá nefndinni, dálítils ósamræmis.

Ætla jeg svo ekki að fara fleiri orðum um þessa skýrslu, en tala dálítið meira um málið frá almennu sjónarmiði. Það sem bæði hv. nefnd og allir aðrir, er nokkuð vita rjett í málinu, reka fyrst augun í, er þessi reikningshalli. Hann er mikill — alt of mikill — er mjer óhætt að segja.

Jeg ætla nú ekki að vera svo hlutdrægur og ósanngjarn að segja, að ekkert hafi farið lakar í þessu efni en mátt hefði og átt að fara með bestu fyrirhyggju og aðgerðum. En á þeim tíma og undir þeim sjerstöku aðstæðum, sem nú er um að ræða, hygg jeg að hv. nefnd hefði varla getað það heldur, svo öllum hefði vel líkað. En gætum betur að. Er ekki þetta vanalega reynslan, þegar eitthvað á að kanna, ráðast í eitthvert fyrirtæki á óþektu svæði? Auðvitað er það ekki fullgild afsökun, en þó má taka tillit til þess. En hvað hafa menn svo í aðra hönd? Af skaða verða menn hygnir, en ekki ríkir. Og ef vjer gætum orðið hygnir af skaða í þessu tilfelli, þá hefði þetta orðið til nokkurs góðs. En þess verður og að gæta um þennan reikningshalla, að tapið er ekki eins mikið fyrir þjóðfjelagið í heild og það sýnist á pappírnum. Tel jeg þar þá fyrst til, að margir menn hafa þar fengið góða atvinnu og fengið hátt kaup, þó eigi of hátt miðað við það hins vegar, að þeir hafa orðið að hætta lífi sínu, þótt sem betur fer engin stórslys hafi orðið. Þótt hjer sje ekki að ræða um dýrtíðarhjálp í eiginlegum skilningi, þá er þó ekki rjett að segja, að þetta fje sje tapað fje þjóðfjelaginu. Og þótt kolaverðið sje lágt, þá er þar heldur ekki tapað fje þjóðfjelaginu, þótt það standi ekki í landssjóði. Og ef kolaverðið í þessari námu hefði frá upphafi verið 55 kr. fyrir hverja burtflutta smálest, þá væri þegar höggið stórt skarð í **reikningshallann**, um eða yfir 30 þús. kr. En jeg hefi sagt ástæður til þess áður, að það verð var ekki sett í upphafi. Þetta er ekki svo hátt verð, þegar miðað er samtímis við verð á útlendum kolum, og ef menn halda því föstu, sem ekki er hægt að mótmæla, að hitagildi Tjörneskolanna er að minsta kosti ⅔ á móti útlendum kolum, þá er það ekki hátt. Til þess að jafna reikninghallann, þó ekki verði með því að leggja peninga inn í reikninginn, má enn taka það fram, að jeg get ekki sjeð það, að án þess, að þessi náma hefði verið rekin, hefði orðið mikið úr öflun kola, eða slík öflun framkvæmd með slíkum áhuga og nú eru líkur til að verði sumarið 1918.

Þess ber að gæta, að þetta er tilraunastöð, og að ekki má gera þær kröfur til þeirra að þær borgi sig alveg reikningslega; það er ekki frá því sjónarmiði svo sjerlega mikið hrygðarefni, auk þess sem þarna má taka til fyrirmyndar í hinu góða, og þó að þar hafi einnig komið fram eitthvað, sem ekki er gott, þá er það að mínu áliti ekki nema eðlilegt, að slíkt komi fyrir. Í útlöndum eru slíkar tilraunastöðvar hafðar á kostnað ríkisins, og í sambandi við þetta vil jeg benda á, að engin reynsla var fyrir því, að Tjörneskolin væru nothæf til að knýja fram gufuskip; nú er þegar búið að panta talsvert mikið af þeim í þessu skyni, og þetta styrkir þá hugsjón, og flýtir má ske fyrir framkvæmd hennar, að landsmenn eigi sjálfir þau skip, sem þeir þurfa og knúð sjeu, má ske að nokkru leyti, má ske að öllu leyti, með innlendu eldsneyti. Jeg tel þetta mjög mikilsvert nú, þar sem lítil vissa er fyrir öflun útlendra kola og verðið

afarhátt. Auk þess er ekki nema sanngjarnt að taka tillit til þess, sem alstaðar, ekki má ske undantekinigarlaust, en undantekningarlítið, kemur fram, að það, sem hið opinbera lætur starfrækja á almenningskostnað, verður venjulega dýrara en það, sem einstaklingar hafa með höndum. Það reynist venjulega svo, að þeim mönnum verður klaksárt, er klakann brjóta og rennuna ryðja. En á fyrir það að halda höndunum í skauti sjer, og það einmitt á þessum tímum? Jeg segi nei. Mjer finst tímarnir kalla til þjóðarinnar, fremur en nokkru sinni áður, að reyna sem flest bjargráð, og þá fyrst þau, sem blasa við augunum í heimahögunum, eða eru fólgin þar, ef vel er leitað. Það kemur líklega fram á þessu þingi, hvaða stefnu hv. þm. fylgja í þessu efni, en það dugir þó ekki að fylgja í þessu efni gömlu reglunni, að spara eyrinn, en kasta krónunni.

Jeg ætla enn að taka það fram og halda fast við það, að það var rjettur skilningur hjá stjórninni að kosta sem mests kapps um að afla innlends eldsneytis. Í sambandi við það vil jeg benda á till. síðasta þings, að láta rannsaka sem best alla móvinslu, og þó þessi till. væri ekki frá öllu þinginu, og feld með eins atkv. mun í Ed., áleit stjórnin þó sjálfsagt að halda henni fram, og jeg held líka, að það sje í samræmi við skoðun flestra manna, að bera geri sem mest að því að safna innlendu eldsneti. En má ske vill þetta þing heldur verja dýrum tíma sínum til að þrátta um þetta mál, ekki að eins þetta eina, heldur og hvert annað mál, sem hverjum einstökum þm. kann til hugar að koma, en að athuga það í stærri drættum, athuga málið í höfuðatriðum og í sambandi við þá tíma, sem yfir standa og í vændum eru, og í sambandi við þetta vil jeg halda því fram, að afskifti þings og stjórnar um eldsneytismálefni, þar á meðal Tjörnesnámuna, eru ekki ásökunarverð, heldur sjálfsagt að gera hið ítrasta til að halda því áfram, þó að margt sporið geti verið misstígið við það.

Jeg get ekki látið vera að benda á tvö hliðstæð dæmi. Annað er Vestu-útgerðin; þar kom mikið fje fram sem reikningshalli, en hvernig fór? Menn gáfust ekki upp, og nú er hugmyndin viðurkend sem góð, og verður það áfram, og eftir ósk og samþykki hins háa Alþingis höfum við nú allgóð skip, kostuð á eigin ábyrgð, og ætlum með jafnaðargeði að bera það, þótt einhver halli kunni að verða. „Ekki fellur trje við fyrsta högg," og stefnan í því máli sýnist vera rjett.

Hitt dæmið er þessu hliðstætt. Það var vist bæjarstórn þessa bæjar, sem undirbjó mótak á síðasta ári; jeg skal ekki fara út í mjög miklar skýringar um það atriði; nokkur meginatriði get jeg minst á, og þá fyrst það, að land til að vinna úr móinn þurfti hvorki að kaupa nje leigja dýrum dómum, því að bærinn átti það sjálfur. Það var kostað upp á að fá mann til yfirstjórnar, mann, sem almenningur áleit mjög góðan fjármálamann, mann, sem lengi hafði verið trúnaðarmaður stjórnarinnar o. s. frv. Öldum saman höfðu menn þekt móvinslu, svo að þar var ekki um neina nýja braut að ræða, hvað það snerti; líkindaleg áætlun var gerð um, hvað mórinn myndi kosta, og eftirlit bæjarstjórnarinnar, sem hafði mörgum góðum mönnum á að skipa, gat verið mjög handhægt. Öll þessi skilyrði voru þýðingarmikil og voru fyrir hendi, en hvernig fór? Það er hv. þgdm. kunnugt, að þrátt fyrir þessa góðu aðstöðu varð mórinn miklu dýrari en áætlað var, og mjer er sagt, að

mikill skaði hafi orðið á fyrirtækinu, enda svo skifti tugum þúsunda aðkrónutali. Þetta er ekki sagt til að álasa hinni góðu bæjarstjórn hjer í Reykjavík. Eftir því, sem jeg veit best, ætlar bæjarstjórnin að halda áfram, en gefast ekki upp við reynsluna, og hafi hún þökk fyrir!

Jeg vil þá ekki þreyta hv. deild mjög mikið fram yfir þetta, en jeg get samt ekki annað en drepið á álit þess manns, sem nánar þekkir alla aðstöðu þarna við Tungunámuna heldur en jeg, og nefndur er áður í sambandi við þetta mál; það er hr. Einar Gunnarsson cand. phil., í skýrslu, sem hann hefir gefið um reikningshald námunnar, tekur hann það fram, að reikningshaldarinn, Benedikt Björnsson kennari, ásamt sýslum. á Húsavík, hafi að mestu lokið ársreikningum námunnar áður en þessir reikningar voru sendir til vegamálastjórans.

Jeg býst nú við, að sumir hv. þm. muni þekkja svo sýslumanninn í Þingeyjarsýslu, að þeir trúi því ekki, að hann eigi svo óheppilega hlutdeild í málinu, eins og skýrslan sýnist vilja benda til. Annars gæti jeg drepið á það, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir skoðað námuna, og gæti því, þótt hann vildi ekki blanda sjer inn í þessi sjerstöku atriði, gefið hv. deild einhverjar upplýsingar.

Gagnvart því, sem sagt er um kaup o. fl., vil jeg benda á það, sem vegamálastjóri segir:

„V i n n a n. Kaup er nokkuð hátt. saman borið við verkal. við aðra vinnu, en þess ber að gæta, að vinnan í námunni er óvenjulega ströng og erfið; menn verða að standa hálfbognir að vinnunni, andrúmsloftið í námugöngunum þungt og rakt, úr loftunum lekur jafnan meira og minna, og hefir víða kveðið svo mjög að þeirri vætu, að menn hafa ekik getað varið sig með vosklæðum, svo þeir hafa verið gegnvotir innan klæða allan daginn. Má nærri geta, að slíka aðbúð þola einungis vel hraustir menn, nema verða fyrir heilsutjóni. Þá er og eðlilegt, að fæði og þjónusta verkamanna undir slíkum ástæðum verði dýrara en venja er.

K o s t n a ð u r i n n. Auk aðalhússins, sem gert var í fyrra sumar, er þar timburskúr allstór, gerður í fyrra vor, til sumardvalar fyrir verkamenn, enn fremur smáskúrar og smiðjuhús. Allar þessar byggingar hafa kostað rúmar 40 þús. kr., en ekki stóra húsið eingöngu, eins og talið er í skýrslunni; það hefir kostað sem næst þá upphæð, sem það er virt (33 þús. kr.). — Óhætt að fullyrða, að kolin hafa ekki verið lakari en íslensk kol yfirleitt, ekki að marka mismunandi skoðanir manna um gæði innelnds eldsneytis, fer meðal annars mjög eftir eldstæðum, hvernig það reynist hverjum einstökum. Hefir verið lagt fyrir verkstjórnina, að hreinsa sem best frá kolunum óbrennanleg efni.

N i ð u r l a g s o r ð. Reikningar, sem að norðan komu eftir áramótin, frá sýslum. og ráðsmanni námunnar, Ben. B., hafa sýnt, að rangar voru ályktanir þær, sem E. G. bygði á nokkrum misfellum í framtali kola í birgðum. Ástæðan til þeirrar ónákvæmni, er hann finnur í skeytum sýslum. og verkstjóra, er sú, að mjög er erfitt að telja fram kolabirgðir eftir teningsmáli þeirra, þar sem þau eru að mestu geymd á víð og dreif í göngum, en vigtun þeirra alt of kostnaðarsöm. Um reikningsskil hlutaðeiganda má fullyrða, að þau sjeu í góðu lagi. Sjóðbækur hafa auðvitað verið haldnar, og skrá um afhending kolanna."

Já, „lengi býr að fyrstu gerð," og jeg vona, að þessi fyrsta gerð hv. frsm. (G. Sv.) og mín sje svo mikils virði, að hv. þgdm. fari nú að geta gert sjer dálítið betri grein fyrir því, hvernig þeir vilja snúast við þessu máli, og þá með sjerstöku tilliti til þingsályktunartill. þeirrar, sem hjer liggur fyrir, bæði gagnvart fyrri og síðari lið hennar, en gagnvart þingsályktunartill. vil jeg enn leyfa mjer að benda á, hvernig vegamálastjóri lítur á málið. Hann segir sem svo gagnvart fyrri lið hennar:

„Sænski verkstjórinn, sem kominn er norður fyrir nokkru, hefir enn ekki getað látið uppi álit sitt um námuna, bíður þess, að sænsku verkfærin komist í hendur hans; þó má ráða af síðustu vikuskýrslu, að eftirtekjan hefir orðið nokkuð betri tiltölulega en undanfarið. Nú sem stendur vinna í námunni að eins 20—25 manns, og er unnið mikið að útskipun til kaupenda. Af þessum mönnum eru að eins 10 ráðnir sumarlangt, með því skilyrði þó, að þeir skuli skyldir að vinna að annari vinnu, t. d. vegagerðum, ef hætt yrði í námunni. Fleiri menn vera að svo stöddu ekki fastráðnir, en ef eftirtekjan eykst svo, þá er farið verður að vinna með sænskum verkfærum, að sjáanlegt er, að rekstrartap mundi fara mjög minkandi, er sjálfsagt að halda vinnu áfram á þessum stað.

Aðstaða að kolanámi hjer á landi hefir alstaðar reynst svo erfið, að tap hefir orðið á því hingað til, en kolin seld miklu hærra verði en Tjörneskol. Má ekki horfa í slíkt í eldsneytisvandræðum þeim, sem nú vofa yfir. Hvergi hefir verið tekið upp líkt því eins mikið af kolum og í Tungunámu, nú um 2 þús. tonn, þar lagt þegar í allan undirbúningskostnað, og ekki sannað enn, að aðstaða sje lakari en á öðrum stöðum, er einstakir menn eða bæjarfjelög hafa látið vinna".

Mjer finst nú, að þegar menn athuga þetta álit vegamálastjórans, þá sje það ljóst, að hann vill láta halda áfram að vinna þarna til haustsins, og er þegar búinn að ráða menn, nokkra að minsta kosti, og vill láta þessi nýju verkfæri og þennan nýja sænska námamann njóta sín þarna, og hvað síðari liðinn snertir, tekur hann það fram, að það muni verða að hans till. haldið áfram í sömu átt, enda hefir kolanámið í Gunnarsstaðagróf sætt svo góðum undirtektum í þessari hv. deild, sem framast verður kosið. Mjer finst líkindi til þess, að það verði vegamálastjórinn, sem mestu ræður um þetta, og að stjórnin muni fara mest að till. hans um það, enda veit jeg ekki annað en að hann sje nú bráðlega búinn til þess að fara norður sjálfur.

Af því að jeg býst ekki við, að jeg muni þreyta hvorki mig nje hv. þingdeild á því að taka til máls aftur, verð jeg að víkja nokkrum orðum að þeim orðum hv. þingdeildarmanna, sem athugaverð eru að mínum dómi, og nefna það, að náman var keypt, en ekki leigð áfram. Jeg hefi líka gert grein fyrir ferð fulltrúans hingað suður, sem hv. frsm. (G. Sv.) ekki lagði mikið upp úr. — Um afgreiðsluna get jeg ekki dæmt, hvað sem hv. nefnd kann að hafa fyrir sjer í því efni. Um laun verkstjórans skal það sagt, að það er satt, að þau eru nokkuð hærri en þau laun, sem honum buðust hjer í Reykjavík, en að minni hyggju alls ekki hærri en það, sem verk þetta var erfiðara og hættulegra heldur en að vera flokkstjóri hjer við móvinslu í Reykjavík.

Þá er eitt stórt atriði í málinu, sem jeg hefi miklu verri aðstöðu að minnast á

en hv. frsm. (G. Sv.), og það er námurekstur Þorsteins kaupmanns Jónssonar, þar sem jeg hefi engar skýrslur þar að lútandi. Jeg verð þess vegna að sleppa því að mestu að minnast á það, — en hann mintist á það, hv. frsm. (G. Sv.), að tveir hefðu verkstjórarnir verið. Það stafaði af því, að oft þurfti að vinna á tveim stöðum í einu. Það þurfti að moka frá lausagrjóti, halda svo áfram mokstrinum, til þess að finna næsta lag, og svo þurfti einnig að mynda námugöng inn í fjallið.

Þá nefndi hv. frsm. (G. Sv.) það einnig, að það hefði verið unnið að kolaleit á kolalausu svæði; þar er hann víst kunnugri en jeg, en sagnir voru um það, og ýmsar menjar báru vott um, að þessi þrjú kolalög væru ekki alt sem þar væri, heldur væru þar fleiri lög, og var varið talsverðum tíma og kostnaði til að komast að raun um, hvort svo væri.

Þá mintist hv. frsm. (G. Sv.) á undirbúninginn til vetrarins. Í þessari umræddu ferð, sem verkstjórinn fór hingað suður, var hann að undirbúa þesskonar öflun á bæði verkfærum og matvælum, og hafði þar til leiðbeiningar vegamálastjóra, og held jeg, að frávera hans hafi ekki staðið í vegi fyrir starfinu í námunni.

Notagildi kolanna mintist hv. frsm. (G. Sv.) einnig á, en um það hefir verið nægilega rætt. Það er óhugsandi, að þessi kol úr Hringversnámunni hafi verið þeim mun betri, að skjóta þurfi mjög skökku við. Því betur hefir Þorsteinn kaupm. Jónsson ekki skaðast á sínum námurekstri.

Jeg hefi skilið það svo, að það hafi þótt okurverð á eldsneytinu frá Tungunámunni, en það ber alt að sama brunni fyrir mína hugsun, að alt það, sem mælir með rekstri Hringversnámunnar og sýnir góð afdrif þess rekstrar, það mælir líka með framhaldsrekstri Tungunámunnar, vitanlega undir góðri og ábyggilegri stjórn. Þetta er „logikken“ í þessu máli, og þá nær það ekki nokkurri átt, að það hafi verið ófært að vinna í henni. En setjum svo, að þetta sje rjett, þá er komið að því, sem hjer stendur í till., að það sje alls ekki óhætt að halda áfram rekstri Tungunámunnar.

Niðurlagsástæður hv. frsm. (G. Sv.) fanst mjer vera þessar:

Þarna hafi ekki átt að vinna. Því hefi jeg þegar svarað. — Eftirlit hafi verið slæmt og verkstjórinn eigi dugað sem skyldi. Jeg skal ekki bera á móti því, og hefi aldrei gert, að ýmsu kunni að hafa verið ábótavant í þessu efni. En vitanlega hafa þeir menn, er standa áttu fyrir námurekstrinum, verið ráðnir eftir bestu vitund og þekkingu, með hliðsjón af því, að þeir áttu heima í grend við námuna.

Þau hafa verið forlög þessarar stjórnar, að henni hefir jafnan verið borið á brýn, að hún velji óheppilega menn sjer til aðstoðar. En gaman væri að reyna þetta nánar, hversu einróma dæmt yrði um mannaval hjer í salnum, ef farið væri að biðja hvern einstakan þm. að velja menn til einhvers verks og skrifa nöfn þeirra á seðla. Ætli tillögurnar yrðu ekki álíka margar og hv. þm.?

Jeg vil láta hv. frsm. (G. Sv.) njóta sannmælis, og segja honum það til lofs, að ræða hans var flutt skörulega, en þó hógvær. Í lok ræðunnar var hann að vísu nokkuð harðorður, en um það vil jeg ekki fást, enda mun honum hafa virst þau orð rjettmæt. Þykir mjer gott að eiga orðastað við menn, ef úr því þarf ekki að verða orðakast, sem jeg vil ekki láta eftir mig liggja.

Loks drap hv. frsm. (G. Sv.) á nokkur

smáatriði. Jeg held, að hv. nefnd hafi misskilið það, hvernig varið var um reikning manns eins, er kom að norðan. Hann sendi reikning í tvennu lagi. Hann vildi fá goldið kaup og ferðakostnað til Reykjavíkur, svo sem um hafði verið samið. Í annan stað vildi hann fá kaup fyrir ákveðinn tíma, sökum þess, að honum hefði verið ólöglega sagt upp. Stjórnarráðið sendi fyrirspurn til verkstjóra, og kom þá í ljós, að maðurinn átti rjett á því að fá goldið kaup þar til hann kom hingað til Rvíkur og ferðakostnað að norðan. En honum hafði verið löglega sagt upp vinnunni, og fjekk hann því eigi greiddan þann hluta reikningsins.

Hv. frsm. (G. Sv.) lagði áherslu á það, að síðastliðið Alþingi ætti enga sök á þessum misfellum. En eins og jeg hefi tekið fram, skildi stjórnin vilja þingsins á þá leið, að hún skyldi gera þær framkvæmdir, er best þætti henta, og liggja fyrir slíku nóg gögn í þingtíðindunum.

Jeg býst við því, að margir sjeu orðnir þreyttir á því að hlusta á skýringar stjórnarinnar. Mun jeg því láta hjer staðar numið og tala sem minst um þetta mál framvegis. Jeg hygg, að jeg hafi bent á meginatriði þessa máls nógu skýrt til þess, að hv. þm. geti glöggvað sig á því, áður en þeir afgreiða málið. Mál þetta er stórt mál. Eigi svo mjög vegna tekjuhallans, eins og hins, hvort ástæða sje til, að almenningur — einstakir menn eða fjelög — haldi áfram þeirri stefnu, að afla innlends eldsneytis, sjerstaklega surtarbrands og kola.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Hæstv. atvinnumálaráðherra hefir nú komið fram með það, er hann vill láta um mælt um þetta mál. Ekki hefir hann gefið nein loforð um að tala frekar í þessu máli, og skal jeg síst lasta það. Mönnum mun samt þykja nógu lengi að verið frá þeirri hálfu, ekki meiri skýringar en hv. deild hefir fengið á þeim atriðum, er skýrsla nefndarinnar og ræða mín gaf tilefni til.

Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að í skýrslu nefndarinnar vantaði margt til þess, að menn gætu myndað sjer álit um málið í heild sinni. Þetta er að því leyti rjett, að enn vantar allmikið á það, að öll kurl komi til grafar frá stjórnarinnar hendi. Skýrsla nefndarinnar byggir á skilríkjum þeim, sem fyrir henni lágu, öllum samt, og er hún allítarleg um aðalatriðin. En af því að ýms skilríki vantar, ræðir skýrslan ekki nógu ítarlega um öll atriði, sem um er deilt.

Jeg hefi þegar getið um tildrög þessa máls og drepið á það, hvernig þær þingsályktunartill. voru vaxnar, er aukaþingið 1916—17 og þingið í fyrra samþyktu. Till., sem aukaþingið í hitt eð fyrra samþykti, lagði fyrir stjórnina að framkvæma ábyggilega rannsókn, eigi einungis á gæðum kola, heldur og á vinsluskilyrðum öllum. Þetta hefir hæstv. stjórn ekki uppfylt, hvernig sem á því stendur. Hæstv. atvinnumálaráðh. taldi erfitt að fá sjerfróðan mann frá útlöndum. En hann gat þess ekki, að stjórnin hafi gert aðrar tilraunir í því efni en að skrifa íslensku stjórnardeildinni í Kaupmannahöfn.

Þá er nú fram komið, að er umsjón námunnar var fengin í hendur verkfræðingi, er þekkingu hafði í þessum efnum, þá fyrst kom skriður á málið. Hæstv. atvinnumálaráðh. gat þess, að auk vegamálastjóra hafi Kirk verkfræðingur átt drjúgan þátt í að útvega námunni verkfæri og annað þess háttar. En það gerðist alveg nýverið. Og yfirleitt hefir nálega alt það verið framkvæmt

nýlega, er til umbóta miðar. Það verður því ekki afsakað, sem ábótavant hefir verið um langan tíma, þótt nú fyrst sje ráðin einhver bót á því.

Þingsályktunartill. frá aðalþinginu 1917 gefur tilefni til þess að skilja vilja þingsins á þá leið, að vinna skuli innlent eldsneyti, afla surtarbrands og kola eftir því, er tiltækilegt sje. Stjórnin skilur þetta þannig, að hún skuli kaupa námuna á Tjörnesi og halda áfram rekstri hennar, hvernig sem gangi. Ekki get jeg skilið þingviljann svo, og ekki kom hann þann veg fram. Þó að þingið samþykti, að vinna skyldi innlent eldsneyti, var ekki hægt að skilja það svo, að stjórnin skyldi t. d. kaupa námuna, er hún þegar hafði leigt og átti kost á að fá leigða framvegis.

Hæstv. atvinnumálaráðh. taldi leiguna á námunni ekki háa, eftir því sem nú væri um að gera. Þetta má til sanns vegar færa, er litið er á það, hve dýrt alt er orðið. Jeg gat þess, að afstaðan væri þannig, af hálfu hreppsins, að ekki væri ástæða fyrir hann að okra meir á námunni gagnvart landssjóði en góðu hófi gegndi, þar sem landssjóður ætlaði að láta vinna námuna til gagns einkum fyrir þennan landshluta í heild sinni, og auðvitað sjerstaklega þann hrepp.

Og þegar þess er gætt, hvílíkan hagnað sveitin hefir af námurekstrinum, er það því meir áberandi, að hreppurinn skyldi leyfa sjer að níðast á landssjóði, og enn meiri furða, að stjórnin skuli hafa látið það viðgangast. Þingeyjarsýsla hefir fengið langmest af þessum kolum af öllum sýslufjelögum utan Reykjavíkur; til Rvíkur komu 310 smál., en Þingeyjarsýsla fjekk 300 smál. (**Atvinnumálaráðherra:** Þingeyjarsýsla fjekk að eins 4 smál. af dýrtíðarkolunum). Já, en það breytir ekki því, að kolanámið á Tjörnesi var svo bersýnilega í þágu hreppsins, að full ástæða var fyrir landsstjórnina að taka í taumana.

Það er enn þá óskýrt, hvað landsstjórnina rak til þess að kaupa námuna. Menn geta leitt getur að því. Ef til vill hefir verið hert á stjórninni, að hún skyldi kaupa, en stjórnin verið veil fyrir og látið til leiðast til kaupanna, þó að ekkert lægi formlega fyrir, er sýndi, að kaupin væru hentug eða nauðsynleg.

Það er rjett, að hið opinbera gerir iðulega tilraunir, sem búast má við að beri sig ekki, og menn hafa einnig verið við því búnir, að halli yrði einhver á þessari tilraun fyrst í stað. En hjer er um annað og meira að ræða en fyrstu tilraun. Í fyrsta lagi hefir stjórnin vanrækt að gera ábyggilega rannsókn á því, hvort reksturinn væri tiltækilegur eða gæti borgað sig. Og í öðru lagi er tíminn svo langur, að um tilraun getur ekki verið að ræða lengur en þá fram á mitt sumar í fyrra. Var þá nokkur reynsla fengin, sem stjórnin átti að vita deili á, og lítt afsakanlegt að halda vinnunni áfram í sama formi sem áður.

Þá vík jeg að vinnubrögðunum og verkstjóranum. Verkstjórinn var kvaddur hingað suður til þess að undirbúa vetrarvinnu. Það gat hann hvorki hjer nje gerði. Hið eina, sem hann gat gert, var að undirbúa veruna fyrir norðan, afla matvæla og þ. h. þeim mönnum, er norður áttu að fara. Jeg held því fram, að undirbúningur undir vetrarvinnu hefði að mestu átt að fara fram þar nyrðra. Það var vanrækt, og er verkstjóri kom norður með menn sína, var alt óundirbúið eða mjög lítt undirbúið.

Í námunni við hliðina á þessari var þessu öðruvísi hagað og náman og vinsla hennar um sumarið grandgæfi-

lega undirbúin undir vetrarverk, jafnhliða kolaupptöku; fellur því mestallur hallinn á reksturinn fyrir 1. nóv.

Hæstv. atvinnumálaráðh. taldi stjórnina hafa notið aðstoðar vegamálastjóra í þessu máli. Það er þó óupplýst, hvort hann hafi haft, og enda fullyrt, að hann hafi ekki haft önnur afskifti af námunni en greinir í skýrslu nefndarinnar. Hann hafði útvegað verkfæri og áhöld til námunnar erlendis, eða hjer heima, og líklega einu sinni ráðið nokkra verkamenn til námunnar, og enn í þriðja lagi, sem ekki er getið um í skýrslunni, aðstoðað verkstjóra við aðdrætti til vetrarins, þá er hann kom hingað suður. Það fer því fjarri því, að þetta gefi tilefni til að telja, að vegamálastjóri hafi haft nokkur afskifti af rekstri námunnar. Yfirstjórn fyrirtækisins var auðvitað hjá atvinnumáladeild stjórnarráðsins. Það var misskilningur hjá hæstv. atvinnumálaráðh., er hann taldi að jeg hefði álitið, að yfirstjórn fyrirtækisins ætti að vera fyrir norðan. Jeg er einmitt á því, að verkinu skuli stjórnað hjeðan úr Reykjavík, en að það eigi að vera undir hæfari og ábyggilegri stjórn en það var áður.

Jeg þykist hafa fært rök fyrir því, að þessi stjórn hafi hvorki reynst hæfnje ábyggileg, enda væri þess eigi að vænta. Það hafi verið óráð að láta stjórnarráðið fara með stjórn slíkra mála sem þessa. Því þótt stjórnarráðið sje vel skipað, hlýtur það ávalt að koma í ljós, að annað eins fyrirtæki, verklegs eðlis, er ekki vel komið í höndum þess.

Nú munu menn ætla, að jeg sje að afsaka stjórnina fyrir það, að svona illa tókst til. Engan veginn. Stjórnin hefði átt að sjá þetta þegar í upphafi. Enginn gat vænst annars en að stjórnin mundi taka þann upp, að fela hæfum manni yfirstjórn verksins. Þetta mál gat ekki heyrt undir stjórnarráðið á þann hátt, sem það var látið gera. Landsstjórnin veit ekki, hvernig á að stýra svona fyrirtæki. Það er afsakanlegt, en hitt er síður afsakanlegt, að hún skuli ekki vita, að hún á ekki að stjórna því beinlínis.

Hæstv. atvinnumálaráðherra ljet þess getið, að Tjörneshreppur hefði keypt námuna á 12,000 kr. Þetta getur vel verið. En fyrir nefndinni lágu ekki önnur gögn en afsal hreppsins fyrir eignarheimild sinni á námurjettnidum í ½ jörðinni, er hann hafði keypt fyrir 5000 kr. Af því rjeð nefndin, að kaupverðið, sem hreppurinn gaf, hefði verið nálægt kr. 10,000,00. Nefndin gat ekki farið eftir öðru en skilríkjum þeim, er hún hafði. En hinn hlutinn hefir þá verið dýrari, ef rjett er frá skýrt, og munar ar minstu, hvort kaupverðið hefir verið 10 eða 12 þúsund kr.

Hreppurinn selur landssjóði svo að segja jafnskjótt námurjettindin fyrir kr. 18,000,00, og hefir hann því haft töluverðan hagnað af kaupunum, auk annara gjalda og beins og óbeins gagns af kolakaupum, vinnu o. fl.

Þá gat hæstv. atvinnumálaráðherra þess, viðvíkjandi verkstjóra þeim, er sendur var norður í haust, að vegamálastjóri hafi ráðið hann aftur. Jeg vil benda á, að þar er alt öðru máli að gegna. Því víkur öðruvísi við, þegar verkið er komið undir hæfa stjórn, er hefir vit á málinu, að trúa þeim manni fyrir undirumsjón með sjálfri vinnunni, sem við hana hefir verið riðinn um hríð, og það því fremur, sem nú er fenginn útlendur sjerfræðingur, að því er kalla má, er hefir stjórnað samskonar verkum erlendis, heldur en að fela yfirstjórn

og einræði um tilhögun vinnunnar manni, sem áður hafði einungis verið verkstjóri undir öðrum.

Nú er ljóst, að það var óráð, enda þarf meira til þess að stjórna öðru eins verki en að hafa verið eitthvað við verkstjórn, undir annars manns yfirstjórn við alveg óskylt verk.

Það er því engin mótsögn, þótt hin nýja stjórn fyrirtækisins, vilji hafa þennan mann framvegis og treysti honum til þess að vinna undir sjer og öðruum sjerfræðingi í viðbót.

Jeg skal ekki fjölyrða neitt um ferð hæstv. atvinnumálaráðherra norður. Hann fór norður til námunnar, kannaði, að því er ætla má, staðhætti og afstöðu alla og rjeði ýmsa aðstoð til verksins. Menn hafa haft skiftar skoðanir um það, hve heppilegt þetta ferðalag hafi verið, en um það skal jeg ekki dæma. Það hefir verið fullyrt, að hann hafi fengið greiddan ferðakostnað norður. Fyrir nefndinni lá eigi annað en ávísun á fjárhæð úr landssjóði fyrir ferð hans.

Jeg tel sjálfsagt, að hann hafi ekki hirt sjálfur neitt af því, sem goldið var til þess kostnaðar, og fjarri sje það mjer að telja það eftir, því það er ekki sá hlutur, er neinu nemur, hver sem upphæðin hefir verið.

Þá talaði hæstv. atvinnumálaráðh. um skýrslu hr. E. G., og virtist mjer hann gera lítið úr henni og jafnvel virða hana vettugi. En einkennilegt er að heyra slíkt af vörum hæstv. atvinnumálaráðherra, þar sem þó er kunnugt, að þessi maður e r og h e f i r v e r i ð einskonar trúnaðarmaður stjórnarinnar í þessu og jafnvel fleiru; hann er svo mikill trúnaðarmaður hennar, að eftir að hann hefir gefið út þessa skýrslu sína, þá er nú lýst yfir því af hæstv. atvinnumálaráðherra, að þessi maður eigi að athuga eða yfirskoða reikningana, sem liggja hjá vegamálastjóra. Jeg skal minna á það í þessu sambandi, að vegamálastjóri hefir gert upp reikningana eftir fylgiskjölunum, alt frá upphafi, en hversu ábyggileg þessi uppgerð er get jeg ekki sagt um annað en að menn vita áreiðanlega um allar höfuðupphæðir, m. a. samkvæmt skýrslum að norðan. En þó að nú einhverju kynni að muna, þá skakkar aldrei svo miklu, að þessi útkoma raskist til nokkurra muna ef hallinn verður þá ekki meiri en nú er gert upp.

Þá vil jeg minnast á, að hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að nú mundi vera búið að taka upp, ekki um 1400 smálestir, heldur nálægt 2000 smál., en hann gleymdi að geta um, hversu mikið hefði kostað að taka þá viðbót upp, enda er viðbúið, að halli hafi orðið á því verki.

Jeg fór lítið út í skýrslu hr. E. G. í fyrstu ræðu minni, en að gefnu tilefni frá hæstv. atvinnumálaráðherra vil jeg nú drepa á hana nánar. Hann færir sem rök fyrir máli sínu, að frá 8. okt. til 13. okt. f. á. sje ekkert unnið í námunni og næstu viku sáralítið, og ber verkstjórinn hjer fyrir sig „vöntun á sprengiefni, híbýlagerð og að ótíð hafi tafið útskipun“. Við þetta atriði gerir E. G. þá athugasemd, að sprengiefnabirgðir hafi verkstjóri sjálfur best þekt, og sje um að kenna fyrirhyggjuleysi hans, híbýlin hafi átt að gera um sumarið o. s. frv. Hann álítur, að hægt sje að vinna í námunni og láta aðra menn fást við byggingarnar. Svo heldur hann áfram, að um útskipun geti ekki verið að tala í hafnleysum þar, sje veður svo ilt, að kol verði eigi flutt til sjávar.

Þetta eru hans orð um þau atriði.

Enn fremur segir: „Afhendingarskýrslan er hvað eftir annað skökk og eitt sinnið um 24,5 smálestir“. Telur hann munu vera ‚stórkostlegt ólag á bókfærslunni“ eða hún sje „alls engin“, o. s. frv.

Þetta er nokkuð af inntakinu í rökfærslu þessa manns. Að hún sje óábyggileg skal jeg ekki um segja, en hún staðfestir þó það, sem nú er upp komið, að eftirlitið hefir ekki verið sem allra best. Það ber líka vott um eftirlitsleysi, að þessi maður er ekki fenginn til að fylgjast með rekstrinum fyr en komið er fram í nóv. f. á., og þá sýnilegt, að stjórnina vantar skýrslu um ástandið þar norður frá. Nú hefir það heyrst á hæstv. atvinnumálaráðh., að hr. E. G. hafi gefið aðra skýrslu, sem ekki sje samhljóða hinni fyrri. Það er auðvitað á hans ábyrgð og stjórnarinnar. En svona skýrslugjafir frá sama manninum, sem ekki ber saman, þær sýna eða gefa í skyn, að hann eigi ekki að vera sá trúnaðarmaður stjórnarinnar, sem hann hefir verið. Jeg býst annars við, að útkoma síðari skýrslunnar sje ekki mjög frábrugðin hinni fyrri, þó að rökin sjeu önnur.

Hæstv. atvinnumálaráðh. taldi svo, að þessi halli væri ekki annað en reikningshalli, sem gæti breyst við endurskoðun. Jeg býst nú raunar við, að stjórnin geti orðið mjer sammála um, að ekki sje að vænta betri útkomu síðar. Að skýra svona mikinn halla sem pappírshalla eingöngu, það tel jeg með öllu ókleift og, eins og sakir standa, óleyfilegt. Og jeg hygg, að þetta hafi stórmikla þýðingu í þá átt að sýna, hvernig getur farið fyrir slíkum málum sem þessu í höndum núverandi landsstjórnar.

Þá talaði hæstv. atvinnumálaráðherra um það, að ekki hefði verið hægt frá upphafi að selja kolin hærra verði en 35 kr., vegna þess að þar hefði verið flokkur fyrir, sem lofað hafði svo og svo miklum kolum, en ekki efnt það, með því að stjórnin yfirtók verkið. Þetta sannar ekki neitt, því að þótt svo hefði verið, þá var þó altaf hægt og alt að einu, að inna af hendi þau loforð, sem gefin kunna að hafa verið. Jeg hygg miklu fremur, að ástæðan hafi verið sú, að landsstj. hafi ekki haft neina hugmynd um, hvernig sakirnar stóðu, og hafi því látið alt arka að auðnu. Þá heyrðist mjer það sömuleiðis á hæstv. atvinnumálaráðherra, að hann vildi efast um, að meira hefði verið gefandi fyrir kolin heldur en það, sem þau voru seld fyrir. En hvað viðvíkur þessum kolum og gæðum þeirra, þá hafa þau verið rannsökuð, og hefir það komið á daginn, samkvæmt fullyrðingum sama hæstv. ráðherra, að þau væru bærileg, saman borin við annað innlent eldsneyti. En reynslan hefir þó orðið sú, að þessi kol hafa ekki reynst vel, og stafar það líklega m. a. af því, að illa hefir verið vandað til þeirra, þau hafa verið alt of illa aðskilin, og er þetta eitt af því, sem kemur fram í skýrslu E. G. Aftur á móti hafa það sagt mjer menn, sem reynt hafa kolin úr Hringversnámunni, að þau hafi verið miklu betur aðskilin og þar af leiðandi betra eldsneyti heldur en landssjóðskolin. Jeg fór að reyna að komast að því, hvernig á því mundi standa, að landssjóðskolin væru svona miklu ver hreinsuð heldur en Hringversnámukolin, og sagði mjer þá maður, sem nokkra þekkingu hefir á þessum málum, að ein af ástæðunum gæti verið sú, að verkstjóri landssjóðs hefði verið ráðinn að nokkru leyti upp á „premíu“. Og það er hægt að hugsa sjer, að

kolin sjeu ekki sem best vönduð, þegar manninum, sem um það á að sjá, er borgað sjerstaklega fyrir hverja smálest, sem upp er tekin, hvernig sem kolin eru, svo að alls kostar ósennileg er tilgátan ekki, og gæti gefið landssjórninni bendingu um að víkja frá þessu „premíu"-kerfi sínu sem allra fyrst.

Þá er það óneitanlega áberandi við ráðningu þessa verkstjóra, með hversu góðum kjörum hann er ráðinn, og það er einkennilegt, að ekki skuli hafa verið hægt að fá hann eða neinn annan sæmilegan mann með viðunanlegri kjörum, sjerstaklega þó yfir veturinn. Það liggur nú líka í augum uppi, að æfi hans við þessa verkstjórn hefir ekki verið eins bágborin og hæstv. atvinnumálaráðherra vildi gefa í skyn. Jeg get fallist á, að æfi verkamannanna hafi ekki verið sem ákjósanlegust að sumu leyti, en enginn getur talið mjer trú um, að verkstjórinn hafi staðið holdvotur í margra stiga frosti við námuvinnu, enda mun annað um það atriði kunnugt, ef menn vildu út í það fara.

Jeg hygg, að nefndin fari rjett með, þar sem hún telur kaup hans með öllum fríðindum 8000 kr., eða ekki fjarri því, og það er heldur ekkert eins dæmi nú á tímum, þótt stjórni borgi undirtyllum svona vel, því að nærri liggur, að hver undirtylla, sem stjórnin hefir ráðið í þjónustu sína upp á síðkastið, hafi hærra kaup en alment er greitt þeim föstum embættis- og starfsmönnum landsins, er ábyrgðarmiklum stöðum eiga að gegna. Annars væri vel hægt, til þess að sanna, að tilgáta nefndarinnar muni vera rjett, að lesa upp áætlun um, hversu mikið fæði, húsnæði, ljós og hita o. s. frv. mundi kosta með því verði, sem nú tíðkast, en það ætla jeg þó ekki að gera að þessu sinni, því að hver þingm. getur reiknað það á fingrum sjer.

Hæstv. atvinnumálaráðherra kom mjög inn á það í síðari hluta ræðu sinnar, sem hann hafði talað um í fyrri hluta hennar, sem sje að aðdragandanum að því, að hafin var kolavinna á Tjörnesi, og afleiðingum hennar. Taldi hann, að þingið hefði gefið tilefni til þess og ætti því sök að máli. Jeg ætla mjer ekki nú að fara að skýra afstöðu þingsins til þessa máls, fremur en jeg hefi áður gert, en það getur á engan hátt borið ábyrgð á því, sem nú er orðið. Jeg býst sem sje við, að þingið hafi yfirleitt trúað því, er það samþykti að kolavinsla skyldi hafin, að landsstjórnin gæti ráðið fram úr því á viðunandi hátt, en það hefði landsstjórninni átt að vera ljóst, að það var hún ekki á eigin spýtur fær um, og hefði hún því þegar átt að fá sjer þá menn til aðstoðar, er þeim vanda voru vaxnir.

Vjer vitum, að því mun vanalega vera svo varið, að menn, sem skuldinda sig til að selja eitthvað við ákveðnu verði, gera það ekki fyr en þeir hafa gert sjer einhverja hugmynd um, hversu mikið varan muni kosta þá. En svo er þessu ekki farið með hæstv. landsstjórn. Hún býður út kolin á 35 kr. smál., án þess að hún viti, hvað kostar að vinna þau, eftir að hún hefir ráðist í að kaupa námuna, án þess að hafa rannsakað hana nokkurn hlut. Hún lætur vinna hana á kostnað landssjóðs, bæði sumar og vetur, án þess að hafa athugað það nokkuð, hvernig það mundi borga sig, og það hefir þá líka komið á daginn, að vetrarvinnan, alt til 9. mars a.m.k., hefir verið til sáralítils gagns, en aftur á móti afarkostnaðarsöm. Það sjá því allir, að landsstjórnin hefir rent blint í sjóinn í þessu máli og hefir í reiðileysi ráðist í

þessa vetrarvinnu, svo að ekki sje meira sagt. Hæstv. ráðherra vildi taka til samanburðar ýmislegt, sem gerst hefir, er ráðist hefir verið í einhver fyrirtæki í fyrsta sinni, og nefndi hann til „Vestu"-útgerðina, sem leitt hefði til þess, að nú væri risinn hjer upp innlendur skipastóll. Þessu mun fljótsvarað, því að sú útgerð var andvana fædd þegar í upphafi, og þá var og sá munur á, að landsstjórninni mun þá varla hafa komið til hugar að reka skipaútgerð yfirleitt á kostnað landsins. Og skipastóllinn okkar er ekki kominn fyrir tilstilli landsstjórnarinnar, heldur miklu fremur einstaklinga, nú að síðustu, einkum Eimskipafjel. Íslands.

Þá mintist hæstv. atvinnumálaráðherra á mótakið hjer í Reykjavík og tók fram, hversu mikið tap hefði orðið á því fyrir bæinn. En hjer er talsvert öðru máli að gegna en um kolanám landsstjórnarinnar norður á Tjörnesi. Því hjer var um það að ræða, hvort bærinn ætti að fara að ráðast í móvinnu hjer í námunda, í sínu eigin landi, og svo ræðst bæjarstjórnin í þetta, með það fyrir augum að afla bænum eldsneytis, en líka með það vísvitandi fyrir augum, að það muni ekki bera sig á fyrsta ári, og ef hæstv. landsstjórn vill halda því fram, að hún hafi vitað það, að þessi kolavinsla mundi ekki bera sig, þá veit hún meira, og hefir vitað frá byrjun, en hún hefir viljað láta uppi við þingið, og meira en komið hefir fram í ræðu hæstv. atvinnumálaráðherra. — Nei, munurinn er sá, að landsstjórnin ræðst í kolanámið og heldur því áfram, án þess að sjeð verði, að hún hafi haft nokkra hugmynd um, hvort það beri sig eða ekki. Eins og háttv. þingm. hafa nú sjeð og heyrt, þá hafa við þetta atriði ekki komið fram neinar skýringar frá hæstv. atvinnumálaráðherra, er nokkur skapaður hlutur sje á að græða.

Jeg verð nú að skýra ofurlítið nánar frá kaupum námunnar. (**Atvinnumálaráðherra:** Það hefir verið skýrt.) Þingið hefir engar fullnægjandi skýringar um það fengið. (**Atvinnumálaráðherra:** Það var betra að kaupa heldur en að leigja). Ef skaði er að námunni, þá borgaði sig betur að leigja hana, því að þegar þetta var skoðað sem tilraun, þá var það ekki ráðlegt að kaupa, heldur átti að nota leiguheimildina til þess að sjá, hvort þarna væru nokkur kol fyrir, er borgaði sig að eiga við. Jeg skal nú ekki segja um það, hversu mikil kol eru þarna fyrir hendi, en ef tilefnið var einhver laus sögusögn hlutaðeigenda fyrir norðan um það, að betur mundi borga sig að kaupa af þeim heldur en leigja, þá hafa kaupin sannarlega verið bygð í lausu lofti.

Þá er það líka með öllu óskýrt, hvernig á því stóð, að verkinu var haldið áfram, þó að það bæri sig svona illa, því jeg tel það enga skýringu, sem er fjarstæða, að halda hefði þurft áfram vetrarvinnu til þess að komast að því, hvort „tilraunin" mundi borga sig; að þeirri niðurstöðu hefði stjórnin átt að vera komin eftir sumarvinnuna. Þess vegna verður ekki hjá því komist, að hæstv. atvinnumálastjórn ber alla ábyrgðina á þessari vetrarvinnu og útkomu hennar. Náttúrlega kemur mjer það ekki á óvart, þó að hæstv. stjórn láti sjer þessa ábyrgð í ljettu rúmi liggja, en á henni hvílir hún þó. Sumir vilja auðvitað líta svo á þetta mál, að ekki sje það svo stórfelt, að gerandi sje veður út af, en jeg tel víst, að þeir muni fleiri, sem telja þessu ráðlagi öllu ekki bót mælandi.

Að lokum klykti hæstv. atvinnumálaráðherra út með því, að það mundu vera

forlög þessarar stjórnar, að henni yrði borið á brýn, að hún hefði allajafna valið óheppilega menn til að standa fyrir verkum sínum. En jeg tel það litla bót í máli, því að ef eitthvað er til í þessu, þá er það skylda hennar að reyna að afstýra þeim forlögum, nema ef hæstv. stjórn vill gera það að trúarsetningu sinni í þessum málum, að enginn megi sköpum renna. En samt er það ekki sem best við eigandi að telja þetta alt af óviðráðanlegum eða jafnvel yfirnáttúrlegum ástæðum til komið. Ef hæstv. stjórn hefir komist að þeirri niðurstöðu, að hún hafi verið óheppin í mannavali, þá vona jeg einmitt, að hún sjái nú að sjer og lofi því og efni, að velja framvegis ekki óhæfa, heldur hæfa menn, til að standa fyrir framkvæmdum landsins, og hætti algerlega að láta reka á reiðanum.

Það er ýmislegt og margt fleira í þessu máli, sem full ástæða væri til að minnast nokkuð frekar á, til skýringar, og getur verið, að maður komi inn á það síðar meir, en þar sem ræða hæstv. atvinnumálaráðherra hefir ekki gefið tilefni til þess, læt jeg það ósagt að þessu sinni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer er sagt, að háttv. framsm. (G. Sv.) hafi vikið að því, að jeg muni hafa fengið 500 kr. í ferðakostnað norður. Jeg var kallaður í landssímann og heyrði því ekki, hvernig háttv. þingm. fórust orð um þetta. Jeg var búinn að skýra frá því, að jeg hefði fengið 44 kr. fyrir að ferðast frá Ysta-Felli til námunnar á Tjörnesi. Mjer þykir leitt, ef nokkrum skyldi detta í hug, að nokkuð hafi runnið til mín af fje landsins. Jeg tók við þessum 500 kr. hjá landsfjehirði og afhenti þær gjaldkera námunnar, þegar norður kom, og jeg get fullvissað háttv. þingm. um það, að síðan jeg tók við ráðherrastöðu hefir ekkert til mín runnið, utan við laun mín, nema þessar 44 kr., sem jeg hefi áður skýrt frá.

Við þessa löngu ræðu hans (G.Sv.) hefi jeg ekki mikið að segja. Hún var að miklu leyti endursögn hinnar fyrri, og jeg sje ekki ástæðu til að tefja tímann með því að svara henni aftur.

Jeg þóttist vera búinn að skýra frá því áðan, hvers vegna stjórnin keypti námuna, í stað þess að leigja hana áfram. Hún áleit það hyggilegt, því ekki þurfti að taka upp nema 5000 smálestir af kolum til þess, að jafnmikið færi í leigu og kaupverðið var. Nú er þegar búið að taka upp ⅗ af þessu, og jeg vona, að hitt verði tekið upp, þrátt fyrir allar illspár háttv. fjárhagsnefndar.

Pjetur Jónsson: Hæstv. atvinnumálaráðherra skírskotaði til mín, sem kunnugs manns, að gefa einhverjar upplýsingar í þessu máli. Það er nú gagnslítið að vitna til mín um það, sem námuna snertir, því þó að jeg eigi heima þarna nálægt og sje kunnugur staðháttum, þá er jeg ekkert sjerstaklega kunnugur námunni eða rekstri hennar. Að vísu hefi jeg komið þangað einu sinni síðan verkið byrjaði. Jeg var ekki nyrðra þegar byrjað var á námugreftinum og kom ekki heim fyr en undir það að hríðir skullu á í haust. En jeg var tíður gestur á kontór sýslumannsins á Húsavík og varð var við það, sem þar fór fram þessu máli viðvíkjandi. Það er hætt við því, að þó að jeg fari að gefa skýringar um málið, eins og það horfir við mjer, þá yrðu þær of ófullkomnar til þess að byggja á þeim dóm. Skýrsla háttv. fjárhagsnefndar er skýr og góð, það sem hún nær, en hún nær alt of skamt til

þess að byggja á henni þann dóm, sem háttv. framsm. (G. Sv.) hefir nú upp kveðið. Og allra síst nær hún nógu langt til þess að byggja á henni jafnþung orð og hann viðhafði um ráðleysi og fyrirhyggjuleysi stjórnarinnar. Þau orð voru svo þung, að miklu meiri gögn yrði að hafa í höndum til þess, að hægt væri að telja þau rjettmæt. Einnig verð jeg að telja það óviðeigandi og óheppilegt, að ýmsir menn þar nyrðra hafa verið dregnir inn í umræðurnar, alveg að ósekju. Skýrslan gaf ekkert tilefni til þess, en umræðurnar hafa nú hneigst þannig, að ýmsra manna hefir verið getið á þann veg, að blöðin — eins og þau þegar hafa sýnt sig í — nota það óþyrmilega og gera sjer það að mat.

Jeg er, eins og jeg hefi drepið á, dável kunnugur afskiftum sýslumannsins í Þingeyjarsýslu af þessum málum. Jeg var svo oft staddur á kontór hans þegar hann var við þau að fást. Það má nú náttúrlega segja, að mjer sje málið of skylt, þar sem bróðir minn á í hlut. En jeg get fullvissað menn um það, að hann lagði sig mjög í líma fyrir þetta mál og lagði mikið á sig, — miklu meira en hægt var að heimta af manni, sem hefir jafnmiklum embættisstörfum að gegna. Reikningar hans hygg jeg að hafi altaf verið í lagi, það sem þeir gátu náð, og það getur ekki verið rjett, að nokkurn tíma hafi staðið á skýrslu, sem hann átti að gefa, hafi hann g e t a ð gefið skýrsluna í tækan tíma. Hæstv. atvinnumálaráðherra hefir nú líka borið blak af honum.

Það var einmitt sumarið 1916, sem byrjað var ögn á kolagrefti á Tjörnesi í stærri stíl. Áður höfðu Tjörnesingar einir tekið kol úr námunni til heimanotkunar. Þetta sumar fengu tveir menn leyfi til að taka þar upp kol og selja, bæði til Húsavíkur og jafnvel annara nágrannastaða. Þetta hefir orðið til þess, að þessari námu var sint meira en öðrum, enda lágu til þess fleiri ástæður. Stálfjallsnáman er í höndum sjerstaks fjelags, Dufansdalsnáman líka. Hvoruga þessa námu átti því landssjóður kost á að starfrækja, en hjer var opin leið að námurjettindunum. Það er því skiljanlegt, að stjórnin sneri sjer að þessari námu. Dómarnir um gæði kolanna hjer eru, eins og jeg þekki frá Húsavík, einkum fyrst í stað, sinn á hvað. Kolin, sem tekin voru upp 1916, fengu líka mjög misjafna dóma, voru misjafnlega valin og vinsuð og reyndust því misjafnlega. Og jeg vissi til þess, að það, sem brent var á Húsavík af landssjóðskolum, reyndist öllu jafnara en það, sem áður hafði komið þangað af kolum frá Tjörnesi. Það kom að vísu einnig fyrir, að sumt af landssjóðskolunum var ekki vel vinsað, en sumt var aftur á móti svo vel vinsað, að ekki varð verulega að því fundið. Þegar kolin eru illa vinsuð, þá eru þau stundum svo, að ekki borgar sig að flytja þau, en sjeu þau vel vinsuð, þá reynast þau, alveg eins og efnarannsóknirnar hafa bent til, á móts við venjuleg ofnkol. Jeg hefi brent þeim í einum ofni, og mjer hafa reynst þau svo, að altaf er hægt að fá af þeim sæmilegan hita, þó allhörð veðrátta sje, ef ofninn er hentugur fyrir þau. Það var að vísu fullhart í mestu frosthörkunum í vetur, að hægt væri að hafa nægan hita af þeim eintómum, sjerstaklega ef ekki var hitað upp á hverjum degi.

Það hefir nú verið sýnt með efnarannsókn, að notagildi kolanna geti verið alt að helmingi á við góð, ensk kol. Sama hefir r e y n s l a n sýnt á Húsavík í góðum eldstæðum, ef kolin eru vinsuð með sæmilegri vandvirkni, eink-

um ef kolunum er brent með útlendum kolum. Dómar manna um kolin eru misjafnir, en eldstórnar eru líka misjafnar, sem þeim er brent í. Þau þurfa fullum helmingi meira rúm en ensk kol, til þess að geta brunnið vel, og er þess ekki að vænta, að kolin reynist vel, nema eldstóin sje við þeirra hæfi. Það er að vísu satt, að kolin hafa ekki öll verið jafnvel vinsuð. Um tíma var verið að reyna neðra lag, en áður hafði verið tekið fjórða lagið, og reyndist það mjög blendið. Sömuleiðis var sumt af kolunum vinsað inni í göngunum, og er ilt við það að fást, þegar vinna verður við ljós. Jeg vissi til þess, að nokkrir bátsfarmar komu til Húsavíkur, sem illa voru vinsaðir. Annað er það, að kolin ljettast afarmikið eftir að þau koma úr námunni og eru lengi að ljettast, ef þau liggja undir beru lofti. Verða þau þá að mylsnu og með tímanum því sem næst ónýt. Jeg get því hugsað mjer að þau sjeu tæplega hæf til að flytjast langar leiðir eða til að liggja úti. Og jeg er viss um það, að einmitt af þessu stafar það, að reynslan hefir yfirleitt orðið lakari hjer í Reykjavík en t. d. á Húsavík.

Það er óneitanlega áhyggjuefni, að hallinn skyldi verða svona mikill á þessari tilraun. En jeg vil leggja áherslu á það, að þetta fyrirtæki er ekki einungis bjargráðafyrirtæki, heldur líka tilraun til að komast að raun um það, hvort kolanám geti lánast hjer á landi. Tekjuhallinn er mikill. En jeg bjóst líka altaf við því, að svo mundi fara, þótt jeg ætti tæplega von á svona miklu. En þegar jeg sá námuna, kom jeg auga á nokkuð, til þess að hugga mig við í þessu kolamáli. Það er það, að með þessu er fengin ábyggilegri reynsla um kolanám hjer á landi heldur en nokkurt annað slíkt fyrirtæki veitir, ekki einungis fyrir þessa námu, heldur er hjer líka fengin reynsla, sem getur komið að notum við aðra námu. Og það fæst ekki fyrir lítið að rannsaka, eins og nú hefir verið gert á Tjörnesi, bæði með því að bora og ryðja í burtu jarðlögum. Það er t. d. ekki lítið, sem hefir farið í að rannsaka hve djúpt kolin liggja. Dálítið var reynt við 4. lagið, en kolin, sem úr því voru tekin, reyndust ekki vel. Nú er samt ekki búið að ganga frá þeirri rannsókn eins vel og þyrfti. Það veit enginn enn, hve neðarlega kol kunna að finnast. Og líkur þóttu til, að kolin væri því betri, sem þau lægju neðar.

Jeg held þess vegna, að menn verði að skrifa nokkuð af þessum halla á reikning kolarannsóknanna. Nokkuð af hallanum ætti að heimfæra undir afslátt á kolum. Sýnt hefir verið fram á það, að landssjóðskol voru seld ódýrara en önnur kol, sem líka voru unnin þarna og seld. Því ekki er það nema hugarburður, að kolin sjeu nokkuð betri, til jafnaðar, í Hringversnámunni. Mætti frekar ætla, að þau væru betri í Tungunámunni, því kolalögin liggja þar neðar í bakkanum. Á Húsavík hefir orðið töluverð þræta um það, úr hvorri námunni kolin eru betri. Sumir álíta, að vinsunin hafi verið öllu betri í Hringversnámunni. Má vel vera, að það hafi við nokkur rök að styðjast, því þar hefir minna verið vinsað í göngunum og því líklega vinsunin fult svo góð.

Svo verða menn að muna hvernig veturinn var. Hann byrjaði með hríðum og frosti í október og stóð svo með stórhríðum af og til og grimdarfrosti fram á þorra, og allan veturinn, fram undir sumarmál, voru hríðar og snjóar. Vinnan verður að sjálfsögðu minni og ódrýgri þegar svona viðrar. Suma daga var ekki hægt að vinna, en samt varð

að borga fólkinu kaup eða kostnað. Afarörðugt var að fá fólk í haust og dýrt, því allir voru þá uppteknir við sláturvinnu, þrátt fyrir tíðarfarið. Menn urðu að krafla í snjónum við haustverkin, sem voru ógerð þegar hríðarnar skullu á, og við að bjarga heyjum, sem úti urðu þegar snjóarnir skullu á. Á svona ósköpum átti enginn von, og drógu aðgerðir í húsum þangað til komið var í þessar klípur, og þarf ekki að undra, þó að slíkt hið sama yrði hjer í námunni. Í sumar var líka örðugt að fá menn í vinnu, og varð að ráða nokkuð af mönnum hjer að sunnan. Þess vegna var eðlilegt, að dregið væri til hausts að fullgera húsnæði o. fl., sem venjulega er hægt að koma í verk að haustlagi. Óhætt mun því að skrifa nokkuð af hallanum á reikning tíðarfarsins.

Eitt atriði var það sjerstaklega, sem kom mjer til að biðja um orðið. Það var um ábyrgðina í þessu máli. Jeg lít ekki svo á, að þingið sje með öllu ábyrgðarlaust um það, sem gert hefir verið, og hvernig gengið hefir. Frá mínu sjónarmiði hvílir ábyrgðin sameiginlega á stjórn og þingi. Þær hvatir um öflun innlends eldsneytis, sem komu til stjórnarinnar frá aukaþinginu 1916—17, voru mjög ríkar. Stjórnin, sem þá var að taka við völdum, var lítið undir það búin að taka til framkvæmdanna þá þegar. Hæstv. atvinnumálaráðh. er búinn að skýra frá því, með hverjum aðdraganda og hvers vegna byrjað var á kolanáminu í þessari námu. Þegar svo þingið kom saman 1917, þá rak það svo eftir með kolavinsluna, að þótt stjórnin hefði hikað við að leggja út í að vinna námuna áður, þá var nú sjálfsagt að halda áfram. Þingsályktunin, sem samþ. var í fyrra, var beint eftirrekstur um kolanám. Aðrir ræðumenn hafa vitnað í ýmsa liði þessarar till., en jeg ætla að leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 3. liðinn:

„Jafnframt ályktar Alþingi að heimila stjórninni fje úr landssjóði til nauðsynlegra framkvæmda í þessu máli, svo sem til verkfærakaupa, til torfbæja yfir verkamenn, til kaupa eða leigu á námum o. fl. þ. h.“

Þessi till. varð auðvitað til að herða á stjórninni með rekstur Tjörnesnámunnar.

Hjá því varð ekki komist, að kostnaðurinn yrði gríðarlega mikill, eins og öll vinna er dýr, og óhentugt að taka fyrir nokkurt fyrirtæki á þessum tímum. Þingið hefir sama sem skipað stjórninni að gera þetta, þó allan undirbúning hafi vantað. Mjer dettur ekki í hug að bera það af mjer, að jeg hafi einnig átt þátt í þessu. Jeg er undir það búinn að taka á mig minn hlut af ábyrgðinni.

Þá kem jeg að yfirstjórn námunnar. Nefndin finnur að því, að ekki var fenginn verkfræðingur til að hafa yfirumsjón með verkinu, og er nú talið, að komið sje í gott horf, síðan vegamálastjórinn tók að sjer yfirstjórnina í vetur og vor. En hvernig átti stjórnin að setja hann yfir námugröftinn í fyrrasumar, þegar hann hafði yfirdrifið að gera annarsstaðar og gat ekki losað sig frá þeim störfum, sem hann hafði að gegna? Það var því ekki hægt að grípa til hans fyr en gert var. Menn munu segja, að þá hefði mátt fá einhvern annan. En það getur orkað tvímælis, hvort sá maður hefði staðið nokkuð betur í stöðu sinni en verkstjórinn, sem orðið hefir

svo mjög að umtali, og það um of, að mjer virðist.

Þá er að nefna þær byggingar, sem þarna hafa verið reistar. Hjá því varð ekki komist, ef vinna átti í námunni að vetrarlagi, að byggja eitthvert íbúðarhús handa verkafólkinu. En enginn undirbúningur varð hafður undir þetta, því tíminn var svo naumur eftir að ákveðið var að halda vinnunni áfram yfir veturinn. Varð því að fá efni hvar sem kostur var á og kaupa dýran flutning á því að námunni. Byggingarnar hafa því valdið ótrúlegum kostnaði. Þá varð líka að setja upp bryggjur, til þess að hægt væri að skipa út kolunum. Jeg veit ekki betur en að þær sjeu reiknaðar með í byggingarkostnaðinum. Og þær urðu dýrar, það var mjer kunnugt um. Bryggjurnar eru að vísu ekki stórar; einungis lausabryggjur, sem færa má upp og ofan eftir sjávarföllum. — Svo eru ýmisleg áhöld, sem þurfti til vinnunnar. Það var ekki hægt um hönd að útvega þau í fyrrasumar. Varð því að smala saman vinnuáhöldum af skornum skamti, og stundum mun hafa verið bagi að óheppilegum og litlum áhöldum. — Þá er sprengiefnið. Eins og verkinu var hagað, var bygt mikið á því að hafa gott sprengiefni og nóg, til þess að mannsaflið kæmi sjer fyllilega við og gæti unnið gott verk. En það hefir vantað mikið á, að hægt væri að hafa nóg til af því. Ýmist var beint skortur á sprengiefni, eða til var einkum ljeleg tegund, sem tafði fyrir, svo segja varð upp mörgum af mönnum um veturnætur. En af hverju hefir þetta gengið svona? Það segir sig sjálft. Aðflutningsteppan og skipaferðirnar til Norðurlandsins hafa hjálpast að til að gera ókleift að útvega í tæka tíð það, sem þurft hefir á að halda. Vegamálastjórinn hefir sjeð um útvegun á áhöldum og sprengiefnum, og hann hefir efalaust sínar afsakanir fyrir því, að það hefir ekki gengið greiðar og hvorttveggja vantað, til stórbaga og vinnutjóns. Nú heyri jeg sagt, að vinna megi námur án sprengiefna, og þessi sænski verkfræðingur mun hugsa sjer að gera það, að vinna meir með hökum. En þau verkfæri voru ekki til, og vinnan var bygð á því, að unnið væri með sprengiefnum. Líka þarf sjerstaka vjel til að kveikja í skotunum, og það var svo ófullkomin vjel, sem fjekst til þess, líka vegna þess, að ekki var neinn undirbúningur fyrir fram.

Þá ætla jeg að minnast á ljóstækin og ljósmetið. Kostnaðurinn hefir orðið mikill við þetta, sem við er að búast, þar sem notað hefir verið mestmegnis kertaljós, sterinkerti og tólgarkerti, hvorttveggja í geysiverði, með litlu ljósmagni. Reynt var um tíma að nota lýsisljós, og var það miklu ódýrara, en eyðilagði loftið í námugöngunum, og mun hafa orðið að hætta við það þess vegna. Og það, sem bættist hjer ofan á, var það, að engin birta fjekst af þessum ljósum til þess að vinsa kol.

Nú er margsagt, að byrjað hafi verið á verkinu áður en útbúnaðurinn var fenginn. En þá kemur hitt til greina, að þingið rak á eftir. Það er einmitt þetta, að hjer var rekið á eftir öllu með afli, en framkvæmdirnar strönduðu á ótal agnúum og undirbúningsskorti.

Jeg skal fúslega játa, að ýmsar gerðir stjórnarinnar í þessu máli eru aðfinsluverðar. En hitt er engu síður vítavert, hvernig Alþingi hefir sigað stjórninni og rekið á eftir. Það hefir verið siður Alþingis að undanförnu að siga stjórninni áfram til eins og annars, gersamlega undirbúningslaust. Get jeg nefnt

þar til dæmis landsverslunina, sem rekin var af stað án alls undirbúnings. Enn fremur get jeg nefnt dýrtíðarhjálparmálið í fyrra. Stjórninni var fengið það í hendur með mjög ófullkomnum undirbúningi; t. d. var kolaúthlutunin, sem kostaði landið um hálfa miljón, bygð á ramvitlausri skýrslu, er stjórninni var fengin í hendur. Nefna mætti og — í lægri nótum auðvitað — fánamálið. (B. J.: Konung skal til frægðar hafa, en ekki langlífis).

Þá skal jeg víkja að sjálfri þingsál. Jeg get ekki fallist á hana, þar sem farið er fram á, að hætt verði við kolavinsluna nú þegar. Jeg álít, að það felist ekki í skýrslu nefndarinnar, að hætt verði nú þegar, heldur skuli kolavinslunni haldið áfram fyrst um sinn, uns lokið hefir verið rannsóknum og tilraunum, sem nú standa yfir, svo að sjá megi með óyggjandi rökum, hvort námurekstur-inn svarar kostnaði. En jeg er nefndinni sammála um það, að eigi beri að reka kolavinsluna lengi með tekjuhalla. Og jeg finn ekki betur en stjórnin sje komin að sömu niðurstöðu. Hún hefir nú fengið erlendan sjerfræðing til þess að rannsaka námuna og standa fyrir verkinu í sumar, í því skyni að gera fullkomna tilraun með námu þessa. Og ef árangurinn verður ekki með versta móti, er þess að gæta, að vjer höfum svo brýna þörf á kolunum. Jeg er þess vegna þeirrar skoðunar, að ekki sje rjett að samþykkja þingsál.till. Því hefi jeg hugsað mjer, í samræmi við það, sem nú hefi jeg sagt, að leyfa mjer að bera upp og lesa, með leyfi hæstv. forseta, svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Landsstjórnin hefir nýlega komið á nýju skipulagi um stjórn Tungunámunnar, sett útlendan sjerfræðing til ýtarlegri rannsókna á henni og til að stjórna nýjum vinnuaðferðum við kolanámið. Má því búast við, að sæmileg reynsla fáist á þessu sumri um það, hversu námurekstur á þessum stað getur borið sig. Í því trausti, að landsstjórnin, að fengnum þessum upplýsingum, haldi eigi námurekstrinum áfram með verulegum halla fyrir landssjóðinn, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg hygg, að nefndinni muni vera sama um þessa rökstuddu dagskrá. (G. Sv.: Við komum að því síðar).

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 112, 111).

Magnús Pjetursson: Mjer leiðist, að hæstv. atvinnumálaráðh. skuli ekki vera hjer viðstaddur. Mjer virðist óhjákvæmilegt að minnast dálítið á ræðu hans í þessu máli; einnig væri mjer forvitni að heyra, hverju hann myndi svara, þar sem hann er svaramaður stjórnarinnar í málinu.

Fyrst skal jeg minnast á sjálfa þingsályktunartill. og orðalag hennar, sjerstaklega fyrri liðinn, og skýt jeg þar máli mínu til nefndarinnar. Hvað á hún við með orðunum „eða rekstrarhallinn verði hverfandi lítill". Það gæti orðið álitamál, við hvað ætti að miða og hvað skyldi telja hverfandi lítinn halla. Jeg mundi gera mig ánægðan með, ef nefndin gæfi yfirlýsingu um hámarksfjárhæðina, sem hún hefir hugsað sjer að hallinnn mætti nema. — Þetta er annars mjög alvarlegt mál, og full ástæða til

að íhuga það gaumgæfilega. Því vildi jeg blanda mjer dálítið inn í umræðurnar um skýrslu nefndarinnar.

Mjer virðist stjórnin hafa, enn sem komið er, lítt kveinkað sjer undan ásökunum þeim, sem á hana hafa verið bornar, og harla litlar varnir sýnt gegn þeim. Reyndar má segja, að stjórnin hafi áður látið sjer ásakanir í ljettu rúmi liggja, af því að henni hafi fundist, að þær væru fremur árásir en rjettmætar aðfinslur. En slíku er hjer ekki til að dreifa. Því að nú skýrir heil nefnd frá málavöxtunum, sem kosin var af öllum flokkum þingsins. Skýrsla hennar hlýtur því að fylgja alvara og máttur, svo að ástæða virðist fyrir stjórnina að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Hæstv. atvinnumálaráðh. mintist á það, að þingið ætti sök á, hvernig farið hefði um námureksturinn. Hann kvað þingmenn hafa lagt mikla áherslu á kolanámið árið 1917. Þetta er rjett. Þingmenn sáu, að það gat riðið lífið á, að aflað yrði innlends eldsneytis. En þeir ætluðust alls ekki til, að landsstjórnin ljeti vinna að kolanáminu um lengri tíma og verði til þess ógrynni fjár, án þess að hún gerði sjer hugmynd um, hvernig sakir stæðu. Slíkt datt þingmönnum ekki í hug. En að svo hafi farið hjá stjórninni byggi jeg á orðum skýrslunnar.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) tók að nokkru leyti í sama strenginn og hæstv. atvinnumálaráðh. Hann vildi skella skuldinni að nokkru leyti á síðasta þing. Bar hann þar fyrir sig síðustu málsgrein þingsályktunar frá síðasta þingi. En hún hljóðar þannig:

„Jafnframt ályktar Alþingi, að heimila stjórninni fje úr landssjóði til nauðsynlegra framkvæmda í þessu máli, svo sem til verkfærakaupa, til torfbæja yfir verkamenn, til kaupa eða leigu á námum o. fl. þ. h.“

Hjer er stjórninni veitt heimild til að leggja í kostnað til verkfærakaupa og húsagerðar og þ. u. l. og að kaupa námuna. En till. heimilar ekki stjórninni að selja íslenskt eldsneyti undir verði. En það hefir stjórnin gert. Ef til vill mætti segja, að stjórnin hafi gert það óviljandi. En heldur ljeleg og vandræðaleg afsökun er það, og er þó sú eina afsökun; því að stjórninni átti að vera innan handar að athuga reikningana eftir að byrjað var á kolanáminu, og miða síðan verðið við þann kostnað, sem þeir báru með sjer. En þetta hefir hún ekki gert, að því er sjeð verður. Það kom glögt fram, að þingið ætlaðist ekki til, að aðrar landssjóðsvörur yrðu seldar undir verði en þær, sem ákveðið var um í dýrtíðarlögunum. Eða hvað mundi verða sagt, ef landssjóðsverslunin seldi vörur sínar með hálfvirði, af því að stjórnin hefði ekki athugað verðið á þeim, ekki athugað innkaupsverð og kostnað, heldur sett handahófsverð? Ætli nokkur dirfðist að segja, að þingið bæri ábyrgð á slíku, þó að það skoraði á landsstjórnina að versla. Mjer virðist auðsætt, að þingið geti ekki borið hjer ábyrgð á öðru en þingsál. Það tæki fyrst á sig ábyrgðina, ef það samþykti rökstudda dagskrá hv. þm. S.-Þ. (P. J.), en fyr ekki.

Hæstv. atvinnumálaráðh. vildi telja stjórninni það til málsbóta, að hún hefði ekki getað fengið vitneskju um reikningshallann á rekstri námunnar. Það er auðvitað, að um slíkt gat engin vitneskja fengist um það leyti, sem byrjað var að vinna að námugreftinum. En

eftir að farið var að reka námuna var stjórninni innan handar að athuga reikningana.

Þá talaði hæstv. atvinnumálaráðh. um það, að fjárhæð þessi væri að eins reikningshalli, en ekki útgjöld fyrir þjóðfjelagið, því að fjeð hefði ekki runnið út úr landinu, heldur komið einstökum landsmönnum til góða. Þetta er að vísu rjett. En jeg veit ekki, hvort þingið telur samt rjett, að stjórnin ausi fje í einstaka landsmenn, jafnvel þó að það fari ekki út úr landinu, og jafnvel þó að það sje til þingeyinga. Ef náman hefði verið rekin rjettilega, eins og hin náman, sem rekin var við hliðina af einstökum manni, hefði ekki þurft að selja kolin við hærra verði en þau voru seld þar. Þar að auki hefi jeg heyrt, að menn vilji heldur kaupa kolin úr þeirri námu, þrátt fyrir það, þótt þau væru nokkuð dýrari en í landssjóðsnámunni, af því að þau sjeu betur „sorteruð". Reyndar getur reynsla manna verið misjöfn í þessu efni. En þetta er þó haft eftir manni að norðan, sem reyndi kolin.

Hæstv. atvinnumálaráðh. lagði mikið upp úr því, að þetta hefði að eins verið tilraun og að allar slíkar tilraunir kostuðu mikið, en af skaðanum yrðu menn hygnir. Þetta er rjett. — En ef á að skoða þetta sem tilraun, er gaman að heyra, hvað unnist hefir með henni. Vjer hefðum þá átt að fá að vita, hvernig eldsneyti kol þessi eru. En nú er því ekki að fagna, og það af þeirri ástæðu, hvernig „sorteringin" var leyst af hendi. En vjer erum enn þá í sömu óvissunni. Annars hefði tilraunin átt að leiða í ljós, hvort kolavinsla hjer á landi svaraði kostnaði, svo að þau yrðu ódýrara eldsneyti en erlend kol eru nú. Jeg veit ekki hvað öðrum kann að sýnast um þetta atriði, en mjer virðist auðsætt, að eftir reikningum stjórnarinnar að dæma muni ódýrara að kaupa erlend kol. Ef vjer hefðum ekki reynslu einstakra manna við hliðina á reynslu landsstjórnarinnar, þá hefði þessi tilraun verið einkis virði. Það er því sú eina reynsla, sem mjer sýnist hafa orðið við þessa tilraun, að stjórnin hafi farið í þessu mjög illa að ráði sínu og ekki verið fær um að standa í slíkum framkvæmdum. Á því er fengin reynsla.

Í sambandi við það, að þess háttar tilraunir gætu oft farið svo, benti hæstv. atvinnumálaráðh. á móvinsluna í Rvík. Mjer finst það skrítin röksemdafærsla að vera að afsaka eitt hneyxli eða ávirðingu með því, að líkt hafi skeð annarsstaðar, og álít það alls ekki hæfilegt einni stjórn að koma með slíkar afsakanir, þótt hún sje undir sömu sökina seld.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) var ekki kominn áðan, er jeg mintist á sumt úr ræðu hans, og vil jeg ekki taka það upp aftur. En nú vil jeg minnast á eitt, sem hann sagði stjórninni til afsökunar. Hann sagði, að þingið „sigaði" stjórninni til að gera hitt og þetta, og nefndi í því sambandi mál, sem jeg verð að telja óviðurkvæmilegt að nefna á þennan hátt. Jeg fæ ekki sjeð, að rjett sje að viðhafa slíkt orðalag um mál, sem horfir til bjargráða þjóðinni, eða að þingið sje að siga stjórninni út í slík mál. Mjer dettur ekki í hug, að nein stjórn láti siga sjer út í fen og foræði, og enginn getur treyst þeirri stjórn, sem svo væri. Jeg skil ekki hugsunargang þeirra, sem segja þetta um stjórn, er þeir fylgja, því að jeg tel það alt annað en lofsyrði um stjórnina, ef hún er álitin svo gerð.

Þó að nú hafi farið mikið fje í þessa námu og miklu hafi verið eytt, þá held jeg ekki, að það sjeu einu slæmu afleið-

ingarnar, sem þetta mál hefir í för með sjer. Það er enginn vafi á því, að það gerir stórmikið tjón sem tilraun, með því að draga úr mönnum kjarkinn, og verður til þess, að menn verða tregir til framkvæmda til að afla sjer innlendra kola eða annars eldsneytis. Menn hafa frjett þessa niðurstöðu úti um land, en ekki heyrt, af hverjum ástæðum svona hafi farið. Þeir hafa gert ráð fyrir, að eitthvert vit, sem þó hvergi er sýnilegt eftir skýrslunni að dæma, hafi verið í þessum námurekstri, og þegar svona fer um tilraunina, verða menn hræddir og þykjast ekki geta ráðist í að afla sjer innlends eldsneytis, vegna þessarar sorglegu reynslu. Þetta hefi jeg orðið var við úti um land. Menn vita ekki hið sanna um það, hvernig stjórnin hefir farið að ráði sínu.

Þá er líka annað, þar sem jeg veit að þetta hefir haft mjög slæm áhrif, og það er að þetta hefir aukið dýrtíð í landinu. Það er svo að skilja, að þegar landsstjórnin gengur á undan með að láta menn hafa gífurlegt kaup, þá fara aðrir atvinnuvegir að líða við það; verkamenn verða heimtufrekari. Jeg veit, að það hefir vakið talsverðan kurr víða um land, er menn heyrðu, hve landsstjórnin hafði kaupgjaldið hátt, bæði í þessari vinnu og dýrtíðarvinnu sinni.

Jeg ætla nú ekki að svo stöddu mikið lengra út í þessar sakir, því að jeg ætlaði ekki að svara orði til orðs, það gerir hv. frsm. (G. Sv.), en jeg vildi að eins blanda mjer í umr., af því að aðrir hafa gert það á undan mjer.

En jeg vil að síðustu endurtaka þau ályktunarorð mín, að stjórnin hefir gert sig seka í þessu þrennu:

1) Hún hefir aukið dýrtíðina í landinu, með því að greiða óþarflega hátt kaup, og hækkað þannig kaup verkafólksins.

2) Hún hefir eyðilagt traust manna á öflun innlends eldsneytis.

3) Hún hefir farið gálauslega með fje landssjóðs, með hirðuleysi og eftirlitsleysi.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Það er leiðinlegt, að þegar verið er að ræða um þetta mál, þá skuli sá maður úr hæstv. stjórn, sem hjer á til að svara, ekki sjá sjer annað fært en að hlaupast af fundi, þar sem hann ætti einmitt að vera til staðar og svara fyrir sig, ef hann ætlar ekki að leggja árar í bát. En þó kemur það ekki á óvart, því að framganga stjórnarinnar í þessu máli frá byrjun hefir helst verið sú, að hlaupast í burtu og vera ekki þar, sem hún átti að vera. Svo hefir verið um málið búið frá upphafi, að stjórnin hefir aldrei haft hugmynd um, hvar sakir stóðu. Hún hefir verið alveg áhugalaus fyrir því, hvernig færi um þetta annað stærsta fyrirtæki landsins, og hefir sennilega skákað í því skjóli, að einhver hv. þingmanna myndi verða til þess að draga fjöður yfir og gera þetta að sameiginlegu hneyksli þings og stjórnar. Jeg þykist áður hafa fært rök fyrir því, að Alþingi á hjer enga sök, nema ef hv. þm. vilja kannast við, að þeim hafi frá öndverðu vitað, að atvinnumálastjórnin væri allsendis óhæf til að fara með málið, og því falið henni það vísvitandi, af eintómu hirðuleysi.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) tók sig til að bera skjöld fyrir stjórnina í þessu máli. Jeg bjóst nú ekki við, að hann myndi gera það fyrst, því jeg hefi áður haldið, að ekki væri nema einn „autoriseraður“ skjaldsveinn stjórnarinar í þessari hv. deild. En nú sje jeg, að hv. þm. Dala. (B.

J.) kveður sjer hljóðs, og hefir honum sjálfsagt runnið blóðið til skyldunnar, og ætla þeir þá að vera tveir, kolapiltar stjórnarinnar í Tjörnesnámunni.

Þessi hv. þm. (P. J.) fer nú að blanda sjer í málið og ætla sjer að kveða upp úrslitadóm. Jeg þarf ekki að færa rök fyrir því, að hans dómur sje ekki óvilhallur. Honum var málið of skylt til þess að ætla sjer að hafa þar úrslitaorðið. Það er kunnugt, að hann er allhandgenginn stjórninni, sem nú situr. Hann hefir ekki heldur haft tækifæri til að rannsaka málið til hlítar, því að annars hefði hann ekki látið afstöðu sína til stjórnarinnar trufla sig, eða koma í veg fyrir hinn rjetta dóm í málinu, sem ekki gat orðið nema einn. En svo er hjer um annað að vjela. Þetta gerist sem sje á þeim stað, sem er að verða „heilagur" staður á landi hjer og þar sem allir „hlutaðeigendur" mynda eina samábyrgð. Þetta er Þingeyskan, og hún á að lifa. (**P. J.**: Og lifir!). Þar við bætist svo, að við þetta mál er sá nokkuð riðinn, sem er hv. þm. (P.J.) alt of skyldur. Jeg hefi ekki í minni ræðu verið að lasta þennan mann eða hans verk, en gat þess, að það hefði komið fram, að skýrslusendingar og ýms önnur afgreiðsla hefði gengið alt of stirðlega. Jeg hjelt ekki, að hv. þm. (P. Þ.) hafi haft ástæðu til að standa upp og mótmæla þessu. Hvað svo sem annars má um þennan mann segja, þá var hann ekkert meiðyrtur, þótt þetta væri tekið fram. En til þess að sýna, að jeg hafi rök fyrir þessari staðhæfingu, þá skal þess getið, að trúnaðarmaður stjórnarinnar, hr. E. G., sem stundum er ekki trúnaðarmaður hennar, hefir einmitt látið frá sjer fara skýr rök fyrir þessu, sem jeg sagði í gær. Hann hefir orðið oftar en einu sinni, og einu sinni jafnvel þrisvar, með dags millibili, að krefja eftirlitsmanninn, embættismann Þingeyjarsýslu, um lítilfjörlega afhendingarskýrslu. Þetta er nú ekki mikil sök, en jeg tek það fram af því, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) fór um þetta atriði ræðu minnar svo hörðum orðum, og hefði alls ekki tekið það fram, ef hann hefði ekki gefið tilefni til þess. Hins vegar sje jeg ekki, að þetta komi aðalefni málsins við, og var því óþarfi að leiða það inn á þá braut.

Hv. sami þm. (P.J.) taldi, að sá dómur, sem kveðinn hefði verið upp yfir atvinnumálastjórninni, væri of þungur, miðað við það, sem upplýst væri. Satt að segja hefi jeg ekki felt neinn dóm nema um það, sem fram er komið í málinu. En sá dómur, sem feldur er og feldur verður, er eingöngu bygður á því, sem upplýst er, og það er nægilegt til að sýna og sanna, að landsstjórnin hefir, gagnvart þessu máli, engan veginn staðið í stöðu sinni og annaðhvort vísvitandi eða óafvitandi vanrækt að hafa stjórn þessa fyrirtækis svo, að sæmileg megi kallast, og miðað við eina landsstjórn er óvíst, hvort þetta sje fyrirgefanlegra. Þessi er dómurinn.

En nú getur það verið ýmislegt, sem geti afsakað stjórnina, meðan fyrirtækið var að komast á laggirnar, en er á líður, verða skakkaföllin í rekstrinum alveg óafsakanleg. Jeg vil minna á það, að hæstv. atvinnumálaráðh. gerði ekkert til þess að afsaka, hvers vegna hann gerði sjer ekkert far um að hafa fyrirtækið og stjórn þess í sæmilegu lagi, og hvers vegna hann gerði sjer ekki reglulegt far um, að fyrirtækið bæri sig. Þetta er því upplýst, og viðurkent. Hvernig á að dæma um slíkt? Ef ekki á að dæma hjer þannig, en draga úr öllu, sýnir það, að dómgreindin er spilt og farin út um þúfur.

Jeg hefi tekið þetta fram með tilliti til þeirrar ályktunar, er Alþingi gerði í fyrra. Sú ályktun gefur ekkert tilefni til, eins og jeg áður hefi tekið fram, að blanda Alþingi inn í rekstur þessarar námu. Það mátti segja, að þar til í fyrra sumar væri þetta þingsins sök. Þó ber þess og að geta, að landsstjórnin gaf þinginu engar skýrslur um þetta þá. Jeg fyrir mitt leyti hjelt, að landsstjórnin vissi eitthvað fótum sínum forráð. Þetta var svo ósköp einfalt mál. Hvorki var það utanríkismál nje flókið verslunarmál, heldur einungis að grafa til kola norður á Tjörnesi. Stjórninni átti þó, hversu ljeleg sem hún annars kynni að vera, að vera treystandi til að reka það með forsjá og viti.

Jeg skal ekki fara nákvæmlega út í það, sem hv. þm. (P. J.) færði sem rök fyrir því, hve lítilfjörlegur þessi tekjuhalli væri, að nokkuð hefði tapast í kolaverðsafslætti, sumt væri tíðarfarsins sök o. s. frv. Hann taldi að vísu fleira fram, en jeg dreg það saman. Jeg tel þann mann, sem getur afsakað þetta með öðru eins, nokkuð langt leiddan í fylgi sínu við þá stjórn og það mál, sem um er að ræða. Hv. þm. Stranda. (M. P.) svaraði annars þessum atriðum hjá hinum hv. þm. (P. J.), og þótt hann væri þá ekki viðstaddur, get jeg vísað til þess.

Hann komst svo að orði, hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að þótt atvinnumálastjórnin hefði nú tekið þá stefnu í fyrra, að velja hæfa menn til að starfa að og standa fyrir verkinu, þá hefðu engin tök verið á því að „skikka“ vegamálastjóra til að taka málið að sjer. Jeg veit ekki, á hverju hinn hv. þm. (P. J.) byggir þetta, en eftir því, sem jeg veit best, byggir hann það ekki á neinu. Jeg held, að afstaða vegamálastjóra gagnvart þessu máli hafi ekki verið önnur í fyrra heldur en hún var síðastliðinn vetur. Jeg býst við, að hann hafi jafnan hugsað sem svo, að hann væri skyldur til að hlaupa undir baggann er þjóðarnauðsyn krefðist. En jeg hygg, að stjórnin hafi álitið í lengstu lög, að þetta mál væri best komið hjá stjórninni. Þar ætti öllu saman að hrúga, og þar þyrfti ekki sjerfræðinga, þar sem stjórnarráðinu væri skift í þrjár deildir, og einn „sjerfræðingur“ væri í hverri, einn í atvinnumálum, einn í dómsmálum og einn í fjármálum. Þar norður frá væri nóg að hafa verkstjóra, að ógleymdum ráðsmanni og eftirlitsmönnum.

Það hefir sýnt sig í þessu máli, eins og í öðru stórmáli þjóðarinnar, að stjórnin heldur því hjá sjer þar til í óefni er komið og sleppir því ekki úr klóm sínum fyr en það er í þann veginn að fara í hundana. Og þetta er því einkennilegra, sem maður skyldi halda, að stjórn, sem hefir í jafnmiklu að vasast og þessi stjórn, ætti að vera fegin að fá hæfa menn til að stjórna hverju einu, ef tök væru á. En sú er ekki raunin á.

Þá skal jeg að eins geta eins atriðis, sem líka hefir komið fram hjá öðrum hv. þm., en fyrst hjá hæstv. atvinnumálaráðh., að hjer væri ekki að tala um tap fyrir þjóðfjelagið, þótt það væri tap á pappírnum. Við þetta er nú það fyrst að athuga, að svo geta þeir menn einkum ályktað, sem enga sjerstaka ábyrgð hafa. En það er líka varasamt að ályktа þannig og skella öllum tekjuhalla yfir á þessa hlið og segja: „Það gerir ekkert til, þótt landssjóður tapi, því að peningarnir fara altaf eitthvað og oft til landsmanna.“ Þetta er nú svo, en ef ráðsmenn þjóðarbúsins hafa þann hugsunarhátt og miða búskap sinn við þessa reglu, þá veit jeg ekki, hvert ræki á endanum. Það er svo um öll fyrirtæki, að

fyrst verður að sjá um, að þau beri sig, og síðan má fara að taka tillit til annars. Það hefir nú verið tekið fram, að til þess að reka fyrirtækið vísvitandi með halla, skorti stjórnina algerlega heimild. Þess vegna er það ekki afsakanlegt, frá því sjónarmiði.

En þá er annað atriði, sem menn vilja telja að geri það að verkum, að þessi halli verði ekki halli fyrir þjóðfjelagið, það sem sje, að þetta væri fyrirtæki til að veita ýmsum mönnum góða atvinnu.

Satt er það að vísu, að námugröftur þessi hefir veitt mörgum manni atvinnu. En vansjeð er, að þessir menn hafi ekki getað fengið atvinnu annarsstaðar, sje það rjett, sem sagt er, að gengið hafi tregt að fá verkamenn til námunnar, og að stjórnin hafi jafnvel orðið að bjóða mönnum hærra kaup en þeir unnu fyrir áður. Þá er það og athugavert við þetta brask landsstjórnarinnar og uppboð á kaupgjaldi, að atvinnuvegir vorir á sjó og landi standa hallara fæti, þegar fordæmi stjórnarinnar neyðir menn um land alt til þess að bjóða hærra verkkaup sjer til skaða. Það er því varasamt að tala um þjóðarhagsmuni, ef slík uppboð hafa ill áhrif á rjetta kaupgreiðslu í atvinnuvegum vorum.

Áður en jeg vík að hinni rökstuddu dagskrá hv. þm. S.-Þ. (P. J.) vil jeg svara einni spurningu, er hv. þm. Stranda. (M. P.) lagði fyrir nefndina. Hann vildi sem sje fá skýringu á því, við hvað nefndin ætti með orðunum: hverfandi lítill halli.

Í raun og veru var nefndin þeirrar skoðunar, að fyrirtækið skyldi ekki rekið nema það geti borið sig, þó með þeirri athugasemd, er þessi ummæli gefa í skyn. Nefndin vildi ekki sporna við því, að tími ynnist til hinnar síðustu og ítarlegustu tilraunar, sem vegamálastjóri og hin nsænski námuverkstjóri hafa nú með höndum. Forstjórar verksins gera ráð fyrir því, að þessi tími verði harla stuttur og eigi verði haldið áfram rekstri námunnar nema hann geti nokkurn veginn borið sig. Með orðunum „hverfandi lítill halli", hygg jeg að öll nefndin hafi átt við nokkur þúsund; hún vildi gefa það svigrúm, til þess að hægt væri að gera úrslitatilraunina undir hæfri og ábyggilegri stjórn.

Rökstudda dagskráin frá hv. þm. S.-Þ. (P. J.) gefur eigi tilefni til langrar umræðu. Hún er út í hött og fer alveg fram hjá vitund og vilja þingsins. Þingið hlýtur að líta svo á, að hjer sje einhverju ábótavant; það verður því að setja takmörk fyrir því, hve lengi alt eigi að sitja í gamla horfinu. Dagskráin gerir ráð fyrir því, að alt sje í ágætisröð og reglu. Verði hún samþykt, getur landsstjórnin haft alt í sukki í alt sumar, þrátt fyrir tillögur vegamálastjóra. Þá spornar þingið ekki við óreglunni, en gefur henni þvert á móti undir fótinn.

Í dagskránni stendur: „Má því búast við, að sæmileg reynsla fáist á þessu sumri um það, hversu námurekstur á þessum stað getur borið sig .." Landsstjórnin hefir því alt liðlangt sumarið til þessarar reynslu. Enn fremur segir svo í dagskránni: „Í því trausti, að landsstjórnin, að fengnum þessum upplýsingum, haldi eigi námurekstrinum áfram með verulegum halla ....". Þó að alt gangi niður á við, má landsstjórnin samt halda rekstri námunnar áfram með halla, sem að hennar áliti er ekki verulegur, líklega þegar hann er bor-

inn saman við þann halla, sem verið hefir. Það er hið mesta óráð að samþykkja þetta, og frá sjónarmiði þingsins stór hætta, þegar litið er á þá reynslu, sem nú er fengin.

Jeg mun ekki ræða frekar um till. fjárhagsnefndar. Hún er eðlileg og bein afleiðing af þeim gögnum, er fyrir liggja, og hin allra vægasta.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki ræða um það atriði, hvort nægilegt eftirlit hafi verið með rekstri námunnar af hendi landsstjórnarinnar, nje heldur annað það, sem fundið hefir verið að rekstri námunnar. Til þess brestur mig kunnugleika. En jeg vildi víkja örfáum orðum að hinni almennu hlið málsins, hvort það sje rjettara að afla lífsnauðsynja innanlands, jafnvel þótt þær verði dýrar, eða treysta því, að við getum fengið alt, sem okkur vanhagar um, frá öðrum löndum.

Mjer hefir virst sú stefna ríkjandi á Alþingi að undanförnu, að heimta af stjórninni, að hún aflaði nauðsynja innanlands, nærri því hvað sem það kostaði. Og það þegar af þeirri ástæðu, að óvíst er, hvað við getum fengið að flutt frá útlöndum, á þessum tímum. Finst mjer því nú, sem slái í baksegl hjá hv. fjárhagsnefnd við það, sem deildin hefir viljað áður.

Jeg á bágt með að tala um málið, þar sem mjer er það ekki kunnugt. En þrátt fyrir alt og alt, þrátt fyrir allan kostnað, skilst mjer, að ekki muni hafa orðið svo mikill halli á rekstri námunnar, sem menn ætla. Alls mun kostnaðurinn hafa verið um 220 þús. kr. Þar frá ætti að draga 40 þús. kr., er húsin og bryggjur hafa kostað, verði rekstrinum haldið áfram, og að minsta kosti 12 þús. kr. fyrir námuna, því að hún er þó einhvers virði. Auk þess ber að draga frá verkfæri og ýmislegt fleira, og hygg jeg, að þá verði eftir um kr. 150,000,00, sem er sá kostnaður, er sala á kolunum ætti að borga. Þetta er að vísu allmikil upphæð.

Jeg veit ekki með vissu, hve mikið hefir verið tekið upp af kolunum, en er reikningarnir voru gerðir upp, höfðu 1500 smál. að minsta kosti verið teknar. Hvers virði eru nú þessi kol? Bresk kol hafa komist hæst, að því er jeg veit um nú, upp í 360 kr. tonnið, og í samanburði við það verð á þeim ætti smál. af íslensku kolunum að vera að minsta kosti 100 kr. virði. Eftir þessum mælikvarða yrði enginn skaði á rekstri námunnar, hefðu kolin verið seld á 100 kr. smál. Að kolin hafa verið seld lægra gerir, að landssjóður skaðast, en þjóðarskaði er það ekki.

Þá kemur að ásökunum hv. þm. Stranda. (M. P.), að kolin hafi verið seld of ódýr. Jeg skal ekki um það ræða, en að eins benda á, að landið hefir ekki tapað á þessum námurekstri, á móts við það að kaupa útlend kol.

Ef nú reikningur minn er rjettur, sem jeg hygg að hann sje, og það er einnig rjett, að íslensku kolin hafi hitagildi að þriðjungi á við útlend kol, og þegar þar við bætist, að alt þetta fje er kyrt í landinu, þá ætla jeg, að flestir muni komast að þeirri niðurstöðu, að sjálfsagt sje að halda rekstri námunnar áfram. Bæði í þessu máli og öðrum virðist mjer, að hv. þm. skilji ekki, að nú er alt öðru máli að gegna en á venjulegum tímum.

Stjórninni hefir verið álasað fyrir það, að hún hafi haft slælegt eftirlit með öllum rekstri námunnar, reikningsfærslu o. fl. Þetta atriði ætti að leiða til lykta á annan hátt en till. hv. fjárhags-

nefndar fer fram á, ef önnur væri tilætlunin en að taka fyrir rekstur námunnar. Jeg verð að taka undir með hv. þm. Stranda. (M. P.) og segja, að till. er alt of loðin. Það er ekkert á henni byggjandi, því að hvað er hverfandi lítill halli og hvað ekki? Ef till. verður samþykt, væri rjettast að stjórnin segði: „Nú hættum við", þar sem krafist er, að rekstrinum verði ekki haldið áfram nema hann borgi sig. Jeg vildi að eins benda á þessa hlið málsins.

Við vitum nú ekki, hvort við megum treysta því, að við munum fá nægilegt eldsneyti frá útlöndum. Ef svo er ekki, er þá nokkuð vit í því að girða fyrir, að við getum aflað innlends eldsneytis, eða að heimta, að enginn halli verði á námurekstrinum. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að Færeyingar hafa reynt að vinna kol og stórsköðuðust á því. Nú halda þeir áfram, þrátt fyrir alla erfiðleika, þó að þeir fái erlendu kolin miklu ódýrari en við.

Það er oft svo, að atvinnufyrirtæki í stórum stíl bera sig ekki í byrjun, og það þótt þau geti borið sig, ef þau eru rekin í smáum stíl. T. d. má taka mótakið í Reykjavík.

Nú skilst mjer, að fyrirtækið sje talið komið undir stjórn hæfra og ábyggilegra manna, frá sjónarmiði nefndarinnar. En hvers vegna á þá að taka fyrir kverkar fyrirtækinu og heimta, að það hætti, ef það ber sig ekki þegar? Það er ekki gott að ábyrgjast, að jafnvel góð náma borgi sig, og yfirleitt er örðugt að vita fyrir, hvort námur hjer geti borgað sig beinlínis. En hjer er það svo mikið atriði, að fje það, sem gengur til að afla nauðsynja í landinu sjálfu, það fer ekki burt úr landinu.

Mjer þykir ekki rjett, meðan samningum við bandamenn er eigi enn lokið, að banna landsstjórninni að vinna kol, þótt ekki sje víst, að það borgi sig.

Það er rjett, sem hv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að kolin hafi verið seld of ódýrt. En hitt er ekki alls kostar rjett, að stjórnina hafi brostið heimild til þess. Auðvitað varð að selja kolin ekki dýrari en það, að hægt væri að koma þeim út. Þegar stjórninni var leyft að láta vinna námuna, þá var og heimilað að selja kolin hæfilegu verði eftir atvikum. Heimildarleysi er því ekki til að dreifa. Hitt er aftur álitamál, hvort eigi hafi verið rjett að selja kolin dýrara.

Einnig fanst mjer hv. þm. Stranda. (M. P.) vera sanngjarnari er hv. frsm. (G. Sv.) að því leyti, að hann viðurkendi, að stjórnin hefði haft heimild til að reisa hús og kaupa sjálfa námuna; en úr því gerði hv. frsm (G. Sv.) mikið veður og áleit varla heimilt. En hitt verð jeg að telja of mikla kröfu hjá hv. þm. Stranda. (M. P.) og hv. frsm. (G. Sv.), að stjórnin hefði átt að hætta rekstri námunnar, er hún sá fram á það, að tekjuhalli myndi verða. Jeg tel þetta alveg fráleitt afstöðu hv. deildar til þessa máls á síðasta þingi. Deildin vissi þá, að byrjað var á námurekstri á Tjörnesi; hún vissi og, hvernig til fyrirtækisins var stofnað, og að stjórnin hafði í hyggju að reisa þarna hús og kaupa námuna. Og það var einmitt fyrir bein tilmæli stjórnarinnar, að sett var inn í tillöguna heimild til þessa.

Það var ekki hægt að skilja vilja bjargráðanefndar í fyrra á annan hátt en þann, að hún ætlaðist til, að unnið yrði bæði sumar og vetur. Það var þá ógerningur að segja fyrir, hvort rekturinn myndi borga sig, þar sem halda átti vinnunni áfram yfir veturinn. Voru því margar af ásökunum hv. frsm. (G. Sv.) ósanngjarnar.

Jeg vil drepa lauslega á nokkur önnur atriði í ræðu hv. þm. Stranda. (M. P.), af því að hæstv. atvinnumálaráðh. var ekki viðstaddur. Hv. þm. kvaðst hafa heyrt látið betur af kolunum úr Hringversnámunni en Tjörnesnámunni. Annað var að heyra á hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Hann, sem er þessu miklu kunnugri, sagði, að dómurinn um þetta væri alveg upp og ofan.

Ekki er rjett á litið hjá hv. þm. Stranda. (M. P.), að hæstv. atvinnumálaráðh. hafi verið að afsaka rekstur Tjörnesnámunnar með því, að bera hana saman við mótekjuna í Reykjavík. En hitt var eðlilegt, að hann bæri þessi tvö fyrirtæki saman, þar sem hjer er um að ræða mjög svipað fyrirtæki og um svipaða útkomu.

Hv. þm. Stranda (M. P. var hræddur um að tjón það, sem orðið hefir á rekstri námunnar, myndi fæla aðra frá því að leita eldsneytis á sama hátt — vestigia terrent —. Ekki er jeg svo hræddur um það, enda hefði reynslan, sem fengin er fyrir Stálfjallsnámunni, alveg eins átt að fæla Alþingi frá því að gera þessa tilraun. En ef gert er ráð fyrir því, að reynsla þessi fæli aðra menn frá samskonar fyrirtækjum, hvaða vit er þá í því að ætlast til, að stjórnin hvetji einstaka menn til þess að ráðast í það, sem henni hefir mishepnast, eins og till. á þgskj. 112 gerir? Mundi nú hvöt frá stjórninni, sem að dómi hv. nefndar hefir fengið svona reynslu í málinu, vera best fallin til að hvetja aðra? (G. Sv.: Þetta er stjórnarinnar reynsla). Já, það er stjórnin, sem hefir haft þessa reynslu, og á hún svo að fara að hvetja aðra? (G. Sv.: Vinna einstaklinganna borgar sig betur).

Svo sagði hv. þm. Stranda. (M. P.), að stjórnin hefði skemt fyrir öðrum með hinu háa kaupgjaldi, en hv. þm. (M. P.) hefir ekki athugað, að það er oft og einatt borgað hátt kaup við ýmsa vinnu, án þess að það á nokkurn hátt þurfi að spilla fyrir öðrum atvinnugreinum; t. d. er oft borgað meira en helmingi hærra kaup en venjulegt er við uppskipun og útskipun, án þess að það hafi bein áhrif á verkkaup alment, og mikla almenna þýðingu getur það ekki haft, þó að borgað sje hátt kaup í kolanámu, sem þykir einhver versta vinna; það getur því ekki haft skaðleg áhrif um land alt, þó að fáeinum mönnum hafi verið borgaðir 60—70 aurar um tímann. Svo er þess líka að gæta, að þeir voru ráðnir frá fjarlægum stöðum og heimta því hærra kaup heldur en þeir gætu búið við heima hjá sjer. En sem sagt, um eiginlega aðfinslu út af þessu mrekstri dettur mjer ekki í hug að segja neitt, það gerir hæstv. atvinnumálaráðherra náttúrlega, en jeg ætla alment að benda hv. þm. á það, að hjer í þessari hv. deild virðist vera beinlínis stefnumunur í bjargráðaráðstöfun, miklu meira en aðfinslur við sjerstakar framkvæmdir. Jeg skal að eins leyfa mjer að nefna það í þessu sambandi, að svo virðist, sem talsvert mikið hafi verið um það rætt, hve fæðið hafi verið dýrt þar í námunni. Mjer hefir verið sagt frá því, að við vinnu á Vesturlandi, þar er líkt stóð á, hafi fæðiskostnaðurinn verið svipaður.

Að öðru leyti mun jeg ekki þreyta hv. þm. í þessu máli, en að eins geta þess, að það er aðalstefnan í till. þessari, sem mjer er illa við. Jeg vil ekki láta draga úr því, þó að það kunni að kosta nokkuð mikið í svipinn að afla sjer þeirra innlendra nauðsynja, sem hægt er, og vona jeg, að menn gefist ekki upp við þess konar tilraunir, þó að mönnum sýnist

þær ekki takast vel í byrjun, og sjerstaklega vildi jeg óska þess, að hv. deild fyndi einhver ráð til þess að taka ekki gersamlega fyrir kolanámið á Tjörnesi; en ef hún vill setja eitthvað út á gerðir stjórnarinnar, þá að gera það út af fyrir sig, en alls ekki í sambandi við þetta mál, því að við það verður málið alt of óhreint, og það á heldur ekki við að vera að draga nauðsynjamál út í deilur, sem sumir telja óþarfar, þó að einstöku menn kunni kann ske að álíta, að þær sjeu þarfar.

Atvinnumálaráðherra (S. .J.): Jeg mun áður hafa látið það í ljós, og jafnvel lofað því, að lengja ekki umr. um þetta mál sjerlega mikið, því að jeg bjóst við því, að ekki mundi mikið af nýjum upplýsingum koma fram í málinu.

Einhver hv. þm. sagði, — jeg held það hafi verið hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) — að þessar umr. myndu ekki verða búnar fyrir næstu helgi, en nú heyrist mjer á hv. frsm. (G. Sv.), að ekki þurfi að ræða mikið um till. eins og hún liggur fyrir, en í raun og veru hugsaði jeg, að allar umr. myndu snúast um till. og árangurinn af því, ef hún yrði samþ. Þá mun hv. frsm. (G. Sv.) hafa látið það í ljós, að jeg þyrfti altaf að hlaupast í burtu þegar hann talaði, en jeg hefi haft ákveðnar ástæður til þess að ganga frá; í gær var jeg að gegna máli í landssímanum, og áðan varð jeg að vera við í hv. Ed., en jeg þykist ekkert hafa að óttast hjá hv. frsm. (G. Sv.), og jeg skil það svo, að þessi missögn hans hafi ekki komið fram af því, að jeg var fjarverandi í gærkveldi. (G. Sv.: Hvaða missögn?). Sú, að jeg hafi fengið 500 krónur í ferðapeninga norður. Hv. þm. (G. Sv.) mætti þó vera kunnugt, að til er kvittun fyrir þessum peningum frá minni hendi, til gjaldkera námunnar, og að þessir peningar eru komnir þangað fyrir löngu, en það hefir víst verið þægilegra, einhverra hluta vegna, að ganga fram hjá því. Þá mintist hv. þm. (G. Sv.) á skýrslurnar frá sýslumanninum. Sömu gögn og nefndin hefir fengið bera það líka með sjer, og jeg mintist á það í gær, að sjóðbók hefði verið haldin og reikningar gerðir af hálfu eftirlitsmanna námunnar á Húsavík. Þá sagði hv. framsm. (G. Sv.), að það hefði má ske verið vanrækt óviljandi að hafa sæmilega stjórn á námunni. Skal jeg að vísu ekki rengja, að eitthvað kunni að mega finan að stjórn hennar; slíkt má lengi finna, þegar skarpir áhugamenn fjalla um mál eftir á. En þá segir hv. framsm. (G. Sv.), að sig furði mest á því, að stjórnin skuli ekki þegar hafa kipt að sjer hendinni. Jeg skal nú leyfa mjer að útskýra þetta, þótt þess ætti ekki beinlínis að vera þörf. Það var sem sje ekki fyr en seint á síðastliðnu sumri, að afráðið var að halda námurekstrinum áfram yfir veturinn, og var svo ákveðið vegna þess, að annars gæti námureksturinn varla skoðast sem r e g l u l e g t i l r a u n. Í tilefni af því var ráðist í að byggja þar hús og margt fleira. Svo var um nýársleytið, eins og sjálfsagt er talið um allar stofnanir, hvort sem það eru fjelög eða einstakir menn, farið að gera upp reikninga námunnar, en jeg verð að taka það fram, að það var ekki hyggilegt og ekki heldur hægt að kippa að sjer hendinni á síðastliðnu hausti, og finst mjer það heldur ekki ásökunarvert þó að það væri ekki gert, og auk þess komu reikningarnir ekki nærri strax hingað, sem ekki var heldur von til. — Jeg held það hafi verið hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem var einu sinni

í þessari háttv. deild að vita reikningsskil sýslumanna og fleiri til stjórnarinnar, en það þykir má ske ástæða til að krefjast einhvers annars af þessu fyrirtæki heldur en hjá umboðslegum starfsmönnum. Þá vjek háttv. frsm. (G. Sv.) að því, að það hefði eins vel mátt biðja vegamálastjóra fyrir að sjá um og annast þetta fyrirtæki. Jeg tók það nú fram í gær, að hann var nær því frá upphafi til aðstoðar á ýmsa lund, en regluleg forstjórn þess var honum ekki fengin fyr en háttv. frsm. (G. Sv.) hefir nefnt, en hann, (hv. frsm., G. Sv.), hefir ekki vitað það, eða þá gleymt því, að þá var fengin vissa fyrir því, að hann fengi hæfan mann frá útlöndum sjer til aðstoðar, og þess vegna átti hann hægra með að taka við því og sinna því, þar sem hann áður hafði eigi getað meira í þessu efni, sökum annara starfa. Jeg sje, að hv. framsm. (G. Sv.) er að skrifa hjá sjer athugasemdir við það, sem sagt er hjer í hv. deild; býst jeg nú við, þótt hann sje búinn að tala þrisvar í þessu máli, að við fáum að heyra 4. eða 5. ræðuna frá honum, hvort sem það er að rjettum þingsköpum eða ekki, en kann ske við fáum líka að heyra eitthvað alveg nýtt um málið nú hjá hv. frsm. (G. Sv.). Jeg tek undir það með hæstv. forsætisráðherra, að rjettast er að taka þetta mál ekki svo mjög í sambandi við verk stjórnarinnar, heldur eins vel Alþingis, og snúa sjer nú að því, hvort halda eigi áfram með reglulegar tilraunir eða ekki, eða ef menn vilja breyta um aðferð, að þá láti hv. þm. þann vilja sinn í ljós.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer að færa nokkur rök fyrir því, að ábyrgðin á þeim skaða, sem orðið hefir við reksturinn á kolanámunni á Tjörnesi hvíli að minsta kosti eins mikið á þinginu eins og stjórn landsins. Það er yfir höfuð um þetta kolanám að segja, og það ætti að vera kunnugt flestum mönnum, sem til vits og ára eru komnir, að hjer er engin kolanáma, sem borgar sig að vinna undir venjulegum kringumstæðum, og að surtarbrandstekja eða kolanám, hvort sem menn nú heldur vilja kalla það, getur varla verið svo gott, að það borgi sig að reka það, þegar góðar samgöngur eru og siglingar, en undir eins og fer að kreppa að verslun og kol taka að stíga, er eðlilegt, að menn fari að hugsa um það, hvort ekki borgi sig að vinna fram surtarbrand til eldsneytis. Þess vegna var það, að jeg bar fram á þinginu 1916 tillögu um það, að fengnir væru menn til að rannsaka surtarbrandsnámur hjer og skilyrði fyrir slíku starfi. Þessi tillaga var samþykt hjer í deildinni, en Ed. saltaði hana, eða vildi ekki láta hana ganga fram, og af þessu leiddi, að stjórnin gat ekik talið sjer heimilt að útvega mann, annaðhvort frá Svíþjóð eða Þýskalandi, til þeirra rannsókna. Stjórnin taldi sjer ekki heimilt að leggja í þann kostnað, vegna þess að þingið sama sem drap þessa till. Það er því eðlilegt, og getur ekki verið vítavert í þingsins augum, þótt hún legðist það undir höfuð, því að óðara en hún hefði tekið til framkvæmda hefðu margir menn á þingi risið upp og sagt það óleyfilegt, því að þótt till. væri samþ. í annari deildinni, þá væri eftir að samþ. hana í hinni, því að allir vita, að heimild til útgjalda skal ganga í gegnum báðar deildir og tvær umr. í hvorri deild; þetta er því ekkert annað en sem um lög væri að ræða, er samþ. væri í annari deildinni, en feld í hinni. Stjórnin er því með öllu ámælislaus fyrir það, að rannsókn hefir ekki farið fram, en

það er hv. Ed. ekki. Jeg hygg nú, að allir muni skilja, að það var hin mesta heimska að láta stjórnina ekki framkvæma þessa tillögu, því að með því hefði verið auðið að komast hjá miklu af þessum skaða, sem orðið hefir.

Þetta var fyrsti liðurinn í röksemdunum fyrir því, að ábyrgðin væri eins mikil á þinginu eins og stjórninni. Nú kemur annar, þingið í fyrra. Kolin stigu í verði, og menn sáu, að nauðsynlegt var að knýja stjórnina til þess að afla eldiviðar innanlands, og var þess vegna lagt til í bjargráðanefnd hjer, og borin fram tillaga um, að heimila stjórninni fje til framkvæmda í þessu efni. Var enginn staður tilnefndur, heldur var að eins nefnd kolataka; var mikil áhersla á það lögð, að til framkvæmda væri tekið, svo að menn stæðu ekki eldiviðarlausir uppi, þegar fram á veturinn kæmi. Endurtek jeg, að það var sorglegt, að rannsókn fór ekki fram, svo að kolataka gæti byrjað með viti, því að hjer var byrjað of seint, svo að ekki var tiltækilegt að vinna nóg kol áður vetur kom. En það var þingsins sök, að stjórnin ekki byrjaði fyr, henni var ekki heimilað það, og eru það afleiðingar af þingsins eigin verkum, sem koma hjer fram. Það er meðal annars afleiðing af því, að menn tóku það ráð að láta vinna að vetrarlagi, því að hvort sem það borgar sig eða ekki, þá er miklu betra að hafa eldivið en að þurfa að standa allslaus, þegar ekki var næg fyrirhyggja frá þingsins hendi til að sjá um, að eldiviður væri til, áður en vetur skall á. En þar sem síðasta þing vildi, að stjórnin ljeti starf að kolanámi, ber það líka ábyrgð á öðrum halla, sem orðinn er, og frá öðru sjónarmiði, og það er höfuðorsökin. Það er það, að þingið vill láta hana byrja á námurekstri, þó að enginn maður kunni hjer neitt að slíkum hlutum, og þó vill þingið ekki taka það ráð, sem jeg hafði stungið upp á árið 1916, að fá hingað hæfan námuverkfræðing til að standa fyrir verkinu, — en einmitt af þessu er aðalhallinn kominn, að menn, sem ekkert kunna að verkinu, taka það að sjer, þrátt fyrir alla samviskusemi hafa menn ekki geta unnið það svo, að vel væri, t. d. að ætla sjer að fara að vinna mókolanámu með sprengiefni, í staðinn fyrir að hafa venjuleg graftól í höndum. Menn kunna nú að vilja spyrja, hvað það mun minni. Kann ske 30,000 krónum, án þess þó að meira vinnist fyrir þeim en mönnum með þau algengu tæki í höndum sem þeir kunna með að fara. En þetta er stjórninni alls ósjálfrátt, því að það var ekki hennar skuld, að þingið sá ekki á rjettum tíma, hvað átti að gera, og varð of seint fyrir, og verður svo að sitja yfir skörðum hlut, af því að menn eru neyddir til að gera eitthvað þegar kemur í vandræði.

Annars veit jeg ekkert frekar um þetta, og er ekki kunnugur þeim mönnum, er ráðnir voru, en jeg heyri sagt, að þessi maður, sem forstöðu veitti í námunni, hafi haft meðmæli fyrverandi vegamálastjóra, og fyrir því var það eðlilegt, að stjórnin rjeði þann mann, er góð hafði meðmæli, og jeg hygg líka, að þeir í stjórninni, er kunnugastir voru hjer í Reykjavík, hafi unnið að ráðningu hans. Um kaupið skal jeg ekkert segja, en mjer er þó nær að hyggja, að fá hefði mátt mann fyrir lægra kaup, þó að mjer vaxi ekki í augum slíkt forstöðumannskaup, ef hann er hæfur, en um þetta vil jeg hvorki afsaka nje ásaka stjórnina, því að það er ekki nema lítill hluti af kostnaðinum, sem í því er fólginn, og altaf verður að borga mönnum eitthvert kaup, og því ekki nema lítill

hluti kaupið, sem ofgreitt er. Mjer er ekki kunnugt um, hvernig til hagar í námum, en um skýrslu þessa er það að segja, að hún er ófullkomin og ekkert á henni byggjandi auk þess hefi jeg heyrt greinagóða menn, sem vel þekkja til, segja ýmislegt þar öðruvísi, svo að ekki er á henni að byggja.

Að eins vil jeg geta þess, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) taldi hv. þm. S.-Þ. (P. J.) ekki vel bæran til að dæma í þessu máli, og er þá ekki nema rjett, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) fái endurgjald fyrir lítt vinsamleg ummæli sín um Helga bróður minn, og verður það þá á þann hátt, að jeg og bróðir háttv. þm. (P. J.) vorum bekkjarbræður í skóla og nákunnugir. get jeg því sem vel kunnugur vottað það, að hann var maður greinagóður, og hefi jeg aldrei um hann vitað nje heyrt, að hann hafi nokkru sinni gert annað en það, er rjett var og heiðarlegt í alla staði. — En þó að einkabrjef frá Einari Gunnarssyni, cand. phil., hafi flækst með í þeim plöggum, er nefndin hefir fengið, þá hefði hún átt að skila því, miklu fremur en að birta kafla úr því slitna úr rjettu samhengi, sem vel getur sett alt annan svip á þau ummæli, sem til eru færð.

Það er sjálfsagt rjett, sem hæstv. forsætisráðherra tók fram, að taka verður tillit til kolaverðsins, og eins hitt, að stofnkostnaðinn verður að draga frá, en ekki telja hann til skaða.

Þá kem jeg að tillögu nefndarinnar. Nú stendur svo á, að stjórnin hefir reynt að bæta úr því, sem áfátt var um kolavinsluna. Hún hefir fengið mann frá Svíþjóð, vanan þess háttar vinnu, til þess að hafa umsjón með verkinu. Hann hefir gert ráðstafanir til þess að fá sænsk verkfæri, sem nú eru að eins ókomin, eftir því sem landsverkfræðingurinn tjáði mjer í gær. Stjórnin er því auðsæilega einráðin í að reka námuvinsluna framvegis, svo framarlega sem reksturinn svarar kostnaði.

En hvað er það þá, sem tillagan fer fram á. Ekki annað en það, sem stjórnin hefir nú þegar gert, að eins að því við bættu, að verkinu skuli eigi haldið áfram, nema það geti borið sig. Jeg er ekki í neinum vandræðum með, hvernig skilja beri orðin „hverfandi lítill". Það er auðvelt að geta sjer til um það. Í þeim felst auðvitað þetta, að stjórnin reki ekki kolavinsluna með verulegu tapi hjer eftir. Tillagan er því algerlega óþörf, þar sem í henni felst ekki annað en það, sem er á allra manna vitorði að gert verður. Hjer er verið að skora á stjórnina að gera það, sem hún er að gera og ætlar að gera. Þetta er að eins tilraun til að sprengja púðurkerlingar hjer í deildinni. En það er ekki bjargráðastefna að skipa stjórninni að leggja árar í bát, og get jeg búist við, að bjargráðanefnd leggist í móti slíku. Jeg veit, að hún hefir verið meðmælt surtarbrandsvinslu í Steingrímsfirði og lagt til, að gerður verði vegarspotti frá námunni til sjávar og að keypt skyldu áhöld til námuvinslunnar fyrir 2000 kr fjárframlag úr landssjóði. Því tel jeg og sjálfsagt, að gerðar verði frekari tilraunir með Tjörnesnámuna, úr því að allur nauðsynlegur undirbúningur er þegar gerður. Hitt, að hætta þar kolavinslu nú þegar, væri sama sem að leggja eld í húsin.

En um fjárhagshallann, sem kolanámið á Tjörnesi hefir haft í för með sjer, má geta þess til, að hann stafi að nokkru leyti af því, að eigi hafi verið haft nægilega glögt eftirlit með námunni, til þess að hægt hefði verið að ákveða hæfilegt verð á kolunum. En þrátt

eina svar, sem þingið getur gefið við þessari kröfu, eins og nú stendur á, er að gera breytingar á dýrtíðaruppbótarlögunum, en láta bætur á föstum launum bíða um stund. Hins vegar þolir þetta mál ekki langa bið, en það þolir þá bið, að ekki sjeu gerðar einhverjar kákbætur á launum einstakra embættismanna, sem rifnir eru út úr heildinni; slíkt kák veldur misrjetti og óánægju annara embættismanna, sem líkt stendur á fyrir.

Jeg vonast því til þess, að stjórnin taki alt þetta mál til yfirvegunar og leggi sem fyrst fyrir Alþingi frv. til laga um laun embættismanna. Best væri ef það yrði ekki fyr en að ófriðnum loknum, en ef til vil þolir það ekki svo langa bið. Í sambandi við þessi orð mín vil jeg því leyfa mjer að koma fram með rökstudda dagskrá, sem þannig er orðuð:

> **„Með þeirri áskorun til landsstjórnarinnar, að hún taki alt launamálið til rækilegrar meðferðar og leggi fyrir næsta Alþingi frv. til almennra launalaga, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".**

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla að fara að eins og hv. frsm. allsherjarnefndar (P. O.), að tala ekki langt mál, því jeg veit, að hann hefir orðið að stilla sig mikið, því hafa mun hann haft talsverða tilhneigingu til þess að ausa sjer út. Hvernig dagskráin er komin fram skil jeg ekki, en jeg hefði getað skilið hana, ef hún hefði komið fram áður en tvö málin næstu á undan voru afgreidd hjeðan. Þá hefði hún getað komið til mála, því jeg sje ekki, að frá hans (S.St.) sjónarmiði, eða eftir því sem hann hefir látið um mælt, sje neinn verulegur munur á þessu frv. og bæði till. og frv. um læknana. Það er því mjög undarlegt, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) skyldi ekki detta þessi leið í hug, áður en hin tvö málin voru afgreidd, svo að hann þá hefði getað reynt að hindra alt málið í heild. Aðalreglan í þessu máli er hin sama og í frv. úm hækkun á föstum launum lækna, sem er sú, að breyta lagaákvæðum, sem gilda. Jeg tel það dálítið broslega ástæðu, hjá þessum sama hv. þm. (S. St.), að kenna stjórninni um alt, sem hann telur ver farið. Er það t. d. stjórninni að kenna, þó símamenn kvarti og hóti að segja af sjer, ef þeir fái ekki bætt kjör sín. Jeg býst ekki við, að neinn hafi ætlast til, að alment frv. um launabætur embættis- og sýslunarmanna hefði verið lagt fyrir þetta þing, en það hefði verið ósköp hægt að gera, jafnvel fyrir þingið í fyrra, en það þótti þá ekki rjett að gera það, sjerstaklega vegna þess, að peningaverð var talið mjög á reiki.

En annars held jeg það ekki rjett að telja það hindrun þessu máli, þó peningaverð hafi verið mjög á reiki og óákveðið, og að minsta kosti er það víst, að aðrar nágrannaþjóðir okkar hafa ekki látið það tálma rjettlátum endurbótum á kjörum embættismanna.

Í fyrra voru t. d. launalög samþykt í Noregi og launin hækkuð að mun frá því sem var. Jeg get vel játað, að það er dálítið óheppilegt, að málinu sje nú aftur vísað til nefndar, en þar sem nú hv. deild hefir ákveðið, að sama nefndin skuli fjalla um öll þessi mál, þá sje jeg ekki ástæðu til setja mig beint upp á móti því, að hún þá líka íhugi þetta frv. Annars finst mjer, að þetta mál hefði mátt ganga sína leið og hefði verið látið standa eða falla eitt út af fyrir sig, og jeg vona, að nefndin láti það líka

verði vísað, þrátt fyrir það, þó allsherjarnefnd hafi athugað það og kveðið upp sinn dóm yfir því. Það er vitanlegt, að einmitt þetta frv. stjórnarinnar kom hreyfingu á öll hin launamálin, og má því telja stjórnina frumkvöðul þeirra allra, og hefir stjórnin því ekki að þessu leyti kallað þingið saman ófyrirsynju.

Jeg skil ekki, að það þurfi að fara að athuga þetta mál aftur í nefnd, þar sem það hefir verið gert, en þetta er auðvitað síðasta hálmstráið, sem gripið er í, til þess að forða þessu frv. frá bana. En það er nú komið sem komið er, nefndin er skipuð, er athuga á öll þessi launamál, og líklega þýðir ekki að spyrna á móti broddunum.

Sigurður Stefánsson: Mjer kom það dálitið á óvart, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) skyldi gera það að sinni till., að þessu máli yrði vísað til fjárveitinganefndar, þar sem önnur nefnd hefir fjallað um málið og látið uppi sitt álit um það. Það mun vera einsdæmi í þingsögunni að flækja málum svona milli nefnda og vísa til einnar, er önnur hefir athugað alt gaumgæfilega. Jeg verð því að telja þetta beinlínis bera vott um vantraust á allsherjarnefndinni, þar sem nærri liggur að ætla, að hv. þm. (E. A.) telji hana hafa farið svo illa með málið, að ekki veiti af, að önnur nefnd athugi það betur. Og jeg verð að segja, að mjer finst þetta vantraust koma úr hörðustu átt, þar sem það kemur frá hv. 2. þm. Árn. (E.A.), sem er formaður allsherjarnefndar. Jeg verð því að segja, að þetta hlýtur að vera leikur hjá hv. þm. (E. A.), ef þá ekki blátt áfram skrípaleikur, að vera að flækja þessu máli svona fram og aftur á milli nefnda.

Jeg álít öllu launamálinu vera komið í óvænt efni, eins og því er nú komið. Hingað inn á þingið hafa ruðst bænarskrár frá embættismönnum, sem fara fram á, að laun þeirra verði bætt. Jeg er ekki að ásaka embættismennina fyrir þetta, því þar sem þeim sumum hverjum er smánarlega illa launað, þá er þetta ekki nema eðlilegt, en jeg ásaka stjórnina fyrir þetta, því að öll óreiðan, sem á þessu máli er hjer á þingi, er henni að kenna.

Á þinginu 1913 var ákveðið að setja milliþinganefnd, sem rannsaka skyldi og koma með tillögur um þetta launamál. Þessi nefnd, þar sem meira að segja hæstv. forsætisráðh. átti sæti, leggur svo fram nefndarálit sitt 1916. Það hefði því mátt ætla, að stjórnin hefði næg gögn í höndunum í þessu máli og nægilega þekkingu til þess að leggja hjer fram fyrir þingið frv. til almennra launalaga. En af einhverjum sjerstökum ástæðum hefir stjórninni ekki unnist tími til þess. En þó verð jeg hins vegar að álíta, að málið hafi verið svo vel undirbúið, að hefði stjórnin verið ekki með öllu ónýt, þá hefði það þó ekki verið neitt sjerstakt þrekvirki, einkum þar sem nú stjórnin telur þrjá menn.

Jeg skal játa það, að tímarnir, eins og þeir nú eru, eru mjög svo óheppilegir, þó jeg viti og játi, að brýn þörf sje á að bæta laun embættismanna, en á þeirri þörf yrði engin bót ráðin, þó þingið gerði þar á einhverjar kákbætur, og jeg hjelt satt að segja, að það mundi ekki verða aðalstarf þessa þings, að vera að grúska, að gagnslausu, í svona málum. Ef taka hefði átt þetta mál til yfirvegunar og rannsóknar hjer á þinginu, var það skylda stjórnarinnar að koma með það undirbúið, en þar sem hún gerði það ekki, var þingið löglega afsakað að ansa þessum kröfum. Það

til 3. umr., án þess þó, að hv. meiri hl. sje á nokkurn hátt bundinn við að fylgja frv. lengra.

Hitt hefir komið til álita milli hv. meiri hl. og stjórnarinnar, að athuga betur það, sem farið er fram á í frv. stjórnarinnar, og athuga, hvort ekki megi fara aðra leið að líku marki sem frv. hefir fyrir augum. Ekkert er samt ráðið um það af hv. meiri hl.

Ef hv. deild vildi leyfa frv. að ganga til 3. umr., þá væri það mjög æskilegt, og jeg vildi leyfa mjer að mælast til þess, að svo verði gert, og sömuleiðis vildi jeg mælast til, að hv. minni hl. vildi bíða með brtt. sínar þangað til sjeð verður, hvernig málin ráðast.

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Það var út af tilmælum hæstv. forsætisráðh., um að jeg krefðist þess ekki að brtt. mínar, á þgskj. 91, yrðu bornar upp til atkv., að jeg leyfi mjer að lýsa yfir því, að jeg ætla mjer að geyma þær til 3. umr., og óska því, að þær verði ekki bornar undir atkv. nú.

Forseti: Jeg leyfi mjer að benda á, að samkvæmt 22. gr. þingskapanna verður ekki komist hjá að bera upp greinar frumvarpsins við þessa umr., en jeg skal bera þær allar upp í einu lagi og með þeim fyrirvara, sem hæstv. forsætisráðherra hefir lagt til.

ATKVGR.
Brtt. 91. tekin aftur til 3. umr.
1.—4. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 5, 91, 213).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 31. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 5, 91, 213, 249).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 5, 91, 213, 249).

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Jeg stend einungis upp til þess að koma með till. um, að eins verði farið með þetta mál og hin tvö málin, sem fyr voru til umr., að því verði vísað til fjárveitinganefndar, til nánari athugunar, og að umr. verði frestað.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Eins og þessu máli nú er komið, mun tilgangslítið að ræða það að nokkrum mun. Meiri hl. allsherjarnefndar hefir eindregið lagt á móti frv. og ráðið hv. deild til að fella það. Í því efni þykir mjer nægja að vitna til álits meiri hl. á þgskj. 73.

Síðan mál þetta kom úr nefndinni, hefir það átt mjög örðugt uppdráttar hjer í deildinni. Það er víst búið að koma 10 sinnum á dagskrá, en aldrei þótt tiltækilegt að bera það undir atkv., og því altaf tekið út af henni. En nú hefir stjórnin komið ár sinni svo vel fyrir borð, mjer liggur við að segja með allskonar bakdyramakki, að búið er að vekja upp nefnd, er á að taka þannig vaxin mál til nánari yfirvegunar, og þangað ætlast hún svo til að þessu máli

II.

Ekki útrædd.

A. Stjórnarfrumvörp.

1. Laun embættismanna.

Á 2. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenskra embættismanna, lögum 3. okt. 1903, um skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og lögum 20. okt. 1913, um stofnun hagstofu Íslands (A. 5).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi leyft mjer að leggja þetta frv. fram fyrir hv. deild. Jeg hygg, að í athugasemdum þeim, sem frv. fylgja, sje nægilega gerð grein fyrir því, hvers vegna frv. þetta er fram komið og að við þessa umr. málsins sje ekki nein ástæða til að flytja langa tölu um það. Jeg vona, að hv. deild vísi málinu til nefndar, og vil jeg leyfa mjer að leggja til, að því verði vísað til allsherjarnefndar. Vona jeg, að háttv. nefnd muni leyfa mjer viðtal við sig, á einhverju því stigi málsins, sem henni þykir ástæða til, og að hv. deild taki frv. þessu vel, og enn fremur, að allir muni viðurkenna, að hjer er ekki farið fram á annað en það, sem rjett er og sanngjarnt að veita.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 : 2 atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) með 14 : 3 atkv.

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 5, n. 73 og 90, 91).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24 fundi í Nd., fimtudaginn 16. maí, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 5, n. 73 og 90, 91).

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Jeg leyfi mjer að óska þess, að málið verði að þessu sinni tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., laugardaginn 18. maí, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 5, n. 73 og 90, 91).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að hefja umr. um þetta mál, því það hefir orðið að samkomulagi milli mín og hv. meiri hl. nefndar þeirrar, er um málið fjallaði, að leyfa því að fara

Á 6. fundi í Ed., laugardaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1).

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. þessu verði vísað til bjargráðnefndar og umr. þar með frestað.

ATKVGR.

Frv. vísað til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 544) með 12 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 4. maí, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 39).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Þegar nefndin gerði breytingarnar við hitt frv. með sömu fyrirsögn (um yfirráð skipa), gekk hún út frá því, að þetta frv. kæmi einnig á dagskrá, en yrði þá tekið aftur af hæstv. stjórn, ef brtt. á þgskj. 49 yrðu samþyktar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Að gefnu tilefni vil jeg leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg tek aftur frv. á þgskj. 1.

Frv. því

tekið aftur.

Mál, tekin aftur og ekki útrædd.

I.

Tekið aftur.

Stjórnarfrumvarp.

Ráðstafanir út af Norðurálfuófriðnum. [skepnufóður].

Á 2. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum (A. 1).

Á 4. fundi í Ed., fimtudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Frv. þetta er stutt og sömuleiðis greinargerðin. Í henni er þó tekið fram, hvað fyrir stjórninni vakti með bráðabirgðalögum þeim, sem prentuð eru með frv.

Eins og kunnugt er, var útlitið alt iskyggilegt í haust og vetur með fóðurbirgðir landbænda. Hey voru lítil og slæm, en ýmiskonar fóðurbætir, síldarmjöl og fleira, hafði verið notað áður til skepnufóðurs og reynst vel.

Þótti því stjórninni vissara að leggja bann við sölu slíkra fóðurtegunda út úr landinu, sjerstaklega þegar jafnframt stóð svo á, að komið hafði kauptilboð frá Danmörku í síldarmjölið á Siglufirði.

Stjórnin keypti því allmikið af fóðurmjöli, til þess að geta haft vald yfir því og miðlað því til þeirra staða, þar sem þörfin reyndist mest, og standa nú yfir flutningar í því skyni.

Jeg vil svo leyfa mjer að óska þess, að málið fái að ganga til 2. umr., en vil um leið mælast til þess, að þeirri umr. verði frestað uns kosin hefir verið bjargráðanefnd sú, sem kjósa á samkvæmt till. þeirri, sem fram er komin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Heildsala landsstjórnarinnar á þurftarvörum.

já: G. B., G. Ó., H. Sn., K. E., M. T., P. J., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. J., E. Árna., E. J.

nei: H. St., H. K.,J. J., K. D., M. G., M. P., M. Ó., Ó. B., P. O., S. St., S. F., Þorl. J., Þór. J., B. K., B. St., E. P., E. A., G. Sv., G. G., Jóh. Jóh.

J. M., M. K., S. E. og S. J. greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (J. B. og Þorst. J.) fjarstaddir.

„leggja inn“ hjá kaupmönnum, og muni síðar fá eitthvað út á þau orð. Jeg skal geta þess, að jeg hefi hvorki fyr nje síðar, eftir að þessi till. kom fram, talað um þetta mál við nokkurn kaupmann.

Sami hv. þm. (Sv. Ó.) kvartaði undan „köpuryrðum“, sem hann taldi að jeg hefði látið falla í hans garð, og vil jeg því enn fremur láta þess getið, að slík orð viðhafði jeg ekki, þótt jeg væri þungorður um till.; jeg beindi ræðu minni nær eingöngu til hv. aðalflm. till. (M. T.), sem augsýnilega hefir fengið hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) til að skrifa undir með sjer að óhugsuðu máli, enda hann og fleiri horfið frá till. síðar.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg hefi ekki ástæðu til að segja margt; umræðurnar hafa upp á síðkastið allar verið till. í vil. Jeg get verið ánægður yfir því, að till. hefir komið fram. Umr. þær, sem hafa orðið, munu annars vegar herða á heildsölunum að birgja landið, svo þeir þurfi ekki að bera kinnroða fyrir að láta verða vöruskort; hins vegar munu umr. verða til þess, að stjórnin fær hjeðan af ekki að sofa í ró. Almenningur mun áreiðanlega fylgja framkvæmdum hennar í þessu efni með athygli. Mjer er því nóg, að till. hefir komið fram, hvernig sem atkvæði kunna að falla.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Ísf. (S. St.), 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), 1. þm. Eyf. (St. St.), 2. þm. Eyf. (E. Árna.), 4. landsk. þm. (G. G.) og 1. landsk. varaþm. (S. F.) (sjá A. 522) feld með 17 : 17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., G. B., G. Ó., H. K., H. Sn., Ó. B., P. J., P. Þ., S. S., S. St., S. F., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. Sv., B. J., E. Árna.

nei: G. Sv., H. St., J. J., K. E., K. D., M. G., M. P., M. T., M. Ó., P. O., Þór. J., B. K., B. St., E. P., E. A., E. J., Jóh. Jóh.

J. M., M. K., S. E. og S. J. greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (J. B. og Þorst. J.) fjarstaddir.

Rökstudda dagskráin frá þm. Stranda., M. P., (sjá A. 521) feld með 17 : 17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G., M. P., M. Ó., Ó. B., P. J., P. O., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. K., B. St., E. P., E. A., E. J., G. Sv., H. St., J. J.

nei: K. E., K. D., M. T., P. Þ., S. S., S. St., S. F., St. St., Sv. Ó., B. J., E. Árna., G. G., G. B., G. Ó., H. K., H. Sn., Jóh. Jóh.

J. M., M. K., S. E. og S. J. greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (J. B. og Þorst. J.) fjarstaddir.

Tillgr. **f e l d** með 20 : 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

smáglepsum, sem voru ekki á sem bestum rökum bygðar. En jeg skal fara fljótt yfir sögu.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hjelt því fram, að landsverslunin hafi gert mikið ógagn með því að setja svo hátt verð á vörur, að kaupmenn hefðu leiðst til að selja enn dýrar en ella. En það má sanna það, að þetta er sagt út í loftið. Landsverslunin hefir átt við miklu hærra flutningsgjald að búa en kaupmenn, sem flutt hafa með skipum Eimskipafjelagsins, og þó má segja, að henni hafi tekist að selja með svo hagfeldum kjörum, að kaupmenn hafi ekki fengið tækifæri til að selja vörur sínar með hærra verði en þeir hafa gert. Landsverslunin hefir því haldið niðri vöruverði í landinu. Þetta er sannleikurinn í málinu, og er, sem vænta mátti, þveröfugur við ummæli hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Þá skal jeg koma að hv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Það yrði of langt mál að fara að eltast við allar hans fullyrðingar. Hjelt hann á lofti ýmsum furðulegum skoðunum. Jeg tel það tæpast viðeigandi að auglýsa það öllum heiminum, að fjárhagur landsins sje svo bágborinn, að það sje ekki hægt að gera nauðsynlegar bjargráðaráðstafanir. Þetta er varhugaverð yfirlýsing. Jeg verð að halda því fram, að allur vöruforði og skipastóll, sem landið á, sje fullkomlega þess virði, sem hann var keyptur. Það nær því engri átt, að það sje rjett, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) var að fara með. (B. K.: Jeg get ekki svarað). Jeg man það og skal fara vægt í sakirnar, fyrst ekki er tækifæri til andsvara. Það var ekki nóg með þessa fullyrðingu. Þingmaðurinn (B. K.) hjelt því líka fram, að landið kæmist venjulega að verri kaupum en einstaklingar, að það fengi venjulega verri vörur, að það hefði ekki tök á að kaupa og selja á rjettum tíma, að þeir menn, sem gegndu kaupstörfum fyrir landið, yrðu sljórri og óduglegri en þeir, sem starfa fyrir sjálfa sig, og að útlendir kaupmenn og stórsalar myndu neita að selja landinu vörur.

Fleira en þetta þarf jeg ekki að telja. Jeg vil að eins geta þess, að fullyrðingar þessar voru gersamlega órökstuddar og sanna ekkert af því, sem þær áttu að sanna.

Jeg hefi ekki ætlað mjer að greiða atkv. með þingsál.till., þó jeg líti svona á málið. Nýlega voru samþ. af þinginu heimildarlög til að banna innflutning á sumum vörutegundum og ákveða vöruverð; jeg var á móti þessum lögum, af því jeg áleit þau óþörf; landsstjórnin hefði þessa heimild í gildandi lögum. Sömu afstöðu hefi jeg gagnvart þessari till. Jeg álít hana óþarfa, en hins vegar meinlausa.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) taldi það eitt meðal annars, sem gerði ókleift að samþykkja till., að landssjóður yrði að verja 6 miljónum kr. til síldarkaupa. Þetta er spádómur, og ekki líklegt að hann rætist. Það þarf ekki spámann til að sjá, að langlíklegast er, að landssjóður þurfi ekki að verja einum eyri til síldarkaupa; hver eyrir verði að líkindum innborgaður, þegar þarf að greiða andvirði síldarinnar.

Gísli Sveinsson: Jeg vil að eins bera af mjer það, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði um mig, sýnilega í því trausti, að jeg fengi ekki orðið til andsvara; það eru þau umæli, að jeg hafi með fyrri ræðu minni ætlað mjer og verið að

kaupa, ef þeir teldu þess þörf. En þótt till. væri samþykt, þá bindur hún ekki landsverslunina við einkasölu á þurftarvörum, en ætlar henni að starfa jafnhliða öðrum heildsölum að innflutningi vörunnar og dreifingu hennar um landið. Og þótt heildsala þessi væri eigi í stórum stíl, þá verður hún að álítast álíka nauðsynleg og heildsala landsins á matvöru.

Það er alþekt viðskiftalögmál, að þegar vörutegund er að eins til hjá fáum mönnum eða einum einstökum, þá hækkar hún í verði, og það langt fram úr hófi, oftast. Svo hefir orðið hjer, og munu síðar koma í ljós afleiðingar þeirra ókjaraviðskifta, í hnignun efnalegs sjálfstæðis alþýðu manna.

Þetta segi jeg ekki til ámælis kaupmönnum. Þetta gildir á öllum sviðum viðskiftanna og meðan svo stendur á, að hver er sjálfum sjer næstur.

Jeg vænti því, að hv. þm. greiði atkv. með þeirri rökstuddu dagskrá, sem jeg og fleiri hafa borið fram, því að með henni er tilgangi till. náð. Og þótt framkvæmdir um heildsölu landsverslunarinnar á fleiri vörum en hún hefir nú verði litlar að sinni, þá sýnir dagskrártill. stefnuna og brýnir fyrir stjórninni að hafa nánara eftirlit með útsöluverði á þurftarvöru og dreifingu hennar um landið.

Magnús Kristjánsson: Jeg vil að eins gera stutta athugasemd, einkum vegna þess, að jeg hefi ekki haft tækifæri til að hlusta á umræðurnar, og því síður til að taka þátt í þeim.

Hv. flm. (M. T.) gat þess, að hann hefði átt tal við fleiri eða færri úr landsversluninni um till., og vil jeg í tilefni af því lýsa því yfir, að jeg minnist þess ekki, að við höfum borið saman ráð okkar um þetta mál, eða jeg hafi nokkurn dóm á það lagt.

Það er fjarri því, að jeg telji mál þeirra, sem telja till. þessa illa og óviðeigandi, vera rjett, en álit mitt liggur skriflega fyrir, annaðhvort hjá bjargráðanefnd hv. Nd. eða hjá landsstjórninni, svo jeg þarf ekki að fara að útskýra það nánar.

Þegar forstjórar landsverslunarinnar voru spurðir að því, hvernig þeir teldu haganlegast fyrirkomulag á aðflutningi og sölu nauðsynjavöru, þá var það samhljóða álit þeirra, að heppilegast myndi, að landsstjórnin hefði ein sölu og aðflutning á kornvöru og sykri, en ljetu jafnframt í ljós, að heppilegast myndi, að kaupmenn sæju um aðrar vörur, að svo miklu leyti, sem þeir væru færir um það. Þetta er stefna forstjórnar landsverslunarinnar, það er auðgert að sanna.

En þetta gerir ekki það að verkum, að jeg telji nokkra fjarstæðu, þótt þessi till. hafi komið fram, því nú vantar margar vörutegundir, þótt engar hindranir hafi verið lagðar í veginn, frá hálfu þings eða stjórnar, fyrir frjálsa verslun, hvað þær snertir. Þetta bendir til þess, að kaupmenn hafi ekki getað birgt landið nægilega, og tilgangur till. hlýtur að vera sá, að hvetja landsstjórnina til að bæta úr þessari vöruvöntun, að meira eða minna leyti. Jeg sje því ekki á bak við till. neina alvarlega tilraun til verulegrar stefnubreytingar á verslunarfyrirkomulaginu.

Þetta er um málið alment, en jeg verð að minnast stuttlega á einstök atriði.

Jeg get ekki komist hjá því að beina orðum mínum til einstakra þm. út af

Samkepni öll má heita þrotin, og með því móti verða viðskiftin ófrjáls, einokuð af þeim fáu, sem þessa eða hina vörutegund hafa. Ástandið er í sumum efnum engu betra en á dögum hinnar illræmdu ríkiseinokunar Dana á 17. og 18. öld.

Nefna má hjer til dæmis munntóbak. Jeg veit ekki með vissu hvað það kostar nú í innkaupi, en það mun þó ekki vera orðið svo dýrt, að ástæða sje til að selja 1 kíló á 25 krónur, svo sem hjer er nú gert. En eins og það er með þá vöru mun því og farið með fleiri. Það er því ástæðulaust að vera að deila um það, að það sje ekki nauðsyn á þessu, vegna þess, að viðskiftin sjeu og eigi að vera frjáls. Viðskiftin eru ekki frjáls lengur, og þess vegna eiga ekki við kenningar hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) um frjálsu viðskiftin. Hjer þarf, eins og með öðrum þjóðum, verðlag að setja af ríkisvaldinu eða viðskiftin að vera í höndum þess. Reynslan hefir margsannað, að einstaklingunum má eigi treysta til þess, þar sem samkepni vantar.

Fleiri hv. þm. hafa blandað saman tveim ólíkum orðum í þessu sambandi. Það eru orðin einkasala og einokun. Að nota þau jöfnum höndum til að tákna sama hugtak er með öllu fráleitt, svo gerólík er þýðing þeirra. En reyndar nefnir till. hvorugt. Þar er að eins talað um heildsölu, og þá auðvitað jafnhliða öðrum heildsöluverslunum.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) gaf það berlega í skyn, að tilgangurinn með þessari till. væri sá, að koma á einokun nú eða framvegis. Þetta er ekki vingjarnleg tilgáta, enda hefir þetta aldrei verið ætlun flutnm. Nær hæfi hefði verið að benda á einkasölu, sem bæði er tíðkuð og viðurkend rjettmæt af stjórnum ríkjanna á þessum tímum; hitt er að villa mönnum sýn, að kalla þetta einokunartill., till., sem einmitt stefnir að því að ljetta af einokun. Við vitum allir, hve orðið „einokun“ lætur illa í eyrum og hversu dómur sögunnar um hana er.

Þótt jeg hafi horfið frá till. í hinni upphaflegu mynd, þá kemur það ekki af því, að jeg telji ekki fulla þörf á henni, en jeg tel að eins megi ná tilganginum með þeirri rökstuddu dagskrá, sem jeg og fleiri hv. þm. hafi borið fram, og að við berum hana fram er af því, að við væntum, að fleiri hv. þm. greiði henni atkvæði en þingsál., af því að búningur hennar er mildari.

Hnjóðs- og köpuryrðum hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hirði jeg ekki að svara. Hann var að tala um bíræfni og miður heiðarlegar hvatir, sem leitt hefði flm. till.; jeg fæst ekki um þessi orð hans og kljáist ekki við hann um þau. Hann vildi sýnilega leggja eitthvað inn fyrir sig hjá kaupmannastjettinni, og má vera, að hann á sínum tíma uppskeri eitthvað hjá henni fyrir hugulsemina. En óþarft var af honum að óvirða tillögumenn í orðum, og ólíklegt er, að kjósendur hans kunni honum þakkir fyrir frammistöðuna. Þeirra er eigi síður þörfin en annara, að tilraunir sjeu gerðar til að draga úr óvitaverði því, sem nú er á ýmsum vörum.

Eina fullyrðing kom hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) með, sem jeg get ekki fallist á, en verð að líta svo á, sem óþarft hafi verið að koma fram með. Það var sú fullyrðing hans, að eigi sjeu til menn með nægilega þekkingu til að kaupa þurftarvörur handa landsversluninni, eða að til þess þyrfti heilan her sjerfræðinga. Jeg er viss um, að forstjórar landsverslunarinnar eru færir til þessa verks, og gætu líka fengið nauðsynlega aðstoð til inn-

þessu leit jeg svo á, strax í upphafi, að till. væri gagnslítil og meinlaus. Mig hefir því furðað mótblástur sá, sem fram hefir komið gegn till., og jeg hjelt, að hann væri sprottinn af misskilningi. Sumir líta og svo á till., þó stór orð sjeu, að hún sje „húmbúg", og ef svo væri, er mótblásturinn enn þá kynlegri, og jeg fer því að halda, að meira sje spunnið í till. en mjer leist í öndverðu.

Gagn það, sem mjer sýndist vera af till., er tvent. Í fyrsta lagi, að með henni sýndi þingið lit eða vilja sinn í málinu, og þetta var aðalatriðið fyrir mjer, og hitt annað, að till. brýndi stjórnina til að taka meira af versluninni í sínar hendur en verið hefir; en jeg get ekki verið samþykkur því, að brýna stjórnina til að taka meiri lán til að reka verslunina en þegar er orðið nauðsynlegt. Jeg var því ráðinn í því að greiða ekki till. atkv., áður en nokkur mótblástur var hafinn gegn henni.

Hitt finst mjer ekki óviðeigandi, að þingið sýni lit í málinu, og það gerir það með dagskrá þeirri, er hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) las upp.

Jeg býst við því, að óróleikinn móti till. stafi af því, að Reykvíkingar haldi, að á bak við till. liggi það, að flutningsmennirnir vilji koma allri versluninni á eina hönd, landsins hönd, og útrýma öllum kaupmönnum með ofbeldi. En það hefir aldrei verið ætlun mín, hvað sem öðrum líður. Jeg tel nauðsynlegt, að þessar tvær stefnur, sem um er deilt, kaupfjelagsskapur og kaupmenska, haldi báðar áfram fyrst um sinn. Því reynslan hefir alls ekki sýnt enn þá til fulls, hvor stefnan er rjettari. Þær þurfa að keppa saman í lengri tíma til þess en enn þá er orðið.

Jeg lít því svo á, sem það geti ekki komið til greina, að landsverslunin að svo stöddu taki alla verslunina í sínar hendur, þó má ske væri gott meðan á stríðinu stendur, ef hún hefði fje til þess. Og jeg ætla, að flutningsmennirnir sjeu því ekki fylgjandi, nema þá mjög fáir.

Sveinn Ólafsson: Líklega er ekki þörf á því að lengja umræðurnar nje tala frekar um málið en orðið er, en vegna þess, að jeg er einn af flm. till., þá vil jeg athuga ofurlítið sumt af mótmælum þeim, sem hafa komið fram.

Sumt af því, sem fram hefir komið í umræðunum, eru hnjaskyrði, sem ekkert erindi eiga inn í umræðurnar, annað en fjarlægja hugann efninu. Svo var það um lestur hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um landsverslunina. Þessu öllu er óþarft að svara, og mörgu af því, sem fram hefir komið gegn till., hefir hv. þm. Ísaf. (M. T.) o. fl. svarað, svo óþarft er að taka það upp af nýju.

Eitt atriði var þó í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem hann lagði áherslu á og jeg get ekki stilt mig um að mótmæla. Það voru ummæli hans um, að till. væri borin fram í hugsunarleysi, án þarfa og að ástæðulausu. Ef til vill sjer hann hjer öðrum betur, en efast verð jeg um, að hann hafi hugsað þetta mál eða grenslast eftir hvötum flutningsmanna.

Ástæðurnar eru margar og mismunandi hjá hinum ýmsu þm., en hv. þm. er kunnugt, hvernig öllum viðskiftum hefir hagað kringum land síðustu árin. Nær daglega berast hingað skeyti í hópatali um að útvega ýmsar vörur, og á stórum svæðum í landinu eru margar vörur með öllu ófáanlegar. En þar sem þær svo loks fást, eru þær seldar feiknarverði. Vjer vitum, að gangráður eða „regulator" viðskiftanna, samkepnin, starfar eigi sem áður í viðskiftalífinu.

Þessi sami hv. þm. (B. K.), talaði einnig mjög fagurlega um það, að til þess að kaupmenn gætu kept við aðra, þá yrðu þeir fyrst og fremst að kunna að kaupa á rjettum tíma. En síðan stríðið skall á þá er þessi „rjetti“ tími að kaupa sem fyrst — kaupa strax, og tap á öllum drætti, og það, sem landsversluninni hefir mest verið álasað fyrir, er það, hversu hún hefir dregið kaup sín. Þannig voru skipakaupin ekki gerð nógu fljótt, og átti hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sinn fulla þátt í því, að það var dregið á langinn og landssjóður beið af stórtjón.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði enn fremur, að það væri aðaltilgangur till. að minka gróða stórkaupmannanna. (**B. K.**: Jeg sagði það ekki!) Jú, — en það eru getsakir og fjarstæða, sem ekki nær nokkurri átt. Tillagan er komin fram af því, að kaupmenn hafa ekki birgt landið nægum þurftarvörum, og hafa þeir þó selt varning sinn við okurverði. (**B. K.**: Vörurnar fást ekki.) Það er ósannað, að svo sje, og það hefir enn fremur komið fram, að landsverslunin hefir getað fengið vöru, þóttt einstakir kaupmenn hafi ekki getað það. Ljóst dæmi þess er sykurinn frá Danmörku; ekki gátu kaupmenn fengið hann.

Aðaltilgangur tillögunnar er sá, að landsstjórnin og landsverslunin dragi ekki að birgja landið upp af nauðsynlegum þurftarvörum, og það verður að gerast áður en verð þeirra er komið upp úr öllu hófi. Og ástæðan til að jeg ber fram till. er sú, að jeg vil taka af mínum herðum alla ábyrgð á því, ef svo verður ekki gert. Verði till. feld, þá er ábyrgðin komin yfir á þá hv. þm., er það gera, og jeg öfunda þá ekki af því verki þeirra.

Fleiru þarf jeg ekki að svara að sinni, en jeg hygg, að það sje ekki ofsögum sagt af því, hvað heildsalarnir halda vel utan að sínu í þessu máli.

Þegar hjer var komið, kom fram ósk um, að slitið yrði umræðum, þá er talað hefðu þeir, er nú hefðu beðið sjer hljóðs, frá þessum þm.: E. Árna., P. O., J. J., G. Ó., M. P., M. G., B. St., M. Ó., S. S., St. St.

Bjarni Jónsson: Jeg mótmæli því, að slík till. sem þessi, um að reyna að hefta málfrelsi þm. á Alþingi, verði borin undir atkvæði. Slík till. er ósæmileg, og jeg skora á hæstv. forseta að bera hana ekki undir atkvæði, og hv. þm. að fella till., ef hún verður borin undir atkvæði.

Forseti: Í 37. gr. þingskapanna er gert ráð fyrir till. sem þessari, og í sameinuðu þingi geta 9 þingm. heimtað, að till. sje borin undir atkvæði, og því ber jeg till. undir atkvæði samkvæmt skyldu minni.

Till. um að slíta umræðum samþykt með 22 : 7 atkv.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg skal ekki tefja hv. þm. með langri ræðu.

Jeg vil geta þess, að þegar jeg skrifaði nafn mitt við till. þessa, þá gat jeg þess strax, að mjer litist till. svo, að hún hefði ekki mikla þýðingu. Jeg sagðist ekki sjá, að landsstjórnin hefði fje til að taka verslun landsins meir í sínar hendur en þegar hefir verið gert, og af

ekki yrði beðið með þetta þangað til stjórnin neyddist til þess.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði um það, að þetta hefði ekki verið borið undir landsverslunina. En svo vill vel til, að jeg hefi margtalað um þetta við verslunarfróða menn og menn í landsversluninni, og gat jeg ekki skilið á orðum þeirra, að þeir væru móti till. í þessa átt. Þar að auki talaði jeg við einn mann í innflutningsnefndinni. Annars er ilt fyrir mig að skýra nánar frá viðtali mínu við þessa menn. Þetta voru „prívat"-samtöl og ekki leyfilegt að skýra frá samtali okkar.

Háttv. sami þm. (G. Sv.) sagði, að landsverslunin ætti að haga sjer sem kaupmaður, og að það yrði að skoða hana sem slíka. Jeg verð að mótmæla þessu sem stórhættulegri villu. Kaupmaður setur upp sína verslun til þess að græða. Aðaltakmark hans er að græða. Eftir staðhæfingu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) ætti þetta að vera aðaltakmark landsverslunarinnar, og ef hallaðist hjá henni, ætti hún að kasta öllu frá sjer, eins og sumir kaupmenn gerðu í stríðsbyrjun, er þeir seldu skipakost sinn. En það er svo langt frá því, að landsverslunin geti hlaupið af hólminum undir eins og tvísýnt verður um gróðann, að hún er einmitt skyld til að halda versluninni áfram.

Jeg get borið um það af eigin reynslu, að landsverslunin selur ekki dýrar en aðrar verslanir. Á Ísafirði hefir verið bæjarverslun með landsverslunarvörur, og mjer er kunnugt um, að fólk hefir sælst til að versla fremur við landsverslunina, af því að hún hefir selt vörur sína lægra verði en kaupmenn.

Þá hefir verið talað um það, að mikið fje þyrfti til þess að reka verslunina. Jeg skal ekki dæma um það. En þess ber að gæta, að talsvert fje sparast við það, að ýmsar vörur fást alls ekki, og þess vegna hafa bankarnir meira fje undir höndum en ella. Þeir gætu því fremur hjálpað.

Mjer þykir hátt farið, ef landsverslunin hefði miljón í veltu, því vörur þær, sem hún selur, ættu að ganga út nær því strax, og því þarf hún ekki eins mikið veltufje. En ef til vill líta aðrir svo á, sem rjettast væri, að hún seldi ekki strax vörubirgðir sínar, en það er fyrirkomulagsatriði.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) litu svo á, sem landsverslunina vantaði þekkingu til að annast innkaup á hinum ýmsu þurftarvörum landsmanna. Jeg ætlaðist aldrei til, að stjórnarráðið sjálft annaðist þetta, heldur landsverslunin, og jeg hjelt, að landsverslunin, með þeim kaupmannahring, sem myndar hana, forstöðumönnum verslunarinnar sjálfrar og innflutningsnefndinni, hefði fullkomið verslunarvit, svo að þeir væru fullfærir til að kaupa skinn eða húðir, alveg eins og hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) var að tala um, og auk þess hafa þeir þeim kröftum á að skipa, sem kunnugastir eru versluninni í Ameríku, en þar er verslunin sennilega mest nú orðið.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að þetta væri gert til að koma á landsheildsöluverslun eftir stríðið, en það er fjarri öllu lagi. Þetta er að eins stríðsráðstöfun. Sami hv. þm. (B. K.), var líka að tala um það, að með þessu væri verið að ráðast á kaupmannastjettina. Það eru mjög órjettmæt ummæli. Jeg veit, að á Ísafirði t. d. hafa einn eða tveir kaupmenn haft örlítil bein viðskifti við Ameríku, hinir kaupmennirnir hafa orðið að kaupa vörur sínar hjer í Reykjavík, stundum hjá útsölum.

til þess að gera verðjöfnuð. En jeg get fullyrt það, eftir verslunarfróðum manni, að besti og eini ábyggilegi verðjöfnuðurinn sje, að nægar vörubirgðir sjeu til í landinu.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að aðalástæðan til þess, að hann hvarf frá till., hafi verið sú, að fje vantaði til vörukaupa. En hann gleymir, að till. endar á orðunum: „eins fljótt og við verður komið". Með þessum orðum er sleginn fullur varnagli, að því er snertir fjárskort og aðrar tálmanir.

Hæstv. forsætisráðherra og fleiri hafa talað um það, að fljótráðið hefði verið að senda till. í sameinað þing. Til þess er að svara, að gert var ráð fyrir, að till. kæmi ekki til umr. fyr en löngu eftir að hún kom fram, til þess að þm. gætu borið sig saman. Við höfum líka bjargráðanefndir hjer í þinginu. Ef þær litu svo á, að till. væri athugaverð, var skylda þeirra að athuga hana. Annars get jeg ekki kannast við, að till. hafi verið fljótráðin. Það er langt síðan mjer datt í hug að flytja hana. Og ástæðan til þess var sú, að jeg er ekki í neinum vafa um, að eftir því sem lengra líður, verður æ meiri skortur á þessum vörum og því meiri nauðsyn á að landsstjórnin afli þeirra, áður en þær verða svo dýrar, að úr öllu hófi keyri.

Þá hefir verið talað um, að verið væri að spilla samvinnu milli kaupmana og landsverslunarinnar. Jeg hefi aldrei gert neina tilraun til að spilla þeirri samvinnu, og jeg get ekki skilið, að nokkur geti borið mjer slíkt á brýn. Landsstjórnin hefir líka girt sig kinverskum kaupmannamúr. Þeir eru nú „8 í kringum kónginn". Þess vegna er engin ástæða til að ætla, að ekki yrði altaf tekið nægilegt tillit til verslunarstjettarinnar.

Jeg get ekki ljeð dagskrá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) fylgi mitt. Hún fer að nokkru leyti lengra en þingsál., en líka skemra að sumu leyti. Hún gerir ráð fyrir, að landsstjórnin taki í sínar hendur kaup á öllum þurftarvörum. (S. St.: „Öllum" er strikað út). Það var þó mikið! Flm. hafa þá athugað það, að þetta var vitleysa. En svo er annað. Í dagskrá þessari stendur: „ef nauðsyn krefur", en lögunum: „ef á þarf að halda". Það er mun linara, svo að verið er að draga úr stjórninni að nota lögin frá 1. febrúar 1917. Mjer kom það kynlega fyrir sjónir, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), þm. V.-Sk. (G. Sv.) og þm. Stranda. (M. P.) skuli bera svo ákaflega mikið traust til röggsemdar stjórnarinnar; því að eitt, sem henni hefir verið fundið til foráttu meðal annars, er, að hún hafi farið heldur á seinagangi. Og þessi till. er sjerstaklega fram komin til þess að hotta svolítið á hana.

Það hefir verið sagt, að landsverslunin hafi ákveðið að versla ekki með annað en nauðsynjavöru. Jeg veit, að þetta er rjett. En þess ber að gæta, að bresku samningarnir voru ekki komnir, þegar þetta var ákveðið.

Jeg verð að vísa því tali frá mjer, að hjer sje verið að ofsækja verslunarstjettina. Því fer fjarri, að þetta sje gert, enda kom það skýrt fram í ræðu minni, að jeg óska ekki að taka fje af henni, fremur en nauðsyn krefur.

Hæstv. forsætisráðherra gat þess, að till. væri óþörf, því að með lögum frá 1. febr. 1917 væri stjórninni gefin fullkomin heimild til að gera hið sama og till. heimilar. Þetta er rjett þegar um er að ræða einokun, en ekki þegar á að byrja þessa nýju stefnu. Þá átti við að sæist, hver þingviljinn væri. Jeg vildi, að

gamalla viðskiftamanna. Þetta gæti orðið til þess, að landið fengi alls ekki þessar vörutegundir.

Það gladdi mig, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tók það rjettilega fram, sem jeg hefi sjaldan heyrt áður, að það þyrfti annað og meira til að versla en segja: Jeg ætla að kaupa vörur. Hann mundi eftir því, að það þarf peninga til þess að versla. Það hefir komið fram hjer áður á þinginu, að ef landsverslunin yrði rekin þetta ár í álíka stórum stíl og árið 1917, yrði landssjóður að borga um annað nýár um 14 miljónir króna. Upp í þessa skuld höfum við ekkert, nema skipin og landsverslunina. En hvað höfum við til þess að borga með, ef skipin verða ekki seld og landsverslunin verður rekin áfram í enn stærra mæli en 1917, eins og líkindi eru til? Á undanförnum þingum, sem jeg hefi setið á, hafa þingmenn borið mikinn kvíðboga, ef fjárlögin enduðu með 4—500000 kr. tekjuhalla, þrátt fyrir það, að tekjur hafa verið gætilega áætlaðar. En nú er sem þm. sje sama um, hvort landssjóður getur staðið í skilum eða ekki. Það er eins og einstaklingsaugnablikshagsmunir og geðþótti sitji alveg í fyrirrúmi fyrir alþjóðarhagnum. Menn minnast nú ekki á landssjóðinn, heldur en hann sje ekki til. Í hinni löngu ræðu hv. þm. Ísaf. (M. T.) kom ekki neitt fram, sem benti til þess, með hverju landssjóður ætti að greiða þetta fje. Hann ympraði ekki á því.

Loks vil jeg benda á það, að sjerþekkingu á öllum sviðum þarf til þess að kaupa þessar svo kölluðu þurftarvörur, sem till. ræðir um. Það er ekki öllum hent að kaupa t. d. garfað leður, skófatnað, vefnaðarvörur o. fl. Til þess þarf sjerþekkingu í hverri grein. Ef landið tæki að sjer kaup og sölu á slíkum vörum, yrði það að hafa 10—12 manna nefnd, með sjerþekkingu á jafnmörgum sviðum, sjer til aðstoðar. Þessi nefnd yrði síðan að leita nýrra verslunarsambanda. Og hvert ætti hún að snúa sjer, ef gömlu „firmun“ hættu að skifta við landið? Þetta tæki ef til vill 1—2 ár, og á meðan mundi landið verða vörulaust.

Um þetta mætti segja langt mál. En það, sem jeg nú hefi sagt, nægir til að greiða dálítið úr málinu, svo að það komi ekki alveg undirbúningslaust á dagskrá næst. Því jeg þykist vita, að svo muni til ætlast, að landið versli með þessar vörur í framtíðinni.

Flm. (Magnús Torfason): Hæstv. forseti fann ástæðu til að víta það, að jeg sagði eitthvað á þá leið, að heildsalar hafi gert tilraun til þess að fá þm. til að bregðast skyldu sinni við þjóðina. Jeg hygg, að forseti hefði ekki gert þetta, ef hann hefði vitað, að jeg hefi orðið fyrir móðgun, eigi að eins í orði, heldur og líkamlegri móðgun. Og ef jeg segði frá öllu því, sem jeg veit um, að unnið hefir verið móti þessu máli hjer í þinginu, mundi forseta ekki finnast ástæða til að víta jafnvæg orð. Annars mun hæstv. forseti ekki hafa heyrt það, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að till. væri „bíræfnisleg“.

Jeg þarf ekki að svara hv. þm. Snæf. (H. St.), fremur en öðrum fulltrúum kaupmanna á þingi; alt, sem þeir segja, er margþvælt og rekið ofan í þá hvað eftir annað. Hann talaði um pöntun mótmæla. Jeg hefi ekki borið neinum þm. það á brýn; jeg talaði að eins um heildsala og ekki aðra.

Hv. sami þm. (H. St.) var að tala um, að lög um álagningu á vörum nægðu

um kringumstæðum, pólitíska þýðingu, að halda því á lofti, að menn gangi fram hjá millilíðunum, sem svo mikið er talað um nú á tímum, en það er samt ekkert nema blekking. Og er ríkin fara að versla, þá er enginn sem verður harðara úti en þau hjá framleiðendunum; ríkin kaupa venjulega altaf dýrara en einstakir menn, það er altaf reynslan.

Og við þetta bætist svo, að opinber verslun er ávalt ver rekin en verslun hins einstaka. Það er reynsla, að hjá opinberri verslun verður alt dýrara og varan verri. Þá er ekki sparað að taka millilíðahaginn ríflegan, því að allir vilja draga upp hið opinbera. Þar við bætist, að það er ekki verslunarstefna annara landa, að landið reki verslunina. Þar að auki er það reynslan, að engu landi dettur í hug að versla með vöru í frjálsri samkepni. Opinberu versluninni verður alt dýrara, bæði innkaup, fólkshald o. fl. Það er viðurkent, að varan sje bæði dýrari og verri. Og mjer liggur við að segja, að við sjáum nú dæmin til þess. Eins og menn þekkja, felst aðalstórkaupahagur í því, að kunna að kaupa og selja á rjettum tíma. Þetta geta ekki aðrir en ötulustu menn og menn með óþreytandi viljaþreki og þekkingu. En fráleitt mundi stjórninni takast að velja einmitt þessa menn til verslunarrekstrarins. Hún mundi ekki geta fengið svo góða menn, því að hún mundi heldur ekki geta goldið þeim nógu hátt kaup. Og þar að auki mundu þeir verða sljórri og ekki leggja annað eins á sig, er þeir væru komnir á landssjóðinn, eins og ef þeir ynnu fyrir sjálfa sig. Þetta er óhrekjandi reynsla alstaðar og alstaðar viðurkent.

Jeg geri ráð fyrir, að till. þessi sje fram komin vegna þess, að mönnum ægi, hve stórkaupmenn hafa borið mikinn hag úr býtum. Mjer er ekki kunnugt um þennan hagnað. Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) benti á, að þetta gæti ef til vill komið í veg fyrir þá verslun, sem nefnd er á dönsku „Kædehandel“ og kölluð hefir verið á íslensku hringverslun. Ef flm. gætu komið í veg fyrir þessa verslun með till., þá væri það gott og blessað. En jeg fæ ekki sjeð, að þeim takist það. Til þess þyrfti sjerstök lög og meira eftirlit en hjer gerist. Hver maður, sem keypt hefir borgarabrjef, getur komið til landsverslunarinnar og beðið hana að selja sjer vörur. Þessar vörur getur hann síðan selt einhverjum braskara með 10—20% arði, sá braskari selt það öðrum braskara með álíka hag, sem svo loksins seldi það smásalanum. Þannig getur stórkaupaálagið margfaldast. En með till. verður ekki komið í veg fyrir þess háttar brask, en á því væri þó full þörf.

Það er óhugsandi, að landið geti kept við frjálsa verslun. Slíkt er einu sinni ekki kleift á friðartímum, hvað þá nú, þegar jafnörðugt er um aðflutninga.

En svo er eitt enn ótalið, og það er þetta: Fær landssjóður vörurnar? Þeirri spurningu verður líka að svara. Allir vita, að framleiðsla á klæðnaði, skófatnaði, ljósfærum, hitunartækjum, tóbaki o. fl. er takmörkuð og takmarkast æ meir og meir. Þar við bætist, að öll heiðarleg „firma“ leggja áherslu á að láta gamla viðskiftamenn fá vörur eftir þörfum eða getu. En setjum nú svo, að fyrir þetta yrði girt með því, að landið bannaði kaupmönnum að versla, eða gerði verslunina óframkvæmanlega, þá mundu þessi „firma“ alls ekki selja landssjóði, því að nógar yrðu þá þarfirnar annarsstaðar, til að uppfylla þarfir annara

Það er ekki hægt að sjá annað af till. en að hún ætlist til þess, að landið taki að sjer alla verslunina upp til hópa, eins og hún nú er orðuð, og jeg get ekki skilið, að hv. flm. (M. T.) hafi hugsað sjer annað, þó að hann segi nú, að það eigi að eins að vera til þess að „drepa í skörðin", enda örðugt fyrir landsverslunina að kaupa slíkar vörur að eins í því skyni að drepa í skörðin. Það er þá þessi litla viðbót, sem verið er að gera, að taka að sjer alla verslun á „þurftarvörum" í landinu, eftir að þingið hefir tekið að sjer að kaupa skip fyrir 3 miljónir, alla nauðsynjavöruverslun landsins, og svo nýbúið að taka að sjer að kaupa síld fyrir 6 miljónir króna, og þetta alt upp á fengin og ófengin lán, með stuttum gjaldfresti, svo að það er engin smáræðisviðbót, sem hjer er ætlast til að landið taki á sig, þegar á það er litið, að enginn maður getur sagt um það, með nokkurri vissu, hve hátt þessi verslun með þurftarvörur kann að hlaupa. Jeg tek þetta fram af því, að mjer virðist sá andi vera hjer ofan á í þinginu, að eftir því sem við skuldum meira, því áræðnari sjeu menn að ráðast í fyrirtæki, sem mikið fje heimta; sem sagt, að okkur vaxi hugrekki að sama skapi við það, sem við skuldum fleiri miljónirnar.

Það hefir komið hjer fram í umr., að það væri aðallega stefnt að heildsölunum, en það er ekki rjett, því að hjer er einnig stefnt að öllum sjálfstæðum kaupmönnum, því að það eru venjulega ekki nema þeir fátækari, sem kaupa af heildsölunum; hinir kaupa nær alt inn sjálfir í útlöndum. Vitaskuld er það, að ef hægt væri að stefna þessu að heildsölunum einum, þá horfði málið nokkuð öðruvísi við; ekki þó svo að skilja, að jeg skoði það rjettmætt fyrir því, vegna þess, að þegar við athugum það, að þessi heildsöluverslun, sem hjer er fram komin, er alveg nýsköpuð, það er leið, sem við höfum nú nýlega getað komist út á, það er leið, sem hingað til hefir algerlega verið í útlendinga höndum; áður en heildsöluverslunin myndaðist hjer voru það heildsalar í Kaupmannahöfn, sem drógu til sín allan arðinn af heildsölunni, og það var ekki til neins fyrir Íslendinga, sem komu til Kaupmannahafnar, að fara beint til þeirra, sem framleiddu vöruna, og þó að þeir að nafninu til keyptu beint, þá varð það þó svo, að heildsalinn fjekk sinn arð óskiftan. Nú er mynduð hjer heildsölustjett. Fyrir milligöngu þessara manna kaupa nú margir, sem ekki kaupa beint, og það má líka fullyrða, að landsverslunin hefir keypt fyrir milligöngu þessara manna, eða þó að hún hafi keypt beint, þá hafa þó heildsalarnir notið hagnaðarins.

Ef menn nú vildu hætta að kaupa af heildsölunum, þá myndu þeir sitja heima í legubekknum sínum og hirða hagnaðinn eins og áður, en landið yrði aftur að borga fyrir þau störf, sem þeir hafa unnið áður, — með öðrum orðum, borga tvöföld ómakslaunin. Þetta er nefnilega sú meginregla, sem gildir um allan heim og við erum ekki menn til að brjóta á bak aftur. Engin stórverslun eða stórframleiðandi selur vöruna með öðru verði en því, að hún hafi lagt á þennan stórsöluhagnað, og fái millimaðurinn hann ekki, þá rennur hann í stórverslunarinnar eigin vasa. — Jeg geri ráð fyrir því, að hv. flm. (M. T.) hafi ekki þekt þetta.

Það hljómar auðvitað mjög vel í eyrum, að menn kaupi beint frá framleiðendunum, og það getur haft, undir viss-

ef til vill má greiða atkvæði; læt jeg hjer við sitja að sinni.

Magnús Pjetursson: Jeg skal ekki lengja mikið umr., en út af þessu, sem fram hefir komið, vildi jeg gera ofurlitla athugasemd. Það er þá fyrst út af ræðu hv. aðalflm. (M. T.). Mjer finst það vaka fyrir honum, eftir því sem honum fórust orð, að þessi tólf manna till. væri aðallega fram komin til þess að varna því, að heildsalarnir græddu mjög mikið í framtíðinni, því að þeir væru „bólgnir af stríðsgróða frá undanförnum árum". Jeg get nú ekki skilið þetta, eftir þeim hugsunargangi, sem fram kom hjá hv. aðalflm. (M. T.), því að hann var að tala um, að landsverslunin þyrfti að taka þessa vöru í sínar hendur, til þess að fá ágóðann sjálf, svo að hún gæti verið við því búin að tapa þegar stríðið hætti. Mjer finst, að það mætti snúa þessu dálitið við, í fullu samræmi við hugsanagang hv. flm. (M. T.), sem sje þannig, að hann væri hjer að bera þetta fram fyrir heildsalana til þess, að þeir töpuðu ekki, eða að þeir þyrftu ekki að eiga það á hættu að tapa neinu, þegar varan fjelli í verði, svo að þeir mistu ekkert af þeim gróða, sem þeir þegar hefðu fengið. Annars er það nú komið í ljós í umr. um þessa till., að hún er bæði hvatvíslega og ranglega fram komin; hæstv. forsætisráðherra benti á, að það er algerlega rangt að bera slíka till. sem þessa fram í sameinuðu þingi, þegar ekki er hægt að athuga hana í nefnd, en sjerstaklega stendur það þó ómótmælt, að það er ekki hægt að koma með þetta í þingsályktunarformi, því eins og hæstv. forsætisráðherra tók svo greinilega fram, er ekki hægt að breyta lögum með þingsályktun. Jeg býst þess vegna við, að hv. flm. hafi ekki athugað, hvað var innifalið í lögum nr. 5, 1. febr. 1917, þegar þeir báru fram þessa till.

Jeg verð líka að taka undir með hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að jeg get heldur ekki felt mig við þessa rökstuddu dagskrá, sem fram er komin, því að hún er of skyld till., og þar sem það er nú upplýst, að bæði landsstjórnin og forstjórar landsverslunarinnar hafa haft á móti þessari till., og landsstjórnin meira að segja sagt, að þótt till. yrði samþykt, þá yrði ekki hægt að framfylgja henni, og þegar það hefir líka sannast, að það þarf ekki neina nýja heimild til þess að geta framkvæmt alt þetta, þá mun vera nóg að vísa að eins til þessara laga, sem áður voru nefnd, en á hinn bóginn er ekki rjett að fella till., því að það mætti kann ske skilja svo, að þingið væri á móti því, að landsstjórnin gerði eitthvað í þessa átt„ ef til þyrfti að taka. — Því hefi jeg leyft mjer að koma fram með svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

> **Með því að landsstjórnin hefir þegar, samkvæmt lögum nr. 5, 1. febr. 1917, og nýlega samþyktum lögum, nægilega heimild til þeirra framkvæmda, sem till. fer fram á, þá álítur Alþingi hana óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.**

Björn Kristjánsson: Það er ekki af því, að jeg búist við, að þessi till. verði samþykt, að mig langar til að segja nokkur orð, heldur er það af því, að það liggur meira í þessari till. heldur en í fljótu bragði virðist. Jeg býst við, að bak við hana liggi sú hugsun, að landið eigi að taka að sjer alla verslun landsmanna framvegis, og að þessi till. eigi að verða brú að því takmarki síðarmeir. — Það er þess vegna, að jeg vildi segja nokkur orð.

ið er það að segja, að landsverslunin hefir algerlega eða eingöngu í höndum innflutning á öllum nauðsynjavörum, hlýtur að hafa hann, samkvæmt samningunum við Breta. Innflutningsnefnd er enn fremur fengið í hendur að annast um dreifingu á öðrum vörutegundum um landið. Hvað á þá að segja um það, að svona till. sje komin fram til þess að ljetta eftirlit með verðlagi á vörum og „regulera" dreifingu þeirra um landið? Þar sem skýr lagaákvæði eru til, þá þarf enga till. til þess, enda væri hún í því efni gagnslaus.

Sú heimild, sem landsstjórninni var gefin í lögunum í fyrra, til þess að taka í sínar hendur alla verslun landsins, var miðuð við það, að hún gerði það þegar þörf gerðist. Landsverslunin er til orðin af þörf. Hún varð til í upphafi af þörf, hún hefir haldið áfram og fært út kvíarnar af þörf, og það dettur engum í hug að halda því fram, að hún eigi vera til af öðru en þörf, eða halda áfram lengur en þörf gerist. Á þá nú að fara að samþykkja till. um það, að landsverslunin taki í sínar hendur verslun á vörutegundum, án þess að brýn þörf sje til? Jeg fyrir mitt leyti segi nei. Og jeg veit ekki til þess, að ein einasta rödd hafi heyrst, sem fer fram á þetta, fyr en þessi till. kemur. Eins og margsinnis hefir verið tekið fram hjer í þessum umr., hefir landsstjórnin heimildina svo fulla, sem ástæða er til að hún hafi hana, — svo fulla, sem nokkurt vit er í að láta hana hafa hana.

Að lokum vil jeg leyfa mjer að benda á það, að ef landið á að taka upp einokun á öllum vörum, sem hlýtur að hafa verið ætlun tillögumanna, ef nokkurt vit eða meining á að geta verið í tillögunni, eins og hún er orðuð, þá verður að gera ráð fyrir því fyrst og fremst, að landssjóður hafi allmikið veltufje handbært. Til þess þarf hann að hafa, — ekki nokkur hundruð þúsund, heldur tugi miljóna á reiðum höndum, og mjer er ekki kunnugt um það, að þessar miljónir sjeu til taks. Jeg er hræddur um, að háttv. aðalflm. (M. T.) hafi ekki leitað upplýsinga um það hjá landsstjórninni eða landsversluninni, hvort hægt væri að ná í fje. Svo er í öðru lagi meginreglan þessi í verslunarmálum um heim allan, nú á þessum tímum: Vörurnar verður að fá, þegar mögulegt er og þar sem mögulegt er. Og það verður að neyta allra meðala, til að koma þeim heim. Það hefir hvergi veitt af því, að hafðar væru úti allar klær, til þess að ná í vörur í öðrum löndum og flytja þær heim. Það hefir ekki veitt af því í neinu landi, að heildsalarnir beittu allri sinni orku, öllu sínu fjármagni og öllum sínum verslunarhyggindum til þessa.

Hvaða vit eða trygging er þá í því fyrir oss Íslendinga að ætlast til þess, að landsstjórnin ein fái orkað þessu? Það er engin trygging fyrir því, að henni takist að birgja landið upp af því, sem það þarf. Meira að segja bendir margt til þess, að landsstjórnin geti ekki fljótlega gert sjer það kleift, og mjög vafasamt, að hún geti það nokkurn tíma.

Jeg verð nú að álíta, að ekki geti komið til mála, að þessi þingsályktunartillaga geti náð samþykki þingsins. Það sýnir líka það, að fram komin er rökstudd dagskrá, frá sumum þeirra manna, sem með tillögunni voru í upphafi. Að vísu verð jeg að líta svo á, að þessi rökstudda dagskrá sje allsendis óþörf, og engin ástæða til að aðhyllast hana, heldur hreint og beint að fella tillöguna. En jeg hefi hlerað, að fleiri dagskrártillögur muni vera á leiðinni, sem

ekki rjett. Þessi misskilningur byggist á röngum ályktunum eða rangri athugun á fyrirkomulagi verslunarinnar, ef þessari staðhæfingu er ekki beinlínis slegið fram gegn betri vitund. Landsverslunin er að eins kaupmaður, — hefir aldrei verið annað og getur aldrei orðið annað. Þeir, sem segja, að landsverslunin hljóti að vera eitthvað annað en kaupmaður, þeir eru furðu fáfróðir um það, hvað einkennir kaupfjelög og kaupmannaverslun. Þetta sýnir, að þeir, sem samið hafa þessa till. og ráðast í að koma fram með hana, kunna ekki að gera greinarmun á þessu tvennu. Enda sýnir till. það sjálf, að hún byggist ekki á neinni þekkingu á verslunarmálum.

Þá sagði hv. aðalflm. (M. T.), að landsverslunin þurfi að safna í sarpinn. Það er ekkert móti vegi, að landsverslunin græði, ef kostur er, því að hún getur hæglega tapað síðar meir. Hún hefir meira að segja tapað svo stórkostlega, sem ekki eru dæmi til um nokkra verslun í þessu landi. Þó reikningar hennar hafi verið þannig upp gerðir við síðustu áramót, að svo teljist, sem hún hafi grætt nálega 800,000 kr., þá þurfti sá gróði ekki að vera nema á tveimur vörutegundum, — kolum og salti. Verslunin græddi fyllilega þessa upphæð á þessu tvennu, svo að allur gróðinn á öðrum vörutegundum var enginn, eða minni en enginn. Því er ekki ástæða til að ætla, að verslunin græði fremur, þótt hún hafi fleiri vörutegundir í takinu. En það, að ekki hefir orðið gróði yfirleitt á öðrum vörutegundum en þessum tveimur, sýnir hve mikil skakkaföllin hafa verið. Því að þrátt fyrir alt hefir verslunin oft og einatt verið með verðlag ofar en kaupmenn. Að vísu hafa vörur verið seldar tiltölulega líku verði úti um land, en vöruverðið hefir frá upphafi verið svo hátt, að kaupmenn hjer hafa getað hækkað verð á sínum vörum í skjóli þess. En hverjir hafa grætt á þessu fyrirkomulagi?

Hv. aðalflm. (M. T.) sagði, að þessi till. ætti að verða til þess, að landsverslunin gæti lagt minna á vörur sínar. Ef hún ætti að leggja minna á en hún hefir gert, þá ætti hún alls ekkert að græða. (**M.T.**: Jeg sagði, að hún gæti þá lagt minna á nauðsynjavörur). — Á nauðsynjavörur? Það má nú kalla flestar vörur nauðsynjavörur, því varla ætlast hv. þm. (M. T.) til, að landsverslunin fari að flytja óþarfa glingur, til að græða á. Og það er undir atvikum komið, á hvaða vöru er lagt.

Nú er eftir ein aðalhliðin á þessu máli, sem jeg ætla að koma að að lokum. Hv. aðalflm. (M. T.) áleit, að með þessari till. væri það unnið, að hægra væri að hafa eftirlit með verðlagi á ýmsum varningi, ef landsverslunin verslaði sjálf með þær vörutegundir. Jeg get ekki sjeð, að þetta eftirlit sje á neinn hátt hægara, ef landsverslunin á ekki að taka að sjer verslun með þessar vörutegundir nema að nokkru leyti, þegar hún hefir ekki alla verslunina í sinni hendi, eins og helst virtist vera meining í, frá sjónarmiði hv. aðalflm. (M. T.).

Svo er enn nokkuð, sem útilokar, að ástæða hefði verið til að semja þingsályktunartill., til þess að herða á eða styðja að fullkomnara eftirliti með verðlagi eða innflutningi. Það eru til ákvæði í lögum frá 1. febr. 1917, sem heimila landsstjórninni að taka í sínar hendur alla verslun landsins, ef þörf gerist, og í lögum frá þessu þingi eru ákvæði um það, að landsstjórnin megi ákveða, hve mikið skuli lagt á útlenda vöru. Um dreifingu á innfluttum vörum um land-

(S. St.) hefði ekki þurft að reifa þessa aðferð þeirra með svona mörgum orðum, því að það lá í augum uppi, að þetta urðu þeir að gera, til þess að komast hjá því að greiða atkv. móti till.

Það voru nokkur ummæli, sem hv. aðalflm. (M. T.) ljet falla, sem eru þannig vaxin, að þau geta ekki staðist. Jeg nenni ekki að tína þau öll til, því yfirleitt var ræða hans að meiru eða minnu leyti samtíningur af fullyrðingum, sem hvorki hann eða aðrir gætu staðið við. Hann gat þess, að þau mótmæli, sem kæmu fram frá kaupmönnum utan af landi, hafi verið pöntuð, og vildi hann telja það stórkostlega goðgá. Jeg skal að vísu ekkert um þetta segja, en jeg get hugsað mjer, að gangur málsins hafi verið sá, að þegar till. kom fram, hafi kaupmenn, sem aðra, rekið í rogastans, út af þeirri bíræfni, sem kom fram í henni. Og jeg sje ekki neitt ósæmilegt í því, að þeir hafi látið stjettarbræður sína, sem þeir standa í sambandi við úti um land, vita af þessu, og beðið þá um að láta álit sitt uppi um það, hvernig þeim litist á þetta. Nú hafa kaupmenn hjer í bænum og verslunarráð haldið fundi með sjer og mótmælt till., og mótmæli hafa líka komið frá mönnum utan af landi, og jeg sje ekki annað en að þetta hafi verið sjálfsagt af þeim. Jeg get ekki heldur rekið augun í það, að þetta hafi verið nein ósvinna gagnvart þinginu, því að jeg tel það ekki nema heppilegt fyrir það að fá þessar eða aðrar upplýsingar hjá mönnum, sem vit hafa á. En auðvitað er þetta ekki sem ákjósanlegast fyrir þá menn, sem vilja „tromma" gegnum þingið viti firtum till. í einum fleng. Auk þess bjóst jeg ekki við, að þessi hv. þm. (M. T.) mundi fara svo hörðum orðum um þetta athæfi, sem hann nefndi svo, því að það er kunnugt, að í fyrra safnaði hann mótmælum úti um land, er það kom til mála að hækka tekjuskattinn hjer á þingi.

Og þótt hann kæmist nú svo að orði, að hagsmunir einstakra manna mundu hafa legið á bak við þessar „pantanir" og að þær væru þaðan sprottnar, þá var það líka svo, að bæði hann og aðrir, sem pöntuðu mótmælin á síðasa þingi, voru einmitt grunaðir um þetta sama.

Hv. aðalflm. (M. T.) taldi það ekki felast í till., að til þess væri ætlast, að landsverslunin tæki í sínar hendur alla heildsölu á þessum umræddu vörutegundum. Hún færi ekki fram á annað en það, að landsverslunin hefði þær á boðstólum, til þess að fylla í skörðin, þar sem þess þyrfti og þegar þess þyrfti. Það væri ætlunin að láta heildsalana vinna að því, eins og áður, að útvega þessar vörur og líklega dreifa þeim út um landið. Ef þetta hefði verið tilgangurinn með till., þá er alveg óskiljanlegt, að hún skuli vera orðuð eins og hún er. Þá hefði hún ekki átt að vera til annars en að skora á landsstjórn eða landsverslunina að birgja landið upp að þessum vörum. Jeg hygg, að þessi skýring, sem alls ekki fær staðist eftir orðalagi till., hafi ekki komið upp fyr en eftir samningu hennar.

Eitt var það, sem kom fram í ræðu hv. aðalflm. (M. T.), að landsverslunin sje ekkert annað en landskaupfjelag, sem takist á hendur að útvega landsbúum þær vörur, sem þeir þurfa að brúka, fyrir þeirra eigin reikning, og víst líka til þess að draga úr þeim gróða, sem einstakir kaupmenn hafa af því að versla með þessar vörur. Ef hugsunin er hugsuð til enda, þá ætti landsverslunin að vinna að því að útrýma kaupmönnunum að lokum. En þetta er alls

fyrir hendi, í skilningi laganna. Hvernig sem á tillöguna er litið, þá er hún gersamlega þýðingarlaus. Lögin eru fyrir hendi, þeim verður að fylgja, og þrátt fyrir tillöguna má stjórnin ekki taka verslunina í sínar hendur, nema þörfin sje fyrir dyrum. Þess vegna getur stjórnin ekki stuðst við neitt annað en lögin, sem til eru um þetta efni.

Gísli Sveinsson: Þegar vjer þm., aðrir en þeir tólf, sem eru eða voru flm. tillögunnar, sáum hana, þótti oss hún allkynleg, eins og hún er orðuð og hana verður að skilja. Og sömuleiðis fanst oss það furðulegt, að allir þessir menn skyldu hafa skrifað undir tillöguna. Það hefir þá og komið í ljós, að þessir menn hafa skrifað nöfn sín undir hana meira eða minna í hugsunarleysi; þeir hafa ekki áttað sig á því þegar, sem tillagan fór fram á, og enn fremur hafa þeir vafalaust ekki áttað sig á því, að tillagan var alt of mikilfeng, til þess að hægt væri að bera hana svona fram. Þessir hv. þm. hafa þá líka hugsað sig um nú; hafa nokkrir þeirra komið fram með rökstudda dagskrá, sem fer að sjálfsögðu ekki nærri eins langt og tillagan, og er það vel farið. Jeg býst auðvitað við, að hv. aðalflm. (M. T.), sem orðað hefir tillöguna, sigli sinn sjó, hvort sem þeir, sem ráðið hafa sig á skútuna með honum, segja nú slitið fylgdinni eða ekki.

Annað höfuðatriði var það, sem vakti athygli mína, og það var að flm. hafa alls ekki, eftir því sem brátt varð kunnugt, leitað ráða, hvorki til forstjóra landsverslunarinnar, landsstjórnarinnar eða innflutningsnefndarinnar. Það hefir þá líka komið fram frá hv. landsstjórn, og styðst hún við álit verslunarforstjóranna, að hún sje andvíg tillögunni og telji hana að minsta kosti gersamlega þýðingarlausa, ef ekki blátt áfram skaðlega, væri eftir henni farið út í æsar. Eftir ræðu hv. aðalflm. (M. T.) fyrir tillögunni er komið svo, að hún er orðin að engu, já, blátt áfram „húmbúg“, og hefir það verið staðfest af orðum hæstv. forsætisráðherra. Því að ef nokkur skynsamleg meining á að leggjast í orðalag þessarar till., þá yrði það að vera það, að landsstjórnin taki svo fljótt sem auðið er alla heildsöluverslun landsins í sínar hendur, og að hún innleiði blábera einokun á vöruflutningum hingað. Það er kunnugt, að landsverslunin hefir, svo sem nú, einokun á nauðsynjavörum, og hún hefir heimild til að taka, samkvæmt gildandi lögum, þegar þörf krefur, verslunina í sínar hendur. Þegar nú þess er gætt, að landsverslunin hefir þessa heimild með lögum, þá skyldi maður ætla, að ekki væri þörf á þessari till., nema ef það ætti að vera ætlun hennar að knýja stjórnina nú þegar til þess að innleiða einokun á þessum vörutegundum, sem till. kallar þurftarvörur, eða með öðrum orðum, að till. væri fram komin til þess að herða á lagaákvæðunum.

Svo er það auðvitað athugavert við þessa till., eins og hæstv. forsætisráðh. tók fram, að hún er borin hjer fram sem einföld áskorun frá sameinuðu þingi, og í ályktunarformi, í staðinn fyrir í lagaformi, ef henni væri ætlað að komast í framkvæmd.

En nú hefir hv. aðalflm. (M. T.) með skýringum sínum „reducerað“ till. „in absurdum“, sem kallað er, það er að segja gert hana að bláberu „húmbúgi“. Og er því síst að furða, þó að augu meðflm. hafi opnast, svo að þeir nú koma fram með dagskrá, til þess að eyða málinu. Og hv. þm. N.-Ísf.

á að taka einkasölu á fleiri vörutegundum en þegar er gert, þá muni þessi stjett ekki rísa öndverð gegn því eða vera því mótfallin.

Jeg hefi heyrt það nokkrum sinnum, að stjórnin hafi verið kaupmönnum andvíg frá öndverðu, en jeg hefi aldrei heyrt, að færðar hafi verið nokkrar sönnur á slíkar staðhæfingar. Þvert á móti hefir stjórnin reynt að koma svo fram við kaupmenn, að með meiri sanni mætti segja, að hún hafi ekki viljað brjóta í bág við hagsmuni og óskir kaupmanna. Því að í raun og veru hefir verið mikil samvinna milli verslunarstjettarinnar og landsstjórnarinnar, og jeg tel það nauðsynlegt, að sú samvinna haldist áfram. Fyrir mjer hefir það vakað, að þó landsstjórnin eða landsverslunin neyddist til þess að taka einkasölu á fleiri vörutegundum, þá verði það ekki til þess að útiloka verslunarstjettina, því að jeg býst við, að hún mundi eftir sem áður taka á móti vörunni í geymsluhús sín, og noti sína starfsmenn við afhendingu og sölu vörunnar, gegn því, að fá nægilega þóknun fyrir unnið verk. Með því móti, og svo með því, að verslunarstjettin hafi sumar vörurnar frjálsar, þá er ekki verið að kippa fótunum undan þeirri stjett, heldur er miklu fremur verið að aðstoða hana, að svo miklu leyti, sem það brýtur ekki í bág við almenningsheill og þörf.

Jeg þykist ekki þurfa að færa frekari rök fyrir máli mínu, en vil að eins að endingu lýsa yfir því, fyrir landsstjórnarinnar hönd, og sem starfandi maður í atvinnumálaráðuneytinu, að jeg sje ekki brýna þörf fyrir þessari áskorun nú, en ef þörf krefur, mun henni verða gaumur gefinn.

Alþt. 1918. C. (29. löggjafarþing).

Forsætisráðherra (J. M.): Það er aðallega formhlið málsins, sem jeg vil vekja athygli á. Ef þessi áskorun ætti að þýða það, sem beinast liggur við að ætla eftir orðunum, þá virðist mjer tæplega rjett að láta hana fyrst koma fram í sameinuðu þingi. Það hefði verið miklu rjettara, að till. hefði fyrst komið fram í annari hvorri deildinni, og að hún hefði þar verið athuguð í nefnd. Þetta er svo þýðingarmikið mál, að ástæða hefði verið til að athuga það gaumgæfilega, í nefnd, en það er ekki hægt að gera, úr því tillagan kom fram í sameinuðu þingi.

Svo er enn annað, sem sýnist athugavert, og það er hvernig þessi áskorun er fram borin, að hún er fram borin í tillöguformi. Það þarf ekki að benda hv. flm. á, að það er ómögulegt að fara fram á það við stjórnina, að hún fari fram yfir þá heimild, sem gefin er í lögunum um þetta efni, en í þeim stendur, að það, sem meðal annars er farið fram á í tillögunni, skuli að eins gert ef brýn þörf krefur og „ef á þarf að halda". En ef tillöguna ætti að skilja eftir orðunum, þá ætti að gera það án þess, að þessi skilyrði sjeu fyrir hendi. Þrátt fyrir það, þó að þessi tillaga yrði samþykt, stæði samt ákvæðið í lögunum, því það er ekki hægt að breyta lögum með þingsályktun.

Mjer heyrðist á ræðu hv. aðalflm. (M. T.), að það væri ekki beint tilætlunin að skipa stjórninni að taka einkasölu á þessum vörutegundum, en þá veit jeg ekki, hvaða þýðingu tillagan hefir. Það gæti verið hugsanlegt, að aðalflm. (M. T.) hafi viljað með tillögunni samþyktri svo sem ákveða það, að þörfin væri fyrir hendi. En það er þýðingarlaust, því stjórnin yrði þrátt fyrir það á eigin ábyrgð að skera úr því, hvort þörfin er

því sem tímarnir líða og aðstaðan breytist við útlönd, bæði með að fá vörur og flytja þær til landsins.

Það er nú nærri ár síðan það kom til tals (að vísu ekki beint í þingsölunum, heldur utan þings), að landsverslunin tæki að sjer einkasölu á ýmsum matvörutegundum. Það var þá ekki undinn neinn bráður bugur að þessu, enda var þá ekki það, sem við gátum fengið af matvörum, svo skorðað sem nú, og svo var þá eigi sjeð, að landsverslunin hefði næga peninga til þess að taka upp svo stórfeld kaup. Nú hafa atvikin sjálf fært að því, að horfið var að þessu ráði, og sjerstaklega var undinn bráður bugur að þessu, er mönnum urðu kunnir samningarnir við bandamenn. Þetta fjekk framgang, þegar nauðsynin lá svo að segja hverjum manni í augum uppi, og hefi jeg ekki orðið var við neina verulega óánægju út af þessum ráðstöfunum. Jeg hefi því hugsað mjer, að svona muni fara framvegis, er veruleg nauðsyn er fyrir hendi, og þá mun það ganga fram, sem ætlast er til með tillögunni, mótspyrnu- og hljóðalaust.

Það er að vísu annað, sem vakað hefir fyrir hv. flm. þessarar tillögu (M. T.), t. d. að úthlutunin á þessum vörum yrði látin koma sem jafnast niður á hin ýmsu hjeruð landsins, og svo annað það, að hafður yrði einhver hemill á verðinu. Nú er það kunnugt, að skipuð hefir verið svokölluð „innflutningsnefnd", og er þetta tvent sjerstaklega verkefni þeirrar nefndar. Hún hefir nú þegar safnað að sjer skýrslum um það, sem flutt hefir verið inn af öllum þeim vörutegundum, sem nefndar eru í samningnum við bandamenn, og þó hún geti ekki enn sagt um það með vissu, hversu mikið er til af hverri sjerstakri vörutegund, þá mun þó vera óhætt að fela henni, í samráði við stjórnina, að hafa hemil á þessu og komast að fullkominni raun um vörubirgðirnar.

Það er nokkuð síðan þessi tillaga, sem hjer liggur fyrir, var lögð fram, og eðlilega hefir stjórnin athugað hana og óskað eftir yfirlýsingu frá forstjórum landsverslunarinnar um hana. Jeg hefi því miður ekki skriflega yfirlýsingu frá þeim við höndina, en jeg hygg, ef hv. þm. Ak. (M. K.) væri hjer viðstaddur, þá mundi hann votta, að jeg færi rjett með, er jeg segi, að allir forstjórarnir voru því mótfallnir, að svona löguð till. yrði samþ. af þinginu. Og jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að jeg sje ekki brýna þörf á, að svo feld áskorun verði samþ., því það er lakara að þurfa að ganga á bug við áskorun frá sameinuðu þingi heldur en ósk, er kæmi fram frá annari hvorri deildinni, svo að jeg verð að álíta, að ef þessi áskorun verður samþ. hjer, þá bindi hún um of hendurnar bæði á landsstjórn og landsverslun. Þar að auki er hægt að ná þessu takmarki eftir þeim lögum, sem í gildi eru, og ef nauðsyn er brýn fyrir hendi. Einn háttv. þingm. sagði, að þetta ætti að vera brýning til stjórnarinnar, og það er aldrei nema gott að brýna landsstjórnina. En mjer finst, að þessar umræður, og þá ekki síður ef rökstudda dagskráin verður samþykt, sje nægileg brýning. Hjer er einnig á eitt að líta, og það er, hvernig þetta horfir við einni fjölmennri stjett landsins — verslunarstjettinni. Eins og stendur, er útlit fyrir, að þeirri stjett þyki ekki þörf á meiri einkasölu en þegar á sjer stað. En jeg vil og verð að búast við því, að ef tíminn leiðir í ljós, að þörf er

dreift á aðrar hafnir, án þess að flytja þær fyrst til Reykjavíkur. Þetta má telja til stórbóta.

Að þessu athuguðu ber mjer ekki annað á milli við hv. aðalflm. (M. T.) en það, að jeg vil láta gefa stjórninni skýra bendingu um það, hvernig hún á að fylgja þeirri heimild, sem veitt er í lögum nr. 5, 1. febr. 1917, og hinum nýsamþyktu lögum frá þinginu, í stað skilyrðislausrar áskorunar, eins og tillagan fer fram á. Jeg skal ekki lá kaupmönnum það, þótt þeir hafi í fyrstu haft beig af landsversluninni. Það er svo eðlilegt, þar sem landsverslunin gat bakað þeim töluverðan atvinnuhnekki, og jeg lít svo á, að stjórnin hafi stundum ekki tekið nægilegt tillit til hags kaupmanna, meðan hún var einráð um verslunina. Hitt hygg jeg komið á daginn, að óvild kaupmanna til landsverslunarinnar sje að miklu leyti horfin síðan núverandi verslunarstjórar tóku við stjórn hennar, og það tel jeg ofmælt hjá þm. Ísaf. (M. T.), að kaupmenn hati landsverslunina. Menn verða að gæta þess að gera ekkert til þess að spilla hinni góðu samvinnu, sem nauðsynleg er milli kaupmanna og landsverslunarinnar á þessum vandræðatímum. Þess vegna eiga menn ekki að gera þar nokkuð að fyrra bragði, sem geti orsakað óvild þessarar stjettar landsins. Jeg álít að vísu kaupmannastjettina hafa gert of mikið veður út af till., en hvað um það, við verðum að reyna að halda við samvinnunni. Jeg hygg ekki verða sagt um kaupmannastjettina, að hún ætli sjer að kúga þing og stjórn, og dettur ekki heldur í hug, að þing og stjórn láti kúgast í neinu. En tillagan er þegar orðin til þess, að kaupmenn sjá nú miklu fleiri drauga í dagsbirtunni en nokkur minsta ástæða er til. Að öllu athuguðu held jeg því, að hinu sama mætti ná, að því tilskildu, að stjórnin hafi fje, án þess að fara áskorunarleiðina. En fjeð verður hún að hafa til þess, því það er ekki sanngjarnt af þinginu að fara þess á leit við stjórnina, sem hún sjer ekki neina leið til að framkvæma, sökum fjárskorts þó að hún hafi alla þá heimild, sem hún þarf, bæði í gildandi lögum og þeim, sem bráðlega verða staðfest. Af þessum ástæðum hefir okkur, nokkrum þingmönnum, komið saman um að leggja fram svo felda rökstudda dagskrá:

> **„Alþingi væntir þess, að landsstjórnin taki í sínar hendur heildsölu á þurftarvörum, ef nauðsyn krefur og fje er fyrir hendi, svo sem heimild er fyrir í lögum nr. 5, 1. febr. 1917, 2. gr. 4. staflið, og hlutist hins vegar til um, að innflutningsnefnd hafi nú eftirlit með dreifingu þeirra um landið og útsöluverði kaupmanna á þeim, en leyfi eigi ótilhlýðilega mikinn innflutning á öðrum vörum, og tekur svo fyrir næsta mál á dagskrá.“**

Undir dagskrána hafa skrifað: Sigurður Stefánsson, Sveinn Ólafsson, Stefán Stefánsson, Einar Árnason, Guðjón Guðlaugsson og Sigurjón Friðjónsson. Vil jeg svo leyfa mjer að afhenda hana hæstv. forseta, með ósk um, að hún verði borin upp til atkvæða. —

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil taka það fram, sem að vísu þarf ekki að skýra, að nú þegar sjeu í gildi lög, og að enn fremur sjeu lög í vændum, sem fela í sjer fulla heimild fyrir landsstjórnina til þess að framkvæma það, sem í tillögunna stendur og reynslan bendir til, að nauðsynlegt verði, eftir

Sigurður Stefánsson: Jeg verð í fám orðum að gera grein fyrir, hvers vegna jeg skrifaði undir tillöguna. Jeg skal játa það, að jeg leit fljótlega á hana, en jeg hjelt hana geta orðið til þess, að stjórnin gæti fremur „regulerað" vöruverðið í landinu, því jeg er alveg samdóma hv. aðalflm. (M. T.) um það, að alt of mikið sje gert að því, hjá einstökum heildsölum, að setja verðið fram úr hófi. Svo var líka önnur ástæða, sem fyrir mjer vakti. Jeg hefi heyrt, að hjer í Reykjavík væri byrjuð sú verslunaraðferð, sem á dönsku er kölluð „Kædehandel", og er þannig, að varan gengur frá einum kaupmanni til annars, og altaf er lagt á hana við hver skifti, svo að hjá smásalanum er álagningin orðin 100% eða meira. Í Danmörku eru afarháar sektir við þesskonar verslunaraðferð, ef upp kemst. Jeg áleit, að það gæti verið gott, ef stjórnin fengi einhverjar bendingar um þetta, og að till. gæti orðið þörf þeim heildsölum, sem hafa notað sjer dýrtíðina til þess að leggja óhæfilega hátt verð á vörur sínar. En ef þingið samþykti nú till. og skoraði á stjórnina að taka heildsöluna í sínar hendur, þá þarf þingið líka að vita, að landsstjórnin þarf miklu meira fje en nú er í hennar höndum. Þingið veit, að það hefir reynst landsstjórninni fullerfitt að fá það fje, sem þarf til þess að versla með þá vöru, sem hún þegar hefir í sínum höndum. Þess vegna þarf að heimila henni meira fje. Vona jeg, að þetta atriði verði dregið nægilega skýrt fram í umræðunum.

Hv. aðalflm. till. (M. T.), benti á það í ræðu sinni, að samkv. lögum nr. 5, 1. febr. 1917, hefði stjórnin heimildina til þess að taka verslun landsins í sínar hendur. Þetta er rjett hjá hv. þm. (M. T.), og við nánari athugun virðist mjer því ekki ástæða fyrir þingið til þess að grípa fram í með áskorun, því það er ætíð vandasamt fyrir þingið og stjórnina að grípa fram í frjálsa verslun landsins. Til þess þurfa að vera mjög knýjandi ástæður. Jeg álít því, að ekki þurfi þessarar áskorunar með nú, því auk laganna frá 1. febr. 1917 eru nú nýlega samþykt af þinginu lög um, að landsstjórnin hafi vald til að leggja lag á útlendar vörur.

Jeg verð að segja það með hv. þm. Ísaf. (M. T.), að jeg hjelt, að tillagan ætti ekki að geta orðið kaupmönnum úti um land til miska. Því þeir ættu eins fúslega að sæta því, að fá vöruna frá landsversluninni, eins og frá heildsölum, sem leggja fram úr hófi á vörurnar. En landsverslunin er ekki alveg saklaus af að hafa gefið kaupm.stjettinni undir fótinn með að leggja heldur freklega á vörur sínar. Það gerði hún einkum fyrst framan af, en nú, síðan nýir menn með meiri verslunarþekkingu tóku við forstjórn hennar, hefir þetta mikið batnað. Og þótt menn beri ef til vill ekki mikið traust til stjórnarinnar í þessu efni, þá má maður þó treysta því, að hún stígi ekki mikilvæg spor í þessu máli nema í samráði við stjórn landsversluninnar. Við nánari athugun hefi jeg því sannfærst um, að það sje nokkuð fljótfærnislegt að bera till. þessa hjer upp, í sameinuðu þingi; það hefði, þegar betur er að gáð, ekki veitt af tveim umr. í hvorri deild, sjerstaklega þar sem hjer getur verið að ræða um talsvert aukin útgjöld fyrir landssjóðinn.

Það er rjett hjá hv. aðalflm. (M. T.), að Reykjavík hafi hingað til, svo að segja, gleypt vörurnar, svo hart hafi komið niður á mönnum úti um land. En nú hefir heyrst, að tekin verði upp önnur aðferð en áður, vörunum verði

gegn landsversluninni verið mikil; hún hefir verið talin goðgá, og yfirleitt hafa kaupmenn, einkum þeir stærri, hatað hana og hata enn þann dag í dag. Og þessi mótstaða hefir orðið til stórtjóns fyrir land og lýð. Af sömu rótum er allur sá ofsi runninn, sem nú er hlaupinn í kaupmenn út af till. þessari. Heildsalarnir eiga hjer að missa spón úr askinum sínum, og ærast við. Það er ekki svo að skilja, að heildsalarnir eigi hjer allir óskilið mál; sumir þeirra eru ágætismenn, og meðal þeirra á jeg vini, sem mjer eru kærir og jeg ber fylstu virðingu fyrir. Enda sagði einn þeirra við mig fyrir skömmu, er till. þessi barst í tal milli okkar: „Þetta átti að vera gert fyrir löngu!" En því miður eru fæstir svona hreinskilnir.

Mjer þykir leitt að þurfa að stiga á nokkurs manns tá, og vildi gjarnan, að hægt væri að komast hjá því, en því miður er það ekki hægt. En huggunin er sú, að heildsalarnir eru orðnir allbólgnir af stríðsgróðanum. Þess vegna læt jeg það líka ekki á mig fá, þó að þeir missi einhvers í. Vjer hljótum alt af að taka landsins gagn fram yfir nauðsyn fárra manna. —

Loks skal jeg víkja fám orðum að áskorunum kaupmanna úti um land. Vitaskuld eru þær áskoranir út í loftið, því kaupmenn úti um land gátu ekkert vitað um tilganginn með tillögunni. Enginn einasti heildsali hefir látið svo lítið að tala við mig um málið, heldur hefir verið gasprað um það á kaupmannafundum hjer í bænum, og þaðan munu svo frjettirnar hafa borist út um landið. Má geta nærri, hve nærri því rjetta þær hafa verið, eins og líka áskoranirnar bera með sjer. Sannleikurinn er sá, að þessi tillaga er kaupmönnum úti um land til stórkostlegs hagnaðar. Með henni er girt fyrir óforsvaranlega álagningu á vöruna og um leið trygt, að vörur dreifist víðar og berist fljótar til kaupmanna en áður, og milliliðalaust. Mjer er ekki ókunnugt um, að heildsalarnir vilja nú helst kúga bæði þing og stjórn og hafa gert tilraunir til að fá þingmenn til að bregðast skyldum sínum gegn landinu, sakir hagsmuna einstakra manna. (**Forseti**: Þessi ummæli eru vítaverð). Hvort sú tilraun tekst á eftir að sýna sig, en jeg hefi fylstu von um, að hún takist aldrei, — hvorki fyr nje síðar. —

Halldór Steinsson: Mig furðar mjög á, að þessi till. er fram komin. Jeg skil ekki, hver tilgangurinn með henni er, nema ef vera skyldi sá, að þrýsta enn fastar einokunarstimplinum að enni þjóðarinnar. Jeg hefi áður hjer í þinginu talið afskifti landsins af versluninni fremur til að auka dýrtíðina en hitt. En þó að nú svo væri, að landsverslunin væri til bóta fyrir þjóðina, þá væri tillagan jafnóþörf og óhæf fyrir því, vegna þess, að þingið er nýbúið að samþykkja lög um, að landsstjórnin geti bannað innflutning á sumum vörutegundum og ákveðið verðið á vörunni, sem til landsins flyst. Enn fremur er til í landinu verðlagsnefnd, sem hefir sama starf með höndum. Það verður því ekki annað um till. sagt en að hún sje fram komin annaðhvort af barnaskap eða þá til þess að vekja óánægju meðal einnar aðalstjettar landsins, kaupmannastjettarinnar Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að gerð hefði verið pöntun á mótmælum út um land. Jeg álít það alveg óviðurkvæmilegt að slá fram slíkum rakalausum orðum, eins og jeg líka vildi víta síðustu orðin, sem hann sagði, en það gerði hæstv. forseti, svo að jeg skal ekki neinu þar við bæta. —

verða miklu ljettara með þessu móti.

Mótspyrna sú, sem till. hefir fengið, styrkir mig líka í þeirri skoðun. Það er bersýnilegt, að menn hafa geig, og hann ekki alllitinn, af eftirlitinu, og það er eðlilegt, því hjer er um eftirlit í framkvæmdinni að ræða.

Það hefir verið hrópað út um land, að hjer ætti að koma á einokun á þessum vörum. Það hefir mjer aldrei dottið í hug og ekki heldur neinum flm. Slíku er heldur ekki hægt að koma á með þingsályktun. Til þess hefði þurft lög.

Við höfum lög, sem taka fram skilyrðin fyrir því, að einokun verði komið á. Í lögum nr. 5, 1. febr. 1917, í 4. lið 2. gr., stendur svo hljóðandi ákvæði: „Landsstjórninni heimilast, ef þörf gerist ....“ „Loks að taka í sínar hendur alla verslun á útlendum vörutegundum eða innlendum, ef þörf gerist.“

En það er einmitt hvergi nefnt á nafn í till., að landsverslunin eigi að taka að sjer alla verslun á neinni vörutegund.

En orðin „ef þörf gerist“ þýða það, að landsverslunin getur þá fyrst tekið að sjer alla verslun á vörum, þegar hún fæst ekki, eða sama sem ekki, með öðru móti.

Þannig hafa lögin líka verið framkvæmd. Má þar benda á einkasölu landsstjórnarinnar á korni, kolum, steinolíu og salti o. s. frv.

En hins ber líka að gæta, að orðin „ef þörf gerist“ eru svo rík, að stjórnina ber skylda til að láta þetta ekki undir höfuð leggjast, og sú skylda er svo alvarleg, að sú stjórn, sem ekki fullnægir henni, hún á sjer engan tilverurjett.

Það hefir verið talað um, að tóbak mundi vera góð verslunarvara fyrir landsverslunina, og einstöku þm. hafa talað um, að rjett mundi að veita stjórninni lagaheimild fyrir einokun á tóbaki.

En það komst aldrei nema til orða, sökum þess, að þeir menn höfðu ekki næga verslunarþekkingu til að dæma um, hvort skilyrði væru fyrir hendi til þess, því þau eru mörg, þótt auðvelt sýnist að versla með slíka vöru.

Jeg hefi heyrt, að menn hafa hneykslast stórum á orðunum: „Alþingi skorar á stjórnina að taka í sínar hendur ....“ En þessi orð eru tekin upp úr lögunum frá 1. febr. 1907, sem jeg hefi áður minst á, að eins er slept orðinu: „allri“, svo að hjer er ekki eins langt farið. Í till. er talað um, að stjórnin taki að sjer heildsölu á almennum þurftarvörum, og í greinargerðinni er enn þá linara að orði komist. Þar er talað um, að stjórnin taki e i n n i g að sjer innkaup á vörum o. s. frv.

Þetta sýnir ljóslega, að hjer er ekki um neina einokun að ræða. Og jeg er sannfærður um, að engum óvitlausum lögfræðingi getur komið til hugar að skilja það svo.

Með öðrum orðum, mótstaðan úti um land, er bygð á helberum misskilningi. Hún er blátt áfram sjóðandi vitleysa!

Orðin „að taka í sínar hendur“ eru hins vegar með vilja viðhöfð, til þess að stjórnin geti ekki tekið það svo, sem verið sje að draga úr henni að taka til einokunar, ef þörf gerist. — Annars þýðir orðatiltækið „að taka í sínar hendur“ ekki annað en byrja.

Og einmitt þess vegna er þingsál.till. komin fram.

Hjer mótar fyrir alveg nýrri stefnu, og jeg áleit sjálfsagt, að stjórnin fengi að vita vilja þingsins um hana.

Eins og allir vita, hefir mótstaðan

Heildsala landsstjórnarinnar á þurftarvörum.

Eins og við vitum, er landsverslunin ekki annað en landskaupfjelag; en nú er reynsla kaupfjelaganna sú, að þau gátu ekki staðist meðan þau versluðu ekki með annað en nauðsynjavörur. Það er líka eðlilegt, því að þá stóðu kaupmennirnir betur að vígi í samkepninni; þeir höfðu hinar vörurnar, arðvænlegustu vörurnar, til að leggja á, og þurftu því ekki að taka gróðann af nauðsynjavörunum.

Nú er það gefinn hlutur, að eigi landsverslunin að geta staðist, þá verður hún í þessu að haga sjer eins og kaupmennirnir. Hún verður því að taka að sjer sölu á öðru en nauðsynjavörum.

Nú hefir gróði kaupmanna verið afsakaður með því, að þeir verði að búa sig undir verðfall, sem verða muni að stríðslokum. Þetta er að vísu aldrei nema rjett og sanngjarnt, en þá verður landsverslunin líka að fara eins að og safna í sarpinn, og henni er þess miklu frekari þörf en kaupmönnum, því að þeir geta altaf hætt verslun er þeir vilja, ef þeir sjá sitt óvænna, og hlaupið frá öllu, en landsverslunin er skyld til að sjá landinu fyrir vörubirgðum, og getur því ekki hætt.

Eins og nú er, hlýtur landsverslunin að tapa fje, hjá því verður ekki komist. En þessi stefna, að hún taki að sjer heildsölu á þurftarvörum, ætti að vera vegur til að græða fje.

Því hefir verið skotið fram, að landsverslunin hafi aldrei gert annað en spenna upp vöruverðið. En slíkt er á engum rökum bygt, það er blátt áfram full ósannindi. Kaupmenn hafa ekki, að öðru jöfnu, selt ódýrar, nema þá af gömlum vörum, og það hefir komið fyrir að eins. En þótt eitthvað hafi gengið skrykkjótt fyrir landsverslun-inni í fyrstu, stendur nú öðruvísi á. Síðan núverandi forstjórar tóku við landsversluninni hefir hún engar ákúrur fengið. Menn hafa ekki einu sinni dirfst að vega að þeim mönnum. Það er því öðru máli að gegna nú, en áður. Og jeg fyrir mitt leyti ber svo fult traust til landsverslunarinnar, að jeg hefi örugga von um, að hún geti haldið vel á spilum sínum.

Eins og menn vita, var gengið svo frá lögunum um almennu dýrtíðarhjálpina, að þau eru einkis virði, ef ekki verri en ekkert. Jeg fyrir mitt leyti hefði heldur kosið, að þau hefðu aldrei verið samin.

En nú ætti það, sem till. fer fram á, að gera landsversluninni það mögulegt að leggja minna á nauðsynjavörur þær, sem fátæklingarnir geta ekki án verið.

Því hefur verið haldið fram, að landsverslunin hafi lagt óþarflega mikið á vörur sínar, þar sem hún hafi grætt 800.000 kr. síðastliðið ár. Jeg lít nú samt svo á, að gróðinn hafi alls ekki mátt minni vera.

En með því að taka að sjer sölu á þurftarvörum getur landsverslunin tekið þennan gróða af þeim vörutegundum, sem fátæklingar þarfnast síður, og þá um leið lækkað álagið á nauðsynjavörunum og grætt nokkuð samt.

Þá má benda á það, að með þessu móti verður eftirlitið með vöruverði miklu ljettara, því þótt sett hafi verið lög um takmarkað álag, þá býst jeg við, að eftirlitið verði mjög erfitt.

En sje verslunin í höndum þeirra, sem sjá eiga um eftirlitið, þá eiga þeir auðvitað miklu hægra með að setja sig inn í viðskiftin erlendis. Enda hefir vel fróður maður í þeim sökum sagt mjer, að ómögulegt sje að fylgjast með markaðsverði, nema maður versli sjálfur. Það er því enginn vafi, að eftirlitið mundi

Það hefir ekki verið unt að fá steinolíuofna, lampa, diska, bolla, skálar, og mætti lengi halda áfram að telja þær vörur upp, sem ófáanlegar hafa verið. Búðirnar hafa verið snauðar og tómar. Og enn verra hefir ástandið verið annarsstaðar í útkjálkahjeruðum. Allar siglingar landsins eru til Reykjavíkur. Reykvíkingar gleypa alt, og það, sem við úti um landið fáum, eru að eins örfáir molar af borðum þeirra.

Eins og jeg tók fram, hafa skip Eimskipafjelagsins verið notuð til þess að flytja vörur þessar. Heildsalarnir hafa ekki þurft að gera annað en að eins panta vörurnar, eða í mesta lagi að skreppa utan um leið, sjer til skemtunar og gamans.

En nú hefi jeg fengið upplýsingar hjá landsversluninni um það, að framvegis muni skip þau ekki flytja nema örlítið af slíkum vörum; farmrýmið er ekki nema rúmlega fyrir nauðsynjavörur.

Það er því skiljanlegt, að úr því nú er skortur á vörum þessum, meðan þær fást fluttar á skipum Eimskipafjelagsins, þá hlýtur sá skortur að aukast að miklum mun, þegar heildsalarnir verða sjálfir að fara að útvega sjer skipakost.

Þá má líka benda á það, að tilfinnanlegur skortur hefir verið á ýmsum nauðsynjavörum, sem landsverslunin hefir ekki skift sjer af. Nægir þar að benda á timbur, sem skort hefir mjög um land alt. Enda hefir hjer á þingi verið samþ. þingsál. um, að landsverslunin sjái um útvegun á timbri til bátagerða o. fl. Jeg er því ekki í neinum efa um það, að ef landsverslunin lætur ekki til sín taka mál þetta, þá lendir í blávandræðum úti um land alt.

Fyrsti og aðaltilgangur till. er því sá, að landsverslunin drepi í skörðin; bæti við þar, sem skortur er á vörunum, og þar stendur hún vel að vígi. Innflutningsnefndin fær skýrslur um allar þær vörur, sem pantaðar eru og líkindi eru til að fáist til landsins, og er þá hægurinn á að sjá, á hvaða vörum muni verða skortur, og haga innkaupum þar eftir.

Það er sýnilegt, að fylsta þörf er á að dreifa vörunum sem best út um landið, en sú þörf vex vitanlega með skortinum. Hins vegar ekkert líklegra en heildsalarnir láti vini sína og kunningja sitja fyrir vörukaupum. Það verða því að eins stöku kaupmenn, sem vöruurnar fá, aðrir fá ekkert.

Af því sjest, að brýn nauðsyn ber til þess, að vörunum sje betur dreift, en það getur ekki orðið nema því að eins, að landsverslunin hafi eitthvað í pokahorninu til þess að drepa í skörðin. Hjer er því um nauðsyn að ræða, sem skylt er að bæta úr.

Þá yrði ein afleiðingin af till. sú, að verðlagi yrði haldið niðri. Það hafa að vísu verið samþ. hjer á þingi lög um álag á vörum, og ættu þau að verka, að minsta kosti meðan sár skortur er ekki orðinn á vöru. En þegar svo er komið, hætta menn oftast að spyrja hvað varan kosti, en kaupa hana við hvaða verði sem er, ef hún að eins fæst.

Og það er nú ekki síður hjer að kæra menn fyrir lagabrot, og margur mun líta svo á, ef einhver gerir honum þann greiða að selja honum lítt fáanlega vöru, þótt við okurverði sje, þá beri hann drengskaparskylda til að þegja yfir því, þótt á honum sje níðst með ólöglegu okurverði. Menn vilja heldur láta níðast á sjer en gera sig seka í neinu, sem getur orkað tvímælis um drengskapinn.

Till. miðar því beint til þess að fyrirbyggja slíkt okur og að almenningur yrði þannig soginn út.

fram kennaralaunin, verður beinn ágóði fyrir landssjóð.

Jeg verð að benda hv. þm. á það, að þingið er að hverfa frá þeirri stefnu, sem það hefir tekið gagnvart kennurum, ef það neitar nú að veita þessum kennurum laun sín, þó skólinn starfi ekki. Annars er það mál svo ofureinfalt og liggur svo beint fyrir, að engum getur verið vandi að greiða því atkv., án þess fleiri orðum sje um það farið. Jeg ætla því að setjast niður að svo stöddu.

ATKVGR.

Till. **feld** með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. A., G. Sv., H. K., J. B., P. Þ.

nei: E. Árna., E. J., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

Tveir þm. (B. St. og Þorst. J.) fjarstaddir.

10. Heildsala landsstjórnarinnar á þurftarvörum.

Á 6. fundi í Sþ., laugardaginn 6. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um, að landsstjórnin taki að sjer heildsölu á almennum þurftarvörum (A. 461).

Á sama fundi í Sþ. var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., mánudaginn 15. júlí, var till. tekin til einnar umr. (A. 461).

Flm. (Magnús Torfason): Eins og hv. þm. er kunnugt, hefir þessi till., sem jeg ásamt 11 öðrum hv. þm. hefi leyft mjer að bera fram, sætt allmiklum mótmælum, ekki að eins hjeðan úr bæ, heldur og utan af landi. Það hafa sem sje borist hingað pöntuð mótmæli utan af landi. Jeg get ekki annað sagt en að þetta hafi farið að vonum því að þingsályktunartill., ef hún nær fram að ganga og hæstv. stjórn framkvæmir hana, myndi koma talsvert við hagsmuni einstakra manna. Slíkt er óhjákvæmilegt. Þess vegna verð jeg að fara fleiri orðum en jeg hafði hugsað mjer um tildrög till. og tilgang hennar.

Till. er um þurftarvörur, vörur, sem menn þurfa til almennra lífsþæginda, án þess að þær sje bráðnauðsynlegar til þess að draga fram lífið. Nú hefir verið alltilfinnanlegur skortur á þessum vörum, meðan kaupmenn hafa getað ráðið yfir skiprúmi í skipum Eimskipafjelags Íslands. Geta menn ráðið það af verðinu, þegar t. d. kg. af sóda kostar á aðra krónu, eða munntóbak 25 kr. kg. Þetta okurverð sýnir, að skorturinn er tilfinnanlegur. Þó finna menn minst til hans hjer í bæ. Skorturinn er og hefir verið enn tilfinnanlegri úti um land. Á Ísafirði er mjer t. d. kunnugt um, að skortur hefir verið á hverri vörutegundinni á fætur annari.

Það er alveg rjett, að málið kom til fjárveitinganefndarinnar, og hún skrifaði stjórninni, til að leita álits hennar um það, en fjekk ekkert svar frá henni. Nú má aftur vísa málinu til nefndarinnar, til þess að hún geti knúið fram þetta svar, með því að segja stjórninni, að nú sje komin fram þingsál.till. um málið, sem vísað hafi verið til nefndarinnar, og því verði hún að fá svar stjórnarinnar, svo hún geti stuðst við það í till. sínum í málinu.

Matthías Ólafsson: Jeg ætla að eins að geta þess, að skrifstofustjórinn hvíslaði því að mjer, að þetta svar frá stjórninni væri komið, en sökum þess, að það var formgallað, — vantaði á það eina undirskrift, — þá var ekki hægt að leggja það fram. En hann segir mjer, að í þessu svari leggi stjórnin á móti því, að þessir kennarar fái laun greidd úr landssjóði. Og mjer finst ekki nema eðlilegt, að stjórnin sje á móti því, að greitt sje úr landssjóði annað en það, sem brýn skylda býður. — Jeg ætlaði ekki að segja neitt annað en að láta hv. deild vita um þetta.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg get ekki skilið, að hv. deild fari að greiða atkv. eftir skotspónafrjett um óundirskrifað svar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., mánudaginn 15. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 458, n. 495).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg hefi í raun og veru ekki neinu við það að bæta, sem stendur í nál., á þgskj. 475. Enn síður kann jeg við að endurtaka hjer neitt af því, sem nefndin hefir á móti því, að þessi till. verði samþ., þar sem hv. flm. (B. J.) og sá maður úr fjárveitinganefndinni, sem eitthvað hefir að segja til meðmæla till., er ekki viðstaddur. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á því, að hæstv. forseti færi þetta mál aftur fyrir hin málin, sem á dagskránni eru, eða fresti umr. þar til hv. flm. (B. J.) getur verið viðstaddur.

Bjarni Jónsson: Jeg get ekki vel gert mjer að góðu þessar niðurstöður hv. fjárveitinganefndar, og allra síst brjef stjórnarráðsins, sem prentað er með nál. Það getur verið rjett, að landsstjórnin hafi ekki nein afskifti af ráðningu eða afsetningu þessara manna. En Alþingi hefir talið sjer skylt að líta eftir kennurum landsins, hvort sem þeir eru starfsmenn landssjóðs eða ekki. Þetta hefir þingið sýnt með því að veita öllum föstum kennurum harðærisuppbót, án tillits til þess, hvort þeir væru ráðnir af landsstjórninni og fengju laun sín úr landssjóði eða ekki.

Nú er því þannig farið um þessa menn, að þeim hefir verið sagt upp stöðum sínum, ef til vill með nægilegum fyrirvara, en hvað stoðar það, þegar ekki er neina atvinnu að fá við kenslustörf. Auk þess ætti það að vera nóg fyrir landssjóð að fá þann ágóða, sem stafar af því, að skólinn verður ekki látinn starfa, þó kennurunum sjeu goldin launin. Það, sem styrkurinn nemur, um-

fyr en fengið væri álit stjórnarinnar. Mönnum mun varla blandast hugur um það, að landssjóður sje ekki skyldur að greiða þessi laun. Og jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að landssjóður eigi fullerfitt með að fullnægja þeim útgjöldum, sem hann ber brýn skylda til að hafa. Jeg veit, að fjárveitinganefndin, eða að minsta kosti meiri hl. hennar, lítur þessum augum á málið. Það er því varla til neins að vísa málinu til hennar.

Hvað snertir samræmið milli þessara manna og skólastjórans á Eiðum, þá er óliku saman að jafna. Það var beinlínis eftir ráðstöfunum þingsins, sem sá maður misti stöðu sína. Því bar þess vegna að sjá honum farborða, meðan hann gat ekki útvegað sjer aðra atvinnu. En hjer er um „privat"-stofnun að ræða, sem þingið hefir engin umráð yfir. Það var því bein skylda þingsins að greiða Eiðaskólastjóranum biðlaun, en þessir menn koma þinginu ekkert við.

Jeg kannast fyllilega við það, að það er hart fyrir þessa menn að vera kastað þannig út á klakann. En það er þinginu svo óviðkomandi, sem frekast getur verið. Alveg eins óviðkomandi eins og ef einhver verslun segði þjónum sínum upp stöðum þeirra og ljeti þá standa uppi atvinnulausa. Þó þessi skóli sje styrktur af landsfje, þá er hann samt alveg óháður landsstjórninni, og hún getur engu ráðið um, hvernig honum er hagað. Það er því ekki fyrir hennar aðgerðir, sem kenslan er lögð niður við skólann.

Jeg veit ekki heldur, hve sjálfsagt það er, að þessir kennarar fái biðlaun. Mjer er kunnugt um það, að öðrum þeirra að minsta kosti stendur til boða kennarastaða, lágt launuð staða að vísu, eins og allar kennarastöður eru, en þó svo, að vel væri við henni litandi, þegar ekki er völ á öðru. Að vísu er sú staða á öðrum stað, og það má berja því við, að vont sje fyrir manninn að fara að rífa sig upp, þar sem hann er búsettur í Hafnarfirði. En jeg get ekki annað sjeð en að landssjóður hafi þó fulla afsökun gagnvart þessum manni.

Mennirnir hafa fulla rjettlætiskröfu til launa, gagnvart þeirri stjórnarnefnd skólans, sem setur þá nú út á klakann. En gagnvart landssjóði geta þeir ekki haft neina kröfu. Hins vegar er þeim vorkunn, þó þeir leiti þangað, þegar þeir fá enga áheyrn hjá þeim, sem skyldur hafa gagnvart þeim.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg ætla að eins að taka það fram, að jeg hefi aldrei sagt, að þessir menn ættu neina kröfu til launa úr landssjóði. Hefði jeg álitið það, þá hefði jeg ekki komið með það í tillöguformi til þingsins, að heimilað væri að greiða þeim laun. Þeir hefðu þá ekki þurft annað en heimta sín laun af landsstjórninni. Jeg benti að eins á, að þetta væri í samræmi við þá stefnu, sem þingið hefði áður tekið gagnvart launum kennara. Þess ber og að gæta, að með þessu er ekki verið að baka landssjóði nein ný útgjöld. Ef skólinn starfar, þá hefir landssjóður skuldbundið sig til að greiða honum 8500 kr. styrk. Ef hann getur ekki starfað, þá yrðu útgjöldin til hans 2300 kr., ef þingið vill sinna þessari till. Hjer getur því ekki verið að tala um neina hættu fyrir fjárhag landssjóðs. Þessi upphæð er miklu minni en sú, sem landssjóður hefir skuldbundið sig til að greiða skólanum. Að vísu yrði óvænti gróðinn, sem landssjóður hefði af því, að skólinn starfaði ekki, þeim mun minni.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg skal játa, að tillagan er ónákvæmt orðuð, en ætlunin var sú, að fjeð yrði að eins veitt ef skólinn starfaði ekki. Jeg hefi ekkert á móti því, að málið fari til fjárveitinganefndar, því það er sjálfsagt að leita upplýsinga um það, hvort skólinn starfar eða ekki. Annar þessara kennara, herra Lárus Bjarnason, sagði mjer svo frá, að uppsögnin væri þegar farin fram, en af hverju Ögmundur skólastjóri kemst svo ónákvæmt að orði, um það skal jeg ekkert segja. Jeg er á sama máli og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um það, að ef þessi skóli nú legst fil hvildar og hirðir ekki um sína eigin kennara, þá getur ekki komið til mála, að honum verði styrkur veittur úr landssjóði. Jeg bar fram tilmæli þessara kennara, sjerstaklega af því, að mjer virðist það stefna Alþingis, þó það sje ekki lagaleg skylda, að taka líka tillit til þeirra kennara, sem eru ekki beinlínis opinberir starfsmenn landssjóðs.

Að öðru leyti þarf jeg ekki að orðlengja um þetta meira, en jeg vil láta þess getið, að jeg hefi ekkert á móti því, að tillögunni verði vísað til fjárveitinganefndar.

Magnús Pjetursson: Jeg vil að eins gera stutta athugasemd, þar sem það hefir komið hjer til mála að vísa þessari till. til fjárveitinganefndar. Jeg vil þá leyfa mjer að skýra frá því, að þessi till. hefir þegar legið fyrir nefndinni. Brjef það, sem um er að ræða, var sent beint til nefndarinnar, en hún sá sjer ekki fært að taka tillit til þess, að svo komnu, og sendi það því til stjórnarráðsins.

Auðvitað hefir stjórnin alveg töglin og hagldirnar gagnvart þessum skóla, því hún ræður alveg, hvort skólar skuli starfa eða ekki, og er ráðgert, að borga skuli kennurum, þó skólarnir leggi niður starf sitt. Þetta liggur nú fyrir stjórninni, svo jeg veit ekki, hvort fjárveitinganefnd getur nokkuð meira gert við þetta, nema komi sjerstakar tillr. um það frá stjórninni.

Sveinn Ólafsson: Jeg vildi leyfa mjer að minna á, að það lá fyrir þinginu í sumar líkt mál og þetta. Var þar farið fram á, að biðlaun yrðu greidd skólastjóra nokkrum, sem misti stöðu sína á svipaðan hátt og kennarar þessir. Það var skólastjórinn á Eiðum. Till. sú var feld hjer í deildinni með þeim formála — meðal annars —, að landssjóður bæri enga ábyrgð á þeim atvinnumissi, sem skólastjóri varð fyrir. Samræmis vegna ætti þessi till. að sæta sömu forlögum. Hjer hvílir heldur engin skylda á landssjóði. Flensborgarskóli er eign einstakra manna eða hjeraðs, þótt styrktur hafi verið úr landssjóði, eins og Eiðaskólinn. (**B. K.:** Skólinn er ekki eign einstakra manna).

Mjer virðist því til nokkuð mikils mælst með till. þessari, og engin ástæða til, að landssjóður taki að sjer alla byrðina. Þó mun jeg ekki taka svo þvert fyrir þetta, að jeg greiði till. ekki atkv. til annarar umr.

Nær væri hófi, ef farið væri fram á einhvern hluta launanna úr landssjóði, en hinn aðilinn tæki þá að sjer launin að öðru leyti. Virðist mjer hv. flm. (B. J.) sigurvænlegra að fara þannig að og breyta till. til síðari umr.

Matthías Ólafsson: Það er alveg rjett, sem hv. þm. Stranda. (M. P.) tók fram, að þetta mál hefir legið fyrir fjárveitinganefndinni, en hún taldi sjer ekki skylt að taka neina ákvörðun um það

Annars er annar þessara manna hniginn að aldri, og getur því t. d. ekki farið í kaupavinnu. Hinn hefir ekki nægilega atvinnu til þess að lifa sómasamlegu lífi, enda þarf hann að halda áfram að starfa að kenslubók, sem hann ætlar sjer að gefa út. Mjer er sagður maðurinn vel lærður, þó hann hafi að mestu leyti mentast af sjálfum sjer. Þessi styrkur yrði ekki heldur ný fjárveiting, því að Flensborgarskólanum munu vera veittar í fjárlögunum 8500 kr., sem mundu mikið til sparast, ef skólinn hætti að starfa. En farið er fram á, að laun þessara kennara tveggja verði svo, að þeir geti lifað næsta vetur og sint þeim störfum, sem þeir eru byrjaðir á, því að hætt er við, að ekki dugi skemri tími fyrir þá að bíða eftir að fá annað að gera, sem er við þeirra hæfi. Jeg hefi látið prenta sem greinargerð fyrir tillögu þessari brjef frá Ögmundi Sigurðssyni skólastjóra, þar sem hann fer lofsorðum um þessa menn báða og mælir með því, að þingið verði við óskum þeirra. Jeg vona, að hv. þm. taki vel þessu máli og leyfi því fyrst og fremst að ganga til síðari umr.

Gísli Sveinsson: Jeg vil styðja það, að þessari tillögu verði vísað til síðari umræðu. En mjer þætti vel við eiga, að fjárveitinganefnd athugaði málið nokkuð nánar, og geri jeg það að tillögu minni, að því verði til hennar vísað. En áður en till. fer til nefndar vildi jeg spyrja hv. flm. (B. J.), hvort nú þegar sje búið að segja þessum mönnum upp stöðu þeirra, og ef svo væri, hvort ekki sjeu líkur til, að uppsögnin verði tekin aftur. Það stendur sem sje í brjefinu, sem prentað er hjer sem greinargerð, „að allar líkur sjeu til þess, að skólinn starfi ekki á komandi vetri," og því mætti gera ráð fyrir, að skólinn mundi ef til vill starfa, og uppsögnin því ekki endanleg. Þetta vil jeg fá fyllilega upplýst, og gæti það komið fyrir nefndina. Svo er hægt að gera ráð fyrir, hvað gera skuli, eða yfir höfuð, hvort nokkuð skuli að gert. Jeg er nú á því, að nokkur siðferðileg skylda hvíli á landssjóði að sjá þessum mönnum að einhverju leyti farborða næstkomandi vetur, ef þeir missa atvinnu sína með þessum hætti, en lagaleg skylda hvílir engin á honum. Það stendur nú í tillögunni, að þeir skuli fá þessi laun, hvort sem skólinn starfar eða ekki. (B. J.: Það er að eins ónákvæmt orðalag). Jæja, þá verður að laga það.

Jeg hefi annars, eins og jeg hefi getið, ekkert á móti tillögunni, ef það kemur upp, að mönnunum er í raun og veru sagt upp starfi sínu.

Jeg vil láta þess getið í sambandi við þetta mál og út af því, að ef stjórn skólans ætlar að hegða sjer þannig, að varpa út á gaddinn föstum kennurum sínum, og þykjast með því fría sig undan öllum skyldum til að launa þeim, svo að reynt sje með því að láta þá lenda á landssjóði, þá mun jeg og vafalaust fleiri þingmenn beitast fyrir því, að þessi skóli verði aldrei framar styrktur úr landssjóði, eða, ef hann þannig legst niður, endurreistur.

Jeg get og lýst yfir því fyrir mitt leyti, að jeg álít, að skólinn sje með öllu óþarfur, við hliðina á Reykjavík og Reykjavíkurskólunum, því að þar er ekkert það kent, sem ekki er kent í skólum hjer í bænum. Jeg hefi sagt þetta af því, að jeg vil láta það berast út til rjettra hlutaðeigenda, að slík rödd, hafi gert vart við sig hjer. Og mega þeir nú hegða sjer hjer eftir.

ekkert nytsamt er lengur til þess að vinna. Ef þessi till. hefði komið fyr fram, mundi jeg hafa verið harðlega á móti henni. En úr því að hún kemur nú fram, er jeg henni síður andmæltur, þó að hún sje alveg hin sama í eðli sínu. Því að jeg álít, að þm. verði eitthvað að gera.

En þrátt fyrir það, álít jeg till. þessa óþarfa og svo ósanngjarna, að hún nái hreint og beint ekki nokkurri átt. Ef landssjóður lánaði fje til gistihúsgerðar í Borgarnesi, gætu fleiri heimtað lán með sama rjetti. En jeg verð að segja það, að þar sem kaupstaðarbúar ferðast út um sveitir, og fá þar gistingu á hverjum bæ, að jeg tel ekki eftir þeim að hýsa þá hina sömu menn, þegar þá ber að garði. Þau eru nú orðin svo mörg þessi smálán og hinar og aðrar styrkbeiðnir, að landssjóður getur ekki staðið sig við að sinna slíku lengur, því að safnast þegar saman kemur. Jeg álít hægt umfangs um þessa till., að setjast niður, tala ekki fleira um hana og greiða atkvæði á móti henni.

ATKVGR.

Tillgr. **f e l d** með 16 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., M. Ó., P. O., B. Sv., B. J., E. A.

nei: E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. K., B. St., Ó. B.

Fjórir þm. (J. M., P. Þ., P. J. og Þór. J.) fjarstaddir.

9. Laun tveggja kennara Flensborgarskólans.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 6. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um laun tveggja kennara Flensborgarskólans (A. 458).

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 8. júlí, var till. tekin til f y r r i u m r.

Flm. (Bjarni Jónsson): Þetta er mjög einfalt mál í öllum hlutum. Tel jeg víst, að hv. þm. samþykki tillöguna af því að þingið hefir í þessi skifti, sem fjallað hefir verið um laun manna, viljað sjá borgið hag kennara, þó þeir væru ekki beinlínis í þjónustu landsins. Jeg þarf ekki að minna sjerstaklega á árið 1916, er öllum kennurum var veitt dýrtíðaruppbót. Nú stendur svo á hjer, að Flensborgarskólinn treystir sjer ekki til þess að starfa næsta vetur, og því hefir verið sagt upp tveimur kennurum. Menn munu nú spyrja, hvort þetta hafi verið gert með nægilegum fyrirvara, og mun mega segja, að hann sje nægilegur, — ef á annað borð nokkur fyrirvari er nægilegur, þegar menn eru sviftir stöðu sinni — því þeir gætu fyrirvarans vegna fengið stöðu við aðra skóla, þar sem laus væru sæti. En ef svo færi, að þessir tveir kennarar fengju stöður við aðra skóla, þá mundi auðvitað þessi styrkur falla niður af sjálfu sjer. Nú er þess og að gæta, að þó þessir kennarar vildu taka upp önnur störf en kenslu, þá er svo lítið um atvinnu, að engin uppgrip eru, þar sem ýmsir atvinnuvegir landsmanna eru nærri því í kalda koli, sakir þeirrar kreppu, sem landið komst í af samningum við eina stríðsþjóðina,

enghvi þm. (B. J.) hafði ekki heimild til, þó að hann áliti það kann ske sjálfur, að gera það að minu áliti. Hv. þm. (B. J.) bar þetta saman við lánveitingu, sem jeg hafði fengið handa Barðstrendingum; þar vantaði nú ekki undirspilið, þar sem vinur minn, hv. þm. S.-M. (Sv. Ó.), var. En jeg verð að segja, að það er alt annað, hvort verið er að styrkja mikilsvert framfarafyrirtæki, eða mann til að bæta við gistihús. (**B. J.**: Eru það ekki menn, sem á að bjarga?). (**M. P.**: Eru það ekki bjargráð?). Má vera, að það sjeu bjargráð, en það liggur þá samt ljósara fyrir hv. þm. Stranda. (M. P.) en mjer, að slíkt geti talist sem veruleg bjargráð. (**M. P.**: Mjer var sjálfum bjargað þar í vetur). Getur verið, en illa trúi jeg því, að staður eins og Borgarnes hefði ekki sjeð svo sóma sinn, að láta ekki annan eins mann liggja úti. (**B. J.**: En ef það hefði ekki verið „annar eins" maður?). (Hlátur). Þá sagði hv. þm. (B. J.), að mjer mundi ganga það til, að jeg hjeldi, að sköpuð yrði samkepni við þann mann, sem rekur þar gistihús nú. Ja, væri það ekki vinur minn, hv. þm. Dala. (B. J.), sem segði þetta, þá segði jeg, að það væri blátt áfram sprottið af illgirni.

Þá bar sami hv. þm. (B. J.) það fram, að styrkur hefði verið veittur til húsabyggingar í Fornahvammi. Án þess nú að jeg vilji leggja nokkurn dóm á styrkveitingu þá, þá vil jeg þó benda á, að þar hagar alt öðruvísi til; það er líka munur á því, hvort á að byggja hús uppi á heiðum, eða niður við sjó, þar sem efnið er tekið rjett hjá. Það hagar líka öðruvísi til þar, sem býli stendur undir löngum og erfiðum fjallvegi, og enginn bær nálægt, eða það er í fjölmennu kauptúni. Að vísu vil jeg viðurkenna það, að mikil þörf getur verið fyrir gistihús í kaupstöðum, en að bæta úr þeirri þörf tel jeg frekar skyldu annara en landssjóðs.

Jeg verð yfirleitt að segja, að jeg álít, að hv. þm. Dala. (B. J.) geti staðið sig við að minnast ekki á lánveitingu til Barðstrendinga, því að fjarri fer, að hún sje berandi saman við þessa lánveitingu. Og jeg verð að standa fast við þá skoðun, að með því að veita slík lán, sem hjer er farið fram á, er skapað ilt fordæmi. (**B. J.**: Fordæmi um gistihúsgerð í Borgarnesi). Nei, ekki einungis þar, heldur hvar sem vera skal. Jeg vil og benda á það, að þótt hjer sje að eins farið fram á 6000 kr. lán, þá hefir landssjóður það ekki handbært nema hann taki lán. (**B. J.**: Það mætti taka af þessum 90,000 kr., sem hv. þm. (H. K.) hefir útvegað Barðstrendingum). Jeg býst við, þótt fylgi hv. þm. Dala. (B. J.) kæmi þar til, að ekki sje hægt að ná því fje aftur. En misminni er það hjá hv. þm. (B. J.), að jeg hafi útvegað 90 þús. kr. handa Barðastrandarsýslu sem lán. Og úr því vinur minn, hv. þm. S.-M. (Sv. Ó.), fór að benda hv. þm. Dala. (B. J.) á þá upphæð, var til þess ætlandi af honum, að hann færi rjett með og nefndi rjetta upphæð, en bætti ekki við einum níunda hluta.

Annars kemur hvorki mjer nje öðrum það á óvart, þó að hv. þm. Dala. (B. J.) leggist á móti sparnaðarhugmyndum. Það er sem sje kunnugt, að sá ljóður hefir verið, og er, á ráði þess mæta manns, að kunna ekki að gæta hagsýni í meðferð á fje landssjóðs.

Einar Jónsson: Það kemur ekki síst í ljós nú á þessum síðustu og verstu dögum, að sumum þm. er ant um að bera fram hinn og annan óþarfa, af því að þingtíminn er orðinn svo langur, að

veruleg borgun, heldur þóknun fyrir þann kostnað, sem hann hefir lagt á sig. Þetta er ekki heldur gert fyrir Borgarfjörð einan; það er gert fyrir ferðamenn, sem koma langt að, þekkja engan og þurfa að hafa einhvern stað, sem þeir geti hvarflað að, svo að þeir þurfi ekki að liggja úti milli húsa í Borgarnesi.

Þetta mál er ekki skyldara sýslunefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu en öðrum sýslunefndum á Norður- og Vesturlandi, og það eru bjargráð, að menn, sem koma í Borgarnes og þurfa að bíða þar eftir skipi eða öðrum ferðum, þurfi ekki að liggja úti. Ef hv. þm. (H. K.) gengur það til, að hann er hræddur um, að það verði samkepni milli þess veitingamanns, sem nú er í Borgarnesi, og þess, er um lánið sækir, þá skal jeg geta þess, að það þarf ekki að óttast; sá maður hefir svo lítið húsrúm, að hann mun altaf hafa nóga næturgesti. Svo er um það, að fordæmi skapist. Já, hvaða fordæmi skapast? Það eitt, að hjálpa manninum til að gera við gistihús í Borgarnesi. Hjer er maður í Borgarnesi, með þeim þörfum, sem fylgja því nesi eða stað; fordæmi skapast um það eitt, að auka gistihús í Borgarnesi, af því að ekki er nægilegt húsrými til þess að hýsa það fólk, sem fer þar um að vetrarlagi, og mætti gott þykja, á meðan landið þarf ekki að gera annað. Annars vona jeg, að hv. þm. (H. K.), sem er minnisgóður, muni eftir því, að Alþingi sá sjer ekki annað fært en að styrkja að því, að í Fornahvammi væri til gistihús, sem gestir gætu flúið í, og það er ekki svo miklu betra að liggja úti í Borgarnesi en í daladrögunum hjá Fornahvammi, að það geri nokkurn mun, og um fjárhag landssjóðs hygg jeg það, að hann versni ekki, svo að nokkru muni, fyrir þessa sök. Annars er þetta svo óskiljanlegt og út í loftið talað, að furðu gegnir. En jeg mun nú ekki hirða um að þvæla þetta mál frekar en orðið er, og svo hygg jeg líka, að umsækjandinn standi jafnrjettur, hvort hann hættir að hýsa fólk eða ekki, en af því að hann er gestrisinn, þá hygg jeg, að hann muni ekki hætta að láta menn njóta góðvildar sinnar, en af eigin spýtum getur hann ekki stækkað hús sitt, nema þá að hann njóti að góðviljaðs lánveitanda.

Hv. þm. (H. K.) talaði um sýslunefndina; jeg veit ekki hvort hann hefir átt við, að hún ætti að lána manninum þetta fje, en hvað lánveitinguna snertir, þá sje jeg ekki, að neitt væri eðlilegra, að sýslan lánaði honum þetta, en að Barðastrandarsýsla hefði lánað Bíldudal fje til rafveitunnar.

Jeg ætla nú að láta menn ráða, hvað þeir gera við þetta mál; jeg get sem sagt ekki skoðað þetta neina tilraun til þess að bæta hag mannsins, heldur til þess að gera honum hægra að stækka húsið, sem hann getur ekki af eigin ramleik. Annars munu aðrir hv. þm., sem um staðinn fara, vera þessu kunnugri en jeg, því jeg þarf ekki að leita húsrúms í Borgarnesii, þegar jeg kem þangað, því að jeg á þar marga gististaði.

Hákon Kristófersson: Mjer kom það ekkert á óvart, þótt hv. þm. Dala. (B. J.) tæki það illa upp, að jeg lagði á móti því, að þetta mál næði fram að ganga, en hinu furðaði mig á, að hann, slíkur maður sem hann er, gæti ekki farið rjett með orð mín. Jeg sagði ekkert um þá hlið málsins, ef lánið yrði veitt, hvort það tapaðist eða tapaðist ekki. (**B. J.:** Mátti jeg ekki tala um neitt annað en það, sem hv. þm. (H. K.) sagði?). Jú,

sú leið hefir verið farin í öðrum bygðarlögum, og jeg sje ekki annað en það væri einmitt beinasta leiðin; það segir sig líka sjálft, að það mundu helst vera nærliggjandi hjeruð, er helst mundu nota þetta væntanlega gistihús, og því stæði það þeim næst að styrkja að því. Jeg segi helst, af því að það mundu verða hjeruðin sem lægju í nánd við Borgarnes, en síður hjeruðin úti um land. Þar af leiðandi get jeg ekki sjeð, að slík málaleitun, sem þessi, eða sem fer í þessa átt, eigi nokkurt erindi inn á þingið, og get ómögulega fallist á, að það sje rjett að taka upp á að hafa landssjóð sem „privat" lánsstofnun; hitt er alt annars eðlis, þótt hreppar eða sýslufjelög leiti til landssjóðs til að koma fram bjargráðafyrirtækjum, sem annars myndu alveg stöðvast, og mikið tjón myndi af hljótast. Þar ber landssjóð skylda til að hlaupa undir baggann, ef hjeruðin sjálf geta ekki risið undir honum. Jeg sje því ekki betur en að þetta mál hefði verið best komið í sýslunefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og að þau stjórnarvöld hefðu átt að hafa ljósasta hvöt til þess að hjálpa fyrirtækinu. Jeg get ekki litið öðruvísi á, eins og jeg hefi tekið fram, eins og fjárhag landssjóðs er háttað, en að nú geti hann ekki hlaupið undir bagga með þessari eða annari líkri lánbeiðslu, því að jeg held að það sje ómótmælanlegt, að hann hafi ekki einu sinni fje til að koma fram bjargráðafyrirtækjum, þó í smáum stíl sjeu, og því síður þetta, sem jeg get ekki kallað bjargráðafyrirtæki, þó að mjer þyki það mjög leitt að þurfa að leggja á móti málinu, þar sem þektur maður á í hlut, en jeg býst við, að sú skoðun verði ofan á í þessari hv. deild, og þá á málið ekkert erindi til 2. umr., en það hefði getað hugsast með því móti, að þingið hefði nýlega verið komið saman og hefði ekkert haft að gera, að það hefði þá verið tekið til umr.

Hv. þm. Dala. (B. J.) hefir tekið þetta mál til flutnings, og jeg þykist viss um, að það sje góðgirni ein, sem hefir hvatt hann til þess, og þykir mjer leitt, að jeg get ekki fylgst með honum. Jeg tek það fram, að það væri æskilegt, að fjárhagnum væri þannig háttað, að bæði þessi og aðrar fjárbeiðslur gætu náð fram að ganga, en jeg verð að benda á það, að svo framarlega, sem við göngum inn á þessa braut, getum við með engu móti snúið aftur af henni — en það er mjer kunnugt um, að sýslufjelög hafa hlaupið undir bagga með mönnum um þetta, og því gerlegt fyrir manninn að snúa sjer þangað.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það er náttúrlega mjög gaman að því að heyra hv. þm. Barð. (H. K.) bera svo hag landssjóðs fyrir brjósti og vilja forða manninum frá að taka 6000 kr. lán úr landssjóði. Hann hefir víst líka forðast það fyrir Barðstrendinga. Jeg man nú ekki, hve marga tugi þúsunda hann hefir fengið til bjargráðafyrirtækja **Barðastrandarsýslu.** (Sv.ó.: Það eru víst 90,000). Já, það getur verið, að það sje um 90,000 kr., en þá held jeg að hv. þm. Barð. (H. K.) hafi ekki vel athugað þetta, þegar hann vill ekki lána 6000 kr. til þess að koma upp gistihúsi í Borgarnesi. En jeg hefi þó stutt hv. þm. (H. K.) í málaleitunum hans, því að jeg taldi þær rjettmætar.

En um þennan mann í Borgarnesi er það að segja, að hann hefir tapað á því að hýsa fólk, því þó að hann hafi fengið einhverja peninga fyrir, þá er það ekki

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 6. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þessa tillögu sakir þess, að það kemur svo oft fyrir í Borgarnesi, að menn þurfa að leita gistingar hjá þessum manni, sem nú sækir um styrk til að stækka og bæta hús sitt. Það hefir komið fyrir, að hann hefir orðið að ganga sjálfur úr rúmi, til þess að fólk lægi ekki úti í Borgarnesi. Það mætti nú kann ske segja sem svo, að þinginu kæmi ekki mikið við að styrkja þetta, og að fleiri staðir gætu komið og beðið um sama; en hjer stendur sjerstaklega á; hjer eru ákvæði landsstjórnarinnar um, að póstleið skuli liggja þarna, og þangað sækir fólk úr öllum landsfjórðungum og verður að nema þar staðar. Þar verða menn líka að vera við því búnir að stiga á skip, og sími er ekki til næstu bæja, svo að menn eru neyddir til að gista í Borgarnesi, til þess að missa ekki af bátnum, og þegar af þeim sökum er nauðsyn á fyrir menn að gista þar, og þá hafa menn dálitla kröfu til þess, að þar sje einhver staður, sem menn geti gist á, og er mjer sagt, að margir af þeim hv. þingm., sem hjer eru, mundu hafa orðið nauðulega staddir, ef þessi maður hefði ekki gengið nærri sjer að hýsa þá og gengið úr rúmi fyrir þá. Það er skiljanlegt, að ekki er hægt fyrir nokkurn mann að hafa nógu stórt hús til að hýsa alla, sem þar koma, þegar ferðamannastraumurinn er mestur. Svo er á það að líta, að húsið stendur autt nær allan ársins hring; af því mun það vera, að gestgjafinn í Borgarnesi hefir orðið að neyðast til að leigja út hús sitt, en svo getur hann náttúrlega ekki komið þeim leigjendum út.

Nú hefi jeg gleymt að taka það fram, til hve langs tíma lánið ætti að vera og geta um, með hverjum öðrum kjörum, sem jeg þá skal bæta inn í fyrir 2. umr.; jeg geri ráð fyrir, að það mætti vera afborgunarlaust fyrstu 2 árin eða svo, en það er gleymska mín. Að maðurinn leitar heldur til landssjóðs er sjálfsagt af því, að hann lítur svo á, að þingið telji sjer skylt að hlynna að því, að ferðamenn hafi þar húsnæði, og svo mun þetta vera fátækur maður, lánstraust hans lítið, og svo mundi landssjóður kann ske lána með betri kjörum, og þetta er svo lítið, að engin hætta er að lána það; landssjóður hefði tryggingu í húsinu, ef maðurinn hætti. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Vona jeg, að till. verði lofað að fara til 2. umr.

Hákon Kristófersson: Jeg vil ekki gera lítið úr því, að mikil þörf sje á gistihúsi í Borgarnesi, sú hlið málsins er mjer ekki kunn, en þó það mætti með rökum sanna, þá mun slík þörf miklu viðar. Það segir sig því sjálft, að ef þingið ætlar að fara að ganga inn á þá braut að lána einstökum mönnum fje úr landssjóði til þess að byggja gistihús, mundi fjöldinn allur af beiðnum streyma að á næstunni, líklega þó ekki á þetta þing, af því maður vonar, að það sje bráðum búið, heldur það næsta og næstu, og jeg get ekki sjeð, ef þessi tillaga verður samþ., að mögulegt sje, sanngirnis vegna, að neita öðrum þeim fjárbeiðnum, sem kunna að koma og færu í líka átt, því að ef þetta er heimilað, þá er því slegið föstu, að hjer er gefið fordæmi. Nú, hvorki ræða hv. flm. (B. J.) nje aðrar upplýsingar um þetta, sem lítið liggur fyrir af, hafa gefið neinar bendingar um það, að lán eða styrks hafi verið leitað frá sýslufjelaginu, en

til 5 ára úr landssjóði. Þá benti hv. flm. (M. Ó.) á, að þeir hefðu leitað til þingsins af því, að gott hljóð hefði verið í því að undanförnu um að styrkja slík fyrirtæki. En eftir því, hvernig kolin eru og hverjar kringumstæðurnar, eftir því fer, hvort rjett er að styrkja svona fyrirtæki eða ekki. Mjer þykir leiðinlegt, að hæstv. stjórn skuli ekki vera við, til þess að geta sagt skorinort, hvort hún geti í raun og sannleika lánað þessa upphæð sem dýrtíðarlán, eða þá hvort ekki mundi fara um slíkt lán eins og fór með dýrtíðarlánin á síðasta þingi, að þeim var neitað, því ekki var hægt að efna loforðið. En slík loforð sjá allir að geta orðið til stórtjóns, því þau bregðast er mest á reynir.

Matthías Ólafsson: Jeg þarf ekki að svara miklu ræðu hv. frsm. nefndarinnar (B. K.). Hann var að tala um ýmislegt, er hann taldi sjer trú um að styrkti málstað hans, en jeg verð að segja, að rök hans voru fremur til þess löguð, að hnekkja áliti nefndarinnar, heldur en til þess að styrkja það. Hann gekk fram hjá mörgu í minni ræðu, og er það ekki nema eðlilegt, því það tíðka góðir menn oft að ganga fram hjá góðum rökum andstæðinga sinna, rökum, sem þeir treysta sjer ekki að eiga við. Jeg benti honum á það í fyrri ræðu minni, að það þyrfti að byggja yfir verkamennina, og svo þyrfti að borga þeim kaup sitt af lánsfjenu, þar til er kolin seldust og vinnan gæti farið að borga kostnaðinn. Auk þess geta þeir, sem efnið útvega, ekki átt andvirði þess hjá fjelaginu þangað til kolin eru seld o. s. frv. Það er þýðingarlaust að vera að karpa um það hjer, hvort hægt hefði verið að fá lánið annarsstaðar, því mjer finst engum skyldara en landssjóði að lána slík lán. Jeg rjeði sjálfur vöxtunum, því að þeir vestra ljetu mig um það, og mjer finst þeir á engan hátt of lágt settir, því jeg þykist þess viss, að landssjóður fái peninga með engu verri kjörum, og að þetta væri þær hæstu rentur, sem hann greiddi af sínum lánum. En ef þessi fjárupphæð skyldi verða þyrnir í augum hv. þingm., þá er ósköp einfalt að lækka hana nokkuð, en það er auðsjeð á öllu, að það vakti ekki fyrir nefndinni að breyta þessari tillögu til batnaðar, heldur að leggja það eitt til, að hún yrði drepin.

ATKVGR.

Till. f e l d með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: B. Sv., B. J., H. K., M. P., M. Ó., P. J., S. St.

nei: Þorst. J., Þór. J., B. K., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., J. B., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Ó. B.

Fjórir þingm. (E. A., J. M., M. G., P. Þ.) fjarstaddir.

8. Lán til gistihúsauka í Borgarnesi.

Á 63. fundi í Nd., fimtudaginn 4. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um lán til Kristjáns Jónassonar í Borgarnesi, til gistihússauka (A. 454).

þess að koma í veg fyrir skort, þá álít jeg skylt að samþykkja þessa tillögu.

Hákon Kristófersson: Jeg verð að segja, að þetta mál getur varla talist skylt málaleitun þeirri, sem hjer var áður til meðferðar úr Strandasýslu.

Mjer var brugðið um, að jeg væri á móti þessari lánveitingu, af því að hún fjelli ekki til Barðastrandarsýslu. En jeg hygg, að síst sje hægt að bregða mjer um það, að jeg hafi sjerstaklega gert mjer far um að afla Barðastrandarsýslu fjár úr landssjóði, þó að jeg hafi fengið nokkrar þúsundir að láni handa sýslunni. Jeg lít svo á, að þetta mál heyri til bjargráða, og þingið er til þess saman komið að ráða slíkum málum til lykta. En hagur landssjóðs stendur nú ekki svo vel, að hann hafi fje aflögum. En hins vegar get jeg fallist á það, að landssjóð beri bein skylda til að rjetta þeim hjeruðum hjálparhönd, sem vilja ráðast í einhver þjóðþrifafyrirtæki, en þau geta ekki risið undir af eigin ramleik. Og þegar litið er til hins mikla fjárausturs, sem landssjóður jós í Tjörnesnámuna, þá er hart að neita þessari lánbeiðni. Og jeg mun sýna það með atkvæði mínu, að jeg lít ekki eingöngu á hag Barðastrandarsýslu, heldur og hvers hjeraðs, sem hjálpar þarfnast. Í því efni hefi jeg ekki álitið mig vera þm. eins kjördæmis, heldur alls landsins.

Hv. þm. Dala (B. J.) gat þess, — þó að það kæmi í raun og veru ekki þessu máli við — að jeg og annar þm. mundum hafa ráðið sjálfstæðismálinu svo til lykta, að við þættumst geta farið heim af þingi. Jeg hefi aldrei minst á það, að þetta mál tefði heimför mína eða annara, og hv. þm. (B. J.) hefði vel getað staðið sig við að minnast ekki á það.

Þá sagði hv. þm. (B. J.), að ómannlega hefði verið tekið undir beiðni Strandamanna. En jeg held, að þeim óskum, sem þeir komu með til þingsins, hafi verið fullnægt að mestu leyti, svo hjer hafi háttv. þingm. ekki munað rjett.

Jeg mun ekki skoða huga minn um að greiða atkv. með þessari tillögu. Vildi jeg líka leyfa mjer að skjóta því til hv. þm., þeirra sem mótsnúnir eru tillögunni, að það er betra að koma fram með brtt. um þau atriði, sem helst eru þyrnar í augum, t. d. um fjárupphæðina, heldur en að fella það nú þegar.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Það er síður en svo, að mjer eða meiri hluta nefndarinnar sje nokkurt kappsmál, hvernig þessu máli reiðir af. Að eins vil jeg geta þess, að hv. nefnd vantaði þær upplýsingar um málið, sem nauðsynlega þurfti. Jeg var ekki við, er hv. flm. (M. Ó.) talaði um málið áður og þóttist hafa gefið upplýsingar um það. En jeg get getið mjer nærri, hvernig muni vera um slíkt fyrirtæki sem þetta. Og veit jeg upp á hár, að hægt hefði verið að fá lánin annarsstaðar en hjá landssjóði. Það var góð upplýsing, sem hv. flm. (M. Ó.) gaf um það, að vegurinn, sem leggja þyrfti, væri ekki lengri en ¾ úr kílómetra. Einhvern tíma hefði mönnum ekki blöskrað að leggja í slíkt án þess að fara í landssjóð og biðja hann um lán. Og það ætti satt að segja ekki að vera vorkunn mönnum þar vestra, þar sem þrír hreppar eiga hlut að máli, að hrinda fram þessu verki.

Jeg get vel skilið, að kolin seljist ekki fyr en veturinn 1918—'19, en það þarf þá ekki heldur meira en 6 mánaða bankalán til þess, að það fáist greitt aftur með verði kolanna, en alls ekki lán

Þá vantar og skýli yfir verkafólkið. Og ef komandi vetur verður álika harður og veturinn í vetur, má þetta skýli ekki vera nein ómynd. Og ef vjer berum það saman við annað þess háttar skýli, sem landssjóður hefir kostað, þá ættum vjer ekki að þurfa að kippa oss upp við, þó að það kostaði nokkrar þúsundir. Það yrði borgað á sínum tíma með kolum.

Kol verður ekki hægt að selja til hreppanna frá námu þessari fyr en einhvern tíma á vetrinum 1918—'19, eða þá um áramótin. Það liggur því í augum uppi, að hrepparnir verða að fá einhversstaðar lán, til þess að geta haldið vinnunni áfram. Og var eðlilegt, að þeir sneru sjer með þá málaleitun til þingsins, úr því að bankar höfðu gefið það svar, að landssjóði stæði næst að veita lánið.

Jeg hefi getið þess, að erfitt sje um kolavinsluna fyrst í stað, svo að ekki muni verða hægt að selja kolin til hreppanna fyr en um áramótin 1918 og 19. En hvar eiga hrepparnir þá að taka eldsneyti? Að vísu er sæmilegt mótak í Dýrafirði. En það er einstaks manns eign, og eigandinn vildi takmarka mótekjuna, af því að hann áleit landsspjöll að henni.

Ef þingið synjar þessari málaleitun, get jeg ekki betur sjeð en hrepparnir verði að leggja niður kolanámið á þessu sumri, vegna fjárskorts, og tel jeg það mjög illa farið. Þá mundi reka að því, að þeir yrðu að fá kol hjá landssjóði, sem jeg býst við að hann yrði að lána. Það gæti ef til vill talist hyggileg aðferð að koma í veg fyrir framtakssemi manna í þessu efni, og verða svo að lána þeim kol síðar fyrir bragðið, en ekki get jeg samt litið svo á. Því að jeg þykist vita, að landssjóður verði að miðla þeim kolum, á 400 kr. smálestina, áður en þeir deyja úr kulda eða jeta hrátt.

Jeg legg því þetta mál undir atkvæði deildarinnar, eins og það nú liggur fyrir. Jeg get ekki gefið fleiri upplýsingar um málið, enda álít jeg þessar nægilegar. Loks vil jeg óska nafnakalls um till.

Bjarni Jónsson: Það getur verið hættulegt og spilt fyrir málinu að standa upp og mæla með till. þessari eftir þennan mikla þingsigur hv. þm. Barð. (H. K.) og 2. þm. Rang. (E. J.). Mjer þykir þó ilt, að hinn ágæti forvígismaður hans, 2. þm. Rang. (E. J.), skuli ekki vera viðstaddur. Hann talaði um, að jeg hefði fundið upp það ráð, til þess að lengja þingið, að koma með till. um lán til gistihússgerðar í Borgarnesi, svo að þm. gætu ekki fyrir bragðið komist þegar heim til búa sinna. En ef jeg hefði vitað, að hv, þm. væru búnir að ráða fullveldismálunum til lykta, mundi jeg hafa skammast mín og setið kyr í sæti mínu. En af því að mjer er ekki kunnugt um, að neitt sje staðráðið í því máli, þá hefi jeg leyft mjer að standa upp og mæla með till. þessari.

Það er ekki alt vit í því fólgið, að byrja að hjálpa þegar komið er í óefni, og það er ekki betra að lána mönnum kol fyrir hundruð þúsunda í vetur heldur en að hlaupa nú undir bagga með þeim, með 35.000 kr. láni, til þess að þeir geti aflað sjer kola sjálfir. Og þó að ómannlega hafi verið tekið samskonar málaleitun úr Strandasýslu, þá ætti það ekki að hafa áhrif á þetta mál. Því að einar 2000 kr. hafa ekki neina þýðingu í þessu efni, en 35.000 kr. geta þó hjálpað til að koma málinu af stað. Og með því að jeg álít rjett, að stjórnin geri alt, sem í hennar valdi stendur, til

að námunni eða áhaldakaupa, að meiri hluti nefndarinnar mundi sætt sig við það. Því að landssjóður stendur sig betur við að gefa um 2000 kr. heldur en að lána stóra fjárupphæð.

Nefndinni var líka kunnugt um, að í Dufansdal og víðar hafa einstakir menn rekið kolanám og ekki dottið í hug að biðja landssjóð um fjárstyrk til námurekstrarins. Þess vegna áleit meiri hluti nefndarinnar, að hlutaðeigandi hreppar gætu rekið kolanámið á líkan hátt, og það því fremur, þar sem flm. (M. Ó.) hefir tekið það fram, að námið sje litlum erfiðleikum bundið og kaupin á kolunum viss og ákveðin fyrirfram.

Hrepparnir ættu því að geta framkvæmt kolanám þetta með dálitlu bráðabirgðaláni, sem þeir fengju t. d. í bönkum. Það, sem aðallega knýr menn til að beiðast lána hjá landssjóði, er, að altaf er farið fram á, að hann veiti lánin með lægri vöxtum en hægt væri að fá þau ella, lægri vöxtum en hann greiðir sjálfur af lánum sínum.

Nefndin reyndi að leita sjer upplýsinga um þetta mál eftir föngum, t. d. hversu langan veg þyrfti að leggja frá námunni o. fl. Fór hún fram á það við flm. (M. Ó.), að hann gæfi þessar upplýsingar; en hann vildi ekki gefa nefndinni neinar upplýsingar.

Ef hæstv. stjórn álítur, að hún geti veitt þetta lán, mundi nefndin ekki setja sig á móti því. En nefndin sá sjer ekki fært að leggja það til, eins og málið nú liggur fyrir.

Hefi jeg svo eigi fleira um málið að segja. Jeg býst við, að till. meiri hluta nefndarinnar mæti andmælum frá þeim, sem vilja koma málinu fram, og er ekkert óeðlilegt við það. Legg jeg svo till. undir úrskurð hv. deildar.

Matthías Ólafsson: Ef nál. þetta hefði verið komið fram á undan fyrri umr. um málið, hefði verið einhver ástæða til, að það væri eins og það er. Þá væri hægt að segja, að engar upplýsingar væru fengnar um málið.

Það var satt, sem frsm. meiri hl. (B. K.) sagði, að hann kom til mín, til þess að fá upplýsingar. En jeg hafði gefið deildinni áður allar nauðsynlegar upplýsingar, og taldi jeg óþarft að endurtaka þær. Ef hann kallar það ekki upplýsingar, þá er ekki unt að gefa neinar upplýsingar um þetta mál. (B. K.: Jeg var þá ekki á fundi). Jeg get ekki gert að því, þó að hv. þm. hafi ekki verið á fundi. Þess mætti þó vænta af honum, að hann, sjálfur framsm., hefði einhverja hugmynd um málið.

Jeg sagði þá, að það þyrfti undir eins að greiða verkafólkinu kaup, reisa hús, gera veg, um ¾ kílómetra langan, og útvega verkfæri.

Hv. frsm. (B. K.) kvað hægt að fá bankalán til þessa fyrirtækis. Það er gott og blessað, því að mjer er þó kunnugt um, að einn úr stjórn Landsbankans vill styðja fyrirtækið. Jeg verð að segja, að eftir þeim skoðunarhætti, sem fram kom snemma á þingi, að mest riði á að bæta úr eldsneytisþörf landsmanna, þá er mönnum vorkunn, þó að þeir fari fram á hjálp við þingið. Aðrar fjárstofnanir, sem leitað hefir verið til, hafa gefið það svar, að landssjóði stæði næst að veita þetta lán, og er það satt. En um vaxtahæðina er það að segja, að landssjóður hefði getað farið fram á 6%.

Nú hagar svo til í námu þessari, að kolatekjan er mjög lítil fyrst í stað, meðan verið er að greiða fyrir náminu síðar, og gerir það enn þá erfiðara fyrir um vinsluna.

bankarnir hefðu tregðast við að lána, en það var ekki af því, að það væri ekki óhætt að lána, en þeir töldu landssjóði það skyldara en sjer, og sjálfir hefðu þeir í mörg horn að líta með peninga. Enda er líka betra fyrir hlutaðeigendur að fá lánið með 5% en þeim kjörum, sem bankarnir bjóða. Enn fremur er það mjög óþægilegt að þurfa að borga svo og svo mikið af láninu aftur þegar á fyrsta ári, áður en nokkuð er komið inn fyrir kolin.

Jeg vona nú, að þeir, sem vilja þessu máli vel, falli frá því að vísa til nefndar og samþykki það nú. Það gæti vel sofnað í nefndinni. Slíkt er ekki eins dæmi.

Annars man jeg ekki betur en að landssjóður hafi áður veitt styrk til kolanáms í Strandasýslu. (G. Sv.: Landssjóður á landið.) Já, landssjóður á landið. Það er mikill munur. Og það er dauðans leiðinlegt, og dálítið önugt fyrir Vestfirði, að landssjóður skuli ekki eiga Botn í Súgandafirði. En þess utan er hjer ekki farið fram á neitt annað en heimild. Ef landssjóður hefir ekki fje, þá skuldbindur hann sig auðvitað ekki til að veita lánið. En það verður strax auðveldara að fá fólk til vinnu, ef það veit, að landssjóður stendur á bak við. (E. J.: En hvernig fer, ef landssjóður lánar ekki?) Jeg er enginn spámaður. En sjái þingið sjer fært að veita heimildina, þá efa jeg varla, að fjeð muni fást. Annars gætu hreppsbúar má ske tekið upp eitthvert annað ráð, t. d. selt námureksturinn í hendur einhverjum „spekúlöntum“ að sunnan.

Skal jeg svo ekki ræða málið frekar, en fel það sanngirni hv. meiri hluta þessarar deildar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: S. S., S. St., Þorl. J., B. St., E. Árna., H. K., J. B., M. P., M. Ó., Ó. B.

nei: P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þór. J., E. J., G. Sv., J. J., M. G.

Átta þm. (B. Sv., B. J., B. K., E. A., J. M., P. J., P, O. og Þorst. J.) voru fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 : 8 atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 545) með öllum gr. atkv.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 6. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 443, n. 459).

Afbrigði leyfð og samþ. um n. 459, er of seint var útbýtt.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Jeg hefi fátt að segja um till. þessa umfram það, sem stendur í nál. meiri hlutans. Þar er það tekið fram, að meiri hluti nefndarinnar sjái sjer ekki fært að mæla með þessari lánveitingu að svo stöddu.

Ástæður nefndarinnar fyrir þessari niðurstöðu eru í fyrsta lagi, að allar skýrslur vantar um það, hvernig til þessa fyrirtækis verði stofnað, og í öðru lagi dregur nefndin í efa, að landssjóður sje fær um að veita fleiri lán. En hins vegar geri jeg ráð fyrir því, að ef farið væri fram á smávegis styrk til vegabótar

hlunnindi, engan surtarbrand og engin kol, svo að brennandi sje, og jefnvel engan mó heldur. Þar hafa menn ekkert að brenna nema áburð sinn, eins og jeg hefi áður bent á, og svo má ske hrís að einhverju litlu leyti. Þess vegna sje jeg ekki ástæðu til, að landssjóður hlaupi undir bagga með hreppum á slíkum stöðum sem þessum. Og ef hreppurinn getur ekki unnið sjer eldsneytið sjálfur, þá er honum innan handar að ná eldsneytinu hjá fjelögum þeim, sem reka kolanám á Vestfjörðum, t. d. í Dufansdal og víðar.

Hvað snertir það, sem hv. flm. (M. Ó) ljet um mælt, að það væri ekki eðlilegt, að hreppurinn leitaði til landssjóðs um lán, þá skal jeg taka það fram, að það er alger misskilningur, sem kom fram í þeim orðum hans. Landssjóður er ekki og á alls ekki að vera lánsstofnun, öðru nær. En það er út úr neyð, að sú regla eða óregla er farin að tíðkast að lána mest úr landssjóði. Jeg held, að hann hafi öðrum hnöppum að hneppa, annað við fje sitt að gera en veita það til lána. Það liggja ekki heldur fyrir neinar skýrslur um það frá þessum hreppum, hvar þeir hafi leitað láns, eða að þeir geti ekki fengið lán annarsstaðar. Hitt verður ekki heldur um deilt, að það að lána með 5% vöxtum eru miklu betri kjör en líkur eru til að landssjóður geti fengið fje með að láni. Og hafi enginn annar viljað lána þetta fje, vegna ónógrar tryggingar, þá er tryggingin ekki meiri eða öruggari, þótt landssjóður eigi í hlut sem lánveitandi.

Jeg get nú í rauninni ekki sjeð, að mál þetta eigi erindi í nefnd. Það er sjálfgefið, að nú líður að þinglausnum. Og þar sem ekki er betur sjeð fyrir fjárhag landsins en hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir oftlega, og að mörgu leyti rjettilega tekið fram, þá virðist ekki ástæða til að verða við slíkri beiðni sem þessari.

Flm. (Matthías Ólafsson): Jeg skal ekki karpa við hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), því að honum verður aldrei sýnt með svo glöggum rökum fram á þann sannleika, að hann þekkir ekki til á Vestfjörðum, að hann viðurkenni það. Hann talaði um að kaupa kol af fjelögum, er vinna kol á Vestfjörðum. Jeg þekki vel til þessara fjelaga, því að jeg hefi keypt kol hjá einu þeirra. Vestfirðingar þekkja of vel kolin hjá þeim, til þess að vilja kaupa þau. Þau eru oftast mjög ljeleg og illa tínd, og auk þess margfalt dýrari en þörf er á. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) nefndi Stálfjallsnámuna. Þar hagar svo til, að skip geta legið þar vikum saman, án þess að ná í einn tunnusekk af kolum, og eru menn löngu orðnir leiðir á að eiga við slíkt. Og yfirleitt býst jeg við, að íbúar hreppa þeirra, sem hjer um ræðir, hafi miklu betra vit á að afla eldsneytis en þessi hv. þm.

En hvað það snertir, að hjer sje farið fram á óvanalega góð kjör, þá vil jeg enn einu sinni neita því. Og það er ekki nema eðlilegt nú, að menn leiti til landssjóðs, er hann hefir tjáð sig vilja hjálpa sveitarfjelögunum í baráttunni við dýrtíðina. Honum er ekki nema skylt að hlaupa undir baggann, ef það er meira en orðin tóm, að hann vilji hjálpa.

Að fara nú að setja málið í nefnd og þannig seinka því, eru banaráð við það.

Jeg veit ekki, hvort þessir hreppar kynnu að geta fengið lán annarsstaðar en jeg veit, að þeir hafa leitað til bankanna. Jeg hefi ekki skrifleg svör frá þeim, en hefði fengið þau og lagt fram, ef jeg hefði vitað, að einhver myndi krefjast þess. Jeg tók það strax fram, að

þó sameiginleg eign allra Íslendinga, og þá allra hreppa landsins. Hv. þm. (G. Sv.) segir, að farið sje fram á óhæfilega góð kjör, 5%. Jeg veit nú ekki til, og efast um, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) viti um það, að landssjóður fái lán með verri kjörum.

Jeg verð nú að segja, að ef neita ætti um lán þetta, þá væri þessum landshluta sýnd sjerstök óbilgirni. Það getur nú vel verið, að mál þetta verði felt, en þá vil jeg segja, að það sje eitt, að jeg vona af fáum, ranglætisverkum, sem þetta þing hefir unnið.

Einar Árnason: Till. mín um að vísa máli þessu til bjargráðanefndar bygði jeg á því, að mál þetta væri helst til lítið undirbúið og flestum ókunnugt um það, Það horfir svo við mjer, að mjer finst til of mikils ætlast, ef þm. eiga að greiða atkv. með málinu, eins og það liggur nú fyrir. Mjer fanst það frekar greiði við málið að vísa því til nefndar, til þess að það geti fengið þar nauðsynlegan undirbúning. En fari svo, að felt verði að vísa málinu til nefndar, þá sje jeg mjer ekki fært að greiða atkv. með því.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi ef til vill sagt of lítið áðan. Mál þetta hefir þegar verið í bjargráðanefnd. Þótt þar heyrðust svipaðar raddir og hjer hafa nú kveðið við um hríð, þá heyrði jeg þó suma vera því hlynta. Jeg get ekki sagt, hvað hv. bjargráðanefnd muni gera við málið. En jeg er heldur með því, að þetta lán sje veitt. Og því verð jeg að mótmæla, að Vestfirðingar sjeu nokkuð áleitnari í umsóknum til þingsins en aðrir. Jeg bjóst heldur við, að það yrði sagt þeim til lofs, að þeir hefðu lítið leitað til þingsins um fjárveitingar. Þeir leita nú ekki neinnar fjárveitingar, en fara að eins fram á lán. Getur vel verið, að þeir fái það ekki, en þá nær það ekki lengra. En þeir skuldbinda sig til að borga lánið alt á vissum tíma, og það get jeg ekki kallað áleitni, er öll önnur sund eru lokuð. Og ekki er nema eðlilegt, að þeir leiti til landssjóðs, eins og nú er komið. Þeir, sem segja, að auðvelt sje að vinna kol á Vestfjörðum, tala svo af ókunnugleik. Jeg held, að óvíða sje verra aðstöðu. Það var alveg rjett lýsing, sem hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) gaf á afstöðu þessara mókolalaga á Vestfjörðum, og tek jeg undir það, sem hann mælti þar um. Jeg líka lýst yfir því, að þessi kol eru með skárri mókolum vestra.

Jeg vil nú heldur, að málinu sje vísað til bjargráðanefndar, en að það sje felt þegar í stað. En tíminn er orðinn naumur, og gæti það orðið til þess, að málið dæi út, en það álít jeg ekki rjett.

Gísli Sveinsson: Jeg hefi litlu við það að bæta, sem jeg hefi áður sagt. Að eins vildi jeg benda á, að síðustu ummæli hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hafa varla við rök að styðjast, því að honum hlýtur þó að vera kunnugt, að nýlega hefir verið samþykt hjer í þinginu að veita einum hreppi á Vestfjörðum allstórt lán (S. St: Já). Hann hefir þá sýnilega ekki meint það, sem hann sagði um þetta atriði.

Í öðru lagi þarf ekki um það að þrátta, að á Vestfjörðum er einna mest af kolum og surtarbrandi á öllu landinu, og þar eru þau einna best. Þetta verð jeg að segja að sje hlunnindi, sem þessi landshluti hefir fram yfir flesta aðra á þessu landi. Sumir landshlutar eru svo settir, að þeir hafa engin slík

að eins til að tefja fyrir framgangi málsins að vísa því til nefndar, er svo áliðið er þingtimans.

Gísli Sveinsson: Af því að mjer heyrðist það vera till. hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að máli þessu væri vísað í fjárhagsnefnd (S. St.: Svo var ekki.), vildi jeg segja nokkur orð. Mín vegna má málið gjarnan fara nefndarlaust. En ef því er vísað til nefndar, þá er það auðvitað frá sjónarmiði hv. flm. (M. Ó.) bjargráðamál, þótt í sjer feli fjárhagsatriði. En jeg vil að eins geta þess, að ef svo færi, að málinu verði ekki vísað í nefnd, þá mun jeg, og fleiri að því er jeg hygg, ekki geta greitt því atkvæði. Jeg vil að eins geta þess til viðbótar, að mjer virðist Vestfjarðahrepparnir teknir að gerast nokkuð áleitnir í umsóknum sínum um lán til landssjóðsins. Það hefir nú komið fram áður hjer á þinginu, að það kvæði nokkuð mikið að þessari áleitni, enda þótt málaleitanir þeirra hafi verið teknar til greina, þrátt fyrir þá röskun á hlutfallinu milli þessa landshluta og annara, sem af þessu hefir leitt. En þegar svo í viðbót er tekið tillit til þess, að þessi hluti landsins stendur líklega allra best að vígi með að afla eldsneytis alveg hjá sjer, kola eða surtarbrands, þá sje jeg ekki, að ástæða sje til að veita búandmönnum þar vestra sjerstök vilkjör í þeim efnum, framar öðrum landslýð. Væri miklu fremur ástæða til að veita slíkan styrk hjeruðum, þar sem menn hafa enga von eldsneytis, nema brenna áburði sínum. Væri miklu skyldara að veita styrk bændum á slíkum stöðum, til þess að flytja að sjer eldsneyti, svo að þeir taki það ekki hjá sjálfum sjer, til stórskaða fyrir framleiðsluna, en margir líta eðlilega svo á mikla brenslu áburðarins. Þessi till. fer líka fram á alveg sjerstök vilkjör, 5% vexti, og það þótt enginn viti, hvar landssjóður á að taka fje, og enda þótt hann verði að sæta miklu verri kjörum í öflun síns fjár.

Flm. (Matthías Ólafsson): Jeg veit ekki, hvaðan hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) kemur sú viska, að það sje sjerlega þægilegt að afla eldsneytis á Vestfjörðum. (G. Sv.: Það er öllum vitanlegt, að þar eru kol unnvörpum). Það væri heppilegt, að þessi hv. þm. (G. Sv.) væri kostaður vestur á fjörðu til þess að rannsaka kolalög, þótt hann hafi ekkert sjerstakt námavit. Hann mundi þá sjálfur kynnast staðháttum og væntanlega líta öðrum augum á kolavinsluskilyrðin þar. Það er að eins á örfáum stöðum þar, sem hægt getur talist aðstöðu. Víða eru kolalög þar framan í flugabjörgum, örþunn lög, sem enginn kemst að, nema einstöku sinnum sjávarleiðina, þegar best og blíðast er, og er ekki að tala um verulega kolatöku á slíkum stöðum. Það er hrein hending, að námar sjeu á heppilegum, aðgengilegum stað. Og þessi staður er einn af fáum. Það er því langt frá því, að Vestfirðir sjeu betur settir öðrum landshlutum að þessu leyti.

Jeg get nú naumast skilið, að til þess sje að ætlast, að menn þeir, er fara heiman frá sjer til að vinna kol, geti legið úti, og verður því að sjá þeim fyrir húsnæði og auðvitað vinnukaupi. Verða þeir og að vera talsvert margir, ef mikið á að taka upp.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) segir, að það fari mikið í vöxt, að hreppar landsins, og þá einkum á Vestfjörðum, leiti til landssjóðs um lán. Hvert eiga þeir að leita annað en til landssjóðs? Hann er

20%, af þeim næstu 15% og af þriðju 300 smál. að eins 10%. En ef þeir taka upp meira en 600 smál., fellur gjaldið af fyrstu 300 smál. strax niður í 15%. En nú er óhjákvæmilegt að byggja hús á staðnum, bæði yfir verkafólk og til geymslu áhalda. Enn fremur þarf að leggja akveg frá námunni til sjávar, svo sem 1 km., borga verkafólki o. s. frv. En til þessa þarf fje í bili, þar til er kolin verða borguð, sem ekki getur orðið fyr en veturinn 1918—19.

Þessi náma er nú talin einhver hin besta kolanáma vestra. Kolin geta heitið góð, eins og hv. þm. hafa getað sjeð á sýnishorni því, sem jeg hefi haft hjer við hendina. Mun það sýnishorn ekki vera neitt úrval, heldur vera tekið úr kolunum af handahófi, eins og þau koma fyrir. Menn hafa nú áður reynt kolin úr Dufansdal og Þernudal í Arnarfirði, og er mjer sjálfum kunnugt um það, að þau hafa reynst alveg ónýt, alls ekki kol, heldur eins konar steinn, sem logar á að vísu, en getur þó ekki brunnið.

Nú hafa viðkomandi hreppar leitað til bankanna til þess að fá lán, en ætluðu sjer ekki að leita landssjóðs. En bankarnir hafa verið tregir, þóst lítið fje hafa aflögu, en mikið fje útistandandi, sem þeir búist ekki við að fá bráðlega, og í öðru lagi telja þeir sjer ekki skylt að lána til slíkra fyrirtækja, en telja það miklu fremur skyldu landssjóðs, og er nokkuð til í því. Nú hafði hreppsbúum skilist, að á meðal annara ráðstafana, sem þingið vildi gera út af stríðinu, væri sú ein, að afla sem flestum landsmönnum á sem auðveldastan hátt eldsneytis. Nú eru þarna margir menn, eins og jeg hefi tekið fram. Var mjer svo, sem þingmanni kjördæmisins, sent skeyti frá hreppunum um þetta og farið fram á 50,000 kr. lán. En eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið síðan, mundi það geta nægt, sem hjer er farið fram á. Jeg býst sem sje við, að strax í sept. eða október muni fást talsvert fje frá þeim, er þurfa kolanna.

Jeg get nú ekki sjeð ástæðu til að halda um þetta mál langar eða mærðarfullar ræður, því að þetta mál liggur svo opið fyrir. Ef mennirnir verða að hætta við kolanámið vegna fjeleysis, verða þeir ekki einungis að gjalda eiganda námunnar skaðabætur, heldur verða þeir og að vera án eldsneytisins, því að nú er þegar of seint að gera ráðstafanir til þess að fá mó, og sumstaðar ókleift að ná honum. Jeg býst ekki við, að lögin um mótak verði komin í gildi, en veit, að mótak, t. d. nálægt Þingeyri er ekki fáanlegt, því að eigendur vilja ekki láta landið.

Vænti jeg því, að hv. deild líti á nauðsyn þessara hreppa og verði við tilmælum þessum.

Hvað snertir borgun lánsins, þá er farið fram á, að lánið sje veitt til 5 ára afborgunarlaust fyrsta árið, að sjálfsögðu með þeim skilyrðum, er landssjóður venjulega setur, sem sje ábyrgð sýslufjelagsins. Mun sú ábyrgð þegar fengin.

Einar Árnason: Jeg vil að eins leggja til, að máli þessu sje vísað til bjargráðanefndar að umr. lokinni.

Sigurður Stefánsson: Það hefir komið til tals að vísa máli þessu í bjargráðanefnd, en það virðist þó eiga betur heima í fjárhagsnefnd, þar sem um lán úr landssjóði er að ræða. Annars er það

eðlilegri leið að gera skóla þennan að nokkurskonar deild úr barnaskólanum. Þess er og full þörf, og er meira að segja við búið, að bæta þurfi við fleiri deildum, því eftir því, sem bærinn stækkar, verður það óþægilegra að hafa barnaskólann allan á sama stað. En hefði nú skóli þessi verið ein deild af barnaskólanum, þá hefði auðvitað enginn haft á móti því, að menn þessir hlytu uppbót eins og aðrir kennarar barnaskólans.

Annars viljum við ekki gera þetta að neinu kappsmáli, en leggjum það alveg á vald deildarinnar.

Frsm. minni hl. (Kristinn Daníelsson): Hv. frsm. meiri hl. (E. P.) sagði, að skóli þessi hefði ekki fengið neinn styrk úr landssjóði, og því gæti ekki verið um neina uppbót að ræða.

Jeg sýndi þó fram á, að svo væri í raun og veru, og skil jeg ekki, að hv. þm. (E. P.) skuli ganga fram hjá röksemdum mínum. Það má að eins kalla tilviljun, að bæjarsjóður hefir stilað þannig miðlun sína af styrknum, að formið er ekki fullkomið fyrir því.

Hann sagði líka, að þingið hefði ekki vilja styrkja skólann, og mun það rjett, að það hefir ekki fallist á að veita honum sjerstaklega styrk á sitt nafn, þar sem það veitir styrk til skólahalds í kaupstöðum, sem nær og til þessa skóla. Hann hefir getið sjer besta orð og fengið almenna viðurkenningu, og finst mjer æði hart að láta kennara gjalda þess, að þeir hafa ráðist til kenslu við þennan skóla, þótt einhverja agnúa megi finna á forminu.

Jeg tel ekki þýða að bæta hjer meiru við, en legg málið á vald deildarinnar.

ATKVGR.

Till. **feld** með 9 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. E., G. G., H. Sn., K. D.
nei: M. T., S. J., S. F., E. P., G. Ó., H. St., K. E., M. K., G. B.

Einn þm. (Jóh. Jóh.) fjarstaddur.

---

7. Lán til kolanáms í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að veita Þingeyrar-, Mosvalla- og Suðureyrarhreppum í Vestur-Ísafjarðarsýslu alt að 35000 kr. til kolanáms (A. 443).

Á 63. fundi í Nd., fimtudaginn 4. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Matthías Ólafsson): Það stendur svo á þessu máli, að þessir hreppar, sem hjer um ræðir, hafa tekið mókolanámu í Botni í Súgandafirði til leigu í næstu 3 ár. Í þessum hreppum eru þrjú einhver stærstu kauptún á Vesturlandi, hvert með 3—400 íbúa, og ekkert mótak í nánd við þorpin, og víða ókleift að ná í mó til eldsneytis þar nálægt. Íbúum þessara hreppa hefir því virst, eftir því sem kolanám hefir gengið í Súgandafirði, að það mundi auðveldust eldsneytisöflun fyrir sig að taka þar upp kol. Hafa þeir svo komist að samningum við eiganda námunnar, með tiltölulega hagfeldum kjörum. Eiga þeir að gjalda honum af fyrstu 300 smál.

legt fyrir báða aðilja að vísa til þess. Það sýnir, að nefndin hefir að vísu ekki getað orðið samferða í málinu, þar sem tveir nefndarmenn litu svo á, að ákvæði laganna um kennara við fasta skóla, sem eiga kröfu til uppbótar, næði ekki til þessa skóla. Skírskota jeg um það til þess, sem jeg hefi sagt í nál., að skóli þessi hefir þá viðurkenningu, sem lög nr. 37, 30. júli 1909, mæla fyrir, og má því teljast fastur skóli.

Jeg vil að öðru leyti að eins bæta því við það, sem stendur í nál., að jeg hygg einnig verða að líta svo á, að skólinn hafi haft styrk úr landssjóði hingað til, því að í fjárlögunum eru veittar 30.000 kr. til skóla; þar af 10,000 kr. til kaupstaðaskóla. Nú hefir það að vísu komið svo út, að styrkur sá, sem þessi skóli hefir haft, væri úr bæjarsjóði, en hann hefir fengið hann vitanlega vegna þess, að landssjóður styrkti skólahald bæjarins, svo að styrkurinn til þessa skóla er í raun og veru ekki annað en hluti úr landssjóðsstyrknum.

Jeg held, að hv. stjórn hafi ekki þótt ósanngjarnt að greiða þá dýrtíðaruppbót til skólans, sem hjer er farið fram á, en taldi sig þó þurfa að fá samþykki þingsins til þess, og þess vegna er þingsályktunartill. þessi líka fram komin. Hv. Nd. samþ. till., og jeg vona, að hv. Ed. standi henni ekki að baki í því að veita samþykki sitt sanngirnismálum þeim, sem fyrir þingið koma og jeg tel þessa till. vera.

Frsm. meiri hl. (Eggert Pálsson): Eins og háttv. þingdeildarmenn sjá, þá er svo skýr stefnumunur milli meiri og minni hl. nefndarinnar, að öllum má ljóst vera. Jeg get tekið það fram, að frá okkar hálfu, meiri hl. manna, er ekki minsti snefill af kappi um málið, og eins mun vera um hv. minni hl. nefndarinnar. Aðalmunurinn liggur í því, sem hv. frsm minni hl. (K. D.) mintist á; hann álítur, að skólinn sje í eðli sínu styrkþegi landssjóðs, líkt og aðrir fastaskólar, sem styrkur er veittur, en meiri hl. álítur, að svo sje ekki og hafi ekki verið á síðustu fjárhagstímabilum. Það hefir að vísu sjerstaklega verið farið fram á styrk úr landssjóði handa þessum skóla, en ekki tekist að fá hann, enda er hans hvergi getið í fjárlögunum. Og þar sem nú svo er ástatt, að skóli þessi hefir ekki fengið neinn fjárstyrk beint úr landssjóði, þá getur ekki um neina uppbót frá landssjóði verið að ræða honum til handa, því uppbætur geta ekki komið til greina nema þar, sem eitthvað er til að bæta upp.

Það er vikið að því í nál., að þetta geti skapað varhugavert fordæmi, og jeg hygg, að þar sje ekki rangt á litið.

Það getur vel hugsast, að svipað fyrirkomulag komist á víðar, að hreppsnefndir sletti einhverjum smástyrk í svipaðan skóla, til þess að hann komist svo inn í landssjóð að slíkum bakdyrum sem þessum, er hv. minni hl. vill opna.

Því er að vísu haldið fram af háttv. minni hl., að slíkir skólar þurfi að hafa reglugerð, samþykta af fræðslumálastjóra, en jeg sje ekki, að hann mundi hafa neitt á móti því að samþykkja þær reglugerðir, og það því síður er hann sæi, að með því væri vegur til þess að ná í meira fje til fræðslumála.

Aftur á móti vil jeg geta þess, að við vorkennum mönnum þeim, sem hjer er um að ræða, engu síður en minni hl., og það er ekki styrksins vegna, að við leggjumst á móti þessu, heldur af því, að við lítum svo á, að hjer sjeu ekki farnar rjettar leiðir.

Við álítum, að það hefði verið miklu

þeirri von, að hv. deild láti þennan skóla njóta sama styrks sem aðra skóla.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með öllum gr. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með öllum greiddum atkv.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 243).

Flm. (Björn Kristjánsson): Jeg hefi engu við að bæta það, sem jeg sagði við fyrri umr. þessa máls. Jeg vona, að hv. deild taki málinu eins hlýlega og leit út fyrir að hún gerði þá.

ATKVGR.
Till. samþ. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. M., J. B., P. J., P. Þ., S. St., Þorl. J., Þorst. J.
nei: J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þór. J., B. Sv., Ó. B.

Tveir þm. (B. J. og E. J.) fjarstaddir.
Till. afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 3. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót handa barna- og lýðskólanum í Bergstaðastræti í Reykjavík,

eins og hún var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 297).

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Halldór Steinsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að máli þessu verði vísað til fjárveitinganefndar, að þessari umr. lokinni.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að till. verði vísað til mentamálanefndar til yfirvegunar, að umr. lokinni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 536) með 7 : 2 atkv.

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 26. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 297, n. 396).

Guðmundur Ólafsson: Jeg vildi biðja hæstv. forseta að taka mál þetta út af dagskrá, þar sem nefndin hefir ekki getað komið sjer saman um það, og frsm. meiri hl. hennar (E. P.) er ekki viðstaddur.

Forseti: Samkvæmt tilmælum frá einum hv. þm. (G. Ó.) er málið tekið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., föstudaginn 28. júní, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 297, n. 396).

Frsm. minni hl. (Kristinn Daníelsson): Þó að nál. á þgskj. 396 sje stutt, þá er óþarfi að vera langorður og nægi-

verið um það að ræða að borga skólum dýrtíðaruppbót, því einungis sje þar talað um embættismenn og sýslunarmenn landssjóðs. En svo er þessi fyrirsögn til komin, að stjórnin ætlaðist ekki til þess, þegar hún bjó til frumvarpið, að aðrir fengju dýrtíðaruppbót en þeir, sem stæðu í beinni þjónustu landssjóðs. En svo breytti þingið frumvarpinu og bætti öðrum mönnum inn, svo sem barnakennurunum, en fyrirsögninni var ekki breytt. Fyrirsögnin segir því ekki til þess, hverjir skuli fá dýrtíðaruppbót, en lögin verða að segja til þess sjálf.

Áður en jeg tala um hina ástæðuna vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp 6. liðinn í 1. grein laganna. Hann hljóðar svo:

„Öllum föstum kennurum við fasta skóla, jafnvel þótt þeir falli eigi undir neinn hinna framantöldu flokka, ef kensla verður að teljast aðalstarf þeirra, svo og stundakennurum landsskólanna."

Jeg hefi heyrt lögfræðing skýra þetta á þann veg, að „fastir skólar" væru ekki aðrir en skólar landssjóðs. En þeir skólar væru ekki „fastir", er komið væri undir geðþótta skólastjóra, hvort lagðir væru niður.

Þetta væri eðlilegur skilningur, og jeg gæti vel fallist á hann, ef honum hefði verið fylgt frá upphafi. En nú hefir það ekki verið gert. Aðrir skólar hafa fengið dýrtíðarstyrk, bæði Hvítárbakkaskólinn, skólinn að Núpi og Hvammstangaskólinn.

Þar sem þessum skilningi hefir ekki verið fylgt, kemur hann ekki heldur til greina hjer. En úr því sje jeg ekki annað en að skólum beri dýrtíðarstyrkur.

Annars ætla jeg ekki að gera það að kappsmáli, hvernig lögin eru skilin, heldur hitt, að skólinn fái styrkinn og að þingið líti þeim sanngirnisaugum á þetta mál.

Skóli þessi hefir nú starfað sem fastur skóli síðan 1904 og aldrei lagst niður. 2. apríl 1910 veitti stjórnarráðið honum, eftir tillögum fræðslumálastjóra, allsherjarviðurkenningu, samkv. lögum nr. 37, 30. júlí 1909. Er hann hinn eini skóli hjer á landi, sem hlotið hefir þessa viðurkenningu, auk barnaskólans í Landakoti. — Reglugerð skólans er staðfest af stjórnarráðinu 31. mars 1910.

Jeg vil enn fremur benda á, að þótt dýrtíðarstyrkur þessi verði veittur, hefir það engin eftirköst. Enginn skóli annar á jafnmikinn rjett á styrk. Það er öllum kunnugt, að skólastjórinn hefir haldið skólanum uppi í vetur með vanalegu fyrirkomulagi, þrátt fyrir dýrtíðina. Auðvitað var skólinn honum til byrði, en hann vildi ekki láta það koma fyrir, að skólinn legðist niður. Það er og kunnugt, að skólastjóri er ágætur kennari og stjórnari, enda hafa nemendur hans viðurkent það í verki.

Upphæðin, sem um er að ræða, er að eins kr. 1090.00, sem sje uppbót af launum tveggja kennara kr. 1020.00, og fyrir eitt barn kr. 70.00.

Þetta munar landssjóð ekki mikið um, en fátækan mann mikið.

Við flm. till. væntum því þess, að deildin taki þessu vel og sje svo sanngjörn að veita styrkinn.

Af því að umsóknin hefir legið fyrir fjárveitinganefndum beggja deilda, og þær munu málinu hlyntar, sje jeg ekki ástæðu til, að því sje vísað í nokkra nefnd, að svo komnu. En kjósi hv. deild það heldur, mun jeg ekki hafa neitt á móti því,

Læt jeg svo útrætt um þetta mál, í

láta sig neinu muna slíka smámuni. En hins vegar vil jeg ekki láta hann drepa hina báða, heldur vildi jeg, að einhver kæmi með brtt. um að slátra honum einum.

Jeg vænti, að stjórnin gefi mjer svar um, hvort till. sje nauðsynleg.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi lýsa yfir því, að jeg neitaði að veita uppbót þessa, því að jeg áleit það ekki heimilt samkvæmt núgildandi dýrtíðarlögum. Ef till. verður ekki samþykt, geta menn þessir ekki fengið neina dýrtíðaruppbót.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Þá vil jeg leyfa mjer að biðja hv. deild að samþykkja till. Báðir höf. eru byrjaðir á orðabókarstarfinu. Síra Jóhannes Lynge Jóhannsson fær litla uppbót sem prestur frá nýári til fardaga, og stjórnin mun sjá um, að honum verði ekki goldið meira en heimilað er í lögunum. Hann hefir nú sagt af sjer prestskap og annar prestur verið kosinn í hans stað, og hefir fengið sjer húsnæði hjer í bænum og flytur hingað bráðlega, til þess að vinna að orðabókinni.

Tillgr. f e l d með 12 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: J. B., M. G., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. A., G. Sv.

nei: M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., E. Árna., E. J., J. J., Ó. B.

Sex þingm. (B. K., B. St., H. K., J. M., P. Þ. og Þór. J.) fjarstaddir.

---

6. Dýrtíðaruppbót handa skólanum í Bergstaðastræti.

Á 34. fundi í Nd. miðvikudaginn 29. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót handa barna- og lýðskólanum í Bergstaðstræti í Reykjavík (A. 243).

Á 35. fundi í Nd., fimudaginn 30. maí, var tillagan tekin til f y r r i u m r.

Flm. (Björn Kristjánsson): Við flm. höfum leyft okkur að koma fram með þessa tillögu eftir ósk skólastjórans. Hann hafði, eins og fleiri, sótt um að fá dýrtíðaruppbót eftir lögunum, sem samþykt voru á þinginu í fyrra. En stjórnin var í vafa um, hvort skilja ætti lögin svo, að þessum skóla bæri dýrtíðaruppbót. Samt lofaði stjórnin að beina því til þingsins. Var hún nærri því að telja skóla þessum bera dýrtíðaruppbót samkvæmt lögunum.

Á hinn bóginn var ekki hægt annað að sjá og heyra en að háttv. fjárveitinganefnd væri með því, að skólinn fái dýrtíðaruppbót, enda er hann eini skólinn, sem hlotið hefir allsherjarviðurkenningu stjórnarráðsins, fyrir utan Landakotsskólann, og ekki fær dýrtíðaruppbót. Eftir að hafa grandskoðað lögin get jeg ekki annað sjeð en að rjett sje að greiða þessa dýrtíðaruppbót samkvæmt þeim. Þó skal jeg ekki fullyrða, að ekki sje með þessi lög eins og öll önnur, að þau hafi tog. Jeg veit, að lögfræðingar benda á fyrirsögn laganna og segja, að samkvæmt henni geti ekki

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23. maí, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg býst ekki við að þurfa að eyða mörgum orðum, tillögu þessari til meðmæla. Það er sjálfsagt, að þessum mönnum sje gert jafnhátt undir höfði sem öðrum, er vinna í landsins þágu fyrir ákveðið kaup. Þó að menn þessir sjeu ekki embættismenn, eru þeir ráðnir til þessa ákveðna starfa, er endist þeim lífstíð, og geta ekki haft önnur störf með höndum.

Það liggur í augum uppi, að verðfall peninga kemur engu síður hart niður á þeim en öðrum starfsmönnum landsins, þar sem öðrum er ákveðið að eins 3000 og hinum 2400 kr. árskaup. Minni hluti fjárveitinganefndar hefir því lagt til, að þeim yrði veitt hallærisuppbót, eftir sömu reglu og öðrum starfsmönnum landssjóðs. Það er ekki af því, að minni hlutinn sæi þess ekki þörf, að hann fór ekki fram á hærri uppbót, en hann þóttist sjá, að það mundi ekki bera neinn árangur.

Dr. Björn Bjarnason hefir átt um mörg ár við heilsuleysi að stríða og orðið að dvelja langvistum erlendis, til þess að ná aftur heilsunni. Hann hefir nú, sem betur fer, fengið bata, en geta má nærri, hvort þetta áfall hefir ekki komið við efni fátæks manns. Það er þess vegna eigi ófyrirsynju, að honum sje veit þessi litla uppbót á launum sínum.

Hinn maðurinn er fátækur barnamaður, sem sagt hefir af sjer embætti og flyst hingað til bæjarins í vor, til þess að takast á hendur þetta verk. Munu honum skamt hrökkva þessar 2400 kr., og hygg jeg, að menn finni, að öll sanngirni mælir með því, að honum sje veitt þessi uppbót.

Þriðji maðurinn er ungur maður, er Alþingi ákvað styrk til þess að vinna að orðabókinni, og verður sennilega fastur starfsmaður við það verk framvegis. Og fæ jeg ekki betur sjeð en honum beri þessi uppbót, sem öðrum starfsmönnum landssjóðs.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að vera samdóma hv. frsm. (B. J.) um, að rjett sje, að þessir tveir föstu starfsmenn njóti dýrtíðaruppbótar, eins og aðrir starfsmenn landsins. Um það verður varla deilt, að þarna hafa menn þessir fengið starf, sem þeir munu gera að lífsstarfi sínu, og mun ætlast til, að þeir hafi eigi önnur störf á hendi. Þeir hafa þess vegna fullan rjett til dýrtíðaruppbótar, sem aðrir starfsmenn landsins.

En jeg get ekki verið hv. frsm. (B. J.) sammála um, að sama máli gegni um þriðja manninn. Hann nýtur að eins ákveðins styrks til aukavinnu við þetta starf. Annars er þetta ekki mikilvægt atriði, en jeg vildi samt skjóta því fram, hvort eigi fyndist ástæða til að sleppa honum, en láta hina hafa uppbót. Það er vitanlegt, að annar þeirra hefir slept embætti til þess að takast þennan starfa á hendur, og 3000 og 2400 kr. eru ekki svo há laun, að ekki sje ástæða til að bæta þau upp.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg gleymdi að spyrja stjórnina, hvort hún sæi sjer fært að veita uppbót þessa eftir lögunum. Því að ef svo væri, væri till. óþörf, og mundi jeg þá taka hana aftur. En jeg hjelt að hún væri nauðsynleg.

Jeg tók þriðja manninn með, af því að jeg hugði, að hv. deild mundi ekki

engin ný bóla, þótt hv. þm. Dala (B. J.) vilji tala jafnoft og allir aðrir samanlagt.

Forseti: Það mun hafa verið föst venja, að framsm. hefir verið leyft að gera stutta athugasemd, hafi þeim verið gefin ástæða til þess, þótt þeir hafi áður talað þrisvar. Og í samræmi við það spurði jeg einn þeirra háttv. þm., sem óskað hafa, að umræðum sje slitið, hvort þeir vildu meina framsögumanni þetta. Kvað hann nei við, og leyfði jeg því hv. frsm. (G. Sv.) að gera stutta athugasemd. Annars er þetta mál útkljáð.

Till. um að slíta umr. tafarlaust var samþ. með 14 : 4 atkv.

ATKVGR.

Um hina rökstuddu dagskrá frá þm. S.-Þ. (P. J.) höfðu þessir þm. óskað nafnakalls: M. P., P. O., Þór. J., S. St., M. G., E. A., G. Sv.

Rökstudda dagskráin frá þm. S.-Þ., P. J., (sjá A. 214) feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: B. J., E. Árna., H. K., J. B., M. Ó., P. J., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv.
nei: E. A., E. J., G. Sv., J. J., M. G., M. P., P. O., S. S., S. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

B. K. og J. M. greiddu ekki atkv.
Einn þm. (B. St.) fjarstaddur.

Brtt. þm. Stranda., M. P., (sjá A. 215) við rökstuddu dagskrána frá þm. A.-Sk. (Þorl. J.) feld með 25 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: E. A., E. J., G. Sv., J. J., M. P., S. S., S. St., Þór. J.
nei: E. Árna., H. K., J. B., M. G., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., Ó. B.

B. K. og J. M. greiddu ekki atkv.
Einn þm. (B. St.) fjarstaddur.

Rökstudda dagskráin frá þm. A.-Sk., Þorl. J., (sjá A. 216) samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. J., M. Ó., P. J., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. Árna., E. J., H. K., Ó. B.
nei: J. B., M. G., M. P., P. O., S. S., S. St., Þór. J., E. A., G. Sv.

B. K. og J. M. greiddu ekki atkv.
Einn þm. (B. St.) fjarstaddur.

Tillagan því talin

f a l l i n.

5. Harðærisuppbót handa orðabókarhöfundunum.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um harðærisuppbót handa orðabókarhöfundunum (A. 147).

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. maí, var till. tekin til f y r r i u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

þm. N.-Þ. (B. Sv.) og þeir aðrir varnarmenn stjórnarinnar, er talað hafa frá sjónarmiði þingeysku samábyrgðarinnar, skuli einmitt taka ljelegustu dæmin til samanburðar. Og af því að þessi ljelegu dæmi, m. a. mótekjan í Reykjavík, hafa mishepnast, þó ekki sje nema fyrst í stað, þá á ráðlag stjórnarinnar í þessu máli að vera gott og gilt. Frá siðferðislegu sjónarmiði er engin bót í máli, þótt sýnt verði fram á, að fleira hafi mishepnast, eða jafnvel verið í sukki. Þess vegna sannar samanburðurinn við t. d. mótekjuna í Reykjavík ekki neitt. Hún var í eðli sínu að eins sumarvinna, og mikil áhersla var á það lögð að undirbúa sem best undir næsta sumar og næstu tíma. (**Atvinnumálaráðherra:** Það var einmitt gert í Tjörnesnámunni). Nei, það var einmitt vanrækt. Ef menn vildu leiða verkamenn og verkstjóra námunnar sem vitni, myndi það koma í ljós, að ekkert var búið undir vetrarvinnuna, enda var hún eigi ákveðin fyr en svo seint, að alt varð í óreiðu.

Hæstv. atvinnumálastjórn og verjendur hennar telja tillögu nefndarinnar fara einungis fram á það, sem stjórnin sje að gera eða ætli að gera. Það er þá óskiljanlegt, að þeir skuli leggjast fast á móti till., fari hún í sömu átt sem stjórnin nú á síðustu og elleftu stundu hefir ákveðið að framkvæma. Og því einkennilegra er það, sem þeir viðurkenna, að þessar framkvæmdir sjeu í samræmi við tillögur vegamálastjóra.

Loks vil jeg geta þess fyrir hönd nefndarinnar, að hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), sem á sæti í henni, hreyfði alls ekki í nefndinni þeim athugas., sem hann gerði hjer í hv. deild í gær. Hann gerði aths. við tillöguna, eins og hún var orðuð fyrst. Var henni þá breytt samkvæmt ósk hans og annara, og síðan hreyfði hann engum athugasemdum við hana. Sama máli er að gegna um skýrsluna. Við hana gerði hann engar athugasemdir, enda verður eigi sjeð, hvernig hann hefði átt að hreyfa athugasemdum við óvefengjanlega skýrslu, sem er bygð á því einu, sem upplýst er í málinu.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þykir þetta alleinkennileg „stutt athugasemd". Reyndar rennur yfir alla bakka, þegar haldnar eru margra daga umræður, og síðan er gerð „stutt athugasemd" sem þessi.

Jeg vil leiðrjetta misskilning á þeim orðum mínum, er jeg sagðist ekki mundu taka á móti tillögu sem þessari. Jeg átti við, að jeg myndi tafarlaust láta hætta verkinu, ef till. yrði samþykt, því þannig skildi jeg tillöguna.

Bjarni Jónsson: Samkvæmt þingsköpum hefir framsm. leyfi til að tala þrisvar í máli hverju, en aðrir þingm. tvisvar. Hv. framsm. (G. Sv.) hafði þegar talað þrisvar, og nú hefir honum verið leyft að taka til máls í 4. sinn. Þykir mjer því rjettur okkar þingm., sem beðist höfum hljóðs, fyrir borð borinn, ef við fáum ekki að taka til máls í 2. sinn. Jeg fæ ekki sjeð, að hv. framsm. (G. Sv.) hafi meiri heimild til þess að halda 4 ræður heldur en jeg og aðrir 2.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Hjer er orðakast milli þingnefndar og stjórnar. Stjórnin hefir ótakmarkaðan rjett til þess að taka til máls, og þar sem í henni eiga sæti 3 menn, sem allir mega tala eins oft og þeir æskja, virðist ekki ósanngjarnt, þótt rjettur nefndarinnar eða framsögumanns hennar til andsvara sje lítið eitt rýmkaður. Annars er það

er hann ber öðrum á brýn; hann blandar sjálfur saman óskyldum efnum. Hæstv. forsætisráðherra talaði um það í gær, að nefndin, fjárhagsnefndin, sem jeg er framsögumaður fyrir, leggist með till. sínum og röksemdum á móti þeirri stefnu að nota sem best það, er landið getur látið í tje. Í þessu er engin hæfa, og vil jeg leyfa mjer að mótmæla því fyrir hönd nefndarinnar. Hann lagði og áherslu á það, að það væru óskyld mál, aðfinslur nefndarinnar við stjórnina og stefna sú, sem nefndin vildi hafa. En þetta er svo skylt, að ekki verður sundur skilið. Mönnum ber saman um, að rekstur námunnar hafi farið í handaskolum. Ef að eins ætti að lýsa því, en ekki gera ráðstafanir gegn því, að svo kynni að fara framvegis, þá hlypi þingið frá skyldu sinni. Því ef eitthvað þykir fara illa, þá er það skynsamleg afleiðing að gera ráðstafanir til þess, að því verði hagað betur eftirleiðis.

Þó að hæstvirtur forsætisráðherra þættist tala um málið alment, þá mun þó flestum hafa virst hann tala um einstök atriði þess. Þó vill hann eigi bera blak af stjórninni fyrir ráðsmensku hennar í þessu máli; hefir honum þótt öðrum það skyldara. Hann gat og þess, hvað hann myndi gera, ef á sig yrði samþykt till. sem þessi. Á þetta líklega að vera bending til atvinnumálastjórnarinnar, hvað henni sje fyrir bestu.

Hæstvirtum forsætisráðherra óx fæðiskostnaðurinn eigi svo mjög í augum. Kvað hann fæðiskostnað við björgunina úr „Goðafossi“, er hann strandaði við Straumnes, hafa orðið álika mikinn fyrir manninn á dag. En þar var þó öðru máli að gegna. Þar var fæðið selt af útgerðarfjelagi, er vildi hafa hagnað af sölunni og var því ekki sjerlega ant um að selja með sannvirði. Þrátt fyrir þennan millilið varð fæðið þó ekki dýrara en á Tjörnesi. En þar gerir landið út sjálft. — Á Siglufirði, sem mun dýrasti staður hjer á landi um síldveiðitímann, var gott fæði ekki dýrara en þetta á gistihúsum. Sumstaðar var hægt að fá það talsvert ódýrara, en annarsstaðar ef til vill nokkrum aurum dýrara.

Vil jeg þá víkja nokkrum orðum að kolaverðinu. Jeg hefi fengið þær upplýsingar úr áreiðanlegri átt, að verkstjórar hafi símað eða ritað stjórninni í fyrra sumar og lagt það til, að kolaverðið yrði hækkað. Það var ekki gert.

Hæstv. atvinnumálaráðh. taldi kolamagnið í námunni afarmikið, því nær óþrjótandi. Jeg hefi aftur á móti heyrt það haft eftir verkstjóra þeim, er sá um verkið, að hann teldi kolin á þrotum. Þetta getur verið rangt, en þó er það einkennilegt, að þessi trúnaðarmaður landsstjórnarinnar skuli láta sjer þetta um munn fara. Þetta sýnir þó, að alt er á reiki í máli þessu frá hálfu stjórnarinnar; engin vissa fyrir neinu. (P. J.: Jeg efa, að þetta sje rjett hermt.) Jeg efa það alls ekki, en verið getur, að maðurinn hafi sagt hvorum sitt.

Það, sem hjer er um að ræða, er þetta: Landsstjórnin átti, er komið var fram á haust, að láta hætta verkinu, láta ekki reka námuna í vetur.

Menn hafa nefnt námuna í Stálfjalli og rekstur hennar í sambandi við þetta mál. Menn vita þó, að þar er kolanám ekki enn rekið sem atvinnugrein. Námuna á fjelag, sem hefir í hyggju að varpa nokkrum hundruðum þúsunda til þess að rannsaka, hvort hjer sje um framtíðarnámu að ræða eða ekki. Fjelagið reynir því ekki nú að reka námuna með hagnaði, hefir jafnvel ekki verið fáanlegt til þess að selja kol. Það er kynlegt, að hæstv. atvinnumálastjórn og hv.

kolaverðinu. Jeg held, að það sje samt nærri lagi, sem jeg hefi sagt um gildi kolanna og verð það, sem mátt hefði selja þau við á staðnum og í nærliggjandi sýslum. En jeg vil þó segja, að þetta, sem jeg sló fram um gildi kolanna gagnvart útlendum kolum, sje ekki svo fjarri lagi. Það hefðu verið ca. 150,000 kr., er kolin hefðu átt að borga, ef alt hefði átt að jafna sig. Nú segir nefndin, að unnin hafi verið 1430 smál. Þá hefði tonnið orðið að kosta 105 kr. á staðnum, til þess að borga kostnaðinn.

Auðvitað þurfti að flytja nokkuð af kolunum í burtu, og legðist þá flutningskostnaður á þau. En jeg geri ráð fyrir því, að 3 næstu sýslur myndu geta tekið um 1500 smál. og sparað útlend kol að sama skapi. Á þeim kolum hefir ekki orðið mikill flutningskostnaður, svo að smál. myndi ekki hafa þurft að kosta kaupendur meira en um 120 kr. Hafi íslensku kolin nú hitagildi að $^{2}/_{3}$ hlutum á við bresk kol, myndi þetta svara til 300 kr. verðs á þeim. Svo þótt jeg slægi því lauslega fram, að námureksturinn hafi ekki verið þjóðarskaði, móts við það að kaupa erlend kol, þá ætla jeg að standa við það, einkum þegar þar við bætist, að verð erlendra kola fer svo að segja alt út úr landi, en hitt er í landinu sjálfu. Jeg bar þetta verð á kolunum ekki heldur saman við kostnaðinn við að vinna annað innlent eldsneyti; einnig að þessu leyti er reikningur minn óaðfinnanlegur. Jeg lagði áherslu á það, að rangt væri að taka málið á þann hátt, sem nefndin hefir gert, í stað þess að greina það í sundur, sem greina átti og óskylt er.

Mjer þótti miður, að mjer fanst umr. lýsa því, að menn vildu ekki hallast á þá sveifina að nota alt, sem landið getur látið í tje. Jafnvel þótt það kosti fult svo mikið, sem að kaupa vörurnar frá útlöndum, er stórhætta í því fólgin að kaupa vörur afarverði erlendis og geta ef til vill ekki borgað þær með innlendum afurðum. Það steypir löndum í skuldir, og væri það stórhætta fyrir okkur, eins og nú stendur á.

Jeg vona, að mjer gefist seinna kostur á að ræða þetta mál nákvæmlegar við nefnd þá, sem hlut á að máli, og hv. Alþingi. Mig langar til að vita, hvort mönnum getur ekki skilist, að ástandið í heiminum er iskyggilegt, og það getur komið meir við okkur en hingað til. Það getur að því komið, að við spyrjum ekki um, hvort það borgi sig, er við tökum hjá sjálfum okkur, heldur reynum að nota uppsprettur landsins sem mest, hvað sem það kostar.

Þá gat forseti þess, að þessir þm. hefðu óskað umr. slitið og að gengið væri til atkv. tafarlaust:

Sv. Ó., P. O., E. J., St. St., Þorst. J., og B. St.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Mönnum mun nú virðast, að jeg hafi talað nógu oft í þessu máli, eftir þingsköpum. En ekki get jeg kallað það mikið, þótt jeg hafi talað þrisvar á 3 dögum, og hefir því hæstv. forseti leyft mjer að gera fáar athugasemdir.

Jeg skal ekki rökræða málið; það hefir þegar verið gert og ekki tími til þess frekar. Ummælum hæstv. forsætisráðh. þarf jeg ekki að svara; reikningar eða útreikningar hans hafa verið raktir og hraktir hjer í hv. deild, en því miður var hann þá ekki við staddur.

Jeg vil þó geta þess að hann gerir sig,, að mínum dómi, sekan í því hinu sama,

vænti þess, að þeir hv. þingm., sem kunna að hafa mótmælt því, sem jeg sagði, hafi gætt þess, að jeg fór alls ekki inn á aðfinnigar hv. frsm. (G. Sv.), að því leyti sem þeir snertu framkvæmd verksins, því um það fann jeg mjer ekki skylt að segja neitt. Jeg talaði alment um málið sem lið í hinum almennu dýrtíðarráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, og í sambandi við það hjelt jeg því fram, að í því væri engin skynsamleg meining að taka nú fyrir kverkar á öllu kolanámi á Tjörnesi, einkum ef svo mætti álíta, að námureksturinn væri nú kominn í það lag, er alment væri álitið hyggilegt. Þóttist jeg þar hafa fyrir mjer það, sem þingið sjálft hefir að gert undanfarið, og jafnvel annars nú, og stefnir í þá átt, að nú stæði svo á hjer, að menn ættu að reyna að bjargast sem mest af sinu eigin. Um það hefir verið deilt, hvort till. hv. fjárhagsnefndar taki fyrir kolanám af hálfu landsstjórnarinnar. Skal jeg ekki fara út í þá deilu, því að það atriði kemur mjer ekki við, nema að því leyti, sem allri stjrninni koma við almennar bjargráðaráðstafanir. En jeg vil segja, að ef þetta mál heyrði undir mína deild, þá mundi jeg láta hætta kolavinslu á Tjörnesi, ef tillagan væri samþykt, þar sem það er lagt stjórninni á herðar að sjá svo um, að enginn halli verði af þessum rekstri. Það er krafa, sem að minni skoðun, ekki er hægt, eftir atvikum, að gera gagnvart neinni stjórn, enda virðist þingið í fyrra ekki hafa látið sjer detta slikt í hug. Hitt er annað mál, að það er auðvitað á ábyrgð stjórnarinnar, ef framkvæmdir í málinu eru óforsvaranlegar. Það, sem jeg fann að, var það, að blandað væri saman fyrirtækinu í heild og hinu, hvort framkvæmdirnar væru óforsvaranlegar eða ekki.

Jeg heyri sagt, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), hafi lagt þann skilning í orð mín, að stjórnin hefði haft óbundar hendur til að fara ráðlauslega að. Það er ósannað, að svo hafi verið, en það er misskilningur hans, að jeg hafi sagt nokkuð um það. Jeg sagði beint hið gagnstæða.

Hv. þm. (S. St.) sagði, að jeg mundi ekki hafa talað svo borginmannlega, ef jeg hefði ekki treyst því, að hafa fylgi hjer í hv. deild. Jeg skil nú ekki þennan útúrdúr, enda hefir hann líklega ekki verið til annars en koma að setningu, er honum hefir fundist hnittileg. Annars get jeg sagt hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að jeg er ekki svo fjarskalega smeykur, þótt jeg hefði ekki stóra skjaldborg um mig. Við erum báðir komnir á þann aldur, jeg og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að við ættum að taka með stillingu því, sem að höndum ber.

En þar sem jeg heyrði ekki ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), get jeg ekki svarað henni frekar, en býst annars ekki við að þurfa að tala mikið um málið framar, einkum eins og það horfir nú við.

Jeg veit ekki, hvað hv. þm. Stranda. (M. P.) hefir sagt, en hefi heyrt, að hann hafi farið þeim orðum um málið, að það þyrfti að sýna og sanna þjóðinni, að það væri stjórninni að kenna, hve illa hefði farið með Tjörnesnámureksturinn. Sje svo, þá er þetta ekki nema rjett. Ef þessi hv. þm. (M. P.) getur sannað deildinni, að það sje að eins stjórninni að kenna, að námureksturinn á Tjörnesi hafi ekki borgað sig, þá ætti hún sannarlega að greiða atkvæði á móti þessari till., því að þá er bótin ekki í því, að hætta við námureksturinn, heldur í því, að breyta til um umsjón og framkvæmd verksins.

Mjer er sagt, að einhver hv. þm. hafi tekið til athugunar útreikning minn á

ıla langt, því að jeg hefi ekki hlustað á nema tvo síðustu ræðumenn. Eru það þá eitt eða tvö atriði í ræðu hv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem jeg vildi minnast á, því að þar drap hann á tvö atriði, sem enginn hefir áður minst á eins nákvæmlega.

Það er þá fyrst, að hann taldi vansjeð, að byggingarkostnaður, eða verð á húsum við námuna, stæði í hlutfalli við æntanlegt kolanám á staðnum. Jeg skal taka það fram um kolamagnið, að það kolalag, sem sjest þar í hliðinni, hefir verið talið svo kilom. skifti á lengd. Svo ef útlit er fyrir, að kolanámið haldi áfram, þá er kolamagnið því ekki til hindrunar, að hús og byggingar þurfi lengi að nota.

Annað, sem sami hv. þm. (E. A.) mintist á, var, að gera hefði þurft áætlun um kolanámukostnaðinn áður en verðinu væri slegið föstu. Sú áætlun hefir verið gerð, en ekki er hægt að miða við allan kostnað, svo sem við námugöng o. s. frv. En fyrst var miðað við það, sem það kostar að taka lausleg kol úr bakkanum, en þó var farið nokkuð hærra. Svipuð reynsla hefir orðið í Hringversnámunni, að áætlunin hefir orðið of lág.

Sami hv. þm. (E. A.) talaði um brjef Einars Gunnarssonar, en tók það ekki fram, sem E. G. og fleiri hafa að lokum tekið fram um reikningsskilin. Og þess vil jeg geta, að ekki hafa verið lögð fram fullkomin skilríki fyrir öllu, sem gert hefir verið í málinu. Virtist þm. telja, að á tilteknu tímabili hafi ekkert verið hirt um að fá vitneskju um framgang starfsins og hag námunnar. Þar sýnist hann hafa of mjög farið eftir gömlu setningunni: „Það sem ekki er til í málsskjölunum, er ekki til í heiminum“. Það er ekki nóg að byggja á því einu, er kemur fram í skjölunum. Jeg hefi getið um margt, sem ekki kom fram í nál., og hefir sumt af því farið fram í „privat“-brjefum og sumt í símtölum og símskeytum, og þá ekki líklegt, að menn hafi alment vitað um það.

Dæmið, er sami hv. þm. (E. A.) dró fram um 8 menn móti 40, er ekki fyrsta sagan, sem h e y r s t hefir og þingm. varpa svo fram hjer á þinginu rannsóknarlaust. En göngum nú út frá, að sagan sje sönn. Get jeg þá gefið líklegar upplýsingar. Skal jeg geta þess, að Akureyringar hafa haft gömlu aðferðina, að taka kolin úr bökkunum, þar sem til næst, en grafa ekki námugöng. Nú vörðu menn tíma í að grafa námugöng, og að því vann mikill hluti þeirra verkamanna, er unnu við Tjörnesnámuna hjá landssjóði, um eitt skeið, og verður þá skiljanlegt, að þeir, sem að slíku stóðu, hafi eigi losað mikil kol á meðan. Sagan sannar því ekki það, sem til er ætlast, þó hún væri sönn. Hvort þeir hafa að öðru leyti unnið eins vel og hinir get jeg ekki um sagt, og varla háttv. þingm. heldur.

Annað hefi jeg ekki sjerstakt að athuga. En svo finst mjer nú tími til kominn að ganga nær tillögunum, sem fyrir liggja. Jeg ætla mjer alls ekki að mæla með neinni sjerstakri tillögu og heldur ekki að mælast undan umræðum, því vafalaust hafa þær skýrt málið eitthvað, þó einkennilega lítið sje, móts við tímalengd og fyrirferð, því mjer minst mörgum hafa miður tekist að þjappa orðum sínum saman og vera stuttorðir og gagnorðir.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi því miður ekki getað verið við umræðurnar í dag, og hefi því ekki getað heyrt þær athugasemdir, er komið hafa út af þeim

notum geta komið síðar við mótekjuna, þótt hætt sje við, að verkfærin hafi til muna gengið úr sjer. Seldur mór o. fl. nam 65,000 kr. En tekjuhallinn varð 75,000 kr. Þó er ekki þar með reiknað áhaldaslit o. þ. u. l.

Ekki verður sagt, að flanað hafi verið út í þetta fyrirtæki í blindni. Allur kostnaðurinn var reiknaður fyrirfram af hæfasta manni. Ráðgert var að selja smál. af mónum á 25 kr. En þegar til kom og farið var að selja móinn, kom það í ljós, að framleiðslan var miklu dýrari en áætlað hafi verið. Þess vegna var verðið hækkað úr 25 kr. upp í 45 kr. handa þeim, sem pantað höfðu mó, en 50 kr. kostaði smál. þá, sem eigi höfðu móinn pantaðan. En ef átt hefði að selja móinn bænum að skaðlausu, hefði hann orðið að vera ferfalt dýrari en gert var ráð fyrir í fyrstu, og var þó verðið þá ákveðið hærra en tíðkast hafði manna á millum. Mórinn hefði þá þurft að vera eins dýr og Tjörneskolin, til þess að sá útvegur gæti borið sig. Og það er þó áreiðanlegt, að þótt þessi kol sjeu misjöfn að gæðum, eru þau, upp og ofan, stórum betri en ljelegur mór.

Jeg hefi nú viljað benda á þessi dæmi til samanburðar, til þess að sýna, hversu erfitt er að takast á hendur slík fyrirtæki sem þetta, ef þau á að reka í stórum stíl. Og ýmsar ásakanir í stjórnarinnar garð um það, að hún hafi flanað út í þetta Tjörneskolamál, eru ekki rjettmætar. Undirbúningsleysi var ekki til að dreifa í móvinslu Reykjavíkur, því að alt var þetta reiknað út fyrirfram. Og þó fór sem fór. Jeg hygg, að dómarnir um kolanámið á Tjörnesi verði vægari þegar menn bera þetta saman og athuga vel alla málavexti. En hitt er annað mál, hvort halda eigi áfram þessum námurekstri. Menn virðast yfirleitt á því, að honum eigi ekki að halda áfram, ef sýnt er, að hann ber sig ekki í sumar.

Stjórnin hefir nú reynt að gera umbætur á því, sem aflaga hefir farið. Meðal annars hefir hún falið yfirumsjónina að öllu leyti verkfræðingi landsins, og í samráði við hann hefir hún útvegað nýjan verkstjóra, sænskan, duglegan mann og reyndan, frá brúnkolanámunum á Skáni. Er hann nú kominn norður og er að koma nýjum rekspöli á námureksturinn, og er haft fyrir satt, að honum muni takast að koma á ýmsum umbótum og sneiða hjá þeim skerjum, sem fyrirtækið hefir áður steytt á. Mun þingið geta treyst því, að þar komist á það skipulag, er vel má við una. Væri því óráð að hnekkja fyrirtækinu nú, en það væri nokkuð sama sem ef nú ætti að segja sem svo: „Nú dugir ekki að vinna námuna lengur, nema það sje víst, að náman beri sig þegar".

Hv. þm. Stranda. (M. P.) virtist vilja, að verð kolanna væri ákveðið svo, að það væri hjer um bil víst, að náman geti bori sig. En það er ekki svo auðvelt, því að ekki er hægt að segja fyrirfram, hve miklu megi ná á hverjum stað, og kolalög, sem hægt er að ákveða þyktina á í árið, geta dregist saman eða þynst, eða jafnvel þorrið. Það væri því ekki hægt að selja neitt fyr en búið væri að afla einhverrar tiltekinnar smálestatölu, og ákveða svo verðið eftir kostnaðinum við öflun þessa smálestfjölda, en það væri ekki hagfelt fyrirkomulag. Jeg hygg, að yfirleitt sje ekki hægt að setja verðið á fyrirfram, fyr en ríkari reynsla er fengin en enn er orðin í þessu efni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi ekki ástæðu til þess að þessu sinni að

ar oft kostnaði, en síður í stórum stíl. — Vafalaust hefði orðið ódýrara fyrir landssjóð að láta verkamennina fæða sig sjálfa. En á hinn bóginn mun þó of mikið gert úr fæðiskostnaðinum, því að þegar þess er gætt, að fæði hefir kostað um eina krónu á dag á venjulegum tímum, þá er alls ekki óeðlilegt, að fæðið kosti nú þrjár krónur. Jeg skal benda á það til samanburðar, að á botnvörpuskipunum íslensku hefir fæðið kostað jafnvel yfir 3 kr. Nú er skortur á ýmsum efnum, og margt dýrara þarna nyrðra, t. d. aðflutningar o. fl. En auðvitað má gera ráð fyrir, að verkamenn hefðu ekki verið eins heimtufrekir, ef þeir hefðu fætt sig sjálfir, og mundi sá háttur hagkvæmari. Jeg býst við, að nýi ráðsmaðurinn kippi þessu í lag. (**Atvinnumálaráðh.:** Það er þegar gert).

Hv. þm. Stranda. (M. P.) gerði talsvert úr því, að stjórnin hafi spilt fyrir kolanámi með þessu ráðlagi sínu; það mundi fæla aðra frá að reka þennan iðnað. En jeg get ekki fallist á þetta; því að menn hafa líka fyrir augum meiri fyrirmyndarnámurekstur, sem þeir geta miðað við. (**M. P.:** Til guðs lukku). En jeg skal samt láta ósagt, hvort reynsla annara námurekenda verður til þess að glæða áhuga manna á námurekstri. Náman í Dufansdal hefir að minsta kosti oft lagst niður, og hvert fjelagið af öðru gefist upp við að halda þar áfram kolanámi. Og um námuna í Stálfjalli er það sagt, að þar hafi orðið geysilegur tekjuhalli. Hún var rekin í stórum stíl, og áhöld nægileg, en þó er sagt, að hallinn hafi orðið þar öllu meiri en á Tjörnesi. Annarsstaðar hafa námur verið reknar í smáum stíl, t. d. í Bolungarvík, og þó ekki þótt svara kostnaði. En jeg álít, að þar sem þingið samþykti jafnríka áskorun til stjórnarinnar í fyrra um kolanám, þá hefði það verið óverjandi af stjórninni, ef hún hefði ekki haldið náminu áfram á þessum stað, nema hún hefði haft skilríki fyrir, að það borgar sig betur annarsstaðar. Hv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að stjórnin hafi ekki gengið eins langt í því að afla kola og gert er ráð fyrir í till., því að hún hefði ekki getað fullnægt kolaþörf landsmanna. Hjer er hann þá að áfella stjórnina fyrir það, að hún hafi gert of lítið aðrir saka hana fyrir, að hún hafi látið vinna of mikið. En að krefjast þess, að stjórnin geri kolanámið að atvinnufyrirtæki, er alveg svari kostnaði, er ekki mikil sanngirni, eftir þeirri reynslu, sem á var að byggja. Hjer var ekki á vísan að róa. En till. þingsins í fyrra var fram sett sem öryggis- og dýrtíðarráðstöfun, en gerði ekki ráð fyrir, að settur yrði á stofn atvinnurekstur, sem víst væri að myndi borga sig.

Til samanburðar má benda á mótekjuna í Reykjavík. Aðstaða til mótekju hjer, er ólíkt betri en til kolanáms á útkjálka lands. Þar eru örðugleikarnir miklir og hlutföll milli kostnaðar og uppskeru óvís. Aftur á móti er mótekja vel þekt á landi hjer. Þar er alt vitað fyrirfram, nema veðráttan; því að henni er mótekjan allmjög háð.

Nú rjeðst bærinn í að taka upp mó á góðum stað í landi bæjarins, þar sem kunnugt var um þykt og gæði mólagsins og aðstöðu alla. Lærður verkfræðingur var fenginn til þess að hafa umsjón með verkinu. Mótekja þessi kostaði um 190,000 kr. Þar af er talið, að varið hafi verið til ýmissa umbóta 17,000 kr. og 33,000 kr. til áhalda. Þessar 50,000 kr. hafa því ekki farið í eyðslu, heldur til „undirbúnings og áhalda“, sem að

þing (1917). En jeg get ekki fallist á, að ábyrgð þingsins hafi verið þar með lokið. Því að í fyrra lagði þingið einmitt grundvöllinn undir rekstur Tjörnesnámunnar, þeirrar námunnar, sem talin var þá einhver arðvænlegasta kolanáman í landinu. Þar höfðu margir stundað kolanám áður með dágóðum árangri, einkum sumarið 1917, og ætluðu að halda kolanáminu áfram. En annarsstaðar hefði það gengið miklu ver, t. d. í Dufansdal.

Það var því í alla staði eðlilegt, að stjórnin ljet einmitt byrja kolanám á Tjörnesi, samkv. áskorun aukaþingsins, og er það viðurkent, að þessi byrjun sje af hvötum þingsins. — En hinu hafa ýmsir háttv. þingmenn neitað, að framhaldið sje á þingsins ábyrgð. Þetta þarf að leiðrjetta. Skal jeg nú minna á það, að bjargráðanefndir þingsins 1917 báru fram þingsályktunartillögu í báðum deildum, þar sem fastlega er skorað á stjórnina, að snúast sem öfluglegast að kolanámi. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta leyfa mjer að lesa upp úr þessari þingsál. frá bjargráðanefndum, er samþykt var í báðum deildum og loks í sameinuðu þingi (31. júlí 1917):

„Alþingi ályktar að skora á stjórnina að vinda sem bráðastan bug að innlendu kolanámi á þeim stöðum, sem menn finna hentugasta, svo að fylt verði eldiviðarþörf landsmanna, þótt engi erlend kol náist.

Jafnframt ályktar Alþingi, að heimila stjórninni fje úr landssjóði til nauðsynlegra framkvæmda í þessu máli, svo sem til verkfærakaupa, til torfbæja yfir verkamenn, til kaupa eða leigu á námunum.“

Eins og allir sjá, veitti þingið stjórninni þá brýning með tillögu þessari, að óverjandi hefði verið annað en verða við henni, jafnvel þótt stjórnin hefði verið orðin því afhuga áður. Og þann veg skildi líka stjórnin áskorun þessa í fyrra, eins og sjest af ummælum hæstvirts atvinnumálaráðherra þá, og þingtíðindin bera með sjer. — Þingið krefst þess að stjórnin vindi sem bráðastan bug að því að afla innlendra kola, og það svo mjög, að nægi, þótt engin kol fáist frá útlöndum. Enn fremur er henni heimilað fje til torfbæjagerðar, verkfærakaupa o. fl. Af þessu er auðsætt, að ætlast hefir verið til, að námureksturinn stæði til langframa og yfir vetrartímann. Stjórnin hafði því ekki einungis heimild til þeirra ráðstafana, sem hún gerði, heldur beina áskorun og fyrirskipun Alþingis. Jeg fæ því eigi sjeð, að stjórnin hafi gert annað en það, sem var í fylsta samræmi við vilja þingsins, er hún ljet halda áfram kolanáminu í Tungulandi, með auknu mannafli, og byggja þar hús til vetrarvistar.

Þá hefir verið deilt um það, hvort rjett hafi verið af stjórninni að festa kaup á námunni. Heimild hafði hún til þess frá þinginu, og þegar gert var ráð fyrir, að kolanámið yrði rekið í stórum stíl, virtist auðsætt, að hagkvæmara væri að kaupa námuna heldur en greiða fyrir hverja smál., sem upp væri tekin, þar sem gjaldið var orðið hátt vegna vaxandi samkeppni um rjettindin.

Jeg skal ekki rekja nánar einstök atriði þessa máls, en tel vafalaust, að hjer sem annarsstaðar hefði margt mátt fara betur úr hendi um rekstur námunnar. Hefir það komið hjer fram, sem oft vill við brenna á landi hjer, að námurekstur, sjerstaklega í stærri stíl, hefir ekki gengið sem æskilegast. Það hefir þegar sýnt sig, að kolanám í smáum stíl svar-

segja, að allur sá mismunur stafi af óheppni eða vankunnáttu verkamanna. Hitt mun rjettara, að óhepni valdi að nokkru leyti, en að öðru leyti ráðleysi. Því að ekki virðist það vera sennilegt, að maðurinn, sem fyrir verkinu stóð, hafi verið svo fávitur, að hann veldi ljelegustu mennina til vinnunnar. En ef svo væri, sýnir það, að stjórnin hefir verið í meira lagi óheppin að lenda á slíkum manni.

Þá má nefna fæðupeningana. Þorsteinn kaupmaður Jónsson varði 2 kr. á mann á dag í fæðu. En landsstjórnin ver í það 3.20 kr. á dag, eða 1.20 kr. meira. Ósennilegt virðist, að verkamenn landssjóðs hafi etið því meira en verkamenn Þorsteins, heldur mun hitt sanni nær, að ver hafi verið haldið á fæðu landssjóðs. (**H. K.**: Þeir hafa unnið meira!). En að hverju? Minni voru kolin miklu, er þeir tóku, að tiltölu. Þó má vera, að landssjóðsfæðan hafi verið að einhverju leyti betri, en fremur mun þessi mikli munur stafa af ráðleysi.

Mjer dettur í hug saga, sem jeg hefi heyrt að norðan og mun vera sönn, að 8 verkamenn frá Akureyri hafi á sama tíma tekið upp jafnmikið kolamagn og 40 landssjóðsmenn.

Þó að saga þessi kunni að vera ýkt, og jeg viti ekki um sönnur á henni, mun hún þó ekki vera gripin úr lausu lofti. Verkin sýna líka merkin. Einstakir menn, sem rekið hafa kolanám, hafa komist klaklaust frá því, en landssjóður hefir beðið stóra-halla. Vinnuskilyrðin hafa verið jöfn; hv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem segist vera sanngjarn maður og sífelt leita sannleikans, mundi hafa getið þess í ræðu sinni, ef svo hefði ekki verið; því að auðvitað vill hann líka láta aðra njóta sannleikans.

Jeg skal ekki fjölyrða um till. og dagskrárnar. Jeg hefði getað sætt mig við till. nefndarinnar. Dagskrárnar fara að vísu að efni til í svipaða átt. Dagskrá hv. þm. S.-Þing. (P. J.) sýnist einna óákveðnust. Frá mínu sjónarmiði er engin hætta á að samþykkja till. nefndarinnar, af því að hún taki fyrir kverkar námurekstrinum þegar í stað. Þar segir, að stjórnin reki ekki námuna nema með hverfandi litlum halla. Í þessu felst, að landsstjórnin eigi að leita fyrir sjer með þeirri stjórn, sem nú er ráðin við námuna. En þegar leitinni er lokið, eigi að afráða, hvort hyggilegt sje, að reka kolanámið áfram. Hjer er að eins ekki sett neitt tímatakmark, eins og í dagskrá hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) og brtt. En jeg býst við, að í sama stað komi, hvort sem ofan á verður. Jeg hygg, að eftir þá reynslu, sem fengin verður í sumar, verði hægt að ganga úr skugga um, hvort kolanám þetta svari kostnaði.

Benedikt Sveinsson: Þetta mál hefir nú verið rætt rækilega frá ýmsum hliðum og skýrst að mörgu leyti ljósar en sjá má af skýrslu nefndarinnar á þgskj. 111. Því vitanlega var ekki hægt að segja alt, sem segja mátti, í einni skýrslu.

Jeg ætla að minnast dálitið á ábyrgð þingsins gagnvart þessu máli. Mjer finst að stjórnin sje helst til þunglega vitt fyrir að hafa tekist námureksturinn á hendur og haldið honum áfram. Hv. þm. N.-Ísaf. (S. St.) sagði að vísu, að áskorun þingsins um að afla kola, hafi verið sjálfsögð ráðstöfun og vítavert af þinginu, ef það hefði látið hana undir höfuð leggjast. Hjer mun hv. þm. hafa átt við áskorun þá, er fram kom á aukaþinginu 1916—17. Á sama máli virtist hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) vera. Hann kvað rekstur inn hafa verið að meira eða minna leyti á ábyrgð þingsins, alt fram á síðasta

á Norðurlandi. Að því hlýtur þá að reka, að ekki þurfi lengur að nota húsin og þau verði að rífa niður. Mikið af verði þeirra hlýtur þá að ganga í sjálft sig. Húsið er bygt úr torfi, og fyrir torfverkið fæst auðvitað ekkert, svo það sem verðgildi er í, er ekki annað en timbrið og járnið og glerið, því glerrúður eru líklega í húsunum. Hallinn hlýtur því að verða meiri en hann er talinn, en verð húsanna ekki eins mikið og í þau var lagt. En þetta er atriði, sem ekki er allskostar hægt að kenna neinum um. Fyrst talið var sjálfsagt að byggja, þá hlaut það að hafa kostnað í för með sjer. Og hjá því varð ekki komist, þar sem hugsað var til að hafa þar vetrarvinnu. Hallinn er því líklega meiri en hann er talinn í skýrslunni, eftir því sem komið hefir fram í umræðunum.

Jeg hefi ekki heyrt það tekið fram af stjórninni eða forsvarsmönnum hennar, að hún hafi haft nein reikningsskil í höndum, þegar byrjað var að selja kolin. Því þó eitthvað af þeim kostnaði, sem þá var á fallinn, hafi átt að koma á óupptekin kol, þá hefði þó verið betra að hafa eitthvað fyrir sjer, þegar verðið var lagt á kolin. Þetta er það, sem kaupmenn gera yfirleitt, — og meðal þeirra landsverslunin, — þegar þeir ákveða verð á vöru sinni. Landsverslunin t. d. hefir fyrir sjer reikninga, sumpart alveg uppgerða og sumpart áætlaðan kostnað, sem stafar af því, að hafa keypt vöruna og flutt hana o. fl. Jeg get ekki sjeð annað en að það hefði verið gott og alveg sjálfsagt fyrir stjórnina, að hafa slíka reikninga eða áætlanir fyrir sjer, þegar verðið á kolunum var ákveðið. Jeg efast ekki um, að aðrir, sem tóku upp kol þarna til að selja, bæði Þorsteinn Jónsson og Verkamannafjelag Akureyrar, hafi reynt að gera sjer grein fyrir, hve mikið fje þeir höfðu lagt fram og hafi bygt á því, hve hátt verð þeir skyldu setja á vöruna.

Svo virðist mjer sem stjórnin hafi verið of umburðarlynd og helst til róleg, þegar hún fjekk brjefið frá trúnaðarmanni sínum um ástandið við námuna, hvort sem það nú var einkabrjef, eða ætlast var til að það væri „journaliserað", það skiftir engu máli. Þegar stjórnin fær lýsingu hans á ástandinu, þá hefði átt að hefjast handa samstundis. Stjórnin gat ekki fyrirfram gengið út frá að skýrslan væri röng, því maðurinn er greinargóður og ekki líklegur til að skýra rangt frá því, sem hann er sendur til að eftirlíta. Jeg get ekki sjeð annað en að stjórnin hafi látið málið vera alt of lengi óaðgert. Það er 17. nóv., sem þetta brjef er skrifað, og ekki fyr en 3½ mánuði síðar er vegamálastjóra fengin yfirstjórn alls verksins. Það hefir óneitanlega staðið nokkuð lengi á framkvæmdum í þessu máli, og hefði vafalaust ekki þurft að taka svona langan tíma.

Mikið hefir verið um það talað, að þetta fyrirtæki hafi verið tilraun. Og það er vafalaust rjett, að nokkuð af því, sem miður hefir farið, mætti skrifa á dálk óhepninnar. Stjórnin hefir verið óheppin í vali sínu á mönnum og mennirnir hafa verið óhepnir í starfi sínu. En það er ekki svo auðvelt að greiða alt í sundur. Þegar dæma skal um rekstur námunnar, verður að leita til þeirra, er rekstrinn önnuðust, og þá til hinna, sem fyrir verkinu stóðu. Það er að vísu satt, sem sagt hefir verið, að rekstur af hálfu hins opinbera er dýrari en rekstur einstakra manna. En hjer virðist sá munur þó vera mikill. Og hæpið mun vera að

landssjóðs kostnað og reyna þá að leigja námuna út, og með áskorun til stjórnarinnar að taka þetta ráð, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Jeg býst við því, að jafnvel háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) geti greitt atkvæði með þessari dagskrá, því í henni er ekki nefnt neitt um traust til stjórnarinnar, enda ætti það illa við í þessu máli, og síðbúið mun það verða frá mjer.

Einar Arnórsson: Jeg hefði aldrei trúað því, að svona mikið eldsneyti væri í Tjörneskolunum. Þetta er 3. dagurinn, sem logar í þeim hjer í deildinni og ekki sjeð fyrir endann á þeim loga enn. Það mun mega segja, að það sje þýðingarlaust að ræða um þetta mál lengur. Eftir því, sem komið hefir fram við umr., verður ekki annað sjeð en að skýrsla hv. frsm. (G. Sv.) sje í alla staði rjett. Jeg hefi eki heyrt að tölur hennar hafi verið vjefengdar og tekjuhallinn er viðurkendur rjettur af hæstv. atvinnumálaráðherra. Hæstv. forsætisráðherra er sá eini, sem reynt hefir að setja dæmið upp öðru vísi. Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess að eins, að ekki væri búið að endurskoða reikningana og við endurskoðunina gætu komið fram einhverjar skekkjur, annaðhvort of eða van. En þetta er svo óveruleg athugasemd, og það getur aldrei orðið um mikinn mun að ræða.

Hæstv. forsætisráðherra virtist byggja helst á því, að kolin væru í raun og veru meira virði en þau hafa verið virt. Jeg þori ekki vel að dæma um þetta. En væri svo, að Tjörneskolin ættu að kosta 100 kr. smálestin við námuna, þá er það áreiðanlega of hátt í samanburði við verð á breskum kolum í fyrra. Hf. „Kol og Salt“ seldi þá sín ágætu „steam“-kol á 300 kr. smálestina. Ef Tjörneskolin kosta 100 kr. norður við námuna, þá mundu þau kosta 160—170 kr. hjer. Byggi jeg það á bæjarstjórnarkolunum úr Tjörnesnámunni í fyrra, sem seld voru hjer á 100 kr. smálestin, en keypt þar á 35 kr. Jeg geng út frá að bæjarstjórnin hafi ekki sjeð sjer fært að selja þau hjer undir 100 kr. og hefir því lagt á þau 65 kr. á smálest fyrir flutningskostnaði og rýrnun. Hefði nú verið rjett að selja þessi kal á 100 kr. smálestina, norður við námu, þá hefðu þau áreiðanlega orðið að vera betri en þau voru. Eftir minni reynslu af þeim Tjörneskolum, sem jeg fjekk, þá vildi jeg miklu heldur kaupa bresk kol fyrir 200% hærra verð. Jeg segi ekki, ef kolin væru vel aðgreind, að hlutfallið yrði þá annað; en eins og þau voru, vil jeg miklu heldur þau bresku. En aðgreiningunni var mjög ábótavant. Hæstv. atvinnumálaráðherra má ekki skilja það svo, að jeg kenni honum það persónulega, þó að aðrir ætlist til þess, að þingmenn eða stjórnin sjeu sendir á berjamó; þó ætlast jeg ekki til þess að stjórnin fari norður á Tjörnes að vinsa kol. **(B. J.:** Jeg er ánægður, ef háttv. 2. þingm. Árn. er sendur á berjamó). Háttv. þm. Dala (B. J.) verður að vera með, ef hann þá má vera að því, vegna fossanefndarstarfsins.

Viðvíkjandi reikningsuppgerðinni, um hús og áhöld á staðnum, þá mun vera erfitt að gera það upp, og líklega ókleift að gera það, svo rjett sje. Nefndin hefir ekki talið húsin og verkfærin með til reksturskostnaðarins. Getur þó verið álitamál, hvort svo hefði ekki átt að vera að einhverju leyti. Það er ekki líklegt að kolalögin sjeu svo mikil, að þau endist eins lengi og húsin standa. Eins og kunnugt er, geta hús staðið lengi

en alt annað á 300 kr. Það er þó lægra en 360 kr. Væru nú Tjörneskolin reiknuð á 100 kr. smálestin á staðnum, þá yrðu þau nokkuð dýr, þegar búið væri að flytja þau til kauptúna víðsvegar á landinu, t. d. hingað til Reykjavíkur. Má þar miða við kolin, sem bæjarstjórn Reykjavíkur keypti af námunni í fyrra. Þá var smálestin seld á 35 kr. við námuna, en komin til Reykjavíkur, voru þau seld á 100 kr. Geri jeg ráð fyrir, að bæjarstjórnin hafi ekki sjeð sjer fært að selja þau lægra verði. Eftir því ættu kolin að kosta 165 kr. smálestin hjer í Reykjavík, með því verði, sem hæstv. forsætisráðherra telur nú sanngjarnt. Þá veit jeg að menn skoða ekki huga sinn um það, hvort þeir eigi heldur að kaupa útlend kol fyrir 325 kr. smálestina, eða innlend kol, eins og þau koma úr stjórnarnámunni á Tjörnesi, fyrir 165 kr. —

Þá ætla jeg ekki að segja meira til hæstv. forsætisráðherra, fyrst hann er ekki við. En eina setningu í ræðu háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) finst mjer ástæða til að athuga; hann sagði, að ef þingið samþykti þessa tillögu, þá væri það í ósamræmi við það, sem gert væri fyrir kolanám annarsstaðar, t. d. í Gunnarsstaðagróf.

Jeg held að hv. þm. (P. J.) hefði ekki átt að bera þessar námur saman, þegar verið er að tala um að leggja í kostnað. Við Tjörnesnámuna er búið að leggja 50.000 kr. í kostnað, — í staðinn fyrir 2000 kr. við hina námuna, — í viðbót við hallann á rekstrinum. Í Steingrímsfjarðarnámuna á að eins að leggja fje samkv. þingsál.till. síðasta þings, til undirbúnings og áhalda, en alls ekki til afsláttar á kolunum. Þau eiga að seljast með sannvirði. Auk þess eru þessar 50 þús. kr., sem jeg áðan nefndi, sams konar og þær 2000, en þær eru þegar komnar í hús og tæki og ekki er meiningin með tillögunni að kolagröftur framvegis eigi að borga þann kostnað, heldur að eins bera vinnureksturinn. Þetta er því ómögulegt að bera saman, og hin mesta endileysa hjá hv. þm. (P. J.).

Háttv. þingm. Dala (B. J.), sagði, að það væri þinginu að kenna hvernig farið hefði. Það hefði ekki tekið það fram, að útvega skyldi útlendan námuverkfræðing, til þess að sjá um verkið. Stjórnin hefði því í raun og veru ekki haft neina heimild til að gera það. Nú hefir hæstv. stjórn upplýst, að hún hafi, þrátt fyrir alt, verið að leitast við að fá útlendan verkfræðing og nú loks fengið hann. Hún hefir því ekki talið sjer óheimilt að gera það, enda dettur víst engum í huga að álasa henni fyrir það. Það er eitt af því sárfáa af viti, sem stjórnin hefir gert í þessu máli. Þetta er því út í loftið talað hjá hv. þm. (B. J.).

Hjer eru komnar fram tvær rökstuddar dagskrár, frá háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) og hv. þm. A.-Sk. (Þorl J.). Hefi jeg talsvert við þær að athuga, þó minna við dagskrá háttv. þm. A.-Sk. Helst hallast jeg að tillögu fjárhagsnefndar og álít að hana ætti að samþykkja, eftir þær skýringar, sem háttv. framsm. (G. Sv.) hefir gefið á henni. En ef einhverjir væru, sem heldur vilja fara dagskrárleigina, þá leyfi jeg mjer að koma fram með svohljóðandi brtt. við dagskrártil. lögu háttv. þm. A.-Sk.

„Dagskráin orðist svo:

Sýni það sig í sumar, að ekki sje hægt að selja kol úr Tjörnesnámunni því verði, sem þarf til þess, að náman verði rekin hallalaust fyrir landssjóð, undir hæfri stjórn, álítur deildin rjett, að hætt sje við námureksturinn á

leysi, hirðuleysi og ráðleysi, hefir gert hallann svona mikinn, að minsta kosti.

Það er ekki hægt að segja, að stjórnin hafi hingað til álitið það skyldu sína, að gera alt, sem hægt var að gera, til þess að afla innlends eldsneytis. Sem dæmi skal jeg nefna, að áður en jeg fór af þingi í fyrrasumar, fór jeg þess á leit við hæstv. stjórn, að hún styrkti að einhverju leyti kolanám við Steingrímsfjörð. En jeg fjekk ekki annað svar en það, að nú væri verið að grafa kolin á Tjörnesi og stjórnin mætti til að leggja alla krafta sína í það, að vinna þá námu. Með öðrum orðum, stjórnin neitar algerlega um öll afskifti af kolanámi við Húnaflóa. Það mátti ekki bera annarsstaðar niður en í Þingeyjarsýslu. Þetta hefir líka sýnt sig síðan. Sýslunefndin í Strandasýslu sendi stjórninni ósk um stuðning — einmitt samkvæmt tillögu síðasta þings, — til að leggja akfæran veg frá námunni til sjávar, og lána verkfæri. Stjórnin veitti sýslunefndinni enga áheyrn, og því hefir ekkert miðað áfram, fyr en það nú var lagt fyrir þingið, — að því er jeg best veit, án nokkurs stuðnings frá stjórninni.

Annað atriði vildi jeg leyfa mjer að athuga hjá hæstv. forsætisráðherra. Jeg hafði drepið á það í fyrri ræðu minni, að einstakir menn mundu verða tregir á að ráðast í kolaöfflun, er þeir sjá, hvernig útkoman verður á námurekstri landssjóðs. Hæstv. forsætisráðherra vildi bera brigður á þetta. En álit mitt er þó staðfest í skjölum, sem gengið hafa gegnum stjórnarráðið. Vegamálastjórinn telur ekki glæsilegt að leggja í kolanám við Steingrímsfjörð, því vinnukostnaður hafi orðið svo mikill á Tjörnesi. Ef það er ekki ljóst, að þetta brjef heldur því fram, að kostnaðurinn á Tjörnesi geri óárennilegt að byrja á kolanámi annarstaðar, þá veit jeg ekki hvernig á að skilja það.

Þá var hæstv. forsætisráðherra að hnýta í okkur, sem tekið höfum til máls með tillögu fjárhagsnefndar, fyrir það að við sjeum að víta stjórnina út af Tjörnesmálinu; hvort ekki mætti velja annan tíma og annað tækifæri til þess. Að sjálfsögðu væri hægt að fá nóg tækifæri til þess að víta stjórnina. En ef landið á að reka áfram þetta fyrirtæki, þá verður þingið að ráða fram úr hvernig því skuli fyrirkomið framvegis, eða hvort og hve nær hætt skuli við það, ef það getur ekki lánast. Við þurfum einnig sannarlega að sannfæra allan almenning um það, að það sje einungis hirðuleysi stjórnarinnar að kenna, en ekki neinu öðru, að þessi námurekstur hefir orðið svo dýr. Það er eina ráðið til þess, að afstýra þeim voða, sem annars gæti af því hlotist, ef menn væru hræddir við að leggja í öflun innlends eldsneytis, vegna þessa kolaverðs.

Þá er enn eitt í ræðu hæstv. forsætisráðherra, sem mjer dettur í hug, þegar minst er á kolaverð. Hann sagði, að það væri ekki skaði fyrir landið, þó halli yrði á rekstri námunnar. Þar sem hitagildi Tjörneskolanna væri svo mikið, að meta mætti hverja smálest 100 kr. virði þar á staðnum, þá væri verð kolanna, sem upp hafa verið tekin, alveg fyrir kostnaðinum við að ná þeim. Hæstv. forsætisráðherra tók það fram, að þetta væri ekki ofhátt verð fyrir Tjörneskolin, þegar smálestin af útlendu kolunum væri á 360 kr. Mjer kom það nokkuð spankst fyrir, að heyra þetta verð, því áður hafði jeg ekki heyrt nefnt hærra verð en 300 kr. smálestina. Spurðist jeg því fyrir hjá landsversluninni um kolaverð og fjekk þær upplýsingar, að nú væru kol seld á 325 kr., af síðasta farmi,

efni nú á tímum. Mjer skildist hann eiga við, að nær væri að losa stjórnina ekki einungis við öll afskifti af þessu máli, heldur og við öll stjórnarstörf yfirleitt. Getur verið, að jeg misskilji orð hans, en eins og þau fjellu, liggur næst að skilja þau á þennan veg. En hæstv. forsætisráðh. veit vel, hvar hann stendur á þessu þingi. Hann veit, að þær skjaldborgir eru ekki árennilegar, sem þingið hefir skotið um stjórnina þríhöfðuðu, nje heldur þeir útverðir og skjaldsveinar, er haldið hafa uppi vörnum fyrir hana í tíma og ótíma. Hefði hæstv. forsætisráðh. ekki vitað þetta, þá hefði hann varla hrækt svo hraustlega.

Jeg er einráðinn í því, að greiða till. nefndarinnar atkvæði mitt. Hinar rökstuddu dagskrár fara í líka átt, en jeg finn þeim það mest til foráttu, að í þeim er nefnt traust til stjórnarinnar. Í minum augum hefir stjórnin farið svo að ráði sínu í þessu máli, að þingið getur varla nefnt traust til hennar í sambandi við það, og jeg get ekki greitt neinum þeim till. atkvæði mitt, sem bygðar eru á trausti til þessarar stjórnar.

Það fer svo fjarri því, eins og jeg þegar hefi sýnt fram á, að till. skjóti slagbrandi fyrir allar framkvæmdir í þessu máli, að hún vill þvert á móti láta reynsluna skera úr, hvort gerandi sje að vinna námuna með hverfandi litlum halla. Sje það ekki unt, hygg jeg að öllum komi saman um, að ekki sje rjett að halda áfram. Jeg hygg, að þingið baki sjer ekki neina ábyrgð, þótt það ljeti þá staðar numið.

Að endingu vil jeg leyfa mjer að skjóta einni spurningu til búandi manna hjer í hv. deild. Hvað myndu þeir gera við ráðsmann, sem hefði farist ráðsmenskan á búi þeirra álika vel úr hendi og hæstv. stjórn hefir farist í þessu máli? Hvort myndu þeir ráða hann aftur eða reka hann í burt?

Magnús Pjetursson: Jeg get verið mjög stuttorður. Það, sem jeg ætlaði að segja, eru að eins nokkur orð til að svara hæstv. forsætisráðh. Annars skal jeg ekki bæta miklu við umr., því hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir tekið af mjer ómakið. En þó hæstv. forsætisráðh. sje ekki við, þá get jeg ekki látið vera að athuga lítilsháttar það, sem hann sagði við umr. í gær. Hæstv. forsætisráðh. tók að sjer það hlutverk, sem má sannarlega kallast að svara fyrir barnið, sem sje að hjálpa fjelaga sínum í stjórninni — með sínu venjulega og alkunna bróðurþeli í þeirra garð. Annars kom ræða hans mjer nokkuð á óvart, því hún fór allmikið í bág við rjettsýni og rök.

Jeg skal þá vikja að því, sem hæstv. forsætisráðh. sagði út af minni ræðu. Hann sagði, að bæði till. hv. fjárhagsnefndar og eins það, sem jeg sagði, bryti í bág við þá stefnu, að afla innlends eldsneytis, jafnvel hvað sem það kostaði. Það er alveg satt, að síðasta þing lagði mikla áherslu á það, að afla innlends eldsneytis, eins og þetta þing gerir líka. En þingið vildi láta afla innlendra kola til þess, að þau væru til í landinu, en ekki til þess að selja þau hinum og þessum undir verði, alveg á sama hátt og til var ætlast að landsstjórnin sæi landsmönnum fyrir matvörum, án þess þó að þær yrðu seldar undir sannvirði. Það átti að afla þeirra eins og hverra annara vörubirgða, sem hægt væri að fá keypt, við því verði, sem þau kostuðu, en ekki væri bruðlað út, undir sannvirði. Hallinn á rekstri námunnar er því heimildarlaus hjá stjórninni, — algerlega heimildarlaus. Enda er það stjórnin ein, sem með eftirlits-

stjórnin. Þetta kemur mjer nokkuð kynlega fyrir. Að vísu er þetta gömul saga, að vilja koma sínum eigin ávirðingum á aðra; þar er saga Adams forföður okkar, er kendi konunni sinni um fyrsta glapræði sitt. Síðan hefir okkur Adamsniðjum verið tamt að skella skuldinni á aðra, þegar oss hefir orðið eitthvað á. Furðar mig þess vegna ekki á því, þótt stjórnin vilji skella skuldinni á Alþingi í þessu máli. Sá undirbúningur, er þingið hafði þessu máli, var að mínu áliti sjálfsagður og nægileglur til þess, að verkið mætti fara vel úr hendi. Því hefir að vísu verið haldið fram, að áskorun sú til stjórnarinnar um rannsókn á kolanámum, er samþykt var hjer í deild á aukaþinginu 1916, hafi ekki verið bindandi fyrir stjórnina, því að hún var svæfð í hv. Ed. En þó að svo hafi farið, þá álít jeg það skyldu stjórnarinnar að taka svo mikið tillit til vilja Nd., að hún hefði átt að byrja á að láta sjerfróðan mann rannsaka námuna, áður en byrjað var að vinna þar að kolanámi; það var sjálfsögð ráðstöfun frá stjórnarinnar hendi, jafnvel þó engin áskorun hefði um það fram komið.

Það var sjálfsögð bjargráðaráðstöfun af þingsins hálfu, að skora á stjórnina að gera alt, sem unt var, til þess að afla innlends eldsneytis og heimila fje til þesss. Ábyrgð Alþingis getur því ekki talist þung. Alþingi gat að sjálfsögðu ekki haft fult eftirlit með málinu; það hlaut eingöngu að hvíla á herðum stjórnarinnar. Jeg áleit því, að hjer sje um enga ábyrgð þingsins að ræða; það hefir ekki gert annað í þessu máli en það, sem rjettmætt er og sjálfsögð skylda bar til, en þá fyrst hefði þingið bakað sjer ábyrgð, hefði það vanrækt þetta. Og þótt segja megi, að þingið beri ábyrgð á því, að byrjað var á námunekstrinum, þá má ekki rugla henni saman við þá ábyrgð, sem hvílir á atvinnumálstjórninni fyrir rekstur verksins. Er það á ábyrgð þingsins, að þeir menn voru ráðnir til verksins, sem ekki voru því vaxnir? Er það á ábyrgð þingsins, að hærra kaupgjald hefir verið greitt en dæmi eru til? Að á verkinu var byrjað, án þess að nokkuð væri rannsakað hvort það myndi borga sig, og að stjórnin vanrækir — eins og hún hefir sjálf viðurkent — að hafa það eftirlit með fyrirtækinu, sem hana bar skylda til? Sje svo, þá horfir málið öðruvísi við og þá mætti margt tala um ábyrgð þingsins. (E. A.: Alt óbeinlínis á ábyrgð þingsins). Auðvitað má segja, að það sje á ábyrgð þingsins, ef það á frumkvæði til nokkurs skapaðs hlutar. En þingið gerir þó ráð fyrir að eiga stjórn, er framkvæmir það, sem fyrir hana er lagt, með einhverju viti. Stjórnin er að eins ráðsmaður þingsins, og það er skylda hvers ráðsmanns að fara svo með það, sem honum er trúað fyrir, að hann baki sjer eigi ábyrgð fyrir ráðdeildarleysi og trassaskap. Verði því svarað játandi, að öll ábyrgðin hvíli á Alþingi, þá er sjálfsagt að þingið iðrist, setjist í sekk og ösku og komi krjúpandi að fótum stjórnarinnar og biðji hana um að halda því áfram, er það hafi svo ráðdeildarlaust byrjað á.

En verði svarið neitandi, þá er jeg fyllilega á sama máli sem hæstv. forsætisráh., er hann bryndi nefndina og þingið á því, að nær væri að ganga hreint að verki heldur en að koma með aðra eins till. og þá, sem nefndin ber fram. Jeg hjó eftir því, að hann talaði um að ganga hreint að verki; í þeim orðum felst talsvert umhugsunar-

fram rekstri námunnar, en vill slá varnagla við því, að haldið verði áfram í öðru eins ráðleysi og hingað til hefir átt sjer stað. En hins vegar er það auðsætt af ræðu hæstv. forsætisráðh., að hann vill, að þingið hummi málið fram af sjer, tali sem minst um það, en gefi stjórninni óbundnar hendur eftirleiðis, sem hingað til. En þá hefði þingið skilið svo við þetta mál, að alveg hefði verið óverjandi. Því þó að það þyki barlómsbumbusláttur að tala um fjárhag landssjóðs hjer á þingi, þá verður það ekki varið að kasta í sjóinn fje, sem nemur hundruðum þúsunda kr., eins og stjórnin hefir gert, bæði í þessu kolanámi og öðrum fyrirtækjum, er hún hefir haft með höndum. Fjárhagurinn er nú ekki svo glæsilegur, að landið megi við því, þegar líka er litið til þess, hvernig stjórninni hefir hingað til tekist að fá hagkvæm lán fyrir landið, að lántökur hennar hafa verið líkastar lántökum gjaldþrota manns, til þess að forðast hengingu í bráðina.

Hæstv. forsætisráðh. kveður nefndina halda því fram, að stjórnin hafi átt að hætta námurekstrinum er hún sá, að tekjuhalli myndi verða. Þetta fæ jeg ekki lesið út úr skýrslu nefndarinnar. En hitt þykir nefndinni vítavert, að stjórnin skuli ekki hafa haft hugmynd um þennan halla fyr en um nýár. Það álit er ekki sett fram með svo mikilli frekju, að árás geti kallast eða hótfyndni. Auðvitað var það fyrsta skylda stjórnarinnar að fá vitneskju um, hvort reksturinn myndi borga sig. Fyr gat hún ekki gert ráðstafanir til þess að minka kostnaðinn og hallann. En er hún hafði fengið þessa vitneskju, var innan handar að haga svo til, að hallinn yrði minni. Við þetta ætla jeg að nefndin eigi í skýrslu sinni og ræða hv. frsm. (G. Sv.).

Þá þótti hæstv. forsætisráðh. þingið gera sig sekt í mótsögn, ef það vildi nú hætta við námuna á Tjörnesi, en styðja samt einstaka menn til þess að reka hana. Í þessu fæ jeg ekki sjeð neina mótsögn. Það er á allra vitorði, að stórfyrirtæki fara hinu opinbera jafnan ver úr hendi heldur en einstökum mönnum. Þó að fyrirtækið bæri sig ekki undir landsstjórninni, gat það verið arðvænt undir stjórn annara. Dæmi þessa deginum ljósara er náma Þorst. kaupmanns Jónssonar, við hliðina á Tjörnesnámunni. Er því 2. liður till. alls ekki í mótsögn við fyrri liðinn. Það er að eins sjálfsögð bjargráðatilraun, að stjórnin styrki einstaka menn með ráðum og dáð til slíkra framkvæmda, þótt henni sjálfri færu þær illa úr hendi. Í þessu sambandi vil jeg minna á styrk þann, sem farið er fram á að þingið veiti til kolanáms í Gunnarsstaðagróf í Steingrímsfirði. Þar veit þingið hvað það er að gera. Í stað þess að tefla á tvær hættur, leggur það fram vissa upphæð til þess að styðja framtakssemi einstakra manna og tilraunir til að afla innlends eldsneytis.

Þótt jeg hafi hlustað hjer á varnir stjórnarinnar, get jeg ekki fundið, að skýrsla nefndarinanr sje í neinu hrakin minstu vitund. Í henni stendur alt sem stafur á bók, þrátt fyrir ummæli þeirra manna, sem finna sí og æ hvöt hjá sjer til þess að bera í bætifláka fyrir stjórnina. Mjer virðast menn þeir, sem verja gerðir stjórnarinnar í þessu, hafa tekið svo lausum tökum á málinu, að ræður þeirra hafi farið fyrir ofan garð og neðan.

Þá er að minnast á eitt atriði frá almennu sjónarmiði. Því hefir verið haldið fram af stjórnarinnar hálfu, að þingið beri eins mikla ábyrgð í þessu máli sem

sannfæringu minni og bestu samvisku, og á hún alla sök, ef nokkur er. Ræða hæstv. atvinnumálaráðh. var svo ljós og skýr, að jeg ætlaði mjer ekki þá dul að bæta úr henni. En að því leyti, sem jeg er dálítið kunnugri þessu máli en flestir þm., varð jeg að skýra frá því, sem jeg vissi betur en þeir. Jeg hefi eigi sagt annað en það, sem satt er og rjett og jeg get staðið við. Og þótt einn maður, sem viðriðinn er þetta mál, sje allnákominn mjer, þá er það gamalt mál, að maður vinnur það ei fyrir vinskap manns, að víkja af götu sannleikans. Ef hv. frsm. (G. Sv.) ætlar því, að mjer hafi gengið eitthvað misjafnt til í þessu máli, þá vona jeg, að hann segi það greinilega.

Sannleikurinn í þessu máli er nú leiddur í ljós að því leyti, að alkunnugt er, að allmikill halli hefir orðið á námurekstrinum, meiri halli en búist var við og meiri halli en menn má ske hefðu lagt út í í byrjun, hefðu menn vitað hann fyrir. Mjer kemur ekki til hugar að vilja hreinsa stjórnina af allri sök í þessu máli. Einhverja sök á hún sjálfsagt, en ekki af fyrirhuguðu ráði, heldur af óviðráðanlegum orsökum. Þeir, sem í mjög mörg horn hafa að líta, geta ekki sint öllum málum sem skyldi, og má ætið deila um, hvort þeir gera sitt ítrasta. En hinu hjelt jeg og fram, að þingið á allmikla sök í málinu. Þingið hratt þessu máli af stað undirbúningslaust, og þann sannleika ætti líka að auglýsa. Jeg fæ ekki sjeð, að öll sönnunargögn hafi komið í ljós, þó að skýrsla nefndarinnar sje rjett, það sem hún nær.

Sannleikurinn fæst ekki allur, nema alt sje í ljós leitt, sem orsakað hefir hallann, en til þess er hvorki tími nje tækifæri á þessu þingi. En þegar menn hafa að eins hálfan sannleikann, og hann er notaður freklega til þess að áfella aðra, verður sá sannleikur oft verri en svartasta lygi.

Sigurður Stefánsson: Áður var að minsta kosti einn af ráðherrunum viðstaddur þessar umr., en nú sje jeg, að enginn þeirra er hjer í deildinni; stjórnin mun þykjast hafa gert hreint fyrir sínum dyrum og álítur óþarft að hlýða á frekari umr. í þessu máli.

Mál þetta hefir verið allmikið rætt og ákvæmlega. Þetta er nú 3. dagurinn, sem við erum í þessu Tjörnespensionati, og mun hv. þm. þykja fæðið svo gott, að þeir vilja ekki þaðan fara fyr en í fulla hnefana.

Jeg skal ekki endurtaka það, sem sagt hefir verið í þessu máli, en að eins víkja að hinni almennu hlið málsins og ummælum hæstv. forsætisráðh. um hana.

Hæstv. forsætisráðh. skildi svo till. nefndarinnar, á þgskj. 112, að með henni væri skotið skjaldbrandi fyrir allar frekari rannsóknir á Tjörnesnámunni. Jeg skil ekki, hvernig hæstv. forsætisráðh. getur lesið till. þannig. Þvert á móti er beint gert ráð fyrir því að halda áfram námurekstrinum, verði tekjuhalli hverfandi lítill í samanburði við þann halla, sem verið hefir undir stjórn landsstjórnarinnar. Að þessu leyti er till. fullskýr, eins og líka sessunautur minn, hv. þm. Dala. (B.J.), viðurkendi. Till. nefndarinnar og þær rökstuddu dagskrár, sem fram eru komnar, fara í sömu átt, nema hvað orðalagið í dagskrá hv. þm. S.-Þ. (P. J.) — verulegur halli — er óákveðnara en í till. á þgskj. 112. Að halda því fram, að með þessu sje loku skotið fyrir frekari framkvæmdir, get jeg ekki skilið. Nefndin gerir ráð fyrir því, að haldið verði á-

og rannsókn að ræða. Jeg gat um, að menn hefðu verið að gera ýmsar tilraunir þar norður frá, en jeg gat ekki um það, sem gerðist í vetur, er menn voru að leita fyrir sjer um kol. Það höfðu verið grafin námugöng, 200 fet inn í bakkann; þá þraut kolin alt í einu, og talsvert verk var því að mestu unnið fyrir gýg. Þetta getur eðlilega komið fyrir í öllum námum, því þær geta verið brotnar í sundur og kolin því horfið á kafla, og þarf þá að leita að þeim, og eins og gefur að skilja, er að þessu mikill aukakostnaður, en einnig töluverð rannsókn.

Þá hefir líka verið allmikið minst á fæðiskostnaðinn og hversu óheyrilega dýr hann hafi verið, eitthvað kr. 3,20 á dag. Jeg hefi litið svo á, að það væri óheppilegt að láta fæðið ókeypis til reiðu, en áleit rjettara að haga því eins og í vegavinnu landssjóðs, láta verkamenn fæða sig, og getur þá hver og einn ráðið mataræði sínu, hversu dýrt það skal vera. Að þessu leyti held jeg að ekki hafi verið rjett að farið. En til afsökunar fæðiskostnaðinum skal jeg geta þess, að alt er geysidýrt, sem þarf til fæðis þarna umhverfis námuna; flutningskostnaður er geysidýr, og svo er landi þannig háttað þar nærlendis, að lítið er um mjólkurframleiðslu, svo að kaupa verður hana langt að, og er þó hörgull á henni, því ekki er þannig háttað í Þingeyjarsýslum, að hentugt sje að hafa þar stór kúabú. Mennirnir, sem við kolagröftinn fást, finna því lítið til þess, að þeir sjeu í sveit, og njóta lítið þæginda sveitalífsins.

Til samanburðar skal jeg geta þess, að í haust var haft matarfjelag á Húsavík í sláturtíðinni, þar sem verkafólkið hafði ókeypis hús og áhöld, en að öðru leyti borguðu þeir sjálfir matreiðslu. Þegar upp var gert, kom það í ljós, að maturinn kostaði um kr. 2,60 fyrir manninn á dag. Mig furðar ekki, þó maturinn yrði dýrari í námunni, en að vísu hefði munurinn ekki þurft að verða svona mikill, ef sparlega hefði verið á haldið.

Þá er að minnast á kolaverðið. Stjórninni hefir verið legið á hálsi fyrir að hafa ekki ákveðið það hærra þegar í byrjun. Jeg hygg, að það sje of hörð krafa að ætlast til þess, að stjórnin hefði gert það, og býst við, að stjórnin hafi miðað við verð á erlendum kolum, eins og það var þá, og svo við gæði þessara kola og gildi, í augum manna, er kaupa áttu. En nú var þetta hvorttveggja á nokkuð miklu reiki. Ekki varð það vitað um erlendu kolin, að þau yrðu eins dýr og raun varð á, er kom fram á sumarið, og svo höfðu þau íslensk kol, sem gengið höfðu manna á meðal, verið illa hreinsuð, og reyndust því misjafnlega. Jeg held því, að kolaverðið íslenska, hefði þótt nokkuð hátt, ef mikið hærra hefði verið farið en gert var, og hefði það spilt sölunni eða kann ske eyðilagt hana með öllu. En nú var um að gera að selja kolin og flytja á burt um sumartímann það, sem til var jafnóðum. Það tel jeg hafa verið ókleift að giska á um sannvirði kolanna fyrirfram eða jafnóðum og unnið var. Kolanámi er svo hagað, að mikið er forvinna, og sjest ekki eftirtekja af allri vinnunni fyr en eftir langan tíma.

Hv. frsm. (G. Sv.) mintist á, að jeg hefði tekið það hlutverk að mjer að bera blak af stjórninni, og væri nokkurskonar „autoriseraður“ málsvari hennar í þessu máli. Jeg hefi ekki verið „autoriseraður“ hjer á þingi til neins, hvorki nú nje fyr, og alt það, sem jeg segi, er upp á minn reikning. Jeg talaði eftir

hv. frsm. (G. Sv.) á dagskrá minni, álít jeg mig knúðan til að gefa skýringu á því, hvernig hún er til komin og hvað jeg meina með henni. Þegar jeg lagði dagskrána fram, þá áleit jeg, að hún þyrfti ekki skýringar við, mjer virtist hún svo skýr, en úr því farið var að leggja hana út á rangan veg, skal jeg skýra hana nokkuð.

Jeg áleit ekki rjett, eins og skilja verður þingsályktunartill., að stöðva námureksturinn meðan þær tilraunir standa yfir, sem nú er verið að gera þar nyrðra, og vil jeg því, að haldið verði áfram rekstrinum fram eftir sumrinu, eða þangað til sjeð verður fyrir, hvernig þær muni reynast. Mjer hefir sem sje heyrst það á tali hv. frsm (G. Sv.), að nú væri náman komin undir þá stjórn, sem telja mætti ábyggilega, en það er stjórn vegamálastjórans og hins erlenda námuverkfræðings, og þetta er einnig tekið fram í skýrslu nefndarinnar.

Hvort halda beri þessari tilraun áfram í alt sumar er ekki tekið fram í dagskránni, og verður það auðvitað að fara eftir því, sem þessari nýju stjórn líst.

Að fengnum þessum upplýsingum er jeg sammála nefndinni um það, að hætta beri námugrefti þar norður frá, svo framarlega sem það verður uppi á teningnum, að tekjuhalli verði til muna. Hv. frsm. (G. Sv.) fanst ákvæðið um tekjuhallann í dagskrá minni vera nokkuð óákveðið, en álitamál er, hvort ákvæðið „hverfandi lítill", sem stendur í till., sje nokkuð ákveðnara. Jeg geri ráð fyrir, að þar sem ekki er verulegur halli, þar megi heita svo, að hallinn sje hverfandi lítill. En jeg vildi ekki, að algerlega yrði fyrirbygt, að stjórnin hjeldi áfram rekstrinum, þó ekki yrði hægt að fá fulla vissu fyrirfram um rekstur námunnar hallalaust. Ef stjórninni væri með öllu meinað að halda rekstrinum áfram, þá væri það líka í ósamræmi við það, sem hv. deild hefir gert í öðru máli, því það hefir nú verið samþ. hjer og sömuleiðis í Ed. að veita sýslunefnd Strandasýslu styrk til kolanáms, sem svarar 10 kr. á hverja smál. Það mætti líta svo á, að þingið teldi það ekki teljandi halla, þó hann næmi 10 kr. á hverja smál., en teldi það aftur verulegan halla, ef hann færi þar yfir. Jeg held þess vegna, að mælikvarðinn fyrir því, hvað sje „verulegur halli", sje nokkuð fenginn með því, hvernig hv. Alþingi snýr sjer við till. um kolanám í Gunnarsstaðagróf.

Jeg skal láta þess getið, viðvíkjandi rökstuddu dagskránni frá hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), að mjer liggur það í ljettu rúmi, þó hún verði samþ. frekar en mín. Að eins hefi jeg það að athuga við hana, að hún fer fram á, að ekki verði fengist við námugröft á þessu sumri nema það varði fyrirfram hægt að fá sönnun fyrir, að það verði hallalaust. En verði hvorug þessi dagskrá samþ., býst jeg við, að útskýring sú, sem gerð var af hv. frsm. (G. Sv.) og fleirum, viðvíkjandi þingsályktunartill., komi ekki að gagni, því að í raun og veru er niðurstaða hennar alveg sú sama og dagskránna, ef marka á útskýringuna. En ef dagskrárnar verða feldar og till. samþykt, þá verður líklega að álíta svo, að tillöguna beri að skilja eftir bókstafnum, en ekki eftir útskýringunni, en það álít jeg mjög óheppilegt.

Úr því að jeg stóð upp, þá verð jeg að minnast með örfáum orðum á fleiri atriði í þessu máli. Jeg gat um það, er jeg var að bera í bætifláka fyrir hinn mikla tekjuhalla, er verið hefir á námunni, að taka yrði meira tillit til þess en gert hefir verið, að hjer er um tilraun

virðist það nú ómótmælanlegt, að tapið við námureksturinn hafi orðið slíkt, sem skýrt er frá, eða rúmlega 100 þús. kr. Mjer virðist stjórnin ekki hafa neitað því.

Hitt, sem hæstv. forsætisráðherra vjek að, að á þetta mætti líta sem nokkurskonar dýrtíðarráðstöfun, þá virðist mjer, að það nái ekki nokkurri átt. Ef stjórnin hefði ætlað sjer að selja kolin undir verði, sem hún mun í sjálfu sjer ekki hafa haft heimild til, þá þurftu þau fríðindi að koma fleirum að notum en einni eða tveimur sýslum, svo það má ekki bera því við.

Því meir sem jeg hefi hugsað um málið, því ríkari hefir sú sannfæring orðið hjá mjer, að í þessu máli beri þinginu að taka verulega og ákveðið í taumana, á þann hátt, að námurekstrinum verði ekki haldið áfram á landssjóðskostnað nema að alt sje látið bera sig. Og því frekar vil jeg setja skorður við frekara framhaldi námurekstrarins með tapi, þar sem mjer virtist hæstv. stjórn ekki óa svo mjög við, þó nokkur skaði kynni að verða á námurekstrinum í framtíðinni.

Stjórnin hefir verið nokkuð vítt í umræðunum fyrir meðferð þessa máls, sumpart með rjettu, en sumpart ef til vill of freklega, því ekki er hægt að neita því, að byrjun þeirra fyrirtækja, sem enginn hefir sjerþekkingu í, er vandasöm og hætt við árekstri. Jeg ætla ekki að kveða upp neinn áfellisdóm, nje heldur sýknunardóm, um það, sem á undan er gengið. En nú álít jeg, að málið sje komið í þingsins hendur, og á þess ábyrgð verður það, hvernig fer um framhaldið. Í þessu sambandi skal jeg þá geta þess, að þær tillögur, sem fram hafa komið, geðjast mjer ekki með öllu.

Þingsályktunartill. er, að því er mjer virðist, fremur óákveðin, því lengi má þrátta um það, hvort hallinn er hverfandi lítill eða ekki, og síðari liðurinn heyrir ekki beint til Tjörnesmálinu.

Rökstudda dagskráin frá hv. þm. S.-Þ. (P. J.) virðist mjer þó enn lakari, að því leyti, að þar er stjórnin eggjuð til að halda námurekstrinum áfram þó halli verði, því hvað er verulegur halli? Sumum þykir ef til vill ekki verulegur halli á svona fyrirtæki fyr en komið er upp í 50 þús. eða má ske 100 þús. kr. Þess vegna get jeg ekki aðhylst þessa dagskrá.

Af því að jeg vil, að skorður sjeu reistar við því, að landssjóður reki námuna til lengdar með nokkrum halla, þá ætla jeg að leyfa mjer að bera hjer fram rökstudda dagskrá, sem jeg ætla að leyfa mjer að lesa upp, með leyfi hæstv. forseti:

> **Sýni það sig í sumar, að eigi sje hægt að reka Tjörnesnámuna hallalaust fyrir landssjóð, undir stjórn vegamálastjóra, álítur deildin rjett, að hætt sje við námureksturinn upp á landssjóðs kostnað, og reynt sje því að leigja námuna út, og í trausti þess, að stjórnin taki það ráð, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

Vona jeg í raun og veru, að allir geti gert sig ánægða með þessi málalok. Framsetningin á að vera sleggjudómalaus, og jeg býst við, að þetta geti nálgast hugsun bæði nefndarinnar og hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Og kostur er það fyrir stjórnina, að hjer hefir hún ákveðið að halda sjer við. Leyfi jeg mjer að svo mæltu að afhenda dagskrána hæstv. forseta.

Pjetur Jónsson: Jeg ætlaði mjer ekki að tefja umr. í þessu máli meir en jeg gerði um daginn, en vegna útskýringa

við hliðina á landssjóðsnámunni, og selur kolin þó lægra verði en landsstjórninni finst hæfilegt nú. En þrátt fyrir alt þetta finst stjórninni það altaf óvirðing í sinn garð, ef gerð er tilraun til þess að láta hana hætta við eitthvert fyrirtæki, sem hún er byrjuð á og hefir reynst óhæf að veita forstöðu. Jeg minnist landsverslunarinnar í fyrra. Henni var ekki ljúft að láta hana af hendi. Hjer er nú svo komið, að landsstjórnin hefir sjeð hentast að útvega sænskan verkfræðing til umsjónar með kolanámunni. Jeg skal láta ósagt, hversu þessi ráðstöfun er hyggileg. En áreiðanlega er hún spor í rjetta átt. En var ekki hægt að fá þennan mann í fyrra? (Atvinnumálaráðh.: Það var ekki hægt). Mjer þykir einkennilegt, að stjórnin skuli ekki hafa sýnt fram á, hverjar tilraunir hún hefir gert í þá átt.

Hv. þm. Dala. (B. J.) kvað skýrslu nefndarinnar ófullkomna. En ástæða hans fyrir þessari staðhæfingu var sú, að hann hefði heyrt greinagóðan mann segja það. Önnur rök bar hann ekki fram, enda voru þau ekki til. En sannleikurinn er sá, að skýrslan er hlutdrægnislaust samin, eftir þeim gögnum, sem nefndin hafði til meðferðar, og hefir hún hvergi hallað rjettu máli. Hún hefir samið skýrsluna svo samviskusamlega, sem auðið var. Þar er hvergi farið með æsingum eða stóryrðum í garð stjórnarinnar. En þegar nefndin leggur til, að náminu skuli ekki haldið lengur áfram en sýnt er, hvort það svarar kostnaði, þá er þetta kallað árás á stjórnina. En slíkt er firra. Jeg spyr, hvort nokkuð þýði að víta gerðir slíkrar stjórnar, er tekur rjettmætar aðfinslur svo nærri sjer og flokkur manna skipar sjer um, til þess að verja alt óviðfeldið og átöluvert í fari hennar.

Hv. þm. Dala. (B. J.) tók það fram, að taka bæri tillit til, í hvaða verði kolin væru, en það er einmitt þetta, sem fær mann til að hugsa, að hægt verði að vinna kolin hallalaust með þessu verðlagi, og ef þau eru ekki keypt, þá er tvent til, annaðhvort að eldsneytisþörfin er ekki eins mikil og af er látið, eða þá að kolin eru ekki nógu góð. Jeg sje litla ástæðu til að fara út í einstök atriði eða að ræða málið yfirleitt lengur, því litlar líkur eru til, að meiri upplýsingar fáist í málinu en þegar eru fram komnar. Hver þm. hefir þegar fengið að sjá framkomu stjórnarinnar og varnir, og þær gefa ekki minsta tilefni til, að þingsályktunartill. verði ekki samþykt, heldur finst mjer hún þvert á móti vera nauðsynleg og sjálfsögð.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 112, 111).

Þorleifur Jónsson: Um mál þetta hafa orðið miklar umr. undanfarna daga, sem að vísu er von. Það er eðlilegt, að námurekstur á Tjörnesi veki umtal manna og athugun, ekki að eins hjer á þingi, heldur og einnig úti um land. Þingið hefir nú undanfarna daga verið að athuga gerðir stjórnarinnar í málinu, og hefir hv. frsm. (G. Sv.) nokkuð vítt þær. En nú munu landsmenn taka til að athuga gerðir þingsins í málinu, því að kalla má, að það sje hjeðan af að miklu á þess ábyrgð, hvernig framhaldið verður. Við, sem ekki höfum verið í fjárhagsnefnd, höfum að vísu ekki neitt að styðja álit okkar við, annað en skýrslu þá, er prentuð er á þgskj. 111, og svo það, sem komið hefir fram í umr. Og eftir öllu, sem fram hefir komið,

vegar vil jeg taka það fram, að jeg hvorki get nje vil bera ábyrgð á öllu því, sem hv. framsm. (G. Sv.) hefir sagt um þetta mál hjer í deildinni.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls að þessu sinni. En jeg hefi nú fundið ástæðu til að athuga ofurlítið einstaka atriði þessa máls.

Hæstv. forsætisráðherra gerði kolareikninginn upp á annan veg en aðrir hv. ræðumenn. Hann vildi sem sje halda því fram, að vinslukostnaðurinn væri goldinn með kolunum. Það er að skilja, að kolin væru svo mikils virði, að ef smálestin væri seld á 100 kr., ættu þessar 1500 smálestir að borga kostnaðinn. Þessi skýring er dálítið einkennileg. Því að með henni er gefið í skyn, að stjórnin hafi hitið svo á, að heimilt hafi verið að selja kolin undir verði. Hið fyrsta, sem stjórninni bar að athuga, var, hve hún verði skyldi selja kolin. Ef hún hefði verið þeirrar skoðunar, að heimilt væri að selja kolin undir verði, eins og heimildð var í fjártiðarlögunum, átti hún að skifta kolabirgðunum jafnt niður á sýslur landsins, eftir þörfum. En nú er því ekki að fagna, því að kolin úr þessari námu hafa öll runnið til örfárra sýslna. Af þeim 1100 smálestum, sem seldar voru fyrir 9. mars, fóru 900 smálestir til Reykjavíkur, Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar og Þingeyjarsýslu, en að eins 175 smálestir til annara staða á landinu. Og þar að auki er þess að gæta, að staðir þeir, sem næstir voru námunni, fengu kolin ódýrari en aðrir landshlutar, en urðu að greiða flutningskostnað. Þessi úthlutun hefir því komið svo misjafnt niður, að ekki getur komið til mála, að stjórnin hafi framkvæmt hana að vilja þingsins.

Þá gat hæstv. forsætisráðherra þess, að stjórnin hefði orðið að selja kolin verði, sem þau gátu selst fyrir. En hvar er þá eldsneytisþörfin, ef menn vilja ekki kaupa þau samgjörnu hlutfallsverði við erlend kol?

Það var ótvírætt álit nefndarinnar, að rjettast væri að bjóða út námuna, því að reynslan væri sú, að það borgaði sig.

Hæstv. forsætisráðherra gat þess, að framkvæmdir hins opinbera væru dýrari en framkvæmdir einstakra manna. Þetta er rjett. En einkennilegt er það, að framkvæmdir stjórnarinnar skuli ekki borga sig eins vel og framkvæmdir einstakra manna, sem hafa minna fje. Eitthvað hlýtur að vera athugavert við slíkt, og manni dettur í hug hirðuleysi um að inna verkið vel af hendi. Og mjer virðist auðsætt, að um líkt hirðuleysi hafi verið að ræða hjá stjórninni í kolamáli þessu, þar sem hún leitast ekki við að komast á snoðir um, hvaða verði væri hæfilegt að selja kolin, og selur þau svo ihugunarlaust út í bláinn og hækkar ekki á þeim verðið fyr en um nýár.

Nú ætlar stjórnin að halda kolanáminu áfram. En jeg fæ ekki skilið, að hún geti nú haldið því áfram hallalaust, án þess að gera sjer ljósa grein fyrir kolaverðinu. En hins vegar hygg jeg, að ef kolin verða seld því verði, er samsvarar framleiðslukostnaði, muni eftirspurnin verða minni en áður. Og þá rekur að þeirri spurningu, hvort ráðlegt sje að halda kolanáminu áfram. Nefndinni dukdist ekki, að ætti að halda náminu áfram, yrði framleiðslukostnaður annars vegar og á hinn bóginn samgjarnt verð á kolunum að verða samferða. En ef þetta reyndist ekki kleift, áleit nefndin sjálfsagt, að landsstjórnin hætti kolanáminu og byði námuna út.

Einkennilegt virðist það, að einstakur maður rekur kolanámu með hagnaði

fyrir það virðist mjer engin tiltök að samþykkja slíka tillögu, er hjer liggur fyrir, sem er að eins marklaus áreitni gagnvart stjórninni, hvort sem háttv. þingdeild vill samþykkja rökstudda dagskrá eða vísa málinu til stjórnarinnar. En nær er þó að vísa þingsályktunartill. til stjórnarinnar heldur en fyrirspurn, sem gerð er til hennar sjálfrar, eins og átti sjer stað hjer á dögunum.

Jeg hygg, að þó ýmislegt kunni að vera ábótavant um rekstur námunnar, þá sje það fremur að kenna ósjálfráðum atvikum heldur en vanrækslu stjórnarinnar, og sjerstaklega að bróðurparturinn hvíli á þinginu fyrir vanrækslu á ráðstöfunum, sem þurfti að gera og samþyktar voru hjer, en svæfðar í hinni deildinni.

En hvort sem þessi ábyrgð er nú mikil eða lítil, ætti hún ekki að valda því, að hætt verði við kolanámið þegar í stað, heldur ætti deildin að herða á vinnunni, en leggja jafnframt ríkt á við stjórnina, að þær vansmíðar, sem verið hafa á námurekstrinum, komi ekki fyrir aftur. Jeg hefði ekki haft neitt á móti, að fundið hefði verið að gerðum stjórnarinnar í þessu máli, ef þeim aðfinslum hefði verið stilt í hóf.

En hjer læt jeg nú staðar numið, því að nú er fremur sókn en vörn af stjórnarinnar hálfu.

Einar Árnason: Þetta er að eins stutt athugasemd, í sambandi við orð háttv. þm. Stranda. (M. P.).

Hann gat þess, að að skýrslunni stæðu menn úr öllum þingflokkum. Jeg skal þess vegna skýra afstöðu mína til málsins.

Þegar jeg sá uppkastið að skýrslunni hjá skrifara nefndarinnar, var mjer strax ljóst, að blærinn á henni var ekki sem viðkunnanlegastur. En það þóttu mjer svo miklir smámunir, að jeg vildi ekki gera það að ágreiningsefni og skrifaði því undir fyrirvaralaust. Það eitt var mjer aðalatriði, að skýrslan væri að efni til rjett; og jeg hafði fyrirfram enga ástæðu til að ætla, að svo væri ekki, hafði heldur engin gögn til þess að sanna það gagnstæða. Enda mundi þá koma fram í umræðunum í deildinni, ef rangt væri farið með einhver atriði. En jeg hafði orð á því, að mjer fjelli þingsályktunartillagan ekki alls kostar í geð, — þótti viðurhlutamikið, ef nú þegar yrði hætt kolanáminu, og það af tveim ástæðum. Í fyrra lagi af því, að hjer hafði verið lagt mikið í kostnað með áhöld og byggingar til starfrækslunnar, og því óhyggilegt að hætta vinnunni á besta tíma ársins. Og í síðara lagi virtist hjer vansjeð, hve miklum eldivið þjóðin hefði úr að spila á næsta vetri. En skrifari nefndarinnar skýrði mjer frá, að eigi bæri að skilja tillöguna á þann veg, að vinnunni skyldi hætt nú þegar, heldur skyldu gerðar frekari tilraunir nú fyrst um sinn. Og með þetta fyrir augum ljet jeg óátalið, að tillagan yrði borin fram í nafni allrar nefndarinnar. Ella mundi jeg ekki hafa ljeð henni fylgi mitt.

En nú er fram komin rökstudd dagskrá, sem er algerlega í samræmi við skoðun mína á málinu. Og ef dagskrá þessi verður feld, getur stjórnin ekki skilið tillögu nefndarinnar á annan veg en hætta skuli kolanáminu þegar í stað. Því það kom ekki nógu skýrt í ljós í ræðu hv. framsm. (G. Sv.), hvers nefndin ætlaðist til um vinnuna framvegis.

Eins og jeg þegar hefi tekið fram, fann jeg ekki ástæðu til að skorast undan að skrifa undir skýrsluna. En hins

standa eitt fyrir sig, hvernig sem því svo reiðir af í henni. Hitt sýnist mjer í sjálfu sjer ekki svo mjög óeðlilegt, að málið gangi nú til fjárveitinganefndar, þótt svo hafi farið í allsherjarnefnd, að hún hafi ekki getað fallist á þetta frv., því ef hún hefði fallist á að láta það ganga fram í einhverri mynd, þá hefði þurft að skjóta því til fjárveitinganefndar til þess að fá álit hennar.

Eins og þingsköpin eru nú, er ekkert á móti vegi, að málið komi til fjárveitinganefndar, ef menn vilja, að það komist fram í einhverri mynd. Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir ekki athugað þessa breytingu á þingsköpunum, þegar hann var að mótmæla því, að málið kæmi í fjárveitinganefnd.

Jeg býst við því, að sú stjórn, sem býr mál undir næsta þing, verði fús á að athuga, hvort tiltækilegt verður að koma fram með alment launalagafrv. Það fer að verða nauðsynlegt að gera það, þegar altaf er verið að breyta launakjörum opinberra starfsmanna. Nú á síðustu árum hefir verið breytt launakjörum við alla þá menn, sem ekki er beint lögákveðið hver laun skuli hafa. Það er ekki til neins að tala um það, að ekki megi breyta launum einstakra flokka, þegar altaf er verið að breyta launum einhverra. Það breytir auðvitað engu, að þessu leyti, hvort veiting embættisins er konungleg eða ekki.

Sveinn Ólafsson: Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir tekið af mjer ómakið, því hann tók fram flest það, sem jeg hefði annars viljað athuga við málið. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir stungið upp á því, að fela málið annari nefnd en áður hefir um það fjallað, skjóta því frá hv. allsherjarnefnd, þar sem hann er formaður, til hv. fjárveitinganefndar. Í þessu liggur ómaklegt vantraust til allsherjarnefndar, og er það kynlegt að heyra úr þessari átt.

Jeg á, með tveim öðrum þm., brtt. á þgskj. 213, og ætlaði jeg að mæla með þeim. En af því að útlit er fyrir, að málið eigi lengri leið gegnum deildina, þá sleppi jeg því að tala nokkuð frekar um þessar brtt. Jeg hafði vænst þess, að till. þessar leiddu til samkomulags, og líkurnar voru þar talsvert miklar, hefðu eigi þessi óvæntu hausavíxl orðið á meðferð málsins. En nú er von á hæstarjettardómi fjárveitinganefndar, og ætla jeg að bíða með að mæla með brtt. þangað til hann er upp kveðinn.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg geri ráð fyrir, að þessari umr. verði frestað, ef málinu verður vísað til annarar nefndar, sem jeg óska ekki og hafði ekki búist við. Jeg hafði ætlast til, að málið yrði tekið til almennrar yfirvegunar við þessa umr.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að eins að gera dálitla athugasemd um þingsköpin. Hv. sessunautur minn, þm. N.-Ísf. (S. St.), var að tala um, að það væri lítilsvirðing við allsherjarnefnd, ef máli, sem hún hefir haft til meðferðar, er vísað í aðra nefnd. Þetta er misskilningur. Enda sýnir það sig best, hvers trausts og virðingar þessi nefnd hefir notið hjá deildinni, að fjórir fimtu hlutar allra þeirra mála, sem borin hafa verið fram, hafa verið falin hennar forsjá að öllu leyti. Það brygði því undarlega við, ef nú þyrfti í þessu skyni að vísa máli frá henni til annarar nefndar. En þessa þarf í öðru skyni. Það hefir gleymst að leita álits fjárveitinganefndar um fjárhags-

hlið málsins. En það ber að gera um hvert það mál, sem ný útgjöld hefir í för með sjer. Jeg vil leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þá málsgrein úr 16. gr. þingskapanna, sem svo kveður á:

„Nú er borið upp frumvarp eða þingsályktun, sem fer fram á aukin útgjöld úr landssjóði, og er því máli vísað til nefndar, og skal þá sú nefnd, ef hún ætlar að mæla með frumvarpinu eða tillögunni, leita álits fjárveitinganefndar í málinu".

Nú er það að vísu rjett, að meiri hluti nefndarinnar ætlar sjer ekki að mæla með frv., og þyrfti því ekki að leita álits um fjárveitinguna. En minni hlutinn mælir með frv., og honum bar að styðja meðmæli sín við álit fjárveitinganefndar. Hvort sem það er meiri eða minni hluti nefndar, eða nefndin öll, sem leggur til, að mál verði samþykt, þá hlýtur sama skyldan að hvíla á þeim, sem það gerir, — þó það sje ekki nema einhver hluti nefndar, — að leggja málið fyrir fjárveitinganefnd, ef það fer fram á aukin útgjöld. Jeg bendi á þetta, til þess að sýna fram á, að það getur ekki verið rjett, að allsherjarnefnd sje sýnd nein óvirðing, þó málið sje nú látið ganga til fjárveitinganefndar. Það er eðlilegur gangur málsins og í samræmi við þingsköpin, að álits hennar sje leitað. Þá verður að sjálfsögðu að fresta þessari umr.; að öðrum kosti verður ekki farið með málið í nefndinni.

Það er því ekki mannskemd eða óvirðing fyrir nokkurn mann, þó þessu máli sje nú vísað til fjárveitinganefndar, en það ætti að verða málinu til gagns, að það verður nú skoðað af fleirum, svo fleiri geti látið álit sitt á því í ljós. Þetta er að eins athugasemd um þingsköpin, en ekki nein almenn yfirvegun um málið.

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Jeg ætla að eins að gera örstutta athugasemd, út af ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hann taldi það skrítið að fara að vísa málinu til fjárveitinganefndar. Hv. þm. ætti þó að skilja, að þetta er ekki á móti þingsköpunum. Þau banna það alls ekki, að máli sje vísað til annarar nefndar, þótt ein hafi um það fjallað. Það er meira að segja heimilt að vísa sama máli til sömu nefndar og áður hefir haft það til meðferðar, og er þó ekki minna vantraust í því. Það er rjett athugað hjá hv. þm. Dala. (B. J.), að þó það sje ekki nema minni hluti nefndar, sem mælir með einhverju máli, þá verður hann að bera það undir fjárveitinganefnd, sje um útgjöld að ræða. Jeg verð að viðurkenna, að það er mín sök, að þetta mál hefir ekki verið borið undir hana. — En að jeg kem með þessa till. nú, kemur hvorki af trausti nje vantrausti á mjer eða allsherjarnefnd. Hjer í deildinni var samþ. þingsályktun um það, að fjárbeiðnum frá einstökum embættismönnum skuli ávalt á þessu þingi vísað til fjárveitinganefndar. Nú er þetta mál að vísu ekki fjárbeiðni að forminu til, heldur sprottið af beiðni hlutaðeigandi embættismanna til stjórnarinnar að taka þetta mál til meðferðar. Nú er altaf verið að tala um það í þessari hv. deild, að ekki megi taka einstaka flokka út úr heild, heldur eigi að fá yfirlit yfir málið alt, og það er, eftir mínum skilningi, ástæðan til þess, að þingsályktunin um að fela fjárveitinganefnd þessi málefni er komin fram. Jeg vona, að hv. deild sje samþykk þessum skilningi.

Þess vegna álít jeg rjettast, að þetta mál, sem launamál, eigi að fara til sömu nefndar, til þess að hún reyni að koma einhverju „systemi“ í það. Hvort þetta, að máli, sem ein nefnd hefir farið með, sje síðar vísað til annarar, hefir komið fyrir áður í sögu þingsins, varðar mig ekki um; það er jafnrjettmætt í þessu efni fyrir því, fyrst það er í samræmi við þingsköpin.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var alveg sammála hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), og hefi jeg því svarað honum um leið. Það, sem hann sagði, var ekki annað en upptugga úr hinum. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var eins og skuggi af hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Þegar menn hafa fengið „originalinn“, þá þýðir ekkert að vera að eltast við „kopiuna“.

Mjer skildist á hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að hann áliti, að launamálið þyldi enga bið. Jeg er honum alveg samdóma um það. En hvernig stendur þá á því, að hann kemur fram með dagskrá, sem fer alveg í öfuga átt við þessi rjettmætu orð hans. Jeg felst á það, að fyrst stjórnin hreyfði launamálunum á annað borð, þá sje notað tækifærið til þess að gera heildaryfirlit yfir þau, þó ekki væri nema til bráðabirgða, t. d. meðan stríðin stendur. — Ef dagskráin verður samþykt, þá verður afleiðingin sú, að þessi mál verða ekki tekin til meðferðar á þessu þingi. Samkvæmt þingsköpunum má ekki taka fyrir á sama þingi frv., sem felt hefir verið, nje heldur frv. um sama efni. Nú telst það frv. fallið, sem afgreitt er með dagskrá. Á þessu þingi mætti þá ekki taka upp frv., sem fer fram á að hækka laun þeirra embættismanna, sem nefndir eru í þessu frv., og með því, að samþ. væri að taka ekki einstaka flokka út úr heildinni, væri ekki hægt að bera fram hækkun á launum annara embættismanna eða starfsmanna, nema þessir væru teknir með. Kjör allra starfsmanna yrðu því að standa í stað. Jeg skil því ekki í því, að hv. deildarmenn geti fallist á þessa dagskrá, af þessum ástæðum, auk þess sem það dylst ekki, að kjör þeirra manna, sem frv. þetta ræðir um, eigi að bæta, því engir eiga í raun og veru meiri sanngirniskröfu til launahækkunar en einmitt þeir.

Jeg legg því til, að mín till. verði samþ., hvort sem hún verður skoðuð sem vantrausts- eða traustsyfirlýsing til allsherjarnefndar. Eins og málinu er komið verður að álíta rjettast að fresta umr. og vísa málinu til fjárveitinganefndar.

Sigurður Stefánsson: Það getur verið mikið satt, sem hæstv. forsætisráðherra sagði, að rjettara hefði verið að dagskrá mín hefði komið í launamálinu, sem nú var til umræðu. En á þessum tímum eru svo margir vanhaldnir, að mjer finst rjett, að farið sje að búa undir, ekki sjerstök launalög, eins og frv., sem hjer liggur fyrir, heldur lög um laun allra embættismanna landsins, eins og launamálanefndin ætlaðist til. Mjer dettur í hug, en jeg skal játa, að jeg er ekki svo lögfróður, að jeg geti ábyrgst hvort það er rjett, að dagskráin geti gripið aftur fyrir sig, til frv., sem samþykt var hjer næst á undan, eða jafnvel til allra launamála, sem taka þarf til endurskoðunar. (**E. A.:** Það getur hún alls ekki). Jæja, það má vel vera, að mjer skjátlist í því efni.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að dagskrá mín kæmi í mótsögn við þá viðurkenningu, að launakjör þessara embættismanna þyrftu bráðra bóta við, þá skal jeg geta

þess, að það var ætlun mín, að til bráðabirgða mætti bæta úr því með dýrtíðaruppbót. Þessa menn má einu gilda, hvernig það er gert, þegar, eins og hv. þm. (E. A.) gekk út frá, má búast við almennu launafrumvarpi á næsta þingi. Sú breyting, sem þá kann að verða gerð, kemur auðvitað jafnt niður á þessum embættismönnum og öðrum. Jeg vildi því, að hv. deild tæki til athugunar, hvort ekki mætti bæta úr brýnustu þörf, bæði þessara manna og annara, með dýrtíðarbót.

Ef dagskrá mín verður feld, get jeg ekki verið með frv. í neinni mynd, en mun þó hallast að því að reyna að bjargast við dýrtíðaruppbót fyrst um sinn.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsætisráðherra sagði, að það hlyti að vera sagt móti betri vitund, að ekki mætti taka út úr heildinni einstaka liði launamálsins og breyta þeim, þá verð jeg, að því er snertir meiri hl. allsherjarnefndar, að leyfa mjer að mótmæla þessu. Þeir menn, sem hjer er um að ræða, eru í hæstu launaröð allra embættismanna landsins. Þeim, sem lægra eru launaðir, væri því stór órjettur ger, ef farið væri að taka þessa menn út úr og hækka laun við þá, en láta alla aðra sitja við sömu kjör og áður. Þegar svona stendur á, eins og hjer, að miða verður launabætur manna við sannar þarfir, fjárhagsins vegna, þá er ekki hægt að sjá, að nein knýjandi nauðsyn sje til þess að fara að taka þennan eina flokk út úr heildinni. Ef slíkar undantekningar ætti að gera, þá yrði að minsta kosti að styðja þær við rjettmætar sanngirniskröfur, en ekki við ímyndaðar virðingarstöður. Jeg verð því að mótmæla þessum áburði hæstv. forsætisráðherra, sem hann hefir látið sjer sæma að bera á meiri hl. allsherjarnefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er best, þegar mótmælt er, að mótmæla þá því, sem sagt er, en ekki því, sem aldrei er sagt. Jeg sagði ekki, að nefndin hjeldi því fram móti betri vitund, að ekki ætti að taka einstaka liði út úr launaheildinni, eða að ekki væri ástæða til að taka þennan einstaka lið út, sem hjer er um að ræða. En hitt sagði jeg, að nefndin gerði það móti betri vitund, ef hún hjeldi því fram, að órjett væri að gera þessa launabreytingu fyrir þá sök eina, að með því væri tekinn einstakur flokkur út úr heildinni. Því þegar þingið í fyrra tók út úr alla póstmenn, og þingið núna alla símamenn, þá er ekki hægt að segja, að hjer sje verið að stíga neitt nýtt spor. Þetta er því ekkert nema misskilningur hjá hv. þm. Borgf. (P. O.). Sem sagt er það ákaflega góð regla, þegar mótmælt er, að vita, hverju maður er að mótmæla.

Frsm. minni hl. (Einar Arnórsson): Jeg held, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hafi misskilið eitthvað það, sem jeg sagði áðan. Mín meining var ekki sú, að ef valin yrði sú leiðin, að hækka dýrtíðaruppbótina, að dagskráin útilokaði það. En jeg taldi líklegt, að hv. fjárveitinganefnd mundi vilja fara aðra leið, t. d. búa til bráðabirgðalaunalög. Hv. þm. (S. St.) var því að tala um alt annað en jeg. Ef jeg tala í austri, þá vil jeg ekki, að hann tali í vestri, og ef jeg tala um kynbætur hesta, þá er ekki til neins, að hann tali um snjó í Esjunni.

Ef hv. fjárveitinganefnd kemur fram með umbætur á launalögunum í heild sinni, þá vildi jeg ekki, að deildin útilok-

aði, að það yrði tekið til meðferðar. (S. St.: Það kemst aldrei í gegn). Það getur vel komist í gegn, því hv. þm. (S. St.) er ekki nema 26. hluti af deildinni. En ef hv. nefnd kynni að leggja það til, að gerðar yrðu bráðabirgðaumbætur á launalögunum, þá gæti deildin ekki tekið það til meðferðar, ef dagskráin yrði samþ., því í því frv. yrði samskonar ákvæði um laun yfirdómaranna og skrifstofustjóranna og vísað væri frá með dagskránni. Þetta var það, sem jeg vildi benda á, áður en leitað er atkv.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Ísf., S. St., (sjá A. 300) feld með 13 : 1 atkv.

Frv. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með 15 : 3 atkv.

Umr. frestað.

Álit fjárveitinganefndar kom ekki, og var því málið ekki tekið á dagskrá framar og varð

ekki útrætt.

---

2. Skipun barnakennara og laun.

Á 2. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um skipun barnakennara og laun þeirra (A. 6).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er sama um þetta mál að segja og hið fyrra, að jeg tel alveg nægilegt að vísa til ástæðnanna fyrir frv., og um leið vil jeg geta þess, að það er í raun og veru eftir áskorun hv. deildar sjálfrar, að þetta mál kemur hjer fram. Jeg get auðvitað ekki fullyrt það, að hv. deild hafi beint ætlast til þess, að tillögur um bætur á launum kennara kæmu fram í frumvarpsformi. En með því að mjög ákveðnar kröfur um hækkun á launum kennara hafa komið fram í þessari hv. deild, þykir mjer eigi þörf á að mæla neitt með þessu frv. Það voru mjög margir hv. þm. í fyrra, er samþyktu þingsályktunartillögu um þetta mál, og vona jeg því, að frv. þessu verði vel tekið; enda hygg jeg, að hver og einn viðurkenni, að það sje hreint og beint minkun, hvernig farið er með barnakennara þessa lands, að því er laun þeirra snertir. Jeg ætla svo ekki að tala lengra um þetta að sinni, en legg til, að frv. verði vísað til hv. mentamálanefndar.

Þórarinn Jónsson: Það er sjálfsagt gott, að þetta mál er fram komið; en það getur samt verið álitamál, hvort, eins og nú stendur á, sje rjett að láta málið ganga fram. Eins og hv. deild er kunnugt, var þetta mál til umr. á síðasta þingi, og var þar vitanlega einnig talað um þetta atriði, launahækkunina, en jafnframt var það álitið nauðsynlegt, að ýmsar breytingar á fræðslulögunum yrðu gerðar samfara því. Mjer virðist þess vegna athugavert að láta málið ganga fram, eins og nú er ástatt. Í fyrsta lagi er alt útlit fyrir, að mörgum skólum verði eigi haldið áfram næsta vetur; í öðru lagi er það, eins og dýrtíðin kreppir að sveitum lands þessa, ekki líklegt, að sveitarsjóðir verði færir um að bæta á sig miklum útgjöldum, og í þriðja lagi er það álitið, að takmörk fræðsluhjeraðanna sjeu ekki haganlega ákveð-

in, eins og nú stendur. Er því þrent, sem mælir á móti þessu frv. Eftir tillögu fræðslumálastj. að dæma, álítur hann, að heppilegt sje, að hreppar sjeu færðir saman, og getur þetta í sjálfu sjer verið mjög heppilegt, og því verður naumast talið rjett að gera þetta frv. þegar að lögum, án þess að sjeð verði við afleiðingum þess; því það getur hæglega komið fyrir, að kennarar segi starfi sínu lausu, til þess að fá stjórnarráðsveitingu fyrir stöðunni. Og þó það yrði ákveðið við veitinguna, að þeir yrðu að sætta sig við breytingar þær, sem kynnu að verða gerðar á fræðsluhjeruðunum, þá myndu þó ýmsir verða óánægðir. Gæti þannig komið los á kennarana, sem telja verður mjög óheppilegt. Jeg hygg þessvegna, að nauðsynlegt sje að ákveða stærð og takmörkun fræðsluhjeraðanna og aðrar þær breytingar á fræðslulögunum, sem nauðsynlegar þykja, áður en þetta frumvarp er samþykt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg veit ekki, hvort hv. 1. þm. Húnv. (Þór J.) samþykti þingsályktunartill. síðasta Alþingis, sem var orsök til þess, að frv. þetta kom fram. En hafi hv. þm. (Þór. J.) samþ. hana, þá minnist hann þess ekki nú, hvernig hún er orðuð og hvað hún fer fram á. Þar er um tvö atriði talað, fyrst hverjar breytingar þurfi að gera á fræðslulögunum, svo að þau geti orðið til frambúðar, og annað, eins og það stendur í þingsályktunartill., hvernig megi komast hjá að láta kennara sæta miskunarlausri meðferð. Það ætlast þingsályktunartill. til að sje gert þegar áður en menn hafi komið sjer niður á gagngerðum breytingum á fræðslulögunum.

Það getur vel verið, að þingið álíti, að þessar breytingar geti komist á öðruvísi en með lögum, en þegar hv. deild er búin að viðurkenna, að kennarar sæti, af hálfu hins opinbera, miskunarlausri meðferð, þá vill hún líklega gera eitthvað til að bæta úr því, svo að jeg vona, að frv. fái að fara í nefnd, hvað sem um það verður að öðru leyti. Það er rjett, að ef þingið hyggur, að engin kensla verði að vetri, þá getur það haft mikil áhrif á það, hvort samþykkja beri þetta frv. nú þegar, eða láta það koma til framkvæmdar þegar í stað. En, sem sagt, verulegum mótmælum átti jeg ekki von á hjá þessari hv. deild, sem samþykti þingsályktunartill. eins og hún var orðuð..

Jeg skal annars geta þess, að þeir hv. kennarar, sem reiknuðu út kostnaðinn, hafa reiknað hann heldur ríflegan. Þeir hafa t. d. gert ráð fyrir 36 kennurum við barnaskóla Reykjavíkur, í stað 32. Aukin útgjöld landssjóðs til barnakenslu yrðu þá ekki 47 þús. kr. í byrjun, heldur 40 þús. Þetta er ekkert aðalatriði, en jeg vildi að eins láta þess getið, til upplýsinga fyrir hv. mentamálanefnd.

Jeg þori ekki að segja, hvaða aðstöðu hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) hefir til þessa máls, en mjer er sagt, að fram hafi komið frá honum á síðasta þingi till. til dagskrár, þess efnis, að stjórnin legði þegar fyrir næsta reglulegt Alþingi frv. til laga um bráðabirgðabætur á kjörum kennara. Ef hann hefir þá ætlast til, að kjör kennara yrðu bætt með lögum, getur hann ekki verið því mótfallinn að gera það nú þegar. Það er engin ástæða til að fresta því lengur.

Annars eru menn yfirleitt svo sammála um þetta mál, að ekki er þörf að ræða það frekar á þessu stigi. Vona jeg því, að hv. deild leyfi málinu að ganga til hv. mentamálanefndar, og ræði hún það síðan í samráði við fjárveit-

inganefnd, svo sem venja er til um slík mál.

Bjarni Jónsson: Jeg man vel eftir þingsályktunartill. síðasta þings og því orðalagi hennar, sem var frá mjer, að kennarar sættu miskunarlausri meðferð. Það er rjettmæli, því að hún hefir verið það og er. En í þessari till. var og farið fram á að rannsaka öll fræðslumálin, hversu hentugast yrði skólafyrirkomulagið, bæði um skólaskyldualdur og annað, með öðrum orðum, hvort ekki þyrfti að strika út núgildandi fræðslulög og semja önnur. Jeg vil halda fast við þetta atriði, því að jeg hygg, að margir sjeu nú orðið sammála um, að endanleg bót á fræðslufyrirkomulaginu verði ekki gerð fyr en þeirri spurningu er svarað.

En hins vegar er sjálfsagt, að skjótt sje ráðin bót á kjörum kennara, og legg jeg þar enga áherslu á, hvort skólar starfa í vetur eða ekki. Kennurum er engu betra að deyja iðjulausum en starfandi.

En í þeim ákvæðum, sem sett yrðu um bætur á kjörum kennara, yrði að taka tillit til annars þess er þingsályktunin fal í sjer. En með því að samþ. þessi lög er bygt á þessu gamla kerfi, og verður það aldrei með mínu samþykki.

Jeg furða mig á brjefi fræðslumálastjóra út af þingsályktun síðasta þings, því sem prentað er sem fylgiskjal við frv. Jeg hefi ekki lesið það alt, en fljótt á litið virðist það út í bláinn og ekki koma þingsályktuninni við. En ef það á að heita úrlausn eða svar við þingsályktuninni, þá má stjórnin gera betur, því að þessi maður hefði síst átt að rannsaka málið, þar sem hann er höfundur núgildandi fræðslulaga, eða hefir ljeð þeim nafn og ábyrgð.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ljet þess getið áður, að það mætti vel vera, að jeg legði ekki eins mikla áherslu á, að lög sjeu sett um laun barnakennara, eins og hitt, að bót sje ráðin á þeirri „miskunarlausu meðferð", sem þeir hafa sætt. Hv. þm. Dala. (B. J.) þurfti því ekki nauðsynlega að segja neitt. (**B. J.:** Mátti jeg ekki vera stjórninni sammála?) Hinn hv. þm. (B. J.) virtist vilja láta það koma fram, að hann væri ekki sammála stjórninni.

Jeg ætla ekki að biðja afsökunar á því, að stjórnin leitaði til fræðslumálastjórans, því að það er beinlínis lögmælt, að hann skuli vera ráðunautur stjórnarinnar um fræðslumál. Það var því eðlilegt, að stjórnin leitaði til þess manns, sem hún á að leita til um slík mál. Jeg held því, að það sje af ókunnugleika, að hv. þm. Dala. (B. J.) furðar sig á þessu.

En um rannsóknina er það að segja, að henni er að vísu ekki lokið, en eftir svörum þeim að dæma, sem borist hafa fræðslumálastjóra frá þeim, sem fræðslu hafa með höndum, og eru henni kunnugastir úti um land, virðast varla líkur til, að breyting á skólaskyldunni fái alment fylgi.

Bjarni Jónsson: Jeg ætlaði að svara því, að þá væri gamla kerfið búið að heimska Íslendinga sjer í hag, ef almenningur er mótfallinn endurbótum á gömlu sleifarlagi. Þykir mjer þá skörin tekin að færast upp í bekkkinn.

Jeg furðaði mig ekki á því af ókunnugleika, að stjórnin leitaði til fræðslumálastjóra. Það sjest best á bæklingi hans, sem fylgir lagafrv., og ekki kemur þessum lögum við, frekar en öðrum lögum, er um fræðslumál fjalla. Þar er verið að segja frá ýmsu í Bandaríkjunum,

sem ekki kemur við launum kennara. Þar er og getið um svör ýmissa manna úti um land, sem kosnir hafa verið í fræðslunefndir, og er það nefnt þjóðaratkvæði. En hræddur er jeg um, að utan þessarar „þjóðar" sjeu einhverjir til, sem vilja ráða og þykjast hafa eins mikið vit á þessum efnum. Jeg hefi getið þessa vegna þess, að jeg furðaði mig á þessu langa skjali frá einum manni. Jeg hafði vænst þess, að stjórnin rannsakaði málið sjálf. En stjórnin fer öðruvísi að. Jeg þekki ekki þá venju, að maður, sem rannsakast á, rannsaki sig sjálfur. Og það á þá ekki frekar við um þennan mann, að hann rannsaki þetta fræðslulagakerfi, sem er hans eigið fóstur og hluti af honum sjálfum. Í þessari deild munu þeir margir, sem ákveðið hafa að láta ekki lengur drepa gáfur Íslendinga með heimskulegu fræðslukerfi, heldur fá endurbætur á því.

Jeg vildi nú gera þá fyrirspurn til hæstv. mentamálaráðh. Íslands, hvort hann ætli ekki að rannsaka þetta mál meira en orðið er og með öðrum hætti.

Þórarinn Jónsson: Hæstv. forsætisráðherra hefir tekið svo í þetta mál, sem jeg muni hafa verið á móti þingsályktuninni frá síðasta þingi. En það var ekki, enda þóttist jeg ekki taka svo í málið, að ástæða væri til að ætla, að jeg sje á móti því í sjálfu sjer. En hinu hjelt jeg fram, að það væri óheppilegt, að það gengi fram nema samhliða öðrum endurbótum, sem þingsályktunin fór fram á. Og þótt það væri tekið fram um þetta atriði, laun kennara, að þeir sættu miskunarlausri meðferð, þá gat jeg ekki skilið það öðruvísi en svo, að breytingar á því ættu að vera öðrum breytingum samfara. Orð hv. þm. Dala. (B. J.) urðu og ekki skilin á annan veg, og var hann höfundur till. þeirrar, er samþ. var. En hvað viðvíkur bráðabirgðabreytingum á launum kennara, þá getur þetta frv. engan veginn skoðast svo, og þarf ekki að leiða það inn í umræður.

Mjer virðist það í sjálfu sjer ekki gera mikinn mun, eins og nú stendur, þótt þessar breytingar allar sjeu látnar bíða næsta þings, og finst miklu eðlilegra, að svo sje gert, og set jeg það sjerstaklega í samband við breytingu á takmörkum fræðsluhjeraða. Og væntanlega verða þá allar breytingar á fræðslulögunum undirbúnar frá hálfu stjórnarinnar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg heyrði ekki hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) neita því, að hann hefði borið fram till. um, að stjórnin undirbúi og leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi frv. til laga um bætur á kjörum kennara. En ef hann neitar því ekki, er hann nú beint á móti sjálfum sjer. Vilji hann vera sjálfum sjer samkvæmur, fylgir hann frv. þessu. (**Þór. J.:** Þetta eru ekki bráðabirgðabætur). Um það þarf ekki að deila.

En það er þó ekkert aðalatriði, hvernig þingið fer að. Þingið getur lagað þetta í hendi sjer. Hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) hefir sjálfur farið fram á, að stjórnin beri fram frv. um þetta atriði og að lög sjeu gerð til bráðabirgða, áður en búið er að ákveða takmörk fræðsluhjeraða.

Mjer þótti rjett að taka frv. yfirleitt eins og það kom frá kennarafjelagi Íslands. Þar er mjög hóflega farið í sakirnar.

Jeg get svarað hv. þm. Dala. (B. J.), að jeg býst við, að stjórnin haldi áfram rannsókn þessa máls. En jeg verð að benda hv. deild á, að ef hún ætlast til þess, að mál sem þetta sje rannsakað til hlítar, má hún ekki neita um fje. Í fyrra neitaði hún að leggja fram fje til

rannsóknar málinu. Það liggur í augum uppi, að umfangsmikil rannsókn, sem gerð er af margra manna nefnd, verður ekki gerð nema með nokkrum fjárútlátum. Nú eru ekki þeir tímar, að hæfir menn fáist til að vinna ókeypis, þótt um góð mál sje að ræða. Ef rannsaka á málið til hlítar, verður að veita stjórninni heimild til að nota ríflegt fje til þess. Hjá því verður ekki komist að leita aðstoðar hæfra manna, því að jeg býst við, að hv. þm. myndu ekki fremur una við bráðabirgðaálit stjórnarinnar sjálfrar, eða álits manns, sem hún lögum samkvæmt á að ráðgast við um slík mál. Jeg neita því með öllu, að stjórnin eigi ámæli skilið, þótt hún leiti til fræðslumálastjóra um málið, enda er hann ekki höfundur núgildandi laga.

Gísli Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að segja hjer nokkur orð, vegna þess, að á síðasta þingi bar jeg fram, ásamt hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), till., sem fór í svipaða átt og till. sú, er þá var samþ.

Mjer skilst, að þetta frv., ásamt ályktunum þeim, er því fylgja frá fræðslumálastjóra, sje sú endalykt, sem till. hafi fengið og búast megi við að hún fái. Jeg get ekki skilið það öðruvísi en svo, að það, sem stjórnin hafi getað gert, sje nú hjer fram komið, og jeg tel það eðlilegt. Hæstv. forsætisráðherra gat þass, að stjórnin hefði, lögum samkvæmt, leitað til fræðslumálastjóra. Jeg geri nú ráð fyrir, að hún hafi einnig leitað til einhverra annara, en þetta álitsskjal í málinu mun þó mest vera á ábyrgð fræðslumálastjórans. Jeg get nú ekki skilið, hvernig stjórnin getur haldið áfram að spyrja þennan mann ráða, þegar litið er á þetta brjef hans, og þá einkum á það, sem stendur á bls. 29 í A-deild og hann kallar þá „niðurstöðu, er hann hafi komist að um 6 liði þingsályktunarinnar. Um fyrsta lið byrjar hann svo, „að það sje með öllu ótiltækilegt, að landsstjórnin sleppi hendinni af barnamentuninni“ o. s. frv. Gangurinn í svörunum er yfirleitt þessi, að ekki verði fallist á grundvallaratriði þingsályktunarinnar.

Nú vildi jeg fá það fram hjá hæstv. stjórn, hvort ekki sje svo, að hjer sje ekki meira fyrir hana að rannsaka. Því að sje meira að rannsaka, verður ekki hjá komist að fara þá leið, sem jeg og hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) stungum upp á, að fje sje veitt til rannsóknarinnar og nefnd skipuð til að framkvæma hana. Það þýðir ekki að skora á stjórnina að rannsaka mál, ef henni er neitað um fje til að framkvæma rannsóknina. Vjer höfum sjeð, hvert stjórnin fer, og það er ekki nema eðlilegt, að hún fari til ráðunauta sinna. Jeg skil það vel, að stjórnin getur ekki framkvæmt rannsókn þessa sjálf, enda heyrir það ekki beint undir verksvið stjórnarráðsins. Verður því stjórnin framvegis annaðhvort að fá sjer aðstoð hæfra manna, eða svo verður að líta á, sem þessu máli sje hjer með lokið. Það verður að skipa nefnd eða hætta algerlega við rannsóknina, og það hygg jeg, að hv. þm. Dala. (B. J.) geri sig ekki ánægðan með. Og við því er ekki að búast, því að ýms atriði þingsályktunarinnar eru svo mikilsverð, að nauðsyn ber til að rannsaka þau til hlítar. Fræðsluástandið hjá oss er komið í það horf, að það á ekki afturkvæmt á rjettar stöðvar nema ráð sje tekið í tíma. En með þessari rannsókn, sem hjer hefir verið gerð, er ekki sannað, að enn sje of seint að bæta úr þessu. Jeg er ekki fús á, að svona lög sje sam-

þykt um eitt einstakt atriði, meðan ekki er gerð gangskör að því að komast að fastri niðurstöðu um alt málið í heild. Jeg er á sömu skoðun og hv. þm. Dala. (B. J.) um það, að kjör kennara sjeu algerlega óviðunandi. En hvort rjett sje að rjúka í að semja lög um þau og láta þegar koma fram sem endanlega niðurstöðu, tel jeg mikið vafamál.

Jeg er ekki á móti því, að frv. gangi til nefndar, en ekki býst jeg við, að það verði samþykt orðalaust í þessari mynd, er það nú hefir.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að líta svo á, að hæstv. stjórn hafi í þessu máli orðið á rjettan hátt við tilmælum Alþingis í fyrra. Það sjest þegar litið er á niðurlagsatriði þingsályktunarinnar. Þar kemur það ljóslega fram, að það, sem þinginu þykir mest liggja á, er það, að kennurunum sje einhver linkind sýnd, þeim á einhvern hátt hjálpað til að standast í baráttunni fyrir lífinu. En nú verð jeg að taka undir það með hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), að það er mikið álitamál, hvort þingið á nú að ráða þessu máli til fullkominna lykta með lögum.

Eins og hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) tók fram, stendur þetta launamál í mjög nánu sambandi við skipun á takmörkun fræðsluhjeraða. Virðist það því hjer rifið út úr rjettu sambandi við fræðslumálin. Ef þau verða svo tekin fyrir síðar til rannsóknar, og ef til vill gerðar miklar breytingar, þá getur svo farið, að þessi skipun á kjörum kennara, sem frv. gerir ráð fyrir, verði ekki í rjettu samræmi við önnur mál í kenslukerfinu. Hjer virðist því byrjað á öfugum enda.

En hjer hefir ekki verið tekið fram aðalatriðið, að eins og nú horfir við um fjárhagsástand þjóðarinnar, virðist alls ekki gerlegt að samþykkja lög, sem hafa í för með sjer ærið mikinn kostnaðarauka fyrir landssjóð. Og því um síður er rjettur tími til slíks nú, sem engar horfur eru á, að ástandið batni fyrst um sinn, heldur miklu fremur hið gagnstæða. Oss er það öllum kunnugt, að þingið í fyrra sá sjer ekki fært að halda uppi ýmsum kenslustofnunum, sem landið á að kosta, sökum dýrtíðar. Sömuleiðis er það kunnugt, að hjeraðsstjórnir víðs vegar um land hafa ekki haldið uppi kenslu í skólum sínum af sömu ástæðum. Og sem stendur eru miklar líkur til þess, að enn fleiri skólum og kenslustofnunum verði að loka næstkomandi vetur, sakir dýrtíðar og kolaskorts. Þegar nú svona er ástatt, finst mjer varhugavert fyrir þingið að semja lagabálk um laun kennara, sem það ef til vill sjer sjer ekki fært að nota í næstu framtíð, vegna vaxandi vandræða í landinu. Auk þess myndi það auðvitað valda óánægju úti um landið og í þessu árferði gera landsmönnum örðugra að halda uppi kenslu.

Enn má taka það fram, að þótt þingið í fyrra hafi ef til vill kveðið fullhart að, er það taldi kennara sæta miskunnarlausri meðferð, þá er nú ekki víst, nema enn stærri flokkur í landinu en kennarastjettin verði að sæta miskunnarlausri meðferð, af völdum ranglætis tímanna, og eiga að búa við enn aumari kjör, en kennarar hafa þó búið við fram á síðustu tíma. Því miður er fult útlit fyrir það sem stendur, og að því leyti hygg jeg, að þingið geti varið það, þó að það fari ekki þessa leið, sem stjórnin benti á. Fyrir mitt leyti verð jeg því að álíta, að þinginu verði ekki láð, þó að það fari varlega í að samþykkja launalagabálk fyrir kennara, er

hefir mikinn aukinn kostnað í för með sjer.

Það er auðvitað, að þegar fjöldi kennaranna er ekki ráðinn nema frá ári til árs, þegar kensluatvinna þeirra bregst, þá er sá einn kostur eftir fyrir þá góðu menn að reyna að vinna fyrir sjer með einhverju öðru móti, og það eiga þeir líka að geta.

Þó að þetta frv. verði aldrei annað en bráðabirgðaákvæði, þá koma þó ákvæði þess talsvert í bág við það ástand, sem nú er í landinu, svo að það verður að álítast mjög athugavert að samþykkja það eins og það er.

Eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fyrir skömmu finst mjer fjárhagsástand landsins svo óttalegt, að jeg álít, að þingið verði að hugsa sig tvisvar um áður en það samþykkir nokkra útgjaldahækkun, en verði beinlínis að leggja áhersluna á það að halda lífinu í þjóðinni; þeim útgjöldum getur þingið ekki frestað, en jeg hygg, að það geti lagt það til með góðri samvisku um þau útgjöld, sem hjer er um að ræða, og ýms önnur.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi að eins mótmæla því, — þó frv. sje samið um laun barnakennara — að það sje óveruleg breyting á fræðslulögunum, því fræðslulögin ákveða líka laun kennaranna.

Það er verið að kvarta um, að barnafræðslan sje ekki eins góð og menn vildu óska. En er nú ekki í rauninni ofureðlilegt, að barnafræðslunni sje ekki vel fyrir komið, þegar launin, sem kennararnir fá, eru sex krónur á viku, auk fæðis? Ætli það sje völ á mjög hæfum mönnum fyrir slíka borgun, þegar óbreyttir verkamenn fá þetta 5—10 sinnum hærra vikukaup eða meira? Þess vegna var það alveg rjettmætt, þegar þingið sagði, að meðferðin á barnakennurunum væri óforsvaranleg. Ætli ólagið á barnakenslunni stafi annars ekki einatt, í sambandi við þetta, beint af því, að til kennara eru teknir menn, sem bókstaflega ekkert annað geta gert? Þeir eru jafnvel stundum teknir til að fara bæ frá bæ og kenna, til þess eins að komast hjá, að þeir þurfi að þiggja af sveitinni; þá er ekki svo óeðlilegt, að kenslan fari sumstaðar í mola.

Það, sem frv. þetta hefir sjerstaklega fyrir augum, er það, að skapa þau launakjör svo sæmileg og ábyggileg, að hæfir menn vilji gera kensluna að lífsstarfi sínu. Sje það ekki gert, þá verður kenslunni altaf mjög ábótavant, því að það, sem sjerstaklega ríður á, til þess að fræðslan komi að notum, það er góður kennari.

Jeg skal ekki tala meira um þetta að sinni. Jeg vona, að þetta frv. fái að koma fyrir hv. deild og að hún líti á sanngirniskröfu frá kennurum, eins og hún gerir frá öðrum mönnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 541). í e. hlj.

Nefndarálit kom ekki, og var frv. því ekki framar tekið á dagskrá og varð

ekki útrætt.

3. Tekjuskattur og lóðargjöld í Reykjavík.

Á 5. fundi í Nd., föstudaginn 19. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bæjargjöld í Reykjavík (A. 12).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eftir rækilegan undirbúning af hálfu bæjarstjórnar kom þetta frv. til stjórnarinnar. En tíminn varð heldur naumur til þess, að hægt yrði að leggja það fyrir þingið með hinum frv., og þess vegna kemur það ekki fyr en nú.

Jeg hygg, að það þýði ekki neitt að fara út í aðalstefnu frumvarpsins; væntanlega verður málið athugað í nefnd, og skal jeg leyfa mjer að leggja til, að frv. gangi til 2. umr. og síðan til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) í e. hlj.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 12, n. 187, 188).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 3. júní, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 12, n. 187, 188, 277).

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg býst við því, að jeg geti verið stuttorður að sinni, þótt málið sje umfangsmikið og vandasamt.

Nefndin hallast að aðalstefnu frv., að niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum hverfi úr sögunni, en skattur verði í stað þess lagður á tekjur af atvinnu og eignum, eftir ákveðnum gjaldstiga. Þetta er aðalatriðið. Um hitt getur verið álitamál, bæði um skattstigann sjálfan, og ýms önnur ákvæði í frv.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir látið 3 manna nefnd undirbúa þetta mál, og síðan hefir stjórnin borið fram þetta frv., er náð hefir samþykki bæjarstjórnar.

Aðalbreytingar allsherjarnefndar eru við 1. gr. frv. Bæjarstjórn Reykjavíkur og landsstjórnin leggja til, að skatturinn byrji á 500 kr. tekjum, og sje þá einn af hundraði, en hækki svo upp í 10 af hundraði, þegar tekjurnar nema meiru en 50,000 kr. Nefndinni fanst þessi skattstigi alls ekki rjettlátur. Þeir, sem hefðu lágar og miðlungstekjur, yrðu að greiða mestan skatt samkvæmt honum, en hinir, sem hærri tekjur hefðu, slyppu óþarflega ljett. Nefndin hefir því lagt til, að gjaldstiganum yrði breytt á þann veg, sem greinir í 2. brtt. á þingskj. 188. Óþarfi mun að skýra þá brtt. nánar; menn geta lesið hana sjálfir, og einnig vil jeg benda mönnum á töflu þá yfir skattinn, eins og hann yrði eftir stjórnarfrv. og eftir brtt. nefndarinnar, sem prentuð er í nál. á þingskj. 187. Á henni geta menn nákvæmlega sjeð muninn.

Jeg játa það fúslega, að till. nefndarinnar um skattstigann geta orkað tvímælis, enda er vandaverk að finna alls kostar rjettláta leið í þeim efnum. Aðalbreytingin yrði sú, að þeir mennirnir, sem hæstar tekjur hafa, greiddu

hærri skattt en frv. fer fram á, en hinir tekjuminni lægri skatt.

Aðrar breytingar nefndarinnar eru fæstar jafnmikilvægar sem þessi, og er gerð grein fyrir hverri þeirra um sig í nál. Flestar eru þær breytingar á orðfæri, en færri efnisbreytingar. Refsiákvæðum og málsmeðferðar er safnað saman í eina heild, svo yfirlitið verður gleggra.

Enn hefir nefndin bætt úr einu smáatriði í frv. í 23. gr. frv. er ekkert ákvæði um, hve nær yfirskattanefnd skuli hafa kveðið upp úrskurði sína um kæruatriði, er henni berast. Nefndin hefir sett tímatakmörk fyrir því, í samráði við nefndina í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir borið fram brtt. við frv., á þgskj. 277. Lúta þær aðallega að einu atriði í frv. Mun jeg ekki víkja að þeim fyr en hv. þm. hefir skýrt það nánar, hvað í þeim felst.

Pjetur Jónsson: Jeg tel mál þetta, sem nú er til umræðu, mjög mikilsvert. Álit frv. óefað spor í rjetta átt, og gæti það ef til vill orðið til þess að brjóta ísinn fyrir öðru og betra skipulagi á skattalöggjöf hjer á landi.

En þó hefði áður þurft að setja almenn lög fyrir bæjar- og sveitarfjelög, eins og var hugsun skattamálanefndarinnar 1908, lög, sem kveða nánar á um skattstofnana, setja hæfilegar skorður fyrir því, að misboðið verði ekki gjaldþoli einstaklinganna, og koma í veg fyrir, að ekki verði of mjög þrengt sviðið fyrir landssjóð til almennrar skattaálögu. Og loks ættu þau lög að mæla nákvæmlega fyrir um eðlilega og sanngjarna skiftingu gjaldþolsins á milli hinna einstöku bæjar- og sveitarfjelaga, þegar sami gjaldþegn geldur útsvar á fleiri en einum stað, annaðhvort beint, eða þá óbeint sem þátttakandi í fyrirtækjum. Þetta eru þau frumatriði, sem hefði átt að slá föstum, áður en þessu máli var hreyft.

En engin von er, að Reykjavík geti beðið eftir slíkum allsherjarlögum, ekki lengra en málið er á veg komið. Enda býst jeg við, að hún þoli illa biðina.

En þá er þeim mun meiri vandi fyrir oss nú, er þetta frv. á að gera úr garði, að gæta þess, að það ríði eigi í bág við ákvæði nje anda gildandi laga. Af því myndi skapast hið mesta misrjetti og ruglingur. Og jafnframt verður að gjalda varhuga við því, að slík lög ríði bág við frumtök þau, sem jeg drap á að allsherjarskattalög fyrir bæjar- og sveitarstjórnir þyrftu að hafa.

Þetta frv. felst jeg á í höfuðatriðunum, að leggja tekjuskatt á í bænum og heimta gott og ábyggilegt tekjuframtal og leggja lóðargjald á eftir því, sem lóðirnar eru virtar með hæfilega löngu millibili. Að þessu leyti er jeg samþykkur frv. En í sumum smærri atriðum, sem þó eru allveruleg, tel jeg frv. athugavert frá því sjónarmiði, sem jeg hefi þegar lýst, einkum þar sem það hefir ekki að baki sjer tilsvarandi almenn skattalög.

Mun jeg nú nefna nokkur atriði, sem jeg hefi rekið augun í. Jeg hefi átt tal við einn hv. nefndarmann um þau. En nefndin vildi eigi sinna því, er jeg fór fram á að breytt yrði. Hefi jeg því neyðst til að kynna mjer málið rækilegar en jeg hefði gert ella. Jeg hefi ekki fengist við þessi mál síðan 1908, er jeg átti sæti í skattamálanefndinni, og eru nú talsvert farnar að ryðga í þeim efnum þær upplýsingar, er jeg fjekk þá, voru að vísu altaf litlar, og helst um skattalöggjöf í öðrum löndum og þá

einkum Norðurlöndum. (G. Sv.: Skattalöggjöfinni í þeim löndum hefir verið breytt síðan). Þær breytingar voru líka að fara fram um þær mundir, og var það eigi síst þær, sem við kyntum okkur.

Skal jeg nú víkja að skatti á hlutafjelögum. Eftir frv. eiga þau að greiða skatt af öllum ágóða sínum, að frádregnum lágmarkspeningavöxtum. Þetta kemur strax í bága við núgildandi skattalög fyrir landið. Í 8. gr. laganna frá 14. des. 1877, um tekjuskatt, segir svo:

„Hlutafjelög, verslunarfjelög og önnur slík fjelög skulu talin sem sjerstæðir gjaldendur, að svo miklu leyti sem arðurinn allur eigi rennur til einstakra manna, sem búsettir eru á Íslandi."

Ef frumv. ríður ekki beint í bága við ákvæði laganna, þá er þó áreiðanlega farið í bága við anda þeirra, þar sem ekki má samkvæmt þeim leggja skatt á þann hluta af ágóða fjelaganna, sem greiddur er í arð til hluthafa. En hjer er og tvöföld gjaldálaga á sama gjaldstofn, og með því gengið á rjett annara sveitar- og bæjarfjelaga.

Það getur vel verið, eftir hinu núverandi fyrirkomulagi á aukaútsvörum hjer í bæ og víðar, að sjálfsagt þyki að leggja skatt á þann arð, er fjelög greiða hluthöfum, hjá fjelögunum sjálfum. En það er á móti anda laganna, að löggjafarvaldið heimili sveitar- og bæjarfjelögum þá skattálöguaðferð, sem það leyfir ekki landssjóði.

Mjer virðist nú hart að gengið að leggja tvöfalt gjald á sama gjaldstofninn. Jeg skal taka lítið dæmi. Setjum svo, að jeg eigi t. d. 1000 kr. hlut í einhverju fjelagi. Fjelagið hefir í ágóða 10 af hundraði, umfram peningavexti, og falla þá 100 kr. í minn hlut, áður en bæjarskatturinn er dreginn frá. Eftir þessu frv. getur sá skattur orðið nærri því 14 af hundraði, en eftir till. nefndarinnar um 20 af hundraði — jeg tek hjer í dæminu hámark skattsins. Jeg fæ því að eins 80 eða 86 kr. í arð, en hitt gengur til bæjarins, — sá skattur, sem fjelögin greiða í bæjarsjóð, dregst sem sje frá arði hluthafanna. En svo geld jeg á Húsavík, segjum 10 % af hreinum tekjum í útsvar, og þá einnig af þessum tekjum. Jeg er því í raun-inni skattskyldur á tveim stöðum af sama gróðanum.

Þetta mun löggjafarvaldið hafa sjeð á sínum tíma, og því hefir það eigi leyft landssjóði að leggja skatt á greiddan arð hlutafjelaga, þar sem þær sveitir, sem hlutaðeigandi menn væru búsettir í, ættu þennan gjaldstofn. En á þá að leyfa það sveitar- eða bæjarfjelagi?

Tekjuskatturinn er einhver hinn fullkomnasti skattur til þess að hitta sannarlegt gjaldþol manna; en það er og ljóst, að hann er einhver nærgöngulasti persónuskatturinn. Því verður hann að binda sig sem mest við heimilisfang hins eiginlega gjaldanda, því að þar, sem gjaldandinn á heima, er hann bundinn mestum fjelagskvöðum, og þar ber maður helst eitthvað upp í staðinn fyrir þá skatta, sem hann leggur fram til bæjar- eða sveitarþarfa. Því virðist það eigi rjett af einu sveitar- eða bæjarfjelagi að sölsa undir sig sem mest til álagningar þann gróða, er dreifist hingað og þangað um landið. Þess vegna er sú aðferðin, sem gildandi tekjuskattalöggjöf bendir til, rjettlátust.

En þótt nú hin aðferðin sje höfð, að leggja skatt til bæjar- eða sveitarsjóðs á hlutafjárarðinn óskiftan hjá fjelaginu sjálfu, eins og gert er í Noregi og Danmörku, og líklega víðar, þá virðist sjálfsagt að hafa hann vægari, vegna þess,

að menn verða að viðurkenna, að það sje eðlilegra, að lagt sje á gróðann hjá þeirri persónu, er nýtur hans, heldur en á ópersónulegt fjelag, sem nýtur hans ekki sem slíkt, heldur dreifir honum.

Í Danmörku er hámarkið á svona skatti að jeg hygg 3%, og er hann jafnaðarskattur, sem fer ekki hækkandi. En í þessu frv. er hann stighækkandi upp í 14%, og eftir till. nefndarinnar, sem jeg fellst á að „skalanum" til, upp í 21%, sem getur komið niður á stórum fjelögum. Með öðrum orðum, það gerir stighækkunin á skattinum, að hann kemur svo óþyrmilega niður á hlutafjelögunum og öðrum fjelögum. Hann verður tiltölulega meiri á fjelögunum, því að umsetningin er svo stór, heldur en á einstökum mönnum, er fá að eins hlut af arðinum og lenda neðarlega í skattstiganum. Jeg fellst á stighækkunarskatt á einstökum mönnum, hækkun, sem vex eftir því, sem tekjurnar fara meira fram úr sæmilegum þurftartekjum. En stighækkun, sem fer vaxandi eftir arðsumsetningu fjelagsstofnana, tel jeg ranga. Litlu fjelögin geta gefið hverjum hluthafa eins mikinn arð og stóru fjelögin. Tökum dæmi, tvö fjelög, annað lítið, en hitt stórt. Litla fjelagið hefir 1000 kr. í skattskyldan arð á ári, en gefur þó 20% arð af hlutafjenu, áður en skatturinn er dreginn frá, til sinna hluthafa. Þetta fjelag myndi greiða eftir frv. í skatt kr. 1,50 af hverjum 100 kr. arðsins. Aftur hefir stærra fjelagið 100,000 kr. í arð á ári, fyrir utan vexti af hlutafje, en gefur þó ekki nema 10% í ágóða. Jeg tek t. d. Eimskipafjelag Íslands. En þetta fjelag borgar í skatt alt að 14 kr. af hverjum 100 kr. arðsins. Nú er það auðvitað, að þessi skattur er sama sem skattur á hluthafa, þar sem hann er tekinn af þeirra ágóðahlut. Nú á jeg 1000 kr. hlut í litla fjelaginu, fæ ca. 200 kr. í arð, og á mig fellur sem svarar 3 kr. af bæjarskattinum. En náungi minn á 1000 kr. í stærra fjelaginu, og fær því ca. 100 kr. í ágóða. Á hann falla 14 kr. í skatt til bæjarins. En þarna fyrir utan er skattur sá, sem fellur beint persónulega á þá fyrir þessar tekjur. Það er þess vegna auðsætt, að tekjuskattur, hækkandi eftir arðsumsetningu fjelaga getur ekki átt sjer stað og er auðsætt ranglæti. En annað mál væri um stighækkun eftir arðsprocentu, sem fjelagsmenn fá, og er hún þó ástæðulaus að mínu áliti.

Nú dettur mjer í hug, ef Eimskipafjelag Íslands skyldi nú hafa talsverðan arð umfram peningavexti. Eftir frv. færi fullur sjöundi partur arðsins í skatt til Reykjavíkurbæjar, og eftir till. nefndarinnar fullur fimti partur. Jeg álít, að þetta nái engri átt, og býst við, að margir yrðu óánægðir yfir slíku.

Skattur þessi getur vitanlega færst niður fyrir það ákvæði, sem tiltekið er í frv., en líka upp fyrir það, en það er hámarksskatturinn, sem jeg hefi hjer talað um. En það hefir nú ekki í sjálfu sjer neina úrslitaþýðingu í þessu sambandi.

Er jeg nú búinn að minnast á hlutafjelögin, og þá kem jeg að samvinnufjelögunum, og má í mörgu sama um þau segja. Eftir frv. á að leggja skatt á þann hundraðshluta af viðskiftaveltu fjelagsins það ár, sem skatturinn er miðaður við, sem telja má að samsvari hagnaði þeim, er fjelagsmenn hafi haft af starfsemi fjelagsins. En þetta er þó takmarkað svo, að þessi hundraðshluti má aldrei fara fram úr 10% af viðskiftaveltunni. (E. A.: Það getur verið of hátt, og vill nefndin taka það til athugunar). Þetta er enn fjarstæðara

en skattur á hlutafjárarðinn, enda kemur það algerlega í bág við gildandi sveitarstjórnarlög, frá 10. nóv. 1905. Þar stendur þetta, sem jeg vil lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig má leggja aukaútsvar á kaupfjelög og pöntunarfjelög, ef þau hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins."

Hjer er beinlínis miðað við fjelög, sem hafa fasta söludeild, og skal þá skatturinn fara eftir veltu og arði í söludeild fjelagsins. Það er beint tekið fram, að ekki skuli lagt á pöntunarviðskiftin. En hjer er ætlast til, að farið verði að meta þann hagnað, sem ætla má að menn hafi af því að vera í pöntunarfjelagi, slátrfjelagi, mjólkurfjel. o. s. frv. Mjer dettur ekki í hug að neita, að þessi hagnaður sje til. En þessi hagnaður er ekki eins áþreifanlegur og ætla mætti eftir frv. Hann er svo misjafn fyrir hvern einstakling, og kominn undir ýmislegum kringumstæðum; í stuttu máli, hann er alveg óútreiknanlegur. Hann kemur auðvitað fram og hefir komið fram í efnum og ástæðum hvers fjelagsmanns, þar sem hann er búsettur. Þar ber mest á honum, og þar nýtur sveitarfjelagið og landið góðs af honum; þar legst útsvarið á hann, eins og líka er rjett. Jeg hefi allmikið hugleitt þetta efni, því að mjer er það ekkert nýtt að eiga í karpi um útsvarsálögur á kaupfjelög.

Sumir halda því fram, að kaupstaðir og kauptúnahreppar hafi eðlilegan rjett til útsvarsálögu á verslunararðinn, eins þótt hann dragist frá kaupmönnum til hinna einstöku fjelagsmanna. Jeg býst við, að því verði haldið fram, að hjer sje átt við þann arð, og eins þótt þessi ágóði renni til fjelaganna, hvort sem það eru bændur út um hvippinn og hvappinn, eða verkamenn og borgarar hjer í Rvík, er hafa fjelag til að panta nauðsynjar, þá sje sá hagnaður og hljóti að vera sjálfsagður skattstofn fyrir það kauptún eða sveitarfjelag, sem í hlut á. En þetta hygg jeg algerlega rangt, nema auðvitað um þann arð, sem rennur til manna, búsettra í sama kaupstað eða hreppi. Á hann er lagt þar, hvort heldur lagt er á útsvar eftir efnum og ástæðum eða lagt er á „nettó"-tekjur manna. Það getur enginn ráðið því, að verslunin og þar með arðurinn sitji föst í vissu kauptúni eða kaupstað, eða neytt menn til að versla þar, til þess að skapa þar samandreginn verslunarágóða. Menn geta verslað hvar sem þeir vilja, og svo getur verslunin fært sig, svo sem t. d. burt úr Reykjavík til Hafnarfjarðar, svo að miklu minna er hægt að leggja á verslunararð til bæjarsjóðs en um nokkurt áraskeið á undan. Dettur engum í hug að eltast við þetta sem nokkurskonar „privilegium" fyrir Reykjavík, þegar svona stendur á. En alveg er eins, ef verslunararðurinn dreifist út um allar sveitir. Það verður að leggja arðinn þar, sem hann er sýnilegur og áþreifanlegur.

Í þessu tilliti get jeg líka bent á, að í Danmörku er ekki lagt á þann ágóða, er fjelagar í samlagsfjelögum hafa af starfsemi fjelagsins, enda þótt það sje ágóði, sem safnað er saman á einn stað, og svo útbýtt á eftir sem ágóða eða „dividende" af verslun manna. Hann er beinlínis undanþeginn útsvari til bæjar- eða sveitarfjelaga, ef fjelagið verslar ekki við aðra en fjelaga sjálfa.

Um framleiðslufjelög í Danmörku segir t. d. svo í lagagrein:

„Þar á móti hvílir skatturinn ekki á fjelögum, sem hafa að markmiði „Be-

arbejdelse, Forædling eller Salg“ á framleiðslu fjelagsmanna.“

Jeg hefi haft hjer upp dönsku orðin til að fyrirbyggja, að þau yrðu misþýdd. Með öðrum orðum, að því leyti, sem þessi fjelög, eins og t. d. sláturfjelög, reka starf fyrir fjelagsmenn og með búsafurðum þeirra, þá eru þau ekki skattskyld til bæjar- eða sveitarfjelaga.

Jeg býst nú við, að þetta þyki orðið langt mál, en jeg er ekki alveg búinn. Jeg vildi líka víkja að öðrum atriðum í frv., og er þá fyrst ákvæðin í 5. gr. frv., sjerstaklega saman borið við 2. lið 3. greinar. Hjer stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, tejast allar árstekjur skattgreiðanda til skattskyldra tekna hans, hvort sem þær eru fengnar í bænum eða ekki og hvort sem um er að ræða peninga eða fjármuni, sem metnir verða til peninga, svo sem tekjur o. s. frv.“.

Þetta er formáli 5. gr. frv. Hjer er sagt, að leggja skuli á árstekjur hvers gjaldanda, hvort sem þær eru fengnar í bænum eða ekki. (E. A.: Með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir). Mjer er ómögulegt að koma auga á nokkra undantekningu um þær tekjur, er borgarar, búsettir hjer, afla annarsstaðar og borga þar útsvar af. En mjer er ómögulegt að skilja, að það, sem menn græða á öðrum stað og greiða þar útsvar af, sje skattskylt hjer, og þess vegna hefi jeg komið með brtt. (E. A.: Nefndin kom með brtt. um þetta atriði). Hún fullnægir ekki.

Ætla jeg nú að víkja örlítið að brtt. mínum, hverri um sig.

1. brtt. stafl. a. er reyndar ekki efnisbreyting, heldur að eins til þess að gera þennan lið skiljanlegan. Jeg lít svo á, að orðin „fjelag eða stofnun“ nái yfir alt það, sem meint er í greininni.

2. brtt., við 3. gr., sem er 1. brtt., stafl. b., gengur út á það að fella úr þetta ákvæði um lúsaleit á fjelögunum. Jeg álít, að það geti alls ekki komið til greina að leggja á þennan óbeina arð, eins og jeg hefi áður tekið fram, og því legg jeg til, að feld verði úr greininni þau orð, er þar að lúta. Að öðru leyti orða jeg greinina eins og í stjórnarfrv.

Þá koma brtt. við 7. gr., og þá fyrst brtt. um, að með því, sem beri að draga frá skattskyldum tekjum fjelaga, sem nefnt er í 3. gr. 3. lið, skuli telja útborgaðan arð af hlutdeildum fjelagsmanna, hvort heldur er arður af hlutafje, eða arður af verslunarviðskiftum og vöruinnkaupum kaupfjelaga og framleiðslufjelaga. (E. A.: Þetta á þá líka við hlutafjelögin). Já, það á við útborgaðan arð. Jeg hefi álitið rjettara að undanskilja þann arð, sem útborgaður er fjelagsmönnum skattskyldu, heldur en að undanskilja sjálf fjelögin. Því bæði geta þau haft arð aukreitis, sem þau sjeu eðlilega skattskyld fyrir, og þar að auki væri hægt fyrir einstaklinga og stofnanir að smeygja sjer undir nafn þeirra ranglega, til þess að firra sig skatti.

Þá er 2. brtt., stafl. b., sem ekki fer fram á annað en að fella það burt úr 7. gr., sem beint flýtur af þessu, og c-liður, um að fella burt ákvæðið um að finna út þann hundraðshluta, er ætla má að fjelagsmenn hafi í arð.

Síðasta brtt. er ekki nema sjálfsögð breyting á 15. gr., í sambandi við hinar brtt.

Jeg skal nú játa, að líklega hefði þurft að gera fleiri brtt., til samræmis við

þessar brtt. mínar. En þetta er erfitt verk að vinna að, í annriki því, sem jeg hefi haft undanfarna daga. Og hefi jeg hugsað mjer, ef brtt. mínar verða samþyktar, að taka frv. fyrir til athugunar til 3. umr. og nema burtu ósamræmið. Gæti þá ýmislegt fleira komið til álita, til þess að koma á fullu samræmi milli ákvæða frv. En jeg hefi haldið hjer fram því, sem jeg tel höfuðatriði, og þau verður að fá inn í frv., ef á að verða takandi í mál að greiða því atkv. út úr deildinni.

Annars er frv. þetta mjög ófullkomið, í samanburði við það, sem slík lög eru og þurfa að vera. En einstakur þingmaður, þó hann væri miklu færari en jeg, getur ekki í hjáverkum tekið að sjer að laga alla þá vöntun og galla.

Frsm. (Einar Arnórsson): Niðurlagið af þessari löngu ræðu hv. þm. S.-Þ. (P. J.) virtist vera mjög líkt í hans hugskoti eins og sagt er á öðrum stað: Og hann leit yfir alt, sem hann hafði gert, og sjá, það var harla gott. En hv. þm. (P. J.) verður að virða til vorkunnar, þótt jeg leyfi mjer að ætla, að einhver missmíði sjeu á þessu verki, eins og flestum öðrum sköpunarverkum.

Hv. þm. (P. J.) byrjaði á nokkrum almennum athugasemdum, og var þá fyrst það, að á undan þessu frv. hefði þurft að ganga alment frv., um skattskyldu til bæjar- og sveitarfjelaga, en hv. þm. (P. J.) játaði það reyndar sjálfur, að það mundi verða óheppilegt fyrir Reykjavíkurbæ að bíða eftir slíkum lögum, og hefir hv. þm. (P. J.) þar rjett fyrir sjer, vegna þess, að slík lög fæðast sennilega aldrei. Það kemur til af því, að mjög misjafnlega er ástatt í Reykjavík og öðrum kaupstöðum landsins og sveitarfjelögum, þar sem t.d. eru 30—40 búendur, sem þekkja vel hver til annars, svo að þörfin í sveitum alment getur varla talist brýn til að gera breytingar á núverandi skipulagi. En í Reykjavík er alt öðru máli að gegna; þar eru allmargir gjaldendur, og það er víst með öllu ókleift fyrir niðurjöfnunarnefndina að jafna niður að eins eftir efnum og ástæðum, svo að í lagi sje; þetta játar líka niðurjöfnunarnefndin sjálf.

Hv. þm. (P. J.) hjelt því fram, að þetta frv. færi að ýmsu leyti í bága við anda eða bókstaf tilsvarandi laga; átti hv. þm. (P. J.) þar við tekjuskattslög nr. 23, 14. des. 1877. Það var sett nefnd hjer á árunum til þess að athuga skattalögin, og var hv. þm. (P. J.) einn í þeirri nefnd, en það fór svo óheppilega á þinginu 1913, að þeim frv., svo góð sem þau voru, var stútað hjer í Nd., ef jeg man rjett, svo að ekki er hægt að byggja á þeim, og það er líklega nokkuð erfitt að finna það skattafyrirkomulag, sem allir verða sammála um í öllum greinum.

Annars er það ekki vel heppilegt að jafna saman þessu tekjuskattsfrv. fyrir Reykjavík og tekjuskattsfrv. fyrir landssjóð. Í fyrsta lagi er það, að gjaldþegnar til landssjóðs eru gjaldskyldir hvar sem þeir eru á landinu, svo að þar þarf ekki að vera að synda á milli skers og báru með að jafna, sem best að hægt er, misminninn milli einstakra sveitarfjelaga.

Jeg býst nú ekki við, að jeg geti rakið hverja einustu mótbáru í ræðu hv. þm. S.-Þ. (P. J.). (**P. J.:** Hún var ekki svo löng). Jæja, það var nálega klukkutíma ræða, en mjer þótti ekkert að því að hlusta á hana; þvert á móti.

Viðvíkjandi fjelögunum, sem hv. þm. (P. J.) var að tala um, gerði hann þá athugasemd, að það væri fordæmilegt að hafa stígandi skattstiga í fjelögum. Þá hefði hv. þm. (P. J.) átt, ef hann

hefði viljað halda þessu nákvæmlega, að fara lengra í sínum brtt.; þá hefði hann sem sje líka átt að taka 2. lið í 3. gr., því að sá liður nær líka yfir fjelög t. d. ef 3—4 menn setja á stofn eitthvert fyrirtæki, þar sem hver ábyrgist að fullu einhverja atvinnu eða starfsemi, t. d. verslun, þá skilst mjer, að eftir þeirri grein megi leggja á þá verslun. En það er ekkert athugavert við það, vegna þess, að verslunin tapar ekki á því, því að þegar mennirnir víta, að á að leggja útsvar á þá, taka þeir það til greina við verðið, sem þeir setja á vöru sína. En um þá athugasemd, að gjaldstiginn væri hækkandi á fjelögum, er það að segja, að sú mótbára myndi líta tiltölulega vel út fyrst í stað, en þegar nánar er athugað, þá er ekki farið öðruvísi með þessi fjelög en hvern einstakan mann; jeg get nefnt eins gott dæmi því til sönnunar eins og hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Setjum svo, að jeg leggi 100,000 kr. í eitthvert fyrirtæki, og hafi 10% í hreinan arð; það verða 10,000 kr., og svo borga jeg skatt af 10,000 kr. Nú leggur hv. þm. S.-Þ. (P. J.) kann ske ekki nema 50,000 kr. í annað fyrirtæki, en fær 20% í hreinan arð og borgar líka skatt af 10,000 krónum; það verður sama útkoman, en hans fyrirtæki gengur betur, og því borgar hann tiltölulega hærri skatt. Jeg er með þessu að sýna fram á, að ef hv. þm. (P. J.) vill vera fullkomlega rjettlátur og sjálfum sjer samkvæmur, þá verður að miða við hver stofninn er, sem fram er lagður; því verður nokkurn veginn sama, hvort það eru persónulegar tekjur eða ópersónulegar, ef nota má það orðalag. En eftir þessu dæmi ætti jeg, samkv. skoðun hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að borga lægri skatt, vegna þess að mitt fyrirtæki hefir ekki gengið eins vel. — Jeg veit annars ekki, hvort jeg á að fara lengra út í þetta atriði, en það er í rauninni einsætt, að menn ættu að fara sömu leið í báðum tilfellunum, en það er sennilega ekki gerlegt fyrir framkvæmd þessara laga.

Hv. þm. (P. J.) benti á Danmörku í þessu efni; og má vera, að það sje rjett, sem hann segir um það land, en um Noreg er það ekki alls kostar rjett, því að þar veit jeg ekki betur en að í þeim bæja- og sveitaskattalögum, sem jeg hefi haft fyrir mjer, sje lík stefna og í þessu frv., að lagt sje á fjelög eins og einstaklinga, og eftir sömu reglum.

Hv. þm. (P. J.) sagði, að löggjafarvaldið mætti ekki leyfa sveitarfjelögum að fara lengra eða dýpra í vasa manna en það leyfði landssjóði að gera; með öðrum orðum, sveitarfjelögin ættu að hafa líkar reglur fyrir sjer og landssjóður. Jeg held, að þessu megi svara með því, að landssjóður sje engin fyrirmynd í þessu efni, eftir því, sem var að gerast á síðasta þingi og þessu þingi, en miðað við tekjuskattslögin frá 1877 þá gæti þetta sjálfsagt litið nógu laglega út.

Hv. þm. (P. J.) sagði, að hann hefði líka átt við nýjustu skattalögin; þá verð jeg að segja, að bæjarstjórn Reykjavíkur er ekki ámælisverð fyrir sitt frv., og nefndin ekki heldur, því að hún leggur einmitt til, að skattskyldan sje miklu vægari en til landssjóðs, eftir nýjustu lögum frá 1917. Landssjóður tekur 20% af 99000, en nefndin vill ekki taka meira en 14%.

Í sambandi við þetta vil jeg leyfa mjer að minna hv. þm. (P. J.) á það, að bæði hann og aðrir þeir mörgu ágætismenn, sem setið hafa á Alþingi, bæði á undan og eftir, hafa ekki sjeð sjer fært, að fylgja fram þessu „principi“, sem hann talar um, því að alla leið frá því, að þetta fyrirkomulag komst á, hefir

löggjafarvaldið gefið bæjar- og sveitarstjórnum stórum meira vald til að leggja á sína gjaldþegna en landssjóður hefir til að leggja á sína, því að eftir sveitarstjórnarlögunum, eins og þau voru samþykt síðast, — og meðal annara af hv. þm. S.-Þ. (P. J.),er sveitar-og bæjarstjórnum gefin svo að segja ótakmörkuð heimild til að fara í vasa þegna sinna, niðurjöfnun er gerð eftir efnum og ástæðum, það er að eins sanngirni á annan veginn, en nauðsyn á hinn veginn, því að sveitarstjórnir hafa sem sagt ótakmarkað vald í þessu efni. Þessi athugasemd, svo vel sem hún er meint hjá hv. þm. S.-Þ. (P. J.), kemur nokkuð seint; það hefði verið mjög æskilegt, að hann hefði athugað þetta fyr, ef hann hefði treyst sjer til að koma því í framkvæmd, meðal annars þegar sveitarstjórnarlögin frá 1915 voru sett. Skattaútreikning hv. þm. S.-Þ. (P. J.) get jeg ekki vel sagt um, því að ómögulegt er að hafa svar á reiðum höndum við öllum töludæmum, sem tekin eru, en þessa 21%, sem hann fjekk út, veit jeg ekki hvernig á að skilja, því að hámarksprósenta nefndarinnar er 15%. Ef á að hækka eða lækka færitöluna, þá má nokkuð gera það eftir eigin vild, en ef fara verður upp úr 1,40 eða niður fyrir 0,60, þarf samþykki stjórnarráðsins til þess; þar er ákveðinn hundraðshluti, sem má hækka hana um án heimildar stjórnarráðsins. Þetta verkar að þessu leyti til ekki ólíkt og nú er, því að ef bæjar- og sveitarstjórnir vilja hækka aukaútsvar frá því, sem meðaltalið hefir verið síðustu árin, þarf samþykki stjórnarráðsins til, en það er að eins sá munur, að hækkunin verður í ákveðnu hlutfalli hjer á öllum, en þegar niðurjöfnun er gerð, getur maður aldrei vitað, hvað á mann er lagt. Það dugir ekki fyrir hv. þm. S.-Þ. (P. J.) í þessu tilfelli að vinna með færitölu, því að þá er maður nokkuð í lausu lofti, því að hún getur bæði hækkað og lækkað skattinn.

Þá ætla jeg að líta á brtt. hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Það er þá 1. brtt., við 3. gr., a-liður. Jeg býst nú við því, að þaðmuni láta nærri um þá brtt., að hún geri hvorki til nje frá, sje þess vegna ekki efnisbreyting, heldur orðabreyting; en það, sem vakað hefir fyrir bæjarstjórninni, hygg jeg að hafi verið það, að til gætu verið þau fjelög og stofnanir, sem ekki kæmust undir 3. liðinn í greininni, og verði þess vegna að falla undir 2. tölulið, og svo sjeu menn eða stofnanir, sem eigi í annari stofnun, en það sjeu þeir menn, sem skattinn eigi að leggja á, og eigi þetta einmitt við hlutdeild í slíkri stofnun. T. d. ef kaupmaður, búsettur hjer í Reykjavík, fær annan mann til að skjóta inn fje í verslun sína, þá getur verslunin gengið undir eins manns nafni, en þeir ábyrgjast báðir fullkomlega. Það mun vera líkt um 3. töluliðinn, að brtt. við hann, b-liðurinn í brtt., skifti ekki miklu máli, því að efni til falla að eins í burtu þessar setningar: ....„og það eins þótt afrakstur sá, sem verða kann af starfseminni, sje eigi allur eða að hluta talinn fjelaginu sem slíku til tekna, samkvæmt fyrirkomulagi því, sem er á starfsemi þess og reikningsfærslu“.... Mjer skilst, að það, sem falli burt að efni til, út af fyrir sig skifti varla miklu máli, en það eru aðrar brtt., sem saman borið við þetta myndu vera miklu óaðgengilegri frá mínu sjónarmiði ætla jeg þá fyrst að víkja að 2. brtt., við 7. gr., c-liðinn, að sá liður því nær falli burtu. Mjer er í rauninni ekki ljóst, hvers vegna hv. þm. S.-Þ. (P. J.) vill láta þennan lið falla í burtu, úr því að hann

hefir ekki gengið svo langt í brtt. sínum við 3. lið 3. greinar, að þau fjelög, sem þar eru nefnd, falli í burtu. Þar segir: „.... Enn fremur framleiðslufjelög, samvinnufjelög, pöntunarfjelög og önnur slík fjelög, með heimilisfang í bænum, sem hafa þann tilgang, að starfa til efnahagsmuna fyrir fjelagana ....“. Þessi fjelög álítur hv. þm. (P. J.) að ekki eigi að mæla að öllu leyti undan sköttum, en úr því svo er, skil jeg ekki, hvers vegna hv. þm. (P. J.) vill 6. málsgr. í burtu, því að ákvæði hennar eru til þess að vernda slík fjelög dálítið frá fullkominni handahófsáleggingu, þar sem þau eru skattskyld; því finst mjer, að nær hefði verið að láta hana standa, en t. d. koma með brtt. um hundraðshlutann, 10%, síðast í málsgreininni, og ætlar nefndin að athuga, hvort ekki sje rjett að fella það ákvæði í burtu. En þegar maður lítur á aðrar brtt. hv. þm. (P. J.), þá fer maður að skilja betur í því, að hann vill láta þetta hverfa; það er brtt. á þingskj. 277, að c-liðurinn orðist þannig: „Um þau fjelög, sem heima eiga í bænum og nefnd eru í 3. gr. 3. lið, ber að draga frá tekjunum þá upphæð, sem greidd er í arð, af hlutdeildum fjelagsmanna“. Þessi breytingartillaga hefir það að geyma, að öll þau fjelög, sem eiga heima í bænum og nefnd eru í 3. gr. 3. lið, mega láta draga frá tekjunum þá upphæð, sem greidd er í arð til fjelagsmanna; það verða þá öll hlutafjelög, („aktíu“-fjelög) og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð; öll þessi fjelög eiga þá að eins að greiða skatt eftir till. af þeim tekjum, sem eftir verða þegar þau eru búin að greiða arðinn til fjelagsmanna. Þá er að líta á það, hver afleiðing af þessu yrði. Hún yrði sú, að svo g æ t i farið, að ekki eitt einasta hlutafjelag í þessum bæ yrði skylt að greiða skatt til hans. Um þessi hlutafjelög getur verið nokkuð misjafnt ástatt, eftir því hvernig þau eru; það mætti segja, að þar sem allir hluthafarnir eru búsettir hjer á landi, eða hjer í bænum, gerði þessi breyting ekkert til, en þessi athugasemd nær þó ekki vel því sanna, vegna þess að það er oft ómögulegt að vita, hverjir eiga hluti í fjelögunum. Eftir okkar lögum er að eins ein tegund hlutafjelaga, þar sem hlutabrjefin verða að hljóða á nafn, en öll önnur fjelög geta gefið út hlutabrjef án þess að þau hljóði á nafn, og þá þarf ekki að eins fjelagsstjórnin ekkert að vita um nöfnin, en hún getur ef til vill blátt áfram ekki gefið neinar upplýsingar, af þeirri ástæðu, að hún veit ekkert um eigendurna. En svo er líka annað atriði, og það getur skift afarmiklu hjer á landi. Það vita allir, að útlendingar eru farnir að reka ýmsa starfsemi víða á landinu, og skal jeg nefna rjett sem dæmi nokkra staði á Norður- og Vesturlandi, í Eyjafjarðarsýslu (Siglufjörð), Strandasýslu og Ísafjarðarsýslu; á þessum stöðum er stórkostlegur síldarútvegur, sem Norðmenn og Svíar standa fyrir; þeir gætu auðvitað komið sínum rekstri fyrir í hlutafjelagsformi; jafnvel einn maður getur stofnað hlutafjelag og átt alla hlutina sjálfur. Sama er að segja um Reykjavík; þar geta verið margir útlendir menn, sem eiga þar eignir. Ef þeir fara svo að mynda hlutafjelag, þá getur bærinn átt á hættu að missa algerlega þennan gjaldstofn.

Það er að vísu satt, að eigi er útilokað, að tvisvar verði lagt á sömu tekjur, ef skattur er lagður á tekjur hlutafjelags. En sjaldan mundi þessu þó vera að heilsa. Í framkvæmdinni er einsætt,

að manni væri leyft að draga frá þann hlutann, er hann hefði greitt af á annan hátt, til sama skatteiganda.

Þar sem maður rekur atvinnu á öðrum stað, en er t. d. búsettur í Reykjavík, eða vice versa, er sanngjarnt, að frá sje dreginn skattur, er hann geldur þar af sömu atvinnu.

*Þegar um tekjuskatt til landssjóðs er að ræða, eru ekki miklir erfiðleikar á að koma þessu í verk, því að einu gildir, hvar maðurinn er búsettur. Aftur á móti er þetta erfiðara þegar gjalda skal skattinn til sveitar, því að skattgreiðandi getur verið búsettur utan sveitarinnar, sem skatturinn á að renna til. En vitanlega á sá staður rjett til skattsins, sem hin skattskylda atvinna er rekin á. Það er sanngjarnt, að hann njóti góðs af atvinnurekstrinum. Því að hvers vegna hafði atvinnurekandinn valið þennan stað? Auðvitað af því, að hann áleit hann hentugan til slíks atvinnurekstrar. Og er þá ekki sanngjarnt, að staður þessi njóti góðs af því, að hann er heppilegur til atvinnurekstrarins? Brtt. er því af þessum ástæðum ófær.

En ein breytingin er enn ótalin, sem ríður baggamuninn. Hún er sú, að frá tekjunum beri að draga þá upphæð, sem greidd er í arð, af hlutdeildum fjelagsmanna. Eftir þessu ákvæði þarf ekkert fjelag að vera skattskylt; því að þeim er innan handar að greiða allan arð til hluthafanna. Og þó að fjelagsmenn fái allan arð, geta þeir eftir krókaleiðum myndað varasjóð. Þeim mundi ekki verða skotaskuld að gera allan fjelagsarðinn að eigin arði sínum. Þegar fjelagar hafa fengið allan arðinn, er ekkert eftir til að leggja á. Þeir geta verið útlendingar, sem aldrei hafa verið hjer, eða enginn veit um þá o. s. frv. En ef fjelagsskapurinn stendur sig vel, kemur í sama stað niður, hvort hann hefir varasjóð eða ekki.

Þá kem jeg að 2. brtt., b-lið. Þar er svo ákveðið, að „samkvæmt kröfu skattgreiðanda ber enn fremur að draga frá þann hluta teknanna, sem aflað er í öðru bæjar- eða sveitarfjelagi og hann sannar, að hann greiði af löglegt útsvar þar."

Jeg skal játa, að bak við þessa brtt. felst töluverð sanngirni. En þegar gætt er að nánar, er hætt við, að Reykjavík mundi bera töluvert skarðan hlut, ef brtt. þessi yrði samþ. óbreytt. Þess ber að gæta, að ef þetta ákvæði næði fram að ganga, mundu gjaldendur reyna að láta líta svo út, að langmestan hluta tekna sinna hefðu þeir aflað annarsstaðar en hjer. Og eins og kunnugt er, hafa bæjar- eða sveitarfjelög misþungar byrðar að bera, og sumstaðar eru útsvör hverfandi lág, í samanburði við það, sem hjer gerist. Er því auðsætt, að þessir menn mundu sleppa miklu betur en aðrir borgarar bæjarins, sem enga atvinnu rækju utan þessa bæjar. En þó tel jeg sanngjarnt, að tekin sjeu til greina útsvör annarsstaðar. Þess vegna datt nefndinni í hug, að þeir reiknuðu aukaútsvör sem rekstrarkostnað af þeirri atvinnu, sem þeir reka annarsstaðar. Enda er ekki neitt hugsunarrangt í því. Því að þeir verða að borga aukaútsvar á þessum stað, fyrir að reka atvinnuna þar, og geta gert ráð fyrir því, er þeir gera áætlun yfir rekstrarkostnaðinn.

Enginn má samt skilja orð mín svo, að jeg telji frv. þetta óaðfinnanlegt, enda hefði nefndin viljað hafa það lengur til íhugunar, en þótti hins vegar

*) Virðist einhverju slept (þ: hjá ræðuritara, Þórb. Þ.), og ekki unt að leiðrjetta til hlítar. **E. A.**

rjett að afgreiða það nú og láta það koma til umr. hjer í hv. deild.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) skýrir ekki alveg rjett frá um skattatill. í bæjum og sveitum í Noregi. (**P. J.**: Jeg mismælti mig). Þá er best að sleppa því.

Jeg skal enda mál mitt á að geta þess, að þó að nefndin hafi ekki getað fallist á brtt. hv. þm. S.-Þ. (P. J.), eins og þær eru orðaðar, og telji sumar þeirra ótækar, þá er ekki þar með sagt, að hún vilji ekki athuga málið betur, meðal annars, hvort eigi sje ástæða til að færa niður hundraðstöluna í 6. málsgr. 7. gr., og ef til vill fleira, sem varhugavert kynni að vera.

Pjetur Jónsson: Jeg verð að segja fáein orð í sambandi við ræðu hv. frsm. (E. A.).

Jeg skal þegar geta þess, að jeg hefði aldrei farið að kafa niður í mál þetta, ef jeg hefði ekki fremur viljað greiða fyrir því en hefta það. En jeg hefi hvorki haft tíma, tök nje kunnáttu til þess að búa brtt. við frv. svo vel úr garði, sem þyrfti og jeg hefði óskað. Jeg viðurkenni því, að brtt. mínar kunni að ná of skamt til lagfæringar og vera gallaðar, þótt þær sjeu rjettar að efni.

Jeg hygg, að hv. frsm. (E. A.) hafi misskilið það, sem jeg sagði um almenn skattalög fyrir bæjar- og sveitarfjelög. Það var alls ekki mælt frv. þessu til foráttu, heldur til þess að benda á, að áður en slík lög sem þessi væru sett væri nauðsynlegt að setja almenn bæjar- og sveitarlög, eins og t. d. í Noregi og Danmörku og spálfsagt annarsstaðar. (**E. A.**: Hv. þm. kvaðst ekki þekkja þau). Jeg þekki þau ekki í þeim skilningi, í öllum atriðum, að jeg geti dregið út úr þeim skattafræði. En jeg hefi kynt mjer sjerstaklega undirbúning norsku laganna. Þar var kosin milliþinganefnd til þess að undirbúa málið, og starfaði hún að því í mörg ár. Nefndarálit hennar hefi jeg lesið. Hugsun skattanefndar 1908 var, að samin yrðu allsherjar skattalög fyrir sveitir og bæi. Hún útbjó skattafrv. fyrir sveitirnar, og ef það frv. hefði náð samþykki, mundi skattamálið ekki vera eins óákveðið og í lausu lofti og nú er raun á.

Þar sem hv. frsm. (E. A.) mintist á, að þessi gjaldstigi væri ekki eins hár og jeg sagði, þá skal jeg taka það fram, að svo getur orðið í framkvæmdinni. Dæmi mitt er rjett, því að jeg talaði um gjaldstigann, eins og hann getur hæstur orðið, án þess þó, að til samþykkis stjórnarráðsins komi, og þetta gerði jeg til þess að sýna, hve ósanngjarnt það er að hafa stighækkandi skatt á hlutafjelögum og samvinnufjelögum.

Hv. frsm. (E. A.) áleit ósamræmi milli brtt. 1 b. og 2 c., þar sem jeg felli niður part úr 3. gr. frv. En þetta er ekki rjett. Jeg skal skýra, hvað fyrir mjer vakti. Jeg átti við það, að ekki væri rjett að undanskilja þau fjelög skatti, sem að eins kölluðu sig samvinnufjelög eða kaupfjelög. Þau gætu þann veg verið vaxin, að þeim bæri að greiða skatt í sveitarsjóð að rjettu lagi. Jeg áleit ekki heldur nauðsynlegt að gera leit eftir þeim arði hjá fjelögum, sem eigi er bókfærður hjá þeim. Jeg álít eigi rjett að leggja á slíkan arð (sbr. 7. gr., 6. málsgr.), nema að því leyti, sem hann er einstakra manna eign innanbæjar. Þess vegna geti ekki komið til mála að hafa þetta ákvæði í lögunum.

Þá skal jeg líka minnast á það atriði, sem jeg vildi fella burt úr 3. gr., sem sje ákvæðið: „og það eins þótt afrakstur sá, sem verða kann af starfseminni, sje eigi allur eða að hluta talinn fjelagi sem slíku til tekna, samkvæmt fyrirkomulagi því, sem er á starfsemi þess

og reikningsfærslu". Þetta ákvæði vil jeg fella burtu, af því að það er beinlínis miðað við þennan óbókfærða arð. Jeg álít sem sje, að gagnvart þessum fjelagsskap sem öðrum verði að fara eftir því, sem rjett bókfærsla sýnir. Jeg held því líka fram, að ef arðurinn er einungis fólginn í vöruafslætti, þá eigi ekki að skattskylda hann. Jeg skal taka til dæmis Kaupfjelag Eyfirðinga. Allar vörur, sem það verslar með, eru seldar við álíka verði og kaupmenn selja; en síðan skilar það að ári liðnu til fjelagsmanna vinningnum af versluninni. Þetta er einungis vöruafsláttur, svipaður þeim, sem kaupmenn oft gefa, þó í smærri stíl sje, og er sá afsláttur kaupmanna ekki talinn með verslunararði þeirra.

Jeg get með engu móti sjeð, að sanngirni mæli með því, að þessi „arður" sje gerður skattskyldur. Og því síður get jeg álitið rjett að skattskylda þann hagnað, sem fjelagsmenn, t. d. í Kaupfjelagi Þingeyinga, hafa borið úr býtum, í samanburði við að hafa verslað annarsstaðar, t. d. á Húsavík eða Akureyri, þennan hagnað, sem jeg viðurkenni að hafi verið, en enginn getur sýnt nje sannað hve mikill er.

Hv. frsm. (E. A.) vjek að því, hve miklir erfiðleikar væru á að ná í hlutafjárarðinn hjá hluthöfum sjálfum, því að óvíst væri, í hvaða höndum hann lenti, og að hann gæti verið eign útlendinga. Þetta athugaði jeg. En jeg treysti mjer ekki til að finna í svip ákvæði til þess að bæta úr þessu. En jeg býst þó við, að þetta mætti lagfæra. Það mætti ákveða, að þessi undanþága hjá hverju fjelagi næði að eins til þess arðs, sem útborgaður væri til innlendra manna. Eða það mætti orða liðinn svo: „Um þau fjelög, sem heima eiga í bænum og nefnd eru í 3. gr. 3. lið, ber að draga frá tekjunum þá upphæð, sem greidd er í arð af hlutdeildum nafngreindra fjelagsmanna innlendra". Þá er ekki lengur unt að villast. Þá er hægt að ná í þá, sem arðinn fá, og þá sleppur ekki útlent fje undan.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg ætla að eins að minnast á nokkur aðalatriði í ræðu hv. þm. S.-Þ. (P. J.).

Hv. þm. (P. J.) viðurkendi, að mikil vandkvæði væru á að undanþiggja arð hluthafa skatti. Hann benti á skattalögin. En þau eru glompótt. Því að þótt svo sje ákveðið í lögunum, að einvörðungu búsettir menn á Íslandi skuli greiða skatt, getur verið erfitt að gera greinarmun á, hverjir eru innlendir og hverjir útlendir hluthafar, og hræddur er jeg um, að skattaráð Reykjavíkur gæti komist í bobba með að skera úr því. En þá er síðasta ástæða mín, að eins og till. hv. þm. S.-Þ. (P. J.) er orðuð, er einstökum hlutafjelögum innan handar að komast undan skatti. Þau þurfa ekki annað en greiða allan beinan arð til hluthafanna, uns ekki er neitt eftir.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hugsar sjer þann veg, að nafngreindu hluthafarnir einir yrðu undanþegnir, en greiddur skattur af arði af handhafabrjefum. En auðvelt yrði að fara í kringum það. Þá gætu menn látið öll brjefin hljóða á nafn og greitt allan arðinn til hluthafa, svo að þá yrði engin fjelagseign til að leggja skattinn á. Hluthafarnir geta sjálfir verið búsettir utan Reykjavíkur, allir eða nokkrir, og gæti þá svo farið, að Reykjavík hefði ekkert gott af atvinnurekstri þeirra hjer.

Loks vil jeg gera þá athugasemd, að ef sú brtt. verður samþykt, sem hjer er á ferðinni, væri óskandi, að þeir greiddu atkvæði móti henni, sem eigi vilja gera kost Reykjavíkur verri. Því að frá sjón-

armiði Reykjavíkur yrði slík samþykt tekjumissir. Nú hefir verið lagt útsvar á ýms hlutafjelög, t. d. fiskiveiðafjelög. En ef brtt. yrði samþ., mundi bærinn missa þennan tekjuskatt að miklum mun, og veit jeg ekki, hvar hann ætti að fá fylt að fullu skarðið, sem með því yrði höggið í tekjur hans.

ATKVGR.

Brtt. 188, 2. a. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 188, 2. b. samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 : 1 atkv.
2. gr. samþ. með 17 : 1. atkv.
— 277, 1. a. samþ. með 13 : 3 atkv.
— 188, 3. kom því eigi til atkvæða.
— 277, 1. b. feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., M. Ó., P. J., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. Árna., Ó. B
nei: G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., P. O., S. St., Þór. J., B. K., B. St., E. A.

Þrír þm. (E. J., S. S. og Þorl. J.) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 : 5 atkv.
Brtt. 188, 4. samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
— 188, 5. samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 3 atkv.
— 188, 6. samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
— 188, 7. a. samþ. með 15 : 1 atkv.
— 188, 7. b. samþ. án atkvgr.

Brtt. 277, 2. a. feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. Árna., H. K., M. Ó., P. J., P. Þ., Ó. B.
nei: Sv. Ó., Þór. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., P. O., S. St.

Þrír þm. (E. J., S. S. og Þorl. J.) fjarstaddir.

Brtt. 188, 7. c. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 277, 2. b. samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. St., E. Árna., H. K., M. Ó., P. J., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Ó. B.
nei: Þór. J., B. K., E. A., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., P. O., S. St.

Þrír þm. (E. J., S. S. og Þorl. J.) fjarstaddir.

Brtt. 188, 7. d. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 277, 2. c. feld með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. Ó., P. Þ., St. St., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. Árna., H. K., Ó. B.
nei: M. G., M. P., P. O., S. St., Sv. Ó., Þór. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv., J. J., J. M., J. B.

Fjórir þm. (E. J., S. S., Þorl. J. og P. J.) fjarstaddir.

Brtt. 188, 7. e. samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 188, 8. (ný 8. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 188, 9. a. og b. samþ. án atkvgr.
— 188, 9. c. samþ. með 17 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 188, 10. samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
— 188, 11. a.—d. samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 188, 12. (ný 13. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 188, 14. a. og b. samþ. án atkvgr.
— 277, 3. kom því eigi til atkvæða.
15. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
16. og 17. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 188, 15. samþ. án atkvgr.
18. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
19.—21. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 188, 16. a.—c. samþ. án atkvgr.
22. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 188, 17. samþ. með 16 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
— 188, 18. (ný 24. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 188, 19. a. og b. samþ. án atkvgr.
25. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
— 188, 20. samþ. án atkvgr.
26. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
— 188, 21. a. og b. samþ. án atkvgr.
27. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 188, 22. a. og b. samþ. án atkvgr.
29. gr., svo breytt, (verður 28. gr.) gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 188, 23. a.—c. samþ. án atkvgr.
30. gr., svo breytt, (verður 29. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 188, 24. (ný 31. gr. — verður 30. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 188, 25. (ný 32. gr. — verður 31. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 188, 26. (ný 33. gr. — verður 32. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 188, 27. (ný 34. gr. — verður 33. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 188, 28. samþ. án atkvgr.
35. gr., svo breytt, (verður 34. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
36. gr. (verður 35. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
37. gr. (verður 36. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
38. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 188, 29. a. og b. samþ. án atkvgr.
39. gr., svo breytt, (verður 38. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
40. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
41. gr. (verður 40. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 188, 30. (ný 42. gr. — verður 41. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
43. gr. (verður 42. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
44. gr. (verður 43. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 188, 31. samþ. án atkvgr.
45. gr., svo breytt, (verður 44. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 188, 1. (ný fyrirsögn) og fyrirsagnir kaflanna samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 1 atkv., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um tekjuskatt og lóðargjöld í Reykjavík.

Á 42. fundi í Nd., mánudaginn 10. júní, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 307).

Frsm. (Einar Arnórsson): Þar sem annar aðili þessa máls, ef svo má nefna, er óánægður með gerðir allsherjarnefndarinnar í málinu og með þær breytingar, sem gerðar voru á frv. við 2. umr. hjer í deildinni, og þó að svo megi virðast, sem ekki sjeu tök á að gera þeim aðilja til hæfis, þá mælist jeg til þess, fyrir hönd nefndarinnar, að málið verði tekið út af dagskrá að þessu sinni, svo að nefndin geti tekið það til nýrrar athugunar. Jeg lofa engu um það, að nýjar aðgerðir nefndarinnar verði til þess, að fleirum verði gert til hæfis en áður. Um það er ekki gott að segja fyrirfram, en nefndin óskar að ráða ráðum sínum á ný.

Jörundur Brynjólfsson: Það er ekki nema sjálfsagt að verða við óskum nefndarinnar um að taka málið út af dagskrá. En jeg vildi að eins taka það fram, að þó vart hafi orðið við óánægju hjá mönnum með breytingar þær, sem gerðar hafa verið á frv. af nefndarinnar hálfu, og þó nokkrir menn í bæjarstjórn hafi látið þessa óánægju í ljós, þá efast jeg um, að þeir sjeu í meiri hluta. Jeg ímynda mjer, að þeir sjeu að minsta kosti jafnmargir í bæjarstjórninni, og áreiðanlega er víst, að mikill meiri hl. bæjarbúa er miklu ánægðari með frv. nú, að breytingu þeirri undanskildri, er hv. þm. S.-Þ. (P. J.) flutti og samþ. var (d. lið í 7. gr.), en þegar það var lagt fyrir þingið.

Það er öldungis víst og sannanlegt, að málið hefir tekið mjög miklum breytingum til bóta hjá hv. nefnd, og kann jeg henni bestu þakkir fyrir það.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið; að eins vildi jeg að gefnu tilefni lýsa yfir þessu.

Pjetur Jónsson: Jeg vil styðja þá till., að málið sje tekið út af dagskrá.

Þótt jeg sje ekki í nefndinni, hefi jeg samt verið við mál þetta riðinn á ýmsan hátt. Jeg hefi flutt brtt. við frv. við 2. umr. og kynt mjer málið allrækilega. Það er svo langt frá því, að jeg sje ánægður með brtt. þær, er samþ. hafa verið, að jeg get alls ekki greitt frv. atkvæði, eins og það er nú úr garði gert. Og ekki fæ jeg skilið annað en að meiri hl. hv. deildar sje mjer sammála um þetta, ef á að knýja frv. fram, eins og það liggur nú fyrir. Því tel jeg heppilegt, að málið verði tekið út af dagskrá, svo að nefndin fái nægan tíma til að athuga það betur.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi ekkert á móti því, að málið sje tekið út af dagskrá eftir ósk nefndarinnar, svo sem venja hefir verið um önnur mál. En jeg kann því illa, verði málið tekið út af dagskrá í þeim tilgangi að láta það aldrei koma fram aftur. Ef frv. þetta er til verulegra bóta frá því sem nú er, þá á það ekki að verða því til tafar eða að falli, þó einhver, sem um það á að fjalla, sje á einhvern hátt ósamþykkur bæjarstjórn í einhverju máli. Vona jeg, að hæstv. forseti komi í veg fyrir það. Jeg segi þetta af þeirri ástæðu, að mjer er kunnugt um, að þessi hugsun er nokkuð ofarlega í hv. nefnd.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg fæ ekki

sjeð, að hv. þm. Barð. (H. K.) skifti það nokkru, hvort málið sje tekið út af dagskrá eða ekki. Jeg hefi ekki gefið neitt í skyn um það, hvað nefndin myndi gera við málið, enda hefi jeg ekki borið mig saman við hana um það. Hitt hefi jeg borið undir nefndina, hvort hún óski ekki, að málið sje tekið út af dagskrá, og eru 4 nefndarmenn sammála um það — til hins 5. hefir ekki náðst í svipinn.

Hákon Kristófersson: Mjer er óskiljanlegt, að hv. frsm. (E. A.) skuli leyfa sjer að segja, að sjer þyki það undarlegt, að jeg læt uppi skoðun mína um mál, er liggja fyrir hv. deild. Mál þetta er allmikilvægt, og býst jeg við því, að jeg hafi jafnan tillögurjett um það sem aðrir; þó að tillögur mínar sjeu ef til vill nokkuð veigaminni en tillögur hv. frsm. (E. A.), þá hefir hann alls engan rjett til að furða sig á því, þó jeg láti uppi mína skoðun á þessu sem öðrum málum hjer í hv. deild.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki framar á dagskrá tekið, en fram kom brtt. við það, á þgskj. 356.

Frv. varð

ekki útrætt.

4. Breyting á bæjarstjórnarlögum Reykjavíkur.

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 6. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 49, 30. nóv. 1914, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík (A. 57).

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Þessi breyting á lögum þeim, sem tiltaka, hverjir hafi kosningarrjett í Reykjavík, er að nokkru leyti sniðin eftir því, sem nú tíðkast annarsstaðar, að gjaldskylda til bæjarsjóðs sje ekki skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Fyrir þessu þingi liggur frv. til laga um bæjargjöld hjer í bænum, og af því frv. getur leitt, að þeir, sem hafa lágar tekjur og þungt heimili fram að færa, verða ekki útsvarsskyldir, og missa þá kosningarrjett sinn í málefnum bæjarins, sje ákvæðum gildandi laga um það efni ekki breytt.

Þess vegna er svo ákveðið í þessu frv., að allir skuli hafa kosningarrjett, sem náð hafa lögaldri og yfirleitt uppfylla þau skilyrði, sem sett eru þessu viðvíkjandi, þótt ekki greiði þeir útsvar til bæjarsjóðs.

Um hitt atriðið, að strika skuli þann út af kjörskrá, sem ekki hefir greitt það útsvar, sem honum er gert að greiða, er það að segja, að það er sett hjer til þess að reyna að tryggja það, að þeim, sem er gert að greiða útsvar og geta það, greiði það á nokkurn veginn rjettum tíma til bæjarsjóðs. Sje einhverjum gert að greiða útsvar, en hann vegna erfiðra kringumstæðna getur ekki greitt það, þarf hann engin rjettindi að missa fyrir þetta ákvæði, því hann þarf ekki annað en fá það eftirgefið hjá bæjarstjórn. Það eru að vísu til lagafyrirmæli um að ná gjaldinu á annan hátt, en þau hafa ekki reynst einhlít til þess

að fá fjeð á rjettum tíma, enda er enginn misrjetti beittur, þó lagt sje að honum að greiða lögboðin gjöld á rjettum tíma. Þetta ákvæði verður því að eins til þess, að menn láti sjer frekar ant um að greiða gjöld sín í bæjarsjóð.

Þá er eitt atriði í þessum lögum, að þeir menn, sem staðið hafa í skuld við sveitarsjóð, fái að kjósa, ef þeir hafa greitt skuld sína eigi síðar en tveim dögum fyrir kjördag. Það virðist svo, sem öll sanngirni mæli með þessu, enda eru svona ákvæði fyrir í lögum hjer á landi, t. d. í Hafnarfirði.

Þá er og það ákvæði með öllu rjettlátt, að leyfa konum, sem giftar eru, að neyta kosningarrjettar síns, jafnvel þó að menn þeirra hafi ekki staðið í skilum um lögmæt gjöld sín og þess vegna verið strikaðir út af kjörskrá. Það má teljast órjettmætt að láta sök mannsins bitna á konunni, sem getur ef til vill engu um það ráðið.

Önnur atriði er ekki þörf að minnast á. Frv. er borið fram samkvæmt vilja bæjarstjórnar.

Að lokum geri jeg það að till. minni, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) með öllum gr. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

5. Skipun læknishjeraða [hækkun læknalauna].

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 25. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (A. 211).

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 27. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Arnórsson): Þegar frv. um hækkun læknataxtans, var hjer á döfinni og felt í þessari hv. deild, ljetu ýmsir svo um mælt, að aðra leið yrði að fara til þess að bæta kjör lækna, og sú leið var að hækka laun þeirra; þess vegna er frv. þetta fram komið.

Jeg ætla ekki að mæla með frv.; ástæðurnar fyrir því eru svo sjálfsagðar og auðsæar, að jeg tel óþarft að eyða að þeim frekari orðum. Jeg vildi biðja þá, sem eru ákveðnir í, að engin slík frv. nái fram að ganga, að greiða atkvæði hreinlega á móti þessu frv. strax, heldur en að eyða tíma þingsins í gersamlegan óþarfaþvætting um málið. Loks óska jeg, að frv. verði að lokinni umræðu vísað til allsherjarnefndar, ef því verður lofað að lifa svo lengi.

Pjetur Jónsson: Jeg verð að segja, að mjer þykir það enginn búhnykkur, að felt var frv. það, er fram kom frá fjárveitinganefnd, um hækkun læknataxtans. En nú er fram komið annað frv., sem bætir engu betur úr fyrir læknum, en kemur niður þar, sem síst skyldi. Það

fer fram á hækkun fastra launa lækna, og dembir því uppbótinni á landssjóð.

Jeg hefi skoðað laun lækna sem einskonar styrk til þess að halda uppi lækningum, og þess vegna lít jeg svo á þetta mál, að verðfall taxtagjaldsins hafi þá afleiðingu í för með sjer, að taxtinn verði hækkaður, engu síður en að uppbót sje veitt á þennan styrk, eins og gert er með dýrtíðaruppbótinni.

Jeg hefi fátt lagt til launamálanna yfirleitt, og skal ekki heldur gera þetta atriði sjerstaklega að umtalsefni, en þykir frv. þetta þó horfa dálítið kynlega við. Jeg óttast sem sje, að ef læknum verður veitt launauppbót, og það svona há, muni fleiri embættismenn sigla í sama kjölfarið, og heimta uppbót á launum sínum. Nú liggja fyrir þinginu launauppbótabeiðnir frá ýmsum embættismönnum, og eru litlar horfur á enn, að þingið sinni þeim að þessu sinni. Skal jeg nefna þar til dæmis uppbótabeiðni frá kennurum mentaskólans og mjög rækilegt skjal frá háskólakennurunum. Alt liggur þetta þannig á döfinni og þvælist á milli nefnda, án þess að nokkur þeirra vilji taka það upp. Ef læknum verður nú veitt uppbót þessi á launum sínum, getur þingið ekki látið hin erindin reka svona á reiðanum.

Jeg er nú þeirrar skoðunar, að þingið geti orðið við öllum slíkum beiðnum embættismanna. En jeg álít hins vegar, að það verði eitthvað að aðhafast, til þess að hrinda máli þessu í betra horf. Jeg hefi orðið þess var, að þó að menn hafi greitt atkvæði móti samskonar kröfum og hjer um ræðir, þá hefir það ekki stafað af því, að þeir væru mótfallnir kröfunum í sjálfu sjer; en þeir hafa ekki viljað rífa einstaka liði út úr samhengi. Og þetta var víst einmitt aðalástæðan fyrir því, að allsherjarnefnd lagðist á móti launahækkun dómaranna o. fl. á dögunum.

Ef þingið vill ekki taka launamálið í heild sinni til rækilegrar íhugunar, verður það að vinna hjer einhverja bót á. Og mjer virðist eðlilegast, að kosin verði sjerstök nefnd til að athuga kröfu læknanna, og síðan sje öllum launamálum, sem fyrir þinginu liggja, vísað til þessarar nefndar. Margir una því illa, að málin sjeu látin velkjast svona í óreiðu, látin þvælast nefnd frá nefnd. Sumum er vísað til fjárveitinganefndar, sumum til bjargráðanefndar og öðrum til allsherjarnefndar. Jeg hygg því rjettast að fela einhverri ákveðinni nefnd að íhuga launamálið, eða að kosin verði sjerstök nefnd til þess, og að til hennar verði síðan vísað þeim öðrum launamálum, sem fyrir þinginu liggja.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að ræða frv. þetta verulega nú. En jeg vildi láta þess getið, að jeg er ekki alveg sannfærður um, að hyggilegt sje að tengja þetta mál alt of mikið við aðrar launakröfur, sem fyrir þinginu liggja. Hitt álít jeg rjett, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, að ekki sje heppilegt að láta mál þessi hrekjast milli nefnda, því að svo gæti auðveldlega farið, að skyld mál lentu í óskyldum nefndum. En á hinn bóginn er jeg ekki viss um, að heppilegt sje að setja þetta mál í sjerstaka nefnd. Ef ætti að athuga launamálið á viðtækari grundvelli, er fjárveitinganefnd sjálfkjörin til þeirrar starfsemi. Hún hefir ekki svo mikil verkefni fyrir höndum á aukaþingi. Og mjer finst rjettast, að þessu frv. sje vísað til hennar; þó ekki þess vegna, að nauðsynlegt sje að tengja

þetta mál við önnur launamál, heldur af því, að málið heyrir þessari nefnd til, eins og nú horfir við.

Þessu vildi jeg skjóta til formanns hv. fjárveitinganefndar og hv. deildar, hvort eigi fyndist vel til hlýða, að nefndin taki þetta mál til íhugunar. Mjer sýnist fara langbest á því.

Pjetur Jónsson: Hv. deild ræður auðvitað, hvað hún gerir við málið. En jeg hygg, að ekki sje þægilegt fyrir fjárveitinganefnd að taka málið til meðferðar, þar sem nefndin hefir áður borið fram till. í málinu, sem reist var á öðrum grundvelli. Jeg get að minsta kosti ekki sveigt mitt geð til þess. Hjer eru líka fleiri samskonar erindi á ferðinni, og hefi jeg ekki álitið, að fjárveitinganefnd hefði umboð nje ástæðu til að sinna þeim.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg gæti vel sætt mig við, að frv. sje vísað til 2. umr., í því skyni, að því verði þá vísað til nefndar. En jeg vona, að menn athugi, hvort ekki sje heppilegt, að þessari kröfu sje vísað beint til fjárveitinganefndar.

Einar Jónsson: Þegar þetta mál var hjer til umræðu í annari mynd, greiddi jeg atkvæði á móti því, og skal jeg nú gera grein fyrir ástæðum mínum fyrir því.

Jeg var mótfallinn taxtahækkuninni, þótt jeg viðurkendi hins vegar, að laun lækna væru of lág. Nú er farið fram á að hækka hin föstu laun læknanna. Og jeg treysti mjer ekki til að standa í móti þeirri kröfu. Jeg var á móti taxtahækkuninni vegna þess, að mjer virtist hrapalleg ósanngirni í henni fólgin. Veikir menn eiga örðugra uppdráttar en heilbrigðir, og þótt ríkir menn veikist, þá veikir það efnahag þeirra. En hins vegar er fátæklingnum fremur hætt við sjúkdómum, en efnamanninum. Þar að auki hefði hækkun þessi komið þyngst niður á þeim, er fjarst búa lækninum.

Sumir veigra sjer við að bæta launakjör einstakrar stjettar, því að fleiri stjettir muni þá gera sömu kröfuna. Þetta getur rjett verið. En jeg vil segja, að mest sje þörfin meðal læknanna. Því að læknir með 1500 kr. árslaunum er ver settur en menn með 4000—8000 kr. launum. Læknar mega varla nokkurn tíma um frjálst höfuð strjúka. Að því leyti er mikill munur á kjörum þeirra og t. d. presta, sem varla gera annað en að semja eina ræðu vikulega og fara í kirkjuna á helgum. En læknar eru rifnir upp um miðja nótt, hvernig sem á stendur. Þegar þess er þar að auki gætt, að vel má lifa án prests, en læknir er hreint og beint ómissandi, ætti mönnum að skiljast betur, hversu meiri kröfu læknarnir eiga til bættra launakjara, því að það er, eins og hv. þm. Dala. (B. J.) tók rjettilega fram, þegar hitt frv. var til umr., hart að drepa sinn eigin lífgjafa.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) kvað aðrar stjettir mundu koma á eftir, ef þessari væri gerð úrlausn. Jeg býst við, að hann hafi munað eftir skyldleika sínum í yfirdóminum, er hann sagði þetta. Mjer virðist, að eigi sje hægt að synja þessari kröfu læknanna, þar sem þeir eru svo að segja eina stjettin, sem vjer getum ekki án verið. Hjer var ýmsum mentastofnunum lokað í vetur, og verður ekki betur sjeð en að hægt sje að lifa án þeirra eða kennaranna, sem að þeim standa, t. d. háskólakennaranna o. fl. En það er ekki hægt að lifa án lækna.

Talað hefir verið um að kjósa sjerstaka nefnd í málið. En jeg er því mót-

fallinn. Hjer getur hver maður farið eftir sannfæringu sinni nefndarlaust.

Þá finst mjer og smámunasemi að vilja hækka launin um að eins 500 kr., og mun jeg greiða atkv. móti þeirri brtt.

Jeg tók eftir því hjá hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og þótti leiðinlegt að heyra það af hans vörum, að hann gæti ekki sveigt lund sína í þessu máli. Þetta segir sá maður, sem altaf segist vilja vera sannleikans megin, og jeg hefi ekki reynt hann að öðru en því, að hann segði altaf satt, það jeg man.

En hvernig getur hann þá sagt það nú, að hann geti ekki sveigt lund sína, þegar um það tvent er að velja, að sveigja hana að rjettu máli, eða halda fram því, sem rangt er og ekki samkvæmt því sanna og rjetta. Hjer er ekki um annað að gera, en að ganga inn á þessa braut, ef ekki á verra af að hljótast, og jeg tek það enn fram, að laun læknanna á að hækka með gjaldi úr landssjóði, en ekki með því að hækka taxtann. Jeg mun því greiða atkv. með þessu frv.

Pjetur Ottesen: Í tilefni af því, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) mintist á launamálið yfirleitt, vildi jeg að eins segja örfá orð.

Hann kvað trauðla hægt að ganga fram hjá þeim launahækkanabeiðnum, sem fram eru komnar, og hallaðist, að því er mjer virtist, helst að því, að kosin væri sjerstök nefnd, til að íhuga og koma fram með tillögur um þetta mál.

En hjer verð jeg að vera allmjög á annari skoðun. Mönnum duldist ekki, þegar hæstv. stjórn á öndverðu þessu þingi lætur það vera sitt fyrsta verk að bera fram frv. um launahækkun handa nokkrum háttsettum embættismönnum, að það mundi draga dilk á eftir sjer, og það er þá líka að koma fram, að þessar spár muni rætast. Ýmsar stjettir embættismanna hafa þegar siglt í kjölfar stjórnarfrv. og farið fram á hækkun á launum sínum. Það leiðir líka af sjálfu sjer, hverjar afleiðingar það muni hafa að taka út úr launakerfinu flokk þeirra manna, sem eru að föstum launum til í hærri launaröð, og eru auk þess þann veg settir, að þeir njóta góðs af ýmsum aukabitlingum, sem þing og stjórn hefir upp á síðkastið verið töluvert örlát á, auk fleira sem að hrýtur.

Væri þessi leið tekin og sporið stigið jafnfult eins og stjórnin ætlast til, þá væri það að sjálfsögðu gjörsneitt öllu rjettlæti og sanngirni að ætla sjer að daufheyrast við kröfum þeirra embættis- og sýslunarmanna, sem lægra eru launaðir. Eins og menn vita, liggur það við borð að taka alt launamálið til yfirvegunar.

Það sje fjarri mjer að álasa stjórninni fyrir það að hafa ekki flutt alt launamálið inn á þetta þing; jeg lít svo á, að á þeim tímum, sem nú eru, sje ekki hægt að gera út um það mál neitt til frambúðar, eða eiga neitt við það á annan hátt en gert hefir verið með dýrtíðaruppbótinni.

En stjórninni hlaut að vera það fullljóst, að með því að fara svo að, sem gert hefir hún, þá var hún, ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis, að draga alt launamálið inn á þingið, ekki í neinni röð eða reglu, heldur alt í bendu — ósamstætt og sundurlaust. Með þessu móti verður síðari villan argari hinni fyrri.

Jeg lít svo á, að launamálinu hefði átt að halda sem mest fyrir utan þetta aukaþing, en það er þessi ráðbreytni stjórnarinnar, sem því veldur, ef það tekst ekki. Um þetta frv., sem nú er fram komið, um hækkun á launum lækna, skal jeg ekkert segja út af fyrir

sig að svo stöddu, en auðheyrt var það á hæstv. forsætisráðherra, að hann trúði ekki allsherjarnefnd fyrir málinu; hann fellst sjálfsagt á uppástungu hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að beina málinu inn á nýja braut í þinginu, ef því mætti með því betur borgið vera. Með því móti skapast þinginu allvíðtækt verkefni, því nógu verður úr að moða nú, eftir að þingið hefir setið fullar 6 vikur, og það harla aðgerðalítið, enda litt undirbúið af hálfu stjórnarinnar. Og satt að segja eru menn ekki enn þá farnir að sjá þá brýnu þörf, er var á því að kalla aukaþingið svona snemma saman, en síðar mun gefast kostur á að tala um það.

Gísli Sveinsson: Jeg get þegar í stað gefið þá yfirlýsingu, að mjer er ekki vel við þetta frv., ekki af því, að jeg sje ekki samdóma hv. flm. (E. A.) og öðrum þm., er talað hafa, um það, að kjör lækna sjeu nú lítt viðunandi, heldur af því, að jeg álít, að hjer sje farið inn á ranga braut, og er það að kenna þeirri vitleysu, liggur mjer við að segja, er varð ofan á hjer í hv. deild á dögunum, er felt var frv. frá fjárveitinganefnd um að hækka ferðataxta og verkalaun lækna. Þetta var auðvitað þeim að kenna, sem sjerstaklega vilja spara alla hluti, en mjer er með öllu óskiljanlegt, að einmitt þeir skyldu verða til þess að drepa það frv., sem var þó óneitanlega heppilegasta leiðin út úr málinu um kröfurnar til endurbóta á kjörum lækna. Og þessi leið var ekki að eins fundin hjer í þinginu, heldur höfðu læknar sjálfir kosið hana, því að þeir fóru aldrei fram á hækkun á föstum launum. Mjer er það óskiljanlegt, hversu sumir hv. þm. eru hörundsárir út af slíkri taxtahækkun, þar sem þó öllum er kunnugt, að allir verða að borga tvöfalt meira fyrir öll verk, sem nú eru gerð, en áður. Það mætti auðvitað segja sem svo, þótt með því væri ekki nema hálfsögð sagan, að ekki bæri að íþyngja fátæklingum, sem verða sjúkir, en þó er þess að gæta, að þeir ríku geta líka orðið sjúkir, því að veikindin fara ekki altjent í manngreinarálit, og svo þarf ekki endilega sú að verða afleiðing sjúkdóma, að þeir, sem í því böli lenda, verði þar fyrir fátækir. Jeg held, að það sje rjett, sem jeg hefi heyrt hjer í deildinni, að sjaldan eða aldrei heyrist menn kvarta undan þeirri borgun, sem gengið hefir til góðra lækna eða í læknishjálp, heldur munu menn miklu fremur heyra fólk tala um það, að verk lækna sjeu óskiljanlega illa borguð, saman borið við aðra. Mjer er því nær að halda, að hv. þm., sem feldu frv. um taxtahækkunina, hafi ekki með því gert kjósendum sínum verulegan greiða, og sjerstaklega ef þeir nú ætla sjer að fara að hækka föst laun þeirra, landssjóðslaunin, sem hlýtur að hafa í för með sjer hækkun á launum embættismanna yfirleitt, því að þeir hafa þá beinlínis kröfu á hendur þinginu um það að hækka laun sín líka.

Jeg held, að það geti nú svo farið, að menn út úr vandræðum verði að samþykkja þetta frv., eða eitthvað því líkt, en þá er það líka alleinkennilegt að verða ef til vill að neita öðrum, sem eiga heimtingu á því, að þingið sýni þeim sama rjettlæti.

Ef nú hugsað er til að hækka föst laun lækna og hækka ekki taxtann, þá mega þm. hafa það á samviskunni, að allir læknar fá uppbót á launum sínum. En þess er að gæta, að föst laun lækna eru ekki vinnulaun þeirra, heldur er

það að eins þóknun fyrir að vera í þjónustu hins opinbera. En nú fá allir læknar, hvort sem þeir eru ljelegir eða góðir, sömu launabæturnar, og hvort sem þeir hafa nokkuð að gera eða ekki. En með taxtahækkuninni hefðu þeir einir fengið uppbót, sem mikið eru sóttir og eru góðir læknar, og hefðu því fengið uppbót vinnu sinnar, en þá hefðu hinir ljelegri, sem ekkert eru sóttir, ekki fengið neina uppbót fyrir vinnu, sem þeir hefðu ekki int af höndum; en það fá þeir, ef föstu launin eru hækkuð.

Helsta röksemdin, sem jeg fann í ræðu hv. 2. þm. Rang. (E. J.) var sú, að læknar þyrftu að lifa sómasamlegu lífi á kostnað landsmanna, en þetta gildir þá ekki um læknana eina, heldur um alla opinbera starfsmenn, og ætli hv. þm. (E. J.) vildi þá ekki ganga inn á, að best væri að slá þessari reglu fastri og fylgja henni svo fram hjer á þingi? En þessi hv. þm. (E. J.) var einn af þeim, er greiddu atkv. móti taxtafrv., og var því kominn í óþægilega klípu nú, og úr þessari klípu þurfti hann einhvern veginn að smeygja sjer, og ætlar nú að velja til þess launahækkunarleiðina á kostnað landssjóðs.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla mjer að eins að gera örstutta athugasemd út af ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.). Það var alls ekki af því, að jeg vantreysti hv. allsherjarnefnd að fara vel með málið, að jeg vildi ekki láta það fara til hennar, heldur af því, að jeg fellst á skoðun hv. þm. S.-Þ. (P. J.) um að taka málið alment fyrir, en ekki láta að eins einstök frv. um suma liði þess ganga fram. Það er vitanlegt, að til fjárveitinganefndar eru komin ýms erindi um launabætur, og nú væri heppilegt að finna einhvern máta til þess, að hv. deild gæti falið þeirri nefnd málið alment.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) var að tala um, að best mundi vera að setja sjerstaka nefnd í málið, en jeg álít rjettara að vísa því til fjárveitinganefndar, því þó hún hafi mikið að gera á reglulegum þingum, þar sem hún hefir þá útgjaldahlið fjárlaganna til meðferðar, þá hefir hún ekki neitt sjerstaklega mikið að gera á aukaþingum, þó hún sje kosin, því þá gætir þessara mála svo lítið.

Annars vil jeg segja hv. þm. Borgf. (P. O.), að þessi krafa læknanna stendur á engan hátt í sambandi við launakröfur annara embættismanna, heldur standa þessi tilmæli í sambandi við kröfuna um dýrtíðaruppbótina, því þeir hafa alls ekki sömu dýrtíðaruppbót og aðrir embættismenn, og því vilja þeir, sem rjett er, fá þessa dýrtíðaruppbót á tekjum sínum. Þetta er því hreinn misskilningur hjá hv. þm. Borgf. (P. O.).

Þetta frv. er ekki komið fram eftir kröfu lækna, heldur mun þetta frv. vera borið fram af nokkrum mönnum, sem voru óánægðir út af hinni mjög svo óheppilegu meðferð, er frv., sem borið var fram eftir tilmælum Læknafjelagsins, varð fyrir í þessari hv. deild, og nú hefir flutningsmönnunum þótt þetta sjálfsögð bragarbót frá hv. deild.

Einar Jónsson: Það getur verið, að jeg hafi skaðað sjálfan mig á að hlusta ekki á það, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, en jeg skrapp fram á ganginn, og þar var því hvíslað að mjer, að hann væri eitthvað að glepsa í mig, og nú mun jeg svara því, sem jeg heyrði. Hann sagði, að jeg væri einn af þeim, sem komist hefðu í klípu, er jeg greiddi atkv. móti hækkun á taxta lækna, en jeg viðurkenni ekki, að jeg sje það. Það var með eigin sannfæringu gert að fella

taxtahækkunina, og þessu fylgdi jeg af eigin sannfæringu. Það er ekki hægt að segja, að rjett sje að hækka taxta lækna um helming, af því að í hóp þeirra, sem sjúkir geta orðið og sækja þurfa lækni, sjeu ríkir menn, því það sannar ekkert. En hinu er ekki hægt að mótmæla, að þeir, sem búa fjær, verða með því að borga miklu meira en þeir, sem búa nær. Jeg álít þau orð, sem jeg heyrði í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), ekki sanngjörn, og jeg held minni skoðun, hvort sem hann er nær mjer eða fjær. Hann vildi halda því fram sem sjálfsögðu, að launakröfur annara embættismanna hlytu að fara á eftir þessari launabót, en þetta fær mín skynsemi ekki gripið, því það er mín sannfæring, að læknar sjeu ver launaðir heldur en allir aðrir embættismenn landsins, þegar tekið er tillit til þess, hversu staða þeirra er bindandi og vandasöm, svo að þeir mega jafnvel aldrei um frjálst höfuð strjúka og eiga von á því á hverri nóttu, og hvernig sem viðrar, að vera rifnir upp úr rúmunum. Það er t. d. nokkuð vandasamara fyrir lækninn að gera erfiðan uppskurð heldur en fyrir lögfræðinginn að skrifa eitthvert „ófugt pródukt". Auk þessa er þess að gæta, að dýrtíðaruppbót lækna kemur alls ekki fram á öllum launum þeirra, heldur að eins á föstu launununum, og það eitt gerir það sanngjarnt að veita þeim hærri laun heldur en öðrum. Jeg mótmæli því enn þá einu sinni, að jeg sje í nokkurri klípu út af fyrri afstöðu minni til frv. um taxtahækkunina, því það, sem jeg hefi gert, hefi jeg gert með eigin skynsemi, og hana þarf jeg ekki að kaupa af hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Matthías Ólafsson: Jeg hefi ekki gerst meðflutningsmaður að þessu frv. af því, að jeg hafi álitið það betra heldur en frv. það um hækkun á taxta lækna, sem deildin var svo skammsýn að fella fyrir nokkru, heldur af hinu, að jeg hefi talið sjálfsagt að ráða einhverja bót á kjörum þeirra. Sömuleiðis heyrðist mjer það á sumum hv. þm., er frv. um taxtahækkunina var til umr., að þeir í raun og veru væru ekki á móti því að bæta kjör lækna, heldur væru þeir á móti þeirri meginreglu, sem það frv. gerði ráð fyrir.

Því getur auðvitað enginn neitað, að frá sjónarmiði landssjóðs er þetta frv. miklu verra en hitt, og yfirleitt væri það best að bíða með alt launamálið þar til ófriðurinn er úti, en þó er nú svo ástatt um einstaka menn, að óhjákvæmilegt er að bæta laun þeirra eitthvað, og á þetta sjerstaklega við um læknastjettina. Jeg hefi því, með jafnvel samviskunnar mótmælum, sjeð mjer skylt að styðja þetta frv., af því að deildin var svo óvitur, að vikja af þeirri braut, er málið var komið inn á, er það kom frá læknafjelaginu. Ef ekki verða að einhverju leyti bætt kjör lækna hjer á þinginu nú, og þeir hefjast ekki handa, þá er það að eins sönnun þess, að landssjóður hefir kvalið þá svo mikið, að þeir geti ekki hætt. Væri jeg t. d. læknir, mundi jeg óðara beiðast lausnar, og ef mín yrði vitjað eftir það, þá mundi jeg auðvitað fara, en hvað jeg tæki fyrir, það kæmi mjer einum við.

Mjer er algerlega sama um, í hvaða nefnd málinu er vísað, aðra en fjárveitinganefnd, því henni er ekki láandi, þó hún vilji ekki hafa þetta mál til meðferðar, þar eð hitt frv. sætti annari eins meðferð og raun ber vitni um. Og jeg veit, að ekki er öllu meiri skapstillingamaður til hjer á þingi heldur en formaður þeirrar nefndar, hv. þm. S.-Þ. (P. J.), og þar sem hann hefir lýst því

yfir, að sjer væri illa við að eiga nokkuð við þetta frv., þá vil jeg ekki gera honum það á móti skapi að vera því meðmæltur, að málinu verði vísað til þeirrar nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 30. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 211, 228).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 211, 228).

Flm. (Einar Arnórsson): Jeg tók það fram áðan, að jeg væri samþykkur hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um, að vísa bæri slíkum málum sem þessum til fjárveitinganefndar, og sje jeg því ekki að þessu sinni ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Vil jeg því biðja hv. deild um að vísa málinu til fjárveitinganefndar, og fel jeg svo henni að fara með það.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með 15 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

6. Siglingaráð.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 27. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um siglingaráð (A. 212).

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Matthías Ólafsson): Þegar farið var að breyta útgerð hjer á landi og menn tóku að nota þilskip í stað smábáta, bjuggust menn við, að manntjón myndi minna við fiskiveiðar. Þetta reyndist og svo í upphafi, því að skipin voru allsæmilega útbúin og skipstjórar reyndir og ábyggilegir menn. En síðan vjelbátar fóru að tíðkast hjer hefir manntjón jafnvel aukist. Hættan hefir vaxið við það, að vjelbátar hafa hætt sjer lengra út á haf en opnir bátar gerðu áður, og auk þess er útbúnaður þeirra ekki góður. Það er alkunna, að menn hafa treyst vjelunum of vel og því vanrækt allan útbúnað annan, en vjelbátar þurfa nauðsynlega að hafa því nær sama seglabúnað sem seglskip. Auk þess vantar flestalla vjelbáta björgunartæki.

Á umliðnum árum hefir Fiskifjelag Íslands gert það, sem í þess valdi stóð, til að ráða bót á þessu. Það hefir sent menn víðs vegar um landið, til þess að áminna menn og brýna fyrir þeim, hve afaráríðandi er, að alt slíkt sje í lagi. Menn hafa tekið þessu vel og kannast við það, sem ábótavant er, en efndirnar hafa ekki verið að sama skapi. Það hefir t. d. komið í ljós síðar, að þessir menn hafa haft segl sín í megnasta ólagi, hafa látið þau liggja og jafnvel ekki notað

þau í blásandi byr; en þegar segl eru sjaldan notuð, fúna þau og ónýtast.

Menn kannast fúslega við, að nauðsyn beri til að hafa umbúðir utan um segl, en svo vanrækja þeir það samt sem áður.

Til eru þó heiðarlegar undantekningar. Einn mann vil jeg nefna, sem er fyrirmynd í þessum efum, en hann er því miður ekki Íslendingur, heldur norskur maður, Stangeland að nafni. Hjá honum hefi jeg sjeð segl og annan útbúnað í snildarlegustu lagi.

Auk þess hafa formenn þessara báta oft og tíðum ekki sæmilega sjómannsþekkingu. Einnig vill það brenna við á seglskipum. Þeir hafa að vísu eitthvert málamyndapróf, en oft eru teknir þeir menn, er enga sjómannsæfingu hafa. En með sjómannsæfingunni komast menn lengra en þótt þeir hafi náð einhverri prófmynd.

Nú er engin stofnun, er hefir eftirlit með þessu. En enginn vafi er á því, að brýn þörf er á einhverri stofnun, er hefir ekki einungis það hlutverk, að leiðbeina mönnum og áminna, heldur og vald til þess að taka í taumana. Því er þetta frv. komið fram.

Skipstjórafjelagið „Aldan“ hjer í bænum hefir glögglega skilið, hve megnt ólag er á öllu þessu, og hefir því leitast við að ráða nokkra bót á því. Árangurinn af viðleitni fjelagsins er þetta frv., sem hjer er flutt því nær orðrjett eins og fjelagið gekk frá því.

Mönnum mun ekki blandast hugur um, að það er landsstjórnin, sem ætti að setja lög sem þessi, með aðstoð þeirra manna, er best hafa vit á málinu. Er því leitt, að svo skuli ekki hafa orðið, og að frv. þetta skuli ekki vera flutt af stjórninni. En fjelagið hefir nú kosið að fara þessa leið. Það mun þó hafa sent stjórninni frv. þetta til athugunar, en stjórnin leitaði afturálits Fiskifjelagsins, og hefir líklega búist við, að það fjelag myndi senda þinginu frv. En það hefir Fiskifjelagið ekki gert, sennilega af þeirri ástæðu, að því þykir þetta frv. ná út fyrir starfsvið sitt, er einungis lýtur að fiskiútveg, en ekki að almennum siglingum.

Að undanförnu hefir talsvert verið gert að því að nota fiskibáta til mannflutninga. Hefir svo óhæfilega mörgu fólki verið hrúgað í þessa báta, að það myndi hvergi nokkursstaðar viðgangast meðal siðaðra þjóða. Í þessum bátum eru engin þægindi fyrir farþega, jafnvel ekki sæti, og menn verða að þola vosbúð og kulda alla ferðina. Þannig heyrði jeg sagt frá, að í vetur hafi verið hjer bátur frá Vestmannaeyjum. Tók hann fyrst fullfermi hjer og því næst var þilfarið fylt af farangri. Þar á ofan tók hann um 30 farþega, auk skipshafnarinnar. Þetta var um hávetur. Er þá sagt, að skipstjórafjelagið „Aldan“ hafi brugðið við og farið fram á það við bæjarfógeta, að hann bannaði bátnum að fara þannig fyltum. En bæjarfógetinn, sem þá var Vigfús Einarsson, kvaðst ekki hafa vald til að taka í taumana, það væri enginn lagastafur fyrir því. Ekki er mjer kunnugt, hvort þetta er rjett, en hefði jeg verið í hans sporum, hefði jeg látið kylfu ráða kasti og sett blátt bann fyrir, að báturinn færi. — Báturinn komst út í flóa, lenti þar í hrakningum og misti talsvert af farangrinum af þilfari, en sem betur fór varð þó ekkert manntjón. Kom hann síðan inn aftur eftir sólarhring, með farþegana aðfram komna af vosbúð og hrakningum.

Þetta er svo gáskalegur leikur með líf og heilsu manna, að taka verður

í taumana. Getur vel verið, að hægt sje að ráða betri bót á þessu ólagi en hjer er farið fram á. En þetta er þó í áttina við það, sem aðrar þjóðir hafa gert. Siglingaráðið ætti að vera einskonar „Board of Trade", er hefði eftirlit með öllum útbúnaði skipa og gæfi vottorð um þekkingu og hæfileika skipstjóra. Jeg býst ekki við, að við munum finna annað betra ráð en mestu siglingaþjóðir heimsins, og ættum við því að fara að þeirra dæmi, heldur fyr en síðar.

Margt annað er hjer í ólagi, er tæki of langan tíma að tína til. Sumt stafar af vana, en sumt blátt áfram af handvömm. Sem dæmi vil jeg nefna, að eitt skip hefir verið mælt þrisvar hjer á landi, og aldrei haft sömu stærðina. Skipið hefir altaf farið minkandi. Það vildi svo til, að koma þurfti manni að skipinu, er skorti hæfileika til að stýra svo stóru skipi. Var það því mælt upp aftur, og atvikaðist þá svo, að það mældist minna, þannig að maður þessi hafði rjett til að vera skipstjóri á því. Það var kært fyrir nokkrum árum til Fiskifjelagsins, að þetta hefði átt sjer stað. Fjelagið skaut málinu til stjórnarinnar, og spurðist hún fyrir um það hjá lögreglustjóra þeim, er átti hlut að máli. Svaraði lögreglustjóri, að sjer væri ókunnugt um, að þetta hefði átt sjer stað. Eigi að síður var þetta satt, en það var ekki sök lögreglustjóra, og sýnir þetta, hve auðvelt er að fara eftir misjöfnum vottorðum.

Það hefir og komið fyrir, að 3 stýrimenn hafa verið skráðir á skip, sem að eins hefir þurft einn stýrimann á. Tveir þeirra hafa unnið sem hásetar og ekki komið nálægt skipstjórn, en síðan leggja þeir fram plögg sín og skilríki fyrir því, að þeir hafi verið stýrimenn í svo og svo langan tíma.

Hægt væri að koma í veg fyrir þetta, ef komið væri upp stofnun, er rannsakaði plögg manna, hvar þeir hafi siglt áður, hve nær o. s. frv.

Jeg vona, að menn sjái, hve bráðneuðsynlegt er að ráða bót á þessu. Mönnum er innan handar að sannfæra sig um, að dæmin, sem jeg hefi nú tekið, eru sönn í alla staði. Og þetta eru að eins einstök dæmi. Það er alkunna, að flesta báta vantar björgunartæki. En á bátum, sem notaðir eru til fólksflutninga, ættu að sjálfsögðu að vera björgunartæki fyrir alla farþega, auk skipshafnarinnar.

Jeg býst við, að ef slík stofnun kæmist á, sem hjer er farið fram á, þá myndi hún sjá um, að allar nauðsynlegar varúðarreglur verði settar. En þá fyrst, er vel er litið eftir skipum, þess vel gætt að hafa skipstjóra með fullkominni þekkingu, kaupa björgunarbáta, setja upp veðurathuganastöð í landinu og þar fram eftir götunum, þá fyrst getum vjer sagt, að þessi þjóð sje, sem siðuð sjómenskuþjóð, búin að gera það fyrir sjómannastjett sína, sem henni ber.

Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvort málinu er vísað til sjávarútvegsnefndar eða allsherjarnefndar. Jeg býst við, að hvor nefndin sem er ráðfæri sig við hina eftir þörfum, og að sjávarútvegsnefndin mætti eiga von á aðstoð lögfræðinganna í allsherjarnefndinni. En þó býst jeg við, að frv. sje þannig vaxið, að ekki sje vanþörf á, að lögfræðingar fjölluðu um það.

Að svo mæltu vil jeg láta þá von í ljós, að frv. fái góðar undirtektir og verði vísað til nefndar, og vildi jeg þá helst kjósa allsherjarnefnd, þótt mjer sje það ekkert kappsmál.

Einar Arnórsson: Jeg vil að eins

leyfa mjer að stinga upp á, að málinu sje vísað til sjávarútvegsnefndar, því að það er alveg auðsætt sjávarútvegsmál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) með 13 : 6 atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

7. Prestsmötusala.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á prestsmötu (A. 221).

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 30. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg vildi leyfa mjer að biðja hv. deild að lofa málinu að fara til 2. umr., og vísa því til allsherjarnefndar. Það er sá besti verustaður, sem hægt er að fá fyrir þesskonar mál. Enda er mjer sagt, að alt, sem lýtur að lögum, eigi þangað að fara. Annað ætla jeg ekki að segja að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) með öllum gr. atkv.

Nefndarlit kom ekki. Frv. var því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

8. Almenn sjúkrasamlög.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 30. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um almenn sjúkrasamlög (A. 229).

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn R. Stefánsson): Jeg held, að efni þessa frv. sje svo ljóst, að jeg þurfi ekki að halda langa ræðu um það, en af því að svo er áliðið þingtímann, að það verður að eiga undir náð þessarar hv. deildar, hvort frumvarpið kemst að, ætla jeg að láta fylgja því nokkur orð.

Það, sem aðallega kom mjer til að bera fram þetta frv., var það, að bæta launakjör læknanna, því jeg þykist nú sjá fram á, að ekki verði á móti því staðið, að það verði gert nú þegar á þessu þingi í einhverri mynd. Það hafa komið fram uppástungur um það í ýmsum myndum, en jeg gat ekki, eins og jeg hefi áður tekið fram við þær umr., verið neinni þeirra fylgjandi. Jeg viðurkenni, að kröfur læknanna sjeu á rökum bygðar, því að jeg játa, að það er sú stjett embættismanna, sem erfiðustum störfum hefir að gegna og ófrjálsust er, og sje því illa hægt að daufheyrast við óskum þeirra. Læknarnir hafa þegar skýrt frá, að þeir geti

illa lifað af launum sínum og vilji ekki við þau una.

Svo er það að vísu með fleiri, að þeir eiga erfitt uppdráttar. En um læknana verður tæplega sagt, að þeir eigi sitt eigið líf, heldur eru þeir skyldugir, hve nær sem er, að leggja það í hættu, almenningi til bjargar; þess vegna er almenningi kann ske skyldari við þá, en aðra embættismenn, að láta þá ekki hafa við mjög þröng kjör að búa.

Jafnskjótt sem dýrtíðin hófst kom það í ljós, að mörgum mundi verða erfitt um lífsframfærsluna, og að ekki yrði hjá því komist að veita æði mörgum einhverja dýrtíðaruppbót eða dýrtíðarhjálp. En af því að það var sjáanlegt, að landssjóði hlyti að verða langt um megn að veita þessa hjálp, svo almenna og svo ríflega, að kjör manna yrðu engu erfiðari en áður, þá var líka sjálfsagt að veita hana helst þeim, sem dýrtíðin kæmi harðast niður á og þyrftu hennar því helst með.

Þingið byrjaði á embættismönnunum. Jeg er ekki þar með að segja, að byrjað hafi verið þar, sem þörfin var mest, en hins vegar má kann ske segja, að byrjað hafi verið á þeim, sem staðið hafa næst því að eiga kröfurjett á landssjóðinn.

Næst var svo farið að hugsa um almenning, eða kaupstaðabúa rjettara sagt. En þá má heita, að strandað hafi verið. Ekki þó fyrir það, að þm. sæju ekki og viðurkendu, að eitthvað þurfti fyrir þá að gera, heldur af hinu, að landssjóði er það ofurefli að veita þeim dýrtíðarhjálp, svo nokkru verulegu nemi. Hann hefir ekki úr svo miklu að moða.

Nú hafa læknar gert háværar kröfur á þessu þingi, og þingið treystir sjer auðsjáanlega ekki til að vísa þeim á bug.

Jeg hefi ekki getað aðhylst þær leiðir, sem enn hefir verið stungið upp á. Með frv. þessu er ný leið farin. Með henni er kröfum lækna fullnægt og jafnframt tekinn annar flokkur manna og veitt dýrtíðarhjálp, og það sá flokkur, sjúklingarnir, sem jeg álít að flestum öðrum fremur þurfi hennar með.

Jeg hefi altaf haldið því fram, og held því fram enn, að hvað sem öllum rjettmætum eða ímynduðum kröfum líður, þá getum við ekki hjálpað eða borgað dýrtíðarstyrk til annara en þeirra, sem í raun og veru þurfa hans með. Það, sem við getum látið af hendi rakna, verðum við því að láta koma þar niður, sem þörfin er mest, en það hygg jeg að sje hjá sjúklingunum.

Reyndar veit jeg það, að það eru ekki allir sjúklingar fátækir, en þegar við lítum á sjúklinga og heilbrigða, upp og niður, eins og þeir koma fyrir, verðum við þó að viðurkenna, að hagur sjúklinganna sje stórum verri, og þung byrði eru sjúkdómar altaf, jafnvel fyrir þá ríku. Hliðstætt mun vera að benda á það, að dýrtíðaruppbót embættismanna er alls ekki reiknuð eða goldin eftir efnahag þeirra, heldur eftir launaupphæð. Þeir eru ekki allir fátækir, embættismennirnir, sem goldin er dýrtíðaruppbót.

Jeg játa það að vísu, að með frv. þessu er ekki stórum grynnra þreifað í landssjóðinn en með frv. því um hækkun á læknalaunum, sem liggur fyrir þessari hv. deild. Munurinn er ekki nema um 8000 kr. Hitt frv. mundi kosta landssjóð um 43 þús., en þetta nálega 35 þús. En með þessu frv. eru slegnar tvær flugur í einu höggi, læknunum fullnægt, og

jafnframt allríflega hjálpað þeim, sem yfirleitt eru mest hjálparþurfar. En það kostar líka nýjan skatt á landsmenn, en jeg held, að hann verði ekki talinn eftir. Um það vísa jeg til ummæla minna í greinargerðinni.

Eitthvað verð jeg sjerstaklega að benda á, og það er, að með þessu frv. er ætlast til, að nýr nefskattur sje lagður á þjóðina. Nefskattar hafa áður verið lagðir á í ýmsum myndum, eins og t. d. vörutollur og sykurtollur. Þannig lagaða neysluskatta tel jeg rangláta og er illa við þá, enda eru þeir óvinsælir. Þó get jeg bent á einn nefskatt, sem er ekki mjög óvinsæll, en það er prests- og kirkjugjald. Þessum skatti finst mjer mega líkja við þann nefskatt, og vona, að honum verði ekki ver tekið, því jeg held, að menn hugsi, nú orðið, engu minna um tímanlega velferð en um sálartetrið.

Jeg hefi getið þess í niðurlagi greinargerðarinnar, að mjer sje það ljóst, að ýms missmíði sjeu á frv. Jafnvel í einum stað er ósamræmi milli frv. og greinargerðarinnar.

Í greinargerðinni stendur, að tíundi hluti af föstum tekjum sjóðanna leggist í söfnunarsjóðinn. Þetta er ritvilla. Þar átti að standa ¼ af landssjóðstillagi, í staðinn fyrir tíundi hluti af föstum tekjum. Þetta stafar af því, að í uppkastinu að frv., sem jeg fyrst skrifaði, ráðgerði jeg lægra tillag úr landssjóði og áætlaði dálítið aðra fólkstölu, en eftir þeirri áætlun stóð það heima, að ¼ af landssjóðstillaginu var nákvæmlega sama og tíundi hluti af öllum föstum árstekjum. (**E. A.**: En neðanmálsgreinin, er hún athugasemd?). Hún er skýring. Má vera, að hún sje ekki fullnægjandi, en ef ekki þykir fara vel á því, að „sveitarfjelag" tákni bæði hreppsfjelag og bæjarfjelag, þá vona jeg, að nefnd sú, sem hv. deild væntanlega vísar frv. til, lagi það og aðrar misfellur.

Ef til vill má segja, að ósamræmi sje einnig milli 9. og 10. gr. Í 9. gr. stendur, að lyfin endurborgist ekki, en í 10. gr. er þó gert ráð fyrir þeim möguleika. Um einstakar greinar skal jeg svo ekki fara fleiri orðum.

Leyfi jeg mjer svo að mælast til þess, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

9. Sjótjónsmenn.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilta sjótjónsmenn (A. 278).

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. júní, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þetta frv., eftir áeggjan þeirra manna, sem fengist hafa við sjótjónsmál undanfarið. Jeg

hygg, að þau ákvæði, sem tekin eru upp í frv., sjeu til bóta frá því, sem nú gildir um þau efni. Í raun og veru er frv. ekki annað en breyting á 2 gr. í siglingalögunum frá 1914. Það er breyting á 218. og 223. gr. þessara laga. Í þeim greinum eru ákvæði um það, hverjir meta skuli skemdir, sem verða á skipi eða farmi, án þess að fullkomið tjón verði að, eða hið sameiginlega sjótjón. Svo er ákveðið í þeim lögum, að skipa skuli tvo dómkvadda menn til að meta skaðann, sem verður á skipum eða varningi. Þetta hefir verið gert hjer undanfarið, en í reyndinni hefir svo farið, að flest — og öll stærstu — sameiginlegu sjótjónin hafa verið metin utanlands. Ábyrgðarfjelögin, sem flest eru útlend, virðast ekki hafa treyst íslensku matsmönnunum til þess.

Það má því segja, að ákvæði siglingalaganna hafi enn að litlu liði komið, og er það reyndar skiljanlegt, þegar þess er gætt, að hjá nágrannaþjóðunum eru miklu frekari kröfur gerðar til dómhæfileika þessara manna en hjá oss, enda veitir dómkvaðning sú, sem siglingalögin gera ráð fyrir af einhverjum lögreglustjóra, eigi það álit í augum útlendinga, sem löggilding af hendi stjórnarinnar. Enn mun og sú ástæða til þess, að útlendingar skirrast við að nota íslenska sjótjónsmenn, að hjer eru tveir menn til þess skipaðir, en hjá grannþjóðunum að eins einn á hverjum stað. Hjer verður því sennilega matið dýrara og vafningameira en nauðsynlegt er. Danmörk hefir að eins tvo sjótjónsmenn og sinn á hvorum stað. Noregur hefir 20, sem dreifðir eru um landið.

Til skýringar því, hve freklega er gengið á svig við íslenska sjótjónsmenn, má geta þess, að sameiginlega sjótjónið, sem varð á „Sterling“ s. l. vetur, við strandið á Sauðárkróki, var metið í Kaupmannahöfn. Eins var farið með skipið „Köbenhavn“, sem rakst hjer á Gróttu-grynninguna í vetur og hjer var síðan affermt og bætt. Öll sjótjónsskjöl þess voru send til Kaupmannahafnar og matið framkvæmt þar.

Með frv. þessu er nú gert ráð fyrir, að sjótjónsmaður — auk þess að vera lögfróður — fullnægi ákveðnum kunnáttuskilyrðum, sem stjórnarráðið ákveður með reglugerð.

Verið getur, að hv. þm. þyki nafnið sjótjónsmaður óeðlilegt og tvírætt, en það mun geta unnið sjer festu í málinu, eins og önnur nýyrði, ef engum hugkvæmist annað betra. Það skýrir að minsta kosti hugmyndina eins vel og útlenda orðið „Dispacheur“, sem þýðir afgreiðandi. Og þótt sjótjónsmaður geti skilist á tvo vegu eða fleiri, þá er því svo farið um mörg önnur orð. Mætti þar til nefna orðið skipstjóri, sem fyrst mun koma fyrir í íslensku lagamáli um 1870 og var þá deilt um, hvort brúklegt væri, og bent til þess, að skipstjóri gæti líka rjettilega heitið dreki sá, sem skipið lægi við, og yrði þá samnefni á akkeri og skipstjórnarmanni. Nýyrði þessu til stuðnings má nú geta þess, að það hefir verið notað undanfarin ár til að tákna þessa starfsmenn.

Ekki þarf frv. þetta að mæta mótspyrnu vegna þess, að það baki landssjóði gjöld, því að ekki eru sjótjónsmönnum ætluð önnur laun en þau, sem þeir fá fyrir starf sitt hjá þeim, sem þeir meta fyrir.

Jeg sje eigi ástæðu til að fjölyrða frekar um frv., en geri ráð fyrir, að því verði vísað til nefndar. Vil jeg leggja til, að því verði vísað til allsherjarnefndar, með því að hún er skipuð vel lögfróðum mönnum, en þetta mál þarf

sjerstaklega að athugast af þeim. Það snertir að vísu á einn veg sjóferðir og siglingar, en þekking á þeim atvinnuvegi vorum, sem byggist á sjóferðum, veitir engan hæfileika sjerstakan til þess að dæma um þetta mál. Það er fremur lögfræðilegt í eðli sínu, og þess vegna óska jeg því eigi vísað til sjávarútvegsnefndar, heldur allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) í e. hlj.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

10. Bjargráðasjóðslög.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 3. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 45, 20. okt. 1913, um bjargráðasjóð Íslands (A. 299).

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg ætla ekki að innleiða neinar umræður um málið á þessu stigi, en vona, að deildin lofi því að ganga til nefndar, að lokinni þessari umr. Leyfi jeg mjer að stinga upp á, að því verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 3 atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 538) með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

11. Afnám verðlagsnefndar.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afnám laga nr. 10, 8. sept. 1915, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum (A. 336).

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 14. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 15. júní, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Ottesen): Þegar stofnað var til verðlagsnefndarinnar 1915, eða stjórninni með lögum gefin heimild til þess að skipa nefnd til þess að ákveða verðlag á vörum, mun það aðallega hafa verið haft fyrir augum, að á þann hátt mundi ef til vill vera hægt að koma í veg fyrir, að kaupmenn legðu óhæfilega á vörur sínar, eða okruðu á þeim.

Það bryddaði þegar í stríðsbyrjun tölu vert á því, að kaupmenn myndu í fullum mæli nota, sjer til hagsmuna, viðskiftaröskun þá, sem ófriðurinn olli.

Vörubirgðir þær, sem kaupmenn áttu þegar stríðið skall á, settu þeir, sumir

hverjir að minsta kosti, mjög upp og mörkuðu þar með greinilega þá stefnu, sem þeir ætluðu að fylgja meðan siglingateppan hjeldist og samkeppnin þar af leiðandi væri lömuð eða útilokuð.

Það var því engin furða, þó gripið væri þegar í öndverðu til einhverra ráða, sem líkleg þættu til að geta haldið aftur af þessum ófögnuði. Með þetta aðallega, ef ekki eingöngu, fyrir augum mun verðlagsnefndinni hafa verið hleypt af stokkunum. En hvað hefir svo verðlagsnefndin gert í þessum efnum? Mjer vitanlega mun það, ef nokkuð er, nauðalítið vera. Að minsta kosti mun það starf, sem opinbert sje, ekki hafa borið neinn raunverulegan árangur.

Það getur vel verið, að nefndin hafi safnað einhverjum skýrslum og gert einhverja útreikninga, en að það hafi haft nokkra verulega þýðingu eða borið nokkurn sýnilegan árangur, það er mönnum alls ekki kunnugt um. Það getur vel verið, að nefndin hafi ekki haft nóg vald eða myndugleika til þess að hafa áhrif á verðlag aðfluttrar vöru, þannig að stöðva sölu á vörum, þangað til nefndin hefði rannsakað innkaupsverð vörunnar og flutningskostnað, og ákveða svo álagninguna að fengnum þeim upplýsingum. En hafi svo verið, átti nefndin að tjá stjórninni og þá þinginu þessi vandkvæði á því, að hún gæti nokkuð það aðhafst í þessu efni, sem gagn væri í. Mjer vitanlega hefir nefndin ekkert gert í þessa átt, heldur látið reka á reiðanum. Að minsta kosti kom ekki neitt fram á síðasta þingi í þá átt, að auka vald verðlagsnefndar. Þá varð verðlagsnefndin, eða aðgerðir hennar, hámarksverð á smjöri — sem jeg síðar kem að — að umtalsefni, á síðasta þingi.

Af hverju sem það nú er, þá hefir verðlagsnefndin ekki komið að neinum notum í því, sem átti að vera aðalstarf hennar, að hefta óþarfa og óhæfilega álagningu á aðfluttri vöru.

En nú er svo komið, að það er óþarft að hafa sjerstaka nefnd í þessu augnamiði, þó einhvers gagns hefði mátt vænta af starfi hennar, þar sem allir aðdrættir til landsins á nauðsynjavörum eru nú þegar að komast og komnir í hendur landsverslunarinnar.

Með því móti er alt eftirlit með sölu á þessum vörutegundum háð íhlutun stjórnarinnar, sem ákveður kaupsýslumönnum hæfilegan verslunarhagnað.

Þá skal jeg snúa mjer að afskiftum verðlagsnefndarinnar af innlendri framleiðslu, eða drepa lítillega á það. Í því efni hefir verðlagsnefndin færst töluvert í aukana. Það hafa frá því fyrsta, að verðlagsnefndin lagðist á þá sveif, verið mjög skiftar skoðanir manna um það, hversu ráðlegt það væri eða hyggilegt að setja hámarksverð á innlenda framleiðslu, eða yfir höfuð hlutast til um frjáls viðskifti manna með þær afurðir. Þessar raddir hafa ekki einasta heyrst frá hálfu framleiðenda, heldur einnig úr hóp kauptúna- og kaupstaðabúa.

Það ber svo margs að gæta þegar á að fara að ákveða verð framleiðsluvöru. Það útheimtir nákvæma þekkingu á framleiðslukostnaðinum, og það er ekki að búast við því, að þeir menn, sem ekki fást við búskap og ekki þekkja út og inn alt það strit og stríð, örðugleika og kostnað, sem það hefir í för með sjer að reka búskapinn, geti hnitmiðað verðið svo niður, að rjettlátt sje.

Eins er það, ef framleiðslan fullnægir ekki eftirspurninni; þá er hámarksverðið þýðingarlaust, því þá versla menn saman í pukri og skeyta hvorki um boð nje bann í þeim efnum. Þetta segi jeg einkum hvað smjör og mjólkurframleiðslu

snertir, því það hvorttveggja hefir verðlagsnefndin sett hámarksverð á.

Í sambandi við hámarksverð á smjöri, sem nefndin setti á í febr. 1917, má minna á það, að sumarið 1916 var eitthvert hið mesta óþurkasumar hjer á Suðurlandi, svo töður nær ónýttust víðast hvar. Eins og af líkum má ráða, voru kýr nær gagnslausar um veturinn og því til byrði eigendunum. Hámarksverð það, sem nefndin setti á smjörið í þetta sinn, sýndi það greinilega, að nefndin hefir ekki tekið tillit til þessa, svo sem vera bar, og veldur því það, sem jeg mintist á áður, að þess hefir ekki verið gætt, þegar nefndin var skipuð, að sjá fyrir því, að bóndi sæti í nefndinni. Það bendir einnig til þess, sem jeg mintist á í upphafi, að það mun aldrei hafa verið tilætlunin, að setja verðlagsnefndina til höfuðs innlendri framleiðslu.

Fyrstu afskifti verðlagsnefndar af innlendri framleiðslu munu hafa verið þau, að verðlagsnefndin setti, 1915, hámarksverð á mjólk í Reykjavík. Það hámarksverð afnam verðlagsnefndin svo sjálf litlu síðar.

1916 fer hún afutr af stað, með hámarksverð á mjólk hjer í Reykjavík. Það hafði þau áhrif, að mjólkurframleiðendur ætluðu að draga sig til baka með framleiðsluna og hætta mjólkursölunni. Til þess að firra bæinn vandræðum skarst þáverandi ráðherra, hr. Einar Arnórsson, í leikinn, afnam hámarksverðið og komst að samningum við mjólkurframleiðendur um ákveðið verð á mjólkinni, og alt komst í samt lag aftur. — Eftir þessi afrek sagði nefndin öll af sjer.

Var þá um tíma engin verðlagsnefnd. Stóð það þar til að afloknu aukaþingi 1916—17, að sú stjórn, sem þá tók við, skipaði nýja menn í nefndina, og var hámarksverð á smjöri, sem jeg hefi áður minst á, hennar fyrsta verk. Það hámarksverð er nú löngu afnumið, og braut stjórnin það fyrst með því að gera samning við rjómabú austur í Árnessýslu og kaupa smjör af þeim hærra verði en hámarksverðið leyfði.

Auk þess, sem jeg hefi nú minst á, hefir verið sett hámarksverð á nýjan fisk, egg, kartöflur, hangikjöt og kæfu og ef til vill fleira.

Um hámarksverðið á nýjum fiski er það að segja, að eftir því, sem jeg hefi haft fregnir af, mun það ef til vill hafa komið að einhverju liði fyrir Reykjavíkurbæ, og veldur því auðvitað einkum og helst það dæmalausa sleifarlag, sem hjer er á fisksölu. Á öðrum stöðum á landinu varð það til þess að hleypa verðinu upp, og sumir lögreglustjórar sem sáu það fyrir, að svo mundi fara, drógu það í lengstu lög að birta auglýsinguna, til þess að afstýra þessu.

Svo var það einnig um smjörið, að hámarksverðið varð til þess að hleypa verðinu upp í ýmsum öðrum landshlutum, einkum Norðurlandi.

Hámarksverðið á eggjum varð aldrei nema á pappírnum; það hefir algerlega verið fótum troðið. Sömu forlögum hefir hámarksverð á kartöflum lotið. Það hámarksverð valt um sjálft sig; að minsta kosti voru auglýstar hjer í blöðum höfuðstaðarins, hvað eftir annað, frosnar kartöflur, sem voru seldar hærra verði en verðlagsnefnd leyfði að selja nýjar kartöflur að haustinu til, og er mjer ekki kunnugt um, að komið hafi verið í veg fyrir sölu þeirra, og hefi jeg ekki heyrt, að neinn hafi verið dreginn fyrir lög og dóm út af sölu á frosnum kartöflum yfir hámarksverði; að

minsta kosti voru auglýsingarnar ekki heftar.

Þá er hámarksverðið á kæfu og hangikjöti. Þar er tiltekið í opnustórri reglugerð, hvað margar % af vatni og salti megi vera í hverju um sig, og flokkað eftir því. Jeg ætla mjer ekki að hætta mjer lifandisögn lengra út í þann prósentureikning, en margbreytni reglugerðarinnar um sölu á þessum vörum er ein nóg til þess að gera þessa hámarksverðsviðleitni alveg þýðingarlausa. Ef ætti að fylgja reglugerðinni, þyrfti hver einasti munnbiti af hangikjöti eða kæfu að ganga í gegnum efnarannsóknarstofuna. Þá væri það fyrst trygt, að fólkið keypti ekki vatn og salt hærra verði en verðlagsnefndin vildi vera láta.

Reynslan hefir nú, held jeg, fyllilega sýnt það, að þeir menn hafa sjeð jafnlangt nefi sínu og haft rjett fyrir sjer, sem töldu óhyggilega að farið að setja hámarksverð á innlenda framleiðslu. Reynslan hefir líka sýnt það, að þau afskifti hafa engan veginn náð tilgangi sínum, en aftur sumstaðar annarsstaðar haft gagnstæð áhrif því, sem tilætlunin var.

Það verður því ekki sjeð, að það sje neinn skaði skeður, þó þessi nefnd sje lögð á hilluna. Það er hvort sem er nóg eftir af nefndum, þó þessi sje lögð niður, og sannarlega er heill og velferð landsins vel borgið, ef það er aðalatriðið að hafa margar nefndir.

Þá hefi jeg leitað mjer upplýsinga um það, hvað þessi nefnd hefir kostað frá byrjun. Upphaflega var það víst meiningin, að þeir, sem skipaðir voru í þessa nefnd, ætluðu ekkert að taka fyrir starf sitt. Það sjest á því, að fyrstu árin er enginn kostnaður tilfærður, nema ritfangakostnaður, sem nemur um 300 kr. Eftir að fyrri nefndarmennirnir höfðu sagt af sjer og nýju nefndarmennirnir eru skipaðir, sem tóku þegar borgun fyrir starfa sinn, þá risa gömlu nefndarmennirnir upp og koma með reikning eftir á, sem nemur 2680 kr. Sá reikningur er borgaður út á árinu 1917. Árið 1917 hefir verðlagsnefndin, sem nú situr, tekið 7200 kr.

Jeg spurðist fyrir um það í stjórnarráðinu, hvernig borgun til verðlagsnefndarmanna væri hagað, við hvað borgun þeirra væri miðuð. Það gat jeg engar upplýsingar fengið um; viðkomandi skrifstofa hafði enga hugmynd um það.

Það hafði enginn reikningur verið gefinn. Venjan væri sem sje sú, að formaður nefndarinnar óskaði eftir að fá sjer þessa og þessa upphæð útborgaða, og það væri gert.

Til verðlagsnefndarinnar er þá búið að greiða 10180 kr. Jeg verð að telja það mjög óviðeigandi og blátt áfram óreglu að krefjast ekki skýrra reikninga yfir allar útborganir af opinberu fje.

Hv. stjórn ætti nú að vera búin að fá fulla reynslu fyrir því, að hleypa mönnum ekki upp á það krambúðarloft, að geta hafið svo og svo mikið fje út úr landssjóði, án þess að leggja fram nokkra reikninga, eða með því að leggja fram reikninga eftir á.

Aðferð sú, sem sendimaður stjórnarinnar til Ameríku, Jón Sívertsen, hefir haft, ætti að vera bending — og það áþreifanleg bending.

Jeg hefi það fyrir satt, að honum hafi verið borgaðar út um 60 þús kr., en þar með mun kröfu hans trauðla fullnægt. Svona til sýnis og smekkbætis vil jeg tilfæra hjer einn lið úr þessum reikningi hans. Það er fæði og þjórfje o. fl., sem ekkert er sundurliðað í reikn-

ingnum, heldur alt í einu lagi. Það nemur í 296 daga 16,102 kr., eða kr. 54,40 á dag. Það hefir ekki verið neinn dýrtíðarbragur á borðhaldinu því, góðir menn. Það tekur því svo sem ekki að minnast á það, innan um þessa tugi þúsunda, að á reikningnum er tilfærður sumarfatnaður á 510 kr. Landið hefir víst átt að klæða ræðismanninn.

Jeg verð að segja það, að þegar svona reikningar eru borgaðir út óátalið og umyrðalaust, þá er ekki neitt óeðlilegt, þó að þeir, sem skifti hafa við landsstjórnina, freistist til að gefa feita reikninga.

Jeg tala ekki um þetta í því sambandi, að mjer komi til hugar að væna verðlagsnefndina um ásælni í garð landssjóðs. En stjórnin á að hafa hreina reikninga við starfsmenn þess opinbera og þessar nefndir, sem hún er að hrúga í kringum sig, og borga ekkert út nema eftir reikningi, og semja á þann hátt, að þeir komi ekki með ósanngjarna bakreikninga.

Til samanburðar við kostnað af dvöl Jóns Sívertsens í Ameríku má benda á það, að þegar þeir Ó. Johnson og Sveinn Björnsson voru sendir vestur um haf, í fyrsta sinn sem erindrekar voru þangað sendir, þá kostaði dvöl þeirra beggja í 49 daga 3471 kr.; og lögðu þeir fram sundurliðaða reikninga yfir hvað eina.

Sagt er, að kostnaðurinn við sendiför Fr. Nansens, fulltrúa Norðmanna, sem dvaldi 1½ ár í Ameríku, hafi verið að eins 30,000 kr., eða hálfu minna en dvöl Jóns Sívertsens í 10 mánuði.

Jeg ætla svo ekki að fara að þessu sinni lengra út í þetta, og frv. þarf ekki frekar að minnast á. Við flutningsmenn lítum svo á, að starfsvið það, sem verðlagsnefndinni var upphaflega ætlað, sje nú komið í hendur stjórnarinnar, að því er útlendu vöruna snertir, en reynslan hefir aftur á móti þegar sýnt, að afskifti verðlagsnefndar af innlendum framleiðsluvörum hafa engan veginn náð tilgangi sínum og eru þýðingarlaus. — Jeg vona því, að hv. deild lofi frv. að ganga fram hindrunarlaust og ljetti með því af einni af þessum nefndum, sem virðist vera alveg ofaukið.

Forsætisráðherra (J.M.): Hvað snertir sjálft frv., sem fyrir liggur, þá gefur hvorki það nje framsagan tilefni til frekari umræðu að sinni. Jeg get ekki vel um það sagt, hvernig því muni tekið af stjórninni, því að það heyrir ekki undir minn verkahring. En fyrst hæstv. atvinnumálaráðherra er ekki viðstaddur, þá finst mjer skylt að leggja til, að málið verði athugað í hv. bjargráðanefnd. Hún getur aflað sjer skýrslna um það, hvað verðlagsnefndin hefir gert frá því hún var sett á laggirnar. Jeg veit, að hún hefir unnið miklu meira gagn en hv. flm. (P.O.) vill telja mönnum trú um. En þær athugas. og rannsóknir er hægra að gera í nefnd en óundirbúið í þingsalnum. Jeg get ekkert um það sagt, hvernig hagað hefir verið borgun til nefndarinnar, enda mun þingmönnum vera innan handar að leita sjer upplýsinga um það.

Hins verður að geta, að mjer finst það ekki nema sjálfsögð kurteisisskylda að hver sá þingmaður, sem ætlar sjer að ráðast á stjórnina í sambandi við einstaka menn, sem hún hefir eða hefir haft í þjónustu sinni, aðvari viðkomandi ráðherra um, að þessi árás sje í vændum. Það er ekki rjett að koma með það óviðbúið. Stjórnin verður að hafa færi á að verja þá menn, sem hún hefir látið vinna fyrir sig, ef þeir verða

fyrir ómaklegum árásum. Jeg segi ekkert um það, hvort nokkur rjettmæt ástæða er til að gera athugasemd um umgetna reikninga, en það er vægast sagt illa viðeigandi að koma með það fyrirvaralaust inn í svona óskylt mál. Mig furðar á því, að hv. flm. (P. O.), sem er mjer kunnur að því að vera mjög vandaður maður, skuli hafa farið þannig í þetta atriði.

Og ómaklega verð jeg að telja þessa árás á nafngreindan mann, sem jeg tel hafa unnið mikið gagn landinu, en getur eigi borið hjer hönd fyrir höfuð sjer. **(P. O.:** Jeg hefi alls ekkert um það sagt). Það þýðir ekkert að afsaka sig með því. Svona ummæli er ekki hægt að taka öðruvísi en sem árás á manninn. En mjer er þetta reikningsmál gersamlega ókunnugt, auðsjáanlega miklu ókunnugra en hv. flm. (P. O.). Það heyrir ekki undir mína stjórnardeild, og jeg geri ráð fyrir, að viðkomandi ráðherra athugi það síðar.

Gísli Sveinsson: Jeg hefi ekki mikið að segja um þetta mál að svo stöddu. Það er ekki ástæða til að ætla annað en að frv. fái slindrulaust að ganga gegnum deildina, og þarf því ekki frekar með að mæla en gert hefir verið. Alt, sem hv. flm. (P. O.) hefir sagt, stendur óhaggað, enda munu orð hans töluð fyrir munn flestra deildarmanna. En út af ummælum hæstv. forsætisráðherra finn jeg mig knúðan til að segja nokkur orð. Jeg get hugsað mjer, að þingmenn kunni því ekki allir vel að fá snuprur fyrir að hreyfa ummælum um mál, sem fyrir liggja og þeim ekki einungis ætti að vera fullheimilt að tala um, heldur ber blátt áfram að tala um, fyrst þeir eru hjer saman komnir á annað borð. Og hvað það atriði snertir, sem hv. flm. (P. O.) drap á, og var í eðli sínu skylt því máli, sem hann var að tala um, mál er gæti verið ein af þeim bendingum, sem stjórnin virðist vera svo þurfandi fyrir og hún ætti að geta hagnýtt sjer síðar meir, þá verð jeg að segja það, að það ætti að vera hverjum þingmanni leyfilegt að drepa á slík atriði, án þess að stjórnin, sem ekki virðist hafa miklu fyrir sig að svara, nú fremur en endrarnær, fari að snupra þá fyrir þetta. Það er líka einkennilegt að heyra hæstv. forsætisráðherra vera að tala um það, að þó að þetta atriði sje dregið fram til samanburðar í umræðum um annað mál, þá sje það vanræksla af flm. (P. O.) að láta eki stjórnina vita, að það stæði til. Veit ekki hæstv. forsætisráðherra, að þetta mál hlaut að koma fram í umræðum í þinginu? Fylgist hann ekki betur með því, sem á góma ber meðal þingmanna, en það, að honum gæti verið ókunnugt um, að þetta mál væri komið inn í þingið? Það hefir meira að segja verið nefnt hjer í deild áður, í sambandi við annað mál, og um það talað í blöðum; og meðal þingmanna er nú einna mest um það rætt allra kostnaðarmála. Svo getur hæstv. forsætisráðherra staðið upp og kvartað undan því, að stjórnin hafi ekki verið látin vita, að á það ætti að minnast! Mjer þykir það nokkuð hart, ef ekki ætti að mega ympra á neinum athugasemdum við gerðir stjórnarinnar, nema henni sje tilkynt það formlega, að slík athugasemd muni koma fyrir í umræðum um eitthvert mál.

Það atriði, sem hjer um ræðir, er svo mikilvægt, að stjórnin ætti að vera búin að gefa einhverja skýrslu um það.

Það er svo hneykslanlegt atriði, ef því er varið eins og flestir nú hyggja, að stjórninni ætti að vera umhugað um að leiða í ljós nýjar upplýsingar eða skýringar, ef hún skyldi búa yfir einhverju, sem ekki er öllum kunnugt. Og þetta er líka víðtækt atriði, sem hefir miklu dýpri og alvarlegri þýðingu en það, hvort á það er drepið í umræðum á þingi á einn eða annan veg. — Það getur varðað því, hvort það muni teljast fært að senda út menn, til að fara með erindi landsins hjá öðrum þjóðum. Ef verslunaragentar, sem ekki hafa nein „diplomatisk" erindi með höndum, verða landinu svona kostnaðarsamir, eins og maður sá, sem hjer um ræðir, hr. Jón Sivertsen, er fær nálega 60 þús. kr. í 10 mánuði, hvað á þá að segja um það, ef landið skyldi þurfa að að hafa erindreka — ekki að eins verslunarerindreka, heldur „diplomatiska" erindreka hjer og þar úti um heiminn? — Þetta er því víðtækara atriði og þýðingarmeira fyrir sjálfstæði landsins en þingmenn ef til vill gera sjer grein fyrir, þegar þeir hugsa um kostnaðarreikning þessa sendimanns. Og sýnilegt er á öllu, að stjórnin gerir sjer enga hugmynd um þetta.

Svo er eitt atriði, sem jeg get ekki leitt hjá mjer að nefna. Ef hreyft er einhverjum athugasemdum, eða leitað skýringa hjá hæstv. stjórn, þá er eins og jafnan sje seilst til þess, að sá ráðherrann, sem hlut á að máli, sje ekki viðstaddur. Hinn, sem viðstaddur er, getur þá sagt, — sjálfsagt með góðum rökum, — að það sje ekki hann, sem geti haldið uppi svörum fyrir stjórnina! En hvernig stendur á því, að hæstv. atvinnumálaráðherra er ekki hjer viðstaddur, þegar þetta frv. er á dagskrá, sem þó að sjálfsögðu og ótvírætt heyrir undir hans verkahring? Jeg býst við, að mjer verði svarað því, að hann sitji í sæti sínu í hv. Ed. Þar er nú fyrst á dagskránni frv. til laga um breyting á lögum um heimild til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum. Það má nú segja, að það mál snerti hann líka, en jeg vil álíta, að hann hefði átt að vera hjer í deildinni, en hæstv. forsætisráðherra aftur í Ed. Það mál, sem þar er á dagskrá, mun heyra fult svo mikið undir verksvið forsætisráðherra, a. m. k. í framkvæmdinni. Þeir hefðu því átt að skifta, svo að sá, ef nokkur er, sem gat svarað fyrir sig í því máli, er hjer var á dagskrá, hefði getað verið hjer viðstaddur.

Flm. (Pjetur Ottesen): Hæstv. forsætisráðherra virðist taka það óstint upp, að jeg skyldi minnast á reikning Jóns Sivertsens í sambandi við þetta mál. En jeg kippi mjer ekki mikið upp við það. Jeg er ófeiminn að segja sannleikann og klípa þar ekkert utan úr, og það þótt jeg sje hjer við hliðina á hæstv. forsætisráðherra. Það má vel vera, að sumum finnist, að jeg hefði átt að tilkynna stjórninni það áður, að jeg ætlaði að minnast á þetta; það má hver líta svo á það sem vill; jeg finn að því, sem mjer þykir aðfinsluvert, þegar mjer býður svo við að horfa, hvort það er nú hæstv. stjórn, sem á í hlut, eða hver sem það nú er. En mjer þótti ekkert illa við eiga, að minnst í þessu sambandi, hvernig hagað er borgun til verðlagsnefndarinnar, væri bent á kostnaðarreikning Jóns Sivertsens; sem virðist helst ekki mega nefna á nafn. En viðvíkjandi því, að jeg hefi ekki tilkynt hæstv. atvinnumálaráðherra að vera við þessa umr.,

þá get jeg tekið undir það, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir sagt, að hæstv. atvinnumálaráðherra hljóti að hafa sjeð, að þetta mál, um afnám verðlagsnefndar, var á dagskrá, og honum var það að sjálfsögðu ljóst, að málið heyrir undir hann, en hann er ekki viðstaddur samt. Enda heyrist mjer hæstv. forsætisráðherra vanta síst viljann til að bera blak af stjórninni, þó ekkert hafi hann hrakið af því, sem jeg sagði, og það hefði atvinnumálaráðherra trauðla fremur getað.

Mjer fanst ekki nein ástæða til að fara að hrópa það upp við stjórnina, þó mjer dytti í hug að drepa á þetta atriði í umr. En hitt verð jeg að segja, að mjer kom það undarlega fyrir, að hæstv. forsætisráðherra skuli vera að fárast yfir því, að stjórnin væri varbúin að gefa svör við þessu atriði, af því henni, eða viðkomandi ráðherra, hefði ekki fyrirfram verið tilkynt um það, að á það yrði minst, og þar af leiðandi ekki kynt sjer það til hlítar. Jeg verð að álíta næsta lítils virði þessa viðbáru, þar sem hæstv. stjórn hefir úrskurðað þennan reikning áður en honum var ávísað til greiðslu í landsversluninni. Hæstv. stjórn eða viðkomandi ráðherra hefir þá að öllum líkindum kynt sjer reikninginn áður en honum var ávísað, svo hún ætti að vita, hvernig hann var. Eins og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir tekið fram, var þetta atriði nefnt hjer í deildinni, í sambandi við annað mál, fyrir nokkru. Þótt hæstv. stjórn hefði ekki fundist ástæða til að athuga reikninginn þegar hún úrskurðaði hann til ávísunar, þá hefði þó verið fullkomin ástæða til að gera það eftir að þetta hafði komið fram hjer í deildinni, því mál þetta hefir, sem vonlegt er, vakið alment umtal og gremju, bæði utan þings og innan. Jeg verð því að vísa frá mjer öllum ávítunum hæstv. forsætisráðherra fyrir það, að jeg ekki aðvaraði stjórnina um, að jeg ætlaði að nefna þetta. Jeg bið engrar velvirðingar á því, síður en svo. Það var engin ástæða til að ætla, að stjórnin væri þess varbúin að heyra því hreyft.

Þá þótti hæstv. forsætisráðherra jeg ganga of nærri Jóni Sivertsen, með því að nefna þetta. Jeg nefndi bara hans eigin tölur. En á frammistöðu hans í erindrekastarfinu, mintist jeg ekki einu orði. Mjer var hún ekki svo kunn, að jeg hefði ástæðu til þess, og jeg þykist ekki heldur hafa gert það. Það er ekki að neita því, að það leikur mjög á tveim tungum, að hvað miklu liði hann hafi orðið okkur vestur þar. En jeg dró ekki dul á það, að áminstur reikningur þessa manns er þannig vaxinn, að það er ómögulegt að komast hjá því, að átelja stjórnina fyrir að borga út slíkan reikning athugasemdalaust.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að svara fleiru að sinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg held, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafi gleymt því í svipinn, að hann er ekki lengur málaflutningsmaður, heldur þingmaður. Honum hefir nú fundist, að hann yrði að fara að verja aðra. En jeg held, að hann hafi ekki hjálpað hv. flm. (P. O.) neitt með ræðu sinni, enda þarf hann varla hjálpar með, því hann mun vera maður til að svara fyrir sig sjálfur.

Jeg vítti það ekki, þótt hv. flm. (P. O.) finnist hann þurfa að finna að ýmsu við stjórnina, og ekki heldur þótt hann óski skýringa um þetta mál, heldur vítti jeg það, að hann skyldi koma með það í umr. um óskylt mál og að fjarverandi þeim ráðherra, sem við þetta er

riðinn. Hvað sem sagt er um þau mál, sem eru á dagskrá, þá er það óhrekjandi, að bæði þetta mál, og sjerstaklega það, sem er á dagskrá í Ed., heyra undir atvinnumálaráðherra.

Jeg stend við það, að þetta atriði hafi alveg að ófyrirsynju verið tekið fyrir hjer í deildinni í dag. Hitt má rjett vera, úr því málinu hefir einu sinni verið hreyft, að rjett sje að taka það fyrir sjerstaklega og skýra nánar, og býst jeg við, að atvinnumálaráðherrann athugi það.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg hefi ekkert á móti því, að frv. sje vísað til nefndar, og hefi jeg síst á móti að vísa því til bjargráðanefndar. Þar á annar meðflm. minn að frv. sæti, og málið getur vel átt heima í þeirri nefnd. Jeg þarf því raunar ekki að svara hæstv. forsætisráðherra frekar, Hann virtist vera óánægður með, að málið var tekið á dagskrá í dag. En á því á jeg enga sök. Það er hæstv. forseti einn, sem því ræður.

Viðvíkjandi því, að það hefði átt að taka þetta reikningsmál fyrir sjerstaklega, sem þá hefði átt að vera helst með fyrirspurn, þá hefi jeg því að svara, að það virðist þýðingarlítið fyrir suma að koma með fyrirspurnir, þegar stjórnin lætur sjer sæma að humma þær fram af sjer þegjandi, eins og dæmi eru til að hún hefir gert. Jeg á hjer ekki við fyrirspurn mína út af dræsti á birtingu ensku samninganna. Henni hefir í raun og veru verið svarað með því, að farið var að birta samningana strax eftir að hún kom fram. En á öndverðu þingi bárum við 2 deildarmenn fram fyrirspurn til stjórnarinnar, sem leyfð var hjer í deildinni. En hæstv. stjórn hefir hingað til skotið því fram hjá sjer að svara henni, og ætlar sennilega að stinga henni undir stól. Jeg þykist því hafa ástæðu til að ætla, að það geti brugðist til beggja vona með árangurinn af því að koma fram með fyrirspurnir til stjórnarinnar, og þykist jeg ekki hafa neina tryggingu fyrir, að þeim yrði sint.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg var ekkert að hafa á móti því, að frv. var tekið á dagskrá í dag, því ekki var líklegt, að um það þyrftu að verða langar umr. að þessu sinni, þar sem vænta mátti, að því yrði vísað til bjargráðanefndar til athugunar.

En hvað snertir kvörtun hv. flm. (P. O.) yfir því, að ekki þýði að koma með fleiri fyrirspurnir, þá er það auðvitað leitt, að fyrirspyrjendum skuli finnast þeir græða lítt á fyrirspurnum sínum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 545) með 13 : 3 atkv.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 1. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 336, n. 409).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 2. júlí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 336, n. 409).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. júlí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 336, n. 409).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., fimtudaginn 4. júlí, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 336, n. 409).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. júlí, kl. 1 miðdegis, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 336, n. 409).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg ætla ekki að segja margt um þetta frv. nú, vegna þess, að hv. flm. (P. O.) tók alt fram, sem um það þarf að segja, þegar málið var hjer til 1. umr. Að frv. þetta kemur nú fram, eftir að hafa hvílt sig nokkuð lengi, stafar af því, að í hv. Ed. hefir nú verið felt frv., sem bjargráðanefnd bar fram hjer í deildinni og afgreitt var hjeðan. Jeg þarf ekki að taka það fram, hvers efnis frv. var; hv. þingdeildarmenn kannast allir við það. En eftir að það frv. var fallið í hv. Ed., þá þótti nefndinni rjett, að þetta kæmi fram. Við flm þessa frv. höfum ekki skift um skoðun, síðan við fluttum það. Við lítum enn svo á verðlagsnefndina hjer í Reykjavík, að verksvið hennar sje í raun og veru alveg horfið, og því megi leggja hana niður. Það hefir verið tekið fram í nál. og færð rök að því, að verðlagsnefndin sje nú orðin óþörf. Líka var með skýrum rökum sýnt fram á það í framsögu málsins í upphafi. Mjer finst því, að þingið geti vel lofað verðlagsnefndinni að eiga frí hjer eftir. Og mjer finst ekki ótilhlýðilegt, að það vilji hafa hönd í bagga með, að fje landsins sje ekki eytt fyrir lítið eða ekkert starf. Því það er óhætt að ganga út frá því, að starf verðlagsnefndarinnar verði ekki síður árangurslítið hjer eftir en hingað til.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir það undarlegt, að svona frv. skuli vera fram borið. Lög þau, sem á að afnema, eru ekki annað en heimildarlög, sem landsstjórnin getur látið vera að nota, ef hún álítur þess ekki þörf. Þetta frv. verður því ekki skilið á annan veg en að það sje árás, og það jafnvel ærumeiðandi árás, á þá verðlagsnefnd, sem setið hefir á rökstólum. Ef til vill er það gert til að hefna sín á þeim tveimur mönnum úr nefndinni, sem eru hjer í deildinni. Jeg get játað það, sem jeg við einstök tækifæri hefi gefið í skyn áður, að jeg álít, að þessari nefnd hafi í ýmsu yfirsjest, en um það er ekki svo mikið að segja, og jeg get ekki talið það þess vert, að hægt sje að sjá eftir því litla fje, sem til hennar hefir gengið. En ef hv. deild ætlar að fara að leggja það í vana sinn að ofsækja hverja nefnd, sem sett er til þess að vinna að opinberum málum, eins og hrekkjóttir drengir, sem kasta köglum í hvern sem er, þótt ekkert hafi til saka unnið, þá mun fljótt fækka þeim mönnum, sem fást til að gefa sig í þjónustu landsins eða starfa að opinberum málum.

Til þess að spara hv. Ed. að gefa sig í slátrunarverk enn á ný ætti þessi hv. deild að sjá sóma sinn og slátra þessu frv. nú þegar.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg verð að mótmæla því, fyrir hönd okkar flm. þessa frv. og meðnefndarmanna minna í bjargráðanefndinni, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að framkoma frv. væri ærumeiðandi árás á verðlagsnefndina eða einstaka menn hennar. Ef

hv. þm. (B. J.) hefir lesið nál. bjargráðanefndar í þessu máli, þá sjer hann, að nefndin viðurkennir, að verðlagsnefndin hafi unnið allmargbreytt og umfangsmikið starf, en bendir um leið til, að lítill árangur hafi orðið af því starfi. Það er því fjarri öllum sanni, og í alla staði ósæmilegt, að viðhafa þau orð, að flm. frv. eða bjargráðanefnd hafi viljað gera ærumeiðandi árás á þessa menn. En hins vegar finst okkur óþarft að láta verðlagsnefndina sitja, þegar þingið hefir tekið af henni það hlutverk, sem hún átti að inna af hendi í upphafi. En bjargráðanefnd vildi í þess stað veita bæjarstjórnum heimild til að óska eftir því, að verðlagsnefndir væru skipaðar þar, sem þörf gerðist, og landsstjórninni yrði veitt heimild til að verða við þeim óskum, og kosta þá sjálfar starf þeirra.

Þó ekki sjeu mikil útgjöld við þessa nefnd, þá hefir reynslan sýnt, að þau geta orðið svo mikil, að það sje þess virði að spara þessa upphæð, þegar svo lítið er í aðra hönd, eins og raun er á orðin. Og nú er mikill hluti af starfi hennar kominn í aðrar hendur, svo árangurinn af starfi hennar hlýtur að verða enn minni hjer eftir en hingað til.

Bjarni Jónsson: Það er enn óskýrt, hvers vegna hv. flm. þessa frv. völdu þessa leið til þess að afnema verðlagsnefndina. Hefði ekki verið viðfeldnara og kurteisara að fara fram á það við stjórnina, að hún ljeti ónotaða þá heimild, sem þessi lög veita henni. Það hefði mátt gera með þingsályktunartill., og hefði verið í alla staði eðlilegri leið en þetta.

Pjetur Ottesen: Út af ummælum hv. þm. Dala. (B. J.) neyðist jeg til að segja nokkur orð, þó hv. frsm. (S. St.) hafi reyndar tekið fram það, sem var aðalatriðið, að ummæli hv. þm. (B. J.) um, að með frv. hefði verið gerð árás, og það jafnvel ærumeiðandi árás, á verðlagsnefndina, væru með öllu ástæðulaus. Frv. var ekki sprottið af því, að gera ætti árás á verðlagsnefndarmennina, hvorki þá, sem sæti eiga í þessari hv. deild, nje aðra. En við flm. litum svo á, að starf verðlagsnefndarinnar væri svo vaxið, að ekki væri ástæða til, að hún hjeldi því áfram, heldur jafnvel hið gagnstæða. En að við flm. höfum ætlað okkur að hefja persónulega árás á þá menn, sem í verðlagsnefndinni eru, nær engri átt. Og mjer þykir það undarlegt, að jafnmentaður maður og vel viti borinn og hv. þm. Dala. (B. J.) er, sem auk þess er kennari við æðstu mentastofnun landsins, háskólann, skuli geta fengið af sjer að segja annað eins og þetta, enda væri hægurinn hjá að draga hv. þm. (B. J.) fyrir lög og dóm, fyrir slík ummæli, ef hann ekki nyti þinghelginnar. (**B. J.**: En ef jeg gæti sannað það). Hv. þm. (B. J.) getur ekkert sannað og ekki fært neinar líkur í þá átt.

En viðvíkjandi því, að við hefðum eins vel getað snúið okkur til stjórnarinnar og farið þess á leit við hana, að hún notaði ekki heimild þessara laga, þá fanst okkur betra, að þingið alt segði stjórninni þetta í því formi, sem ekki væri hægt að misskilja. Þá væri meiri trygging fyrir því, að stjórnin virti bendingu í þessa átt ekki að vettugi.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að eins að geta þess, að jeg hefi fyrir mjer ummæli sumra nefndarmanna sjálfra úr bjargráðanefnd, að tilgangurinn með þessu frv. sje einmitt sá, er jeg nefndi.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg verð að heimta það, fyrir hönd okkar flm. þessa frv. og meðnefndarmanna minna í bjargráðanefnd, að hv. þm. Dala. (B. J.) nefni nöfn þeirra, sem hafa ærumeitt verðlagsnefndina eða einstaka menn í henni. Við flm. viljum ekki liggja varnarlausir undir jafnsvívirðilegum aðdróttunum. Og það ætti engum þm. að líðast að fleygja fram öðru eins og þessu, órökstuddu og algerlega tilhæfulausu.

Bjarni Jónsson: Hv. nefndarmenn geta fengið að sverja þetta af sjer, ef þeir vilja. Annað kemur ekki fram í þessu máli hjer í deildinni.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 16 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. J., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. K., B. St., E. Árna., G. Sv., Ó. B.

nei: J. M., J. B., Sv. Ó., Þorst. J., B. J.

Fimm þm. (B. Sv., E. A., E. J., M. Ó. og P. J.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 2 atkv.

Á 73. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. júlí, kl. 3 og 10' síðd., var frv. tekið til 3. umr. (A. 336).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg vildi að eins skjóta því til hæstv. stjórnar, hvernig sem fer um frv. í hv. Ed., hvort hún finni ekki ástæðu til að nota ekki heimild þá, sem henni er veitt í verðlagsnefndarlögunum, sökum þeirra breyttu kringumstæðna, er orðið hafa síðan heimildin var veitt?

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg skoða þessi orð hv. frsm. (S. St.) að eins sem bendingu, en ekki sem hann beinlínis óski eftir yfirlýsingu frá stjórninni, enda hefði ekki verið líklegt, að stjórnin væri viðbúin að svara þessu. Mjer þykir líklegt, að stjórnin áliti, að verkefni nefndarinnar hafi minkað, þó að það gæti komið fyrir, eftir mínu áliti, að nefndin hefði eitthvað að starfa í einstaka tilfellum, og þá aðallega gagnvart verði á innlendum vörum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., sama dag, kl. 8 síðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afnám laga nr. 10, 8. sept. 1915, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 519).

Á sama fundi í Ed. var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti: Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. þessu verði vísað til bjargráðanefndar að þessari umr. lokinni.

Guðmundur Ólafsson: Það er víst

harla þýðingarlítið að ræða frv. þetta. Forseti hefir, svo sem hans er venja, lagt til, að frv. þessu verði vísað til bjargráðanefndar, sömu nefndar hjer og hafði það til meðferðar í hv. Nd., að þessari umr. lokinni, en þessi nefndartilvísun er gersamlega óþörf, því að bjargráðanefndin hefir haft samskonar mál eða sama mál með höndum, þótt í öðru formi væri, og hefir þar látið í ljós skoðun sína á þessu. Frv. það, er álit nefndarinnar fylgdi, var felt hjer í hv. deild í gær í mesta flaustri, og mjer finst engin ástæða til að væna nefndarmenn um, að þeir breyti skoðun með degi hverjum; að minsta kosti verð jeg að frábiðja mjer getsakir um það hvað mig snertir. Umsögn mín verður söm og áður, og líkt tel jeg sjálfsagt um meðnefndarmenn mína. Það er því mikið rjettara, að málið gangi áfram nefndarlaust.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg fyrir mitt leyti vil, að málinu sje vísað í bjargráðanefnd, og sje ekki, að það geti á nokkurn hátt komið í bág við framgang málsins, heldur þvert á móti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 :6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. E., S. J., E. P., G. Ó., H. St., H. Sn., K. E., K. D.

nei: M. T., S. F., G. G., Jóh. Jóh., M. K., G. B.

Frv. vísað til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 544) með 8 : 2 atkv.

Nefndárálit kom ekki. Frv. var því ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

12. Bráðabirgðalaunaviðbót til embættismanna.

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bráðabirgðalaunaviðbót til embættismanna (A. 393).

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. júní, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Það er sama að segja um frv. þetta og hið næsta á undan, að jeg hefi ekki að sinni miklu við greinargerðina að bæta. Það er margt, sem um málið má segja, en jeg geymi mjer það, af sömu ástæðum og í hinu málinu, og óska því, að frv. verði nú vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 27. júní, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 393, 400, 404, 405, 406).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Fjárveitinganefndinni þótti sem margt kæmi til athugunar í þessu máli. En aðallega voru það þrjú atriði, sem hún vildi taka hið mesta tillit til:

1) Þörf hlutaðeigandi embættismanna á launabótum nú í dýrtíðinni.

2) Fjárhagsástæður landssjóðs, og

3) síðast en ekki síst, líkindin fyrir því, hvort málið gengi gegn um deildina eða ekki.

Nefndin var nú öll á einu máli um það, að óhjákvæmilegt væri að bæta kjör embættismanna eitthvað. En þá gat og komið til umtals, hvort slíks skyldu njóta embættismenn einir, eða einnig aðrir þeir, er störf eða sýslur hafa fyrir landið. En nefndin gat ekki sjeð, að til mála gæti komið að taka hjer til greina aðra en þá, sem landið hefir brýnastar skyldur við, og vitanlega eru það embættismenn þess, sem eingöngu vinna fyrir það. Varð því ofan á í nefndinni að halda sjer eingöngu við það. Enda munu og aðrir starfsmenn hafa meiri og minni störf utan hjá, sem þeir geta dregið fram lífið á.

Að því er fjárhaginn snertir, og þegar litið er til hans, þá er það ljóst, að ekki er unt að verða við fylstu kröfum. Til þess hefir landssjóður engin efni. En nefndin vildi ráða einhverja bót á kjörum embættismanna, og það helst sem flestra. Og það er spursmál, hvort hún hefði ekki gengið heldur lengra, ef hún hefði haft nokkra von um, að slíkt gæti fengist samþ. í hv. deild.

Það sýnist nú ekki sjerstaklega auðvelt fyrir embættismenn að sækja launabætur undir þetta þing. Varð nefndin því að taka mjög mikið tillit til þess, hvað líklegt væri að hv. deild vildi ganga langt.

En auk þessa varð nefndin og að athuga, hvaða aðferð hún skyldi hafa í málinu; hvort hún skyldi leggja til að auka dýrtíðaruppbótina, eða bæta launin. Ef sú aðferð hefði verið upp tekin að auka dýrtíðaruppbótina, þá eru líkur til, að þurft hefði að hrófla við fleiru en þessum mönnum, og auk þess hafði sú aðferð þann mikla ókost, að ómögulegt er að segja, hve mikilli upphæð slík launabót mundi nema. Menn hafa rekið sig á, að áætlaður útgjaldaauki af dýrtíðaruppbótum hefir reynst allfjarri sanni. Og það er altaf leitt að koma fram með till., sem maður getur ekki gert sjer nokkurn veginn í hugarlund útkomuna af. Það varð því ofan á í allri nefndinni að leggja til, að viss upphæð væri greidd hverjum embættismanni, og sem allra jöfnust.

Fyrir nefndinni lá frv. til laga um laun lækna, og enn fremur frv. frá stjórninni um launabætur handa skrifstofustjórum stjórnarráðsins o. fl. Nefndin leit svo á, að þessi frv. mundu ekki ná samþykki hv. deildar, og rjeð því af að taka þessa menn upp í frv. sitt. Er það tilætlun nefndarinnar, að dýrtíðaruppbótin breytist alls ekki við þetta; það verði ekki goldin dýrtíðaruppbót af þessari launaviðbót, heldur verði hún söm og óbreytt. Eins og jeg gat áður, vildi nefndin ekki hrófla við dýrtíðaruppbótinni, því að hún taldi, að þá mundi margt geta fram komið, sem ekki yrði sjeð fyrirfram.

Að því er snertir skrifstofustjórana, þá þorði nefndin ekki að ganga eins langt og stjórnarfrv., en fanst um leið ástæða til að taka upp landsskjalavörð, landsbókavörð og þjóðmenjavörð. Virtist henni rjett að taka alla þessa menn saman, því að þeir eru taldir jafnir að tign og fá jöfn laun.

Sama er að segja um dómara landsyfirdómsins. Nefndin þorði ekki heldur þar að halda fast við till. stjórnarinnar, enda þótt meiri hl. hennar liti svo á, sem þær væru ekki um of. Nefndarmenn líta svo á, að launakjör dómaranna sjeu

alls ekki við sæmandi á venjulegum tímum, hvað þá heldur nú. Enda ætlast nefndin til, að þetta gildi ekki lengur en til ófriðarloka. Þá verður launum embættismanna væntanlega komið fyrir nokkuð á annan veg.

Eins og menn vita, hafði verið feld í þessari hv. deild till., sem hafði verið borin hjer fram að ósk læknastjettarinnar, um leyfi til þess að hækka gjaldskrána. Það virtist því svo, sem fara yrði einhverjar aðrar leiðir, og því tók nefndin einmitt læknana upp í þetta frv. með 500 kr. launaviðbót á ári, enda þótt hún telji þetta ekki nægilega uppbót handa þeim, og ef svo fer, sem nú liggur við borð, að þetta verði felt, þá hefir meiri hl. fjárveitinganefndar áskilið sjer rjett til að koma með brtt. um þetta. Það þótti ekki rjett að skilja landlækninn eftir, með því að laun hans geta ekki heitið að vera há, þegar tekið er tillit til þess, að hann er æðsti maður læknastjettarinnar. Hann hefir nú 5000 kr. á ári og enga dýrtíðaruppbót nje heldur ómagaframfæri; fyrir því leggur nefndin til, að hann fái 500 kr. viðbót, því að við álítum, að þessi laun, sem hann hefir, megi heita sultarlaun. Þá hefir holdsveikralæknirinn óskað eftir launaviðbót, og höfum við tekið hann með öðrum læknum og látið hann fá 500 króna hækkun, sem virðist vera það minsta sem hægt er, og þrátt fyrir það verður hann ver settur en læknarnir á Vífilsstöðum og Kleppi, því að hann hefir hvorki húsnæði, ljós nje hita frítt. — Það er svo ráð fyrir gert, að læknarnir fái með þessari uppbót til jafnaðar 2000 kr. laun fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, en nú stendur svo á, að nokkrir læknar hafa haft hærri laun undanfarið en þessar 1500 kr., og eru þeir taldir upp í 5. gr. þessa frv.; það eru læknarnir í Keflavíkur-, Patreksfjarðar-, Blönduóss-, Seyðisfjarðar- og Reykjarfjarðarhjeruðum. Læknirinn á Blönduósi hefir 1700 kr. í laun, læknirinn á Seyðisfirði 1900 kr. og læknirinn í Reykjarfjarðarhjeraði 1800 krónur, þótt hann sje nýr embættismaður, og stendur svo á því, að íbúum þess hjeraðs hefir verið veittur styrkur til læknishjálpar. Nefndin hefir lagt til, að bætt yrði við laun þessara lækna því, sem upp á vantaði til þess að þeir hefðu 2000 krónur í árslaun, svo að allir yrðu jafnir að launum; það eina, sem þá gerir mismuninn, er þá ómagaframfærið.

Þá hafa nefndinni borist erindi frá nokkrum kennurum við háskólann og mentaskólann, um að bæta við laun þeirra, og virtist henni það sanngjörn málaleitun, því að hún leit svo á, að þeir gætu ekki komist af með þau laun, sem þeir hefðu; hefir hún því lagt til, að hver þeirra fái 500 króna viðbót á ári. Þá hefir nefndin lagt til, að kennarar við mentaskólann, gagnfræðaskólann á Akureyri, stýrimannaskólann og vjelstjóraskólann fái 500 kr. launauppbót, og eru aukakennarar bæði við mentaskólann og gagnfræðaskólann teknir með. Þá hefir nefndin lagt til, að vegamálastjóri og vitamálastjóri fái sömu uppbót. Enn fremur leggur hún til, að biskup landsins fái 500 króna launaviðbót; hann hefir nú eins og stendur sömu laun og landlæknir og enga dýrtíðaruppbót; koma laun hans þá til að verða 5500 kr., og hygg jeg, að naumast muni hægt að segja, að það sje of hátt. Þá hefir fangavörður farið fram á launaviðbót, og fanst nefndinni

öll sanngirni mæla með hans kröfu; hann hafði áður lág laun, 1400 kr., en fór fram á 400 króna viðbót, og lagði nefndin til, að honum væri veitt það.

Frá prestastjettinni höfðu ekki komið neinar verulegar beiðnir um launahækkun, nema frá einum hjeraðsfundi, í Snæfellsnessýslu, en þessi beiðni virðist nefndinni svo frek, að hún gat ekki með nokkru móti tekið neitt tillit til hennar; þar var farið fram á, að laun sveitapresta yrðu hækkuð upp í 2600 krónur og laun presta í kaupstöðum upp í 3000 krónur.

Þá eru sýslumennirnir. Það hefir nú verið svo með þá, að þeir hafa um nokkur undanfarin ár haft talsverðar tekjur af landsversluninni; þeir hafa haft ýms störf á hendi fyrir hana og fengið talsvert mikla þóknun fyrir það; að vísu hafa tekjur þeirra rýrnað mjög mikið upp á síðkastið, ekki að eins vegna verðfalls á peningum, heldur líka tollar horfið, því að þeir eru eingöngu heimtir þar, sem skipin leggja upp vörurnar, en það er nú mestmegnis hjer í Reykjavík. Nefndinni virtist því, að komið gæti til mála, að bæta þyrfti kjör þeirra, og leitaði því upplýsinga um, að hve miklu leyti þeir myndu hafa störf með höndum fyrir landsverslunina, en nefndin hafði ekki fengið nægilega glöggar upplýsingar um þetta, er hún varð að láta frv. frá sjer fara, en býst hins vegar við, að einhver ákveðin upphæð verði fengin stjórninni, til þess að bæta sýslumönnum upp tekjutap sitt, og að þeir komi til að hafa lítið sem ekkert að gera fyrir landsverslunina eftirleiðis, en að þeir muni aftur, þegar frá líður, hafa þó nokkrar tekjur af að innheimta tolla, þó að það verði auðvitað mjög lítið eða jafnvel ekki neitt nú í ár. Nefndin hefir því búist við að þurfa að leggja það til, að stjórninni verði heimiluð einhver upphæð til þess að ráða bót á kjörum þeirra.

Nú vil jeg leyfa mjer að fara örfáum orðum um það, hvernig launakjör þessara embættismanna líta út, ef frv. þetta nær fram að ganga, og vil jeg þá fyrst nefna skrifstofustjórana. Það verður að álíta, eins og nú stendur, að þeir hafi sáralitla uppbót, og þó að jeg sje ekki í nokkrum minsta vafa um það, að laun þeirra fyrir stríðið, 3500 krónur, hefðu mátt heita nægtalaun, þá verður það ekki talið mikið nú. Þá verða allar tekjur háyfirdómarans 6000 kr. og meðdómendanna rúmar 5000 kr. með öllu og öllu, enda hafa þeir líka dýrtíðaruppbót, en það hefir háyfirdómarinn ekki. Þá er lagt til um laun hagstofustjóra og þeirra, sem standa fyrir landsbókasafninu, þjóðskjalasafninu og þjóðmenjasafninu, að þau verði sem næst 4500 krónum. Landlæknir, sem ætlast er til að fái 5500 krónur, fær enga dýrtíðaruppbót; holdsveikralæknirinn er ætlast til að fái rúm 4200 kr. í laun, en allir hjeraðslæknar eru taldir í einni heild; þeir höfðu fyrir stríðið í föst laun 64,500 krónur, en nú er lagt til, að þeir fái með öllu og öllu, dýrtíðaruppbót og ómagaframfæri, 120,550 krónur; verða það að meðaltali 2800 kr. á hvern, en auðvitað eru aukatekjur allir þar fyrir utan, en þær hafa verið gefnar upp til þess að reikna af þeim dýrtíðaruppbót, og mætti því ætla, að þær væru ekki of lágt taldar, en þær eru, eins og kunnugt er, frá 50 krónum og upp í 2500 kr. Þó er þess að gæta, að aukatekjur, sem náð hafa 2000 krónum og þar yfir, munu hafa stafað af, að margir útlendingar hafa leitað sjer læknishjálpar, en það var, ef jeg man rjett, læknirinn í Vestmannaeyjum, sem

var hæstur að aukatekjum. En nú mun mega gera ráð fyrir, að aukatekjur lækna sjeu ekki stórt yfir 1000 krónur á ári að meðaltali, og verða þá laun þeirra til jafnaðar 3800 krónur, en læknar þeir, sem eru kennarar við háskólann, munu hafa frá 4300 til 4600 krónur, en þeir læknar, sem hæst komast, eru, fyrir utan landlækni, sem hefir 5500 krónur, þeir, sem mestar hafa aukatekjurnar, og hafa þeir, sem allra hæstir eru, sem næst 4900 krónur. En það eru sem sagt, auk landlæknis og biskupsins, sem nær 5000 krónum — hann á að fá 5500 kr., — eftir þessari till. ekki aðrir en kennararnir við háskólann, sem allir saman komast eitthvað, meira eða minna, á 5. þúsundið. Fyrir utan aukakennara við háskólann eru tveir aðrir aukakennarar, sem nefndin hefir lagt til að fái launauppbót; það eru þeir Páll Sveinsson og Jón Ófeigsson. Allar tekjur þeirra eru að eins 2000 krónur, en eftir till. nefndarinnar verða nú tekjur Jóns Ófeigssonar alls 3315 kr., og ætti það að vera auðsjeð öllum, að það eru ekki miklar tekjur fyrir mann, sem gegnir einu af þýðingarmestu kenslustörfum í Mentaskólanum, sem er kensla í nýju málunum, enda mun það ljósasti votturinn, að annar kennari þar, sem þó hafði betri laun en Jón Ófeigsson, hefir þegar sagt upp starfi sínu og fengið betur launaða stöðu hjá „privat"-mönnum, og eru meira að segja líkindi til, að Jón Ófeigsson fari sömu leið, og hefir Mentaskólinn þá mist tvo af bestu kennurum sínum og þá, er síst má án vera, en það eru einmitt kennararnir í nýju málunum.

Nefndin vildi líka taka nokkurt tillit til kjara prestanna, en sá þegar í stað, að það var ekki hægt að fara nærri eins hátt, vegna þess, að þeir eru svo margir, yfir 100 á öllu landinu. Það hefði því orðið afskapleg upphæð með hinu, því að þótt ekki hefði verið farið hærra en að veita hverjum 300 kr., þá hefði það eitt orðið yfir 30,000 kr., og býst jeg ekki við, þótt nefndin hefði lagt það til, að það hefði náð fram að ganga hjer í þessari hv. deild. En nefndin gat ekki heldur sjeð, að það væri eins ástatt fyrir prestastjettinni eins og hinum stjettunum; þess er nefnilega að gæta, að prestum þeim, sem bú hafa, eru metnar jarðirnar svo lágt, að það verður þeim margfalt betra en peningarnir, enda býst jeg ekki við, að nokkur þeirra vildi selja ábúðarrjett sinn fyrir það verð, ef hann á annað borð ætlaði sjer að halda áfram að búa, en aðrar tekjur sínar fá þeir annaðhvort af handahófi eða þá eftir verðlagsskrá, svo að þeir hafa á engan hátt orðið fyrir jafnmeinlegu verðfalli peninganna, og eru því talsvert betur settir en aðrir embættismenn, enda þótt þeir hafi lág laun að öllum jafnaði. En því má þó ekki gleyma, að sumir þeirra verða hart úti, einkum þeir, sem í kaupstöðum búa og verða að lifa af launum sínum að öllu, og enn fremur þeir, sem búa á mjög dýrum jörðum, og þá helst hlunnindajörðum, til dæmis þar, sem æðarvarp er, með því að vinnulaun eru nú afskaplega há, en dúnn í lágu verði. Hefir því nefndin lagt til, að stjórninni verði heimilað að verja alt að 8000 kr. til þess að bæta upp laun presta, og eftir till. þess manns, sem best þekkir til efnahags þeirrar stjettar, nefnilega biskupsins. Vil jeg svo að endingu geta þess, að enginn ætlast til þess, að lög þessi gildi um aldur og æfi, heldur að eins á meðan ófriðurinn stendur.

Þá skal jeg leyfa mjer að fara nokkr-

um orðum um brtt. þær, sem fram eru komnar, og nefni jeg þær í röð.

Fyrsta brtt., frá hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra, er á þgskj. 400, um hækkun á kaupi þm. um 50%. Nefndin hefir athugað þessa brtt., en ekki gert neina ályktun um hana, og eru því atkv. nefndarmanna óbundin um hana, en meiri hl. nefndarinnar er þó hlyntur till. Í sambandi við þessa brtt. vil jeg geta brtt. á þgskj. 406; fer hún í þá átt, að þessi hækkun á þingfararkaupinu, 50%, komi að eins niður á þeim þm., er búa utan Reykjavíkur, en Reykjavíkurbúar fái ekki neitt af henni. Veit jeg ekki, hvort þessi brtt. er komin fram af því, að þeir sjeu taldir svo miklu ljelegri þm., eða geri minna gagn hjer en hinir, en annars mun það alment álitið, að verður sje verkamaðurinn launanna, og sýnist það þá nokkuð hart að vilja láta þá gjalda þess, að þeir eiga hjer heima. Gæta verður þess líka, að þeir þurfa að ferðast í kjördæmi sín, því að þeir munu naumast ná þar kosningu nema því að eins, að þeir láti sjá sig þar og heyra til sín. Hefir það oft mikinn kostnað í för með sjer; t. d. vissi jeg til þess, að fyrir síðustu kosningar ferðaðist einn þm. hjeðan úr Reykjavík í kjördæmi sitt, og eyddi hann meiru fje í þeirri ferð en þingfararkaup hans nam það ár. En að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um þetta, því að mjer er svo hjartanlega sama hvernig fer um það.

Þá er brtt. á þgskj. 404. Ef ljeki á tveim tungum um það, hvort hv. flm. till. (Sv.Ó.) væri undirhyggjumaður eða ekki, þá mætti ætla, að till. væri tilraun til þess að „plata" deildina, vegna þess að hún kemur fram sem umbætur á því, sem frv. þetta fer fram á, en dregur í rauninni úr því, svo að ef hún gengi fram, myndi dýrtíðaruppbót sumra embættismanna stórum lækka, og jafnvel alveg hverfa hjá sumum þeirra, nefnilega hjá þeim, sem hafa yfir 4000 kr. að launum, — en nú er það alkunna, að hv. flm. (Sv. Ó.) er algerlega laus við það að vera undirhyggjumaður; hann er víst einmitt talinn vera gersneyddur þeim eiginlegleika, sem kölluð er slægviska, — þarf því alls ekki að efa, að hann hefir komið fram með þetta í þeim tilgangi að bæta frv., en ekki til þess að draga úr því. Það lítur því helst út fyrir, að hv. þm. (Sv. Ó.) hafi ekki verið búinn að hugsa þessa till. sína til enda, nje heldur að athuga, hverjar afleiðingarnar yrðu, ef hún gengi fram. Þó er það gert vísvitandi, að hann vill fella í burtu aukakennarann við kennaraskólann og skólastjórann við sama skóla. Jeg get í rauninni ekki skilið, hvers vegna hv. þm. (Sv. Ó.) vill þetta, en það er nú sama. En það er þó það samræmi hjá hv. þm. (Sv. Ó.), að hann vill ekki heldur, að fræðslumálastjórinn fái neitt.

Þá er síðasta gr. í þessum brtt., og ef litið er á hana út af fyrir sig, þá virðist það ekki vera nein frágangssök að samþykkja hana, því að það er auðvitaður hlutur, að þessi launaviðbót kemur ekki til greina fyr en um næsta nýár. Að öðru leyti eru ákvæðin söm og í 13. gr. frv.

Jeg verð að endingu að lýsa yfir því fyrir nefndarinnar hönd, að hún getur ekki með nokkru móti fallist á aðalatriði þessara brtt., því að nefndin telur það sannarlega ekki fært, að dregið sje úr till. hennar.

Þá er loks brtt. á þgskj. 405. Það þarf ekki segja um hana, að þar sje neinni lævísi beitt. Þessi till. gengur í þá átt, að launaviðbót háyfirdómarans sje færð úr 1200 krónum niður í 700 og með-

dómendanna úr 1000 kr. sömuleiðis niður í 700; það er með öðrum orðum að spara 1100 kr. á landsyfirdóminum á ári, frá því sem nefndin leggur til. Jeg hefi ekkert annað um þetta að segja en að nefndin getur ekki með nokkru móti fallist á þetta og vonar, að hv. deild geri það ekki heldur. Nefndin álítur þessar stöður svo mikilsverðar, að sjálfsagt sje að borga þær sæmilega, og að ekki sje rjett að borga betur aðrar fastar stöður í þarfir lands og þjóðar, og verður nefndin að halda fast við, að betra sje að sleppa því að hafa háyfirdómara, ef þeir eiga ekki að fá eithvað, sem þeir geta lifað af. Nefndin mun því óhikað greiða atkvæði á móti þessari till. og væntir þess fastlega, að sama verði ofan á hjá hv. deild. — En með því að það er orðið nokkuð áliðið dagsins, ætla jeg ekki að tala lengur um þetta að sinni.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 28. júní, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 393, 400, 404, 405, 406, 411, 412, 413, 414, 415, 418).

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um brtt. 411—415 og 418, er of seint var útbýtt

Sveinn Ólafsson: Mig furðar eigi á því, að lægra launuðu embættismennirnir hafa farið fram á launabætur. Það er alkunnugt, að hagur þeirra flestra er fremur erfiður, eins og hagur smærri bænda og almennings yfirleitt, þeirra sem eigi styðjast við efni frá fyrri tíð eða reka stóra útgerð. Og það er því síður tiltökumál, þar sem flestir þeirra eiga heimá í kaupstöðum, þar er lítið er um aukatekjur.

En mig furðar á, að fjárveitinganefnd skuli hafa getað hugsað sjer að koma á nokkrum jöfnuði millum embættismanna með þessu frv. Því að jeg fæ ekki betur sjeð en með því sje haggað því jafnvægi, sem áður var millum launa þeirra, ef nokkuð var. Og þetta er því óskiljanlegra, að hún hugsar sjer að koma á jöfnuði með þessu, þar sem hún hækkar launin án tillits til ástæðna. En óskiljanlegast er mjer þó, að hún leggur til, að dýrtíðaruppbótin skuli ekki miðuð við þessi laun, heldur þá launahæð, sem þeir höfðu áður en viðbótin var veitt. En með því fyrirkomulagi verður djúpið millum þeirra, sem viðbót fá, og hinna, sem enga fá viðbótina, enn þá dýpra, munurinn átakanlegri og rjettlætið minna.

Aðgætandi er, að með þessu er tekinn út úr hóp opinberra starfsmanna lítill hluti þeirra, að því er mjer telst til 90 manns. Flestum þeirra eru ætlaðar um 500 kr. viðbót. Hinir — alls um 1400 — sitja eftir með sárt ennið og er engin úrlausn gerð. Jeg skil ekki annað en þetta hljóti að valda óánægju með þeim, sem settir eru hjá, og mörgum hinna, er viðbót hafa fengið. Þeir munu finna, að í þessu er fólgið misrjetti.

Með þessu er horfið frá þeim grundvelli, sem lagður var af síðasta þingi. Því að þá álitu menn, að eigi væri hægt að endurskoða launalögin, heldur yrði að bæta öllum embættismönnum peningaverðfallið, svo að þeir liðu ekki þess vegna, og einkum þeim, sem lægst voru launaðir. Þessi hugsun var rjettmæt og allsendis eina færa leiðin. Og jeg fæ ekki betur sjeð en að hún sje jafnrjettmæt nú sem hún var í fyrra. Mjer virðist, að það sje meiri vansæmd að láta láglaunuðu embættismennina svelta held-

úr en að veita hinum hálaunuðu ekki launauppbót, sem svarar til embættisgöfgi þeirra eða metorða.

En þar sem margir þm. sjá sjer ekki fært að breyta dýrtíðaruppbótarlögunum og vilja því samþ. frv. þetta, þá vil jeg reyna að sníða af því stærstu agnúana. Nefndin sá sjer ekki aðra leið færa út úr þessu völundarhúsi, og skal jeg ekki álasa henni fyrir það. En jeg kann ekki heldur við að fá snuprur, eins og jeg fekk hjá hv þm. V.-Ísf. (M. Ó.), fyrir að koma með till., er fer í þá átt að nema stærstu agnúana af frv. og skapa meira rjettlæti.

Jeg ætla ekki að eltast við hnútur þær, sem hv. frsm. (M. Ó.) kastaði til mín í ræðu sinni í gær. Hann sagði, að jeg hegðaði mjer svo, sem jeg vildi taka það með annari hendinni, er jeg gæfi með hinni. Jeg kem síðar að því að sanna, að þetta er rangt. Það mætti miklu fremur segja, að jeg tæki frá ríkari kirkjunni og gæfi hinni fátækari. En það er alt annað en að taka með annari hendinni það, sem gefið er með hinni. Till. mínar stefna eigi að því að draga úr útgjöldum landssjóðs, heldur miða þær að því að koma á meiri jöfnuði. Að öðru leyti get jeg látið ósvarað köpuryrðum hv. frsm. (M. Ó.). Hann var að reyna að tala till. mínar í hel, líkt og taxtahækkun læknanna, sem hann átti mikinn þátt í að var feld hjer í deildinni.

Þá skal jeg víkja að brtt. þeim, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram. Þær eru aðallega þrennskonar og eru á þgskj. 404 og 414. Jeg bið hv. þm. að athuga það, að brtt. á þgskj. 414 er fram komin vegna þess, að kennarar kennaraskólans og fræðslumálastjórinn fjellu úr af vangá, er jeg hreinskrifaði upphaflega brtt. En nú hefir mjer gefist færi á að kippa þessu í lag.

Brtt. mínar eru aðallega þrennskonar, eins og jeg tók fram áðan. Brtt. við 1. og 12. gr. lúta að hinu sama, sem sje því, að dýrtíðaruppbótina skuli miða við launin, eins og þau verða eftir viðbótina fengna, en ekki eins og þau voru áður. Jafnvægið í dýrtíðaruppbótinni helst jafnt eftir sem áður, en ójöfnuðurinn verður minni en ella.

Önnur brtt. miðar að því að taka skýrar fram ákvæði í 7. gr. frv., þar sem talað er um aukakennara. Því að meðal þeirra lægi næst að heimfæra leikfimikennara, söngkennara og hegurðarkennara; yfirleitt alla þá, sem kenna við skóla. En nú hafa flestir slíkir kennarar aðalstarf sitt annarsstaðar, en skólakensla þeirra er að eins lítilfjörlegt aukastarf. Því er engin ástæða til að veita þeim sömu uppbót og hinum kennurunum. Tveir nefndarmanna hafa sagt mjer, að hjer sje átt við 1. og 2. aukakennara mentaskólans, og hygg jeg það rjett vera. En jeg vildi ákveða þetta skýrar, svo að það ylli ekki miskilningi.

Þriðja brtt. mín er sú, að lögin öðlist gildi um næstu áramót. Mjer fanst vafningaminst, að þau öðluðust gildi þegar reikningsskil eru gerð.

Jeg þarf ekki að fjölyrða öllu meira um brtt. mínar. Jeg vona, að öllum hv. þm. sje ljóst, að þær fara eigi í bága við hugsun þá, sem fyrir nefndinni hefir vakað, nema ef til vill að því leyti, að uppbótin kemur dálítið öðruvísi niður. Árangurinn af því, að mínar till. yrðu samþyktar, mundi verða sá, að þeir, sem hafa lægri laun, fá hærri dýrtíðaruppbót en áður, t. d. læknar. Þeir fengju uppbót af 1500 kr., en af 2000 kr., ef mínar till. yrðu samþyktar. Alls mundu fastar tekjur þeirra þá nema á 4. þús. kr.

Þá er eftir eitt atriði þessa máls, sem mig langaði að minnast stuttlega á. Sú

hlið snýr að framtíðinni, og hlýtur okkur því að verða starsýnt á hana, er við eigum að fást við launamálið í stærri dráttum. Það er víst eins dæmi í hinum mentaða heimi, að með nokkurri þjóð sjeu jafnmargir opinberir starfsmenn, í hlutfalli við fólksfjöldann, sem hjer á landi. Mjer telst svo til, að þeir sjeu 1500 eða 1 af 60. (**E. A.**: En ef þeir skyldu vera fleiri annarsstaðar?). Jeg þekki ekki dæmi þess. Það er sýnilegt, að þessi fjöldi er sú byrði fyrir þjóðfjelagið, að það á erfitt með að rísa undir, og hún dregur úr þrótti þess. Og því meiri hætta er á þessu, þar sem því er haldið fram, að þeir megi helst ekki gefa sig við öðrum störfum, því að það geri þá óhæfa til embættisstarfa. Ef þeir mættu eigi hafa aðra atvinnu en embættið veitir þeim, verða launin að vera hærri en ella.

En jeg er á annari skoðun. Jeg held, að við verðum að búa svo í garðinn, að opinberir starfsmenn vorir geti líka unnið fyrir sjer með öðru starfi jafnhliða, eins og prestarnir hafa gert t. d., sú stjettin, sem mest gagn hefir gert þessu þjóðfjelagi. Þessu verðum við að muna eftir næst. Því að þar að kemur, áður en langt um líður, að þeir, sem nú eru settir hjá, munu kvarta, og erfitt mun verða að daufheyrast þá við þeim kveinstöfum. Í þetta skifti eru póstmenn og símamenn settir hjá og fjöldi annara opinberra starfsmanna, er situr við rýr kjör í samanburði við þá, sem nú fá uppbót.

Jeg skal ekki skifta mjer af fleiri brtt., svo að jeg tefji ekki tímann fyrir þeim, er þær flytja.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að tala margt um þetta launamál að svo stöddu. Mjer sýnist hálfóþarft frá sjónarmiði stjórnarinnar að gera annað en þakka fjárveitinganefnd fyrir meðferð hennar á þessu máli.

Mjer virðist augljóst, að nefndin hafi reynt að skýra málið mjög vel fyrir sjer, á ekki lengri tíma, og komist að þeirri niðurstöðu, eins og hv. frsm. (M_{q} ó.) tók fram í gær, að taka á annan hátt tillit til sanngjarnra krafa embættismanna og á hinn hátt að fara eigi lengra en von væri um að till. hennar næðu fram að ganga.

Jeg skal ekki fara út í það, hvort launakjör embættismanna eru orðin verri en annara starfsmanna, sem vinna í þágu annara. Jeg treysti hv. fjárveitinganefnd til að standa fyrir málinu að því leyti, er til hennar kemur. Till. hennar eru þannig vaxnar, að mjög auðvelt er að verja þær. Þess vegna hygg jeg, að allar brtt., sem fram hafa komið við frv. nefndarinnar, sjeu óþarfar og jafnvel verri en óþarfar. Því að þær breyta því jafnvægi, sem hv. nefnd áleit að yrði að vera í þessu máli. Nefndin hefir reynt að gera ljósa grein fyrir, hvað rjett væri í þessu máli, en brtt. yfirleitt grípa inn í til þess að spilla og rugla grundvelli nefndarinnar.

Jeg vona þess vegna, að þær brtt. nái ekki fram að ganga, sem raska þessu jafnvægi hv. nefndar. Og sjerstaklega vona jeg, að aðalbrtt., brtt. hv. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem fara fram á að reikna ekki þessa uppbót alveg fyrir sig, verði ekki samþyktar, því að þær breyta gersamlega tilgangi nefndarinnar.

Jeg býst líka við, að hv. nefnd muni sýna fram á, að það sje gersamlega rangt að segja, að þeir sjeu margir, sem út undan verði, ef þetta frv. verði samþykt, því þeir eru víst mjög fáir starfsmenn landsins, sem ekki hafa, eða munu fá, beinlínis uppbót á launum sínum, ut-

an dýrtíðaruppbótarinnar. Þeir, sem aðallega koma til mála og ekki eru nefndir hjer, eru símamenn, póstmenn og starfsmenn stjórnarráðsins. Hjer í hv. deild liggja nú frammi till. um endurbætur á launum símamanna, og býst jeg við því, að þær verði samþyktar. Póstmenn fengu nokkra leiðrjetting mála sinna í fyrra, og laun starfsmanna stjórnarráðsins voru ekki fastákveðin. Því var lýst yfir af fjárveitinganefnd í fyrra, að launa þyrfti þeim eftir þörfum, og hafa laun þeirra því nú þegar verið bætt. Jeg hefi því ekki komið auga á, að margar stjettir manna hafi orðið út undan, aðrir en sýslumenn, en jeg geri ráð fyrir, að athugað verði í hv. Ed. um uppbót til sýslumanna.

Þá hefði jeg síður kosið, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skyldi fara að færa fram sem meðmæli með brtt. sinni, að laun lækna myndu hækka, því jeg þykist þess viss, að læknum mun engin þægð vera gerð með því að fá 75 kr. upp á kostnað annara. Þetta verð jeg því að álíta mjög svo vandræðalega vörn hjá hv. þm. (Sv. Ó.).

Þá skal jeg láta þess getið, án þess að fara mikið út í það mál, að jeg hefi oft heyrt því haldið fram, að opinberir starfsmenn þessarar þjóðar væru svo margir, að tiltölulega væru þeir ekki eins margir hjá nokkurri annari þjóð. Í þessu efni held jeg að hv. þm. (Sv. Ó.) fari villur vegar. (Sv. Ó.: Ónei). Mig minnir ekki betur, en að jeg hafi lesið ritgerð eftir lærðan mann í þessum efnum, mann, sem ekki er álitinn að vera sjerstaklega eyðslusamur á fje landsins, þar sem hann var aðræða um þessa gömlu sögu, og í þessari ritgerð minnir mig, að hann hafi sýnt fram á, að tiltölulega væru fleiri opinb. starfsmenn t. d. í Danmörku heldur en hjer, þó ekki væru reiknaðir með embættismenn hers og flota. Þó mig ef til vill rangminni þetta, þá er það að minsta kosti áreiðanlegt, að ef teknir eru allir embættismenn annara þjóða, þá er þessi staðhæfing hv. þm. (Sv. Ó.) ekki rjett. Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta atriði, því jeg hefi ekki ábyggilegar tölur að styðjast við að svo stöddu. Annars þykist jeg ekki þurfa að verja gerðir nefndarinnar, því þær gera það best sjálfar. Jeg hefði kosið að hún hefði getað verið nokkuð ríflegri, en jeg skil, að hún hefir sjeð, að ekki mundi þýða að fara lengra, ef hún vildi gera sjer vonir um, að frv. næði fram að ganga.

Jeg hefi borið fram brtt. á þingskj. 400, og taldi jeg það skyldu mína að koma fram með hana. Þessi brtt. fer fram á það, að dagkaup þingmanna verði hækkað, eins og laun annara starfsmanna landsins hafa verið hækkuð. Jeg tel það sem sje óþarfa feimni, og finst það næstum bera vott um lítilsvirðingu fyrir starfinu, ef þm. álíta, að þeir ættu að hafa minna kaup en óbrotnir verkamenn. Um það skal jeg ekki deila, heldur láta hv. þm. um það, hvort þeim finst sú hækkun, sem farið er fram á í brtt., vera of há. Jeg vissi, að sumum hv. þm. fanst uppbótin vera helst til of mikil, en það verð jeg að segja, að jeg bjóst ekki við, að farið yrði svo langt frá minni tillögu, eins og raun ber vitni um á þingskj. 413, heldur bjóst jeg við, að farinn yrði meðalvegurinn milli mín og þessarar tillögu, og uppbótin yrði ákveðin 40%. Annars legg jeg enga áherslu á %-hæðina, en það vil jeg þó segja, að þar sem á þessum tímum er varla hægt að fá mann til þess að standa fyrir lítils háttar vinnufyrirtæki fyrir minna en 15 kr.

á dag, þá skil jeg ekki, að þm. eigi að vera borgað minna fyrir starfsemina en jeg fer fram á, enda hefi jeg oft heyrt greinda bændur tala um það, að þeir hefðu altaf skaða af þingsetunni. Jeg held ekki, að þm. sjeu ofhaldnir af þessari borgun, þó engin dýrtíð sje, og yfirleitt ættu dagpeningar þm. aldrei að vera minni en 15 kr. Hvort mönnum sýnist, að borga eigi þm., sem búsettir eru í Reykjavík, minna heldur en þm. utan af landi, skal jeg láta ósagt. Jeg hefi heyrt marga þm. utan Reykjavíkur tala um, að þeim sýndist engin ástæða til þess að gera upp á milli þingmanna búsettra hjer eða utan bæjarins. Mjer fyrir mitt leyti finst þó dálítil sanngirni mæla með því, að svo sje gert, og að minsta kosti er ekki eins brýn þörf á að bæta laun þeirra þm., er eiga hjer heimili, og hinna, sem búa utan bæjar. En þó þessi sje nú skoðun mín, þá vildi jeg þó ekki koma með tillögu um annað en að hækkunin gengi jafnt yfir, því jeg hafði heyrt utanbæjarþingmenn segja það, að þeir kynnu ekki vel við, að munur yrði gerður. Jeg mun því ekki mæla neitt á móti brtt. hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), enda legg jeg aðaláhersluna á það, að kaup þeirra þingmanna verði hækkað, sem heima eiga utan Reykjavíkur, því þeir hljóta að verða harðast úti. Jeg vildi gjarnan skjóta því til flutningsmanna brtt. við mína tillögu, hvort þeir gætu ekki sætt sig við að hækka um 40% í stað 30%, því að það mundi jeg fyrir mitt leyti gera mig ánægðan með. Jeg held ekki, að 14 kr. sje of hátt kaup fyrir menn utan af landi, og jeg sje ekki verulega ástæðu til þess að hafa það minna.

Að svo stöddu finn jeg ekki ástæðu til að lengja umr., því þetta mál hefir verið rætt mjög mikið, og munu þingmenn eflaust hafa áttað sig á því, hvernig þeir greiða atkvæði sitt.

Pjetur Ottesen: Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir þegar tekið fram ýmislegt alment um þetta mál, sem jeg hafði ætlað mjer að drepa á, og því get jeg verið stuttorður.

Hæstv. forsætisráðherra hefir, sem vænta mátti, þakkað fjárveitinganefnd fyrir aðgerðir hennar í þessu máli, og þetta er ofur skiljanlegt, því þetta er ávöxturinn af frv. því, sem stjórnin kom þegar fram með á öndverðu þinginu, um hækkun á launum yfirdómaranna, ásamt skrifstofustjórum stjórnarráðsins og hagstofustjórans.

Þetta þarf svo sem engum að koma á óvart, því það var það, sem altaf mátti búast við, eftir því sem á undan var gengið.

Hv. fjárveitinganefnd siglir líka rækilega í kjölfar hæstv. stjórnar, að hækka við þá, sem hæst eru launaðir áður og best standa að vígi með að njóta góðs af bitlingum og aukastörfum, sem nóg er af hjer í Reykjavík, en setja þá alveg hjá, sem lægra eru launaðir, beint eða óbeint. Það er með öðrum orðum, úr því nokkuð var farið að fástvið þetta launahækkunar eða uppbótarmál á þessu aukaþingi, sem jeg hefði helst óskað að ekki hefði verið gert, byrjað á öfugum enda, alveg eins og hjá hæstvirtri stjórn.

Hv. frsm. (M. Ó.) sagði, að fjárveitinganefnd hefði lagt til grundvallar þörf manna fyrir uppbót, ástæður landssjóðs og hvað fram mundi ganga. Hvað fyrsta liðinn snertir, þörf manna, þá held jeg, að nefndin hafi, í öllum aðalatriðum, mistekist hrapallega. Um

hag landssjóðs þarf ekki að fjölyrða. Úrræðin einustu auðvitað þau, að taka lán, meðan lánstraustið hrekkur til, því þó nú sje með nýjum og nýjum álögum verið að pressa út fje, undan blóðugum nöglum alþýðu þessa lands, þá eru lítil líkindi til, að það, sem á þann hátt önglast saman, hrökkvi langt, eins og nú er spilað og útlit alt er með atvinnuvegi landsmanna.

En hvað því viðvíkur, hvað fram muni ganga, þá er ekkert hægt um það að segja; það getur vel verið, að það gangi helst fram, sem ólíklegast er og síst skyldi.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, álít jeg, að nefndinni hafi mjög mistekist í þessu máli, úr því hún fór að koma fram með nokkrar tillögur, sem jeg hefði helst óskað að hún hefði ekki gert, nema um læknana, sem nokkurn veginn var vissa fyrir að deildin vildi sinna, og það einmitt á þann hátt, sem nefndin leggur til í þessu frv. Eins og jeg hefi þegar tekið fram, get jeg engan veginn sætt mig við þetta frv., og vil jeg benda á nokkur dæmi, sem sýna ósamræmið og þau rangindi, sem hinir lægra launuðu embættis- og sýslunarmenn eru beittir.

Áður en jeg geng lengra inn á frv. skal jeg fyrst minnast á breytingartillögu mína á þgskj. 405, við 3. gr. frumvarpsins, um það að færa hækkunina á launum dómstjóra úr 1200 kr. niður í 700 kr. og meðdómendalaun í yfirrjettinum úr 1000 kr. niður í 700 kr. Hv. frsm. (M. Ó.) sagði, að þessi upphæð, sem hjer væri um að ræða, væri svo lítil, að það tæki því naumast að vera að tala um það, en jeg vildi leyfa mjer að benda honum á, að margt smátt gerir eitt stórt, og til að sanna honum þetta, sem reyndar ætti ekki að vera þörf, má benda honum á, að þessar 500 kr. hækkanir, sem frv. gerir ráð fyrir að bætt verði við þá, sem þar eru tilnefndir og fundið hafa náð fyrir augum nefndarinnar, nema nú þegar um 60,000 kr.

Hv. frsm. (M. Ó.) vildi fóðra það, að hækkunin til þessara manna væri svona há vegna þess, að það væru svo miklar virðingastöður, sem þeir gegndu. Jú, svo er nú það, og mjer dettur ekki í hug að hafa á móti því, að það sjeu virðingarstöður, sem þeir skipa, en þrátt fyrir það verð jeg að álíta, að hvorki háyfirdómarar eða t. d. biskup landsins eða hverjir sem eru sjeu meiri virðingarmenn en hverjir aðrir borgarar þjóðfjelagsins, sem leysa starf sitt vel og trúlega af hendi, og því finst mjer, að slíkt hjegómatildur og yfir höfuð alt manngreinarálit í þessum skilningi ætti að vera með öllu útilokað og ætti alls ekki að heyrast hjer í þessum sal.

Þá vil jeg með nokkrum orðum minnast á 7. gr. frv. Þar eru meðal annara, sem uppbót eiga að fá, taldir upp skólastjórarnir við landsskólana. Þessir menn eiga að fá alveg sömu upphæð og fastir kennarar og aukakennarar við þessa sömu skóla, sem fyrst og fremst hafa miklu lægri laun og engin fríðindi. En auk föstu launanna hafa skólastjórarnir við þessa skóla frían bústað, ljós og hita, og eru slík þægindi ekki lítils virði á þessum tímum. T. d. mætti sennilega reikna laun rektors mentaskólans með öllu og öllu fullar 7000 kr., en hinna nokkuð minna. En þetta misrjetti er auðvitað bygt á þessum virðingarstöðum, sem eru svo ofarlega í hálsi sumra hv. þm., þó einkum hv. frsm. (M. Ó.). En ef svo væri nú, þá verð jeg að álíta, að nefndin hafi ekki haft neina ástæðu til þess að setja biskupinn skör lægra heldur en t. d. háyfirdómarann,

því eftir þessum mælikvarða nefndarinnar get jeg ekki sjeð annað en að þeir hefðu átt að vera jafnir að minsta kosti. Jeg vil ekki segja með þessum orðum, að biskupsembættið sje, frá mínu sjónarmiði, svo ýkja þarflegt, því í raun og veru fæ jeg ekki sjeð, að þessi biskupsstaða sje til svo mikils gagns, að guðs kristni hjer á landi væri nein hætta búin, þó það embætti hefði verið sameinað öðru embætti, eins og komið hefir til tals hjer á þingi áður.

Annars vil jeg lýsa yfir því, að úr því farið var að ganga inn á þetta launamál, þá hefði heldur átt að gera það á sama grundvelli og í fyrra, kann ske með frekari undantekningum en þá var, eða með öðrum orðum með því að veita þeim mönnum hækkun á dýrtíðaruppbótinni, sem lægst eru launaðir, og eiga við erfiðust kjör að búa, en alls ekki að fara þá leið, sem hjer er farin. En það mun auðvitað ekki reynast auðvelt að kippa í liðinn úr því sem komið er, en þess geng jeg ekki dulinn, að þó þetta frv. nái fram að ganga, þá muni sumir hverjir, sem ljá því atkvæði sitt, ekki gera það með ljúfu geði. En jeg mun, hvað sem öðrum líður, greiða atkvæði á móti því.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um frv. að svo komnu, þó benda mætti á margt svipað þessu, en jeg vil taka það fram, í sambandi við þetta frv., að mjer þótti framsetning hv. frsm. (M. Ó.) í gær nokkuð hranaleg, og verð jeg að segja, að jeg tel það mjög illa viðeigandi að bera þm. á brýn lævísi og ódrengskap, þó þeir komi fram með brtt., en þetta ljet hv. frsm. (M. Ó.) sjer sæma að bera hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á brýn. Eða lítur hv. frsm. (M. Ó.) ef til vill svo á, að enginn hafi tillögurjett í þeim málum, sem hann hefir framsögu í?

Þá vil jeg leyfa mjer að minnast á till. á þgskj. 400, frá dóms- og kirkjumálaráðherra. Annars hefir sá hæstv. ráðherra hingað til gengið undir nafninu forsætisráðherra hjer á þingi, og veit jeg ekki, hvað veldur breytingunni á titlinum, nema ef það á að skína út úr þessu einhver kirkjulegur kærleikur til þm. Nú jæja, það er nú svo margt undarlegt sem skeður. Það er nú líka dálítið undarlegt, að vera að klastra þessari fjárveitingu inn í þetta frv. En það er eins og þessari þingfararkaupsuppbót sje alstaðar ofaukið, — og það er henni nú í raun og veru.

Á síðasta þingi þótti nú ekki ómaksins vert að bera þetta undir þingið opinberlega, heldur ákváðu forsetarnir að greiða mönnum þingfararkaupsuppbótina, og menn vissu því ekki, sumir hverjir, fyr en þessi uppbót var rjett að þeim. Þá var alt, sem að þessu laut, gert í pukri. Sú aðferð var auðvitað allsendis óþingleg, þar sem þingfararkaup er ákveðið með lögum. Sú leið hefir heldur ekki talist fær aftur. En í staðinn hefir þessi leið verið valin, og er það því ætlun dóms- og kirkjumálaráðherrans að kuðla þessari útborgun inn í þetta frv. Eftir því, sem jeg hefi haft spurnir af, mun það hafa upphaflega verið tilætlun þessa hæstv. ráðherra að koma því yfir á fjárveitinganefnd að flytja frv. eða till. um þingfararkaupshækkunina. En fjárveitinganefnd mun hafa þakkað fyrir gott boð, og neitað því. En jeg veit nú ekki, hvernig hv. fjárveitinganefnd tekur því, að láta barna sitt frv. með þessum viðauka, og nú heyrðist mjer á hv. frsm. (M. Ó.), að skoðanir nefndarmanna væru skiftar um það. Sje hún sjálfri sjer samkvæm, vill hún auðvitað ekkert hafa með þetta að gera. Hvað þessa þingfararkaupshækkun

snertir, þá er mín skoðun sú, að þm. eigi í lengstu lög að komast hjá því að hækka kaup sitt. Dagkaup þm. var þá ekki heldur svo skorið við neglur sjer, þar sem það er 10 kr. á dag, en vitanlega kemur dýrtíðin niður á þeim eins og öðrum.

Þing og stjórn hefðu átt, á þessum voðalega erfiðu tímum, að ganga á undan með góðu eftirdæmi fyrir einstaklinga þjóðfjelagsins í því að fara vel og hyggilega með fje landsins og halda því til sparnaðar og reyna að komast hjá því í lengstu lög að stofna sjálfstæði landsins í voða með því að rígbinda það á skuldaklafann. En því miður verður það alls ekki sagt, að það hafi verið gert. Þvert á móti hafa fjárveitingar — og það margt óþarfar fjárveitingar — aldrei verið eins stjórnlausar eins og einmitt á þessum síðustu og verstu tímum. Um hæstv. stjórn er það alkunnugt, að hún kann sjer, vægast sagt, miðlungi vel hóf í fjárveitingum.

Till. þessi fer fram á, að 50% verði goldnar af þingfararkaupi, en þó sýnist mjer, að hæstv. stjórn hefði getað látið sjer nægja með 40%, svo að það væri í samræmi við þá uppbót, er hæst er greidd til embættismanna. En nú virðist hugsað um það eitt, að safna skuldum á skuldir ofan, og jeg held, að trúin á skuldirnar sje að verða æðsta og helsta boðorðið.

Nú hefir þingið staðið í fullar 11 vikur, og hvað langt er liðið á þingtímann, ja, það veit jeg ekki, en það veit jeg, að það þarf ekki að standa lengi enn til þess, að kosnaðurinn við það, þegar öll kurl koma til grafar, fari fram úr 150 þús. kr. Um það hefi jeg aflað mjer ábyggilegra upplýsinga. Mjer er það fullljóst, að með þinghaldi nú er að vissu leyti stefnt að ákveðnu og mjög mikilsverðu takmarki. En því takmarki var alveg eins hægt að ná með að minsta kosti helmingi styttri þingsetu og vinna margt að auki. — Jeg skal svo ekki fara lengra út í þá sálma, enda hefir áður verið á það minst. Jeg greiði hiklaust atkv. móti þessari brtt., og það þótt hún sje frá hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra. Um aðrar brtt. skal jeg ekki fjölyrða, og mun jeg sýna með atkv. mínu, hvernig jeg lít á þær.

Sigurður Stefánsson Jeg á hjer brtt., á þgskj. 406, við brtt. hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra, á þgskj. 400. Fer sú brtt. mín fram á, að þingmenn utan Reykjavíkur verði einir aðnjótandi dýrtíðaruppbótarinnar, 50%, sem brtt. hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra vill veita öllum þm. Jeg skal fúslega játa það, sje litið til tímanna, sem yfir standa, að kaup þingmanna ætti ef til vill að vera töluvert hærra en það er, eftir lögum þeim, sem nú gilda. En af ástæðum, sem jeg nú skal drepa á, finst mjer það fullmikil einurð af hæstv. forsætisráðherra að fara fram á, að þingfararkaup verði hækkað um 50%.

Í sambandi við þessa till. og þetta mál, sem fyrir liggur, vildi jeg leyfa mjer að benda á það, að þessi uppbót hefði komið flestum þm. að miklu betri notum í annari mynd. Jeg hefi áður vakið máls á því á þessu þingi, að það hafi að ófyrirsynju verið kallað alt of snemma saman. Það hefði getað unnið eins vel og getað afkastað jafnmiklu á 6 vikum eins og það nú er búið að gera á nærfelt 12 vikum, sem það er búið að sitja. Jeg geng ekki gruflandi að því, að langmestur hluti landsmanna muni líta á það sömu augum og jeg. Þetta verður auðvitað langdýrasta þingið, sem háð hefir verið á þessu landi. En við því er ekkert

að segja, ef árangurinn af starfi þess yrði í einhverju hlutfalli við kostnaðinn, en þess er nú ekki að vænta. Og mjer dettur ekki í hug að gefa þingmönnum það að sök, þó afrek þingsins verði litilfjörleg. Það er hreint og beint stjórninni að kenna og samvinnuleysi hennar við þingið.

Þegar það varð fyrir sjeð, fyrir 5—6 vikum, að erindi það, sem okkur var stefnt saman til að reka, mundi ekki geta komið á dagskrá fyr en reynd er á orðin, —og jeg spáði því þá strax, að það mundi alls ekki geta orðið fyr, — þá fóru nokkrir þm. þess á leit við stjórnina, hvort ekki væri rjettast, að við, sem heima eigum úti um landið og fórum frá heimilum okkar óráðstöfuðum, fengjum að skreppa heim í bili, meðan ekkert yrði að gert í þinginu í sambandsmálinu. Hæstv. stjórn tók nú svo í þessar málaleitanir, sem kunnugt er, að hún synjaði okkur heimfararleyfis, enda þótt jeg hafi það fyrir satt, að frestunartill. væri í fyrstu frá henni komin. Hvort stjórnin hafi verið einráð um þessa synjun skal jeg láta ósagt. En hafi hún felt þennan úrskurð með ráði og samþykki einhverra þingmanna, þá hafa það tæplega verið þingmenn utan af landi, heldur miklu fremur einhverjir þeirra, sem heima eiga hjer í Reykjavík.

Jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að ef sá vegur hefði verið farinn, þá hefði engum þm. utan af landi dottið í hug að fara fram á dýrtíðaruppbót. Þessi till. er því beinlínis afleiðing þess, að stjórnin hafði hvorki vit nje vilja til að verða við rjettmætum kröfum þingmanna utan Reykjavíkur. Þó þingmönnum verði nú borguð 50% af þingfararkaupi sínu í dýrtíðaruppbót, þá fer samt ekki hjá því, að flestir þeirra bíði fjárhagslegt tjón af þingsetunni. Sú dýrtíðaruppbót, að fresta þingi og veita þingmönnum heimfararleyfi um hríð, hefði komið sjer margfalt betur fyrir þá heldur en þetta, sem virðist vera gert til þess að reyna að blíðka þá fyrir þá óbilgirni, sem þeim var sýnd með synjun þingfrestunarinnar, Jeg veit það með vissu, að stjórnin, — þegar hún hefir hugsað um þetta mál til hlítar, þá sjer hún, hvílíkt glapræði hún hefir framið með því að láta ekki verða af þingfrestuninni. Ef sá kostur hefði verið upp tekinn, þá hefði sú útgjaldabyrði, sem þingið hefir bakað landssjóði, orðið svo hundruðum þúsunda kr. skiftir minni, en nú hefir orðið, þegar því var nauðgað til að vera hjer samankomnu í marga mánuði við lítil störf. Hefði þinginu verið frestað, þá hefði ekki verið dembt á landssjóðinn þeim útgjöldum, sem þessi langa þingseta hefir bakað honum. Og jeg þori að segja, að flestar af þeim fjárveitingum, sem hjer hafa verið samþyktar, hefðu vel mátt bíða næsta reglulegs fjárlagaþings, án þess að landinu hefði stafað nokkur hætta eða tjón af. Það er því nokkurn veginn víst, að þessi 3—4 mánaða seta þingsins að þessu sinni verður hvorki fyr nje síðar talin með því, sem hyggilega hafi verið ráðið í þjóðarbúskapnum. Og þó þessi 50% dýrtíðaruppbót verði samþykt, þá verð jeg að segja, að hún verður ekki til að blíðka mig, eða til þess að dylja fyrir mjer þau skakkaföll og þau afglöp, sem vart hefir orðið í fari stjórnarinnar og lítillega hefir verið minst á hjer í deildinni áður.

Jeg mun sýna það með atkv. mínu, hvað mjer sýnist um þessa hækkun þingfararkaups yfirleitt, og skal jeg ekki fara frekari orðum um það. En

jeg ætla þá að snúa mjer að brtt. minni á þingskj. 406. — Þegar litið er á afstöðu þeirra þingmanna, sem heima eiga í Reykjavík, og hinna, sem þing sækja utan af landi, þá vildi jeg miklu heldur vera þingmaður kauplaust sem Reykvíkingur heldur en sem þingmaður utan af landi fyrir 10 kr. á dag. En ekki er nú samt farið fram á þetta í minni tillögu, heldur einungis fram á það, hvort hv. þingmönnum gæti ekki virst tilhlýðilegt, að Reykvíkingar fengju ekki að þessu sinni neina dýrtíðaruppbót. Það verður fjótt ljóst hverjum, sem um það hugsar, að munurinn á aðstöðunni er æðimikill. Þingmenn úr Reykjavík þurfa engu, eða því nær engu, að slökkva niður af sinni atvinnu eða þeim störfum, sem þeir hafa á hendi. En þeir, sem utan af landinu koma, verða að slökkva niður allri sinni vinnu, bæði stjórn búa sinna og öllum störfum, sem þeir kunna að hafa á hendi. Þetta eitt er svo mikilvægt, að ekki ætti að þurfa að leiða fleiri rök til þess, að liggja mætti í augum uppi, að ekki er rjettmætt, að dýrtíðaruppbótin sje jöfn hjá öllum þingmönnum.

Mjer dettur alls ekki í hug að bera þingmönnum, sem heima eiga í Reykjavík, það á brýn, að þeir sjeu ekki eins nýtir og duglegir eins og hinir. Það er auðvitað upp og niður og alveg eins á báða bóga. Sumir þeirra þingmanna, sem hjer eiga heima, eru að allra dómi mestu nytsemdar- og dugnaðarmenn; um aðra getur aftur á móti orkað tvímælis, eins og gengur og gerist. Að sjálfsögðu má segja alveg það sama um þá, sem utan af landinu eru komnir. Það verður því alls ekki gert upp á milli þingmanna í því efni. En jeg vil ndurtaka það, sem jeg vjek að áðan, að hafi það verið nokkrum af þingmönnum að kenna, að við þingmenn utan af landinu fengum ekki bestu dýrtíðaruppbótina, sem við gátum fengið, þingfrestunina, þá munu þeir fremur hafa verið úr flokki Reykjavíkurþingmanna en úr flokki hinna aðkomnu.

Jeg verð að álíta, eins og bæði jeg og aðrir hjer í deildinni hafa svo oft drepið á, að eins og fjárhag landssjóðs er nú komið, sje öllum þingmönnum skylt að reyna til að stuðla að því, að útgjöld landssjóðs verði sem minst að auðið er. Það getur nú að vísu verið fallegt að vera altaf með sparnaðinn á vörunum, — eins og jeg hefi fengið orð fyrir að gera fullmikið að, en jeg skammast mín ekkert fyrir það, heldur tel mig mann að meiri — en það er betra að sýna hann þá í verkinu við og við, ekki síst í því, að vera ekki sem harðastur í fjárkröfunum sjálfum sjer til handa.

Jeg skal nú ekki fara frekar út í þá sálma. En jeg álít, að nóg sje að gert, þó ekki sje gengið lengra með þessa dýrtíðaruppbót en gert var á síðasta þingi. Og jeg verð að lofa það, að uppbótina á nú ekki að veita með sama laumuspilinu og þá var gert. Sannast að segja finst mjer það eiga best við að koma hreint til dyranna, eins í þessu máli og öðrum.

Um mig get jeg sagt það, að jeg er í raun og veru hlyntur hækkun á dagkaupi þingmanna. En þegar jeg lít til þess, að enginn starfsmaður landssjóðs fær hærra en 40% dýrtíðaruppbót, þá finst mjer ekki ástæða til að setja oss þingmenn hærra en þá. Þeir vinna í þarfir landsins alt árið, en við sitjum hjer að eins tíma úr árinu, og að þessu sinni sitjum vjer hjer til lítils gagns og í lítilli þökk þjóðarinnar. — Mjer fynd-

ist hæfilegt, fyrst farið er að gera nokkra samþykt um dýrtíðaruppbót þingmanna, að ekki sje farið upp úr 40%, sem er hámark dýrtíðaruppbótar hjá öðrum starfsmönnum landssjóðs. Mjer þykir síst ástæða til fyrir þingmenn að færa sig lengra upp á skaftið á þessum tímum, þegar landssjóður þarf allra sinna muna með, og ótal útgjöld hlaðast á hann úr öllum áttum.

Jeg skal ekki að neinu leyti fara að verja fjárveitinganefnd, fyrir þeim aðköstum, sem til hennar er beint. Hv. frsm. (M. Ó.) hefir skýrt hennar málstað og mun halda uppi vörnum fyrir hana. Jeg var töluvert efablandinn um það í nefndinni, hvað ætti að gera í þessu efni. Mjer duldist það ekki, að eitthvað varð að gera til að bæta úr fyrir embættismönnunum, og mjer er það ljóst, að mikið meira hefði þurft að gera, hefði vel átt að vera. En hitt er mjer líka ljóst, að það eru ekki einungis þeir menn, sem nefndir eru í frv., sem þarf að bæta upp launin, heldur töluvert fleiri. Þess er að vænta, að sama verði að ganga yfir alla embættismenn, því það er mikill vandi fyrir þingið að „sortera" suma úr og skilja þá eftir.

Jeg get lýst yfir því, áður en jeg lýk máli mínu, að jeg ætla við atkvgr. að vera á móti allri hækkun til þingmanna. Ekki fyrir það, að mjer þyki kaup þingmanna nógu hátt, heldur af hinu, að mjer finst við illa geta aukið við það syndaregistur, með kauphækkun til sjálfra vor, sem við berum fram fyrir þjóðina að loknu þessu þingi.

Einar Arnórsson: Mig langaði til að gera nokkrar athugasemdir við frv. á þingskj. 391, sem nú liggur fyrir til umræðu. Við höfðum nokkrar greinar af því til meðferðar í allsherjarnefnd fyr á þinginu. Það var frv. til laga um hækkun á launum yfirdómendanna, skrifstofustjóranna og hagstofustjórans. Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, og var því að lokum vísað til fjárveitinganefndar, eins og öðrum málum um launahækkun, sem komið höfðu fyrir deildina. Það kom til umræðu í allsherjarnefndinni, hvort ekki væri hægt að bæta úr brýnustu þörf embættismannanna með hækkaðri dýrtíðaruppbót. Mjer kemur það því á óvart, þegar einn af meðnefndarmönnum mínum, hv. þm. Borgf. (P. O.), lýsir nú yfir því, að hann vildi fara þá leið, fyrst hvorki hann nje aðrir nefndarmenn vildu við henni líta þegar hún kom til umræðu í nefndinni. (**P. O.:** Fyrst eitthvað á endilega að gera í þessum málum, þá vildi jeg heldur þá leiðina, með vissum takmörkunum, heldur en launahækkun, en helst vildi jeg, að ekkert hefði verið við það átt). — Það kemur auðvitað ekki til tals að fullnægja þeim rjettlætiskröfum, sem embættismenn landsins þurfa að gera, þegar litið er til tímanna. Það má með sanni segja, að landið borgi starfsmönnum sínum með sviknum gjaldeyri. Við skulum t. d. líta á laun embættismanns, sem hefir 3000 kr. Hvers virði voru þau eftir verðlagi peninga árið 1875? Þó við förum ekki lengra en að árinu 1900, eru 3000 kr. nú ekki meira virði en 800—900 kr. þá. Þegar á þetta er litið, er það augljóst, að landið borgar sínum mönnum með sviknum gjaldeyri. Bæði aukaþingið 1916—1917 og þingið 1917 hafa gert þá játningu, að peningarnir sjeu ekki eins mikils virði og þegar launin voru ákveðin, með því að setja lög um dýrtíðaruppbót til embættismanna. Jeg

hefi altaf litið svo á, að ekki ætti að skoða þessa dýrtíðaruppbót sem styrk, heldur sem lögmæta uppbót fyrir unnið verk, sem nú er vanborgað í samanburði við það, sem fyrir það var greitt fyrir nokkrum árum.

Þetta frv. fer fram á ofurlitla bót á kjörum embættismanna, en fullnægir ekki nándarnærri rjettmætum kröfum þeirra. Annað mál er það, þó að mönnum finnist, að starfsmenn landssjóðs eigi að taka einhvern þátt í dýrtíðinni, með því að gefa eftir nokkuð af rjettmætum launum sínum, sem þeir geta gert kröfu til — það getur mælt nokkur sanngirni með því. En það gera þeir fyllilega, þó að þetta spor sje stigið, sem frv. fer fram á.

Þegar jeg lít yfir frv., sakna jeg nokkurra starfsmanna, sem þar ættu vitanlega að standa. Er þar fyrst að nefna undirbókaverðina við landsbókasafnið og þjóðskjalasafnið. Þá eru dýralæknarnir ekki nefndir, og veit jeg ekki, hvort það er með vilja gert. Póstmeistara hefir einnig verið slept. Vonandi getur nefndin gefið skýringar á því, hvers vegna þessir menn eru ekki teknir með. Hún hefir fært ástæður fyrir því, hvers vegna sýslumönnum og prestum er ekki ætluð nein hækkun. Skal jeg ekkert um þær ástæður segja; þær geta verið góðar og gildar, þó að hins vegar sje ekki ólíklegt, að eitthvað megi við þær athuga.

Svo gætu líklega verið fleiri starfsmenn, sem ástæða væri til að taka upp í frv. Jeg sje ekki heldur símastjórann. Ef til vill þykir hann vera svo hátt launaður, að ekki sje þörf á að hækka laun hans. Eða er ástæðan til þess, að honum er slept, ef til vill sú, að komin er fram tillaga til þingsályktunar um hækkun á launum handa símamönnum, og að nefndin ætlist til, að hann fái launauppbót af þeirri upphæð. En það getur ekki verið ætlun nefndarinnar að brjóta lögin um ritsíma og talsíma með þingsályktun. Landssímastjórinn hefir lögákveðin laun, og þeim verður ekki breytt nema með lögum. Einnig er svo að orði komist í till., að launauppbót símamanna eigi að útbýta eftir tillögum landssímastjóra. Nú er það ekki venja, að menn útbýti sjálfum sjer launum eftir sínum eigin tillögum. — Jeg álít ekki ósanngjarnt, að þessi maður fái einhverja hækkun, þó hann sje með hærra launuðum mönnum hjer á landi. En það er rjett að veita honum hækkun með lagafrv., en ekki með þingsályktunartill.

Ýmislegt fleira er athugavert við frv. Jeg álít, að það sje rjettilega athugað hjá hv. þm. Borgf. (P. O.), er hann nefndi til menn, sem hafa auk launa sinna ókeypis húsnæði, ljós og hita. Sje það metið í peningum, sem þessi hlunnindi gefa á þessum tímum, þá verða þeir menn hæst launaðir allra embættismanna. — Þá eru og nokkrir gallar á frv., sem nefndin hefir sjeð og komið með brtt. við, eins og t. d. orðalagið á síðustu greininni. En það er nú leiðrjett með brtt. hv. þm. Stranda. (M. P.).

Þá eru og komnar fram nokkrar brtt. við frv. Þær, sem skifta mestu máli, eru brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Það virðist vaka fyrir honum að koma meiri jöfnuði á launakjör embættismanna með till. sínum. Hann vill, að dýrtíðaruppbótin sje reiknuð af föstum launum embættismannanna, að viðbættri þeirri upphæð, sem frv. fer fram á. Hv. þm. (Sv. Ó.) heldur, að meiri jöfnuður verði á launununum með því. Þeir, sem hafi

lægri launin, verði betur settir en eftir frv. nefndarinnar, en hinir þá að líkindum eitthvað ver settir. Jeg held nú, að þetta byggist að nokkru leyti á misskilningi hjá hv. þm. (Sv. Ó.). Það þarf ekki annað en ganga í gegnum einstaka liði í frv., í samanburði við brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Læknarnir fengju að vísu nokkru hærri dýrtíðaruppbót en þeir hafa nú. Nú hafa þeir 1500 kr. laun og fá af þeim 40% dýrtíðaruppbót, eða 600 kr. Eftir till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fá þeir dýrtíðaruppbót af 2000 kr., sem er 675 kr., svo að læknarnir græða þá 75 kr., ef till. verða samþyktar, það er að segja ef þeir eru fjölskyldumenn. Einhleypir læknar græða töluvert minna.

Það voru aðallega lægra launuðu mennirnir, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) virtist bera fyrir brjósti. Næstir læknunum koma aukakennararnir við mentaskólann. Það skiftir nú litlu máli með annan, því að hann er ógiftur, svo að það er þá að eins hinn.

Ef till. nefndarinnar yrðu samþyktar, fengi sá maður fyrst 2000 kr., sem áskildar eru í gildandi fjárlögum, auk þess dýrtíðaruppbót af þeirri upphæð, sem er 675 kr., og 500 kr. launaviðbót eftir þessum lögum, eða alls 3175 kr., auk uppbótar þeirrar, sem hann fengi ef hann ætti börn á ómagaaldri. En eftir till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fengi hann 2500 kr. í laun og dýrtíðaruppbót af þeirri upphæð, kr. 677,50, eða alls kr. 3177,50. Þá myndi þessi kennari og þeir, sem líkt stendur á um, græða 2 kr. 50 au. á till. hv. þm. (Sv. Ó.). Það er mjög virðingarverð viðleitni að gera þeim rjett, er fyrir órjetti hafa orðið áður, og kr. 2,50 er þó altaf alt að því 5 mjólkurpotta virði nú í dýrtíðinni.

Þá skal jeg taka til dæmis mann, er hefir 3000 kr. laun, svo sem prófessor með byrjunarlaunum. Afstaða hans yrði þannig, að eftir till. nefndarinnar fengi hann 3000 kr. + 637,50 kr. dýrtíðaruppbót + 500 kr. launaviðbót, eða alls kr. 4137,50. Eftir till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fengi hann 3500 kr. + 525 kr. dýrtíðaruppbót, eða alls kr. 4025. Hann tapaði þá kr. 112,50 á till. hv. þm. (Sv. Ó.).

Kem jeg þá að launum yfirdómara. Ef till. nefndarinnar yrðu samþyktar, yrði hlutskifti yfirdómara þannig, að hann fengi 3500 kr. + 525 kr. dýrtíðaruppbót + 1000 kr. eftir frv. þessu, eða samtals 5025 kr. En ef brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) næðu fram að ganga, fengi hann 4500 kr. + kr. 112,50 dýrtíðaruppbót af þeim launum, eða samtals kr. 4612,50. Þá myndi hann tapa á till. hv. þm. (Sv. Ó.) kr. 413,50. En þar með er auðvitað ekki talið, að verið getur, að hann eigi börn á ómagaaldri, og myndi hann þá tapa 70 kr. uppbót fyrir hvert barn. Uppbót fyrir þau er sem sje bundin við, að menn hafi ekki 4000 kr. eða meira í árslaun.

Víst er um, að skrifstofustjórar myndu tapa tiltölulega meiru, ef brtt. hv. þm. (Sv. Ó.) næðu samþykki. Eftir tillögum nefndarinnar fengju þeir alls 4525 kr., að viðbættri uppbót fyrir börn sín, en eftir till. hv. þm. (Sv. Ó.) kr. 4350,00. Mismunurinn yrði því 175 kr., að því viðbættu, er þeir af þeim kynnu að missa, er ættu börn undir 14 ára aldri. Hjá einum er mjer kunnugt um, að sá styrkur nemur 210 kr., og myndi hann þá tapa 385 kr. á till. hv. þm. (Sv. Ó.).

Því víkur þá svo við, að þeir, sem lægst eru launaðir, græða ofurlítið á till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.); læknar græða t. d. 75 kr. á ári. Þeir, sem hafa 2000 kr. laun, en í þeim flokki mun að eins

vera einn aukakennari, græða kr. 2,50. Hinir allir, sem þar eru fyrir ofan, tapa á till. hv. þm. (Sv. Ó.). Sá, er nú hefir 3000 kr. laun, tapar kr. 112,50, sá, sem hefir 2800 kr. laun, tapar kr. 87,50 o. s. frv. En auðvitað verður tapið lægra eftir því, sem tekjurnar lækka, þar til launin verða svo lág, að menn græða á brtt. hv. þm. (Sv. Ó.), eins og áður er getið; sá, sem hefir 2000 kr. laun, græðir kr. 2,50, og sá, sem hefir 1500 kr. laun, græðir 75 kr. Það er því vafamál, hvort ekki muni það rjett, er hv. frsm. (M. Ó.) sagði, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tæki það með annari hendinni, er hann gæfi með hinni. Hann gefur læknum 75 kr. árlega, en sparar aftur miklu meira við aðra. Auðvitað má segja, að altaf sje virðingarvert að spara sem mest fyrir landssjóð.

Það gæti í fljótu bragði litið svo út, sem till. hv. þm. (Sv. Ó.) væru hagkvæmari í garð embættismanna. Ekki er víst, að allir átti sig á því, að uppbótin lækkar eftir því, sem launin verða hærri, uns hún hverfur alveg, og styrkurinn fyrir börn á ómagaaldri hverfur þegar launin nema 4000 kr. Ástæðan, sem liggur til þess, að menn greiði brtt. hv. þm. (Sv. Ó.) atkv., getur þess vegna ekki verið sú, að þeir vilji hjálpa læknum og bæta kjör þeirra, því að læknar græða harla lítið á þeim till. Nei, þeir hljóta að álíta, að till. fjárveitinganefndar sjeu of háar. Og þá væri miklu hreinlegra að fella suma menn alveg í burtu eða bera fram till. um það, að þessi uppbót verði lækkuð, t. d. niður í 200 eða 300 kr. Það hefði verið einstaklega hreint og auðvelt fyrir menn að átta sig á því.

Þá er umtalsverð ein till., er gengur í sömu átt sem till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Það er brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.), á þgskj. 405, um laun yfirdómara. Þessi hv. þm. (P. O.) vill láta dómstjóra fá 700 kr. viðbót og spara með því 500 kr. á ári, og á hvorum yfirdómaranna um sig vill hann spara 300 kr. árlega. Þessi sparnaður myndi nema 1100 kr. á ári. Það er í sjálfu sjer virðingarverð viðleitni, en þeim, sem vilja spara sem mest, vil jeg ráða til að sameina þessa till. hv. þm. Borgf. (P. O.) við till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Þá fengju menn mestan sparnað. Með því móti hefðu yfirdómarar að eins 4200 kr. í föst laun, þá sparaðist styrkur til barna þeirra, ef þeir ættu nokkur, og í annan stað yrði dýrtíðaruppbótin lægri. Það er því hið mesta snjallræði í sparnaðaráttina að sameina þessar tvær till. **(Sv. ó.:** Hugsast gæti, að báðar till. yrðu samþyktar). Það er rjett, en vel gæti svo farið, að till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) yrðu samþyktar, en till. hv. þm. Borgf. (P. O.) feld. Því vildi jeg ráða hv. þm. til að sameina till., til þess að komast sem ljettast út úr þessu. Ef báðar till. yrðu samþyktar, yrðu laun yfirdómara 3500 + 700 kr., eða 4200 kr., að viðbættri dýrtíðaruppbót af þeim launum, kr. 262,50, eða samtals kr. 4462,50. En eftir till. nefndarinnar fengju yfirdómararnir 5025 kr. Mismunurinn yrði þá kr. 262,50, eða samtals kr. 4462,50. En 1100 kr. sparnaður á báðum yfirdómurunum, auk þess sem ómagauppbótin sparaðist. Ef menn álíta því yfirdómarana of vel setta með till. nefndarinnar, þá er hægurinn hjá að samþykkja þessar till. og spara kr. 552,50 árlega á hvorum um sig.

Jeg þarf líklega ekki að benda á, hver laun yfirdómara hjer eru, í samanburði við laun yfirdómara í nágrannalöndunum, t. d. Danmörku og Noregi. Það mun víst flestum hv. þm.

kunnugt. Þó get jeg greint hjer nokkrar tölur til samanburðar. Í yfirdóminum í Kristianíu hefir dómstjóri 8000 kr. laun og yfirdómarar 7000 kr. Í Danmörku hafa dómstjórar 6000 kr. að byrjunarlaunum, og hækka þau upp í 7200 kr. Auk þess fá þeir 25% hækkun af byrjunarlaunum sínum, eftir lögum frá 1909, og verða þá hæstu laun dómstjóra þar 8800 kr., en lægstu laun 6000 kr. Yfirdómarar í Danmörku byrja að vísu með lágum launum. Byrjunarlaun þeirra eru 3200 kr., en þeir fá strax 25% uppbót af þeim, eða 4000 kr. byrjunarlaun. Eftir 12 ár hafa þeir 4800 kr. laun, að viðbættum 25%, eða 6000 kr., sem eru hæstu laun þeirra.

Ekki þarf heldur að minna á í þessu sambandi, að landsyfirdómurinn hjer er í raun rjettri hæstirjettur hjer á landi. Það eru að eins nauðafá mál, sem áfrýjað er til Danmerkur, venjulega um 6—7% af þeim málum, sem landsyfirdómur dæmir. Um það hefir verið rætt, að dómararnir í landsyfirdóminum þurfi að vera sem allra óháðastir og með öllu lausir við önnur störf. Og skamt er á að minnast, að með stjórnarskrárbreytingu þeirri, er samþykt var 1913 og 1914, var kjörgengi tekið af þessari stjett manna. (P. O.: Ekki af þessum dómendum, er nú sitja). Það er rjett, sem hv. þm. Borgf. (P. O.) tekur fram. Kjörgengi er ekki tekið af þessum mönnum persónulega, enda höfðu þeir veitingu fyrir embættum sínum áður en stjórnarskrárbreytingin var samþykt. En myndi það ekki litið óhýru auga, ef þessir menn tækju að fást við stjórnmál og byðu sig fram til þings? Jeg efast ekki um, að flestir myndu svara því játandi.

Þá vildi jeg drepa á þriðja atriðið í sambandi við yfirdóminn. Við viljum fá æðsta dómstólinn inn í landið, ekki einungis að efni til, heldur og að forminu til. Við höfum lengi unað því illa, að danskur dómstóll, danskir menn, skuli hafa æðsta dómsvald í íslenskum málum, án þess að trygging sje fyrir því, að þeir dæmi eftir íslenskum lögum. Dómarar í hæstarjetti Danmerkur eru auðvitað ágætismenn, en íslenskum lögum og íslenskum högum eru þeir eigi kunnugir. Menn munu nú ef til vill segja, að það skifti engu máli, en sú mótbára liggur þó allnærri, hvernig við ættum að geta launað hæstarjetti, fyrst við tímum ekki að launa yfirdómendum sæmilega. (P. O.: „Guði sje lof, að til er hæstirjettur," var sagt nýlega). Jeg get tekið undir þetta og sagt: „Guði sje lof, að til er hæstirjettur," það er að segja hjerna heima.

Þá skal jeg minnast á uppbótina á þingfararkaupi þingmanna. Mjer stendur nákvæmlega á sama um, hvort hún verður samþ. eða ekki, þó að jeg geti hins vegar ekki neitað því, að hafi 10 kr. og 8 kr. verið hæfilegt kaup árið 1912, sem menn verða að gera ráð fyrir, þá er það vitanlega óhæfilega lágt nú. Jeg geng út frá því, í bili, að þingfararkaup sje kaup fyrir unnið starf, en ekki styrkur til þess að geta setið á þingi. Býst jeg og við, að menn muni mjer sammála um það. En ef það er rjett, þá samsvarar kaupið því, að þingmenn hefðu áskilið sjer 4—5 kr. dagkaup 1912 eða lækkað kaupið frá því, sem það var áður. Frá þessu sjónarmiði fer till. um hækkun þingfararkaupsins í rjetta átt.

En svo er komin fram önnur till., sem byggist ekki á þessu. Hún er bygð á því, að þingfararkaup sje ekki þóknun fyrir unnið verk, heldur styrkur til þingmanna, til þess að geta dregið fram lífið hjer í Reykjavík. Sú till., er miðar að

því að láta utanbæjarþingmenn eina fá uppbót, hlýtur að byggjast á því, að þingfararkaupið sje styrkur. Hv. flm. till. (S. St.) tók það fram, að hann vildi ekki gera upp á milli þeirra þingmanna, sem búsettir eru hjer í bæ, og þeirra, sem eiga heima úti um land. Hefði hann ekki tekið þetta fram, hefði jeg álitið, að hann ætlaði Reykjavíkurþingmenn óhæfari til þingsetu og þingvinnu en aðra. En þegar svo er ekki, þá kemst einungis sú skoðun að, að þingfararkaupið sje að eins dvalarstyrkur, en ekki kaup. En úr því að þessi hugsun er lögð til grundvallar, hefði hv. þm. (S. St.) átt að fylgja henni hugsunarrjett úr í ystu æsar og segja, að þeir þingmenn, sem búsettir eru í Reykjavík, ættu ekki að fá neitt kaup. Dvöl þeirra yrði þeim ekkert dýrari um þingtímann en ella. Þetta hefðu menn átt að athuga árið 1912, er þingfararkaupið var ákveðið.

Hitt er auðvitað annað mál, að ferðakostnaður utanbæjarþingmanna brýtur ekki í bág við það, þó að þingfararkaup sje álitið kaup fyrir unnið starf. Það heyrir til kaupinu, að þingmenn eigi að komast kostnaðarlaust á staðinn, þar sem þeir eiga að vinna, alveg eins og bóndi borgar einatt ferðakostnað kaupamanns síns.

Þar sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hlýtur að leggja þessa skoðun til grundvallar, þá er ekkert hægt við því að segja, þó að þessari reglu sje slegið fastri. Auðvitað mun jeg, eftir anda þingskapalaganna, ekki greiða till. hans atkv. Hins vegar mun jeg ekki telja það eftir, þó að dagkaup utanbæjarþingmanna verði hækkað úr 10 kr. upp í 15 kr. Jeg hygg, að þeir muni ekki of sælir af því.

Jörundur Brynjólfsson: Menn hafa nú drepið á svo margt í þessu máli, að jeg get verið næsta fáorður um það.

Svo er nú orðið ástatt um þetta mál, að ef til vill hefði verið hagkvæmara að taka alt launamálið til meðferðar, í stað þess að gera að eins þessar bráðabirgðabætur á launakjörum nokkurra starfsmanna landsins, sem verða ekki annað en kák. En jeg skal ekki fara frekar út í þá sálma, heldur minnast lítið eitt á frv. sjálft.

Eins og vikið hefir verið að áður, verða allmargir starfsmenn landsins út undan og fá enga uppbót á launum sínum. Einkum virðast mjer póstmenn hart leiknir. Þeir hafa 1000—1800 kr. í laun allflestir; hreinasta undantekning, að þeir hafi hærra kaup. Þeir vinna altaf jafnt og þjett frá morgni til kvelds, og oft einnig helga daga, og geta því á engan hátt bætt kjör sín með aukavinnu. Það hefir verið drepið á, að þeir hafi fengið hækkuð laun sín í fyrra, og því sje ekki ástæða til að hækka þau nú. Jeg verð að líta öðrum augum á þetta. Hjer er að ræða um heimilisfeður, fjölskyldumenn, er hafa 1000 kr. í kaup, eða itlu meira, og getur hver sagt sjer, hvert sældarbrauð það muni vera að þurfa að bjargast með fjölskyldu við þessi laun, þó að þeir fái að vísu dýrtíðaruppbót á þessum launum.

Það sýnist heldur engin ástæða til þess að setja þá hjá, þó að þeir hafi ekki sent umkvartanir til þingsins, eins og einhver drap hjer á áðan. Ef þingið bætti kjör þeirra, myndi það að eins sýna, að því væri engu óljúfara að bæta kjör þeirra, þó að þeir hefðu ekki kvartað, svo framarlega, sem því væri kunnugt um, hve bág kjör þeir ættu við að búa.

Hygg jeg, að flestir hv. þm. viti þetta, og vona, að þeir verði svo sanngjarnir

að ljá lið sitt til þess að bæta á einhvern hátt kjör þessara starfsmanna. Mætti hafa á því svipað fyrirkomulag og lagt er til að hafa á uppbót til prestanna. Jeg ætla nú að vænta þess, að hv. frsm. (M. Ó.) upplýsi deildina um, hvort þetta hafi ekki borið á góma í nefndinni og hvort nefndin mundi vilja styðja að því. Ef fjárveitinganefndin tekur ekki þessa starfsmenn með, mun jeg bera fram brtt. um þá við 3. umr. Jeg álít, að svo sje ástatt um þessa starfsmenn, að þinginu sje ekki sæmilegt að ganga fram hjá þeim og líta ekki á þörf þeirra.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta, enda hygg jeg, að málið græði ekki býsna mikið á þessum umr. Út í einstakar brtt. mun jeg ekki fara, en sýni með atkv. mínu, hvernig jeg lít á þær.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi að eins benda á, að auk þeirra starfsmanna, sem gleymst hafa og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) nefndi, má minna á dr. Alexander Jóhannesson, kennara í gotnesku og engilsaxnesku. Hann hlýtur að heyra undir sama flokk og aukakennarar. Að vísu er jeg í nefndinni og hefði ekki þurft að nefna þetta hjer, en taldi þó rjett að minna hv. þm. á þennan mann.

Annars mun jeg leiða umr. þessar hjá mjer.

Gísli Sveinsson: Það er nú farið að koma í ljós, er ýmsir hv. þm., og þar á meðal jeg, ljetu um mælt á síðasta þingi, að sæmst mundi og óhultast að áætla dýrtíðaruppbótina, er þingið veitti, svo ríflega, að ekki þyrfti að koma til sjerstakra launabóta meðan stríðið og þar af leiðandi dýrtíð stæði, sjerstaklega þar sem jeg og aðrir hv. þm. — þar á meðal þeir, sem gætilegast vilja fara í launauppbótum — litum svo á, að það væri rjett stefna að fara nú dýrtíðaruppbótarleiðina, í stað þess að ráðast í það að breyta launalöggjöfinni, meðan svona stendur, og hækka launin. Tímarnir eru svo nú, og ástand og peningagildi alt á reiki, að það gæti tæplega talist rjettmætt gagnvart starfsmönnum landsins, er launanna njóta, og þó því síður gagnvart landssjóði.

En nú er þó svo komið, að ekki þykir verða komist hjá að taka launamálið til nokkurrar meðferðar, af því að það var gert af alt of mikilli skammsýni á síðasta Alþingi, og þá ekki síst í þessari hv. þingdeild, að skera dýrtíðaruppbótina við neglur sjer. Að þetta mál er hjer fram komið að þessu sinni er því satt að segja að kenna þessum hv. sparsemdarmönnum, er mestu hafa ráðið í þessum málum á síðustu þingum, sparsemdarmönnum, sem jeg get fylgt í mörgu, en svo langt hafa farið í sínum sparnaði, að það er og verður óhyggilegt. Hygg jeg nú, að enginn þeirra vilji beita sjer gegn launabótum í einhverri mynd, er líkist því, sem farið er fram á í frv. því, er hjer liggur fyrir. En þá kemur þetta upp, sem þegar hefir látið til sín heyra, að það verður naumast hægt að gera öllum jafnrjett til, því að ýmsir eru ekki teknir með, sem eru starfsmenn landsins, og aftur aðrir teknir með, sem efamál er að komist til jafns við þá, sjerstaklega ef litið er til, hvernig ástæður hvers eins eru. Þótt nú sumir þessir hv. þm., sem talað hafa, og þar á meðal t. d. hv. þm. Borgf. (P. O.), telji engan mun á embættismönnum landsins eða öðrum vinnumönnum —það sje t. d. engu meiri virðingarstaða að vera háyfirdómari en póstþjónn eða jafnvel almennur verkamaður—þá býst jeg við, að þetta þjóðfjelag verði þó, eins og önnur, ef það ætlar sjer að halda uppi

lögum í landi, siðmenningu og reglu, að gera greinarmun á háyfirdómara og óbrotnum eyrarvinnumanni. Jeg sje ekki, að þjóðfjelagið græði neitt á því, þótt einhverjir vilji ekki gera greinarmun á þeim, sem einhver virðuleg eða ábyrgðarmikil störf hafa á hendi, og hinum, sem leysa af hendi almenn störf, er enga sjerstaka þekkingu krefja, eða leggja enga sjerstaka ábyrgð á þann, er starfið hefir með höndum.

Það er nú satt, að frv. þetta hefir ýmsa ágalla, og þar á meðal þann mikla ágalla, sem þegar hefir verið á bent, að ýmsum starfsmönnum hefir verið slept, úr því málið er komið af stað. Jeg vildi helst, að teknar væru allar þær stofnanir, er standa í landsins þjónustu, og reynt að gera þeim öllum jafnhátt undir höfði. Jeg sje t. d. ekki ástæðu til að undanskilja starfsmenn póstmálanna nje heldur símamenn. Vildi jeg beina því til nefndarinnar að taka það aftur til athugunar, hvort ekki mætti leysa úr þessu með t. d. póstmeistara og landsímastjóra o. fl. þannig, að taka þá upp í þetta kerfi. Með því móti losna menn við þetta sjerstaka kerfi, sem menn virðast einkum vilja koma símastarfsmönnunum í. Jeg skal geta þess, að ýmsum finst sú upphæð, sem ætluð er símafólkinu, of há í hlutfalli við það, sem öðrum starfsmönnum landsins er ætlað, einkum þó ef till. símastjóra eigi að ráða, þannig, að þeir hæstlaunuðu fái tiltölulega miklu meiri launabót en hinir. Virðist þá rjett að koma símastjóra hjer inn í, svo að hægt sje að gera honum jafnhátt undir höfði og öðrum embættismönnum, en eigi meir. Nú er þess líka að gæta, að einn af hærri starfsmönnum landssímans, símaverkfræðingurinn, er farinn burtu, og enginn kominn í hans stað. Verður líka að taka tillit til þess.

Mjer er það óskiljanlegt, hvers vegna póstmeistari hefir ekki verið tekinn með, því að jeg veit ekki til, að laun hans hafi verið bætt svo, að alt sje þar felt og smelt, ef farið er að taka upp launabætur til annara starfsmanna landsins.

Þá er líka rjett, að taka tillit til þess, þegar verið er að ræða um launabætur til forstjóra einhverra stofnana, að undirmenn þeirra eru lágt launaðir og hafa farið fram á launabætur. Jeg skil ekki, hvers vegna þeir hafa verið teknir út úr, þar sem ekki verður um það deilt, að allir eiga jafna sanngirniskröfu til einhverrar launabótar, er starfa í þarfir landsins.

Þá sje jeg, að nefndin hefir ætlað prestum eina fúlgu til úthlutunar, er framkvæma skal eftir till. biskups. Þetta er líka í samræmi við þá stefnu, sem ofan á virðist orðin hjer í þingi og vill láta þá sitja á hakanum einkanlega, sem t. d. fyrir dugnað sinn komast af, með öðrum orðum, halda því til streitu, að þessi launabót skuli skoðuð sem fátækrastyrkur. Nú er ekki vafi á, að hjer á, eftir þessu frv., að bæta ýmsum þeim upp, er komast af, og því er ekki haldið við það, að þetta sje fátækrastyrkur? Þótt jeg hafi nú mína skoðun um þörfina af landsins hálfu til þess að halda uppi sjerstakri stjett í þjónustu kirkjunnar, jeg tel sem sje, að það eigi einstaklingarnir að gera, þá virðist mjer þó sýnt, að meðan prestar teljast til embættismanna, eiga þeir að fá rjett sinn eins og aðrir. Mjer dylst ekki, að á meðan þeim er haldið uppi af þjóðfjelaginu á ekki að sýna þeim rangsleitni. Það er sannarleg rangsleitni, ef þeim er gert

rangt til, sem fyrir dugnað sinn geta talist meðal hinna nýtustu í þjóðfjelaginu. Það er alkunna, að prestar komast misjafnlega af. Sumir þeirra eru t. d. dugnaðarmenn, lætur vel búskapur, og eru nytjamenn í sveit sinni. Öðrum gengur búskapurinn illa, m. a. af því, að þeim lætur ekki að reka sjerstaka „praktiska“ atvinnu, og eru þeir því fátækir. Það getur nú verið, að það sje gustuk að hlaupa undir bagga með þessum mönnum sjerstaklega, en rjettlátt er það ekki, frekar en verkast vill, ef strangt er í málið farið. Það kemur úr hörðustu átt, að Alþingi leggist á þá, sem eru nytjamenn í þjóðfjelaginu, ekki hvað síst á þessum tímum.

Jeg skal nú af skiljanlegum ástæðum leiða hjá mjer að tala um eina stjett, sem með öllu hefir verið slept í till. þessum, sem sje sýslumennina. En til glöggvunar fyrir hv. þingdeildarmenn skal jeg geta þess, að það er ekki rjett, sem hv. fjárveitinganefnd hefir látið um mælt, að sýslumenn muni bera upp tekjur af landsversluninni, sem bæti upp rýrnun og hvarf á tolltekjum umdæmanna. Það er kunnugt, að tolltekjur hafa minkað mjög, og sumstaðar algerlega horfið, og verður svo um þær meðan þetta ástand ríkir. Sumstaðar hafa komið í staðinn að nokkru leyti „prósentur“ af nokkrum vörum eða andvirði vara landsverslunarinnar, sem gengið hafa gegnum hendur sýslumanna. Hafa þær þó komið misjafnlega niður, og er spurning, hvort þær koma nokkuð þessu máli við. Afskifti sýslumanna af landsversluninni eru aukastörf, sem þessir menn bæta á sig. En svo er það tilviljun ein, hvort þeir hafa nokkuð upp úr því eða ekkert; það fer eftir því, hvort kaupmenn eða kaupfjelög vilja panta gegnum sýslumennina, eða þeir annast innheimtuna. Ef ekki er svo, þá fá þeir ekkert. Þessar tekjur eru þannig undir því komnar, hvort kaupfjelögin eða kaupmennirnir vilja nota aðstoð embættismannsins, eða landsverslunin æskir þess.

Jeg sje, að hv. frsm. (M. Ó.) hristir höfuðið. Þætti mjer gott að fá að vita, hvort hann efast um, að þetta sje rjett. (M. Ó.: Já!). Jæja. Það kemur þá fram, hjer sem oftar, að þessi hv. þm. (M. Ó.) veit ekki, hvers vegna hann hristir höfuðið. Hann þarf ekki annað en að spyrja forstjóra landsverslunarinnar. Jeg býst við, að hann vilji ekki bera fram ósannindi fyrir nefndina. Gæti hann því sparað sjer að bera slíkt fram hjer, og ef hann svarar þessu á þann veg, þá getur hann gert það í eigin nafni, svo að hneisan kæmi niður á honum, en ekki nefndinnni. Líka er það kunnugt, að í ráði er, að landsverslunin taki upp þá aðferð, sem nokkurskonar heildsali, er mjer raunar líst vel á, að selja vörurnar t. d. við skipshlið. Borga kaupmenn þær þá „kontant“ eða með víxlum, eins og gerist, og hverfur þá þessi milligöngumaður sjálfkrafa. Hins vegar skal jeg geta þess, að jeg læt mig litlu skifta afdrif þessa máls, og ætla mjer, eins og jeg gat um í byrjun, ekki að leggja neitt til þeirra mála.

Þá vil jeg að lokum að eins geta brtt., er jeg ásamt öðrum hv. þm. hefi komið fram með. Það er brtt. á þgskj. 413 og er við brtt. á þgskj. 400, sem er um hækkun á þingfararkaupi þingmanna og er flutt af hæstv. dóms- og kenslumálaráðherra. Þar er gert ráð fyrir, að greiða skuli þingmönnum til viðbótar 50% af daglegri þóknun þeirra. Þetta þykir mjer of hátt, ekki ef það ætti að vega á móti verðfalli peninga, heldur af því, að jeg vil ekki, að þingmenn gangi á undan með að setja sig hærra, tiltölulega, í dýrtíðaruppbótum en aðra

starfsmenn landsin. Dýrtíðaruppbót til embættismanna er, eins og kunnugt er, samkvæmt núgildandi lögum, hæst 40%, og því að eins veitt, að landssjóðsstarfið sje aðalstarf mannsins. Nú kemur ekki til mála, að hægt sje að hugsa sjer þingstarfið sem aðalstarf neins þm.; því mætti þegar segja, að þetta væri brot á dýrtíðarlögunum eða þeirri reglu, er þau fylgja. Dýrtíðaruppbót var veitt þm. í fyrra, mjer og ýmsum fleiri þm. algerlega óafvitandi. Fjárveitinganefndirnar töldu sig hafa fengið áskoranir um það frá ýmsum þm.; mjer er ókunnugt hverjum. En þessi uppbót í fyrra var þó ekki nema 30%.

Brtt. okkar fer nú fram á, að í stað 50% komi 30%. Það þótti mjer sanngjarnt í fyrra og þykir svo nú, ef þm. eiga nokkra slíka uppbót að fá. Í sambandi við þetta er komin fram sú brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að uppbótin skuli veitt einungis þm. utan Reykjavíkur, en ekki þeim, er búa í bænum. En þetta er ekki rjett, og mun jeg greiða atkv. móti þessari till., og get það vel, því að jeg bý nú utan Reykjavíkur. Liggja til þess þau efnisrök, að allir þm. eiga jafnan rjett til uppbótarinnar, hvort sem þeir eru Reykvíkingar eða ekki. Jeg vil sem sje ekki trúa því, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) ætli þetta sem sjerstaka hjálp sjer og öðrum þm. utan Reykjavíkur. Ef nokkuð væri því til málsbóta, þá er það ekki það, sem hv. þm. (S. St.) mælti till. til stuðnings. Það má segja, og er víst, að menn græða ekkert fjármunalega á þingsetu, en hver er kominn á þing til þess að græða á því? Jeg þekki það ekki og þætti gaman að heyra, hvort sá væri nokkur. Jeg held, að borgun til þm. sje miðuð við það, að það sje rjett og holt, að þm. fái einhverja þóknun fyrir störf sín, en alls ekki of háa. Það hefir líka þegar í löggjöfinni verið gerður munur á utanbæjar- og innanbæjarþingmönnum, því að hinir síðarnefndu fá 2 kr. lægri dagpeninga. Það getur vel verið rjettmætt. En ef svo á að gefa dýrtíðaruppbót af þessu kaupi, þá á að gefa hana á þeim grundvelli, sem lagður er, að hún skuli vega sem jafnast upp á móti verðfalli peninganna, og það jafnt hvort sem menn búa hjer í Reykjavík eða annarsstaðar, og fá þá utanbæjarþm. sjálfkrafa nokkru meira í sína uppbót. Þess mætti annars geta í þessu sambandi, að þeir af þm., sem búa úti á landi og eiga þar góð bú, geta þá meira að segja farið að komast undir þá „rúbrikku“ að heita framleiðendur, sem sumir hafa viljað skilja út úr og telja betur stadda. En jeg álít óviðkunnanlegt, ef ekki alveg óviðurkvæmilegt, að bera slíkt fram í þessu máli. Þar á móti vil jeg engan veginn, að þm. ætli sjer hærra en aðrir þeir, er hafa landssjóðsstarfið að aðalstarfi. Tel jeg 30% alveg nægilegt.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg skal reyna að vera stuttorður. Það hafa svo margir talað og stutt mál nefndarinnar, að jeg get sparað mjer mörg orð. Skal jeg nú snúa mjer að þeim, sem andmæltu mjer og taka þá í röð. Er þá fyrst hv. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann sagði, að nefndin hefði ekki reynt að brúa djúpið milli há- og láglaunuðu mannanna, heldur gert sitt til að breikka það. Jeg held, að það sje nú þegar búið að kryfja svo brtt. þessa hv. þm. (Sv. Ó.), að öllum muni ljóst, að þar sje varla heil brú í. Munu þær því ekki brúa djúpið. Það er búið að benda á, hve afarlítið þær bæta úr fyrir þeim láglaunuðu, en draga aftur miklu meira úr hjá hinum, sem

hafa hærri laun. Það er nú búið að draga þær svo í sundur og tína fram fyrir hv. tillöumann, að jeg vona, að hann sjái, að það stendur ekkert eftir af hans till. og að jeg hefi haft rjett fyrir mjer.

Um hnútur, sem jeg hafi verið að kasta að hv. þm. (Sv. Ó.), er það að segja, að jeg verð að vísa þeim frá mjer og kasta þeim aftur til hans, því að það var þvert á móti því, sem hv. þm. (Sv. Ó.) segir; jeg tók það einmitt fram, að hann mundi ekki hafa þann eiginleg-leika, sem till. benti á; jeg sagði ekki annað.

Sami hv. þm. (Sv. Ó.) segir enn fremur, að tveir af nefndarmönnum hafi verið samþykkir sjer um einhver atriði, en jeg hefi nú gengið á milli allra í nefndinni og spurt hvern og einn um það, en þeir neita því allir; þætti mjer því gott, ef hv. þm. (Sv. Ó.) vildi gera svo vel að nefna þá, — hann getur gert það úr sæti sínu. Þá gaf sami hv. þm. (Sv. Ó.) það í skyn, að hv. þingdm. myndu láta málið gjalda mín, sem frsm., en jeg vona, að það verði ekki aðrir en hv. þm. (Sv. Ó.) sjálfur, sem lætur málefnið gjalda frsm.

Sami hv. þm. (Sv. Ó.) mintist einnig á, hve mörgum embættismönnum væri slept, en jeg hefi svo oft tekið það fram, að þegar um margar skyldur er að ræða, þá eiga menn heimtingu á, að þeim skyldum sje sint, sem brýnastar eru, og þeir, sem hafa með höndum smærri störf fyrir þjóðina, eiga óneitanlega ekki þess brýna kröfu til landssjóðs eins og þeir, sem aðalstörfin hafa. Hv. þm. (Sv. Ó.) mintist á sýslumennina í þessu sambandi, en jeg gat þess áður, að nefndin myndi athuga kjör þeirra síðar. En þegar jeg svara því, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, mun jeg koma aftur að þessu atriði.

Um ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.) er það að segja, að það hefir þegar verið minst á hans till., og einmitt á sama hátt og jeg hefði gert, svo að jeg get því látið vera að svara honum öðru en því, að jeg verð að mótmæla þeim ákúrum, sem hann var að senda mjer fyrir hönd sálarfjelaga síns, hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hv. þm. (P. O.) hafði heyrt, eða öllu heldur viljað heyra, að jeg hefði sagt einhver lastyrði um hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), en það kemur nú svo oft fyrir hjá þeim hv. þm. (P. O.), að hann áfellir menn fyrir það, sem þeir hvorki hafa hugsað nje talað, svo að jeg býst við að verða að láta mjer það vel lynda, og ekki hvað síst fyrir það, að hv. þm. (P. O.) er óhræddur við að taka þátt í umr. um ýms málefni, sem hann alls ekki ber skyn á. Og hann hefir jafnvel ráðist á menn, sem alls engan kost hafa átt á að verja sig hjer, svo að jeg hygg, að naumast geti verið við góðu að búast úr þeirri átt. Þegar jeg mintist á brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði jeg, að ef það hefði leikið á tveim tungum, hvort hv. þm. (Sv. Ó.) væri undirhyggjumaður eða ekki, þá mundu menn hafa hallast að þeirri skoðun, að þetta væri gert til þess að „plata“ hv. deild, en nú væri það hafið yfir allan vafa; hv. þm. (Sv. Ó.) væri maður hreinskilinn, — en vilji hv. þm. (P. O.) mótmæla því, þá geri hann svo vel, en jeg segi, að þetta sje svo, sem jeg hefi þegar sagt, og sagði aldrei hitt.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) gat þess í ræðu sinni, að hann saknaði ýmsra manna, sem ekki væru taldir þar upp og því ekki ætluð launaviðbót. Þetta er alveg rjett. Nefndinni hefir láðst að taka

með ýmsa menn, en hún hefir hugsað sjer að bæta þeim inn í fyrir 3. umr. Það eru þá aðstoðarbókavörður við landsbókasafnið, póstmeistari og dýralæknar. En um hina síðastnefndu má reyndar geta þess, að nefndin mintist á þá, og kom henni saman um, að kjör þeirra væru hvergi nærri svo bágborin, saman borið við aðra lækna, bæði af því, að þeir hefðu eigi ákveðinn taksta og því alveg óbundnar hendur, og svo eru þeir löngum settir þar, sem mikið er að gera við eftirlit á kjöti og merkingu á því. Af þeim sökum leit nefndin svo á, að þeir væru ekki svo illa staddir. Um póstmeistarann er það að segja, að nefndinni virtist það ekki svo sjálfsagt að taka hann með, vegna þess að hann mun vera einn með betur launuðum embættismönnum þessa lands. Þá nefndi hv. þm. (E. A.) landssímastjórann. Jú, það er líka rjett, við vorum einu sinni búnir að setja hann í okkar frv., en við fengum að vita, að þeirri upphæð, sem við vildum veita honum, gæti hann ekki tekið við, og mundi hann heldur biðja um leyfi til að fá að fara utan með „Botniu“ til þess að leita sjer annars starfa. Menn úr nefndinni áttu tal við hann, og ljet hann þess um getið, að honum þætti sárt að þurfa að fara frá áður en búið væri að koma á ýmsum umbótum, sem væru á leiðinni; hefir nefndin því hugsað sjer að leggja til við stjórnina, að tekin verði í frv. til fjáraukalaga upphæð, sem fer milliveginn á milli kröfu hans og till. nefndarinnar.

Þá skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um ræðu hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Hann áleit best að taka alt launamálið fyrir. (**J. B.**: Nei, nei! Jeg sagði, að það hefði verið betra.) Þá yrði nú annað tveggja launin óhæfileg sultarlaun, eða að þau gætu í mörgum tilfellum orðið óhófslaun eftir ófriðinn, og getur því ekki komið til mála að slá nokkru föstu um launamálið fyr en eftir ófriðinn; er svo margtoft búið að taka þetta fram, að ekki ætti að þurfa að segja það aftur.

Þá er að tala um póstmennina. Er þess þá fyrst að geta, að þeir hafa yfir sjer einhvern hinn mesta ráðdeildarmann í embætti; hefir hann síðan í ófriðarbyrjun veitt þeim dýrtíðaruppbót og ekki snúið sjer til nefndarinnar; býst jeg því við, að hv, 1. þm. Reykv. (J. B.) geti naumast legið okkur á hálsi fyrir það, að við förum ekki að þefa uppi þá menn meðal póstþjóna landsins, sem kann ske mætti segja að ættu heimting á launahækkun, þegar menn, sem eiga um þá hluti að sjá, ekki hafa snúið sjer til nefndarinnar. Þá benti hv. þm. Dala. (B. J.) á, að doktor Alexander Jóhannesson vantaði, en það er ekki af vangá. Hann er nokkurskonar sendikennari; jeg veit ekki betur en að hann sje hjer fyrir hönd þýska konsúlsins, og mun hann hafa nokkrar tekjur af því starfi. Auk þess hefir hann bókmentastyrk frá þinginu.

Jeg hefi þegar minst á landssímastjórann og get því slept að svara hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) að öðru en því að tala um prestana, sem honum þótti farið frekar illa með; hann gætir þess ekki, að þeir hafa ekki orðið nærri því eins tilfinnanlega fyrir verðfalli peninganna eins og aðrir embættismenn. Þess ber nefnilega að gæta, að allur fjöldinn af þeim hefir fengið jarðirnar metnar upp í launin, og jarðaafnot hafa ekki fallið í verði, heldur þvert á móti, svo að þeir myndu alls ekki vilja selja afnot jarða sinna fyrir svipað verð. Einnig veit jeg ekki betur en að þeir taki allmikið af launum sínum í afurðum, sem koma

þeim talsvert betur en krónurnar, sem aðrir embættismenn fá. Þá gat hv. þm. (G. Sv.) um sýslumennina, og þótti honum undarlegt, að þeir væru ekki teknir upp í frv. Jeg held, að jeg hafi einmitt getið þess, fyrir nefndarinnar hönd, að þeir voru af vissum ástæðum ekki teknir upp í frv., þótt ekki hefði munað svo mikið um að sletta í þá 500 krónum hvern, úr því að þeir eru ekki nema 17 alls; þeir kváðu sem sje hafa haft talsverðar tekjur af störfum í þarfir landsverslunarinnar síðustu árin; t. d. situr einn hjer á þingi, sem segist hafa fengið 2000 krónur, (H. K.: Einn fjekk hátt á 5. þúsund), og álítur stjórnin, að líkt verði eftirleiðis, en síðan höfum við talað við forstjóra landsverslunarinnar, og virðist svo, sem þeir hafi sagt okkur nokkuð annað en hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.); þeir hafa nefnilega sagt okkur, að þeir geti ekki sjeð ástæðu til að láta þá hafa nein veruleg störf á hendi fyrir landsverslunina, en þeir hafa líka sagt okkur, sem við reyndar vissum áður, að í ráði væri, að vörur yrðu fluttar beint frá útlöndum, t. d. til allra bæjanna, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar. Af þessu leiðir, að óhjákvæmilegt er, að bæjarfógetar á þessum stöðum heimti inn toll af þeim vörum, og þá mundu þeir fá allmiklar tekjur af þeirri innheimtu. Sjá menn af þessu, að það er ekki rjett að láta alla fá jafnmikið, eins þá, sem miklar aukatekjur fá af landsversluninni, og þá, sem alls ekkert fá þaðan. Nú var það á hvers manns vitorði, að þegar farið var að ákveða, hve mikið sýslumenn ættu að fá fyrir innheimtuna á tollunum, þá var látið í veðri vaka, að þeir blátt áfram töpuðu á því að þurfa að skifta sjer nokkuð af þessu, og ef það er rjett, ætti ekki að verða svo mikil eftirsjón að því að sleppa starfinu.

Jeg býst ekki við að geta sagt neitt frekar um þetta mál að sinni, enda geri jeg ekki ráð fyrir að geta snúið huga nokkurs manns, þótt jeg talaði lengur um það. En hins vegar vil jeg benda hv. þm. á, að flestir þeirra, sem nú eru í fjárveitinganefnd, hafa eitthvað orðið að víkja frá skoðunum sínum, til þess að samkomulag fengist, því að þar sem í nefndinni sitja menn af öllum flokkum, hljóta skoðanir þeirra að verða mismunandi, en nú hefir þó tekist að ná samkomulagi, og vona jeg, að öðrum hv. þm. verði þetta gagnlegt fordæmi.

Áður en jeg sest niður, vil jeg minnast ofurlítið á brtt. á þgskj. 414, við brtt. á þgskj. 404, og aðra á þgskj. 412. Í þeirri brtt., er jeg nefndi síðast, er svo tiltekið, að í staðinn fyrir 500 krónur í 4. gr. komi 1000 krónur, en í þeirri grein eru meðal annars landlæknirinn og holdsveikralæknirinn. Það var ekki meiningin upphaflega að hækka laun þeirra um 1000 krónur, heldur gripum við flm. til þessa, þegar ekki tókst að koma fram neinni hækkun á gjaldskránni. En það var ekki meiningin, að þessi hækkun ætti að ná til áðurnefndra tveggja lækna, og því er þessi brtt. á þgskj. 412 tekin aftur, en í staðinn fyrir hana kemur brtt. á þgskj. 415. Það leiðir af sjálfu sjer, að fyrst að lagt er til að hækka laun þeirra lækna, sem nefndir eru í 4. gr. frv., þá verður líka að hækka laun þeirra, sem nefndir eru í 5. gr. Jeg vona, að menn sjái þá þörf, sem er á þessu frv., og fari ekki að nota agnúa þá, sem á því kunna að vera, til þess að fella það.

Þegar hjer var komið umr., var út-

bytt brtt. á þgskj. 415. Leitaði forseti afbrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð og samþ. með öllum gr. atkv. Tóku flm. þá aftur fyrra lið brtt. á þgskj. 412.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki þreyta hv. þm. á langri ræðu og reyna að haga orðum mínum svo, að þau kveiki ekki í eldfimustu hlutum deildarinnar. En jeg get ekki alveg leitt hjá mjer að mótmæla því, sem fram hefir komið gegn brtt. mínum á þgskj. 404 og 414. Það eru í raun og veru að eins þrír af hv. þgdm., sem hafa mótmælt þeim nokkuð verulega, nefnilega hæstv. forsætisráðherra, hv. 2. þm. Árn. (E. A.) og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.).

Jeg ætla þá fyrst að minnast fljótlega á það, sem hæstv. forsætisráðherra sagði. Hann ljet á sjer skilja, að brtt. þessar bæri að skoða sem árás á fjárveitinganefnd og till. hennar. Hann viðhafði það orð, árásir, en það þykir mjer nokkuð djúpt tekið í árinni, því að jeg get ekki talið það árásir á slíkt frv., sem hjer liggur fyrir, þótt komið sje fram með brtt., sem ekki hagga verulega við efni þess, en miklu fremur lúta að því að gera það skýrara og ákveðnara, er í frv. stendur; en að það sje gert, eins og hæstv. forsætisráðherra hjelt fram, til þess að rugla efnið fyrir hv. fjárveitinganefnd, getur mjer ekki skilist; það væri þá, hvenær sem væri á þinginu, ótilhlýðilegt að koma fram með brtt. við verk fjárveitinganefndar. Jeg hygg, að það hafi oft átt sjer stað í fyrra og endrarnær, að fram hafi komið brtt. við fjárlögin og aðrar tillögur fjárveitinganefndar, og hefi jeg aldrei fyr heyrt slíkt talið árásir eða til þess gert að rugla. Breytingartillögur eru öllum þm. heimilar, og hver leggur það til, er honum þykir sennilegast, og get jeg ekki skilið, að fjárveitinganefnd sje nú svo hátt hafin yfir aðra þm., eða verk hennar svo dásamlegt, að ekki megi gera við það breytingartillögur, eða mæla jafnhátt skónum hennar.

Eitt atriði í fyrri ræðu minni dró hæstv. forsætisráðherra í efa, sem sje hvort það mundi rjett, að hjer væri hlutfallslega fleiri embættismenn en í nágrannalöndunum. Það skiftir í rauninni litlu fyrir það mál, sem hjer liggur fyrir, hvort þetta er rjett hjá honum eða mjer. Jeg hefi fljótlega talið saman kennimenn alla á landinu, og nefni jeg þá kennimenn alla, er við kenslu fást, presta alla og kennara; eru þeir nálægt 500, eða 1 fyrir hverja 180 landsbúa. Jeg þykist nú alveg sannfærður um, án þess þó að jeg hafi hjer fyrir mjer „Statistik" nágrannalandanna, að þeir muni vera miklu fleiri hjer að tiltölu en hjá nágrannaþjóðunum, og líkt mun vera um fleiri opinbera starfsmenn, enda finst mjer það ekki nema eðlilegt, því það liggur í því, að þessi fámenna þjóð er dreifð yfir stórt land og verður því að hafa marga starfsmenn. Það er sjálfsagt vandaverk að finna, hvernig ætti að takmarka þennan starfsmannafjölda, en mjög nærri virðist mjer liggja, að kennarastarfinn til sveita og prestsstarfinn yrði sameinaður, og þannig hefir það í reyndinni verið hjer um margar aldir, þótt nú þurfi að sjálfsögðu meira fyrir fræðsluna að vinna en áður.

Svo var það hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Hann fór snoturlega með efnið. Hann dró fram dálítið kýmilegt tilfelli, sem fyrir gæti komið, ef brtt. mínar yrðu samþ., nefnilega að einn einstakur embættismaður græddi á því tvær krónur og 50 aura. Þetta getur vel komið fyrir með einn eða tvo menn, og skiftir það engu, því að eins og menn vita, gengur upp-

bótastigi þessi upp og niður á vissu launabili. Uppbótin fer hækkandi alt að 2400 kr., og svo aftur lækkandi, og var það ekki nema eðlilegt, að hægt væri að finna „dauðapunkt" einhversstaðar í stiganum, eða tilfelli þar sem litlu væri tapað og litið unnið, en jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, að hjer lá eigi sparnaðarhugmyndin ein til grundvallar, heldur það eitt, að mjer finst meiri jöfnuður og meira rjettlæti í þessu, og að með tillögu minni er dregið úr því átakanlega misrjetti gagnvart þeim, sem enga uppbót fá, sem annars blasir við auga hvers manns, sem les þetta frv. En af því að hv. þm. (E. A.) dró þetta dæmi fram sjerstaklega, og sýndi hins vegar fram á litilfjörlega breytingu til lækkunar eftir tillögum mínum, þá ætla jeg að benda á eitt einasta dæmi, sem getur skýrt hugsun mína. Vitamálastjórinn hefir haft 4000 króna lögmælt kaup undanfarið, en eftir þessu frv. á hann að fá 4500 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót af 4000 krónum. Það verða 350 krónur. Alls fær hann þá 4850 krónur. En ef mínar till. næðu fram að ganga, fengi hann alls 4612 krónur. En svo er annar maður, sem starfar við hlið hans, vitamálaverkfræðingurinn. Föst laun hans eru 2500 krónur og dýrtíðaruppbót kr. 537,50; laun hans alls verða þá 3187 krónur og 50 aurar. Munurinn á þessum mönnum verður eftir till. fjárveitinganefndar 1663 kr., en var áður 1162,50 kr., Vitamálaverkfræðingi er engin uppbót ætluð, en djúpið milli hans og vitamálastjóra dýpkað, mismunurinn aukinn um ca. 500 kr.

Alt er því þetta frv. hreinasta misrjettisregistur, bætt upp þeim betur stæðu, en gengið fram hjá hinum og fjölda þeirra gefið tilefni til óánægju og kvartana.

Auðvitað hefði jeg hagað till. minum um þetta efni öðruvísi, ef fleiri hefðu verið teknir í frv. Jeg varð að miða till. mínar við það, sem var, en ekki það, sem kynni að verða er fjárveitinganefnd væri búin að breyta frv. Það, sem fyrir mjer vakti, var að nálgast meiri jöfnuð en kom fram í frv. nefndarinnar.

Þá kem jeg að ræðu hv. frsm. (M. Ó.). Jeg var svo óheppinn, að jeg heyrði fátt af því, sem hann sagði, og áleit, að ekki þyrfti að taka mikið tillit til þess. Hann var að afsaka það, sem hann ljet um mælt um mig í gær. Hann þóttist ekki hafa kastað neinum hnútum til mín. En hann gaf þó í skyn, að annaðhvort af tvennu væri jeg ekki hreinskilinn í till. minum eða jeg bæri ekki skyn á það, sem jeg færi með, og er jeg honum ámóta þakklátur fyrir hvorttveggja.

Hann kvað mig hafa sagt, að tveir menn í fjárveitinganefnd hefðu verið sammála mjer. Þetta sagði jeg ekki. En jeg sagði, að jeg hefði borið eina brtt. mína undir tvo menn í nefndinni, og að þeir hefðu fallist á, að hún væri rjett. Þetta var brtt. við 7. gr. Og jeg skal nefna mennina, háttv. framsm. til ánægju; þeir eru báðir mestu sæmdarmenn. Annar er hann sjálfur, og hinn er formaður nefndarinnar. Ef þeir vilja neita þessu af því að það var talað undir fjögur augu, þá geri þeir svo vel.

Annars er það um þessar brtt. að segja, að þær eru alls ekki gerðar í þeim skilningi, að eyðileggja frv., heldur til þess að gera það vinsælla og rjettlátara. Og um síðustu till. sagði háttv. frsm. (M. Ó.) í gær, að hann gæti fallist á hana. Og um brtt. um aukakennarana mun hann vera mjer sammála inst í hjarta sinu, og svo ljet hann í gær, er jeg jeg talaði við hann undir fjögur augu. Það er þá að eins dýrtíðaruppbótin, er

á skilur með okkur, og hækkunin við læknana. En þar sem taxtahækkunin fer nú hins vegar í hönd, og þessi till. mín verður einkum læknum að liði, vona jeg, að hv. frsm. (M. Ó.) hjálpi mjer til að koma till. mínum fram. Hann hefir altaf reynst mjer fremur snúningaliðlegur maður og hinn bónbesti, er mjer hefir legið á. En ef hann greiðir atkvæði móti þeim, er það sama sem að gefa sjálfum sjer utan undir.

Einar Arnórsson: Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagðist nú sem fyr hafa komið fram með brtt. til þess að gera meiri jöfnuð og rjettlæti. Því að hinir láglaunuðu yrðu betur settir, ef hans till. næði fram að ganga.

Þetta hygg jeg vera misskilning, því að ef hans till. verða samþyktar, verður munurinn millum þeirra láglaunuðu, sem slept er, og hinna, sem teknir eru, meiri en áður. Það liggur í augum uppi, að ef á að bæta hinum láglaunuðu dálitið, verður mismunur millum þeirra og hinna, sem enga fá uppbótina, meiri.

Þetta hefði átt að leiða til þess, að hv. þm. (Sv. Ó.) kæmi með viðaukatill. um að taka þessa menn með. Það var eina ráðið til þess að skapa dálitinn jöfnuð. (**Sv. ó.:** Því kemur hv. 2. þm. Árn. (E. A.) ekki með hana?). Jeg hafði hugsað mjer að barna sem minst till. En ef til vill kem jeg með hana við 3. umr., er jeg hefi sjeð, hvað fjárveitinganefnd gerir og hver verða afdrif málsins við þessa umr. En úr því að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fór í róður, hefði jeg kunnað betur við, að hann hefði dregið þessa menn með. Annars gleður það mig, að hv. þm. (Sv. Ó.) hefir samþykt mitt mál, enda er það ofureinfalt og auðvelt að sanna það með tölum.

Jeg verð að fara ofurlítið fleiri orðum um till. hans, en það, sem jeg ætla mjer að segja, verður hvorki svo að formi eða efni, að hægt verði að segja, að jeg níðist á þm. dauðum.

Þegar till. hans eru bornar saman við núgildandi lög og ákvæði, eru þær til bóta þar, sem launin eru lág, en þeir, sem hafa hærri launin, eru litlu eða engu bættari. Jeg skal nefna eitt dæmi. Jeg tek til dæmis mann, sem hefir 3,500 kr. tekjur og 3 barnaómögum fyrir að sjá. Eftir launalögunum og dýrtíðaruppbótarlögunum fengi þessi maður 3,500 kr. laun + 525 kr. dýrtíðaruppbót + 210 kr. ómagameðlagi. Þetta yrði samtals 4,235 kr. Eftir till. nefndarinnar, í sambandi við till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), fær hann 4000 kr. + 350 kr. = 4350. Hann fengi því eftir frv. 115 kr. Og þetta felst í því, að dýrtíðaruppbótin yrði lægri eftir því, sem stofninn hækkar, og barnaframlögin dregin frá. Þess vegna væri miklu sæmilegra af þinginu að taka þá alls ekki með, sem svo er ástatt um, því að jeg kalla það fyrir neðan virðingu þingsins að bjóða mönnum í virðulegri stöðu 115 — segi og skrifa 115 kr. — launaviðbót á ári.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tók til dæmis vitamálastjórann og aðstoðarmann hans. Hann virtist álíta, að ef hans till. yrði samþyktar, minkaði það ginnungagap, sem fest væri millum þeirra. Jeg veit, að sá munur yrði dálitlu minni ef hans till. yrðu samþyktar. Þessi mismunur yrði aftur 1163 kr., ef till. fjárveitinganefndar yrðu samþyktar óbreyttar. En ef till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) næðu fram að ganga, yrði munurinn 1005 kr. Hann færðist þá nær vitamálastjóranum um 158 kr. á ári. (**Sv. ó.:** Þetta er ekki rjett. Munurinn verður 1451 kr., ef mínar till. ganga fram). Þetta hlýtur þá að stafa af mismunandi grundvelli. Jeg legg til

grundvallar 2,500 kr. laun + 500 kr. dýrtíðaruppbót. (Sv. ó.: Hann fær ekki þessa dýrtíðaruppbót.) Jeg geng að því vísu, að hann fái hana þegar málið verður til 3. umr. Jeg skoða þetta gleymsku hjá nefndinni. Jeg skil ekki, að þingið afgreiði frv. með slíkum ójöfnuði. Ef frv. verður ekki drepið að þessari umr. lokinni, vænti jeg, að nefndin lagfæri það, sem henni hefir yfirsjest, enda hefi jeg ekki heyrt hv. frsm. (M. Ó.) neita að taka þau atriði til greina, sem jeg og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) höfum bent nefndinni á, nema þá ef vera skyldi einn mann, sem hún vill vísa frá. Annars er ekkert órjettlæti í því fólgið, þó að mismunur sje á launum manns, sem stendur fyrir einhverri starfsgrein, og hins, sem er undirmaður hans. Formaðurinn ber alla ábyrgð á starfinu gagnvart stjórninni, og stjórnin snýr sjer til hans. Það, sem aflaga kann að fara, kemur á hans bak, en ekki hins, sem er undir hans stjórn, nema þá að litlum hluta.

Jeg hefi eigi ástæðu til að tefja málið með fleiri orðum, enda mun hv. frsm. (M. Ó.) víkja að því, sem jeg hefi gleymt, ef hann er sammála mjer.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi skotið hjer inn litilli brtt. við till. hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra um hækkun á þingfararkaupi. Það hefir komið fram brtt. um að fara þessa uppbót úr 50% niður í 30%. En mjer þótti rjett að þræða hjer milliveginn. Í fjárveitinganefnd var til meðferðar till. frá forsætisráðh., að veita þm. dýrtíðaruppbót, og var þá meiri hl. nefndarinnar með því að hafa hana 40%, og geri jeg ráð fyrir, að hún hallist nú að þeirri hækkun, en síður hærri.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fann að því, að prestar skyldu eigi vera teknir með í hóp þeirra embættismanna, sem nefndin hefir lagt til að fengju launauppbót. Jeg skal ekki leggja neina áherslu á þetta atriði. En eins og hv. frsm. (M. Ó.) tók skýrlega fram, er öðruvísi háttað um presta, sem hafa bújarðir, heldur en þá embættismenn, sem búsettir eru í kaupstað og hafa ekki aðrar tekjur en fastakaup sitt. Vjer getum sagt, að þau hlunnindi, að hafa jörð til þess að reka atvinnu á, sje nokkur hluti af launum presta; annars væru laun þeirra ómaklega lág. Það er ekki auðvelt að reikna þau hlunnindi, en þau eru veruleg eins fyrir því.

Þá skal jeg minnast lauslega á sýslumennina. Hv. frsm. (M. Ó.) skýrði frá, að nefndin ætti þar eftir ónunið starf, sem hún ætlaðist til að stjórnin ynni með henni. Það þýðir ekki að skírskota til forstjóra landsverslunarinnar um ómakslaun sýslumanna frá henni, því að stjórnin ákveður, hve sýslumenn skuli vinna mikið fyrir verslunina, og mjer virðist sennilegast, að stjórnin hafi hugsað sjer, að þeir hefðu einhver laun frá landsversluninni sjálfri, og að það verði ekki undir forstöðumönnum hennar komið, nema að litlu leyti. En nefndinni er vel ljóst, að fáir embættismenn eru ver settir en sýslumenn, ef þeir missa tolltekjurnar og fá enga uppbót nje ómakslaun í staðinn.

Þá vil jeg minnast ofurlitið á málið í heild. Jeg álít, að umr. hafi of mjög miðað að því að andmæla gerðum nefndarinnar; því að jeg hygg, að niðurstaða flestra þm. sje sú í reyndinni, að nauðsynlegt sje að gera embættismönnum einhverja úrlausn. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir líka talað í þessa átt—stutt mál nefndarinnar — og tekið ýmislegt fram, sem nefndinni hafði yfirsjest. Og mundi það verða nefndinni til styrktar, ef menn sneru sjer á sama hátt til henn-

ar með þau atriði, sem þeir kynnu að hafa í huga, en nefndin hefir gleymt.

Nefndin hefir mestmegnis bundið till. sínar við þá, sem hafa föst laun eftir launalögunum. En hún hefir orðið að hafa starf þetta í hjáverkum; hún hefir haft öðrum störfum að sinna; enda kom málið seint til nefndarinnar.

Það hefir bólað á því hjá sumum hv. þm., að heppilegra hefði verið, að nefndin hefði hækkað sjálfa dýrtíðaruppbótina. Þetta tók nefndin til athugunar, en þá rak hún sig á þetta, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir tekið fram, að ef miðað væri við þann grundvöll, sem lagður er með dýrtíðaruppbótarlögunum, þá mundu sumir embættismenn, er þörfnuðust uppbótar, eigi fá neina uppbót og aðrir svo lága, að engu mundi nema. En hins vegar treysti nefndin sjer ekki til að breyta lögunum frá grundvelli; hjelt hún, að slíkar breytingar yrðu enn meira þrætuepli.

Nefndin hefir ekki verið svo heppin að hafa haft á að skipa kröftugum skoðunum í þessu máli, sem hafa verið alveg samrýmanlegar. En þó hefir það tekist að bræða þessar skoðanir svo saman, að nefndarmenn hafa orðið sammála. Og jeg lít svo á, að þetta sje trygging fyrir því, að þetta frv. fái áheyrn og finni náð fyrir augum hv. deildar, að við 7, sem þó erum úr mismunandi flokkum, skyldum geta orðið svona á eitt sáttir. Og þó þetta frv. sje nú ekki sem allra best, þá ættu menn þó að geta sætt sig við það, úr því sem komið er. En ef við hefðum nú farið að ganga inn á mjög viðtækar breytingar á málinu, þá hefði það getað orðið til þess, að málið hefði farið í mola, og þá álít jeg, að ver hafi verið farið en heima setið. Þá álít jeg og, að ilt hefði verið að mæta ákúrum sanngjarnra manna utan þings og svara spurningunni um það, hvers vegna þetta mál hefði farist fyrir.

Jeg vona því, að hv. þm. muni fallast á till. nefndarinnar.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla að eins að gera örstutta athugasemd við svar hv. frsm. (M. Ó.) til mín. Hann gekk nú að vísu lítið inn á athugasemdir þær, sem jeg gerði við frv., og hrakti ekkert af því, sem jeg sagði, og þarf jeg því ekki að fara út í það frekar. Það tel jeg lofsvert, að hann reynir að draga fjöður yfir sletturnar, sem hann ætlaði að flekka hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) með, og tel jeg hann meiri mann eftir en áður fyrir þá tilraun. En þó virtist hann þurfa að þjóna lund sinni dálítið frekar í þessa átt, því hann viðhafði þau ummæli um mig, að jeg legði það í vana minn að ráðast hjer á ýmsa þm. fyrir það, sem þeir hefðu aldrei hugsað og aldrei sagt. Jeg get nú að vísu ekkert um það sagt, hvort þessi hv. þm. (M. Ó.) er svo mikill spekingur, að hann geti lesið hugsanir manna, en jeg vil vísa þessum ummælum aftur heim á sinn fæðingarhrepp, því jeg tel litlar líkur til, að þau vinni sjer nokkurn tíma sveit annarsstaðar.

Hvað það snertir, að jeg segi meiningu mína fullum hálsi við hvern sem er, þá má hv. frsm. (M. Ó.) hneykslast á því, ef hann vill, en það er alkunnugt um þann hv. þm. (M. Ó.), að hann er frakkastur að beina skeytum sínum í vissar áttir.

Þá sagði hann enn fremur, að jeg hefði ráðist hjer á mann, sem ekki gæti borið hönd fyrir höfuð sjer. Það leikur víst enginn vafi á því, við hvaða mann hjer er átt, en það get jeg sagt hv. þm. (M. Ó.), að jeg get flett enn betur ofan af því hneyksli, og það svo, að jafnvel hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mundi ekki gefa

sig í það skítverk, að bera í bætifláka fyrir þetta hneyksli.

Magnús Pjetursson: Þar sem jeg á brtt. á þgskj. 411, þá finst mjer skylt að láta fylgja henni nokkur orð, þar sem nú þar við bætist, að fyrir liggur brtt. frá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) við sömu grein, eða um það, hve nær lögin skuli öðlast gildi. Eftir frv. nefndarinnar eiga þau að öðlast gildi þegar í stað, en það sjá allir, að það getur ekki verið fyr en í næsta mánuði. Eftir því, sem um talað var í nefndinni, var ætlunin sú, að launabótin fjelli á helming þessa árs, enda er það þægilegra og viðkunnanlegra að reikna af hálfu ári heldur en af hálfum mánuði eða hluta úr mánuði. Mjer finst það því harla ankanalegt, ef brtt. hv. 1. þm. S.M. (Sv. Ó.) verður samþykt, þar sem þar er gert ráð fyrir, að lögin öðlist ekki gildi fyr en 1. jan. 1919. Þessar endurbætur á kjörum embættismanna eru til þess gerðar að bæta úr ástandinu eins og það er nú, og það úr bráðri nauðsyn, og úr þeirri neyð, sem af því leiðir, en um framtíðina er minna hugsað, því enginn veit, hvernig úr henni kann að rætast. Þessi till. er því mjög varhugaverð, og mundi að eins bera vott um hið mesta kák, ef hún yrði samþykt. Annars ætla jeg ekki að blanda mjer mikið inn í umr. manna, en þó vil jeg láta þess getið, þar sem jeg er meðflutningsmaður að annari till., sem fer í þá átt að hækka meira laun lækna heldur en frv. vill gera ráð fyrir, að hjá fjárveitinganefnd liggur fyrir till. um það, að veita læknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum, og vil jeg því mælast til þess, að meðflm. mínir taki þessa till. aftur til 3. umr.

Jeg hefi heyrt á mönnum, að þeir vilji heldur fara þá leið, að veita dýrtíðaruppbót af aukatekjunum, heldur en að hækka föstu launin, og er það því besta leiðin til þess að sjá hug þm. að taka brtt. okkar aftur í bili. Þeir geta þá ekki borið því við, að þeir hafi ekki fengið að greiða atkv. um þá till., sem þeir helst hefðu kosið.

Það hefur ekki verið svarað einu atriði, sem kom fram hjá hv. 1. þm. (Sv. Ó.), en það var sú einkennilega skoðun, að hann kvaðst ekki vilja binda laun embættismanna landsins við það, að þeir ættu að verja öllum kröftum sínum í þarfir starfs síns, heldur ætti að gera ráð fyrir því, að þeir hefðu tekjur af annari atvinnu. Þetta er svo nýstárleg skoðun, að jeg álít, að hún alls ekki megi vera ómótmælt hjer í þinginu. Það má vera, að í einstökum atriðum þurfi þetta ekki að koma að sök. En sumar embættismannastjettir hafa áreiðanlega svo vandasamt starf, að það væri beinlínis skaðlegt fyrir þjóðfjelagið að launa þeim svo lágt, að þeir neyddust til þess að fara að gefa sig við öðrum störfum óskyldum. Slíkt er ráðið til þess að skapa hálfa menn, menn sem ekki má treysta til neins, og ekki leggja alúð við sitt starf, af því að þeir verða að vinna sjer inn fje á annan hátt. Þessi skoðun hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er því að mínu áliti hættuleg þjóðfjelaginu, og þeir menn, sem halda þessari skoðun fram, eru hættulegir fyrir þjóðfjelagið.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg var ekki viðlátinn til þess að hlusta á ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og veit því ekki, hvort hann hefir sagt nokkuð, sem jeg þarf að svara. Aftur á móti hlustaði jeg á ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.), en finn ekki ástæðu til að svara henni miklu.

Mjer kom ekki á óvart, þó að sá hv. þm. (P. O.) vildi ekki fallast á tillögu mína, um uppbót handa hv. þm., þar sem hann vildi ekki þiggja uppbótina í fyrra. Það er rjett, að um það var talað við hv. fjárveitinganefnd, hvort hún vildi eigi flytja frv. um laun alþingismanna. Jeg hafði fyrir nokkru hugsað mjer að bera fram lagafrv., er ákvæði til fulls um kaup þingmanna, og fanst mjer þá ekki of mikið, þó að það yrði 50% hærra en það er nú. Mjer fyrir mitt leyti liggur ekki sjerlega þungt á hjarta, hvernig farið verður með þessa tillögu nú, en mjer fanst það skylda mín að koma fram með ákveðna tillögu, svo að hún yrði þá samþykt löglega, ef hún yrði samþykt á annað borð, í stað þess að fara sömu leiðina og í fyrra, sem deila mátti um hvort var lögleg eða ekki. Það er því ekkert furðulegt, þótt jeg, sem þetta mál heyrir undir, komi með tillögu í þessa átt. Og þá gat jeg ekki annað en talið sjálfsagt, að uppbótin yrði að minsta kosti 30%, eins og í fyrra, og held jeg, að allir hv. þm. hafi fengið þá uppbót, að undanteknum hv. þm. Borgf. (P. O.). En að deila mikið um það, hvort uppbótin skuli nema 30, 40 eða 50%, það finst mjer varla vert. Mjer fyrir mitt leyti þykir sanngjarnt að greiða að minsta kosti 40%, þar sem það er í ráði að hækka kaup flestra annara starfsmanna landsins, fram yfir það, sem þeim var ætlað í fyrra. Mjer liggur það í ósköp ljettu rúmi, þó hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) líti svo á, að jeg hafi komið með þessa tillögu til þess að blíðka hv. þm. Mjer datt ekkert slíkt í hug, enda á jeg bágt með að hugsa mjer, að hv. þm. sjeu svo lítilþægir, að þetta mundi nægja, ef þyrfti að blíðka þá. Að þessi tillaga kemur svona seint fram er beinlínis fyrir þá sök, að sumir hv. þm. álitu rjettara að bíða með að ákveða þessa uppbót þar til liðið væri nokkuð á þingið. Og jeg verð að segja, að jeg sje ekki betur en að þessi tillaga komi heppilega inn í þetta frv. Eins og jeg sagði áður í dag, þá legg jeg ekki neina áherslu á það, hvort sumir hv. deildarmenn vilji undanskilja þá þm., er búsettir eru í Reykjavík, þessari hækkun. Jeg geri ráð fyrir, að það muni ekki heldur verða með kappi sótt frá þeirra hálfu, er hjer búa, og býst jeg við, að það verði alt komið undir áliti þeirra hv. þm., er búa utan Reykjavíkur.

Jeg held svo, að jeg þurfi ekki að segja nokkuð frekara í þessu máli, og það verð jeg að segja, að jeg efast um, að það gagni mikið að halda langar tölur um þetta frv. Jeg skal að eins leyfa mjer að láta þess getið, að það má vera, að breyta þurfi einhverju orðalagi tillögunnar, til þess að það komi ljóst fram, sem ætlast er til, að þessi hækkun skuli koma í framkvæmd þegar á þessu aukaþingi. Þetta er hægt að athuga til 3. umr.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg skal ekki vera langorður, en jeg vil lofa því fyrir hönd nefndarinnar að taka það til athugunar til 3. umr., sem hæstv. forsætisráðherra mintist á.

Jeg verð að minnast á eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.) og jeg gleymdi að minnast á áðan. Hann tók það fram, að forstöðumenn skólanna, sem landssjóður kostaði, hefðu fría íbúð. Þetta er rjett að vísu, en þó mun það ekki vera ákveðið með lögum um skólastjóra mentaskólans, en jeg ímynda mjer, að hann hafi nú samt þessi fríðindi. En þá er að taka tillit til þess, að þessi skólastjóri t. d. hefir ekki hærri laun en sumir aðrir

kennarar; t. d. hefir Þorleifur Bjarnason með dýrtíðaruppbótinni ekki lægri laun en skólastjórinn. Mismunurinn, eða það, sem skólastjórinn hefir fram yfir þennan kennara, liggur þá aðallega í þeim fríðindum, sem hann hefir, og jeg get ekki sjeð, að sá munur sje neitt ýkjamikill. Annars er það mjög óviðfeldið, að menn skuli vera að rífast út af því, að forstöðumenn stofnana skuli hafa meiri laun heldur en aðrir starfsmenn sömu stofnunar. Jeg vil að eins benda þessum mönnum á daglega lífið og hvernig því er þar varið. Hvenær fær hásetinn t. d. meira en skipstjórinn? Jeg veit aftur á móti þess dæmi, að skipstjórarnir á sumum botnvörpungunum okkar hafa fengið helmingi hærra kaup en öll skipshöfnin til samans. Og það er ekki nema ofureðlilegt, að sá, sem ber ábyrgðina, hafi meira kaup heldur en sá, sem ekki ber þá þungu byrði. Þetta vildi jeg ekki láta hjá líða að taka fram.

Enn fremur vil jeg lýsa yfir því, að nefndin er reiðubúin til þess að athuga til 3. umr. allar sanngjarnar breytingar, sem vita til bóta, ef frv. verður ekki felt nú þegar.

Þá vil jeg snúa mjer með örfáum orðum að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann sagði að jeg hefði verið samdóma sjer í þessu máli. Þetta hlýtur að vera mjög elskulegur misskilningur. Fyrst og fremst er jeg ekki vanur að vera oft á sama máli og hv. þm. (Sv. Ó.), því okkar skoðanir eru yfirleitt svo frábrugðnar. Þá bar hann mjer það á brýn, að jeg hefði sagt sjer ýmislegt til hnjóðs í ræðu minni, en það var ekki, því jeg lofaði hann miklu fremur. Jeg held, að honum fari því nú eins og drotningu Haralds harðráða, sem ekki kunni að meta vísur þær, sem Grautar-Halli orti um hana og í verunni voru mjög mikið lof.

Með þessum orðum er hv. þm. Borgf. (P. O.) einnig svarað, enda var það óþarfi fyrir hann að fara að hlaupa undir baggann með hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), því jeg get ekki trúað öðru en að hann hafi verið einfær um að svara fyrir sig. En það er langt frá því, að jeg hafi viljað ausa skömmum yfir hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Jeg sagði að eins, að þó þetta og þetta væri nú ekki svona og svona, þá liti þó samt svo út, en um leið sagði jeg, að það væri hafið yfir allan vafa. Við getum því verið fullkomlega sáttir, en þó svo sje, þá get jeg ekki fallist á till. hans, því þær eru jafnómögulegar eftir sem áður, því það er jeg búinn að margbenda hv. þm. (Sv. Ó.) á, að ef þær verða samþyktar, þá verður uppbótin til sumra embættismanna ekki nein. Jeg vonast því til þess, að hann falli frá þeim og taki þær aftur. Jeg nenni ekki að fara í aurkast við hv. þm. Borgf. (P. O.), því hann bar mjer það á brýn, sem mjer hefir aldrei dottið í hug.

Hákon Kristófersson: Jeg ætla mjer ekki að blanda mjer mikið inn í umr. þær, sem orðið hafa um málið, að þessu sinni. Það var að eins skoðun sú, er mjer virtist koma fram í ræðu hv. þm. S.-Þ. (P. J.), sem kom mjer til að biðja um orðið. Hann virtist slá því fram, og slá því nokkuð föstu, að líkur væru til þess, að sýslumenn fengju nokkurn tekjuauka af umsjón með vörum landsverslunarinnar. Með því að mjer er ekki kunnugt um, hvernig þetta má verða, þá vildi jeg leyfa mjer að biðja hann, sem framsögumann nefndarinnar, um upplýsingar viðvíkjandi þessu atriði. Mig minnir, að það atriði hafi verið til umr. hjer í deildinni, hvort vörur landsversl-

unarinnar skyldu ganga í gegnum greipar sýslumanna að meira eða minna leyti eða ekki, og mig minnir, að þá hafi það verið ákveðið að láta forstjóra landsverslunarinnar sem mest um það, hvernig hjer skyldi með farið.

Þegar um það var rætt hjer í hv. deild, hvort vörur landsverslunarinnar skyldu fara að meira eða minna leyti í gegnum hendur sýslumanna eða ekki, þá fullyrði jeg, að meiri hl. hjer í hv. deild leit svo á, að svo skyldi ekki vera. Það kom þá beint fram, að þó forstöðumenn landsverslunarinnar yrðu í hverju einstöku tilfelli að ráða því, við hverja þeir ættu með borgun á vörunum, þá var lögð áhersla á það, að þeir hefðu sem allra fæsta milliliði milli landsverslunarinnar og notenda. Það virðist því alleinkennilegt, að nú sje gert ráð fyrir því, að stjórnin geti ákveðið tekjur, er sýslumenn fái af landsversluninni. Satt að segja held jeg, að vörur landsverslunarinnar sjeu ærið dýrar samt, þó ekki verði farið að leggja á þær launabætur til sýslumanna.

Þessi skoðun er óhrakin enn. En eftir því, sem kom fram hjá þessum hv. þm. (P. J.), sem veit vel hvað hann segir, þá skýtur þessu nokkuð öðruvísi við en nefndin gengur út frá. Það eru ekki aðrir en forstöðumenn landsverslunarinnar, sem hafa nokkuð að segja um það, hvort sýslumenn hafa nokkra milligöngu með úthlutunina. Í samanburði við aðra starfsmenn landsins finst mjer að hv. fjárveitinganefnd hefði átt að leggja til að bæta upp laun sýslumanna á annan hátt en að gera ráð fyrir, að þeir hefðu tekjur af vörum landsverslunarinnar. Enda er varla rjett að gera ráð fyrir öðru en að vörurnar gangi til notenda með sem minstum áföllum og milliliðum.

Mjer finst, að vel megi taka það til athugunar, hvort ekki eigi að taka sýslumennina með í þessu frv. Mjer finst, að hjer sje orðin allveruleg endurskoðun á launalöggjöfinni, þó þessi stjett og prestastjettin hafi verið skilin eftir. — Að öðru leyti skal jeg ekki blanda mjer í þær orðahnippingar, eða þann skoðanamun, sem hjer á sjer stað um þetta mál, að þessu sinni.

Magnús Pjetursson: Það er að eins örstutt athugasemd, áður en gengið er til atkvæða, sem jeg gleymdi að taka fram þegar jeg talaði síðast. Þó brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) komi sjerstaklega að notum okkur læknum, með þessari 75 kr. bót, þá verð jeg að lýsa því yfir, að jeg mun greiða atkv. á móti frv. ef hans brtt. verða samþyktar. Jeg lít svo á, að frv. sje þá orðið það kák, sem við getum ekki verið þektir fyrir að láta frá okkur fara.

ATKVGR.

Brtt. 404, 1. feld með 16 : 3 atkv.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 405, a. feld með 15 : 2 atkv.
— 405, b. feld með 16 : 2 atkv.
3. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.
— 412, 1. og 415 teknar aftur.
4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 412, 2. tekin aftur.
5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 414 feld með 13 : 4 atkv.
— 404, 2. tekin aftur.
7. gr. samþ. með 15 : 1 atkv.
8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 406 feld með 16 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St.
nei: B. St. E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. M., M. P., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

B. Sv., B. J., B. K., E. A., J. B., M. G. og M. Ó. greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (J. J. og S. S.) fjarstaddir.

Brtt. 413 feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., H. K., M. G., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Ó. B.
nei: B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.

B. Sv. greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (J. J. og S. S.) fjarstaddir.

— 418 samþ. með 17 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. B., M. G., M. P., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.
nei: H. K., J. M., M. Ó., S. St.

B. Sv., B. J. og E. J. greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (J. J. og S. S.) fjarstaddir.

— 400, 1., svo breytt, (ný 11. gr.) samþ. með 18 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., J. M., J. B., M. G., M. P., P. J., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.
nei: H. K., M. Ó., P. O., S. St., Ó. B.

B. Sv. skoraðist undan að greiða atkv. og færði sem ástæðu niðurlag 44. gr. þingskapanna.
Forseti úrskurðaði, að sú ástæða yrði eigi tekin gild, með því að þessi fjárveiting varðaði engan einn þm. persónulega.
Tveir þm. (J. J. og S. S.) fjarstaddir.
11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 404, 3. feld með 20 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. J., P. O., Sv. Ó.
nei: B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Tveir þm. (J. J. og S. S.) fjarstaddir.
12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 404, 4. feld með 14 : 4 atkv.
— 411 (ný 13. gr. — verður 14. gr.) samþ. með 13 : 3 atkv.
— 400, 2. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 1 atkv.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 1. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 419, 422, 423, 426, 431, 432).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 426, 431 og 432, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Við 2. umr. þessa máls komu fram ýmsar till. til breytinga, og lofaði fjárveitinganefnd að taka þær til athugunar. Það hefir hún gert að svo miklu leyti, sem till. komu svo snemma fram, að hún gæti rætt þær. Nefndin hefir því borið fram nokkrar brtt. á þgskj. 423. Þar leggur hún í fyrsta lagi til, að 1500 kr. verði úthlutað sem uppbót til 1. og 2. bókavarðar við landsbókasafnið og aðstoðarskjalavarðar, samkvæmt till., er komu fram í hv. deild við 2. umr. En svo hefir hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) borið fram brtt. við þennan lið, á þgskj. 431. Fer hann fram á, að uppbótin til þessara manna verði hækkuð úr 1500 kr. upp í 2000 kr., og skrásetjaranum við landsbókasafnið verði bætt við. Nefndin hefir ekki fengið tóm til að athuga þessa brtt. og taka afstöðu til hennar, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um hana.

Í öðru lagi leggur nefndin til, að sú breyting verði gerð á 4. gr., að aðstoðarlæknar og dýralæknarnir í Stykkishólmi og á Akureyri fái sömu uppbót sem aðrir læknar.

Þá hefir komið fram brtt. við 6. gr., sem nefndinni var að vísu kunnugt um, en meiri hl. hennar gat ekki fallist á. Það er till. á þgskj. 422, sem einn nefndarmaður hefir flutt. Um hana hafa nefndarmenn því óbundnar hendur. Það hefir litla þýðingu að skýra ástæðurnar fyrir því, að meiri hl. nefndarinnar getur ekki fallist á þessa till., enda var þess nokkuð getið í framsögunni við 2. umr., hvers vegna nefndin hefði ekki lagt til að veita kennaranum í gotnesku og engilsaxnesku sömu uppbót sem öðrum kennurum háskólans.

Þá hafði nefndin ekki tekið póstmeistara með í 8. gr. Var henni bent á, að ranglátt væri, að hann fengi ekki uppbót, og hefir nefndin því orðið ásátt um að leggja það til, og sömuleiðis breytt orðalagi greinarinnar, svo að rjett mál yrði.

Þá hefir nefndin flutt brtt. við 11. gr. Þá grein hefði mátt skilja svo, að forsetum væri einungis heimilt að greiða þingmönnum 40% af þingfararkaupi þeirra, og vildi nefndin orða þetta skýrara, þannig, að það kæmi skýrt fram, að átt væri við 40% uppbót af þingfararkaupinu, en ekki að þingmenn ættu einungis að fá 40% af þeirri upphæð, sem er lögákveðin.

Þá er að minnast á brtt. á þgskj. 432. Því miður hefir tillögumaður ekki sýnt nefndinni brtt., svo að hún hefir ekki haft tækifæri til að athuga hana. Að eins hafa nokkrir nefndarmenn átt tal um till.; eru þeir að vísu meiri hl. nefndarinnar, en geta þó ekki talað fyrir hönd nefndarinnar. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki fallist á till.; þykir honum upphæðin — 15000 kr. — óhæfilega há, þegar þess er gætt, að kjör póstmanna voru bætt í fyrra. Laun póstmanna í Reykjavík voru þá hækkuð úr 9100 kr. í 13100 kr., og utan Reykjavíkur um 8900 kr. Þykir nefndinni því farið fram á of háa upphæð hjer. Fyrir nefndinni liggur brjef frá póstmeistara, þar sem hann segir, að hann vilji ekki fara fram á launabætur nema á reglulegum þingum, og hafi hann því ekki ætlað að biðja núverandi þing um neina uppbót. En er hann sá, að þingið hafði tekið launamálið til meðferðar, áleit hann sjer ekki fært að láta hjá líða að biðja þingið um einhverja úrbót, þar sem póstmenn væru mjög ljelega launaðir. Nefndin mun senda hv. fjárveitinganefnd í Ed. þetta brjef, svo að hún geti athugað

þetta atriði og gert till. um það, en mun greiða atkv. gegn brtt. á þgskj. 432 af þeirri ástæðu, að henni þykir sú upphæð, sem þar er farið fram á, mikils til of há. Það er ekki af því, að hún sje mótfallin því að veita póstmönnum einhverja uppbót, en hún hefir sem sagt ekki getað rætt þetta atriði á fundi, og því ekki getað komið sjer saman um aðra upphæð.

Nefndin væntir þess, að þar sem flestar till. hennar eru bornar fram eftir tilmælum og bendingum ýmsra hv. deildarmanna, þá muni þeir álíta, að þær sjeu heldur til bóta og í rjettlætisáttina, og leggur málið undir atkv. hv. deildar.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 432, sem fer fram á, að landsstjórninni sje heimilað að verja nokkru fje til uppbótar á launum póstmanna. Við 2. umr. þessa máls ljet jeg þá von í ljós, að hv. fjárveitinganefnd tæki málið til íhugunar og legði síðan til, að póstmönnum væri ætluð nokkur upphæð til uppbótar á launum sínum. Hv. frsm. (M. Ó.) svaraði mjer því, að þá lægi ekki fyrir nein ósk frá póstmönnum um launabætur. En jeg hjelt samt sem áður, að þar sem nefndin hefir nú tekið fyrir launakjör embættismanna, til þess að koma með till. til endurbóta, þá myndi hún líka vilja taka þennan flokk til íhugunar. Jeg veit, og það er öllum kunnugt, að margir þeirra embættismanna, er nefndin ætlar launabætur, hafa ekki farið til nefndarinnar með neinar óskir um slíkt, en hafa þó hins vegar mörgum sinnum meiri laun en þessir starfsmenn, póstmennirnir. Má vera, að stöður þeirra megi kalla ábyrgðarmeiri, en víst er um það, að þeir vinna margir ekki meira en þessir starfsmenn.

Jeg hefði nú komið með brtt. mínar fyr, og borið þær undir nefndina, ef jeg hefði haft tækifæri til þess. En jeg veit ekki betur en að fjárveitinganefndin hafi átt fundi með sjer þegar eftir 2. umr. og þá ákveðið brtt. sínar. En jeg bjóst ekki við því svo skjótt, og var því ekki tilbúinn, enda stóð jeg í þeirri trú, að fjárveitinganefndin mundi ekki skilja svo við þetta mál, að hún tæki ekki upp einhverja till. um launabætur handa póstmönnum, þegar litið er á till. hennar um aðra embættismenn. En síðan málið var til 2. umr. hefir nefndinni borist erindi frá póstmeistara, þar sem hann leggur til, að nefndin heimili stjórninni 15000 kr. til póstmanna, sem úthlutað sje eftir till. póstmeistara. Þessar till. verð jeg að telja mjög sanngjarnar, því að launabótin eftir þeim nemur ekki meiru en sem svarar 25% af launum. Eins og allir vita, hefir póstmeistari jafnan farið manna hóflegast í sakirnar í málaleitunum sínum við Alþingi. Þarf í því tilliti ekki annað en benda á laun þau, er póstmenn hafa. Það hefir líka sjaldan verið, að þingið hafi ekki getað fallist á óskir hans, a. m. k. að nokkru leyti. Reyndar mun í fyrra ekki hafa verið veitt alveg eins mikið fje og hann óskaði, og mun þess þó hafa verið mikil þörf. Nú skyldu menn ætla, eftir því, sem fjárveitinganefnd lítur á, að póstmenn búi við sæmileg kjör og lifi þolanlegu lífi. En því verð jeg að mótmæla. Laun þessara manna, sem verða að vinna jafnt helga daga sem virka, eru þetta 1000—1200 kr. með þeirri viðbót, sem veitt var í fyrra, og með dýrtíðaruppbót verða það þá um 1680 kr. hjá þeim, er hafa 1200 kr. laun. Og sumir þessara manna hafa þó heimili og ómaga fram að færa. Auðvitað njóta þeir þeirrar uppbótar, sem ætl-

uð er til framfærslu barna á ómagaaldri, en þær bætur ná skamt. Verð jeg því að segja, að mig undrar stórlega að heyra þau ummæli hv. frsm. (M. Ó.), að nokkrir nefndarmanna hefðu komið sjer saman um að greiða atkv. á móti brtt. minni. Og einkum undrar mann þetta, þegar litið er til þess, hvernig nefndin hefir annars sniðið till. sínar í launamálinu yfirleitt. Og jeg ætla ekki að öfunda nefndina af samkvæmninni og rjettlætinu í vinnubrögðum hennar, ef hún lætur fella þessa till. mína.

Til frekari skýringar því, sem jeg hefi sagt, skal jeg benda á, hvernig póstafgreiðslumenn okkar eiga að lifa á launum sínum. Póstafgreiðslumaðurinn á Akureyri hefir t. d. 2000 kr. í laun, og auk þess til skrifstofukostnaðar 1900 kr. og húsaleigu 600 kr. Af þessu verður hann svo að greiða manni, er hann heldur sjer til aðstoðar, 1200 kr. Svo hefir hann líka stúlku til aðstoðar, er hann greiðir um 400 kr. árlega. Þá hefir hann eftir 1000 kr. til húsnæðis, ljóss og hita, ritfanga o. s. frv. Hann hefir því ekki líkt því óskertar þær 2000 kr., sem honum eru ætlaðar til að lifa af. Sama upphæð er ætluð póstafgreiðslumanninum á Ísafirði,, og mun mega segja svipað um hann, en þó getur verið, að hann hafi eitthvað betri afkomu, því að hann hefir bóksölu á hendi, jafnframt póstafgreiðslunni. Og eins og jeg drap á, eru þess dæmi hjer á pósthúsinu, að starfsmenn, sem eiga fyrir heimili og börnum að sjá, hafi einar 1000 kr. í árslaun.

Jeg vænti nú þess, að þegar hv. fjárveitinganefnd heyrir, hvernig hagar til hjá þessum mönnum, þá hugsi hún sig um tvisvar áður en hún greiðir atkv. móti till. minni. Jeg skal geta þess út af því, sem 2 ræðumenn hafa sagt, að þeim þætti þessi upphæð, 15000 kr., of há, og því mundu þeir greiða atkv. á móti till., að þá er til einföld leið að bæta úr því. Það er að samþykkja till. mína, og er þá betra og rjettara að lækka upphæðina um nokkur þúsund í Ed., í stað þess að slátra till. þegar, fyrir það eitt, að hún er nokkrum þús. of há. Jeg hefi enga tryggingu fyrir því, að hv. fjárveitinganefnd Ed. hafi meiri vilja til að bæta inn í lögin þessum flokki, en hv. Nd. Ef nefndin hefir góðan vilja, getur hún athugað þessa till. og lækkað hana, ef svo sýnist, en vilji hún ekki líta við henni, sýnir það, að þeim liggur í ljettu rúmi, hvort þessir menn fá nokkuð eða ekkert. En þess skal jeg geta, til lofs sumum hv. fjárveitinganefndarmönnum, að þeir fylgja þessari till. minni, og telja hana jafnvel sjálfsagðari en till. nefndarinnar sjálfrar. Og það er rjettmætt, því að þessir menn eru bundnir allan daginn og hafa jafnvel ekkert „frí“ á helgidögum, og þegar annríki er mikið, vinna þeir langt fram á nætur, og geta því ekki tekið að sjer neina aukavinnu. Hygg jeg, að öðruvísi sje háttað um suma þá menn, er hv. fjárveitinganefnd vill bæta upp. Þeir hafa þetta 2—5 þús. kr. í föst laun og auk þess aukatekjur, sumir jafnvel alt að 7—8000 kr. laun, þegar allar aukatekjur eru taldar. Það má líka líta á þetta. (M. P.: Hverjir eru það?). Jeg ætla, að þessi hv. fjárveitinganefndarmaður viti um það, því jeg býst við, að nefndin hafi kynt sjer málið vel áður en hún neitar vissum mönnum um launabætur, svo að hún sje viss í sinni sök, að skapa ekki hróplegt misrjetti með till. sínum.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þessa till. En þess vil jeg láta getið, að jeg hefði komið til nefndarinnar, ef

jeg hefði verið búinn að ákveða upphæðina. En satt að segja átti jeg ekki kost á því, því að jeg hygg það rjett hermt, að nefndin hafi ekki haldið fund síðan á laugardag, enda býst jeg ekki við, að viðtal mitt við hana hefði borið meiri árangur en erindi póstmeistara hefir gert.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. (M. Ó.) drap á, að þessir menn hefðu fengið launabót í fyrra, þá skal jeg geta þess, að það kemur málinu ekki skapaðan hlut við. Þótt þeir hefðu fengið uppbót fyrir mánuði síðan, kæmi það ekki lifandi vitund við málið. Hjer á að líta á þörfina og hvað landinu er sæmilegt.

Verð jeg því í lengstu lög að vænta þess, að allflestir, ef ekki allir, fjárveitinganefndarmenn fallist á þessa ósk póstmeistara og fylgi till. Þeir geta þá snúið sjer til Ed. og fengið upphæðina færða niður, ef þeim þykir hún of ríflег. Reyndar má ekki höggva stórt skarð í þessa upphæð, ef hún á að koma að nokkru gagni. Enda hygg jeg, að þessi upphæð fari mjög nærri rjettu hófi, og treysti jeg þeim vel til úthlutunarinnar, sem ætlað er að framkæma hana. Tel jeg víst, að till. póstmeistara megi og eigi að ráða einhverju um það, hvernig fjenu er úthlutað.

Jeg býst nú ekki við að taka oftar til máls, nema sjerstakt tilefni gefist til. En jeg verð að segja, að ef þessi till. verður „hundsuð", þá skal þetta frv. ekki hafa mitt atkvæði út úr þessari hv. deild. Þetta er engin hótun, því að jeg býst við, að svo sjeu netin nú úr garði gerð, að þetta frv. nái samt fram að ganga. En því skal jeg þá lofa að reyna síðar, ef tækifæri gefst, að gera nánari grein fyrir því, á hvern hátt tillögur hv. fjárveitinganefndar eru nú gerðar í þessu launamáli.

Gísli Sveinsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram örlitla brtt., á þgskj. 431, við þær till., sem hv. fjárveitinganefnd hefir lagt fram. Vil jeg skoða þessa brtt. mína sem leiðrjetting á vangá, sem jeg býst við að hv. fjárveitinganefnd hafi orðið á, er hún bar fram brtt. við 2. gr. frv.

Það var tekið fram við síðustu umr. málsins af mjer og öðrum, að ef rjettlæti væri að nokkru fylgt, yrði að ganga svo frá þessu máli, að ekki einungis forstjórar stofnana, heldur og undirmenn þeirra, og yfirleitt starfsmenn við stofnanir landsins, fengju nokkra launabót. Nefndin hefir nú tekið þetta til athugunar, sem ekki er að kynja, því að eftir stefnu þessa þings í dýrtíðaruppbótarmálum, virðist fyrst þurfa að taka tillit til launahæðar og efnahags starfsmanna, án tillits til þess, sem rjett væri, sem sje að gjalda öllum ákveðna uppbót á því kaupi, er þeim er greitt fyrir starfa sinn. Býst jeg því við, þegar bygt er á þessum grundvelli, að öllum komi saman um, að lægri starfsmenn stofnana eigi ekki síður skilið að fá bætt kjör sín en forstjórar þeirra. Þeir eru vanalega ver staddir, eru yngri menn að vísu, en hafa oft fyrir fleirum að sjá en forstjórnarnir og eldri starfsmennirnir, sem hafa lengi þjónað og fengið meiri laun í lengri tíma.

Hvað nú snertir þessa aðstoðarmenn við söfnin, landsbókasafn og þjóðskjalasafn, þá er nú með till. fjárveitinganefndar úr þessu bætt um 1. og 2. bókavörð. Þeim er þar, ásamt aðstoðarskjalaverði, ákveðin 500 kr. viðbót. En hjer

hefir gleymst að taka með einn mann, sem að vísu er ekki talinn til aðstoðarbókavarðanna, en þó einn af helstu starfsmönnum landsbókasafnsins. En það er sá maður, sem nú er skrásetjari við safnið og allir hjer inni munu kannast við. Þarf ekki að taka það fram, að þessi maður hefir með höndum eitthvert vandasamasta starfið við safnið, starf, sem engum er mögulegt að leysa af hendi nema þeim, sem lærður er og fróður um sögu þessa lands og annara, og auk þess sjerstaklega duglegur og ábyggilegur maður. Nú er það öllum kunnugt, að þessi maður hefir getið sjer það orð, að hann væri frábærlega vel til þessa starfs fallinn, eins og reyndar allra þeirra starfa, er hann tekur að sjer. Ætti það þá og því um síður að vera keppikefli Alþingis, að þessi maður hyrfi frá starfinu, til þess að leita sjer lífvænlegri atvinnu. Landsbókasafnið og hvaða slíkt safn sem er verður aldrei safn í lagi, ef þess er ekki gætt að halda við það góðum mönnum. Verðum vjer því að sjá um, að safnið missi ekki svona mann, úr því til er vel hæfur. Öllum, sem vit hafa á, ber saman um það, að hjer er sá maður, sem allra manna er líklegastur til að geta staðið fyrir bókasafnsstörfum í framtíðinni, þ. e. a. s. allra þeirra, er vjer höfum á að skipa innanlands.

Jeg skal jafnframt geta þess, að þessi maður, sem þegar hefir getið sjer orð, bæði sem fræðimaður og ágætur starfsmaður, hefir nú nýlega leyst af hendi loflegt próf í lögfræði, þótt ekki sje það nauðsynlegt til hans starfa. Þetta ber vott um, hvernig hjer er ástatt um manninn og þau störf, er hann snýr sjer að. Og jeg get þessa líka til þess að láta hv. þm. vita, að þessi maður á margs úrkosta og mun ekki geta sætt sig við að vera settur hjá, þegar laun annara starfsmanna safnsins eru bætt. Honum hafa, býst jeg við, þegar staðið ýmsir vegir opnir, og mun eðlilega ekki verða minni eftirspurn eftir færum andlegum starfsmönnum eftirleiðis. Jeg vil ekki taka á mig þá ábyrgð, að þeir menn, sem að allra áliti eru hinir nýtustu, hverfi frá opinberum þjóðnytjastörfum, sakir ljelegrar meðferðar.

Það kom fram hjá hv. frsm. (M. Ó.), að nefndin myndi ekki snúast móti þessari till., enda mun það stafa, eins og jeg tók fram í uphpafi, fremur af vangá en ásetningi, að nefndin hefir ekki tekið þenna mann með. Vona jeg, að hv. þm. muni ekki bregðast illa við, heldur samþykkja þessa upphæð, sem ekkert munar um í allri þessari súpu, en hins vegar lítur þó allajafna betur út að setja þá menn ekki hjá, sem eiga að vera með.

Annars mun jeg leiða hjá mjer umræður um frv. að þessu sinni, en sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg tek í till. þær, sem fram eru komnar. En þó skal jeg geta þess, að mjer sýnast till. nefndarinnar allar miða að því að koma á meira rjettlæti og sanngirni, og virðist því sjálfsagt, að þær nái fram að ganga.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst við, eftir því sem talað var hjer um daginn, þegar þetta mál var til umr., að ýmsum þyki vanta, að gert sje ráð fyrir, að sýslumenn fái einhverja uppbót, en það er af tilviljun, að brtt. um það er ekki komin hjer. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hafði öðrum störfum að gegna og bjóst ekki við að geta verið hjer viðstaddur. Jeg geri ráð fyrir, að till. frá honum komi þá fram í hv. Ed., um að veita sýslumönnum launabætur, eitthvað svipað og prestum, og býst jeg

við, að það muni laga enn betur samræmið í frv., ef menn fallast á eitthvað í þá átt. Jeg skal líka geta þess, út af því, sem hv. þm. Barð. (H. K.) sagði við síðustu umr., að það er rjett hjá honum, að það er ekki gert ráð fyrir því, að sýslumenn hafi nein veruleg afskifti af landsversluninni, en að öðru leyti eru ekki ráðin í stjórnarinnar höndum, heldur ráða forstjórar verslunarinnar öllu um hana. Um brtt. þær, sem fram eru komnar, vildi jeg geta þess, að jeg tel ýmsar þeirra, sjerstaklega brtt. fjárveitinganefndar, mikið til bóta og sanngjarnar mjög.

Það var að eins þetta, af því að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) var ekki viðstaddur, sem jeg vildi geta um, svo að menn hjeldu ekki, að þetta atriði hefði alveg gleymst.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Það eru að eins nokkur orð út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Hann virtist álasa nefndinni, eða öllu heldur þessum fáu mönnum úr henni, sem hann hefði minst á þetta við, fyrir það, að þeir hefðu ekki getað gengið inn á brtt. hans og að þeir hafi lýst yfir því, að þeim þætti upphæð þessi heldur há. Þetta virðist hv. þm. (J. B.) áfellisvert, en hann gleymir því, að það hefir svo oft verið tekið fram, að nefndin hefir haft svo margs að gæta, að nú er einmitt svo ástatt, að það verður líka sjerlega að gæta að hag landssjóðs. Á síðasta þingi var ákveðin þóknun einmitt handa þessum starfsmönnum landsins, og verður maður þá að líta svo á, að það hafi áreiðanlega verið mjög ósanngjörn viðbót, sem þeim var veitt í fyrra, ef hún getur ekki dugað til næsta reglulegs þings. Nefndin hefir vænst þess, að þeir, sem hafa fengið bætt launakjör sín, gætu beðið til næsta reglulegs fjárlagaþings. Það er ekki verið með þessu, sem hjer er gert, að bæta launakjör eins einasta manns svo, að fullnægjandi sje, þrátt fyrir það, þó að svo sje að heyra á hv. þm., sem þeim hafi þótt hún helst til rif á stykkjunum við suma menn. En ef þetta atriði verður tekið til athugunar í Ed., þá treysti jeg nefndinni þar fullkomlega til þess að taka málið þar til samviskusamlegrar athugunar, og jeg býst ekki við, að það hafi nein áhrif á nefndina í hv. Ed., þótt hún frjetti það, að einhver undirnefnd hjer í Nd. teldi þessa upphæð helst til háa. — Annars munu ýmsir úr nefndinni hjer greiða atkvæði með þessari brtt., því að þeir hafa alveg óbundnar hendur um það.

Annars finst mjer það einkennilegt, að mennirnir skuli vera við starfann áfram, því að þeir eru ekki svo ófærir til annars, enda hygg jeg, að þeir myndu leita sjer annarar atvinnu, ef þetta væri með öllu óbærileg laun, og þess vegna held jeg líka, að þeir hljóti að fá eitthvað meira til að lifa af, því að þeir gætu ekki lifað af þessum launum einum. Jeg veit að vísu ekki, hvað þeir fá í laun, en það eitt veit jeg, að ef þeir fá ekki nema 1000 kr., þá getur enginn lifað af því, ef hann hefir fjölskyldu.

Hvað snertir brtt. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þá skal jeg geta þess, að hann tók það fram, að það mundi hafa verið af vangá, að þessi maður var ekki tekinn með, en jeg held, að það hafi verið svo, að hans var alls ekki minst. Jeg get ekkert um það sagt, hvernig nefndin myndi hafa litið á það, ef um hann hefði verið rætt, en jeg get hugsað mjer, að henni hefði ekki þótt það nema eðlilegt að bæta eitthvað kjör hans. Jeg get nú ekkert sagt um, hvað hann muni hafa alls og alls með uppbótinni, en geri þó ráð

fyrir um 3000 krónum. Hv. þm. (G. Sv.) hefir heldur ekkert sagt um það, hvort hann hefði annað starf, en þó gat hann þess, að hann hefði gert það þrekvirki að taka próf í lögfræði. Að vísu er maðurinn duglegur, og þó að námsgreinin sje ekkert sjerstaklega erfið, þá myndi þó hver meðalmaður hafa þurft að eyða miklum tíma í þetta. Þegar litið er á það að taka próf á mjög stuttum tíma, þá verður maður að álíta, að hann geti ekki síður, eftir að hann er búinn að afla sjer aukinnar þekkingar, náð inn talsverðum aukatekjum. En jeg býst nú við, að jeg muni greiða atkv. með þessari till., ekki síst vegna þess, hve maðurinn hefir sýnt mikinn dugnað af sjer.

Jeg skal þá að endingu geta þess, að það eru með öllu óbundin atkv. um þessa till., og það er langt frá mjer að vilja leggja nokkuð á móti henni. Það munar ekki heldur svo mikið um það, að í það ætti að horfa, ef um það væri að ræða að missa slíkan mann að öðrum kosti.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi ekki eytt tíma þingsins til þess að tala um þetta mál, en hitt kemur mjer ekki á óvart, þó að gangur málsins verði eins og raun er á orðin. Þegar í byrjun þingsins ljet jeg þá skoðun í ljós, að heppilegasta leiðin í þessu máli væri að hækka dýrtíðaruppbótina frá því, sem nú er í gildandi lögum; þessu hreyfði jeg líka á fyrstu fundum fjárveitinganefndarinnar. En henni leist nú að fara aðra leið, eins og frv. ber með sjer. En sú leið er í mínum augum lítt fær, þótt jeg hafi ekki beint viljað skiljast við nefndina á þessari launauppbótarbraut hennar, sem jeg tel vanta traustan grundvöll, eða öllu heldur allan grundvöll. Þess vegna er það komið á daginn, að fjárveitinganefndin hefir sloppið nokkuð oft í, á þessum vonda vegi. Það getur ekki talist ábyggilegur grundvöllur, þegar teknir eru af handahófi hinir og þessir embættismenn og starfsmenn landsins, án þess að tekið sje fult tillit til mismunandi launa þeirra. Nefndin hefir neyðst til að sletta 500 kr. í þá allflesta, hvort sem þeir eru í hærri eða lægri launaflokki. Í rauninni hefði þetta þing, sem er aukaþing, ekkert annað átt að gera en athuga launafrumvarp það, sem frá stjórninni kom, því að það er ekki skylda þingsins að eiga frumkvæði að máli sem þessu, úr því að stjórnin fann það ekki skyldu sína.

Stjórnin fann ekki ástæðu til að eiga neitt við þetta launamál, annað en að koma með eitt einasta frv., sama frv. sem þingið feldi í fyrra. En af því að nefndin fór inn á þessa handahófsuppbótarbraut, varð aðstaða hennar afarerfið; í hana var kastað erindum, bæði frá stjórninni og einstökum mönnum, og átti hún að kara alla þessa kálfa, sem í hana var fleygt. Jeg skal þó ekki lasta nefndina fyrir það, þótt hún hafi lagt út á þá braut, sem enginn endir ætlar á að verða, því að sífelt drífa að brtt. hvaðanæfa, um uppbætur fyrir þessa eða hina embættismenn og starfsmenn, sem nefndin hefir slept. Jeg hefði því heldur viljað taka dýrtíðarlögin til endurskoðunar og reyna að bæta hlutfallslega laun, ekki sumra, heldur allra starfsmanna landsins, og án tillits til þess, hvort þeir eru hátt eða lágt í embættis- eða starfsmannastiganum. Hvort mennirnir hafa einhver aukastörf með höndum, sjer til lífsbjargar, á hjer ekki að koma til greina, standi þeir forsvaranlega í stöðu sinni fyrir landið.

Jeg held, að jeg hafi oft tekið það fram

í nefndinni, að úr því að við göngum út á þessa braut, gætum við búist við, að allir embættismenn landsins kæmu til sögunnar með rjettmætar kröfur til einhverrar uppbótar, og það er í raun og veru sjálfsagt, því að þeim, sem slept er, er sýnt hróplegt ranglæti, úr því að nokkrir eru teknir.

Jeg verð að segja það, að jeg ber hag landssjóðs fyrir brjósti eins mikið og hver annar hjer á þingi, en þrátt fyrir það vil jeg vera sanngjarn við starfsmenn landsins. Við verðum að viðurkenna, að þeir eiga allir rjettmætar kröfur á miklu hærra kaupi á þessum tímum en þeir hafa haft að undanförnu. Mjer dettur ekki í hug, að þrátt fyrir allar þessar bætur fáum við ekki sömu söguna á næsta þingi, ef alt er undirbúningslaust eins og áður frá stjórnarinnar hálfu, og þingið á að fara að leita uppi hvern og einn starfsmann, eða bíða eftir því, að þessi og þessi maður komi með launauppbótarkröfu.

Það var feld hjer um daginn rökstudd dagskrá frá mjer, um að skora á stjórnina að undirbúa alt launamálið fyrir næsta þing og leggja frv. til almennra launalaga fyrir það. Jeg veit nú ekki, hvað hv. þm. vilja; hvort þeir vilja lenda í sama foraðinu á næsta þingi í þessu máli eins og nú; en það tel jeg alls ekki forsvaranlegt.

Það hefir verið talað um, að bætur þær, sem frv. fer fram á í launum læknanna, væru ekki „fullnægjandi". En jeg vil segja, að það er enginn einasti embættismaður, sem fær fullnægjandi bætur með þessu frv. Við stöndum hjer á kviksyndi káksins og ójafnaðarins, og vildi jeg gjarnan reyna að komast út úr því, ef hægt væri. Um póstmennina er það að segja, að jeg bjóst einlægt við, að þeir kæmu eins og hinir, því að það vita allir, að þessir embættismenn höfðu við hrein og bein sultarkjör að búa áður en dýrtíðin byrjaði, og jafnvel þrátt fyrir þær bætur, sem þingið „voteraði" þeim í fyrra; að þeir hafi eitthvað aukreitis, hvað varðar þingið um það, úr því að þeir hafa helgað sig þessu starfi og inna það forsvaranlega af hendi? Það getur vel verið, að þeir vinni einhver aukastörf, og þá líklega á nóttunni, því að á daginn hafa þeir ekki tíma til þeirra. Það er álika merkileg viðbára og með prestana, sem eiga að fara á mis við launauppbætur meðan þeir fá einhvern mjólkurdropa úr kúnum sínum og ánum, hve dýru verði sem hann í raun og veru er keyptur. Jeg verð því að fylgja hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) í því áliti, að það væri hróplegt ranglæti, ef við færum að skilja póstmennina eftir. Jeg vil alls ekki, að við vísum þessum mönnum frá okkur og förum að leggja þá á vald hv. Ed., því að við hjer erum þó aðalfjárveitingavaldið og ættum ekki að sýna það einurðarleysi að vilja ekki nota það, er öll sanngirni mælir með því, eins og hjer á sjer stað, enda hugsa jeg, að hv. Ed. muni þykjast hafa nóg að gera með að lagfæra þetta frv., þó að hún þurfi ekki að vera að taka þessa menn á móðurarma sína. Jeg veit t. d., að hv. Ed. fær sýslumennina, og það jafnvel þótt fjárveitinganefndin hafi nú um ekki svo skamman tíma verið að leita sjer upplýsinga um þá hjá stjórninni, til þess að geta tekið þá með í frumvarpinu. En stjórnin hefir hingað til daufheyrst við þeim málaleitunum. Það getur verið, að stjórnin hafi ekki haft tíma til að sinna málinu fyrir öðrum nauðsynlegri hlutum, en jeg verð þó að álíta, að það hefði hreint og beint verið skylda að gefa

nefndinni upplýsingar um launakjör þessara embættismanna, sem hún svo gæti bygt á till. sínar.

Jeg býst nú við, að þetta launamál sje nú komið svo langt, að það geti orðið helsta þrekvirki þessa þriggja mánaða þings. Jeg öfunda það ekkert af þessu þrekvirki, en úr því að þetta mál er nú einu sinni tekið fyrir, hefði átt að gera það rækilega og með meiri hjálp frá stjórnarinnar hendi en tök voru á að þessu sinni, og það verð jeg að taka upp aftur, að jeg álít, að langrjettast hefði verið að gera það með endurskoðun á dýrtíðarlögunum. Jeg mun nú samt í þetta sinn fylgja nefndinni í tillögum hennar, en vona, að hv. Ed. komi betri skipun á þetta mál með rækilegri endurskoðun á dýrtíðaruppbótarlögunum.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil að eins leyfa mjer að leiðrjetta dálítið hjá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Jeg sagði, að það væri gert ráð fyrir því, að það kæmi till. frá hæstv. fjármálaráðherra í hv. Ed. um sýslumennina, og að hann hefði búist við að geta ekki verið við hjer í dag, en jeg sagði ekki, að hæstv. fjármálaráðherra hefði ekki haft tíma til að gera þetta, en það er reyndar fyrst fyrir skömmu, að þetta mál hefir komið til orða milli stjórnarinnar og eins hv. þm. úr fjárveitinganefndinni. En annars hafa þessar till. ekki komið frá stjórninni, og því eðlilegra, að þessi till. líka hefði komið frá fjárveitinganefnd. En svo vil jeg líka geta þess, að stjórnin hefir ekki ráðið þeirri uppbót til sýslumanna, sem komið hefir frá landsversluninni. Forstjórarnir hafa ráðið henni. Þess vegna voru þessi ummæli hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) algerlega ástæðulaus.

Sveinn Ólafsson: Jeg vildi gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, því að jeg hefi líklega sjerstöðu í því. Að sumu leyti get jeg látið mjer lynda umsögn hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). En áður en jeg kem að greinargerðinni vildi jeg minnast lítillega þriggja hv. þgdm., sem hjeldu yfir mjer líkræður við 2. umr. þessa máls. Jeg byrja þá á hv. frsm. fjárveitinganefndar (M. Ó.), en ætla þó ekki að vanda mjög til þeirra svara, því að flest af því, sem hann sagði, eða af því, sem jeg heyrði, var ekki annað en hártoganir á orðum mínum. En það var þó eitt atriði, sem jeg heyrði hjá honum og mig furðaði mjög á; það var að hann skyldi skorta einurð til þess að viðurkenna, að við hefðum talað saman um brtt. mína á þgskj. 414, um aukakennara landsskólanna. En það var nú samt svo, að formaður nefndarinnar bar ekki við að mótmæla því fyrir sitt leyti. Vissi jeg áður, að hann var drengurinn meiri og vildi eigi mótmæla því, er satt var. Mælikvarði þessi á drengslund þeirra, sem mælt er við undir 4 augu, er harla glöggur.

Þá er hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Hann tók það strax fram í upphafi ræðu sinnar, að hann ætlaði ekki að leggjast á náinn. Hv. þm. (E. A.) var ógnarlega hóglátur, eins og fyrverandi ráðherra sæmir, en það var dálítið grunsamleg meðferð hans á sumum tölunum, og getur verið, að það hafi haft nokkur áhrif á atkvgr. Hann tók t. d. mann, sem hefði 3500 krónur í laun og eftir frv. átti að fá 500 króna viðbót, en dýrtíðaruppbótin þó að reiknast eftir 3500 kr. Eftir till. minni átti hún að greiðast af nýju launum, 4000 kr., og hlaut því að lækka úr 525 kr. í 350 kr. Hann sagði, að sú raunverulega uppbót, sem þeir

fengju, yrði 115 kr., ef till. mín yrði samþykt, og að það væri svo lítilfjörleg uppbót, að þingið stæði sig ekki við að bjóða hana, sóma síns vegna. Þetta hefði mátt segja, ef rjett hefði verið með tölurnar farið. En sannleikurinn í þessu er sá, að hin raunverulega uppbót, sem hefði fengist eftir minni till., er 325 kr., en ekki 115 kr. Af 3500 kr. er dýrtíðaruppbótin 525 kr., og af 4000 kr. er hún 350 kr. Þessi maður hafði því áður 3500 + 525 = 4025 kr., en hefði nú eftir till. minni með dýrtíðaruppbótinni fengið 4000 + 350 = 4350 kr. En þetta hefir ekki neina þýðingu hjeðan af, úr því að till. mínar eru feldar, og má mjer því á sama standa, en mjer fanst rjett að leiðrjetta þennan misskilning hv. þm. (E.A.).

Þá kem jeg að hv. þm. Stranda. (M. P.). En jeg get þó slept að athuga sumt í líkræðu hans. Einu vil jeg þó ekki sleppa. Hann lagði áherslu á það atriði í ræðu minni, þar sem jeg hafði tekið það fram, að embættismannafjöldinn væri orðinn svo mikill hjer á landi, að ef embættum yrði eigi fækkað, yrði nauðsynlegt, að hinir lægra launuðu embættismenn gætu haft einhverja aðra atvinnu utan hjá opinbera starfanum. Jeg lagðist á móti þeirri skoðun, að allir embættismenn yrðu að vera svo launaðir, að þeir þyrftu ekki öðru að sinna en embættisverkum sínum. Þetta taldi hann mestu skaðræðiskenningu, og þá skaðræðismenn þjóðfjelaginu, er kæmu með slíkar till., og beinir hann því eðlilega þessu skeyti til mín.

Hvorki finst mjer nú þetta góðgjarnlega mælt nje viturlega hjá honum, hvað sem öðrum kann að finnast.

Þau 900 ár, sem kristni hefir verið í landi hjer, hafa embættisstörf verið rækt í sambandi við búnað. Allan þann tíma hafa flestir prestar haft búskap með höndum, og þó rækt störf sín vel og sumir leyst af hendi bókmentaleg þrekvirki. Og í öllum embættastjettum hafa verið til menn, sem hafa haft öðrum störfum að sinna en aðalstörfum sínum, jafnvel í læknastjettinni, og þó hafa þeir líklega síst allra embættismanna tækifæri til aukastarfa.

Jeg tek þetta fram af því, að mjer fanst, að á mig væri gerð óvingjarnleg og óviðkunnanleg árás, svo að jeg viðhafi sömu orð og hæstv. forsætisráðherra hafði um till. mínar um daginn, að þær væru árásir á fjárveitinganefndina. Jeg skal nefna, þm. til athugunar, menn úr öllum eldri embættisstjettum, sem auk embættanna og búnaðarins hafa leyst af hendi bókmentaleg þrekvirki. Til þeirra tel jeg Hallgrím Pjetursson, Ara fróða, Jón Espólín og Odd Hjaltalín. Telja mætti aðra tugum saman, sem stundað hafa búskap og rækt þó vel embættisstörf. Og það er í raun og veru svo, að mikill hluti þessara starfsmanna hefir nú svo lítið að gera mikinn hluta ársins, eins og t. d. kennarar og prestar, að þeir gætu að ósekju lagt jafnframt á sig önnur störf.

Þá skal jeg víkja snöggvast að frv. eins og það liggur fyrir nú. Jeg skal taka það þegar fram, að jeg mun greiða atkv. móti frv., af því að það er kák og nær ekki tilgangi sínum, eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tók fram, af því að hjer er ekki gengið að verki eins og við átti, og hækkuð dýrtíðaruppbótin eftir þörfum þeirra, sem hnekki bíða mestan af dýrtíðinni. En þessi tilraun hefir mishepnast svo hrapallega, að jeg get ekki ljeð henni fylgi mitt. T. d. skal jeg nefna það, að rektor mentaskólans, sem hefir 3600 kr. árslaun og 395 kr. dýrtíðaruppbót og auk þess ókeypis húsnæði, ljós og hita, sem nemur að minsta kosti 2500

kr., á að fá 500 kr. viðbót eða jafnháa og þeir, sem hafa 2000 kr. árslaun. Laun rektors verða þá samtals um 6995 kr. Jeg segi ekki, að þetta sjeu of há laun, en jeg segi, að hjer sje engin samkvæmni í eða jöfnuður.

Hjer um bil sama máli er að gegna um rektor gagnfræðaskólans á Akureyri. Hann hefir 3000 kr. árslaun, 672 kr. dýrtíðaruppbót, ókeypis húsnæði, ljós og hita, sem nemur 2500 kr., og hann á líka að fá 500 kr. viðbót. Laun hans mundu þá nema samtals 6672 kr.

Jeg skal ekki nefna fleiri einstök dæmi; jeg vildi að eins láta þess getið, hvers vegna jeg gæti ekki stutt frv. Úr því er nú orðin sú ómynd, sem jeg vil engan þátt eiga í, og þótt með því sje fengin sú bót á kjörum lækna, sem jeg vildi styðja, þá tjáir ekki að kaupa þeim þau hlunnindi með þessu handahófsverki. Þeim má líka auðveldlega bjarga með einfaldri þingsályktunartill., ef frv. fellur, því fremur, sem allir betur stæðir læknar hafa nú fengið dýrtíðaruppbót að mun af aukatekjum, eftir þingsályktunartill., sem samþykt var hjer í dag.

Inn í frv. hefir nú verið fljettað að óþörfu ákvæði um 40% dýrtíðaruppbót til þingmanna, og mun þessi gerhygli hafa átt að seiða að því atkvæði. En ekki skal þessi fleygur freista mín, og má frv. fara veg allrar veraldar mín vegna, þótt sú uppbót týnist. Hún er mjer ekki svo hjartfólgin.

Hákon Kristófersson: Jeg kann betur við að lýsa yfir afstöðu minni til frv. þessa og gera grein fyrir atkv. mínu. Jeg greiddi atkv. móti því við 2. umr., af því að mjer líkaði það ekki, og það hefir síst skánað síðan, og líkur til, að það batni ekki að þessari umr. lokinni.

Það mun mega fullyrða, að þegar þing þetta var kallað saman, munu flestir hafa haldið, að það væri gert í tilefni af tveim stórmálum, sem voru á döfinni, því margir munu hafa litið svo á, að brýn nauðsyn bæri til þingsamanköllunar, því annars mundi hún ekki hafa átt sjer stað, allra síst á þeim tíma, er raun varð á. Hygg jeg, að hið fyrra stórmálið hafi verið fánamálið og samband okkar við Dani, en hitt hafi verið bresku samningarnir, sem nú eru kallaðir breskt valdboð, og önnur mál, sem stæðu í sambandi við þá; og enn fremur hafi þingið átt að gera ráðstafanir til þess að sjá landinu fyrir vörum. Jeg hygg, að jeg megi fullyrða, að almenningur hafi litið svo á, að þetta væru aðalmálin, sem þetta þing ætti að hafa með höndum, og að þeim mundi það alleina snúa sjer.

Hitt mun öllum hafa komið á óvart, að þingið hyrfi að því að taka til meðferðar mál, sem hefðu stórútgjöld í för með sjer, svo framarlega sem þau gætu þolað bið til næsta reglulegs þings, sem saman kemur væntanlega að sumri. Við vitum, að slík mál tilheyra fremur reglulegu fjárlagaþingi heldur en aukaþingi. Og mjer er óhætt að fullyrða, að mál það, sem nú er til umr., hefði mátt bíða næsta þings. En að það hefir orðið ofan á, að farið var að hreyfa þessu máli nú, mun vera afleiðing þess, hve þingið hefir lengi setið, og má því með sanni segja, að það hafi ekki til einkis verið.

Þingið 1917 samþykti lög um dýrtíðaruppbót embættismanna landssjóðs. Og býst jeg við, að hvorki einstakir þm. eða þær nefndir, sem um þessi mál fjölluðu þá, hafi gert ráð fyrir, að veruleg breyting yrði gerð á lögunum á þessu þingi. Hinu mun allur þorri þm. og sennilega alþjóð hafa gengið út frá,

að engin veruleg breyting yrði á þeim gerð, fyr en ef þurfa þætti á væntanlegu fjárlagaþingi 1919.

Þegar maður lítur á frv. það, er hjer liggur fyrir, sjer maður, að alt annað hefir orðið ofan á. Nú á að gera stórvægilega breytingu á þessari lagasmíði. Það virðist með allmiklum rökum mega slá því föstu, að frv. þetta sje verk hv. fjárveitinganefndar, og að þar komi fram skýrt álit hennar um það, hverjir sjeu ófærastir til að bera afleiðingar dýrtíðarinnar. Þó jeg þykist þess vís, að þeir mætu menn, er sitja í þeirri hv. nefnd, hafi talið sig bæta þar úr, er mest var þörfin, þá get jeg ekki betur sjeð en að sú viðleitni hafi algerlega mishepnast, og má með sanni segja, að það veki almenna undrun, hve óheppilega leið hv. nefnd hefir farið í þessu máli. Þó er ekki svo að skilja, að jeg telji ekki víst, að meiri hl. nefndarinnar telji ekki þessa leið ákjósanlegasta. En þeir hafa farið þá leiðina, sem þeir álitu þá í svipinn færasta. En þar sem svona er af stað farið, vona jeg, að nefndin taki það ekki illa upp fyrir mjer, þó að jeg sje á gagnstæðri skoðun, því að í sumum atriðum er sýnilegt, að nefndin er ekki sjálfri sjer samkvæm. Það er ef til vill rjett, að laun sumra embættismanna eru of lág, t. d. margra presta, ýmsra kennara o. fl. Það hefði því átt að vera hlutverk nefndarinnar að bæta þar úr, er skórinn þrengdi mest að. En jeg get ekki fallist á, að nefndin hafi gert þetta. Sem dæmi vil jeg geta þess, að nefndin tekur það fram í greinargerðinni, að prestar beri einna best dýrtíðina. Þetta er rökstutt með því, að þessir embættismenn hafi framleiðslu, sem gefi allmikinn arð, arð, sem er auðvitað sýnilegri hv. fjárveitingan. en mjer og mörgum öðrum, sem rekum landbúnað. En gerum nú ráð fyrir, að þetta sje á rjettum rökum bygt. En þá bæri eins að líta á ástæður þeirra embættismanna, sem ekki hafa svo umsvifamiklum emættisverkum að gegna, að þeir geti ekki helgað krafta sína að nokkru leyti öðrum störfum; þó að þeir hafi ekki framleiðslu, þá er sama hvaðan peningarnir koma. Eins má geta þess, að í 7. gr. er svo ákveðið, að forstöðumenn skóla fái ókeypis húsnæði, ljós og hita. Þessi fríðindi eru svo mikil, að laun þessara embættismanna verða nálega eins há, ef ekki hærri, og ráðherralaun.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) nefndi rektor mentaskólans í þessu sambandi. Eftir því, er mjer tókst eftir, slepti hann úr nokkru af tekjum hans. Þær hefi jeg áætlað, eftir þeim upplýsingum, er jeg hefi fengið, þannig:

Laun	kr.	3600
Dýrtíðaruppbót f. á. ...	—	495
Hiti og ljós	—	2000
Húsnæði	—	1200
Launauppbót samþ. á seinasta þingi	—	400
Alls	kr.	7695

Þessum manni ætlar hv. nefnd 500 kr. launaviðbót samkvæmt frv. Það er ekki meining mín, að jeg sjái eftir launum þessa mæta manns, heldur bendi jeg á þetta samræmisins vegna. Því gegnir það furðu, að nefndin skuli ekki hafa sjeð sjer fært að leggja það til, að laun þeirra manna, sem eru í virðingarmestu trúnaðarstöðunum, hækki að sama skapi, t. d. ráðherranna.

Jeg hygg mikinn mun á því t. d., hversu dýralæknirinn í Reykjavík hefir miklu hærri laun en aðrir læknar. Út á það er í raun og veru ekkert að setja.

En fyrst svo er, þá er ekkert samræmi í því, að hann fái jafnháa viðbót og aðrir læknar, ef litið er til 5. gr., þar sem hjeraðslæknar fá ekki jafna hækkun. (B. J.: Viðbót dýralæknis er 100 kr., en annara lækna 500). Þetta getur verið rjett, en jeg fór eftir því, er kom fram í ræðu hv. frsm. (M. Ó.). Þingskjalið um þetta hefir ekki borist mjer í hendur

Það er aldrei vinsælt að þurfa að nefna nöfn manna í sambandi við mál sem þetta er, en þó getur það oft verið nauðsynlegt. En jeg verð nú samt, auk þess er jeg hefi áður getið, að nefna nafn eins manns, sem er í hárri trúnaðarstöðu. Þessi maður er landlæknirinn. Hann mun hafa 4500 kr. árslaun, og þar að auki bætti síðasta þing við hann 1000 kr. í skrifstofufje. Enn fremur hefir hann verið skipaður í nefnd, sem gefur allmiklar tekjur af sjer. Jeg áætla þær tekjur ekki hærri en 4000 kr.; en menn úr nefndinni hafa þó skýrt mjer frá, að þessar tekjur verði töluvert hærri, líklega um 5000 kr. Eigi er svo að skilja, að jeg telji þessar tekjur eftir. En úr því að þessi embættismaður missir ekkert af launum sínum fyrir að sitja í nefndinni, má telja þetta allverulega dýrtíðaruppbót. Jeg býst og við, að hann hafi það að auki ýmsar aukatekjur, svo sem af setu í verðlagsnefnd o. fl. o. fl. Kunnugir telja tekjur hans um 15 þús. kr. Sömuleiðis er hann þingmaður, og þó að það sje ekki mikils virði, þá nemur þingkaupið þó nokkrum hundruðum króna, og ef menn eru búsettir hjer og sleppa engum störfum fyrir þingsetuna, eru það þó að minsta kosti vasapeningar. En hvað sem um það er að segja, þá virðist tæplega ástæða til 500 kr. viðbótar við þennan heiðursmann.

Þar sem nefndin sleppir engum þessara manna, en setur hins vegar ýmsa lágt launaða embættismenn hjá, má segja, að þar sje hún ekki sjálfri sjer samkvæm. Vitanlega má segja, að gengið hafi verið fram hjá þessum mönnum á síðasta þingi. En jeg lít svo á fyrir mitt leyti, að hlutfallið sje enn óbreytt milli þeirra, sem best eru launaðir, og þeirra starfsmanna landsins, sem lægst eru launaðir. Því er síður en svo, að nokkur ástæða sje til dýrtíðaruppbótar handa mörgum þeim, er hv. nefnd ber nú mesta umhyggju fyrir.

Án þess að jeg vilji gerast málsvari hv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem er prófessor að nafnbót, nje ámæla nefndinni fyrir, að hún hækkaði ekki við hann, þá fyndist mjer þó, að meira samræmi hefði verið í því, að hækka laun hans, en sumra annara. Embættislaun hans eru ekki 6000 kr., að því er jeg hygg, heldur eru þau fengin með sjerskildum samningi. En jeg minnist þó ekki á þetta af því, að jeg telji hann vanhaldinn af þeim launum, heldur af því, að svo framarlega, sem ekki eru teknar til greina aukatekjur, er nema mörgum þúsundum, t. d. hjá landlækni o. fl., þá er ekki rjett að gera það hjá öðrum.

Jeg fæ ekki betur sjeð en fjárveitinganefnd hefði getað litið svo á, að dýrtíðaruppbótarlög síðasta þings væru látin standa óhögguð til næsta reglulegs Alþingis, og þetta mál látið liggja milli hluta, eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) benti á, til þess tíma.

Eftir því, sem fyrir liggur, er það sýnt, að hv. nefnd hefir gengið alveg fram hjá, ekki einungis mörgum einstaklingum af starfsmönnum hins opinbera, heldur heilum stjettum, t. d. sýslumönnum og prestum. Með þessu er jeg alls ekki að kvarta fyrir hönd þessara manna. Það, sem fyrir mjer vakir, er einkum samræmið. Og það verð jeg að

segja, að því er aumkunarlega ábótavant eftir till. nefndarinnar.

Að vísu er prestum eftir frv. áætlaðar 8000 kr., og við þá upphæð kemur það fram, að launabót á að veita þeim einum, sem mest eru þurfandi. Frá sanngjörnu sjónarmiði sjeð er þetta alveg rjett, en jeg get ekki sjeð, hvers vegna þessi sanngirni hefir verið látin ráða gagnvart þessum mönnum einum. Þessir menn eru engu síður en aðrir embættismenn í þjónustu þjóðfjelagsins, og eiga því bæði lagalegan og sanngjarnan rjett til launauppbótar eins og aðrir starfsmenn hins opinbera, og það þrátt fyrir það þó þeir reki búskap. Og það ber ekki fremur að líta á þá tekjugrein presta frekar en aukaatriði, en að líta á það, að aðrir embættismenn hafa meiri tekjur en aðallaunin af embættinu, af ýmsu öðru.

Jeg hefi ekki komið með brtt. við frv., sem fara ættu í þá átt, að færa niður launauppbótina til sumra embættismanna og yfirleitt að koma á meiri jöfnuði og samræmi, af því að utan um þetta frv. hefir verið slegin svo þjett skjaldborg, að ómögulegt virðist að rjúfa hana, enda er það sýnt, að till., sem færi í þá átt að færa niður uppbót sumra, sem nefndir eru í frv., mundi ekki hafa komist hjer að, hversu rjettlát og sönn sem hún hefði verið. Einhver hv. þm. hvíslaði því að hv. frsm. (M. Ó.), að hann skyldi ekki svara mjer. Jeg var alls ekki að óska eftir því, enda hafa mín orð við svo góð rök að styðjast, að ekki mun gott að hrekja þau. Mín orð eru, nú sem fyr, að jeg vona, bygð á ólíkt meiri sanngirni en orð þess hv. þm., sem með hvíslingarnar fór, hv. 1. þm. N.-M. (J. J.), og það vil jeg segja þeim hv. þm. (J. J.), að skoðun mín er ekki bygð af öðrum, hvorki í þessu eða öðrum málum!!

Þá er í 11. gr. gert ráð fyrir, að við rekum endahnútinn á alt þetta launamál, með því að samþykkja að veita okkur sjálfum 40% hækkun á dagkaupi okkar. Jeg vil ekki, þegar til margs er litið, neita því, að þetta sje sanngjörn krafa, en margir eru þó þeir meðal þessa þjóðfjelags, sem bágara eiga en við þm., en fá þó enga dýrtíðaruppbót á vinnu sinni. Jeg hefði álitið, ýmsra atvika vegna, best fara á því, að engin dýrtíðaruppbót væri að þessu sinni veitt þm., en ef hún væri nokkur, að hún hækkaði þó ekki frá því í fyrra, en nú hefir þetta ekki getað orðið, og sje jeg því ekki annað en verið sje að ýta undir aðra til þess að æskja launaviðbótar, auk þeirrar, sem þeir hafa þegar fengið. Jeg vil samt engan veginn segja, að þessi upphæð sje of há, en þó hefði jeg kunnað hinu betur, að hafa hana nokkuð lægri, einkanlega vegna þess, að það er mikill þorri manna, sem sjer eftir þessari upphæð til þm., og þar sem vandræði ganga yfir land alt, af mörgum ástæðum, hefði farið vel á því, að þingmenn gengju á undan í því að sýna sem mesta sparnaðarviðleitni. Eins og áður hefir verið tekið fram hjer í hv. deild, þá hefði það verið langbesta dýrtíðaruppbótin, sem þm. hefðu fengið, að þinginu hefði verið frestað í vor. Mig skal síst furða, eftir því sem nú er fram komið, þótt þær raddir heyrðust í sumar, er fresta átti þinginu, að það væru landráð, ef það hefir legið í loftinu, að hækka ætti kaupið. Þeir, sem voru mest á móti þingfrestuninni, voru, að mig minnir, flestir búsettir hjer, enda þeim bagaminst að sitja á þingi um þetta leyti eða yfir sumartímann.

Þá vil jeg minnast á till. hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) um það að hækka kaup póstmanna. Eins og jeg hefi þegar lýst yfir, þá er jeg á móti frumvarpsómynd þeirri, er hjer liggur fyrir, en þó sje jeg mjer ekki fært að ganga móti þessari till., svo framarlega sem frv., sem varla þarf að efast um, verður samþykt. Hún sýnist fara í svo sanngjarna átt, sem verða má, borin saman við frv., og stendur meira að segja skör framar en margar till. í frv.. Hjer eiga hlut að máli menn, sem eru mjög illa launaðir. Vitanlega má benda á það, að við þessa menn var bætt í fyrra, en sama má segja um marga af þeim, er nú eiga að fá uppbót samkvæmt frumvarpinu. En meðal annars, sem styður ummæli mín um það, að ekki hafi alment verið litið svo á, að launamálið yrði tekið fyrir nú, eru ummæli póstmeistara. Hann lýsir yfir því, að hann hafi gert ráð fyrir, að þetta mál yrði ekki tekið til umræðu eða athugunar á þessu aukaþingi, og því hefði hann ekki komið með tillögur um launabætur handa póstmönnum. Það má virkilega með sanni segja, að þetta mál er að þessu sinni komið inn í þingið fyrir tilstilli margra ágjarnra manna, er sífelt eru viðbúnir að nota öll tækifæri til að afla sjer og skjólstæðingum sínum fjár. Jeg get fallist á, að það hafi verið ilt og óþægilegt verk, sem hv. fjárveitinganefnd hefir haft með höndum, en jeg get ekki heldur neitað því, að hún hefir tekið margt til greina, sem ekki var ástæða til, og enn fremur á hún nokkra sök í ýmsu því ranglæti og ósanngirni, sem felst í þessu frv. Jeg vil, áður en jeg lýk máli mínu, taka fram þá skoðun mína, að samræmisins vegna get jeg ekki sjeð betur en að hv. fjárveitinganefnd langi til að lækka laun læknanna í 5. gr., þar sem hún gerir ráð fyrir, að þeir njóti ekki sömu uppbótar og aðrir menn. Það er sýnt, að þeir heiðursmenn hafa átt minni ítök í hv. fjárveitinganefnd, en sumir af hjer búsettum mönnum. Þar kemst hún þó að þeirri niðurstöðu, sem jeg vildi að hún hefði komist að aftur, að frekar bæri að hækka laun þeirra, sem lægst hafa, heldur en hinna.

Fleiri orðum ætla jeg ekki að fara um frumvarp þetta að sinni. Það á eftir að koma fyrir augu þjóðarinnar og fær þar vonandi sanngjarnan dóm.

Bjarni Jónsson: Menn hafa verið hjer svo þungorðir og reiðir, að jeg á bágt með að stilla orð mín svo í hóf, að vel fari. Þó mun jeg reyna, og mun jeg koma sem minst inn á almenna hlið málsins. En þó get jeg ekki slept henni með öllu, en reyna skal jeg að viðhafa svo vingjarnleg og hlýleg orð, að enginn þurfi að reiðast þeim. Það er þá þetta, sem jeg enn þá einu sinni vildi segt hafa, að síðan peningar fjellu svo mjög í verði, að menn hafa orðið að bæta upp hinn svikna gjaldeyri, sem greitt hefir verið með, þá hefir það komið fram, að skort hefir mjög á rjettlætistilfinningu þm. og rjetta hugsun, en menn munu vilja nú ef til vill segja, að það væri ekki mikill skortur, en svona er það nú samt. Minst bar á þessu árið 1916, en þó kom þegar inn þetta rangláta, sem enginn rjetthugsandi maður getur felt sig við og gerir þessa sjálfsögðu uppbót að fátækrastyrk, að gjalda þeim ógiftu minna kaup fyrir jafnvel unnið verk heldur en giftum manni. Eða hvaða vinnuveitandi eða húsbóndi mundi leyfa sjer að hafa slíkt í frammi við sína heimamenn. En hjer á hv. Alþingi er þetta haft í frammi við þessa stjett

vinnumanna, af því að þeir sitja svo fastir í skuldum og rótgrónir, að þeir geta eki losað sig úr ánauðinni. Lausast er um peningana við læknana, sem allir vita að geta tekið þann kostinn að hætta að þjóna landinu, þar sem bæði er mikil eftirspurn eftir þeim erlendis, og svo þar sem alþýða manna skilur það best, að hún geti ekki án þeirra lifað, og vill því vinna alt til að njóta kunnáttu þeirra. Laust er og um símamenn og verkfræðinga, sem nóg geta fengið að gera og alstaðar fá atvinnu, bæði hjer og erlendis. Þessum mönnum eru og veitt 6000 kr. laun, þar sem öllum öðrum er að jafnaði veitt 3000 kr. laun. Mönnum finst það sjálfsagt að bjóða slíkum mönnum 6000 kr. laun, en enginn talar um að hækka laun háskólakennaranna, sem hafa nokkuð yfir og undir 3000 kr. í laun, og er þó þessum mönnum trúað fyrir að ala upp mentamenn landsins. Þetta er hin almenna meðferð á málinu, og þeir menn, er svo haga sjer, vonast eftir að fá hrós kjósenda sinna. Menn kunna að segja, að þeim sje vorkunn, þessum hv. þm., þar sem þingið hafi ekki fundið nein þau ráð, sem dygðu. En þessu verð jeg að neita, því jeg hefi sjálfur gefið því fullgóð ráð þessu viðvíkjandi. Jeg hefi sem sje hvað eftir annað borið fram frv. þess efnis, að greiða laun embættismanna eftir verðlagsskrá. Auðvitað hefði þetta orðið til þess, að á 1. ári hefði landssjóður tapað allmikilli upphæð, það ár, sem launin voru fyrst greidd í landaurum, en tollar og aðrar tekjur teknar í peningum, en hitt er þá ráð, að taka tekjurnar líka í landaurum. Ef þessu væri þann veg farið, þá þyrftu menn ekki að sitja dögum saman á þingi og rífast um jafnauðvelt mál og það, hvort landssjóður skuli borga verkamönnum sínum uppbót á verðfalli peninganna.

Jeg ætla að leyfa mjer, úr því að það barst upp í hendur mínar bók eftir mætan og merkan mann, sem allir viðurkenna, og munu því ef til vill trúa betur en mjer, að lesa upp, með leyfi forseta, nokkrar línur. Þetta er skrifað árið 1839, af ekki ómerkari manni en Tómasi Sæmundssyni.

„Landaurar eru máttarstólpi undir öllu bjargræði voru; þeir standa ætíð stöðugir, þegar einn eyrir er lagður á móti öðrum. Án þeirra getur maður síst verið, því á þeim þarf að halda til helstu nauðsynja, fæðis og klæðnaðar, og eftir þeim verður hjer á landi jafnan hollast að setja afgjald og tekjur, laun embættismanna og annað því líkt".

Þessi orð voru sönn 1839, og þau eru jafnsönn í dag, eða öllu heldur sannari, vegna þess, að þá þektist ekki það verðfall peninganna, sem nú er. Jeg hefi áður nefnt, hvað það í eðli sínu er lítið smáræði að láta t. d. mann hafa 3000 kr. laun, því það, sem fyrir stríðið fjekst fyrir 3000 kr., fæst nú fyrir 8000 kr., í fyrra fyrir 7300 kr., nákvæmlega útreiknað. Þar sem því landssjóður veitir 3000 kr. í laun, þá leggur hann á þá upphæð skatt, sem nemur 4000 kr., því að tilætlunin er sú, að menn geti dregið fram lífið á launum. Nú er því miður svo, að langt er frá því, að nokkuð sómasamlegt hafi komið fram á þinginu í þessu máli. Má t. d. nefna lögin um dýrtíðaruppbótina, sem samþykt voru í fyrra, því að þau eru dæmalausustu lögin, sem spurst hefir til um víða veröld. Þar er t. d. svo ákveðið, að sjeu verkamenn landssjóðs einhleypir, þá skuli þeir enga uppbót fá, en ef þeir aftur á móti eiga eitthvað af krökkum,

þá skuli þeir fá svolitla slettu, þó ekki sem uppbót, heldur sem fátækrastyrk og meðgjöf með börnum sínum. Með öðrum orðum, þar er ekki nokkurt orð eða ákvæði, sem ekki er blóðmóðgandi fyrir þá, sem vinna fyrir þetta land. Mjer er það mikil ánægja, að jeg skuli vera sammála sessunaut mínum (S.St.), sem talinn er maður sparsamur á fje landssjóðs, og verð jeg að játa, að rjettsje það hjá honum, að ef vel ætti að vera, þyrfti að breyta þessu frv. mikið, til þess að koma því í samræmi. Rjetta orsökin til þess, að fjárveitinganefnd leyfði sjer ekki að koma með fullkomnara frv., mun vera sú, að hún hafi ekki búist við, að það mundi finna náð fyrir sanngjörnum (!) augum hv. deildarmanna, því það er margreynt, að ekki er það hugsanlegt, að neitt það geti gengið fram í þessu máli, sem sje rjett eða sanngjarnt.

Þetta vildi jeg nú sagt hafa um almenna hlið málsins, og jeg vona, að jeg hafi sagt það svo mildilega, að enginn hafi þurft að reiðast, enda hefi jeg valið þau mýkstu orð, er tunga vor á til. Nú vildi jeg að eins gera nokkrar athugasemdir við einstaka brtt. Það kom fram í ræðu hv. þm. Barð. (H. K.), að hann hugsaði, að dýralæknirinn í Reykjavík fengi sömu dýrtíðaruppbót og dýralæknirinn á Akureyri. Þessi misskilningur er því fólginn, að allir, sem tilnefndir eru í 4. gr., skulu fá 500 kr. uppbót, en nú er þess að gæta, að dýralæknirinn í Reykjavík heyrir undir þann flokk frv., sem nefndur er í 5. gr., en þar eru þeir taldir, er eiga að fá þá uppbót, að laun þeirra verði 2000 kr. Ef mig minnir rjett, hefir dýralæknirinn hjer nú orðið 1900 kr., svo að launaviðbót hans verður 100 kr. Jeg vil taka undir það með honum (H.K.), sem hann sagði um laun póstþjóna, og mun jeg því greiða þeirri till. atkv. mitt. Því hana tel jeg rjetta. Líka mun jeg greiða atkvæði með tillögunni á þingskj. 431, þar sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) leggur það til, að sú breyting verði á þgskj. 423, 1. tölulið, að í stað 1500 kr. komi 2000 kr. og að 500 kr. launaviðbót verði veitt skrásetjaranum við landsbókasafnið. Jeg skal ekki fara að endurtaka vel sögð og sönn orð, er höfð hafa verið um þennan mann hjer í deildinni, því jeg er þeim alveg samþykkur, enda hefi jeg áður haft tækifæri til þess að láta álit mitt í ljós um hann. Svo var líka tillaga á þingskj. 422, sem jeg hefi borið fram. Það stendur svo á, að sjerstakur kennari í gotnesku og engilsaxnesku hjer við háskólann hefir 1000 kr. laun í fjárlögunum. Jeg sje enga ástæðu til þess að undanskilja þennan mann þessari uppbót, því þó hann hefði jafnvel 2000 kr., þá væri þó engin ástæða til þess að sjá ofsjónum yfir þessum 500 kr., sem jeg ætla honum. Þessi maður er að vísu einhleypur, en hann á sjúka móður, sem hann verður að ala önn fyrir, og svo systur, sem að vísu mun að einhverju leyti vinna fyrir sjer sjálf. Annars er jeg ekki neitt nákvæmlega kunnugur heimilishögum, og skal því ekki vera orðmargur um það atriði. En jeg vil sjerstaklega mæla með því, að tillagan verði samþykt, sökum þess, að maðurinn er mjög efnilegur málfræðingur. Hann hefir sjerstaklega ráðist í að rekja íslenska málfræði saman við indogermönsk mál, og er það verk mjög vandasamt og seinlegt, og væri það mikill skaði, ef hann þyrfti að hætta við það starf, og þætti mjer vel unnið, ef þessi upphæð yrði til þess, að hann þyrfti ekki að taka aukatíma. Auk þess fæ jeg ekki skilið, að nokkur geti haft

nokkuð að athuga við þessa tillögu, og skoða jeg það því af gleymsku orðið, að hann var ekki þegar tekinn með öðrum kennurum háskólans.

Sigurður Stefánsson: Hæstv. forsætisráðherra taldi ummæli mín um afskifti stjórnarinnar af þessu máli ástæðulaus. Það getur verið, að svo sje, frá hans sjónarmiði. En betra hefði þó verið, ef hann hefði fært einhver rök fyrir því. Hann taldi, að fjárveitinganefnd hefði verið innan handar að snúa sjer til forstöðumanna landsverslunarinnar, til þess að fá að vita, hve miklum tekjum sýslumenn gætu búist við fyrir störf sín viðvíkjandi versluninni. En jeg verð að segja, að jeg þekki engan lið framkvæmdarvaldsins á landi hjer, sem þingnefndir eigi að sjálfsögðu að snúa sjer til, annan en hæstv. landsstjórn. Það getur engin nefnd verið skyldug til að hlaupa út um borg og bý, til hinna og þessara stofnana, til þess að safna skýrslum og upplýsingum um störf og tekjur embættismanna landsins. Hitt verð jeg að álíta, að þar sem hæstv. forsætisráðherra lýsir nú yfir því, að koma muni brtt. frá stjórninni, um launauppbót handa sýslumönnunum, að honum hafi snúist hugur síðan málið var hjer til 2. umr. Þá fór hann mjög lofsamlegum orðum um frv., eins og það kom frá nefndinni. Hann varaði menn þá við að snerta mikið við gerðum nefndarinnar og virtist vera á sama máli og hún í öllum atriðum. En jeg álít, að nefndir ættu ekki að þurfa að ganga eftir stjórninni um upplýsingar, sem þær þykjast þurfa að fá. Stjórnin ætti að telja það skyldu sína að gefa öllum nefndum þær upplýsingar, sem hún getur, svo að gerðir þeirra geti orðið sem rjettastar og nákvæmastar.

Nú veit jeg ekki enn þá, hvernig er varið með þessa fyrirhuguðu uppbót sýslumannanna. Jeg hefi jafnvel heyrt, að ef til vill eigi að bæta þeim kjör sín á einhvern annan hátt en þingið leggur til að gert verði við aðra embættismenn, landsverslunin eigi þar að hlaupa undir bagga með landssjóðnum. Jeg skal játa, að mjer þykir óviðkunnanlegt að hafa landsverslunina til að bæta upp kjör sýslumannanna, auk þess sem þær tekjur hljóta altaf að verða ærið óvissar. — Jeg segi þetta ekki af því, að mjer sje nokkurt kappsmál með launauppbót handa sýslumönnunum. En fyrst farið var að káka við launauppbót handa embættismönnum yfirleitt, þá var auðvitað engin ástæða til að skilja sýslumennina eftir. Nú heyrir maður, að eigi að taka þá, — ekki til bænar, heldur til meðferðar í hv. Ed., og verður það að teljast vel farið.

Jeg hefi aldrei setið á þingi, sem jafnlítil samvinna hefir verið á milli stjórnar og þings, eins og á þessu þingi. Það lítur helst út fyrir, að það sje markmið stjórnarinnar að skifta sjer sem minst af þeim málum, sem á dagskrá eru. Manni virðist helst, sem hún telji sig eiga að vera aðgerðalausan áhorfanda að öllu saman. Það getur verið holt fyrir þessa stjórn að fara þannig að ráði sínu, þar sem hver limur hennar hefir ekki meira en 5—10 atkvæði í þinginu að styðjast við. En parlamentariskt er það ekki. Það er að sjálfsögðu hagfelt fyrir stjórnina að geta sagt eftir á við þingið, ef eitthvað fer öðruvísi en til var ætlast: Þetta hafið þið samþykt. Jeg ber enga ábyrgð á því. — Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta. Mjer finst sjálfsagt, að launauppbót til sýslumannanna sje eðlileg afleiðing af launauppbót annara embættismanna.

Eftir að jeg heyrði tillögu hv. þm. Dala. (B. J.), um að borga embættismönnum landsins eftir verðlagsskrá, þá hefi jeg haft töluverða tilhneigingu til að fylgja henni. En það verður aldrei úr, að slíkt greiðslufyrirkomulag komist á, ef þingið á að „organisera" það upp á sitt eindæmi. Ef nokkuð á úr því að verða, þá er það stjórnin, sem verður að undirbúa það og leggja það fyrir þingið. Jeg sakna þess stórlega, ef landaurareikningi á alveg að verða útrýmt úr íslenskri löggjöf. En nú er það að komast á, eins og kunnugt er. Þó jeg vilji síst bera brigður á það, að nú á tímum sitji vitrir menn á þingi, þá dettur mjer ekki í hug að halda, að við eða samtíðarmenn vorir reynumst í þessu efni djúpsærri eða framsýnni en forfeður vorir, sem lögðu landauragrundvöllinn undir íslenska skattalöggjöf, er staðið hefir óhaggaður að mestu leyti um allar þær aldir, sem þetta land hefir lögum lotið, — alt fram á síðustu áratugi. Jeg fyrir mitt leyti teldi það ærna rjettarbót, ef það kæmist á, að landaurar yrðu aftur upp teknir. En til þess að beitast fyrir því að koma því á er enginn rjettkjörnari en landsstjórnin. Nú getur vel verið, að sú stjórn, sem nú situr að völdum, sje á öðru máli um þetta efni, og er henni þá vorkunn, þó hún beiti sjer ekki fyrir því. En jeg álít, að það sje ekki skylda þingsins að hafa frumkvæði í slíkum málum, heldur stjórnarinnar, og það þing, sem ekki nýtur meiri samvinnu frá stjórnarinnar hálfu en þetta þing, í þeim vandamálum, sem fyrir liggja, það er að mínu áliti stjórnarlaust. Það vantar þá samvinnu, sem á að vera milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Það er t. d. ekki þingið, sem á að segja stjórninni, hvar hún eigi að taka tekjur fyrir landssjóð, heldur á þingið að heimila stjórninni að taka fje úr þeim tekjulindum, sem hún sjálf hefir fundið. Svona er um öll stórmál, sem koma á dagskrá þings og þjóðar. Það er ekki hægt að búast við því, að þingið geti, á þeim stutta tíma, sem því er ætlaður til setu, leyst af hendi eins fullkominn undirbúning stórra mála eins og stjórnin, ef hún er stjórn sem til nokkurs dugir. Jeg skal svo ekki lengja meira umræður um þetta mál.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi ekki tekið til máls um þetta mál hjer í deildinni og ætla mjer ekki að blanda mjer inn í málið sjálft. Enda heyrir það undir hæstv. forsætisráðherra, og hann mun halda svörum uppi fyrir stjórnarinnar hönd í þessu máli. En það var aðallega vegna þess, sem sagt hefir verið um sýslumennina, sem jeg vildi leyfa mjer að gera svolítla athugasemd. Jeg vil geta þess nú þegar, að það er jeg, sem sjerstaklega er hvatamaður að því, að stjórnin kemur með brtt. um launauppbót handa sýslumönnunum. Jeg álít það með öllu ranglátt að setja þessa stjett hjá, þegar flestum öðrum embættismönnum er veitt launauppbót. Það er sjerstaklega ranglátt, þegar litið er á það, að ekki er útlit fyrir, að sýslumennirnir hafi neinar aukatekjur, sem nokkru nemi, af landsversluninni. Þeir mundu því verða verulega illa staddir. Og þeir, sem best voru settir fyrir stríðið, verða nú hvað verst úti, því útgjöldin við embætti þeirra hafa aukist, þó tekjurnar hafi minkað. Sumir sýslumenn hafa jafnvel tilkynt stjórninni, að þeir hafi engar tekjur af embættum sínum, heldur jafnvel halla, ef þeir fái ekki neina uppbót. Þess vegna hafði jeg ákveðið að koma fram með brtt. í hv.

Ed. um þetta atriði. Jeg bjóst satt að segja ekki við að geta verið á þessum fundi; annars hefði jeg reynt að koma brtt. hjer að.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) notar þetta tækifæri, eins og öll önnur tækifæri, sem honum bjóðast, til þess að hefja árás á stjórnina. Jeg ætla nú ekki að blanda mjer inn í það mál. Þar er hæstv. forsætisráðh. til svara, svo jeg get leitt það hjá mjer. En eitt af því, sem hv. þm. (S. St.) tók fram, var þó þannig vaxið, að jeg get ekki gengið fram hjá því. Jeg skildi hv. þm. (S. St.) svo, að hann teldi núverandi stjórn frábrugðna öðrum stjórnum í því, að hún kæmi ekki með teknafrv. En þetta getur alls ekki átt við. Frá þessu þingi hafa þegar verið afgreidd þrjú tekjuaukafrv., sem öll komu frá stjórninni. Og jeg man ekki betur en að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) væri með þeim öllum og gerði enga brtt. við neitt þeirra, til að breyta þeim eða bæta. Jeg get því ekki annað en álitið, að hv. þm. (S. St.) hafi með afstöðu sinni til þessara frv. viðurkent það, án þess að hann hafi viljað, að hann hefir sýnt stjórninni ekki svo litið traust.

Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um þetta mál. Hæstv. forsætisráðherra, sem málið heyrir undir, er fyllilega maður til að halda uppi svörum fyrir stjórnarinnar hönd. Þetta frv. er ekki heldur komið frá stjórninni, eins og það er nú, heldur frá hv. fjárveitinganefnd. Það frv., sem stjórnin kom með í fyrstu, var miklu takmarkaðra, náði að eins yfir nokkra menn.

Þá var hv. þm. (S. St.) að fárast um, að stjórnin væri að leggja fyrir þingið ýms mál, sem eingöngu heyrðu framkvæmdarvaldinu til. Mjer er óhætt að fullyrða það, að hver einasta stjórn í heimi ber á þessum tímum undir þing sitt þau vandamál, sem fyrir koma. Og það, að hv. þm. (S. St.) fer að kvarta um þetta, er blátt áfram broslegt, það er blátt áfram hlægilegt. Ef stjórnin bæri ekki vandamál sín undir þingið, þá er jeg viss um, að þingmenn mundu taka það illa upp. Hjer er því sýnilega verið að búa til þennan hvalablástur beinlínis út í loftið, og það af þessum hv. þm. (S. St.), sem jeg veit ekki til að hafi komið fram með nokkra till. til bóta á þessu þingi. Stjórnin lagði þó fram dýrtíðarfrv., auk tekjuaukafrv., sem jeg hefi áður minst á. En það er skoðun mín, að það sje ekki fyrsta krafan, sem gera á til stjórnar, að hún ungi út svo og svo mörgum frv. Það er heldur ekki fyrsta krafan, sem gera á til þingsins, að það búi til mikið af lagafrv. Jeg lít svo á, að ekki eigi að búa til fleiri lög en nauðsynin knýr fram.

Jeg vildi að eins gera þessar almennu athugasemdir, út af ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Jeg fæ ekki annað sjeð en að árás hans á stjórnina hafi nú, eins og endrarnær, við engin rök að styðjast.

Einar Arnórsson: Jeg á að vísu brtt. á þgskj. 426, við frv. það, sem fyrir liggur. En þar sem jeg tel vafasamt, hvort jeg þarf nokkuð að mæla með henni, þá hafði jeg ekki neina ástæðu til að taka til máls við þessa umr., hefði ekki hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vikið að mjer í ræðu sinni áðan. En fyrst jeg er staðinn upp, þá ætla jeg að byrja á brtt. minni.

Brtt. þessi er á þgskj. 426 og fer fram á, að föstum aðstoðarmönnum vega- og vitamálastjóra verði veittar 1000 kr. í launauppbót, sem stjórnin skifti á milli þeirra eftir till. vega- og vitamálastjór-

ans. Mig furðar, að nefndin skyldi ekki koma með till. um þessa breytingu, þegar henni var bent á það við 2. umr., að þessir menn hefðu fallið úr. Jeg hygg, að fyrir nefndinni hafi vakað sú ástæða til þess að sleppa þessum mönnum, að þeim er ekki bannað að hafa aukastörf með höndum. En þessi ástæða er lítils virði, vegna þess, að embættismönnum er yfirleitt ekki bannað að taka að sjer aukastörf, sem þeir geti haft tekjur af, ef þeir rækja embætti sitt vel og samviskusamlega fyrir því. Löggjafarvaldið hefir ekkert skift sjer af því, og getur ekkert skift sjer af því, ef störfin eru ekki því fjarskyldari því starfi eða því embætti, sem maðurinn á að gegna. — Hver getur t. d. bannað lækni, sem er prófessor í læknisfræði við háskólann, að hafa á hendi aukastörf við lækningar? Það er fyrst hægt að skifta sjer nokkuð af aukastörfum manna, þegar þau brjóta á einhvern hátt í bág við það starf, sem þeir eiga að hafa á hendi. Það er því engin ástæða til að útiloka þessa menn, sem brtt. fjallar um, fyrir þessa sök, ef þeir að eins vinna þau störf, sem yfirmenn þeirra ætla þeim.

Svo ætla jeg að leyfa mjer að drepa á annað atriði, sem virðist hafa ráðið atkvæði manna um annað mál hjer í deildinni. Það kom fram í umr. um till. til þingsályktunar um launauppbót handa símamönnunum, að menn mundu segja upp stöðum sínum og hverfa frá starfinu, ef kjör þeirra væru ekki bætt. En vita þá hv. þm. ekki, að verkfræðingarnir hafa ekki sjeð sjer fært að vinna fyrir landið, heldur hafa þeir gengið úr stöðum sínum og farið að vinna í þarfir bæjarfjelaga, eða þá „praktiserað“ sem sjálfstæðir verkfræðingar. Öllum er kunnugt um, að forstöðumaður vegamálanna fór þessa leiðina fyrir skömmu. Sama er að segja um aðstoðarmenn vegamálastjórans. Mjer er kunnugt um, að einn þeirra gekk í þjónustu bæjarfjelags hjer á landi, og jeg held mjer sje óhætt að segja það sama um annan. Það getur ekki gert neitt til, þó jeg nefni nöfn þessara manna. Það eru þeir Jón Þorlákssson, Jón Ísleifsson og Hjörtur Þorsteinsson. Það hlýtur að vofa yfir þessum stöðum, að menn yfirgefi þær, þegar þeir geta annaðhvort fengið betri stöður hjá öðrum, eða þá sjálfstæðan starfa. Þessi hætta er auðvitað því meiri, sem stöðurnar eru ver launaðar. — Þó að jeg líti ekki svo á, að það sje bráðnauðsynlegt að hafa altaf sömu mennina við hvern starfa, eins og t. d. póstmenn og símamenn, þá álít jeg, að það geti verið óheppilegt að hafa ekki sömu verkfræðingana lengst við þau störf, sem landið þarf að láta vinna.

Jeg ætlaði mjer að útbúa brtt. eftir formi þessarar greinar í frv. En jeg veit ekki, hvort nú er nokkur fastur aðstoðarmaður hjá vegamálastjóranum. Hjá vitamálastjóranum er einn fastur aðstoðarmaður, og eru honum ákveðin laun í fjárlögunum, 2500 kr. Ef ekki er neinn fastur aðstoðarmaður hjá vegamálastjóranum, þá ætlast jeg auðvitað ekki til, að hinn fái nema sinn hluta af þessari uppbót, sem brtt. nefnir.

Þá kem jeg að ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann sagði, að jeg hefði ekki reiknað rjett út dæmi það, er jeg tók við 2. umr. þessa máls. Það er að vísu rjett, að jeg hafði reiknað ofurlítið skakt, en sá misreikningur var mínu máli í óhag, en hans máli í hag. Mig langar nú til að sýna fram á, hvernig í þessu liggur, þó það komi ekki við þessari 3. umr. málsins. Jeg skal ekki tefja tímann mjög lengi.

Jeg tók til dæmis mann, sem hefir 3500 kr. í laun og 3 börn að framfæra. Til þess að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) geti fylgst með, þá skal jeg sundurliða þetta dæmi nánar. (**Sv. Ó.:** Það var ekkert minst á börnin í líkræðunni. Það var áður, sem verið var að tala um þau). Jú, það var minst á börnin einmitt í þessu sambandi. Jeg hafði ákveðinn mann fyrir augum, sem sje skrifstofustjórann á 3. skrifstofu í stjórnarráðinu. Hann hefir nú í árslaun kr. 3500,00 + dýrtíðaruppbót af því, kr. 525,00 = kr. 4025,00. Eftir till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), ef þær hefðu verið samþyktar, þá hefði þessi embættismaður fengið í laun kr. 4000,00 + dýrtíðaruppbót af því, kr. 325,00 = 4325,00. Svo er þess að gæta, að þegar dýrtíðaruppbót er reiknuð af upphæð, sem nemur 4000 kr., þá er að eins veitt uppbótin af launaupphæðinni, en ekki neitt framfæringafje. Þessi maður, sem jeg tók til dæmis, missir því 3×70 kr., eða 210 kr. Þegar svo er reiknaður út mismunur kjaranna eftir lögum um æðstu stjórn landsins ásamt lögum um dýrtíðaruppbót embættismanna og sýslunarmanna landssjóðs, og aftur eftir frv. því, sem fyrir liggur, ef brtt. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefðu verið samþyktar, þá verður mismunurinn ekki 115 kr., eins og jeg sagði við 2. umr., heldur 90 kr. — Nú getur maður gengið lengra og hugsað sjer, að þessi embættismaður eigi 6 börn innan við 14 ára aldur. Þá hefði hann tapað 120 kr. frá því, sem hann nú hefir, ef hinar margnefndu till hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefðu verið samþyktar.

Annars er ekki ástæða til að fara lengra út í þessa sálma. Það er búið að ræða um þetta hjer í deildinni, og hv. deild hefir sýnt, að hún kunni að meta till. hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) að verðleikum. Jeg sje því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þær.

Eitt atriði í ræðu hv. þm. Barð. (H. K.) tel jeg rjett að minnast á. Það var um þingfararkaupið. Hann ljet svo um mælt, að sumir þm., tók ef til vill fram berum orðum, að það væru Reykjavíkurþingmenn, mistu einkis í af störfum sínum við þingsetu. Segjum svo, að þetta sje rjett hjá hv. þm. (H. K.). En til hvers myndi það þá leiða? Ef hans hugsanagangur væri rakinn, myndi það leiða til þess, að þeir ættu ekki að fá neitt þingfararkaup. (**H. K.:** Þetta er útúrsnúningur). Ef þeir fá þingfararkaupið sem kaup fyrir unnið verk, þá er ekki unt að gera upp á milli Reykjavíkurþingmanna og utanbæjarþingmanna. Menn gæti greint á um, hver hafi unnið mest verk á þinginu. En enginn mun þó vilja halda því fram, að maður geti ekki unnið sitt verk af þeirri ástæðu einni, að hann sje Reykvíkingur.

En það er alls ekki rjett, að þeir þingmenn, sem búsettir eru í Reykjavík, sleppi engu af störfum sínum fyrir þingsetuna. Mjer þætti gaman að vita, hvað hv. þm. (H. K.) veit um þetta. Hvort veit hann um það, að jeg hefði ekki getað varið tíma mínum mjer til gagns og þarfa, hefði jeg ekki verið bundinn við þingsetuna? Jeg býst við, að hv. þm. (H. K.) yrði ógreitt um svör, er hann ætti að fara að sanna, að jeg hefði ekki getað gert neitt annað fyrir utan embættisstörf mín. Og sama mætti segja um flesta aðra Reykjavíkurþingmenn. En óþarfi er að fara út í slík atriði og segja, hvað menn hefðu gert við tíma sinn, ef þetta hefði verið eða ekki verið. Það væri sama sem jeg segði um hv. þm. Barð. (H. K.), hvort hægt væri að sanna, að þessi hv. þm. (H. K.) hefði unnið að búum sínum, en ekki legið

heima í leti og ómensku, hefði hann ekki setið á þingi í vor. En auðvitað geng jeg að því vísu, að bæði hann og aðrir hv. þm. hefðu unnið að búum sínum, ef þeir hefðu setið heima.

Gísli Sveinsson: Jeg vildi að eins segja eitt orð í tilefni af ummælum hv. frsm. (M. Ó.) um skrásetjarann við landsbókasafnið. Jeg skil þó orð hans á þá leið, sem hann hafi fremur mælt þau í gamni heldur en sem mótmæli gegn brtt. minni, sem hann var áður búinn að lýsa sig fremur hlyntan, að því er mjer skildist.

Hv. frsm. (M. Ó.) gat þess, að ekki gæti skrásetningarstarfið talist aðalstarf mannsins, þar sem hann hefði tekið lögfræðipróf. En svo stóð á, að ekki var hægt að vinna jafnmikið á landsbókasafninu í vetur er leið og ella hefði verið gert, sökum kolaskorts. Þessi maður, er hafði áður stundað lögfræðinám um nokkur ár, en hætt við það og horfið að öðrum rannsóknum, er hugur hans hneigðist meir að, notaði nú þennan tíma til þess að ljúka lögfræðiprófinu. Jeg veit ekki, nema fleiri sjeu þeir en jeg, sem vilja meta þetta meira og álíta það meira „frægðarstrik“ en þótt hann hefði notað þennan tíma til þess að leita sjer annarar atvinnu, t. d. við skriftir. En auðvitað á starf hans við safnið að vera aðalstarf mannsins í öllum eðlilegum tilfellum, og er það líka fyllilega.

Þegar talað er um að bæta kjör starfsmanna landsins, verður ekki komist hjá því að bæta upp þessum manni og öðrum, er stendur líkt á fyrir. Og mæli jeg þetta ekki af því, að jeg viti ekki, að aðrir hv. þm., og þar á meðal hv. frsm. (M. Ó.), eru mjer að sjálfsögðu sammála í þessu efni.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 2. júlí, var framhaldið 3. umr. um frv. (A. 419, 422, 423, 426, 431, 432, 436, 437).

Hákon Kristófersson: Jeg hygg, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hafi misskilið nokkuð af orðum þeim, er jeg sagði í gær. Hv. þm. (E. A.) fór þannig með mín orð, að jeg hefði sagt, að þeir þm., sem búsettir eru í Reykjavík, þyrftu engu að sleppa niður af störfum sínum. Þetta voru ekki mín orð, en jeg sagði einungis allra helst ef þeir ekki þyrftu að fella niður önnur störf“, og það hygg jeg vera, í flestum tilfellum. Hefði hv. þm. (E. A.) því eins getað sparað sjer sumt af ummælum sínum. Einnig er það staðleysa, að jeg hafi haldið því fram, að þeir þm., sem eru búsettir í Reykjavík, væru síður vel vinnandi en þm. utan af landi. Síður en svo. Það er t. d. alkunna um hv. 2. þm. Árn. (E. A.), hvílíkur afkasta- og vinnumaður hann er. En hitt er annað mál, að þeir standa ólíku betur að vígi að sinna þingstörfum heldur en þm. utan af landi, og þeir eru betur haldnir með 8 kr. í dagpeninga heldur en hinir með 10 kr. Um það er óþarfi að fara mörgum orðum; það segir sig sjálft.

Þá sagði hv. þm. (E. A.), að jeg myndi ekki geta leitt rök að því eða líkur, að hann hefði ekki getað unnið sjer neitt til gagns og þarfa á þessum tíma, hefði hann ekki orðið að sinna þingstörfum. Jeg fór alls ekki inn á það svið, og hefði hv. þm. (E. A.) því getað sparað sjer þau ummæli, er hann

viðhafði í sambandi við þetta. En því hefir þó verið haldið fram, að kennarar þyrftu sumartímann til þess að búa sig undir kensluna næsta vetur, og ef þeir gætu ekki sint því sakir anna, kæmi það ef til vill niður á nemendum þeirra. — Eftir því mundu það verða lærisveinar hv. þm. (E. A.), er yrðu fyrir halla af þingsetu hans, en hann ekki.

Jeg verð að taka undir með hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að besta dýrtíðaruppbótin til þingmanna utan af landi hefði verið að fresta þinginu fyrir löngu. En aðalmótstaðan gegn því mun hafa komið frá þingmönnum í Reykjavík, og getur verið, að það sje af þeirri ástæðu, að þeir sjeu þeim mun glöggskygnari en aðrir þm. Mæli jeg þetta þó ekki til hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), enda telst hann ekki lengur til Reykjavíkurþingmanna. En hv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði við mig í „privat"-samtali í vor, að ef þinginu yrði frestað, myndi hann krefjast þingfararkaups síns eins og það sæti. Sú krafa hefði þó að minsta kosti ekki stuðst við neina sanngirni, hefði hann getað aflað sjer tekna á annan hátt!

Það eitt lá í orðum mínum, að þm. þeir, sem búsettir væru í bænum, gætu jafnt annast um störf sín sem fyr, þó að þingið sæti, en ekki hitt, að þeir ynnu þingstörf sín ver en aðrir. Það var útúrsnúningur, og er leitt til þess að vita, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) skuli vera búinn þeim eiginlegleika að fara rangt með orð annara og snúa út úr þeim, eins og svo oft hefir sýnt sig.

Það má geta þess í þessu sambandi, að engum þm. utan af landi kom til hugar, að þingið sæti lengur en 5—6 vikur. En nú hefir það þegar setið í 11 vikur, og enginn veit, hve langt muni til þingloka. Af þessu leiðir, að þm. utan af landi verða enn ver úti heldur en hefðu þeir vitað þetta fyrirfram.

Jeg hygg, að jeg hafi ekki fleira að segja að þessu sinni. Jeg ann hv. 2. þm. Árn. (E. A.) þeirrar sæmdar, sem hann hefir aflað sjer með því að snúa út úr orðum mínum, og mun ekki mæla til hans fleiri orðum, nema hann gefi mjer sjerstakt tilefni til þess.

Sveinn Ólafsson: Jeg þykist vita, ef hv. þingdm. vantar ekki of marga á fund, að frv. muni sigla beggja skauta byr út úr deildinni, og mun því gagnslítið deila um það. Samt vildi jeg lýsa yfir því, að þótt jeg greiði atkv. gegn frv. í heild sinni, þá er það ekki af því, að jeg áliti ekki brýna þörf á einhverri launaviðbót til sumra starfsmanna landsins. En jeg á ekki kost á að greiða atkv. með uppbót til þessarar manna, án þess að jeg verði um leið neyddur til að leggja lið hinu mesta misrjetti, sem fram hefir komið á síðustu þingum í þessu launabóta- og dýrtíðarmáli.

Jeg er því samþykkur að veita læknum í útkjálkahjeruðum uppbót. Sömuleiðis eiga prestar, og þó einkanlega bændurnir, að fá einhverja frekari uppbót, póstmenn og ýmsir aðrir starfsmenn, sem við sultarkjör sitja. En þegar ekki er hægt að samþykkja þetta án afarkosta, sem jeg tel vera, þá hlýt jeg að setja mig móti öllu málinu, enda er frv. þetta það skrípi, sem ekki á stuðning skilið, eins og áður hefir nógsamlega verið tekið fram. Þetta er þá greinargerð fyrir afstöðu minni og atkv., og vildi jeg um leið mælast til þess, að hæstv. forseti láti fara fram nafnakall um frv.

Loks vil jeg víkja örfáum orðum að hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Jeg veit ekki,

nema hann hafi „skuldskrifað“ mig fyrir þeim 115 kr., er við deildum hjer um við 2. umr. og hann staðhæfði að væri raunveruleg uppbót þess manns, sem fengi laun sín nú hækkuð úr 3500 kr. í 4000 kr., en í stað þess að fá dýrtíðaruppbót af 3500 kr., eins og áður, fengi uppbót eftir minni till. af 4000 kr.

Jeg þarf nú tæplega að endurtaka það, að þetta er allsendis rangt. Dýrtíðaruppbót eftir lögum nr. 59, 26. okt. 1917, er 525 kr. af 3500 kr. og 350 kr. af 4000 kr. Þess vegna verður hinn sami munur, ef till. mín hefði fram gengið, 325 kr., en ekki 115 kr. En hitt er annað mál, að með því að breyta dæminu og gera ráð fyrir, að hlutaðeigandi maður ætti börn, jafnvel 6 börn, eins og hv. þm. (E. A.) gerði, þá gæti uppbótin orðið minni og maðurinn jafnvel tapað á henni. Þetta þurfti jeg ekki að láta segja mjer; það lá í augum uppi, og var þó alt að einu vinningur meiri en 115 kr., þótt kaupbegi hefði 2 börn. Þetta var því að eins gert til þess að breiða yfir skekkjuna hjá hv. þm. (E. A.), og er þessi barnareikningur því algerlega fyrir utan efnið, alveg úti á þekju. Mætti segja, að hv. þm. (E. A.) hefði „barnað fyrir mjer söguna“, ekki einu sinni, heldur 6 sinnum, og það er sitthvað en að hnekkja hárrjettum reikningi.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg þarf ekki að fjölyrða um málið að þessu sinni. Jeg vildi að eins drepa á nokkur atriði, er komu fram í ræðu hv. frsm. (M. Ó.) í gær, sem jeg er ekki samþykkur og get ekki leitt hjá mjer að minnast á.

Hv. frsm. (M. Ó.) gat þess, að nefndin hefði reynt að fara svo skamt, sem hún hefði frekast getað. Af þeirri ástæðu hafi nefndin ekki getað fylgt till. minni um launabætur póstmanna. En þar finst mjer sparsemin koma ómaklega niður. Póstmenn hafa allra starfsmanna landsins minst laun, en mikla vinnu, og munu fáir eiga skilið að fá uppbót betur en þeir. Þótti mjer því vænt um, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) skýrði það frekar, er jeg hafði sagt um þetta atriði.

Hv. frsm. (M. Ó.) sagði, að ef póstmönnum fyndist staða sín ekki lífvænleg, þá gætu þeir skift um stöðu og leitað annarar atvinnu, er væri betur launuð. Þessu er fyrst til að svara, að hið opinbera hefir ekki leyfi til skapa mönnum þau kjör, að þeir geti ekki lifað við þau, heldur verði að hröklast frá starfi sínu. Í annan stað er þess að gæta, að þar sem þeir bera svo mikla peningaábyrgð, þá er ábyrgðarhluti að skamta þeim svo lág laun, að þeir geti ekki dregið fram lífið. Dæmi eru til þess, að menn hafa gripið til þeirra ráða, sem ekki eru viðfeldin og þeir hefðu ekki gripið til, ef þeim hefði verið launað sæmilega.

Það skýtur og allskökku við, er hv. frsm. (M. Ó.) ljet um mælt, er till. um uppbót til símamanna var til umr. Hann kvað þá nauðsynlegt að launa símamenn svo vel, að þeir þyrftu ekki að stökkva frá starfi sínu. Menn kæmu óvanir að símanum, en þegar þeir væru orðnir vanir starfinu, þá hrökluðust þeir oft og einatt í burt vegna þess, að þeim nægðu ekki laun sín. Þetta er alveg rjett. En það nær engu síður til póstmanna en til símamanna. Allflestir bestu póstafgreiðslumennirnir hafa sagt starfa sínum lausum; þeir hafa ekki treyst sjer til að lifa við þau kjör, sem þeim hafa verið boðin. Og nú alveg nýlega hafa nokkrir menn farið frá pósthúsinu.

Jeg er á því, að menn verði fyrst í stað, að minsta kosti hjer í bænum, varir við þá breytingu, sem verður á af-

greiðslu póstsins. Maður sá, sem haft hefir þann starfa að bera út póstinn hjer í bænum, hefir nú sagt þeim starfa lausum, og býst jeg við, að erfitt verði að fá mann í hans stað.

Jeg þarf nú ekki frekar að leiða rök að nauðsyn þeirri, sem á er þessu máli. Jeg gerði það í gær, og hefir enginn mótmælt því, er jeg þá sagði. En til frekari árjettingar skal jeg geta þess, að póstafgreiðslumenn, t. d. á brjefhirðingarstöðum úti um land, verða víst fegnir að losna við þann starfa, því að þóknunin, sem þeir fá, mun naumast hrökkva fyrir kaffi og veitingum handa póstinum. Jeg skal nú nefna af handahófi nokkra staði, t. d. Egilsstaði. Svo er nú ástatt að vísu, að bóndinn þar mun standa sig vel, þótt hann hafi engan ágóða af póstafgreiðslunni, enda er það vitanlegt, að hann fær minna en ekki neitt fyrir verkið, og er því ekkert undarlegt, þótt hann vilji gjarnan losna við þesskonar starf, enda hefir hann æskt þess. Á brjefhirðingarstaðnum í Skriðdal hefir hlutaðeigandi maður afsagt að hafa brjefhirðinguna á hendi. Annar hefir nú verið fenginn til þess, og frábiður hann sjer slíkan bagga. Svipað mun vera ástandið hjer nærlendis, svo sem t. d. á Lágafelli. Svo að þetta nær lengra en að eins til póstafgreiðslumanna í Reykjavík eða kaupstöðunum, því að það er úti um alt land. Það sýnist því ekki að nauðsynjalausu, að farið er fram á einhverjar bætur til póstmanna.

Nú hafa komið fram við till. mína 2 brtt. Er önnur þeirra á þgskj. 436, og vill hún breyta þannig, að í stað 15000 kr. komi 8000 kr. Bót kynni nú að vera í þessu; því neita jeg ekki. En þó vil jeg mælast til þess, að hv. deild fallist ekki á þessa brtt., því að það er of lítil hækkun. Verði þessi till. samþykt, hækkar þóknun til póstmanna, svo lág sem hún var áður, um ein 13%. En líti maður á hækkanir til annara embættismanna, þá nema þær þetta frá 14—70%. Og þar sem það er ómótmælt, að þessir starfsmenn, póstmennirnir, eru lægst launaðastir allra, þá kann jeg ekki við, að þeir fái lægstu uppbótina. Mjer hefði þótt eðlilegra, að þeir hefðu verið settir ofarlega í hækkanastiganum.

Enn er komin fram önnur brtt., frá hv. þm. S.-Þ. (P. J.), um að í stað 15000 komi 10000 kr. Hún er að vísu nokkru nær, en þó nemur hækkunin þar ekki nema um 16%. Brtt. mín fer fram á að hækka þóknun póstmanna um 25%, og get jeg ekki annað en álitið hana svo sanngjarna, sem verða má. En ef hv. þingdm. geta þó ekki fallist á hana, þá vona jeg, að þeir samþ. þó fremur till. hv. þm. S.-Þ. (P. J.), en ekki till. hv. þm. Stranda. (M. P.), sem vill lækka uppbótina meira.

Magnús Pjetursson: Jeg skaut fram í gærkveldi brtt., er jeg sá, að málið myndi ekki lúkast þá, til þess að bæta úr kjörum póstmannanna. Jeg segi „bæta úr“ vegna þess, að jeg er sannfærður um, að brtt. hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) nær ekki fram að ganga, en ef svo væri, að meiri hl. þm. vildi samþykkja hana, þá geta þeir það eins fyrir því, þótt þessi brtt. sje fram komin.

En að jeg fór svo langt niður, eða niður í 8000 kr., er af því, að jeg byggi till. á nokkuð öðrum grundvelli en hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) byggir sína. Hv. þm. (J. B.) ætlast sem sje til, að uppbótin verði 25% og nái til allra starfsmanna póstmálanna. En jeg geri ráð fyrir, að hún nái ekki til allra, heldur einungis til þeirra, er helst þurfa. (J. B.: Það geri

jeg líka). Og ef gengið er út frá því, þá álít jeg, að 8000 kr. muni hjálpa mikið. Jeg geri ekki ráð fyrir, að póstafgreiðslumenn þeir, er fengu ef til vill alt að 30% launahækkun á síðasta þingi, ætlist aftur til launabótar á þessu þingi. Eins verð jeg að segja, að jeg hafði ekki gert ráð fyrir því, að brjefhirðingarmenn, sem aldrei hafa fengið borgun, svo neinu nemi, fyrir það starf, yrðu þessarar uppbótar aðnjótandi. Og ef bæta ætti þeim upp svo, að það gætu talist nokkur borgun, þyrfti að ætla þeim miklu meira en 25%. Hvaða borgun getur það t. d. heitið, þótt brjefhirðingarmaður, sem hefir 20 kr. þóknun, fengi 25%, eða 5 kr. í viðbót, og hefði þá alls 25 kr.? Menn leysa þetta starf alment af hendi eins og smáskyldustarf, sem ekki taki að krefjast fullrar borgunar fyrir, og sje jeg ekki, að mögulegt sje fyrir þingið að kippa þessu í lag, því að enginn vafi er á því, að ef nú á að byrja að launa þessum mönnum svo, að sæmilegt sje, þá þýðir ekki að nefna 15 þús., heldur mætti þá sennilega fara upp undir 100 þús. kr. hækkun til póstmálanna.

Jeg læt mjer nú í ljettu rúmi liggja, hvort till. mín eða hv. þm. S.-Þ. (P. J.) verður samþykt. Það er sama hvor er, og við vissum ekki hvor af öðrum er við bárum þær fram. Jeg býst sem sagt við, að önnurhvor þeirra verði samþykt. En þetta vil jeg leggja áherslu á, að ef till. hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) verður ekki samþ., þá sjái póstmeistari um, að uppbótin komi niður þar, sem hennar er mest þörf, en ekki hjá öllum póstmönnum yfirleitt.

Úr því að jeg stóð upp, þá vildi jeg minnast á það, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var að tala til mín í gær. Jeg tók nú ekki vel eftir því, sem hann sagði, en hann var víst eitthvað að fetta fingur út í það, að jeg hafði á móti þeirri stefnu hans í launamálum. Það hefir verið misskilningur hans, sem kom fram í því, að hann vildi láta launa embættismenn landsins þannig, að ætlast væri til, að þeir hefðu einnig aðra atvinnu — naumast vísvitandi misskilningur, heldur misskilningur bygður á skilningsleysi — að jeg vildi banna mönnum þeim, er starfsþrek og starfslöngun hafa, að fást við störf utan síns embættis. Það var ekki meining mín, heldur hitt, að jeg vildi ekki binda menn með lögum til þess að leita sjer aukastarfa. En jeg kalla menn bundna til þess með lögum, ef þeim eru svo illa launuð störf sín í landsins þarfir, að þeir neyðist til að leita sjer aukaatvinnu til að geta lifað.

Enn fremur var sami hv. þm. (Sv. Ó.) að nefna dæmi þess, að ýmsir þarfir og þjóðnýtir menn hefðu afkastað miklu utan embættis síns. Nefndi hann til Hallgrím Pjetursson. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir þá hugmynd, að hann hafi með kveðskap sínum verið að reka atvinnu til þess að geta lifað. Kann ske hann ímyndi sjer, að hann hafi verið að skrifa undan prentsmiðjunni! Svo verð jeg nú að segja það, að þótt t. d. prestar gefi út guðfræðibækur og prjedikanir og yrki sálma, þá er það að, mínu viti, ekki utan starfssviðs þeirra, heldur í því.

Hefi jeg svo ekki ástæðu til að segja fleira, en vildi að eins drepa á þetta skilningsleysi hv. þm. (Sv. Ó.).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg var búinn að biðja um orðið í gær, en satt að segja hefði jeg vel getað slept að segja nokkuð. Það var að eins örlítil athugasemd, út af ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem jeg vildi gera, en hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir nú svarað

því, svo að jeg gæti slept því. En jeg vil þá að eins geta þess, að jeg dreg það mjög í efa, að svo sje, sem hv. þm. (S. St.) sagði, að hann hafi aldrei setið á þingi, þar sem minni samvinna hafi verið milli þings og stjórnar en nú. Jeg hygg nú reyndar, að hann þurfi ekki að leita langt aftur í tímann til þess að minnast þings, sem hann hefir setið á, þar sem samvinnan var langtum minni, — jafnvel frá hans sjónarhóli sjeð.

Annars varð jeg ekki var við, að hv. þm. (S. St.) segði nokkuð málinu til upplýsingar, en mjer virtist hann að eins nota tækifærið til þess að taka stjórnina til meðferðar, eða öllu heldur til bænar. Jeg býst við, að það sje rjettara að segja, að hv. þm. (S. St.) hafi viljað taka stjórnina til bænar; hann er stöðugt að taka stjórnina til bænar, eins og prestum er títt, og einatt er gert, til þess að hjálpa þeim til að skilja við, sem örðugt er um það.

Pjetur Jónsson: Jeg ætlaði að mæla nokkur orð með brtt. minni, en hv. þm. Stranda. (M. P.) hefir nú mælt með sinni brtt. á þann hátt, að það getur átt við mína, af því þær eru sömu stefnu, og get jeg því skírskotað til þess, er hann sagði.

Að eins vil jeg geta þess, að ef athugað er hækkunin í launatill. fjárveitinganefndar af hundraði hverju, þá er sú uppbót þetta 15—20% á launum flestra embættismanna, sumstaðar minna, en sumstaðar að vísu nokkuð meira. En ef maður tekur laun póstmanna, þá eru þeim áætlaðar í fjárlögunum nú ca.45 þús. kr., og er þá viðbótin eftir till. minni rúmlega 20% til jafnaðar. En það er nú ekki ætlun mín, að þessu fje skuli úthluta „procentvis“, heldur eftir ástæðum. Jeg hefi ekki gert ráð fyrir því, að farið yrði að skifta sjer af brjefhirðingum, sem eru mest í höndum presta og bænda úti um land, en auðvitað er á valdi póstmeistara að gera það, ef honum sýnist svo, í einstökum tilfellum.

Jörundur Brynjólfsson: Að eins stutt athugasemd. Brtt. mín ber það með sjer, að jeg ætlast til, að fjenu verði úthlutað eftir þörfum, en ekki hundraðstölu, enda tók jeg það fram, að póstmeistara væri trúandi til að skifta því rjettlátlega. Væri fjenu skift eftir hundraðstölu, þyrfti ekki að ræða um rjettláta skiftingu.

En viðvíkjandi því, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, þá er hækkunin eftir till. hans ekki 20%, heldur liðug 16%.

ATKVGR.

Brtt. 431, a. og b. samþ. með 14 : 1 atkv.
— 423, 1., svo breytt, samþ. með 13 : 1 atkv.
— 423, 2. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 423, 3. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 422 samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., S. St., Þorl. J., B. Sv., Ó. B.

nei: B. St., E. J., H. K., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þór. J.

M. Ó. greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (S. S. og Þorst. J.) fjarstaddir.

— 423, 4. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 426 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 423, 5. samþ. með 16 : 1 atkv.

Brtt. 423, 5. samþ. með 16 : 1 atkv.
— 436 tekin aftur.
— 437 samþ. með 14 : 2 atkv.
— 432, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., S. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. J., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó.
nei: P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., E. Árna., H. K., M. G., Ó. B.

Einn þm. (S. S.) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bráðabirgðalaunaviðbót til embættismanna og fl., eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 442).

Á 57. fundi í Ed., fimtudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að máli þessu verði vísað til fjárveitinganefndar, að umræðu lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því ekki framar á dagskrá tekið og varð

e k k i ú t r æ t t.

C. Þingsályktunartillögur.

1. Dýrtíðaruppbót af aukatekjum lækna.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til þess að greiða hjeraðslæknum og aðstoðarlæknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra (A. 244).

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 30. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var till. aftur tekin til fyrri umr. (A. 244, 268).

Flm. (Gísli Sveinsson): Þessi tillaga er, eins og menn geta ráðið í, komin fram vegna þess, hvernig málinu um hækkun á taxta lækna er komið. Við, sem berum þessa tillögu fram, og auk þess ýmsir aðrir hv. þingmenn, erum þeirrar skoðunar, að þegar öll kurl koma til grafar, þá sje nú hætta orðin á, að síðari villan sje að verða verri hinni fyrri, eða með öðrum orðum, að verra sje að hækka hin föstu laun lækna heldur en að deildin hefði fallist á taxtahækkunina. Jeg var þeirrar skoðunar, að sjálfsagt væri að gefa læknum heimild til þess, eins og sakir standa, að hækka taxtann, og ýmsir vildu fara meðalveg í þeirri hækkun og komu með brtt. í þá átt, að taxtahækkunin yrði ekki jafnmikil og frv. fór fram á, en sú brtt. kom ekki til atkvæða, heldur var svo að segja í þagnarþei ákveðið að drepa frv. En slíkri óbilgirni gátu menn ekki unað, og síst af öllu læknar, og því er nú frv. um hækkun á launum lækna komið fram. En um þetta hefir áður verið rætt, svo að jeg skal ekki þreyta hlustir hv. þm. með því að rifja það upp aftur.

Jeg lýsti því þegar yfir við 1. umr. um hækkun á föstum launum lækna, að mjer væri ekki um, að málinu hefði verið hleypt inn á þá braut, og mjer er illa við það enn þá, og það meðal annars af þessum ástæðum.

Í fyrsta lagi virðist það alt til þessa hafa verið þegjandi samkomulag hjer í þinginu að ákveða ekki á þessum tíma föst laun neinna embættismanna til frambúðar, heldur bæta þeim upp að einhverju leyti verðfall peninganna í öðru formi, eða með dýrtíðaruppbótinni svo nefndu. Og í öðru lagi finst mjer það hljóti að verða bein afleiðing þess, ef föst laun lækna verða hækkuð, að aðrir embættismenn, sem ekki eru betur settir, komi á eftir og krefjist launahækkunar, og þeir eiga eins heimtingu á því, að verða teknir til greina.

En þó að jeg geti ekki aðhylst þetta frv., sem hjer hefir legið fyrir, þá tel jeg það með öllu rjett, að læknar eigi kröfu á meiri launauppbót heldur en þeir hafa nú, og hygg jeg, að allir hv.

þm. sjeu mjer sammála um það. Þess vegna er þá líka þessi tillaga komin fram, og fer hún í þá átt, að veita læknum ekki að eins dýrtíðaruppbót af föstum launum, heldur líka af aukatekjum, og til þess að eitthvað muni um þessa uppbót, ekki af aukatekjunum og föstu launununum samanlögðum, heldur hvoru í sínu lagi. Það er kunnugt, að dýrtíðaruppbótin getur orðið á 800 kr., en verður það ekki hjá læknum nú; en ef við bætist uppbót á aukatekjunum, þá getur upphæðin alls orðið allveruleg. Auk þessa er manni kunnugt um það, að margir læknar fara nú þegar hærra í því, sem þeir taka fyrir verk sín, en heimilað er í reglugerðinni um taxta lækna. Þá er það enn eitt atriði, sem gerir þessa tillögu aðgengilegri heldur en hækkunina á föstu launununum, og það er, að hjer bera læknar laun sín úr býtum fyrir unnin verk sín. Hjer er ekki þeim ljelega og ónýta gert jafnhátt undir höfði og þeim góða og nýta, heldur fær sá læknirinn, sem mest er sóttur og mest hefir að gera, mestu uppbótina, því að hann hefir með því meiri aukatekjur eða borgun fyrir störf.

Þessi tillaga er því miklu rjettlátari heldur en frv. Þessi stefna er þá líka í fullu samræmi við taxtahækkunina, þar sem þeir einir njóta uppbótarinnar að nokkru ráði, sem erfiða mest og bestir eru eða mest sóttir hjeraðslæknanna. Jeg hygg því, að öllu vel athuguðu, að þetta verði happasælasta leiðin út úr málinu, eins og það er nú komið, en ef einhver skyldi geta bent á aðra leið betri og sanngjarnari, þá sje jeg enga ástæðu til að spyrna við henni, heldur mundi það miklu fremur gleðja mig.

Jeg býst við, að þessari tillögu verði vísað til fjárveitinganefndar, og jeg geri það beint að tillögu minni, að svo verði gert, og sömuleiðis býst jeg við, að frv. verði líka vísað þangað. Jeg tel því víst, að þessari umræðu verði frestað þangað til fjárveitinganefnd hefir farið um málið sínum höndum, því eins og kunnugt er, hefir sú nefnd fengið sjerstaka „skikkun“ til þess af deildinni að fjalla um slík mál sem þessi.

Jeg finn svo ekki ástæðu til fleiri orða út af þessu máli.

Einar Arnórsson: Jeg hefi ásamt hv. þm. Stranda. (M. P.) leyft mjer að bera fram brtt. við þingsályktunartill. þessa, og fer hún í þá átt, að uppbótin af aukatekjunum nemi 100%. Þessi tillaga er því í samræmi við þá till. hv. fjárveitinganefndar, er ætlaðist til, að hækkunin á gjaldskránni næmi 100%. Að eins er sá munurinn, að gjaldið er greitt af öðrum en nefndin ætlaðist til, en jeg býst við, að þar sem hv. fjárveitinganefnd taldi þá hækkun rjettláta, þá telji hún einnig þessa tillögu okkar sanngjarna.

Jeg er samþykkur hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um, að málinu verði vísað til frekari athugunar til fjárveitinganefndar, úr því deildinni fanst hún best fallin til þess að athuga þessi launamál.

ATKVGR.

Brtt. 268 tekin aftur til síðari umr.

Tillgr. samþ. með 15 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 15 : 1 atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með 13 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 1. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 244, 268, n. 424).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg ætla ekki að flytja neina framsöguræðu fyrir nefndarinnar hönd, því að nefndin hefir að eins látið þessa till. koma í deildina til þess, að hún geti ráðið ráðum sínum. En eftir því, sem þessu máli hefir reitt af hjer í deildinni, þá þótti nefndinni nauðsyn á að bæta kjör lækna. Sumir hafa lýst yfir því, að þeir sjeu ekki ánægðir með þá uppbót, sem gert er ráð fyrir í launauppbótarfrv. embættismanna. Og meiri hl. nefndarinnar taldi þá 500 kr. uppbót allsendis ófullnægjandi; jafnvel má telja líklegt, að hún nægi ekki til þess að halda þessum embættismönnum í embættinu. Þetta vil jeg biðja hv. deildarm. að athuga. Jeg er sannfærður um, að ef læknar fá ekki hærri bætur á þessu þingi, þá fara þeir að leita fyrir sjer um betri embætti, og eftir því, sem jeg veit best, mun engin skotaskuld fyrir lækna að afla sjer betri starfa, því eftirspurn er mikil eftir þeim í öðrum löndum. En jeg hygg, að deildin mundi þá álíta ver farið.

Jeg skal ekki fjölyrða frekar um till. þessa. Jeg býst við, að aðalflutningsmaður hennar taki til máls og mæli með henni. Jeg skal að eins geta þess, að í till. felst sú stefna, sem hreyft hefir verið, að öll uppbótin sje goldin úr landssjóði.

Gísli Sveinsson: Það er rjett, sem hv. frsm. (M. P.) tók fram, að jeg og fleiri af þeim, er fluttu till. þessa, höldum fast við hana, og sje jeg eigi ástæðu til annars en ráða hv. deild til að samþykkja hana. Nú hefir verið ákveðið í þessari hv. deild, að allir læknar skuli verða aðnjótandi 500 kr. launahækkunar, og þarf jeg eigi að taka það fram, að sú leið er að mínu skapi verri, að landssjóður greiði uppbót eða viðbót við föstu launin. En eins og kunnugt er, þá er það ekki fáanlegt, að þingið samþykki, að þeir, sem lækninn nota, greiði honum uppbót að sínum hluta. En nú er það svo frá mínu sjónarmiði og líka fullyrt af öðrum, að sú launauppbót, sem læknum er ákveðin í frv. um bráðabirgðalaunabætur embættismanna, nægi ekki til þess, að þeir sætti sig allir við að vera kyrrir í embætti sínu, þó að sumir mundu verða það eftir atvikum. Og það tel jeg ófært, að stofnað sje í þann voða, að læknar fari frá embætti sínu.

Það gerir læknum leið þá, sem farið er fram á í till. þessari, aðgengilegri, að í henni er gert ráð fyrir, að þeir fái meiri hækkun en ákveðin er í frv., miðað við tekjur þeirra og fyrirhöfn við læknastörfin. Og get jeg ekki fallið frá því, að þetta sje rjettlátasta leiðin, eigi að eins að lögum, heldur og gagnvart læknunum sjálfum og sjúklingunum.

Jeg fæ ekki sjeð, að það sje á móti þessari till., þó að þeir, sem mikil störf hafa á hendi, fái hærri uppbót.

Hjer er borin fram brtt., sem jeg veit ekki hvort flm. halda fast við, um að þessi dýrtíðaruppbót verði 100%. En af því að þessi till. er miðuð við það ástand, sem var í ákvörðunum þingsins, en ekki er nú, hygg jeg, að hún verði tekin aftur. Þá liggur að eins fyrir till. mín, og vona jeg, að hv. deild taki henni vel, því að með henni er þó að nokkru bætt úr ástandinu, hvað þetta mál snertir.

Sveinn Ólafsson: Af því að jeg er meðflutningsmaður þessarar till., get jeg eigi leitt hjá mjer að segja nokkur orð.

Eins og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók

fram, hafa orðið allmiklar breytingar á þessu máli síðan till. þessi kom fram, þar sem nú eru líkur til, að læknar fái til jafnaðaruppbótar 500 kr. hver. Þess vegna efast jeg um, að till. eigi nú við.

Við 2. umr. launabótamáls embættismanna, sem nýlega er afstaðin, kom það í ljós, að menn vildu eigi aðhyllast dýrtíðaruppbót, sem væri miðuð við laun læknanna uppbætt og því aukin. Jafnvel hv. þm. Stranda. (M. P.) var svo hlálegur, að vilja eigi þiggja fyrir læknanna hönd 75 kr. hækkun á dýrtíðaruppbótinni, sem till. mín í því máli laut að. Jeg get vel skilið, að honum þyki þetta lítil uppbót. En 20 kr. uppbót eftir þessari till. er þó minni. Hann hefir sem sje gefið þá upplýsingu, að aukatekjur margra lækna sjeu 50—500 kr. Af 50 kr. aukatekjum mundi uppbótin eftir þessari till. verða 20 kr., af 100 kr. 40 kr., af 200 kr. 80 kr. Það er álíka upphæð og áður stóð til boða, og tekur varla máli að bjóða það, fremur fyrnefndum 75 kr. Jeg get þess vegna ekki felt mig við að fylgja þessari till., eins og hún nú er. Jeg vil ekki móðga hv. frsm. (M. P.) með því að bjóða stjettarbræðrum hans þessa uppbót, úr því að jeg var svo óheppinn að styggja hann með 75 kr. uppbótartilboðinu.

Jeg veit vel, að lækna, sem hafa mikil störf — um 2000 kr. aukatekjur — munar um uppbótina. En um slíka dýrtíðaruppbót er það að segja, að hún kemur niður þar, sem síst skyldi; því þeir, sem hafa rýrustu embættin, þurfa helst á uppbótinni að halda. Jeg sje þess vegna ekki til neins að bjóða 20 til 200 kr. uppbót þeim, sem mesta hafa þörfina; þeim getur engin styrkur í því verið, að vel stæðir stjettarbræður þeirra fái þrefalda til fjórfalda uppbót.

Jeg mun því ekki fylgja till. úr því, sem nú er komið, og líkt mun vera um suma meðflutningsmenn mína.

Jeg fæ ekki sjeð, að uppbót af 50 kr. geti komið í veg fyrir það, að læknar segi af sjer, eins og hv. frsm. (M. P.) og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) óttuðust svo mjög, því að þeir læknar, sem ekki hafa meiri aukatekjur, hafa mesta þörf fyrir að segja af sjer, og ef sá er vilji þeirra, trúi jeg ekki, að þeir spekist við 20—40 kr. uppbót, jafnvel ekki þótt hún næði 200 kr.

Jón Jónsson: Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, af því að jeg vildi sjá, hvernig færi með launafrv., áður en tillagan kæmi fram.

Það er satt, sem sagt hefir verið, að nú er komið í óvænt efni með launamálið. Það hefir verið vikið frá þeirri stefnu, sem ómótmælanlega er rjett, að bæði landssjóður og sjúklingar greiði hlutfallslega launaviðbót handa læknum. Jeg og fleiri hafa viljað fara milliveg, sem sje þann, að uppbótin kæmi ekki að eins frá sjúklingunum, heldur og einnig úr landssjóði. En svo fór, að þessi till. var feld, og jeg verð að segja, að það var illa farið; því að jeg veit, að margir vilja ekki ganga þá braut, að læknar fái uppbótina einvörðungu úr landssjóði. En nú er í raun og veru ekki hægt að verða við kröfu lækna, úr því, sem komið er, nema með því móti, að gjalda þeim uppbótina úr landssjóði, annaðhvort með launaviðbót eða uppbót af aukatekjum, eða hvorttveggja. Nú heyri jeg á hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að hann álítur eigi þörf á að samþykkja tillöguna, þar sem læknum eru ætlaðar 500 kr. hverjum í launahækkun. Jeg veit eigi, hvort aðrir hv. þm. eru sömu skoðunar.

Vjer verðum að sýna þessari stjett

fulla sanngirni, því að hún er mjög virðingarverð og hefir mikið og vandasamt verk að vinna. Er ekki ofsagt þó sagt sje, að hún sje með þörfustu stjettum þessa lands.

Jeg skal játa það, að mjer var illa við að samþykkja þessa tillögu, eftir að jeg sá, að sú leið var farin, að bæta föst laun lækna og annara embættismanna með sjerstökum lögum, og mjer er enn illa við að greiða henni atkvæði mitt. Jeg álít það ekki skyldu okkar, sem voru með taxtahækkuninni, að svara fyrir æfilok þessa frv. Það er hinna sök að bæta fyrir gerðir sínar í því máli. En jeg geri ráð fyrir, að læknar verði óánægðir með málalokin, ef ekki verður bætt úr fyrir þeim frekar en gert er í frv. Og það er mjög leitt, ef læknar verða svo óánægðir og taka gerðir þingsins svo illa upp, að þeir ef til vill segja af sjer embætti. Það er leiðinlegt að geta ekki gert þessari stjett manna til hæfis, því að jeg tel þá alls góðs maklega, eins og raunar hverja aðra stjett embættismanna, en það verð jeg þó að játa, að þessir menn eru einhverjir þörfustu embættismenn þjóðarinnar. Þá ber þess að gæta, að þeir hafa ekki hingað til farið fram á eða heimtað launabætur, heldur hafa þeir sýnt mikla hæversku og hógværð. Jeg verð því að greiða tillögunni atkvæði mitt, þó mjer sje það móti skapi, bæði af því að jeg tel þá leið ranga, sem greiða vill alt úr landssjóði, og svo er fjárhagur landsins svo erfiður, að ilt er að þurfa að ganga þessa leiðina.

Ekki er hægt að segja með vissu, hversu miklu þessi dýrtíðaruppbót næmi, en jeg get hugsað mjer, að hún nemi alt að 20 þús. kr., eða einhversstaðar milli 10 og 20 þús. kr. Í fjárveitinganefndinni óaði okkur við að hækka laun lækna um 1000 kr., ekki af því að læknar ættu það ekki skilið,, heldur af því að okkur fanst þetta vera svo mikil og há upphæð; þess vegna lögðum við það til, að föstu launin yrðu hækkuð um 500 kr., og svo yrði læknum leyft að hækka taxtann um 50%. Ef þessi tillaga verður samþykt, býst jeg við, að læknar muni líta svo á, að þingið hafi viljað taka fult tillit til óska þeirra, og það mun þá líka láta nærri, að þeir fái þær bætur, sem þeir fóru fram á að fá. Jeg verð að álíta það virðingarvert hjá læknum, að fara fram á, að gjaldskráin yrði hækkuð, því að svo lít jeg á það mál, að þeir hafi vitað, að þröngt var í búi hjá landssjóði og hafi því ekki viljað íþyngja honum með frekari kröfum.

Hefði jeg verið viss um, að þeir menn, sem greiddu mótatkvæði taxtahækkunarfrumvarpinu, greiddu atkvæði með þessari tillögu, þá hefði jeg greitt atkv. móti henni, en jeg get ekki verið viss um, að þeir fari svo að ráði sínu, og síst af öllu eftir að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem bæði er meðflutningsmaður að þessari till., og þar að auki var einn þeirra manna, sem veittu taxtafrv. banasárið, hefir lýst yfir því, að hann muni snúast í móti þessari tillögu. En jeg vil ekki verða meðal þeirra, sem vilja útiloka lækna frá allri frekari hækkun, og verð jeg því að brjóta odd af oflæti mínu og greiða till. atkvæði; því það er eina leiðin til þess að greiða úr málinu, úr því sem komið er.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) drap á, að uppbótin kæmi niður þar, sem síst skyldi, en það get jeg ekki talið rjett hjá hv. þm., því jeg verð að telja það rjett, að þeir læknar fái mesta uppbótina, sem verða altaf að vera út um hvippinn og hvappinn og fara verða yfir fjöll og firnindi, til þess að berj-

ast gegn sjúkdómunum. Enda er það ekki rjett, að þeir læknar fái mest launin, sem sitja í erfiðustu hjeruðum, svo erfiðum, að þeir slíta sjer út langt fyrir tímann, til þess að geta rækt sína erfiðu köllun. Einmitt þessir menn eiga uppbótina best skilið, því að verður er verkamaðurinn launanna.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg ætlaði mjer að láta þetta mál afskiftalaust og taka ekki til máls um það, en nú hefir hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) sagt svo margt, sem jeg get ekki látið ómótmælt. Ef nokkur vafi hefði leikið á um það, áður en hann tók til máls, að tillagan yrði ekki drepin, þá skil jeg ekki, að sá vafi geti verið enn þá til, því að mjer finst hv. þm. (J. J.) hafa með ræðu sinni kveðið upp dauðadóm yfir tillögunni. Hann lýsti að vísu yfir því, að hann mundi fylgja tillögunni, en röksemdir hans voru alt annað en vel fallnar til þess að auka henni fylgi.

Hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) drap á það, að þeir hefðu ekki fallist á að hækka taxtann; hefðu vikið frá þeirri rjettu stefnu, að almenningur borgaði nokkuð af launauppbót lækna. Jeg skil ekki í því, hvernig hv. þm. (J. J.) getur slegið fram þessari staðhæfingu órökstuddri, þar sem það stendur óhaggað, að slík hækkun á taxta mundi helst koma niður á sjúklingunum, og afleiðing þess mundi verða sú, að fátæklingarnir mundu fremur hliðra sjer hjá því að sækja lækninn. Og þó ekki hefði verið nema þessi ástæða ein, þá hefði hún verið nægilega mikilsverð til þess að fella taxtahækkunarfrv.

Þá gat hv. sami þm. (J. J.) þess, að við, sem felt hefðum taxtahækkunina, hefðum látið það í ljós, að við vildum bæta úr kjörum lækna. Það er rjett hermt hjá hv. þm. (J. J.), enda höfum við sýnt það með atkvæðagreiðslunni um launahækkun lækna, og er því óþarft að draga það í efa. Það eru talsverðar bætur fólgnar í launafrv. fyrir lækna, þó þær sjeu ekki alveg eins háar og æskilegt er. En mjer er það óskiljanlegt, að þeir skuli helst ekki vilja telja þetta launabætur, sem voru með taxtafrv., þar sem það er sannað, að ¼ hluti lækna hefir minna en 500 kr. í aukatekjur; þó að gjaldskráin hefði verið hækkuð, mundi hækkunin aldrei hafa orðið meiri en 500 kr. hjá þessum ¼ hluta, svo að þeir verða ekki fyrir neinum skaða, þó að þeir fengju ekki meiri uppbót; það væru þá helst þeir, sem tekjuríkari væru. Svo er það og hálfu hjákátlegra að vera altaf að staglast á þessari gjaldskrárhækkun, þar sem því hefir verið lýst yfir, í Læknablaðinu, að læknar taki tvöfalt meira gjald fyrir störf sín en gjaldskráin heimilar. Þessar röksemdir eru ærið ljettar á metunum og standa á völtum fótum.

Þá gat hv. þm. (J. J.) þess, að það væri ekki þeirra skylda, er með taxtahækkuninni hefðu verið, að bæta kjör lækna, heldur væri það þeirra, er felt hefðu gjaldskrárhækkunina. Það er nú ekkert vafamál, að hollara er að greiða þessa hækkun til lækna úr landssjóði heldur en að taka fjeð af sjúklingunum, og hálf leiðinlegt er, hve fast sumir hv. þm. halda í það.

Það virðist því vera rjett, sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði, að það væri að gera sjúklingana að gjaldstofni. Jeg get ekki sjeð nokkra ástæðu til þess að fara þá leið, jafnvel þó nokkrir læknar yrðu fyrir það að bera skarðan hlut frá borði.

Hv. þm. (J. J.) drap á, að það væri ilt ef læknar tækju illa upp fyrir þingmönn-

um, að taxtahækkunin hefði verið feld. En jeg hygg, að þó að svo yrði, þá væri erfitt að benda á ástæðurnar til þess með rökum. Jeg get ekki sjeð, af hvaða ástæðu þeir eiga að reiðast, því að þeir segjast taka hærra gjald af sjúklingum heldur en gjaldskráin leyfir, og það hefir maður svart á hvítu, í blaði læknafjelagsins. Þeir um það, hvort það er rjett; það er ekki á mína ábyrgð. Hitt efast enginn um, að læknar eru alls góðs maklegir, og jeg þykist hafa sýnt, og býst við hv. þm. yfirleitt, að þeir sjeu alls góðs maklegir. Það er alls ekki rjett að draga það inn í umr., að þm. vilji ekki sinna kröfum lækna.

Það má geta þess hjer, að margir hjeraðslæknar hafa látið þá skoðun í ljós, að þeir vildu einna síst kjósa það, að fá launauppbótina af sjúklingum.

Þá drap hv. þm. (J. J.) á það, að læknar hefðu sýnt mikla hæversku og hógværð í þessu máli. Ó já, það fer nú eftir því, á hvaða mælikvarða það er mælt. Það sem þeir hafa látið til sín heyra, hefir ekki borið vott um neina sjerstaka hógværð. Þá mintist sami hv. þm. (J. J.) á það, að rjett hefði verið hjá læknum að hafa einmitt farið fram á taxtahækkun, þar sem þeir hafi vitað, að fjárhagur landssjóðs var þröngur. Þeir hafa vitað, að nóg fje var í kistuhandraða sjúklinganna! Þetta hefði ekki átt að koma fram, því það er ekki læknum til lofs, því það hefði ekki átt að vera aðalkapp lækna að taka sem mest fje úr vasa sjúklinganna. Enda ætti það að vera læknum ljóst, að þeir eru ekki eingöngu til vegna launanna, heldur jafnframt þó að minsta kosti til þess að gæta heilbrigði manna.

Jeg ætla nú ekki að fjölyrða frekar um þetta mál. Jeg hefði ekki sagt eitt einasta orð um till., sem jeg er meðflm. að, ef hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) hefði ekki haldið þessari gjaldskrárhækkun enn fram.

Jeg segi ekkert um það, hvort jeg greiði atkv. með eða móti till., þó jeg hafi nú þegar ráðið við mig, hvernig jeg muni láta atkv. mitt falla.

Gísli Sveinsson: Mjer finst ekki vera hægt að krefjast minna af meðflm. þessarar till., ef þeir á annað borð standa upp til þess að halda ræðu, en að þeir lýsi yfir, hvort þeir vilji nú greiða atkv. með henni eða móti. Mjer finst eðlilegt, að þm. eins og hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) minni á það, hvernig farið hefir verið með þetta mál. Jeg skil heldur ekki, að þeir, sem drápu taxtafrv., skuli vera svo hörundsárir, að þeir þoli ekki að heyra taxta nefndan, en þó finst mjer líklegt, að þeir, sjeu nú farnir að sjá eftir því, hverja útreið taxtahækkunin fjekk; annars væri tal þeirra út í bláinn. Jeg skal svo ekki tala frekar um það atriði eða fara að verja læknana, því að jeg hefi ekki lesið orðin í Læknablaðinu sjálfu, sem mest hneyksla. En sannast að segja finst mjer það ekkert tiltökumál, þótt þeir lýsi skoðun sinni í blaði sínu, og jafnvel þó að þeir lýsi henni með talsvert hörðum orðum og skorinort. — Jeg veit ekki betur en að „kollegar“ hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hafi nýlega skrifað í blað sitt allsnúðuga grein í garð hv. þm. út af kennaramálunum, og hefir enginn þm. hlaupið upp til handa og fóta og farið að barma sjer út af því. Síst af öllu ættu þó hv. þm. að láta slíkt hafa áhrif á atkvgr. sína, eins og jafnvel hefir komið fram.

Annars voru það orðin, sem hv. 1. þm.

S.-M. (Sv. Ó.) viðhafði um þessa till., sem jeg vildi tala nánar um. Fyrst var hann meðflm. að till. þessari, en nú er hann sýnilega mótsnúinn henni, og virtist mjer það vera þrent aðallega, sem hann hafði á móti henni.

Fyrst og fremst var það, að honum virtist dýrtíðaruppbótin of lítil hjá sumum læknum til þess, að hann í þessu árferði, sem nú er, vildi verða til þess að veita hana. Í fyrstu kom það til mála, að þessi uppbót ein yrði látin nægja, og þá virtist mjer ekki betur en að hann teldi hana nægilega. (Sv. ó.: Jeg sagði aldrei, að hún væri nægileg). Jeg get ekki gengið út frá öðru, þar sem hann hóf þá engin andmæli. Nú hafa þó læknar fengið afgreitt frá þessari deild 500 kr. hækkun á föstum launum sínum, og eiga að fá þetta að auki, svo að maður skyldi ætla, að hv. þm. (Sv. Ó.) þætti nú of langt farið, en ekki of skamt. Þau stinga líka dálítið í stúf, þessi ummæli hv. þm. (Sv. Ó.), við það, að ekki er lengra síðan en í fyrradag, að hann vildi veita kr. 2,50 sem uppbót til tiltekinna embættismanna. Annars má benda á það út af orðum sama hv. þm. (Sv. Ó.), að ekki er það vel trúlegt, að þeir sjeu margir læknar, sem hafi ekki meira en 50 kr. í aukatekjur, og þess vegna mun líka óhætt að telja uppbótina meiri en 20 kr.

Í öðru lagi sagði hv. þm. (Sv. Ó.) það, og reyndi að sanna með rökfimi sinni, að þessi uppbót kæmi mest niður þar, sem síst skyldi, eða með öðrum orðum hjá þeim, sem mest hefðu að starfa. Eftir minni skoðun á málinu ætti þetta ekki að vera mótbára gegn till., heldur meðmæli, og þess vil jeg biðja hv. þm. (Sv. Ó.) að gæta, að þessi uppbót kemur ekki fremur misjafnt niður nú heldur en í upphafi göngu sinnar, er hann gerðist meðflm. hennar. En það má vera, að þessi umskifti hv. þm. (Sv. Ó.) standi eitthvað í sambandi við þá skoðun hans, að hann virðist vilja hlynna að því, að embættismenn reyni til þess að fá lífsuppeldi sitt með því að gefa sig við öðrum störfum en þeim, er þeir eiga sjerstaklega að fást við.

Í þriðja lagi taldi hann það ástæðu fyrir því að vera mótsnúinn þessari till., að læknar mundu eins fyrir það hlaupa úr embættum, þótt þeir fengju þessa uppbót. En til þess er engin ástæða að hugsa svo, eða að minsta kosti ekki nú fremur en áður. Læknarnir fóru fram á dálitla taxtahækkun eingöngu, og verða þeir ekki ver settir með þeim till., sem upp á síðkastið hafa komið fram, sumpart til hækkunar fastra launa, sumpart um dýrtíðaruppbót á aukatekjum.

Svo held jeg ekki, að jeg þurfi að mæla frekar með þessari till., því að það hefir einnig verið gert rækilega af öðrum. Frumtill. læknanna um bót á kjörum þeirra var það, að fá læknataxtana hækkaða um helming frá því, sem nú er. Leit þá svo út, eins og drepið hefir verið á, sem þeir teldu það viðunandi bót á kjörum sínum, eða að minsta kosti ætluðu þeir að gera sig ánægða með það, hefði það fengist. Þá lækna, sem lítil læknisstörf hafa í hjeraði sínu, hefði að vísu munað öllu minna um það en þá uppbót, sem þeim er nú fyrirhuguð, en samt verður ekki annað sjeð en að einnig þeir hafi ætlað að gera sig ánægða með þetta.

Jeg held, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) þurfi að finna betri rök en þetta, til þess að bera fram því til afsökunar, að hann geti nú verið á móti þessari till. Satt að segja bjóst jeg ekki við, að hann þyrfti á því að halda að leita að slíkum rökum. Að vísu kom mjer það á óvart, að hann færi að verða á móti sinni eigin

till. á þessu stigi málsins. En til þess þurftu þó ekki að liggja nema ein rök, sem sje þau, að hann vilji ekki veita læknum meiri uppbót en þá, sem fram á er farið í frv. um launauppbót embættismanna. Þau rök geta að vísu verið fullgild fyrir hann til þess að vera á móti till., en þau eru ekki nægileg til að sannfæra neinn um, að rjett sje að hafa sama vilja í þessu efni og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg hjelt, að búið væri að ræða þetta mál svo mikið fram og aftur, að ekki væri nein ástæða til að fara að ræða læknataxtana enn einu sinni. Mjer þykir því ekki eiga við að svara neinu í ræðu hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og skal alveg leiða hana hjá mjer. En það voru nokkur orð í ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem gáfu mjer tilefni til þess að kveðja mjer hljóðs. Það var þessi dæmafáa kurteisi og nærgætni gagnvart mjer, sem komu fram í þeim ummælum hv. þm. (Sv. Ó.), að hann gæti ekki verið með till., af því hann væri svo hræddur um að móðga mig með þv. Mjer þykir auðvitað mjög vænt um þessa kurteisi, og jeg vona, að það verði ekki í eina skiftið, sem hv. þm. (Sv. Ó.) tekur slíkt tillit til mín og minna skoðana og hagar sannfæringu sinni eftir því, sem hann heldur að mjer líki best. Að hann heldur, að það mundi móðga mig, ef hann yrði með till., byggir hann á því, að jeg lýsti yfir því um daginn, að jeg mundi greiða atkv. á móti frv. um bráðabirgðalaunauppbót embættismanna, ef brtt. þessa hv. þm. (Sv. Ó.) yrðu samþyktar, en þær brtt. ætluðu læknum 75 kr. aukna hækkun. Jeg hjelt nú, að hv. þm. (Sv. Ó.) gæti gert sjer grein fyrir, hvers vegna jeg tók þessa afstöðu til þess, sem þá var á seiði. Það var ekki af því, að jeg vildi forsmá þessa hækkun okkar læknanna í sjálfu sjer, heldur var það hitt, að jeg vildi ekki þiggja þessar 75 kr. læknum til handa, þegar um leið átti að draga fleiri hundruð af flestum öðrum embættismönnum. Jeg þykist vita, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hafi ekki getað sett sig inn í þennan hugsanagang, og jeg gat ekki heldur búist við því af honum. Hann gat að sjálfsögðu ekki skilið, að mjer stæði ekki á sama um það, þó verið væri að gera annara kjör alkari um leið og mín væru bætt. En það kemur ekki að sök, því flestir hv. deildarmenn munu kunna að meta þessa aðstöðu mína, aðrir en þessi hv. þm. (Sv. Ó.).

Hv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að hjá sumum læknum næmi dýrtíðaruppbót af aukatekjunum ekki nema 20 kr. Það er alveg rjett, að einn læknir hefir gefið upp, að hann hafi ekki nema 50 kr. í aukatekjur. Af þeim aukatekjum ber honum ekki meiri dýrtíðaruppbót en 20 kr. Jeg skal líka viðurkenna það, viðvíkjandi orðum hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að fjórði hluti læknanna er þegar búinn að fá eins mikla uppbót eða meiri en þó taxtarnir hefðu verið hækkaðir um helming. En hinn hluti læknanna er ekki búinn að fá nándarnærri eins mikla uppbót. — Eins og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hagaði orðum sínum, var ekki hægt að skilja hann öðruvísi en svo, að það væri 20 kr. á hvern lækni í landinu, sem þessi dýrtíðaruppbót næmi. Jeg veit, að hvorki honum nje öðrum dettur þetta í hug. Ef svo væri, er jeg ekki viss um, að hann væri tillögunni eins andvígur og hann er. En hann hefir þóst þurfa þess með, til að rökstyðja sitt mál, að haga orðum sínum á þessa leið.

Það er alveg rjett athugað hjá hv.

þm. (Sv. Ó.), að þessi dýrtíðaruppbót útilokar það ekki, að hjeraðslæknar segi upp embættum sínum. En því meiri á-ástæða er fyrir þá að gera það, sem minna er sint rjettmætum kröfum þeirra hjer á þingi.

Út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) skal jeg að eins leyfa mjer að minnast á eitt atriði. Hann sagði, að læknar hlytu að vita það manna best, hve hættulegt það væri fyrir heilbrigði í landinu, ef sjúklingar þyrftu að borga mikið fyrir læknishjálp. Læknarnir verða að sjálfsögðu, eins og aðrir menn, að byggja ályktanir sínar um þetta efni á þeirri reynslu, sem þeir hafa fyrir sjer. Og jeg vil þá leyfa mjer að leggja eina spurningu fyrir hv. þm. (J. B.). Hver breyting hefir orðið á heilbrigði manna hjer í Reykjavík síðan læknarnir hækkuðu taxta sína? Hefir borið á því, að fólk hafi vitjað minna læknis eftir en áður? Jeg býst ekki við að reynsla læknanna sje sú, að heilbrigði sje neitt lakara en áður. En það er þegar búið að tala svo mikið um taxtahækkunina, að jeg ætla ekki að blanda henni meira inn í umr. nú.

Jeg býst við því, að þeir, sem á annað borð vilja bæta kjör læknanna fremur en orðið er, tryggi sjer, að brtt., sem tekin var aftur við 2. umr. launabótafrv., nái fram að ganga áður en þeir fella þessa till. Ef jeg væri viss um það, að sú brtt. yrði samþykt, þá skyldi jeg vera á móti þessari till. En jeg hefi nokkuð miklar líkur fyrir því, að sú brtt. fái ekki að ganga gegnum þessa hv. deild.

Jón Jónsson: Það eru að eins fáein orð, sem jeg ætla að segja. Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) var að tala um, hve mikil fjarstæða það væri að koma nú með hækkunarfrv. á taxta læknanna, þar sem vitanlegt væri, að læknarnir hækkuðu taxtana án þess. Hv. þm. (J. B.) veit það að sjálfsögðu, að læknar hafa ekki heimild til að hækka gjöld fyrir læknisverk sín fram yfir þann taxta, sem lögákveðinn er. Þegar þingið er að veita læknum uppbót á launum þeirra, þá ætlast það auðvitað til, að þeir haldi sjer við þann taxta, sem þeim hefir verið settur. Að vísu segja ýmsir, að sumir læknar að minsta kosti muni koma á hjá sjer taxtahækkun, þó hún verði ekki heimiluð með lögum. En þó ýmsir haldi þessu fram, þá er það hin mesta fjarstæða, að þingið geti lagt nokkuð upp úr því. Það má ganga út frá því sem gefnu, að ef gjaldendur kvarta undan slíku framferði læknanna, þá helst þeim það ekki uppi. Það er því alveg óþarfi að ganga út frá, að slíkt eigi sjer stað. Um leið og þingið samþykkir launauppbót handa læknunum gefur það þeim með því beinlínis í skyn, að þeir eigi að halda sjer við þá taxta, sem settir hafa verið. Hv. þm. (J. B.) gaf í skyn, að hækkun taxtanna væri rjettmæt, með því að segja, að læknarnir hækkuðu án þess, að fá til þess löglega heimild. Mjer finst þetta nokkuð í mótsögn við skoðun hans að öðru leyti, nema hann ef til vill haldi því fram, að þetta sje ranglega gert af læknunum og að það sje vítavert. Þá væri hann samkvæmur sjálfum sjer.

Hv. þm. (J. B.) sagði, að læknar hefðu tæplega komið hæversklega fram í kröfum sínum. Jeg get nú látið mjer í ljettu rúmi liggja það, sem forstöðumenn læknafjelagsins hafa skrifað í Læknablaðið. Jeg skifti mjer yfirleitt ekkert af þeim hnútum, sem skrifaðar eru í opinber blöð. Þær eru á þeirra ábyrgð, sem þær skrifa, en koma mjer ekki hið allra minsta við. En hitt verður ekki sagt með sanni, að kröfur læknanna í land-

inu hafi verið of háar eða miður hæverskar að því leyti. Um það geta að vísu verið skiftar skoðanir, hvort þetta sje rjettasta leiðin til að bæta úr þeim, en varla hafa menn ástæðu til að finnast of langt gengið. — Hv. þm. (J. B.) hjelt, að eftir því, sem læknar gefa upp aukatekjur sínar, mundi þessi uppbót ná þeim kröfum, sem læknar hafa gert. Jeg ímynda mjer nú, að þessi uppbót verði varla neðan við 500 kr. að meðaltali á hvern lækni. Það getur að vísu verið nokkuð misjafnt, hve mikið hver læknir fær, en jeg geri ráð fyrir, að landssjóður sleppi ekki betur en þetta. Þá eru læknarnir búnir að fá þá launahækkun, sem jeg tel líklegt að þeir muni vel við una. Jeg lít því svo á, að ef frv. um launauppbót embættismanna verður samþykt og ef þessi till. verður samþykt, þá verði allir ánægðir. En jeg verð að álíta, að læknarnir verði að halda sjer við þá taxta, sem þeim eru settir, ef svona er til þeirra gert á þingi. Ef jeg bæri ekki það traust til þeirra, að þeir haldi sjer við gildandi taxta, þá væri jeg ósamþykkur því að hækka nokkuð laun þeirra að þessu sinni frá því, sem verið hefir.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. þm. Stranda. (M. P.) beindi þeirri spurningu til mín, hvort heilbrigði hjer í bænum mundi hafa versnað síðan læknarnir hækkuðu taxta sína. Þessari spurningu get jeg ekki svarað og býst við, að læknarnir gætu ekki einu sinni svarað henni heldur, meðal annars af þeirri ástæðu, að svo stutt er síðan þetta var gert, að ekki er fengin nein ábyggileg reynsla um það enn. Það mun hafa verið á síðastliðnu ári, eða þá síðla á árinu 1916, sem þessi hækkun var gerð, og sjá allir, að ekki er hægt að fá mikla reynslu á svo skömmum tíma. En hitt veit jeg, að sjúkrasamlagið veit af því, að þessi hækkun var gerð. Það hefir ekki getað bjargað sjer síðan, nema bæjarstjórn hlypi undir bagga með því. Það bendir til þess, að erfitt muni hafa orðið fyrir þá, sem leita þurfa læknis, að rísa undir þessum hækkuðu gjöldum. Og það er líklega ekki að ástæðulausu, að víða erlendis eru menn farnir að tala um að afnema öll gjöld fyrir læknisverk. Jeg býst við, að það sje vegna þess, að menn álíti það ekki óheppilegra fyrir heilbrigðina í löndunum, og því sjeu nú raddirnar um það enn háværari en þær hafa nokkurn tíma áður verið.

Viðvíkjandi ræðu hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) skal jeg taka það fram, að jeg hefi aldrei sagt, að læknar hefðu hærri taxta en þeim er heimilað. Það er stjórn læknafjelagsins, sem færir þetta fram sem rök fyrir sínu máli. Ef jeg hefði álitið, að þessi rök væru rjett, þá hefði jeg ekki fundið eins mikla ástæðu til að vinna gegn þessari gjaldskrárhækkun. En það liggur í augum uppi, hverjum augum jeg mundi líta á það, ef læknar hjeldu sjer ekki við gjaldskrána, þar sem jeg vildi alls enga hækkun á henni gera. Vitanlega vildi jeg, að læknar fylgdu þeirri gjaldskrá, sem þeim hefir verið sett, og jeg efast ekki um, að þeir geri það, allflestir að minsta kosti, enda álít jeg, að það, sem nú verður gert til að bæta úr kjörum lækna, sje einmitt gert til þess að forða almenningi frá þungum útgjöldum til læknishjálpar. Og það er gert í því trausti, að þeir taki ekki hærra gjald af sjúklingum en gjaldskráin heimilar.

Einar Árnason: Af því að jeg var á sínum tíma meðflm. að þessari till., þá finst mjer ástæða til að gera grein fyrir

atkv. minu. Það er nú langur tími síðan till. kom fram. Þá var hjer á ferðinni frv. til laga um að hækka laun læknə um 1000 kr. Það var nú ekki ætlun mín nje heldur annara flm. till., að þetta hvorttveggja ætti fram að ganga, heldur ætluðumst við til, að dýrtíðaruppbótin af aukatekjunum kæmi í staðinn fyrir þessa 1000 kr. launauppbót. Þetta var nú hvorttveggja sent til fjárveitinganefndar og kom aftur frá henni í þeirri mynd, að farið var fram á 500 kr. launahækkun handa læknunum. Nú leit jeg svo á, að nefndin ætlaði ekki að sinna till., heldur að eins hækka launin. Gat jeg fyrir mitt leyti vel unað þeim málalokum og greiddi því atkv. með frv. En þar með áleit jeg að ætti að vera lokið launabótum til læknanna. Þess vegna kemur mjer það á óvart, að till. skuli nú koma frá nefndinni, í viðbót við þá launahækkun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Jeg skal að vísu játa það, að kröfum læknanna er ekki fullnægt með þeirri uppbót, sem frv. ætlar þeim. En þar sem nú sakir standa svo, að engum þeim kröfum er fullnægt, sem komið hafa fram í þá átt að hækka laun embættismanna, þá get jeg ekki sjeð, að fært sje að fullnægja kröfum læknanna að öllu, einkum þar sem það veldur mikilli óánægju og misrjetti, ef kröfum einnar stjettar er fullnægt að öllu leyti, en annara ekki nema að nokkru. Jeg mun því greiða atkv. á móti till. Jeg sje mjer ekki fært að ganga lengra gagnvart kröfum læknanna en að veita þeim þessa 500 kr. launauppbót, sem þegar hefir verið samþykt hjer í deildinni. Ekki af því, að jeg telji þá ekki alls góðs maklega, heldur af því, að nú þrengir að á svo mörgum sviðum, sem ekki er hægt úr að bæta til fulls. Enda vona jeg, að læknarnir muni sætta sig við þessa úrlausn og uni sæmilega við.

ATKVGR.

Brtt. 268 tekin aftur.

Till. samþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. J., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., S. St., Þór. J.

nei: E. Árna., H. K., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

Tveir þm. (P. J. og S. S.) fjarstaddir.

Till. afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til þess að greiða hjeraðslæknum og aðstoðarlæknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra, eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 435).

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti: Mál þetta var í fjárveitinganefnd í hv. Nd., og legg jeg til, að því verði hjer vísað til sömu nefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Till. var því ekki framar á dagskrá tekin og varð

ekki útrædd.

2. Landsverslunin.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 31. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um landsverslunina (A. 275).

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 3. júní, var till. tekin til fyrri umr. (A. 275).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. júní, var till. aftur tekin til fyrri umr. (A. 275, 281).

Frsm. (Pjetur Jónsson): Þessi till. er ekki komin fram beint fyrir tilverknað eða hvatir forstjóra landsverslunarinnar. Þó á hún að verða til að styrkja þeirra vilja og tilgang með verslunina, sem sje að færa hana í það horf, sem till. fjallar um, að hafa viðskiftin beinni við kaupmenn og kaupfjelög en verið hefir. Við höfum rætt þetta mál við verslunarforstjórana, og þar sem nefndin, eða að minsta kosti meiri hl. hennar, hefir orðið þeirrar skoðunar, að æskilegt væri, að verslunin færðist sem mest í þessa átt, þá álítur hún rjett, að þingið láti vilja sinn í ljós, ef það óskar, að eitthvað sje gert að því, að breyta til í þessa átt. Þess vegna er till. komin fram að því er fyrri liðinn snertir.

Það er kunnugt, að landsverslunin verður aðallega að hafa aðsetur fyrir vörubirgðir úti um landið hjá kaupmönnum og kaupfjelögum. Til þeirra verður að leita með húsnæði fyrir vörurnar. Þeir eiga báta og önnur uppskipunartæki o. fl. Líka er lánstraustið mest hjá þeim. Þó það geti líka bilað, ef veruleg óáran kemur yfir, þá standa þeir samt betur að vígi en flestar aðrar stofnanir. — Aftur á móti get jeg búist við því, að menn verði hræddir við framfærslu á vörunum ef kaupmenn verði einráðir. En það er ekki ætlun tillögumanna, að svo verði. Forstjórar landsverslunarinnar eiga að sjá um, að vörurnar verði ekki seldar með óeðlilegri framfærslu. Með till. er ekki stigið spor í þá átt að hækka verð á vörunum. Við hyggjum, að landsversluninni verði ekki ofvaxið að sjá um verðlagið eftir sem áður.

Nefndin hefir ekki vilja orða till. svo, að kaupmenn og kaupfjelög skuli ein hafa útsölu á vörunum. Það getur verið æskilegt að hafa undantekningar, þegar sveitar- eða bæjarstjórnir, — t.d. bæjarstjórnin hjer í Reykjavík, vilja kaupa vörur í stærri stíl, til þess að úthluta þeim meðal fátækra manna, sem ekki hafa borgunarmöguleika til að fá vöru sína hjá kaupmönnum. Nefndin vildi því ekki orða till. svo, að ekki mætti víkja frá því að skifta við kaupmenn og kaupfjelög, þó það verði meginreglan.

Þá kem jeg að 2. lið till. Nefndin hefir athugað, hvernig varið er lánum þeim, sem landsverslunin hefir fengið til rekstrarfjár. Því mikið er undir því komið, að verslunin hafi nóg fje með höndum, sjerstaklega eins og nú horfir við, þegar alt útlit er fyrir, að verslunin verði að taka á sínar herðar innkaup á öllum matvörum, kolum, salti og stein-

oliu. Það getur farið svo, að til þess skorti veltufje. Sum lánin, sem fengin hafa verið handa versluninni, eru tekin til svo skamms tíma, að fáist þau ekki framlengd, þá getur orðið tilfinnanlegur skortur á veltufje. Nefndin efast ekki um, að stjórnin fari eins langt og hægt er í því að fá lán handa versluninni, en hún taldi þó rjett, að þingið hvetti stjórnina til að gera það, sem hún gæti, til þess að fá varanleg lán.

Óhætt mun vera að fullyrða, að þetta sje eitt af mestu áhyggjuefnum nú sem stendur, þar sem það gæti komið í veg fyrir, að landsverslunin gæti starfað eins og með þarf. Lögin um ráðstafanir út af Norðurálfuófriðnum heimila tæplega meira en að taka bráðabirgðalán til landsverslunarinnar. Gæti því verið ástæða að heimila stjórninni með sjerstökum lögum að taka lengri lán til verslunarinnar. Nefndin hefir þó ekki farið þá leið; þótti henni nægilegt að fela heimildina til þess í þingsályktunartill.

Einnig gæti það komið til mála, að stjórnin tæki lán innanlands til landsverslunarinnar. Sumum nefndarmönnum hefir dottið í hug, að þetta væri hægt. Auðvitað yrði það lán „obligation"-lán, er yrði endurgoldið á löngum tíma. Þetta lán myndi ekki auka fjármagn landsins eða þjóðarinnar, sem heildar, en landsverslunin hefði þó um frjálsara höfuð að strjúka heldur en ef lán væri tekið erlendis.

Nefndin getur ekki fallist á brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.) á þgskj. 281. Nefndin vill alls ekki hlynna að því, að farið sje sjerstaklega að beina versluninni í hendur sveitarfjelaga. Hún álítur nægilegt, að landsverslunin versli einungis við sveitarfjelögin ef brýn nauðsyn ber til, en að öðru leyti eigi meginreglan að vera sú, að vörurnar gangi í gegnum hendur kaupmanna og kaupfjelaga.

Hinn liðinn í brtt. hv. þm. (P. O.) getur nefndin ekki heldur fallist á, sem sje að afskifti sýslumanna af landsversluninni skuli með öllu hverfa. Í því atriði yrði að haga svo til, sem landsstjórn og landsverslun álíta heppilegast í hvert skifti. Stjórnin á að hafa heimild til að láta sýslumenn annast þessi störf, eins og nauðsynin krefur, þótt það hins vegar sje ekki rjett að gera slíkt að nauðsynjalausu. Þetta er skoðun meiri hl. nefndarinnar, en verið getur, að sumir nefndarmenn sjeu dálítið á öðru máli.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi hvorki getað sannfærst um það af sjálfri till. nje af ræðu hv. frsm. (P. J.), að sjerstaklega brýn þörf sje á því, að till. þessi nái fram að ganga. Það má segja, að till. spilli engu, en bráðnauðsynleg er hún ekki. Það er alkunna, að úthlutun á vörum landsverslunarinnar hneigist nú mjög í þessa átt. Nú sem stendur eru vörur afgreiddar til kaupmanna og kaupfjelaga og einnig til sveitarfjelaga. Það kemur og fyrir, að vörur eru afgreiddar til sýslumanna, og þá oftast eftir ósk sveitarfjelaganna sjálfra.

Mjer þykir eðlilegt, þar sem forstjórum landsverslunarinnar er trúað fyrir landsversluninni, og menn treysta þeim alment, að þeir hefðu þá óbundnar hendur um úthlutun varanna. Tímarnir breytast, og ýms atvik geta komið fyrir, er raska þeim áætlunum, er gerðar hafa verið. Ættu forstjórar verslunarinnar þá að hafa vald á að haga sjer eins og best á við í hvert skifti.

Kunnugleiki þeirra á högum manna er nú orðinn allmikill og fer vaxandi. En það gæti fyrir komið, að lánstraust þeirra manna og fjelaga, sem nú er gott,

yrði athugavert er tímar líða. Að minsta kosti hafa menn spáð miklu hjer í hv. deild í þá áttina, að meir og meir kunni að sverfa að fyrir einstaklingum, sveitarfjelögum og þjóðinni í heild.

Hv. frsm. (P. J.) kvað þingsályktunartill. munu verða til stuðnings fyrir forstöðumenn landsverslunarinnar. Þetta má vel vera, en þá er það líka hið eina, sem unnið er við till., þó jeg líti svo á, að þeir geti vel komist af án hennar.

Fyrri liðinn í brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.) tel jeg til bóta, sem sje að landsverslunin skuli einnig selja vörur beint til sveitarfjelaga. Það kemur heim við það, er nokkuð hefir tíðkast í landsversluninni, þar sem svo hefir staðið á, að sveitarfjelög hafa haft góða aðstöðu til að taka á móti vörum. Sje jeg og ekkert því til fyrirstöðu, að þetta sje heimilað, ef till. annars nær fram að ganga.

Aftur get jeg ekki fallist á seinni liðinn í brtt. hv. þm. (P. O.). Jeg er á þeirri skoðun, að ekki sje rjett að banna sýslumönnum að hafa vöruúthlutun á hendi. Það gæti komið fyrir, að forstöðumönnum landsverslunarinnar þætti eitthvað athugavert við að afgreiða vörur til kaupmanna eða kaupfjelaga, er þeir vissu engin deili á. Gæti þá verið öruggara að fela sýslumanni að annast úthlutun varanna, og einkum þá um leið innheimtu andvirðisins.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi að eins mæla nokkur orð til stuðnings brtt. minum á þingskj. 281.

Jeg get byrjað á því að þakka hæstv. atvinnumálaráðherra fyrir undirtektir hans undir fyrri lið brtt. Það kom berlega fram, að hann var á sama máli sem jeg um það, að lítt hlítandi væri að varna sveitarfjelögunum að skifta við landsverslunina.

Jeg skildi hv. frsm. (P. J.) svo, að hann og meiri hluti nefndarinnar vildu ekki gera neitt til þess að hlynna að því, að sveitarfjelögin versluðu beint við landsverslunina, enda er ekki annar sýnilegur tilgangur till. en að gera tilraun í þá átt. Eins og hæstv. atvinnumálaráðherra tók fram, er sú regla komin á, að sveitarfjelög versla beint við landsverslunina, og hefir víða farið vel á því. Jeg vil ekki gera neitt til að koma í veg fyrir, að þessu verði haldið áfram. Þar sem kaupfjelög eru fyrir, kemur þetta ekki til. En þar sem kaupmenn eru einir um hituna, getur það komið sjer illa fyrir sveitarfjelögin að hafa engin önnur úrræði en að leita á náðir þeirra. Að vísu er hægt að setja takmörk fyrir því, hve kaupmenn megi leggja mikið á vöruna. En vilji kaupmenn svo ekki hlíta þeim verslunarhagnaði, sem þeim yrði ákveðinn, og alls ekki versla með vörurnar upp á þau býti, þá væri lítið vit í því að varna sveitarfjelögum að taka verslunina í sínar hendur. Enda er það gagnstætt allri sanngirni, eins og vöruverð er nú orðið geypihátt, að vilja bægja mönnum frá því að versla á þann hátt, sem þeim gæti verið hagkvæmast og ódýrast. Það er líka alveg gagnstætt öllu tali og viðleitni þings og stjórnar til dýrtíðarráðstafana að vera að skapa mönnum óþarfa kostnað með því að hafa þar verslunarmilliliði, sem menn geta án þess verið.

Í þingsályktunartill. kemur fram, að þeirri meginreglu skuli fylgja, að kaupmenn og kaupfjelög skuli hafa forgangsrjett til vörukaupa. Verði till. samþykt, þyrftu forstjórar landsverslunar-

innar að leita fyrir sjer um það, hvort sveitarfjelag, er vildi kaupa vörur, ætti nú virkilega einkis annars úrkostar. Ef sveitarfjelögin ættu að færa forstjórum landsverslunarinnar heim sanninn um þetta í hvert skifti, gæti það kostað dæmalausa vafninga og rekistefnu. En meiningin er náttúrlega að útiloka sveitarfjelögin alveg sem verslunaraðila, þó ekki sje gengið hreinna til verks en þetta.

Jeg get eiginlega ekki skilið, við hvað er átt með síðari lið aðaltill. Jeg veit ekki betur en að landsstjórnin hafi heimild til að taka lán eftir þörfum. Jeg get ekki skilið síðari liðinn á annan hátt en þann, að bjargráðanefnd finnist stjórninni ekki hafa farist hyggilega í lántökum sínum undanfarið, og að hún hafi tekið lán til of skamms tíma. Ef svo á að skilja þetta, er jeg nefndinni sammála og mun því greiða liðnum atkvæði.

Þá kem jeg að 2. lið brtt. minnar, er fer fram á að afnema öll afskifti sýslumanna af afhendingu á vörum landsverslunarinnar og innheimtu.

Eins og kunnugt er, eru sýslumenn landsins nýir og áður óþektir millilíðir í versluninni. Landsverslunin hefir komið þessum nýja millilið á, og virðist það koma í bág við þá stefnu í verslunarmálum, sem nú á síðari árum hefir æ meir og meir verið að ryðja sjer til rúms hjer á landi, sem meðal annars hefir það markmið, að hafa sem fæsta millilíði og viðskiftin sem hagfeldust og óbrotnust á allan hátt. Það var bent á það hjer í fyrra, að það hefði þó kann ske verið sök sjer, þó að stjórnin hefði sýslumenn í ráðum með sjer, meðan stjórnarráðið vasaðist beinlínis í þessum verslunarmálum og rak verslunina upp á eigin spýtur. En á síðasta þingi var, svo sem kunnugt er, gerð gangskör að því, að meitla verslunina út úr stjórnarráðinu, og það, sem á vantaði þá að það tækist, fullkomnaði stjórnin síðar með því að setja óháða stjórn fyrir landsverslunina. Það var eins og stjórnin hafi ekki áttað sig á nauðsyn þessarar ráðstöfunar á síðasta þingi, en síðan hafi hún sjeð, að við svo búið mátti ekki standa, og því kipt þessu í lag, og mun víst flestum þykja miklu betur farið.

Sú skoðun kom skýrt fram á síðasta þingi,að afskifti sýslumanna af versluninni væru, eins og þá var komið, alls ónauðsynleg, en væru aftur á móti í mörgum tilfellum til stórtrafala fyrir viðskiftin, og auðvitað hefðu þau afskifti allmikinn kostnað í för með sjer. Í sambandi við þetta var stjórnin spurð að því á síðasta þingi, hve há ómakslaun sýslumennirnir fengju. En stjórnin varðist allra frjetta um það og gaf engin svör. Nú hefi jeg aflað mjer upplýsinga um þetta atriði, og hefir mjer verið skýrt þannig frá, að af fyrstu 100 þús. kr. fái þeir 2%, af næstu 100 þús. kr. fái þeir 1%, en ½% af því, sem þar er fram yfir. Heyrt hefi jeg, að þeir hafi fengið þessa þóknun, eða hvað nú á að kalla það, af öllum vörum, sem seldar voru inn í hverja sýslu, þótt þær gengju ekki í gegnum hendurnar á þeim og þeir þyrftu ekkert fyrir þeim að hafa.

En þrátt fyrir þá breytingu á landsversluninni, að hún verslar nú sem heildsali, hefi jeg fyrir satt, að þessu fyrirkomulagi sje haldið. Þetta hlýtur að auka kostnaðinn og gera vöruna dýrari en hún þyrfti að vera ella.

Taki nú landsverslunin að sjer sölu á öllum nauðsynjavörum, eins og ensku samningarnir sennilega gera nauðsynlegt, og eigi sýslumenn að hafa ákveðið hundraðsgjald af allri sölunni, þótt þeir

komi þar hvergi nærri, gæti þetta numið stórfje.

Mig furðar á því, að jafnmikill samvinnufjelagsmaður sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) er skuli vera hlyntur þessum óþarfa millilið í versluninni. Það liggur í augum uppi, þar sem þetta fyrirkomulag er komið á verslunina, að henni er ekki vandara um en öðrum heildsölum að selja beint til verslunaraðilja, láta hönd selja hendi og lána þar, sem trygt er. Að sýslumönnum er því í þessu falli engin trygging. Sveitarfjelögin eru nógu örugg, og sýslumenn bæta þar ekki úr. Ekki hafa heildsalar tekið slíka milliliði, heldur versla þeir beint við aðilja.

Hjer verður að fara sem allra varlegast, koma í veg fyrir allan óþarfa kostnað, en gera viðskiftin sem greiðust.

Jeg vænti þess, að brtt. mín verði samþykt. Ef svo verður, þá fyrst er einhver heilbrigð meining í þingsályktunartill. á þgskj. 275, því að þá yrði komið í veg fyrir afskifti sýslumanna af versluninni, og sveitarfjelögunum gert jafnhátt undir höfði og kaupmönnum og kaupfjelögum. Mun jeg þá greiða henni atkv.

Jeg leyfi mjer að æskja þess, að brtt. mín verði borin upp í tvennu lagi.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eftir því, sem mjer er kunnugt, hefir hv. þm. Borgf. (P. O.) haft sannar spurnir af innheimtulaunum sýslumanna af þeim vörum, sem þeim er beinlínis ætlað að úthluta. En um hitt hefir hann ekki verið rjettilega fræddur, að sýslumenn fái einnig innheimtulaun af þeim vörum, sem eru ekki bókfærðar hjá þeim. Þeir fá einungis innheimtulaun af því, sem gengur í gegnum þeirra hendur og þeir standa skil á.

Jeg verð enn á ný að taka það fram, að jeg tel alls ekki að rjett sje að banna sýslumönnum öll afskifti af landsversluninni.

Hv. þm. (P. O.) hlýtur að skilja, að það er tvent ólíkt að útiloka sýslumenn frá versluninni að einhverju leyti eða þá öllu leyti. Hv. þm. (P. O.) getur ekki hugsað sjer neinn milliveg, en þó er oft bráðnauðsynlegt að fara milliveginn, svo í þessu máli sem mörgum öðrum.

Jeg hefi þegar tekið fram, að jeg sje ekki brýna þörf á þessari þingsályktunartill. Og benda umr. í þá átt, að forstjórn landsverslunarinnar eigi að vera mjög bundin við hana, álít jeg, að hún eigi ekki að ná fram að ganga.

Einar Árnason: Jeg á erfitt með að fella mig við þessa till., ekki af þeirri ástæðu, að jeg telji það hættulegt, þó að hún verði samþykt, heldur vegna þess, að jeg tel tæplega rjett, að þingið blandi sjer í hin smærri framkvæmdaratriði landsverslunarinnar. Jeg hygg, að þm. sjeu yfirleitt ekki svo fróðir í verslunarmálum, að heppilegt sje, að þeir geri ályktanir um, hvernig innbyrðis framkvæmdum verslunarinnar sje hagað.

Jeg veit ekki betur en að bæði þing og stjórn beri fullkomið traust til þeirra manna, er nú veita versluninni forstöðu. Er þá því síður ástæða til að binda hendur þeirra á nokkurn þann hátt, er geri þeim erfiðara fyrir um framkvæmdirnar. Jeg lít einnig svo á, að á þeim hvíli svo mikil ábyrgð, að varhugavert sje að taka fram fyrir hendurnar á þeim.

Verslunarráðið hefir þegar í öllum aðaldráttunum myndað sjer fasta skoðun um það, hvernig best er að haga starfrækslunni. En reynslan hefir sýnt, að ekki er hentugt að binda hin smærri

atriði föstu formi, einkum þar, sem aðstaða er svo ólík í hinum ýmsu hjeruðum landsins, að varla verður sömu meginreglunni beitt alstaðar.

Ef þingið ætti að setja reglur um framkvæmdir verslunarinnar, býst jeg ekki við því, að menn gætu orðið á eitt sáttir um þær. Finst mjer þegar bóla á því í þessum umr. Það væri því heppilegast, að þingið leiddi þetta atriði alveg hjá sjer, en fæli forstjórum verslunarinnar allar innri framkvæmdir.

Um síðari lið till. hefi jeg lítið að segja. Sjálfsagt er, að landsstjórnin sjái fyrir því fje, sem þarf til rekstrar verslunarinnar. En orðalag liðsins get jeg ekki felt mig við.

Það er skorað á landsstjórnina að sjá fyrir lánum með nægilegum greiðslufresti. Það kemur auðvitað öllum saman um, að gott sje ef hægt væri að fá lán með nægum greiðslufresti. En um hitt geta orðið skiftar skoðanir, hvað sje nægur greiðslufrestur. Býst jeg við, að stjórnin verði að gera sjer grein fyrir því í hvert skifti. En ef hún getur ekki fengið lán með þeim greiðslufresti, er teljast megi nægilegur — hvað þá? Er þá meiningin að hætta við lántökuna og stöðva með því landsverslunina? Vitanlega getur slíkt ekki komið til mála. Get jeg þá ekki sjeð, að till. sje heppilega orðuð að þessu leyti.

Mjer hefir nú dottið í hug, að rjett væri af hv. deild að afgreiða þetta mál með rökstuddri dagskrá, sem jeg skal nú lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

> **„í trausti þess, að landsstjórnin útvegi nægilegt fje til rekstrar landsverslunarinnar og annara nauðsynlegra framkvæmda, með sem bestum kjörum, og að stjórn landsverslunarinnar skipi úthlutunarnauðsynjavara á þann hátt, er hagkvæmast er á hverjum stað, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“**

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg held satt að segja, að það hafi verið hreinn óþarfi að láta þessa þingsályktunartill. koma fram hjer í hv. deild. Jeg hygg, eins og líka er viðurkent af hv. frsm. (P. J.), að það sje tilætlun landsverslunarinnar að fylgja þeirri reglu yfirleitt, að vörur þær, sem landsverslunin keypti sem heildsali, yrðu seldar aftur aðallega kaupmönnum og kaupfjelögum, og af landsstjórnarinnar hálfu er gert ráð fyrir því, að ekki komi til þess, að sveitarfjelögin sjeu útilokuð. En á hinn bóginn þegar svo er ástatt, að verslunin er komin í hendur þeirra manna, sem allir þykjast treysta, þá virðist best við eiga að lofa þeim að haga framkvæmdum hennar eftir því, sem þeim þykir þurfa og rjett vera. Reyndar held jeg, að jeg þurfi ekki að fara frekar út í þetta, því að það hefir hæstv. atvinnumálaráðherrann gert.

Sömuleiðis hefir hann tekið það fram, að sýslumenn hafi ekki fengið hundraðsgjald af öðru en því, sem gengið hefir í gegnum þeirra hendur að einhverju leyti. Það er auðvitað ekki með öllu ómögulegt, að út af þessu hafi verið brugðið í einstökum tilfellum, en það er þá hrein undantekning. Jeg veit það um einn sýslumann, sem er í sýslu, er verslar mjög mikið við landsverslunina, að hann hefir sama sem engin innheimtulaun. Það sýnir, að það hefir ekki verið reiknað honum til gróða, sem sveitarfjelögin hafa tekið út hjer. Hafi því þetta komið fyrir, sem hv. þm. Borgf. (P. O.) talaði um, þá er það svo óveruleg undantekning, að ekki tekur tali. Hefði þá verið rjettara að koma

með þetta í sjerstakri fyrirspurn eða þingsályktun, (P. O.: Fyrirspurnum er ekki svarað.), heldur en í máli, sem þetta atriði í rauninni varðar ekki.

Þá var það síðari liður till. á þgskj. 275, um lánin. Það er auðvitað æskilegt að fá hagkvæm lán, og má vel vera, að það hefði verið betra að fá meira af lánunum til lengri tíma en gert var, en þar er að eins sá hængur á, að þetta reyndist ekki framkvæmanlegt að sinni. Mörg þeirra lána, sem tekin hafa verið, eru tekin til alllangs tíma, 10 ára. Hin flest svo, að engin hætta er á, að þeim verði sagt upp. Þess vegna er það ekki rjett hjá hv. frsm. (P. J.), að lán hafi verið tekin, sem geti orðið sagt upp. Aðallánið, 7½ milj. kr., er að vísu fallið í gjalddaga eftir rúmt 1½ ár, svo að þar er engin bráð hætta á ferðum. Annars hefði landsstjórnin tekið lánin til lengri tíma, ef mögulegt hefði verið, en jeg verð að segja hv. deild, að það er mjög vafasamt, hvort nú sje rjett að taka mjög löng lán. Þau er ekki hægt að fá nema mjög dýr, og að taka þau lán, er verslunin stendur á, með dýrum kjörum, tel jeg ekki hyggilegt. Hitt gæti ef til vill verið heppilegt, að fá innlend lán. Landsstjórnin hefir hugsað um það og borið sig saman við bankana. Þeir hafa tekið vel í mál hennar, en hvað upp úr því fæst er ómögulegt að segja. Þetta mál er því athugað af þeim, er helst geta eitthvað í því gert, en það eru bankarnir.

Þótt þessi till. hv. bjargráðanefndar sje að þessu leyti óþörf, þá er hún meinlaus og ekkert með henni sagt, því að hún er svo óákveðin. Til næsta reglulegs þings er ekki mikil hætta á því, að verulegir örðugleikar verði á því, sakir peningaskorts, að láta landsverslunina starfa nokkurn veginn. En þá verður sennilega ástæða til að gera eitthvað frekar. Annars er þessi liður gersamlega þýðingarlaus, sjerstaklega ef hv. frsm. (P. J.) á við, að hann skuli tekinn sem heimild til að taka lán. Jeg er hræddur um, að peningamennirnir myndu brosa, er stjórnin sýndi þeim till. þessa og segði: „Hjer er heimildin til að taka fje að láni hjá ykkur.“ Til þess þarf lög.

Annars skal jeg taka í sama streng og hæstv. atvinnumálaráðh., að það er ekki einungis óþarft að koma með svona till., ef menn treysta forstöðumönnum landsverslunarinnar, heldur og skaðlegt, því að þeir verða þó að hafa dálitið frjálsar hendur, eins og nú stendur á.

Það er hv. þm. Borgf. (P. O.), sem vill með öllu banna forstjórum landsverslunarinnar að fá sýslumenn til að innheimta eitthvað fyrir sig. Jeg skil eigi, hví þeir mega ekki biðja mann, þótt sýslumaður sje, að gera þetta. (P. J.: Jeg vil með öllu vera laus við þá till. af nefndarinnar hálfu). Þessi till. liggur líka fyrir. Að minsta kosti hefir hv. nefnd leitt asnann inn í herbúðirnar. Jeg álít með öllu ótækt að banna, að sýslumenn hafi slíkt með höndum.

Held jeg því, að öllu athuguðu, mjög heppilegt að samþykja dagskrá hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), og treysta því nú, eins og yfirleitt, að forstjórar landsverslunarinnar geri þetta verk sem þeir geta best og þannig, að það verði sem ódýrast fyrir landið.

Þorsteinn Jónsson: Þótt það heiti svo, að bjargráðanefndin flytji þessa till. á þgskj. 275, þá er það eigi svo, að öll bjargráðanefndin væri ásátt um að bera till. fram. Jeg var á því að telja till. óþarfa.

Jeg álít, að landsverslunarstjórnin eigi að hafa sem mest óbundnar hendur

um það, hverjum hún fær landsverslunarvörurnar til afhendingar. Raunar bindur þessi till. það ekki alveg einskorðað, hverjir fái vörurnar til afhendingar. Svo langt var líka ómögulegt að ganga með till., því að hugsast getur, að sumstaðar fáist hvorki kaupmenn nje kaupfjelög til að taka vörurnar til afhendingar, gegn þeim kostum, er settir kunna að verða. Á þeim stöðum verður því að sjá um afhendingu varanna á annan hátt, og liggur þá næst að leita til sveitarstjórna.

Jeg býst við því, að till. verði skilin svo, að þar sem kaupmenn eða kaupfjelög sjeu fús til að taka vörurnar til úthlutunar, þá fái engir aðrir þær til úthlutunar. Sveitarfjelög hafa mörg undanfarin ár fengið talsvert af vörum frá landsversluninni til afhendingar. Þau hafa getað selt vörurnar lægra verði en kaupmenn og kaupfjelög. Þetta hefir orðið mörgum fátækum manni dýrtíðarhjálp. Tel jeg því rangt, að þeim sveitarfjelögum, sem kaupa vildu landsverslunarvörur, væri neitað um þær. Jeg tel það rangt að þeim væri þar með meinað að láta fátæka menn fá ódýrari vörur en þeir geta fengið ella. Jeg er sömu skoðunar og hv. flm. þrttt. á þgskj. 281 (P. O.), að kaupmenn, kaupfjelög og sveitarfjelög fái vörurnar til afhendingar jöfnum höndum. Víðast myndi það verða svo, að sveitarfjelögin kærðu sig alls ekki um vörurnar til afhendingar, bæði vegna tímaskorts og annara erfiðleika. Svo að meginreglan myndi verða sú, að kaupmenn og kaupfjelög fengju vörurnar, þótt alls ekki yrði samþykt till. á þgskj. 275. Svo að þá ber að sama brunni, að till. er óþörf hvað það snertir.

Hvað seinni lið till. snertir, þá tel jeg það víst, að landsstjórnin áliti það sjálfsagða skyldu sína að afla landinu nægilegs rekstrarfjár, bæði til að reka verslunina og til annara þarfa.

Enn fremur álít jeg það sjálfsagða skyldu stjórnarinnar, þótt engin till. komi fram, að hún reyni að hafa láns- og vaxtakjörin sem hagkvæmust, og sömuleiðis tel jeg sjálfsagt, að hún reyni að hafa greiðslufrestinn nægilega langan, ef hún getur. En á þessu getur skiljanlega orðið misbrestur, hvort sem till. gengur fram eða eigi, því að eins og hv. deild veit, er það ekki þægilegt að fá peninga á þessum tímum. Jeg tel sem sagt óþarft að minna stjórnina á þetta. Það er svo sjálfsagt, og hún hefir það í huga hvort sem er. Álít jeg því till. allsendis óþarfa, þótt hún geri hins vegar hvorki til nje frá, og get jeg því gengið inn á að samþykkja þá rökstuddu dagskrá, sem fram er komin frá hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.).

Björn Kristjánsson: Enda þótt hv. frsm. (P. J.) hafi nú skýrt till. á þgskj. 275 og gert það rjett og vel, langar mig þó að segja fáein orð um hana, einkanlega fyrir þá sök, að mjer finst, að þeir hv. þm., sem talað hafa, hafi ekki áttað sig á aðalatriði því, er tillagan fer fram á. Till. markar sem sje nýja, ákveðna stefnu frá því, sem nú er, eins og sjá má. Stefnan er að láta þá menn í landinu fara með verslunina, sem besta hafa þekkinguna og mestan máttinn til þess, sem sje verslunarstjettina. Það er lagt til, að haldið sje sömu stefnu og á venjulegum tímum, og hún er, að kaupmenn og kaupfjelög í landinu annist verslunina, helst að öllu leyti, því að þau standa langbest að vígi til að reka þessi störf í þjóðarinnar þarfir.

Það er öllum vitanlegt, að fjárhagur landsins er þröngur, og það mátti heyra

á ræðu hæstv. forsætisráðherra, að það liggur ekki á lausu að fá fje til að reka verslun þessa. Jeg held, að með þeim lánskjörum, er landið hefir, hafi það ekki ráð á að reka verslun landsins að öllu leyti, jafnvel ekki kornvöru- og sykurverslunina eina. Þess vegna álít jeg, að geri þingið eða stjórnin hið minsta til að draga úr því, að verslunarstjettin fari með verslunina, eða geri henni það ókleift, þá geti það bakað landinu stórtjón. Jeg álít þetta því fremur, sem jeg er búinn að athuga fjárhag landsins allrækilega, og þegar tekið er tillit til þess, hve stutt er til gjalddaga á mjög miklum lánum, sem landið hefir tekið, álít jeg, að landið verði að nota alt afl verslunarstjettarinnar, hús, fjármagn, vinnuafl og lánstraust, ef nokkur trygging á að vera fyrir því, að landið geti borgað skuldir sínar á rjettum tíma. Þess vegna er mjer illa við, nú eins og í fyrra, að stjettapólitík komist að á þessum tímum; á venjulegum tímum er hún þó hættuminni, þó altaf sje hún eitur í hverju þjóðfjelagi. — En nú mega menn ómögulega vera að horfa í það, hvort þessi stjett eða hin fer með verslunina og þó að einhver stjett hafi einhvern hag af henni, öðrum fremur.

Jeg held, að það sje viðurkent af öllum þroskuðum mönnum, að verslunarstjettin, hvort heldur eru kaupmenn eða kaupfjelög, sje stór og nauðsynlegur liður í framleiðslustarfi landanna, alveg eins og t. d. kaupamaðurinn, vinnumaðurinn eða vinnukonan eru nauðsynlegir liðir í búskapnum. Og vitanlegt er, að þetta fólk fær há laun fyrir sína hluttöku í framleiðslunni, og því þá ekki eins kaupmaðurinn, sem starfar að sama verki? Jeg segi þetta til þess að slá á þann ýmugust, er jeg heyri víða á landinu anda gegn kaupmannastjettinni yfir höfuð.

Og ef nú þessi liður er nauðsynlegur í framleiðslunni á venjulegum tímum — hvernig getum vjer þá án hans verið einmitt nú? Jeg álít þess vegna, að alt, sem gert er, hjer í deildinni eða annarsstaðar, til að hindra verslunarstjettina í því að birgja landið, sje til tjóns, og meira að segja þarf að eyða þeim gömlu skýjum, sem verið hafa á milli þings og stjórnar og verslunarstjettarinnar og hafa gert mikið ilt. Til þess miðar tillagan, og það er vitanlegt, að ef tillagan verður feld, er þingið búið að lýsa yfir, að það æski ekki að nota styrk verslunarstjettarinnar til þess að birgja landið.

Í raun og veru ætti tillagan að ganga lengra, ef menn vissu, hve mikið það er, sem hjer veltur á.

Hafa menn gert sjer glögga grein fyrir fjárhagnum? Jeg hefi gert mjer þá grein fyrir honum, að ef ekki þarf að leggja meira fje í landsverslunina en í henni stóð 31. des. 1917, og voru um 5660 þúsund kr., þá mun landið komast af án þess að taka ný lán á þessu ári. Og það liggur í því, að sum lán, sem kalla má eftir hve nær sem er, t. d. botnvörpungalánið og lán það, er ríkissjóður hefir leyft að standa megi fyrst um sinn, 2½ miljón kr., eru lán, sem ætla má að ekki verði kipt burtu á þessu ári. Þar af leiðandi held jeg, að landið gæti komist af. En það er mjög sennilegt, að landsverslunin geti ekki komist af með það fje, er hún hafði 31. des. 1917, og verður þá að taka ný lán. En hvar á að taka þau nýju lán? Eða er ekki rjett að reyna að komast hjá því, ef hægt er?

Jeg hefi líka nokkuð athugað, hvernig

fjárhagurinn mundi verða næsta ár, ef landsverslunin hjeldi áfram með líkum hætti og nú. Telst mjer svo til, að ef jeg geri ráð fyrir sennilegum tekjuhalla og reikna vexti og afborganir af lánum utan fjárlaga, þá nemur það, sem landið á að borga um nýár 1920, hjer um bil 14 milj. kr. — Og ef nú landsverslunin heldur áfram með að nota það fje, er hún hefur, og bætir við, — með hverju á þá að borga?

Nú hefur hæstv. forsætisráðherra skýrt frá því, að erfitt yrði að fá lán til lengri tíma; treysti jeg honum, engu síður en öðrum, til að fá lán, ef upphæðin er innan skynsamlegra takmarka.

Eigi ætti að vera vonlaust að geta fengið lán, ef sæmilegt samkomulag getur haldist við það land, sem við getum vænst lánstrausts hjá; annars tel jeg það vafasamt. Jeg sje ekki, hvar við getum tekið vísa peninga til þess að borga með þessar 14 miljónir kr., um eða fyrir annað nýár hjer frá, ef danska lánslindin lokast, sem getur orðið af ýmsum ástæðum. Og allra síst meira, ef landsverslunin heldur áfram í sama stíl og nú, og kann ske í stærri stíl. Þess vegna er það, að mjer finst bráðnauðsynlegt fyrir landið að tryggja sjer alt afl verslunarstjettarinnar, og að stjórnin og þingið megi ekki gera nokkurn skapaðan hlut, sem geri verslunarstjettina leiða á að hafa viðskiftin á hendi. Jeg álít, að landið hafi ekki ráð á því að láta þetta afl vera ónotað, láta verslunarstjettina hafa fjeð í handraðanum, hvort sem það er innlent fje eða útlent. Það skiftir engu, og yfir höfuð finst mjer, að á þessum tveggja mánaða tíma, er við höfum setið hjer, höfum við hugsað mest um, hvers við þörfnuðumst, og að okkur vantaði ekki nokkurn skapaðan hlut, en að við höfum minna hugsað um, með hverju við eigum að borga allar þarfir okkar. En þannig hugsa ekki gætnir kaupmenn. Fyrst gera þeir nákvæma áætlun um fjármagn sitt, og svo leggja þeir út í fyrirtækið.

Það er kaupmannagróðinn, sem menn óttast svo mjög, en nú er það vitanlegt, að eins og nú stendur, verður sá gróði ákveðinn og vitanlegur. Sömuleiðis er hægt að ákveða hann svo lágan, að það sje rjett svo, að kaupmaðurinn vilji vinna til að kaupa vöruna og selja hana, og einmitt fyrir þann kaupmannagróða, sem menn líta svo þungum augum til, vilja menn skella allri verslunarbyrðinni á landssjóð, en það tel jeg mjög hættulegt, vegna fjárhagsástæðnanna. Við höfum tvo útvegi; annar er sá, að ýta undir kaupmannastjettina að beita lánstrausti sínu og fje til þess að birgja landið, gegn hæfilegum ómakslaunum, og við skulum segja, að við verðum að unna þeim að fá svo sem 6% eða jafnvel 10% arð af fje sínu, sem mundi að mestu lenda í landinu sjálfu. Hin leiðin er að leita nýrra lána hjá þjóð, sem við eigum í höggi við um sjálfstæði vort, og láta hana skamta lánstímann úr hnefa og borga svo þessi 6% eða meira út úr landinu, í staðinn fyrir að halda þeim inni í landinu hjá þeirri stjett, sem þjóðin getur ómögulega án verið.

Það eru þessar tvær leiðir, sem við eigum að velja um, og ef tillagan, sem er til umr. í dag, verður feld, álít jeg, að við veljum þá leiðina, að fara til Dana og gefa þeim vextina, í staðinn fyrir að halda þeim í landinu, og um leið verður þeim pólitíska heiðri, sem við erum nú að berjast fyrir, gert afarþungt undir fæti. En þann kostinn vil jeg ekki velja, ef mögulegt er að komast hjá því. Nei, þess vegna, ef litið er á tillöguna frá þessu sjónarmiði, verð jeg að álíta, að hún sje ekki eins þýðingarlítil og hæstv. atvinnumálaráðherra og hinir ráð-

herrarnir og fleiri, sem talað hafa, álíta; — jeg álít, að hún sje einmitt þýðingarmikil, þegar hún er skýrð eins og jeg hefi gert.

Jeg hefi svo ekki meira um þetta að segja. Vildi að eins segja þessi orð, ef þau gætu orðið til þess að skýra afstöðu háttv. deildar til tillögunnar.

Þorsteinn Jónsson: Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) taldi þessa till. marka nýja stefnu í rekstri landsverslunarinnar. Jeg get ekki sjeð, að hjer sje um neina nýja stefnu að ræða, því að jeg hygg, að kaupmenn hafi fengið vörur frá landsversluninni þegar þeir hafa beðið um þær, og þess vegna verði engin breyting á rekstrinum, þótt þessi till. verði samþykt. Jeg varð heldur ekki var við það, að sá hluti bjargráðanefndar, sem bar þessa till. fram, vildi láta útiloka sveitarfjelögin. Þrátt fyrir það, þótt þessi till. yrði ekki samþykt, er hin rökstudda dagskrá frá hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), og ef hún verður samþykt, er ekki þar með útilokað, að kaupmenn fengju vörur frá landsversluninni. Mjer hefir fundist, að allir teldu það sjálfsagt, að kaupmenn og kaupfjelög fengju vörur frá landsversluninni til úthlutunar, þegar ekki væru sjerstakar ástæður fyrir hendi, að sveitarfjelögin fengju þær. Hv. þm. (B. K.) komst þannig að orði, að þingið hefði lýst yfir því, að það vildi ekkert með verslunarstjettina hafa, ef þessi till. yrði samþykt, en jeg vona, að menn sjái, að það felst ekki í þeim umræðum, sem hjer hafa farið fram í deildinni. Hv. þm. (B. K.) virðist sem það lýsi sjer einhver stjettapólitík í versluninni, hjá þeim mönnum, sem álíta þessa till. óheppilega, en jeg verð að segja það, að mjer virðist stjettapólitík koma fram hjá þeim mönnum, sem álíta, að þessi till. bjargráðanefndar verði mikil lífsnauðsyn fyrir landið, og að hana yrði að samþykkja, því að annars verði sparkað í verslunarstjettina. Sú skoðun lýsti sjer hjá hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að honum virtist fjárhagsvoðinn miklu meiri, ef þessi till. næði ekki fram að ganga. Það er svo að sjá, sem hv. þm. (B. K.) virðist það fjárhagsvoði, ef sveitarfjelögin fá vörur til úthlutunar. Jeg get ekki sjeð það, því að vitanlega þarf verslunarstjórnin ekki að lána sveitarfjelögunum þessar vörur, frekar en kaupmönnum og kaupfjelögum. Jeg geri heldur ekki ráð fyrir því, að kaupmenn eða kaupfjelög fari að leggja út fje fyrir vörurnar fyr en þau fá þær afgreiddar, og sama mun vera um sveitarfjelögin, svo að sama hættan verður þá fyrir landsverslunina, hverjir sem hafa vörurnar til úthlutunar. Jeg bið hv. deild að athuga, að engin breyting verður á verslunarrekstrinum hvort sem till. verður samþ. eða ekki. Mjer finst þetta því óþörf, að vísu meinlaus, till., sem engin ástæða sje til að samþykkja.

Mjer virðist, að verslunarstjórnin eigi að hafa óskorað vald til að úthluta vörunum, eftir því sem haganlegast þykir fyrir hjeruðin og sveitarfjelögin, sem eiga að taka á móti þeim, og það er alls ekki rjett hjá hv. þm. (B.K.), að við, sem töldum þessa till. óþarfa, viljum láta ganga fram hjá verslunarstjettinni; því að við skoðum það sjálfsagt, þó að þessi till. verði ekki samþykt, að kaupmenn fái vörurnar til úthlutunar, þegar ekkert mælir á móti því. En eins og jeg tók fram áðan, væri hart, ef sveitarstjórnir, sem vildu útvega sveitungum sínum vörurnar ódýrari, gætu ekki fengið þær, og það jafnvel þó að þær borguðu út

í hönd. Þess er líka að gæta, að sveitarfjelög geta oft haft mjög hagstæð skilyrði til þess að taka á móti vörum, svo sem nóg húsrúm til að geyma þær í, og þess vegna oft eins heppilegt, að þau taki við þeim, eins og kaupmenn. Undir flestum kringumstæðum geta sveitarfjelögin selt vörurnar ódýrari en kaupmenn eða kaupfjelög. Það er kostnaðarminna að taka að sjer að úthluta fáeinum vörutegundum en að þurfa að sitja með allskonar vörur, sem verslanir þurfa að gera, og fasta starfsmenn.

Benedikt Sveinsson: Mjer þykir tillaga sú, sem hv. bjargráðanefnd, eða rjettara sagt meiri hl. hennar, ber fram, á þgskj. 275, vera nokkuð kynleg. Eins og kunnugt er, þá var það vilji þingsins í fyrra, að landsstjórnin fengi sjerstaka menn til þess að standa fyrir verslun inni og hafa allan veg og vanda af henni. Nú var skipuð þriggja manna nefnd um nýárið til þess að hafa stjórn verslunarinnar á hendi, og eru í þeirri forstöðunefnd tveir kaupmenn og forstjóri samvinnufjelaganna. Er því líklegt, að þessir þrír menn muni kunna glögg skil á því, hvernig eigi að koma landsversluninni fyrir; þess vegna hafa þeir líka verið teknir til að stjórna henni, og hafa allan veg og vanda af vöruverðinu og útbýtingu varanna. En mjer þykir nú undarlega við bregða, ef þessi hv. deild vill fara að hlaupa undir bagga með þessum mönnum og segja þeim fyrir, hvernig þeir eigi að stjórna versluninni.

Stefnan er einkennileg, ef hún á, eins og hv. þm. S.-Þ. (P. J.) tók fram, að draga úr því, að landsverslunin hafi viðskifti við sveitarfjelögin, en hann kallaði það að vísu að gera viðskiftin beinni en áður. Jeg get nú ekki sje annað en að verslunin sje með þessu gerð í sjálfu sjer óbeinni, því að hjer er beinlínis verið að koma lið inn á milli sveitarfjelaganna og landsverslunarinnar. Jeg sje ekki heldur betur en að þessi rekistefna þingsins sje alveg óþörf, af því að það megi fullkomlega treysta þessum tveim kaupmönnum og forstjóra samvinnufjelaganna, sem eru í stjórn landsverslunarinnar, til þess að sjá um, að rjettur kaupmanna og kaupfjelaganna verði ekki fyrir borð borinn. Ef þeir vilja taka upp einhverja nýja stefnu í þessu máli, þykir mjer líklegast, að þeir hafi besta þekkingu á því, enda beri þeir alla ábyrgð á því. En aftur á móti þætti mjer það harðara, ef þingið færi að svifta samtök einstakra manna í sveitum þeim rjetti, að skifta beint við landsverslunina, og taka fram fyrir hendur hennar með að mega selja þeim. Það myndi mælast mjög illa fyrir, og gæti jeg þá farið að skilja, að forstjórarnir vildu koma ábyrgðinni af slíkum tiltekjum yfir á hendur þingsins, en jeg vil ekki taka á mig ábyrgðina af því að hafa átt hlut í slíku og taka óvinsældir af því. Vona jeg, að forstjórarnir fari vel með vald sitt, og því betur, ef þeir eiga sjálfir að bera ábyrgð á gerðum sínum, en hitt er skiljanlegt, að þeir vilji heldur unna öðrum ábyrgðarinnar á þeim breytingum, sem illa mundu mælast fyrir í landinu. Jeg ímynda mjer nú, að hjá þeim, sem forstjórn landsverslunarinnar skipa og jeg gat um áður, muni höfuðreglan í framkvæmdunum verða sú, að það verði kaupmenn og kaupfjelög, sem annast þessa verslun, en mjer finst það algerlega rangt að vilja útiloka sveitarfjelögin, eða fjelög og samtök einstakra sveitarhluta, frá því að skifta við landsverslunina, ef þau sjá sjer hag í því.

Um kaupmenn og kaupfjelög er þess að geta, að þau mega ekki, samkvæmt því sem til er ætlast, setja verð vörunnar upp nema um vissa hundraðstölu, en það gæti þó svo farið, að þau segðu: Við viljum ekki hafa neitt með þetta að gera, nema við fáum hærri laun en ákveðin eru, og ættu þau þá hægri aðstöðu að krefjast hærri ómakslauna, er búið væri að útiloka sveitarfjelögin. (B. K.: Þau eru ekki útilokuð.) Ef þau eru ekki útilokuð, þá er tillagan yfir höfuð alveg tilgangslaus. Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að ekki væri gengið nógu langt í því, sem hann vildi, að hlynna að þessari nauðsynlegu stjett manna, verslunarstjettinni, en jeg get vikið að því síðar, hversu alt, sem hv. þm. (B. K.) sagði um þetta efni, var talað út í hött, og jeg get tekið það fram strax, að hjer er alls ekki verið að tala um að taka af kaupmönnum verslunina við útlönd; hjer er verið að tala um úthlutun á vörum, sem þegar eru komnar til landsins; hjer er því alt annað um að ræða en að verið sje að keppa við kaupmenn um vörukaup frá útlöndum, og því er alt, sem hv. 1. þm. G. K. (B. K.) sagði, talað út í hött. (B. K.: En þarf ekki að borga vörurnar?). Það er alls ekki verið að tala um að fá vörur ókeypis. Annars þótti mjer gaman að heyra þær kenningar, sem þessi forvörður kaupmannastjettarinnar var að halda fram, og þykir mjer það talsverð nýung, hvernig hann og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) fylgjast nú að áhugamálum kaupmannastjettarinnar, en jeg ætla að leiða hjá mjer að koma saman „principum“ þeirra, þar ræða er um kaupfjelagsskap hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og kaupmannastefnu hv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Það, sem hjer er verið að ræða um, er ekki annað en það, hvernig útbýta og verja skuli meðal landsmanna þeirri vöru, sem landsverslunin fær í hendur, hversu haga skuli innheimtu og öðru, sem því kemur við; og sje jeg ekki betur en að þeim hlutum sje vel fyrir komið í höndum þeirra manna sem nú veita landsversluninni forstöðu, og því engin ástæða til fyrir þessa hv. deild að fara að skipa þeim að ganga lengra í því að útiloka einstök sveitarfjelög frá að skifta við landsverslunina, þegar þau álíta sjer það hagkvæmt. Jeg hefði getað skilið í því, að hv. deild hefði farið að hlutast til um það, ef landsverslunin væri farin að misbeita valdi sínu, ef hún vildi t. d. ekki skifta við aðra en kaupmenn og kaupfjelög, en vildi útiloka sveitarfjelög og aðra frá viðskiftum. Þá væri tími til að taka fram fyrir hendurnar á stjórn verslunarinnar, en það er einmitt alveg þveröfug leið, sem þessi hv. bjargráðanefnd hefir farið. Það kemur líka í ljós við umr., að nefndin hefir klofnað um þetta mál, og er jeg viss um, að ef hinn góðkunni frsm. nefndarinnar (P. J.) áttaði sig ögn betur á málinu, þá mundi hann ekki beita sjer hart gegn því, að sveitarfjelög og smærri fjelög fengju að hafa óbundnar hendur um skifti sín við landsverslunina.

Hv. frsm. (P. J.) sagði það að vísu ekki útilokað, að þau gætu fengið vörur, en hann sagði, að þetta ætti að verða „meginregla“, að selja kaupmönnum og kaupfjelögum; hvað það orð þýðir hjer veit jeg ekki vel, en held, að það verði líkt og „princip“ eða allsherjarregla, og verður þá undantekningin frá þeirri reglu það, sem kallað er „princip“-brot. En jeg hygg, að það geti ekki verið vilji Alþingis að torvelda landsmönnum svo viðskifti við landsverslunina, að gera þau að „princip“-broti.

Jeg vona því, að hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) verði gott til liðs um þá rökstuddu dagskrá, sem hann ber hjer fram og jeg veit að mun mælast vel fyrir í landinu.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal að eins tala mjög stutt, því að hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) og fleiri hafa tekið ýmislegt fram af því, sem jeg vildi segja. Jeg vil leggja mikla áherslu á, að það er búið að skipa landsverslunina svo góðum mönnum, sem kunnugt er, og því rjettast að láta þá hafa sem óbundnastar hendur um fyrirkomulag verslunarinnar, því vitaskuld verður að beina versluninni inn á þær brautir, sem reynslan bendir á að verði hagkvæmastar. Þingið ætti sem minst að blanda sjer inn í þær hreint verslunarlegu framkvæmdir. Jeg teldi mjög illa farið, ef þingályktunartillagan yrði samþykt og skilin svo á þá leið, að landsverslunin gæti ekki skift við sveitarfjelögin. Jeg skil ekki þá röksemdaleiðslu hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að verslunin verði auðreknari, þó viðskiftin hættu við sveitarfjelögin, því aðalatriðið virðist mjer vera, að verslunin hafi nóg fje, en hvort þa kemur frá sveitarfjelagi eða kaupmanni skilst mjer að verslunarlega sjeð hafi sömu þýðingu.

Þar sem hv. þm. (B. K.) var að tala um þennan ímugust, sem kæmi fram til kaupmanna, þá verð jeg að segja, að það er hrein og bein ímyndun. Þegar litið er á þær ýmsu nefndir, sem skipaðar eru til að fara með verslunina, svo sem forstjórn landsversluninnar, útflutningsnefnd og innflutningsnefnd, þá sjest, að meiri hluti þeirra eru kaupmenn. Ekki kemur ímugustur mikill fram í þessum nefndarskipunum, en hitt er annað mál, þó menn hafi ímugust á þeim hinum mikla gróða, sem sumir, sjerstaklega stórkaupmennirnir, áreiðanlega hafa haft.

Síðan jeg kom í stjórnina hefir einmitt verið lögð áhersla á að ná í menn með sem bestri verslunarþekkingu, en hitt er satt, að þegar háttv. þm. (B. K.) fór úr stjórninni, þá var lítið af verslunarfróðum mönnum, eða nær enginn, í landsversluninni.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) málaði fjárhaginn með dökkum litum. Það er að vísu rjett, að fjárhagurinn er ekki glæsilegur. En hitt fanst mjer fulldjúpt tekið í árinni, er hann sagði, að vjer gætum ekki leitað annara en Dana um lán. Jeg hygg, að vjer getum sannarlega fengið lán annarsstaðar. Og að sjálfstæði landsins sje undir því komið, að fjárhagur landsins sje í höndum kaupmanna, það kunna nú að vera dálítið skiftar skoðanir um það.

Hv. þm. sagði, að landið þyrfti að gjalda mikið af lánum um áramót 1920. Þetta er að vísu satt, en jeg hygg, að sjeð verði fyrir, að ný lán komi í staðinn.

Hv. þm. (B. K.) sagði, að landið þyrfti að lánin. Lánin eru 3 milj., og hv. þm. (B. K.) hjelt, að þeirra yrði krafist um áramót 1920. En ef svo verður, að lánanna verði krafist þá, stafar það af því, að ófriðnum verði lokið. Því að ef ófriðnum heldur þá áfram, eru litlar líkur til, að nýir togarar yrðu keyptir; en fyr þarf ekki að greiða lán þetta.

Jeg vona, að hv. þingm. bindi ekki um of hendur verslunarforstjóranna. Á þessum tímum verður að gefa þeim mönnum, er vjer treystum, mikið vald, og mjer skilst, að þingið alt beri fult traust til forstjóra landsverslunarinnar.

Pjetur Jónsson: Það hafa orðið all-

miklar umr. um till. þessa. Jeg bjóst við, að hún kæmist áfram hljóðalaust. Jeg hefi enn ekki heyrt neina mótbáru gegn till., er gæti gefið ástæðu til umr., fram yfir það, sem svarað hefir verið af öðrum nefndarmönnum.

Jeg skal fyrst minnast á brtt. á þgskj. 281. Þar eru sveitarfjelög látin hverfa undir meginregluna. Þótt nefndin vildi ekki bægja sveitarfjelögum með öllu frá afhendingu og útsölu á landssjóðsvörunum, eins og jeg tók fram í skýringu minni á till., þá mundi samþykt á brtt. orsaka gagnstæð áhrif við till. nefndarinnar. Nefndin vill, að það sje meginregla, að verslunarfyrirkomulagið sje eins og gert er ráð fyrir í till. Jeg hygg að vísu, að hjer í nánd við Reykjavík geti sveitarfjelög komist í beint samband við verslunina, án trafala eða vandkvæða. En jeg fæ hins vegar ekki sjeð, að minni háttar sveitarfjelög úti um land geti snúið sjer að versluninni án milliliða. Mjer er vel kunnugt um, að þau hafa þurft að fá húsrúm o. fl. hjá kaupmönnum eða kaupfjelögum, og greiðslan lendir oft hjá þeim líka.

Það er þess vegna lakara fyrir landsverslunina að hafa viðskifti við sveitirnar, og nefndin vildi einmitt losa hana við þau óþægindi. Sjerstaklega álít jeg illa til fallið að leiða sveitarfjelögin til sætis með kaupmönnum og kaupfjelögum, ef jafnframt á að útbola sýslumönnum frá afskiftum af versluninni. Því að þeir eru nauðsynlegir milliliðir fyrir sveitarfjelögin, sem í fjarlægð eru, ef þau ættu að hafa viðskiftin, og þau atvik geta komið fyrir, að þeir sjeu beinlínis ómissandi. Jeg vil t. d. benda á það, að þegar á að sjá ýmsum stöðum fyrir nauðsynlegum vörubirgðum, t. a. m. þá er íshætta vofir yfir eða samgönguteppur, er ekki víst, að kaupmenn eða kaupfjelög eigi tök á að taka eins miklar vörur og nauðsyn krefur og greiða andvirði þeirra þegar í stað. Þegar svo stæði á, væru sýslumenn sjálfsagðir umsjónarmenn á þeim forða, sem landsverslunin legði fyrir til síðari skifta. Þess vegna vildi nefndin ekki bægja þeim með öllu frá versluninni, en ætlaðist þó ekki til, að þeir hefðu beinlínis verslunarstörf á hendi.

Ráðherrarnir hafa nú allir staðið upp og látið í ljós álit sitt á málinu. Og að því er jeg hefi komist næst, — og atvinnumálaráðherrann hefir tekið skýrt fram — álíta þeir till. að vísu tilgangslausa og óþarfa, en hins vegar eigi fara í bág við fyrirætlanir landsverslunarinnar nje stjórnarinnar í þessu máli. Jeg hefi skilið undirtektir þeirra á þá leið, að till. fari í sömu átt og stjórnin og landsverslunin hafa hugsað sjer og eins og jeg skýrði hana í inngangsræðu minni. Þess vegna virðist mjer dálítið kynlegt, að allir ráðherrarnir skuli finna sig til knúða að standa upp og andmæla till., sem er í samræmi við fyrirætlanir stjórnarinnar, jafnvel þótt þeim finnist hún vera óþörf. Eins og mönnum er kunnugt, hafa komið ýmsar óskir til stjórnarinnar, sem henni hefir reynst ofurefli að fullnægja, og þá er eðlilegt, að hún bendi á örðugleikana. En þó að jeg viti ekki, hvað er að sitja í ráðherrasæti, þegar skorað er á stjórnina að gera það, sem hún hafði hugsað sjer að gera, þá hefi jeg þó setið í svipuðu sæti í fjelagsskap, þar sem mjer sem framkvæmdarstjóra var falið, og það brýnt fyrir mjer, að leysa það af hendi, er jeg hafði marghugsað mjer að gera, og hefir mjer þó ávalt þótt ráðlegt og kurteislegt að taka slíkum áskorunum vel. Þess vegna þykja mjer andmæli stjórnarinnar tæplega tilhlýðileg.

Björn Kristjánsson: Jeg þarf fáu að svara, því að andsvörin gegn mjer snertu harla lítið mitt mál.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) gat þess, að kaupmenn hefðu fengið og mundu framvegis fá vörur hjá landsversluninni, þótt till. þessi yrði ekki samþykt. Þetta er rjett. En það var alls ekki þetta, sem jeg átti við, heldur var jeg að benda á leið til þess, að kaupmenn sæktust eftir vörunum og legðu eigið fje sitt og lánstraust til þess að kaupa þær og selja, svo að landið þyrfti ekki að taka það fje að láni erlendis, sem þeir hefðu yfir að ráða; og jeg benti á, að þingið mætti ekki gera neitt til þess að hindra kaupmenn í þessu efni. Þetta átti jeg við. En allir, sem gegn mjer hafa talað, hafa misskilið orð mín, og þar á meðal hæstv. fjármálaráðherra.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði, að jeg áliti fjármálavoða stafa af verslunarrekstrinum. Þetta er heldur ekki rjett. En jeg sagði, að stjórnin hefði ekki nægilegt veltufje til þess að versla með, að minsta kosti ekki án veltufjár kaupmanna og kaupfjelaga. Og úr því að fjeð er ekki til, verður landið að taka það að láni, ef það hugsar sjer að reka verslunina framvegis með þessu fyrirkomulagi. Jeg benti á, að þingið ætti að gera kaupmönnum og kaupfjelögum fært, og hvetja þau meira að segja til þess, að taka þátt í versluninni. En hjer tjáir lítt að segja eins og karlinn, sem rak öfuga ausuna ofan í baunapottinn: „Hangið þið við, ef þið viljið vera með".

Hæstv. fjármálaráðherra og ýmsir hv. þm. sögðu, að forstjórar landsverslunarinnar eigi að stjórna þessu. En hafa menn athugað, að hjer er að ræða um fjárhag landsins, og það, sem hjer um ræðir, stendur fyrir utan þeirra verkahring, verslunarstjóranna? Því að ekki á stjórn landsverslunarinnar að vera ráðandi þess, hvort kaupmönnum og kaupfjelögum er gert mögulegt að leggja fje sitt fram, eða hvort landið tekur margra miljóna kr. lán í þess stað. Því málefni á vitanlega stjórn og þing að ráða.

Jeg bið afsökunar á því, að jeg hefi tekið þetta fram. Það er eigi af því, að mjer sje þetta mál hið minsta kappsmál, heldur vildi jeg skýra hvernig í málinu liggur. En jeg heyri á umr., að mjer hefir því miður ekki tekist það.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) kvað stefnuna kynlega. En jeg er annarar skoðunar. Jeg lýsti stefnunni áðan og sýndi þá fram á, hversu nauðsynlegt væri, að landið tæki hana upp, eins og nú á stendur. Og ef þetta er sama stefnan og stjórnin hafði hugsað sjer í málinu, hvað er þá til fyrirstöðu?

Hv. sami þm. (B. Sv.) kvað kaupmenn geta neitað að hafa verslunina á hendi, ef þeim byði svo við að horfa. Þetta er að vísu rjett. En ef slíkt kæmi fyrir, er heimilt samkvæmt till. að versla við hvern sem vill. En ef stjórnin og kaupmenn geta ekki komið sjer saman, þá er það stjórninni að kenna, en ekki verslunarstjettinni.

Hv. sami þm. (B. Sv.) gat þess og, að hjer væri ekki um að ræða venjulega útlánsverslun, heldur að eins úthlutun vara. En alt kemur í sama stað niður. Ef landið vantar fje til þess að kaupa vöruna, verður það að taka lán. Það er auðvitað rjett, að peningarnir eru jafngóðir frá hreppsfjelögum sem frá kaupmönnum, ef þau hefðu þá á takteinum. (**Fjármálaráðh.:** Vörurnar verða goldnar við afhendingu). En hreppsfjelög hafa ekki veltufje, nema það, sem þau fá í bönkum að láni.

Hæstv. fjármálaráðherra fann að

því, sem jeg sagði, að vjer hefðum hvergi lánstraust nema í Danmörku. Hann sagði, að vjer mundum hafa það víðar en þar. En jeg hefi aldrei orðið þess var. Eða hvers vegna hefir stjórnin þá ekki notað sjer það?

Jeg vildi óska, að það reyndist sannspá, að ófriðnum yrði lokið svo snemma, að landið gæti greitt skuld sína um áramót 1920. En vjer verðum samt að gera ráð fyrir hinu versta. Þess vegna vil jeg, að vjer notum oss af fremsta megni vort eigið fjármagn, og þá er að færa sjer í nyt verslunarveltufjeð, og ákveða kaupmönnum verslunarariðinn sjálfir. Það tel jeg miklu hyggilegra en að leita að óþörfu láns hjá erlendri þjóð, sem vjer eigum í höggi við um sjálfstæðismál vor.

Þó jeg geri þetta ekki að neinu kappsmáli, fanst mjer mig bera skylda til að benda hv. deild á þessi úrræði.

Einar Arnórsson: Mjer finst megnið af þessu rifrildi vera deila um keisarans skegg. Jeg lít svo á, að bæði aðaltill. og brtt. sjeu algerlega óþarfar, en að nokkru leyti skaðlausar. Í aðaltill. er svo ákveðið, að kaupmenn og kaupfjelög skuli annast vöruúthlutunina, og brtt. bætir við sveitarfjelögum. En þetta virðist vera óþarft, því að þetta fyrirkomulag mun vera sú meginregla, sem tíðast hefir verið fylgt. Jeg veit ekki til, að einstakir menn hafi keypt, svo að nokkru nemi, vörur af landsversluninni, heldur kaupmenn og kaupfjelög.

Till. nefndarinnar mætti skilja svo, að sveitarfjelögum sje verslunin fyrirmunuð. (**P. J.:** Ekki ef till. er skýrð). Það er kynlegt, að till. skuli að þessu leyti vera svo óskýr, að það skuli þurfa að skýra hana til þess, að það skiljist. Hví er þetta atriði þá ekki tekið skýrt fram í till.?

Sannleikurinn mun vera sá, að heppilegt sje að láta kaupmenn og kaupfjelög annast sölu og afhendingu á vörunum, eða getur að minsta kosti oft verið heppilegra en að fela það sveitarstjórnum. En þess eru þó jafnframt dæmi, að til eru sveitarfjelög hjer í nágrenninu, sem enginn hængur hefir reynst á að skifta við, t. d. íms sveitarfjel. í Árness. (**Fjármálaráðh.:** Og suður með sjó). Já, bæði þar og í Árness- og Borgarfjarðarsýslum. Úr því að fengnir hafa verið forstjórar fyrir landsverslunina menn, sem vænta má að ræki starf sitt vel og hafa meiri verslunarþekkingu til brunns að bera en þm. yfirleitt, virðist mjer varhugavert af þinginu að setja þeim slíkar reglur.

En þá er hinn liður brtt., frá hv. þm. Borgf. (P. O.). Hann kveður svo á, að sýslumenn skuli engin afskifti af versluninni hafa. Þessa till. hygg jeg líka vanhugsaða. Jeg skal að vísu játa, að ástæðulaust er að láta sýslumenn altaf hafa afskifti af verslun landssjóðs. En fyrir geta komið íms tilfelli, eins og hv. þm. S.-Þ. (P. J.) tók fram, að eigi sje hagkvæmt að fyrirmuna stjórninni að nota milligöngu sýslumanna.

Jeg þarf ekki að telja sama dæmið og hann nefndi, því það mætti finna svo miklu fleiri. Mjer finst, að stjórnin og stjórn landsverslunarinnar ráði skipun þessara manna, algerlega á sína ábyrgð, og eftir því, sem reynslan sýnir þeim að best sje. (**Atvinnumálaráðh.:** Og breytt atvik standa til). Það felst í því, sem áður er sagt.

Það getur verið varhugavert að ætla sjer að svínbinda stjórn slíks fyrirtækis við ákveðna reglu; þótti það ekki heppilegt í byrjun, og hefir reynslan sýnt það.

Auk þess kæri jeg mig ekki um að fara að samþykkja einhverja fastbundna reglu, til þess að stjórnin hafi það svo síðar að skálkaskjóli og segi: „Þetta hafið þið skipað mjer, og því berið þið ábyrgðina". Mjer finst best og heppilegast ráðið, að stjórnin og stjórn landsverslunarinnar ráði fram úr þessu á sitt eindæmi og með fullkominni ábyrgð. Það er ekki heppileg stefna hjá þinginu að ætla sjer að gefa ákveðna reglu um það, hvernig stjórnin skuli haga sjer í hverju einstöku tilfelli, því það er eingöngu til þess að veikja ábyrgðartilfinningu stjórnarinnar.

Þá kem jeg að lánalið till. Jeg get ekki sjeð, að annar liðurinn sje beinlínis til meins, en hann er líka með öllu gagnslaus. (**Fjármálaráðh.**: Alveg rjett). Það stendur sem sje í lögum frá 1. febr. 1917, að stjórninni sje heimil lántaka eftir þörfum til landsverslunarinnar. Hjer er því sú heimild til, sem till. fer fram á, og jeg sje ekki, að þörf sje neinu við hana að bæta. Það skyldi þá helst vera það, að taka þyrfti fram við stjórnina, að hún tæki lánin „með sem hagkvæmustum vaxtakjörum og nægilegum greiðslufresti", en mjer finst það liggja svo í augum uppi og vera svo sjálfsagður hlutur, að stjórnin gæti þessa eftir megni, að ekki gerist þörf á að minna hana á það, og býst jeg við, að meiri hl. þingsins treysti henni til þessa. Hitt er annað, að skiftar geta verið skoðanir manna um það hverju sinni, hvort stjórninni hafi farist farsællega um lántökur sínar, hvort hún hafi tekið lánin á rjettum stað eða hvort henni hafi tekist að fá lánin með viðunandi kjörum, og er það alt öðru máli að gegna; en stjórnin tekur auðvitað altaf þar lánin, sem hún hyggur best í það skiftið. Mjer virðist því, í sannleika sagt, að annar liður till. blátt áfram nálgist það að vera barnalegur.

Að þessi till. varði svo mjög fjárhag landsins fæ jeg ekki skilið, en það getur vel verið skilningsleysi mínu að kenna. Jeg hygg, að stjórnin ætli sjer ekki að útiloka samvinnu við kaupmenn, svo að aðstaðan og hjálpin, sem þeir geta veitt með peningum sínum og þekkingu, er jafnmikil og opin hvort sem þessi till. er samþykt eða ekki. Jeg sje þá heldur enga ástæðu til þess að samþykkja neina dagskrá, og til þess að losna við málið á sem þægilegastan hátt og án þess að í nokkru sje tekið fram fyrir hendur stjórnar landsverslunarinnar, þá leyfi jeg mjer að koma með till. um það, að málinu verði vísað til landsstjórnarinnar.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki lengja mikið umr., en jeg verð þó að segja nokkur orð viðvíkjandi ræðu hv. frsm. (P. J.), að því er hún laut að brtt. mínum. Mjer hefir aldrei komið það til hugar, að sveitarfjelög mundu fara að skifta við landsverslunina beint þar, sem þeim væri óhagræði í því. Þar, sem svo stæði á, mundu þau hjer eftir sem hingað til reka verslunina áfram við kaupmenn og kaupfjelög. Og þar, sem kaupfjelagsskapur er, kemur þetta auðvitað ekki til. En þar, sem svo stendur á, að sveitarfjel. er það haldkvæmast, ódýrast og best, og öll skilyrði til þess eru fyrir hendi, þá virðist það næsta illa til fallið að gera gyllingar til þess að gera vöruna dýrari með því að þvinga inn óþarfa milliliðum. Og eins og hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) tók rjettilega fram, mundi það mælast mjög illa fyrir hvarvetna, ef svo væri að farið.

Þar sem þessi þjóð stynur undir oki

dýrtíðarinnar, þá ber að forðast alt það, er gerir vöruna dýrari.

Þá vildi hv. frsm. (P. J.) halda því fram, að sýslumenn væru nauðsynlegir milliliðir, og að það væri verra fyrir landsverslunina að skifta við sveitarfjelögin heldur en við kaupmenn og kaupfjelög. Jeg skil ekki, á hverju hann byggir þetta, því jeg er þess viss, að landsverslunin fleygir ekki vörunum út í neina óvissu, hvorki til kaupmanna, kaupfjelaga eða sveitarfjelaga. Og ef nú varan yrði ekki borguð út í hönd, þá býst jeg við, að heimtuð verði nægileg trygging fyrir borguninni. Jeg sje ekki, að nein rök mæli fremur á móti því að þessu leyti, að sveitarfjelögin snúi beint til landsverslunarinnar, heldur en kaupmenn og kaupfjelög.

Þá mintist hv. sami þm. (P.J.) á, að ef farið yrði að leggja upp vöru í stórum stíl á einhverjum stöðum utan Reykjavíkur, þá þyrftu sýslumennirnir að vera til eftirlits. Þar er jeg algerlega á annari skoðun. Í slíku tilfelli álít jeg einmitt miklu heppilegra, að fela umsjón með þeim birgðum einhverjum öðrum en sýslumönnum. Við vitum allir, að sýslumannsstarfið er aðalstarf og ekkert smástarf, sje það vel rækt, og ef þeir svo ofan á öll önnur störf sín ættu að fara að bæta á sig umsjón og eftirliti með slíkum vörubirgðum úti um kauptún og sveitir landsins, þá er það ekkert smáræðisstarf og getur heldur alls ekki samrýmst þeirra verulega verkahring. Það getur líka verið mjög mikið vafamál, hversu heppilegt það sje að blanda dómurum landsins mikið inn í víðtækt verslunarvastur. Það er sú alda vakin hjer, sem annarsstaðar, að dómarar ættu að vera sem allra óháðastir öllu vastri, sem þrætur geta af risið.

Þetta er komið svo langt hjer, að t. d. dómarar í yfirrjettinum mega ekki sitja á þingi.

Þá langar mig til þess að gera örstutta athugasemd við ræðu hv. atvinnumálaráðh. Hann vildi vefengja, að sýslumenn hefðu fengið borgun eða „prósentur“ af öðrum vörum en þeim, sem gengju gegnum þeirra hendur. En jeg hefi fengið upplýsingar um, og get nefnt dæmi þess, að þeir hafa eins fengið prósentur af vörum, sem aldrei hafa komið í þeirra hendur og þeir því hafa engin skifti haft af.

Jeg get leitt vitni að því hjer í deildinni, að svona hafi þetta verið.

Jeg þekki auk þess sjálfur, af eigin reynd, dæmi þess um vörur, sem keyptar hafa verið í landsversluninni og borgaðar út í hönd, að reikningur yfir þær vörur er færður á nafn sýslumannsins í viðkomandi sýslu, auðvitað í því augnamiði, að hann fái prósentur af upphæðinni.

Hæstv. forsætisráðherra þarf jeg ekki að svara, því að hann tók ekki beint fram annað en það, sem jeg hefi svarað með þessum orðum mínum.

En jeg get ekki leitt hjá mjer að svara nokkru ræðu hv. 1. þm. G.-K. (B. K.). (B. K.: Jeg er dauður.) Já, og það getur nú þm. sjálfum sjer um kent, en vitanlega ris hv. þm. (B. K.) upp aftur.

Jeg er hv. þm. (B. K.) sammála um það, að frjáls viðskifti og samkepni er það eina heilbrigða, sem öll viðskifti eiga að grundvallast og byggjast á, á eðlilegum tímum.

Jeg álít það heldur engan veginn rjett að útiloka kaupmenn og kaupfjelög frá því að nota fjármagn sitt og aðra aðstöðu til þess að reiða upp vörur, en

það er nú svo komið fyrir rás viðburðanna, að stjórnin er til neydd að annast innflutning á öllum vörum og standa fyrir kaupum á þeim. En hvernig hann fer að setja þetta í samband við úthlutun vörunnar innanlands, það finst mjer dálítið hárugt. Og eins að vera að tala um stjettarig í sambandi við, þó fáein sveitarfjelög versluðu beint við landsverslunina, án þess að borga milliliðaskatt; það finst mjer ekki vel við eigandi og fullkomlega ástæðulaust. (B. K.: Það þarf að borga). Já, jeg veit, að það þarf að borga, en jeg geri ráð fyrir, að það þurfi að borga kaupmönnum vörurnar ekki síður en landsversluninni. Eða hyggur hv. þm. (B. K.), að kaupmenn muni gefa vörurnar? (B. K.: Sveitarfjelögin hafa ekki rekstrarfje). Hingað til hafa sveitarfjelögin ekki verið útilokuð með það að fá lán í bönkum og sparisjóðum, og auk þess eru í mörgum sveitarfjelögum svo vel stæðir menn, að þeir mundu lána sveit sinni, ef bankarnir brygðust. Kaupmenn hafa líka rekstrarfje sitt frá bönkunum.

Annars verð jeg að segja, að jeg felli mig illa við þann öreigastimpil, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) vill setja á sveitarfjelögin. Jeg hygg það ekki heldur heppilegt fyrir lánstraust landsins, að bankastjóri við þjóðbanka landsins láti slík orð falla hjer í þinginu. Hefir hv. þm. (B. K.) athugað það? Og það liggur við, að mjer verði á að setja þetta tal hans um sveitarfjelögin í samband við það, að hann hefir látið allsherjarnefnd Ed. setja öreigastimpil á sjálfan sig.

Jeg vona, að breytingartillaga mín verði samþykt.

Gísli Sveinsson: Jeg ætla ekki að lengja umr. mikið, en jeg vil þó lýsa yfir því, að jeg er samþykkur þeim hv. þm., sem talað hafa og lýst þeirri skoðun, að þessar tillögur væru næsta óþarfar, eins og nú stendur á. Í fyrra kom fram tillaga frá nokkrum hv. þm., sem fór nokkuð í sömu átt, og virtist mjer hún á þeim tíma heldur líklegri en nú. Það er sem sje öllum kunnugt, að í fyrra voru menn óánægðir með landsversl. og forstjóra hennar, en nú eru komnir nýir forstjórar, og er svo til ætlast, að þeir verði eins óháðir landsstjórninni og tök eru á. Jeg er meðal þeirra, sem bera fullkomið traust til þessara manna, sem forstjórar eru, og veit jeg, að valið hefir í þetta skiftið tekist sæmilega, og jeg býst við, að hv. Alþingi geti ekki bætt þar mikið um, þó að það fari að sletta sjer fram í gerðir þeirra.

Þetta er svo mikið og vandasamt mál, að jeg tel það ekki rjett að fara að gera tillögur til stjórnarinnar um eitthvert visst fyrirkomulag á rekstri þess, nema því að eins, að forstjórarnir sjeu með í ráðum.

Þá er það líka óþarft að samþykkja þessa till. frá hv. bjargráðanefnd, því að sumt af því, sem hún fer fram á, mun þegar komið á. Þá er síðari liður tillögunnar svo vaxinn, að við erum ekki að neinu leyti nær því að fá góð lán, þó að hann verði samþyktur, því að jeg vona, hvort sem er, að hæstv. landsstjórn takist betur við næstu lántöku en þá, er síðast fór fram, svo að jeg segi ekki meira.

Mjer finst ástæða til að athuga nánar það, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði í ræðu sinni. Mjer skildist sem sje svo, að hann benti á nýtt atriði í þessu máli, sem vert er að betur sje athugað, en það kemur ekki fram í tillögunni, og kemur því henni ekki við, og jeg tel það að vísu miður. Till. hljóðar að eins

um það, að koma á þeirri reglu, að kaupmenn og kaupfjelög hafi með höndum afhending og útsölu á vörum frá landsversluninni, en þar er alls ekki ætlast til, að landsversluin selji kaupmönnum eða kaupfjelögum vöruna, og þeir selji svo alþýðu manna. Það á með öðrum orðum að eins að láta kaupmenn og kaupfjelög annast úthlutun á þeirri vöru, sem til er og landið hefir útvegað.

Mjer skildist, að það, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) vildi láta komast inn í tillöguna, en ekki er í henni, væri að kaupmenn og kaupfjelög keyptu vöruna, sem landsverslunin útvegaði, og mundi á þann hátt vera hægt að ná í það veltufje, sem verslunarstjettin á yfir að ráða; sömuleiðis mundu m. a. þeir hæfileikar, sem æfðir hafa verið í þarfir verslunarinnar, fá notið sín, og loks mundi landsstjórnin á þennan hátt losna við að taka lán erlendis til verslunarrekstrarins. Þetta atriði á bjargráðanefnd í samráði við forstjóra landsverslunar að athuga gaumgæfilega, því að það er þess vert, En það á ekkert erindi inn á þingið. En er við tölum um tillöguna eins og hún er nú, þá er þetta því miður alls ekki í henni, því hún talar, eins og jeg hefi tekið fram, að eins um afhending og útsölu á vörum landsverslunarinnar, en ekki kaupmanna.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi hlustað á ræður manna um tillöguna og komist að þeirri niðurstöðu, að mikið af þeim er bygt á algerum misskilningi. Það má vel vera, að hún sje ekki sem best orðuð, og því væri það æskilegt, að hún nú yrði tekin út af dagskrá og vísað til bjargráðanefndar, svo að hún gæti orðað hana betur.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer virðist varla ástæða til að taka mál þetta út af dagskrá. Jeg álít það hreinasta óþarfa að eyða heilum degi enn þá fyrir þinginu, til þess að ræða þessar till., sem jeg tel óþarfa. Það er rjett hjá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að ef það, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) telur tilganginn, ætti að liggja í tillögunni, nær hún alls ekki því marki, eins og hún nú er orðuð.

Það er alls ekki heppilegt að koma með svona löguð mál inn á þingið, því það getur aldrei blessast, eins og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók fram, að setja forstjórum landsverslunarinnar fastar reglur, sem þeir eiga svo að haga sjer eftir.

Sigurður Stefánsson: Jeg vona, að þessi till. sje ekki svo móðgandi fyrir hv. stjórn, að hún geti ekki beðið nokkra daga til með að hræra í blóði hennar. Og því síður skil jeg hæstv. forsætisráðherra, er hann fer að fárast yfir tímatöfinni, sem af þessu verður, því enginn á stærri hlut í því, að þingið hefir nú setið langan tíma yfir engu, heldur en hæstv. forsætisráðherra.

Forsætisráðherra (J. M.): Ef háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir komið með þessa till. í því skyni, að þingið gæti talað um hana og setið þannig yfir engu, þá get jeg vel skilið, að hann vilji láta ræða hana einn daginn til, en þó sje jeg ekki, að þetta sje næg ástæða fyrir mig til þess að taka þá ósk mína aftur, að málinu sje lokið nú.

Umr. frestað.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

Dýrtíðarvinna.

Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um dýrtíðarvinnu (A. 327).

Á sama fundi í Nd. var till. tekin til fyrri umr., en
forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. júní, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg hefi leyft mjer að koma með þessa till. til þingsál. um dýrtíðarvinnu, á þgskj. 327, og skal jeg vera stuttorður um hana. Aðaltilgangur hennar er sá, að heimila landsstjórninni verkefni til dýrtíðarvinnu, ef nauðsyn krefur og ef á slíkri vinnu þurfi að halda. Till. þessi á að geta afstýrt vandræðum meðal fólks í bæjum sunnanlands. Heimild til slíkrar dýrtíðarvinnu, ef nauðsyn krefur, er í lögum þeim, er nú gilda, og sömuleiðis í frv. því um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar, 6. gr., sem nú liggur fyrir hv. Ed.

Það er reyndar alls ekki víst, að til þess komi, og færi í rauninni miklu betur, að ekki þyrfti á því að halda, að stjórnin yrði að ráðstafa fólki í dýrtíðarvinnu, eins og hjer er gert ráð fyrir. En „allur er varinn góður“, og sje jeg því fullkomna ástæðu til þess, að stjórnin hafi slíka heimild, þótt aldrei þurfi til hennar að taka. Hjer er um verk að ræða, sem er, eins og jeg hefi áður látið í ljós, hentugt til dýrtíðarvinnu. Þetta verkefni liggur ekki langt frá Reykjavík, og þar má vinna, ef þörf gerist, seinni hluta sumars og enda fram eftir vetri. Hvort mikið eða lítið af verkinu verður tekið fyrir, er einungis samkomulagsatriði milli landsstjórnarinnar og stjórnar Flóaáveitufjel. Komið hefir einnig til tals, að gerð yrði tilraun með vatn til áveitu úr Hvítá, áður en ráðist yrði í að framkvæma þetta áveitufyrirtæki. Ef það yrði ofan á hjá þeim, sem hlut eiga að máli, að í slíkar tilraunir væri ráðist, þá er það mitt álit, að það starf, sem til þess útheimtist, myndi einkar hentug dýrtíðarvinna. Gera má ráð fyrir, að það verk myndi naumast kosta minna en 70—80.000 krónur. Yrði það þá svipuð upphæð og varið var í vetur af hálfu landsstjórnarinnar til dýrtíðarvinnunnar í Öskjuhlíðinni. Hins má hjer geta, að verk þetta kemur að fullum notum, þegar ráðist verður í þessa áveitu til fullnustu.

Hvort nokkur nauðsyn sje á þessari tilraun, áður en ráðist verður í sjálft fyrirtækið, skal jeg ekki ræða um að svo stöddu, en benda að eins á þetta í sambandi við till. Jeg vænti þess, að till. verði vísað til síðari umr. og því næst til bjargráðanefndar. Myndi till. þá síðar, ef bjargráðanefnd litist vel á hana, verða látin ganga til fjárveitinganefndar, er svo fengi að segja álit sitt um hana. Það er þess vegna engin hætta að leyfa henni að fara til 2. umr., með því að hún verður að ganga í gegnum tvo hreinsunarelda, áður en hún verði aftur tekin til meðferðar hjer í deildinni.

Jeg lít svo á, að þetta mál sje kannske miklu þýðingarmeira en sumir hv. þm. gera sjer í hugarlund. Þess vegna eru það tilmæli mín, að ekki verði hrapað að því að fella till. þegar við 1. umr., heldur lofa henni að ganga til nefnda

þeirra, sem jeg hefi talað um. Það væri í raun og veru fljótræði að fella till. óathugaða. Einnig skal jeg láta þess getið, að jeg hefi flutt hana með vitund bjargráðanefndar, og býst nefndin því við, að hún fái málið til meðferðar. Vona jeg því, að till. fái að ganga sína leið, svo að þessi nefnd fái að segja álit sitt um hana, í samráði við stjórnina.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hafði reyndar ekki kvatt mjer máls, en hæstv. forseti hefir lesið í hug mjer. Jeg get að vísu ekkert sagt um þessa þingsál.till. fyrir stjórnarinnar hönd. Það hefir ekkert verið um hana talað í ráðuneytinu, og veit jeg ekki heldur, hvernig hæstv. **atvinnu**málaráðherra lítur á hana, en persónulega get jeg sagt það, að jeg tel rjett að athuga hana, því að jeg hygg hana hvergi nærri svo fráleita, sem sumir hv. þm. virðast halda.

Mjer hefir verið sagt af mönnum, sem hugsað hafa um þetta mál, að það myndi vera dálítið athugavert að ráðast í að gera alla áveituna í einu, vegna þess að áveituvatnið og ýms önnur skilyrði eru ekki fullrannsökuð, og því mundi, eins og hv. flm. (S. S.) segir, gott að byrja með tilraun, en ekki á verkinu í heild sinni. Það mun vera svo, að öll skilyrði fyrir áveitunni eru ekki fyllilega rannsökuð. Þess vegna væri hyggilegra, eins og hv. flm. (S. S.) drap á, að byrja með eitthvað smærra, og væri svo gert, væri rjettast, að sú tilraun yrði gerð áður en að fullkomlega væri ráðist í verkið, og sýnilegt er, að svo framarlega sem fyrirtækið er nauðsynlegt, er ekki hyggilegt, að þessi tilraun dragist mjög lengi.

Því er að vísu haldið fram, að verk þetta sje mjög dýrt nú, en jeg er þó ekki viss um, að það verði miklu ódýrara að ófriðnum loknum, því að það má ekki búast við, að verkkaup manna falli að mun, svo að á þeim kostnaði myndi ekki sparast svo mjög mikið, en vitanlega verða verkfæri öll, er til þurfa, nokkru ódýrari þá. Jeg hefi að vísu ekki verklega þekkingu á slíku máli sem þessu, en mjer finst, að almenn skynsemi geti litið þannig á það. Jeg vil þess vegna styðja þá till. hv. flm. (S. S.), að málinu verði vísað til nefndar; mundi nefndin þá taka til athugunar þessa grein málsins og aðrar fleiri, sem þá mætti upplýsa, bæði af hv. flm. (S. S.) og öðrum, sem um það hafa fjallað.

Þórarinn Jónsson: Hv. flm. (S. S.) taldi það sínu máli til stuðnings, að þessi þingsál.till. væri til að afstýra vandræðum meðal fólks. Mjer skilst nú svo, að vinnuvandræði fólks geti ekki komið til mála fyr en eftir að vetur er genginn í garð, og getur því ekki verið um atvinnuleysi að ræða hjer, en þegar að því kemur, getur maður nokkuð gert sjer í hugarlund, hvernig það verður að senda menn hjeðan úr Reykjavík og annarsstaðar af landinu austur í Flóa, til þess að vinna þar að jarðabótum um hávetur, ef til vill í 30 stiga frosti, liggja þar við í tjöldum o. s. frv., og hve miklu þeir myndu afkasta. Þess utan er það athugavert, að öll verkfæri, sem nú þyrfti að kaupa til þessarar vinnu, eru í afarverði og yrðu á þessum tíma alls ekki notuð. Jeg sje því ekki, að þessi till. geti komið til nokkurra mála. En svo er annað, sem till. tekur fram. Það er að landssjóður eigi að bera allan þann halla, sem verða kunni af þessum vinnubrögðum. En mundi ekki hallinn geta orðið nokkuð mikill, ef afurðir vinnunnar yrðu sama sem engar, en landssjóðurinn

borgaði alt saman? Jeg sje þess vegna ekki, hvers vegna málið á að fara í nefnd. Mjer finst ekki annað við það að gera en fella það þegar í stað. Hæstv. forsætisráðherra sagði, að tillagan væri ekki svo afleit; hann talaði um einhverja tilraun, sem gera þyrfti. Mjer er ekki ljóst, hvernig sú tilraun á að vera, ef frekar er hægt að gera hana að vetrarlagi en á öðrum tíma. Hæstvirtur forsætisráðherra áleit líka, að verkið mundi ekki verða miklu ódýrara, eftir stríðið, og nefndi þá um leið aðalatriðið, verkfærakaupin. Ekki fæ jeg skilið þetta, því bæði er það, að verkfærin myndu verða ódýrari, og svo hitt, að verkið myndi verða framkvæmt á hentugum tíma, en ekki með neinni málamyndavinnu.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg skal ekki eyða löngum tíma í að svara hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). Jeg get verið hæstv. forsætisráðh. þakklátur fyrir undirtektir hans í málinu, og vænti jeg, að háttv. deild taki orð hans til greina.

Jeg bjóst ekki við, að hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) mundi styðja mál þetta. En geta vildi jeg þess í samabndi við athugasemdir hans um vinnuskortinn, að vel getur svo farið, að síðari hluta þessa sumars verði einmitt skortur á vinnu, bæði hjer í Reykjavík og víðar. Má minna á það, að líkur eru til, að síldarrekstur verði lítill í sumar, og að vel getur svo farið, að hætt verði við hann í miðju kafi, þó að einhver verði. Skilst mjer því, að fjöldi fólks verði þá að meira eða minna leyti atvinnulaus. En hins vegar má vinna að skurðgrefti langt fram á vetur, jafnvel þó að jörð sje töluvert frosin. Er mjer kunnugt um það, frá síðasti, hausti, að skurðgröftur gekk þá vel, og að menn unnu þar ákvæðisverk. Til þess að höggva gaddaða skorpu ofan af, jafnvel um 30 cm. þykka, þarf ekki fleiri handtök en að stinga jafnmikið rúmmál með skóflu í þýðri jörð. Með því að höggva upp klakaskorpuna næst stórt stykki eða klakaskán í einu, og tefur það lítið fyrir, nema klakhöggið sje því meira. Þetta get jeg borið um af eiginni sjón og reynslu. Vil jeg og geta þess, að sá hluti verksins, sem þarf til þess að gera áveitutilraunina, er mestmegnis unninn á þurlendi, og er það mikill munur.

Búast mætti við, að verkfærin yrðu dýr. En þess er þó að gæta, að ef hjer yrði að eins um tilraun að ræða, þá mundu mestpart verða notuð algeng handverkfæri. Og að vinnunni lokinni mætti svo selja verkfærin, ef vildi, og það með litlum eða engum afföllum, því að nú er tilfinnanlegur verkfæraskortur í landinu.

Í till. eru ekki ákveðin hlutföllin milli fjárframlags landssjóðs og Flóaáveitufjelagsins. Það verður að vera samkomulagsatriði milli stjórnarinnar og fjelagsins. Jeg þykist mega fullyrða, að þeir, sem að tilraunum þessum stæðu, yrðu samvinnufúsir og myndu taka einhvern þátt í þeim halla, sem verða kynni á verkinu, og ljetta þannig undir með landssjóði. Hins vegar álít jeg það mikilsvert, að stjórnin hafi þarna á boðstólum dýrtíðarvinnu.

Jeg vonast þess vegna til, að till. fái að ganga til síðari umr. og að henni verði vísað til bjargráðanefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) vildi ekki láta athuga mál þetta í nefnd. Þetta getur verið eðlilegt frá hans sjónarmiði, þar sem hann álítur, að slík ráðstöfun, sem till. þessi fjallar um, geti ekki komið til nokkurra

mála. Ef það væri rjett, væri auðvitað tilgangslaust að tefja málið í nefnd.

En hv. þm. (Þór. J.) fór ekki alveg rjett með mín ummæli. Hann kvað mig hafa sagt, að verkið yrði ekki miklu ódýrara eftir ófriðinn. Þetta er ekki rjett haft eftir. Jeg sagði, að verkið yrði þá ekki mjög miklu ódýrara. (**Þór. J.**: Af hverju?). Af því að mestur hluti kostnaðarins er fólginn í verkkaupi, og það verður líklega ekki mun minna eftir ófriðinn. Jeg hygg, að hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) hafi eigi skilið hugsunina, sem fyrir fjelaginu vakti, er það bauð landsstjórninni vinnuna til umráða. En það hugsaði á þessa leið: Við skulum láta verk þetta af hendi til landsstjórnarinnar, ef hún vill kosta dálitlu til, til þess að hún hafi verkefni handa atvinnulausu fólki.

Jeg vil samt ekki hjer með beint segja, að rjett sje að ráðast í fyrirtækið. En jeg tel rjett, að nefnd sje látin athuga málið. Jeg gæti vel hugsað mjer, að atvinnulausu fólki á Eyrarbakka og Stokkseyri kæmi vel að fá þessa vinnu. Vitanlega yrði ekki unnið að vetrarlagi, heldur að eins haust og vor, en þá er oft lítið um vinnu.

Jeg tel óþarft að orðlengja frekar um þetta. Hjer er eigi um annað að ræða en hvort athuga skuli málið í nefnd. Og jeg verð að segja, að margri till., sem minna hefir haft sjer til ágætis, hefir verið vísað í nefnd orðalaust.

Þórarinn Jónsson: Jeg skal ekki gera þetta að kappsmáli. Jeg finn, að hæstv. forsætisráðherra er það allmikið kappsmál, að till. komist eitthvað áfram, og er því líklegt, eftir venjunni, að deildin verði svo lítilþæg, að lofa henni að komast í nefnd. En jeg hefi ekki skilið ummæli hans að öllu leyti. Hann sagði, að landssjóður mundi litlu þurfa til að kosta. Ekki verður það þó sjeð af till. Ekki skal jeg heldur efast um, að það þurfi að verða fyrirtæki þessu til fyrirstöðu, að eigi verði gott samkomulag milli fjelagsins, sem myndað verður þar eystra, og landsstjórnarinnar, ef hæstv. forsætisráðherra fjallar þar um, hvernig sem landssjóðnum verður þá borgið.

Hæstv. forsætisráðherra gat þess, að á Eyrarbakka og Stokkseyri gæti verið atvinnulaust fólk, sem yrði fegið að hagnýta sjer þessa atvinnu. En jeg býst eigi við, að svo sje margt um atvinnulaust fólk þar eystra, að til þess komi, að með því verði verkið framkvæmt. Og sá er líka agnúinn á þessu, að á þeim tíma árs, sem fólki er mest þörf atvinnu, er ókleift að vinna að þessu verki.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gat þess að vísu, að ofurauðvelt væri að kljúfa frostskorpuna. Jeg skal ekki leitast við að hrekja þessa staðhæfingu, en get lofað öðrum að meta hana. Mun jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, þó að till. kæmist í nefnd, að þá reki hún ekki upp höfuðið aftur.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: H. K., J. B., M. Ó., P. J., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., Ó. B.

nei: G. Sv., J. J., M. G., M. P., P. O., Þór. J.

J. M. greiddi ekki atkvæði.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 19 : 6

atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 545) með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Till. var því ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

---

4. Dýrtíðaruppbót handa Sigurgeiri Gíslasyni.

Á 38. fundi í Ed., mánudaginn 27. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót handa vegagerðarstjóra Sigurgeiri Gíslasyni (A. 222).

Á 29. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Kristinn Daníelsson): Jeg hefi flutt till. þessa eftir ósk sýslunefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu, og vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp nokkrar línur úr gerðabók sýslunefndarinnar: „Sýslunefndin álítur, að vegaverkstjóri Sigurgeir Gíslason í Hafnarfirði, sem staðið hefir fyrir vegagerð Keflavíkur og Grindavíkurvegarins, sem kostaðir eru að hálfu leyti úr landssjóði, hafi eigi með rjettu verið afskiftur, að því er snertir úthlutun dýrtíðaruppbótar árin 1916 og 1917, og skorar sýslunefndin á Alþingi að leiðrjetta þetta."

Þetta erindi hefir nú legið frammi á þinginu, frá sýslunefndinni. En ástæðan fyrir því, að þessi maður hefir ekki fengið dýrtíðaruppbót, eins og aðrir vegagerðarstjórar, er að líkindum sú, að hann er ráðinn til vinnunnar af sýslunefnd, enda þótt hann hafi unnið í landssjóðs þarfir, þar eð landssjóður hefir kostað veginn að hálfu leyti.

Jeg vil geta þess líka, að vegur þessi hefði að rjettu lagi átt að vera í þjóðvegatölu, en sýslunefndin sótti það ekki fast; vildi hún heldur vinna til að leggja fje til hans að hálfu, til þess að fá hann fyr, því eins og kunnugt er, var leið þessi illfær og því þörf á, að fá veginn lagðan sem fyrst.

Til nánari skýringar vil jeg geta þess, að maður þessi, Sigurgeir Gíslason, hefir unnið að vegagerð í 25 ár og þar af verið vegagerðarstjóri í 19 ár, fyrst 4 ár í þjónustu landssjóðs, en síðan í 14—15 ár við þennan veg, og þykja vegir hans vel gerðir í alla staði, og bera af flestum öðrum nýlögðum vegum.

Jeg skal svo ekki eyða fleiri orðum í framsögu þessa máls, en vona, að hv. deild líti svo á, að þessi maður eigi eins mikinn rjett á dýrtíðaruppbót sem aðrir menn af hans flokki.

Vil jeg svo leggja það til, að till. verði vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 8 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 222, n. 264).

Karl Einarsson: Jeg get látið mjer nægja að vísa til þeirrar rökstuddu dagskrár frá fjárveitinganefnd, sem fram er komin, því þar eru teknar fram ástæðurnar fyrir því, að nefndin getur ekki fallist á till. þessa, sem sje þær, að þar sem þessi maður tekur verkkaup sitt eftir ákvæðum sýslunefndar Gullbringusýslu, þá beri henni og að ákveða, hvort maðurinn eigi að fá dýrtíðaruppbót eða ekki. Jeg ræð því til, að rökstudda dagskráin verði samþykt.

Kristinn Daníelsson: Mjer kom sannast að segja þessi rökstudda dagskrá fjárveitinganefndar á óvart, því hv. nefnd sýndi mjer þann sóma, að kveðja mig til viðtals, og heyrðist mjer hún þá ekki vera því mótfallin, að dýrtíðaruppbót væri greidd þessum manni, að minsta kosti að hálfu, úr landssjóði. — Eins og hv. deild mun vera kunnugt, liggja alveg sjerstök atvik að því, að þessi maður hefir ekki unnið fyrir landssjóðinn, eins og aðrir vegagerðarmenn. Og það mun vera eini verkstjórinn á landinu, sem þannig stendur á með. Hjer er því ekki að óttast neitt fordæmi, þó að þessi till. nái fram að ganga. — Annars hefi jeg ástæðu til að halda, að hv. nefnd mundi ekki vera á móti því, að dýrtíðaruppbótin væri greidd að hálfu leyti úr landssjóði og að hálfu leyti frá sýslunni, og hefi hugsað mjer að koma með brtt., sem gengi í þá átt. Jeg ætlaði þess vegna að ná í oddvita Gullbringusýslu og bera mig saman við hann, en hefi ekki enn getað náð í hann, þar sem hann er nú í þingaferðum. Jeg vildi því biðja hv. forseta að taka málið út af dagskrá.

Fjármálaráðherra (S. E.): Mjer virðist rökstudda dagskráin mjög hyggileg, því jeg get ekki betur sjeð en að þessi þingsál.till. stríði algerlega á móti því „principi", sem fylgt hefir verið af landsstjórninni og þinginu í því, að veita dýrtíðaruppbót, ef landsstjórnin á nú að fara að veita uppbót fyrir vinnu, sem sýslunefnd lætur vinna. Svo held jeg líka, að þetta gæti orðið öðrum fordæmi. Jeg veit t. d. ekki betur en að eins mætti álíta ástatt um veginn frá Akranesi; það er sýsluvegur, sem fje er veitt til úr landssjóði; það gæti því farið eins um þann vegagerðarstjóra, að hann vildi fá dýrtíðaruppbót úr landssjóði. Jeg álít því sjálfsagt að samþykkja þessa rökstuddu dagskrá nefndarinnar.

Karl Einarsson: Jeg skal geta þess, að fyrir nefndinni vakti það ekki að láta greiða helming dýrtíðaruppbótarinnar beint úr landssjóði, heldur væri sú upphæð tekin af kostnaðinum við vegagerðina, sem svo í reyndinni yrði það sama, þar sem landssjóður borgar helming kostnaðar við vegagerð þá, er þessi verkstjóri vinnur við.

Halldór Steinsson: Jeg sje enga ástæðu til að taka málið út af dagskrá, því jeg skil ekki, hvaða upplýsingar gætu komið frá oddvita Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem breyttu afstöðu deildarinnar í því.

Kristinn Daníelsson: Hæstv. fjármálaráðherra sagði, að hjer væri verið að brjóta eitthvert mikilvægt „princip", en það er alls ekki rjett, því þetta er ekki samanberandi við smávegarspotta í Borgarfjarðarsýslu, sem hann vildi bera saman við vegagerðina í Gullbringusýslu og leggja hvorttveggja að jöfnu. Maðurinn, sem hjer er um að ræða, er

búinn að vinna að þessu starfi í fjölda mörg ár. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Vestm. (K. E.) sagði, þá skal jeg taka það fram, að jeg býst ekki við, að hægt væri að telja uppbótina með kostnaði við veginn, því þeir reikningar allir, sem þar að lúta, munu þegar vera uppgerðir. Þá væri, m. ö. o., enginn annar vegur fyrir höndum en sá, að maðurinn fái uppbótina úr sýslusjóði, eða ekkert, ef honum er ekki veitt hún úr landssjóði.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg held, að rök mín áðan hafi verið alveg nægileg. Fyrst og fremst eru það að eins örfáir vegagerðarstjórar landssjóðs, sem fá dýrtíðaruppbót, og því ástæðulaust að veita hana verkstjórum, sem ráðnir eru af sýslum, og í öðru lagi er vegurinn, sem jeg mintist á áðan, enginn smávegarspotti. Jeg veit ekki betur en að hann muni kosta 30—40 þúsund krónur.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer er kunnugt um það, að nokkur sýslufjelög fá styrk úr landssjóði til sýsluvega. Svo er það t. d. um Suður-Þingeyjarsýslu, sýsluveginn fram Reykjadal og upp í Mývatnssveit. Mjer finst það vera eðlilegast, að vegavinnustjórarnir setji upp hærra kaup, þar sem verðmæti peninganna er minna en áður var, og þá fær sýslufjelagið helminginn af hækkuninni úr landssjóði. Ef sýslufjelagið vill ekki hækka kaupið, þá ræður það ódýrari mann. Það lítur svo út á pappírnum, sem hagur sje að því, en óvíst er það þó, er litið er til verksins. Mjer finst till. þessi ekki neitt þarfamál, og hún hlýtur að draga dilk á eftir sjer.

Forseti: Jeg tel það skylt og sjálfsagt að taka málið út af dagskrá að ósk hv. flutningsmanns (K. D.), svo hann geti aflað sjer frekar upplýsinga um það. Hv. deildarmenn hafa vitanlega jafnóbundnar hendur um málið fyrir það. Jeg verð því við ósk hv. flm. (K. D. og tek málið út af dagskrá.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

Fyrirspurnir.

1. Fossanefndin.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. maí, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um framkvæmdir fossanefndarinnar (A. 69).

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 10. maí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Á 26. fundi í Nd., laugardaginn 18. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig við búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Gísli Sveinsson): Hjer á landi eru, eins og kunnugt er, allmargar nefndir, svo margar, að jeg veit ekki, hvort hjer eru fleiri fossar heldur en nefndirnar nú á tímum. Ein af þessum nefndum er fossanefndin, og nú hefir það atvikast svo, að jeg ásamt öðrum hv. þm. hefi leyft mjer að koma fram með fyrirspurn til hæstv. stjórnar um framkvæmdir þessarar nefndar, ekki af því, að þessi sje eina nefndin, sem spyrja þyrfti um; t. d. væri fróðlegt að fá að vita eitthvað um starf verðlagsnefndarinnar, sem nú hefir setið síðustu árin og, að því er menn best vita, hefir gert lítið annað en að hirða laun sín. En um fossanefndina þarf að spyrja, af því, að hún hefir nú líka setið um hríð og tekið sín laun, en ekkert hefir heyrst af framkvæmdum hennar. Og að spurt er um hana hjer er af sjerstakri orsök, og orsökin er þingsályktunartill. frá síðasta þingi; hún sýnir sem sje í 4 liðum, hvað það er, sem nefndin eigi að gera og að nokkru að hafa gert fyrir þetta þing, og vil jeg því, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa till. upp:

„Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 5 manna nefnd til að taka til íhugunar fossamál landsins, og skal verkefni nefndarinnar sjerstaklega vera þetta:

1. Að athuga, hverjar breytingar nauðsynlegt er að gera á gildandi fossalöggjöf.

2. Að afla sem ítarlegastra upplýsinga og skýrslna um fossa í landinu og notagildi þeirra.

3. Að athuga, hvort tiltækilegt sje, að landið kaupi vatnsafl og starfræki það.

4. Að athuga, hvort og með hvaða kjörum rjett sje að veita fossafjelaginu „Ísland“ og öðrum slíkum fjelögum, er umsóknir kunna að senda, lögheimild til að starfrækja fossaafl hjer á landi“.

Svo kemur niðurlagið, sem segir, að

nefndin skuli senda stjórninni álit sitt og tillögur, sjerstaklega hvað 1. og 4. liðinn snertir, ekki síðar en svo, að hægt sje að leggja það fyrir næsta þing.

Nú kynnnu menn að segja, að þetta næsta þing sje næsta reglulegt þing, sem koma á saman á næsta sumri. En þessu vil jeg mótmæla, og byggi jeg þau mótmæli m. a. á umræðunum, sem urðu um þetta mál á síðasta þingi, þar kom það berlega fram, að með þessu „næsta þingi" var átt við það aukaþing, sem kunnugt var öllum þingmönnum, þegar tillagan var samþykt, að koma mundi saman einhvern tíma á árinu 1918.

Nú höfum vjer þingmenn ekki fengið að vita neitt um það, hvað frá þessari nefnd hefir komið, og þess vegna er spurt, hvað líður framkvæmdum þessarar nefndar, hvað þá fjóra liði snertir, sem um er getið í þingsályktunartill. síðasta þings, og þá sjerstaklega 1. og 4. liðinn. Við hljótum sem sje að ganga út frá því, að hún hafi þegar athugað þetta, ef ekki 2. og 3., þá þó að sjálfsögðu og áreiðanlega hinn 1. og 4.

Þá verð jeg að taka það fram, að eins og hv. þm. muna, voru menn á síðasta þingi ekki á eitt sáttir um grundvallartilhögun þessa máls. Sumir vildu afgreiða málið þegar á þinginu og veita einu sjerstöku fjelagi heimild til að starfrækja nokkra fossa hjer á landi um víst árabil, en aðrir voru því mótfallnir. Í öðru lagi voru menn ekki heldur á eitt sáttir um það, hvernig fara ætti með málið, ef það yrði ekki afgreitt frá þinginu.

Jeg og fleiri voru þeirrar skoðunar, að þetta mál væri þannig vaxið, að vísa bæri því til stjórnarinnar, og að stjórnin rannsakaði eða ljeti starfshæfa menn, með sjerþekkingu á þessum málum, athuga öll þessi atriði, blátt áfram vegna þess, að þessi atriði voru þannig vaxin, að þau áttu ekki að vera stjórninni og þeim ráðamönnum eða aðstoðarmönnum, er hún veldi sjer, ofvaxin. Á þessari skoðun var fjárhagsnefnd þessarar hv. deildar. En það varð nú úr, eftir till. hv. Ed., að nefnd skyldi skipa. Þegar sú till. kom til umr. í sameinuðu þingi og rætt var um, hvernig skipa ætti nefndina, þá tók jeg og fleiri það skýrt fram, að landsstjórnin yrði að vera algerlega sjálfráð og óbundin í vali mannanna, en ekki, eins og heyrst hafði, að hún ætti að vera bundin af flokkunum, þannig, að hvert flokksbrot tilnefndi einhvern pólitíkus, sem ætti að sitja sem nokkurskonar fulltrúi þess í nefndinni. Jeg áleit, að því að eins væri meining í þessu, að mennirnir yrðu valdir í nefndina frá því sjónarmiði, sem eitt er rjett, en það er að taka ekkert tillit til flokka, heldur velja þá eina, sem fulltreysta mátti til þess að vinna starfið svo, að enginn efaðist um, að það væri ábyggilega af hendi leyst. Því verður ekki neitað, að þetta mál er talsvert sjerfræðilegt, og að sjerfróða menn þarf til þess að athuga það, ef vel á að vera. Auk þess, sem jeg tók þetta fram á þinginu í fyrra, þá greiddi jeg og fleiri atkv. með skipun milliþinganefndar með þeim ákveðna fyrirvara, að hún yrði þannig skipuð, sem jeg nú taldi. En þegar til kastanna kom, kom það upp úr kafinu, að flokkabrotin höfðu búið þarna til bitlinga handa gæðingum sínum. 3 flokkarnir í þingi nefndu hver til sinn mann, að því er virðist, er ætti að hafa sæti í nefndinni af þeirra hálfu, því að út fyrir þingið mátti ekki fara með þessa veitingu, að svo miklu leyti, sem þingið gæti haft ráð á henni.

Það er alkunnugt, hverjir þessir menn voru, enda ætlaði jeg ekkert um þá að

tala persónulega. Þegar svo til kom, að stjórnin skipaði þá 2 menn, sem henni var ætlað að velja í nefndina, þá fór það svo, að mörgum þótti henni ekki takast vel valið. Annar maðurinn hafði sjerþekkingu til að bera og þá að sjálfsögðu rjettilega valinn. Um hinn manninn skal jeg taka það skýrt fram, að jeg get ekki sjeð, að hann ætti neitt að gera í þessa nefnd, að manninum ólöstuðum að öðru leyti. Hann var embættismaður uppi í hjeraði, og verður ekki sjeð, að neinn nauður hafi rekið til að rífa hann upp úr embætti sínu til þess að setja hann í nefndina. Að vísu mun því verða svarað, að þetta hafi verið gert til þess að fá lögfræðing í nefndina. En mjer er ekki kunnugt um, að hann hafi neitt það til brunns að bera sem lögfræðingur, að fyrir þær sakir hefði ekki mátt lofa honum að sitja í friði í embætti sínu, en skipa sæti hans í nefndina öðrum manni hæfum. Svo er því líka farið um mennina hina, er flokkarnir rjeðu, að allur almenningur gat ekki sjeð, að þeir hefðu neitt í það að vera í þessari nefnd, og sumir hefðu alls ekki átt í hana að komast. Það mun sýna sig, þegar til uppskerunnar kemur, hvort orð mín sannast ekki í þessu efni.

Jeg vona, að hæstv. stjórn geti nú þegar gefið upplýsingar um afrek nefndarinnar, svo að hv. þingdeild og allur almenningur megi brátt þekkja nefndarmennina af ávöxtunum. Úr því að jeg er að tala um nefndarmennina, þá skal jeg enn taka það fram, viðvíkjandi skipun nefndarinnar, að það hefir verið lagt stjórninni til lasts, að auk þess, sem hún fór að láta þingflokka taka fram fyrir hendur sjer, þá skyldi hún ekki skipa 2 menn með sjerþekkingu í þau sæti, sem hún átti yfir að ráða. Og loks er annar þeirra manna, sem stjórnin skipaði og jeg hefi áður getið um, ofskyldur einum ráðherranum til þess, að það hefði mátt eiga sjer stað, að hann væri til þess valinn. Það er nú líka meining mín og margra annara þingmanna, að um fleiri menn, og marga hæfari en þessa, hafi verið að velja.

Og að sjálfsögðu var það skylda stjórnarinnar að velja í nefndina þá færustu menn, sem völ var á. Mjer er þá einnig óhætt að segja það, að það var tilgangur margra þingmanna, að minsta kosti fjárhagsnefndar neðri deildar, með því, að málinu yrði vísað til stjórnarinnar, að hún fengi sjerfróða og ábyggilega menn til þessara rannsókna, og var þá ekki ætlast til, að hún leitaði einungis fyrir sjer hjer á landi, heldur útvegaði sjerfróða menn frá öðrum löndum, ef ástæða virtist til þess.

Þá ætla jeg að víkja að einu atriði, sem kemur við nefndarstörfunum, því að heyrst hefir, að nefndinni hafi nú verið fengið það í hendur. Á aukaþinginu 1916—17 flutti jeg till. til þingsályktunar um, að rannsaka skyldi eignarrjett að afrjettarfossum, og var tillagan samþykt og afgreidd í einu hljóði. Þetta var gert vegna þess, að aðallega eitt útlent fjelag hafði sýnt lit á að vilja kaupa afrjettarfossa, og sveitarfjelög höfðu selt því fossa, ekki einungis niðri í bygð, heldur líka uppi á afrjettum. Jeg hjelt því fram, eftir því sem jeg hafði kynt mjer lög landsins að fornu og nýju, að sveitarfjelögin ættu ekki rjett til að selja fossa á afrjettum, fremur en þau hafa rjett til að láta af hendi námurjettindi og annað þesskonar. Þegar svo til stjórnarinnar kom að fá hæfan mann til að rannsaka þetta, þá vissi jeg lengi vel ekki hvað því leið, fyr en á útmánuðum í fyrra vetur, að eitt blað hjer í bænum — það var víst

„Tíminn", loflegrar minningar — flutti þá fregn, að nú væri stjórnin búin að sýna rögg af sjer og skipa „nafnkendan fræðimann" til þessara rannsókna. Málið er, eins og gefur að skilja, rjettarsögulegs eða fræðilegs eðlis, svo að ganga mátti út frá, að hjer væri um rjettarfræðing að ræða, en maðurinn var ekki nefndur. Síðan fekk jeg að vita það hjá einum ráðherranum, að þessi maður væri fyrv. landritari Klemens Jónsson. Það hefir sjálfsagt þótt tilhlýðilegt að velja hann til þessa starfa, þar sem hann hafði þá, eins og mönnum er kunnugt, látið af embætti sínu og er nokkuð þektur lögfræðingur. En um fræðimensku hans er mjer ekki kunnugt að öðru leyti. „Tíminn" lofaði nú að flytja útdrátt úr þeirri skýrslu og þeim gögnum, sem þessi maður legði fram, að rannsókn lokinni, sem brátt mundi verða. Og satt að segja hlakkaði jeg til að sjá þetta, og jeg hygg, að svo hafi verið um fleiri. En svo leið veturinn og vorið, sumarið með og haustið. Ekkert varð vart við neina skýrslu. Þegar fram á veturinn næstliðinn kom, fór það að kvisast, að rannsókninni mundi vera lokið. En þegar til þess kom, að þessi maður ljeti uppi árangurinn af þessari rannsókn, þá neitaði hann að skýra stjórninni frá niðurstöðum þeim, sem hann hafði komist að. Jeg hefi heyrt, að hann hafi gefið þá ástæðu, að hann væri í stjórn fossafjelagsins „Titan" og gæti því ekki látið af hendi neinar upplýsingar, hvort sem þær kynnu nú að vera andstæðar hagsmunum fjelagsins eða ekki. Það var einmitt þetta fjelag, sem gaf tilefni til þess, að komið var fram með till. um rannsókn málsins. Nú hefir stjórninni sennilega ekki verið það kunnugt, að maður þessi ætti sæti í stjórn þessa fjelags. Einn ráðherranna, sá þeirra, sem einmitt fjallaði um þetta mál, hefir tjáð mjer það í prívat-samræðu, að hann hafi ekkert um þetta vitað. En maðurinn, sem skipaður var, hefir þó vitað það. Og eins og hann síðar færði þá ástæðu fyrir því, að láta engar niðurstöður uppi, að hann væri í stjórn þessa fjelags, eins hefði hann þegar í byrjun átt að geta sagt stjórninni það, að hann væri, af sömu ástæðum, ekki bær til að leggja neinn dóm á mál, sem fyrirsjáanlegt var að mundi snerta hagsmuni hans eigin fjelags.

Jeg verð að telja þetta mjög svo óheppilegt. Ekki það, að maðurinn, sem til rannsóknanna var valinn, gæti ekki álitist fær til þess, heldur hitt, að hann sagði ekki til þess fyrirfram, að hann, sökum afstöðu sinnar til fjelagsins, væri ekki hæfur til starfsins. Nú er því ekkert búið að eiga við þetta mál, sem hefði getað verið klappað og klárt. Og sökum þess, að maðurinn tók verkið að sjer, þá var ekki hægt að fá annan mann til þess á sama tíma. Nú er svo komið, að þessu máli, þessari rannsókn hefir verið varpað í þá ruslakistu, sem kölluð er fossanefnd. Í hana er látið alt það, sem foss er nefndur í, hverju nafni sem það nefnist að öðru leyti. Það er leiðinlegt, að þetta atriði skyldi lenda í fossanefndinni, því að í henni er enginn, sem fær er um að rannsaka þetta rjettarlega atriði. Að vísu er einn lögfræðingur í nefndinni. En hann er enginn fræðimaður, og víst ekki við því búinn að rannsaka þetta. Jeg hefi að vísu heyrt, að annar maður í nefndinni, sem líklega þykist fræðimaður, og vill auk þess oft koma fram sem einskonar yfirlögfræðingur hjer á þessu þingi, þótt ólögfróður sje, hafi nú tekið að sjer að rann-

saka þetta. Um árangurinn af hans starfi veit jeg, eins og gefur að skilja, ekki neitt.

Heyrst hefir það, og haft eftir nefndarmönnum, að þeir starfi allmikið, og að fyrir nefndinni lægi svo mikið verk, að henni nægði ekki til að ljúka því minna en mörg ár. Frá mínu sjónarmiði sjeð er starf nefndarinnar þannig vaxið, að ekki ætti að þurfa mörg ár til að koma því af. Það kom jafnvel til álita á þinginu í fyrra, eins og jeg hefi drepið á, að stjórnin mundi geta annast þetta verk með aðstoð sjerfróðra manna. Og svo mikið er víst, að þeir verða nokkuð margir, sem ekki verða ánægðir, ef nefndin situr með þetta mál eða á þessu máli í mörg ár.

Hvað sjerstaklega snertir rannsókn 1. og 4. liðar í þingsályktuninni, þá verð jeg að álíta, að ekki hefði þurft lengri tíma en nefndin þegar er búin að sitja á rökstólum, til þess að komast að einhverri niðurstöðu um þau atriði.

1. liðurinn er um það, hverjar breytingar þurfi að gera á gildandi fossalöggjöf. Jeg geri nú ráð fyrir að nefndin hafi gert sjer það ljóst, á hvaða grundvelli hún telur rjettast og heppilegast að fossalöggjöf byggist hjer á landi. Þegar þessi grundvöllur er fundinn, þá ætti það að vera nefndinni kleift að koma fram með tillögur í samræmi við það og eftir þeirri stefnu, sem nefndarmenn taka sjer. Til þess ætti ekki að þurfa svo ýkjalangan tíma, enda full þörf á, að undinn sje bráður bugur að því.

Þetta er þá ekki síður nauðsynlegt um 4. liðinn. Það var einmitt það atriði, sem gaf tilefni til þessarar nefndarskipunar. Það var, eins og menn muna, tilboð fossafjelagsins „Ísland“ um starfrækslu Sogsfossanna. Þetta ætti að vera klappað og klárt alt saman. Nefndarmenn ættu að vera búnir að gera það upp við samviskur sínar, ef það er samviskusök, hvaða tillögur þeir vilja fram bera um þetta efni. Það er sjálfsagður hlutur, að þetta fjelag vinnur með erlendu fjármagni, eins og slíks mun við þurfa, hvernig sem fossar þessa lands verða starfræktir. Og það kemur þá til álita, hvort nefndin leggur til, að nokkru erlendu fjelagi verði leyft að starfrækja nokkra fossa hjer á landi. Það gefur að skilja, hverjum augum sem menn annars líta á þessi atriði, að það er áríðandi fyrir fjelagið að fá að vita, hverju svarað verði þeim málaleitunum, sem lágu hjer fyrir þinginu í fyrra. Það er ekki búið að svara þeim enn, en það verður að gera hið bráðasta. Tilboð þetta bauð ýmsa góða kosti, sem mörgum þingmönnum þóttu aðgengilegir, fyrir suma hluta landsins. En svörin fara auðvitað eftir því, hvort menn vilja leyfa nokkru útlendu fjelagi, eða hvort menn vilja leyfa nokkru einstöku fjelagi yfirleitt tök á nokkrum af fossum landsins. Margir eru þeir, sem vilja lofa fjelagi, sem ábyggilegt teldist, að ríða á vaðið með einn eða fleiri fossa, til ákveðins tíma, ef tryggilega er um hnúta búið og hlunnindi og gjöld koma í staðinn; aðrir taka því ólíklega. Það er nú líka víst, að þessi staður, sem vjer stöndum á, — og á jeg þá ekki við Alþingishúsið, heldur plássið, sem vjer erum í, sem sje Reykjavík, — að hann átti að njóta hlunninda allmikilla af starfi þessa fjelags. Og eins víst er um það, að á þessum tíma væru þau hlunnindi svo mikils virði, að brátt verður ekki tölum talið. Með tilliti til þessa var nefndinni falið að koma með tillögur um þetta atriði fyrir næsta þing. Nýlega hefir komið brjef frá fjelaginu til landsstjórn-

arinnar, þar sem það spyr, hvort von sje um nokkrar framkvæmdir í málinu. Fjelagið segist enn þá hafa fjeð á reiðum höndum, og jeg tel víst, að það sje fúst til að semja um fyrirtækið hve nær sem er. En það óskar eftir því að fá eitthvað afgert um málið, til þess að það missi ekki fjeð úr höndum sjer. Það má telja. öldungis víst, að fjelagið stendur enn við þau tilboð, sem það hefir gefið, með þeim breytingum, sem þingið vildi á þeim gera, það er að segja ef breytingarnar eru þannig vaxnar, að fjelagið vildi ganga að þeim, og þarf um það að vera víst fyrirfram. Því að það liggur í hlutarins eðli, að ekki er til neins fyrir þingið að samþykkja tilboð eða leyfi, sem fjelagið svo vill ekki ganga að.

Jeg sje ekki þörf á margra ára nefndarsetu til þess að komast á rekspöl með þetta, eða ferð til útlanda, eins og einnig hefir heyrst að nefndin ætli sjer. Til hvers eiga hv. nefndarmenn að fara að ferðast úti um lönd? Til þess að horfa á fossa, líta á, hvernig þeir eru starfræktir og hvað þar er gert? Hvað græðum við eða mennirnir sjálfir á þessu ferðalagi? Jú, þeir hafa gaman af því að líta alt þetta eigin augum, og við höfum sjálfsagt gaman af því að heyra þá segja frá því, sem fyrir augun bar, þegar þeir koma aftur. En hvað græðir málið á því, þó að þessir menn kunni að segja frá, að þeir hafi sjeð ýmsa fossa og sjeð, að þeir voru notaðir til ýmislegs og að þar og þar hafi alt verið í góðu lagi. Sá eini maður í nefndinni, sem hefir sjerþekkingu á þessum efnum, hefði gagn af því að ferðast, en hinir ekki. Þeir hefðu vafalaust fjarska mikið gaman af að ferðast, eins og þegar nokkrir hv. þm. ferðuðust sjer til skemtunar í fyrra sumar austur að Markarfljóti, til þess að horfa á það renna. Já, það var svo sem gaman að ferðast í sumarblíðunni — mikil ósköp —; það gaman gat maður þó gengið inn á, en ekki þetta, að heil nefnd fari að ferðast út um allar álfur heims, eins og nú er dýrt og örðugt að ferðast um í heiminum. Ef nefndin getur ekki aflað þeirra upplýsinga hjer á landi, sem þörf er á, þá efast jeg um, að hún kæmi mikið sannfróðari heim úr þessu ferðalagi, hvað þau atriði snertir, sem henni er ætlað að leysa úr.

Jeg býst nú við að hv. nefndarmenn upplýsi ósköpin öll, sem þeir þurfi að fræðast um í öðrum löndum. En jeg er þess fullviss að þeir geta fengið fullnægjandi fræðslu um málið með því að kynna sjer það, sem skrifað hefir verið um þessi efni, með því að lesa skýrslur um það, hvað gert hefir verið að starfrækslu fossa, og ekki síst með því að kynna sjer, hvað sagt hefir verið um starfrækslu einstakra fjelaga og einstakra ríkja. Þetta alt má upplýsa hjer á landi, með því að útvega skýrslur og skilríki, sem þar að lúta. Og það er gefinn hlutur, að allir, bæði stjórnendur einstakra fjelaga og opinber stjórnarvöld, mundu fús til að láta stjórninni í tje allar slíkar upplýsingar. Þess vegna hefði verið rjett og fullnægjandi að vísa málinu til stjórnarinnar, að hún hefir tök á að snúa sjer til hverra sem er og beiðast upplýsinga. Það getur nefndin auðvitað líka gert sjálf. Sem opinber nefnd getur hún leitað allra þeirra upplýsinga, sem starf hennar útheimtir, og mundi fá þær viðstöðulaust. En til þess hefði ekki þurft að skipa nefnd. Og nú er stjórnin við hendina og getur útvegað skilríkin, sem nefndin svo byggir starf sitt á. Þetta ætlast jeg til að nefndin geri hjer, og

annað býst jeg ekki við að hún geti gert, að undanteknum þeim eina manni í nefndinni, sem segja má að nokkra sjerþekkingu hafi á þessum málum, sem sje verkfræðingnum. Jeg sje því enga ástæðu til, að nefndin í heild sinni fari að ferðast til útlanda.

En nú munu menn ef til vill spyrja sem svo, hvers vegna sje verið að ragast í þessu. Þar til er því að svara, að þetta mál er fyrir mjer alvörumál, alt of áríðandi alvörumál til þess, að ekkert sje að því unnið, heldur verið að fimbulfamba út í hvippinn og hvappinn. Nefndin verður að fara að láta eitthvað eftir sig sjást, til þess að þingið geti eitthvað farið að gera, að minsta kosti í þeim atriðum, sem næst liggja. Starfræksla fossanna á að verða höfuðframfaraskilyrði þessa lands, og bráðnauðsynlegt er, að sem allra fyrst verði farið að vinna að þeim málum, en ekki alt látið lenda í hjali.

Það er ekki kostnaðarins vegna, sem jeg er að fást um þetta. Jeg er yfirleitt ekki sýtinn um það, þó að það, sem gera þarf, og vel er gert, kosti eitthvað, og tel jeg mjer það til hróss. En eins og hjer er frá öllu gengið, þá geta menn álitið, að þetta nefndarstarf fari að kosta svo mikið, að við verðum að fara að sjá, hvort nokkuð rekur eða gengur fyrir nefndinni.

Til upplýsingar skal jeg taka það fram, að jeg hefi fengið að vita hjá landsfjehirði, hvað nefndin hefir kostað fram til þessa, það er að segja, hvað stjórnarráðið hefir ávísað nefndarmönnum til greiðslu úr landssjóði. Frá því skal skýrt, að síðast hefir verið ávísað 23. mars, enn sem komið er. Það, sem gengið hefir til nefndarinnar, síðan hún settist á laggirnar í haust, er samtals kr. 11752,42 eða hart nær 12 þúsundir króna. Eins og kunnugt er, hefir nefndin ekki farið langt út fyrir bæinn enn þá, hvað þá heldur landsteinana, og er ekki búin að sitja nema nokkra mánuði, ekki mörg ár. Til þess að menn viti, hve nær nefndin fer að fá fje úr landssjóði, þá skal jeg geta þess, að fyrst er ávísað:

17. nóv. f. á.	kr.	2000,00
þar næst 2. jan. þ. á.	—	2000,00
og 27. mars þ. á.	—	552,42
sem gerir alls	kr.	4552,42

og telst það til fyrra árs.

Enn fremur 16. jan. þ. á.	kr.	4000,00
þá 5. mars þ. á.	—	2000,00
og loks 23. mars þ. á. ..	—	1200,00
verður alls	kr.	7200,00

og telst til þessa árs útgjalda.

Það kann nú vel að vera, að nefndin geri grein fyrir, að hún hafi nauðsynlega þurft þessa fjár með. En mjer er sem jeg sjái niðurstöðuna, ef nefndin skilar engu af sjer nú, heldur ætlar að sitja áfram ef til vill árum saman og fara að ferðast út um löndin. Það er nú ekki óhugsanlegt, að það reynist ekki að ófyrirsynju, nje heldur með öllu tilgangslaust, að við heimtum upplýsingar um starf nefndarinnar nú þegar, og sjerstaklega að núna á næstunni komi fram ályktanir nefndarinnar viðvíkjandi 1. og 4. lið þingsályktunarinnar, sem ætlast var beinlínis til að till. kæmu um fyrir þetta þing.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal taka það fram, að mjer dettur ekki í hug að fara að svara fyrirspurninni. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. atvinnumálaráðherra sje við því búinn að svara henni. En jeg vildi drepa á eitt atriði í ræðu hv. fyrirspyrjanda (G. Sv.), af því

að hann fór þar ekki með rjett mál. Hann sagði, að flokkabrot í þinginu hefðu *tilnefnt sinn manninn* hvert. Jeg verð að mótmæla þessu fyrir hönd þess flokks, sem jeg heyri til, heimastjórnarflokksins. Hann hefir ekki tilnefnt neinn mann í fossanefndina, og afsalaði sjer öllum afskiftum af skipun hennar, þegar þetta kom til tals í þinginu í fyrra.

Það var skilyrði frá tveimur þingflokkunum, að þeir hefðu rjett til að nefna menn í nefndina, og heimastjórnarflokkurinn hafði auðvitað líka þennan rjett, en hann notaði hann ekki (**P. J.**: Hann mótmælti þessu). (**S. St.**: Já, margir flokksmanna). (**B. J.**: Heyr sannleiksvitnið).

Þetta þótti mjer ástæða til að leiðrjetta, þótt það vitanlega hafi enga þýðingu fyrir fyrirspurnina, eins og hún liggur fyrir. Enn fremur tel jeg rjett að láta þess getið, þar sem hv. fyrirspyrjandi (G. Sv.) var að tala um skyldleika eins nefndarmannsins við einn ráðherranna, að það var ekki það, sem rjeði valinu, en þegar um fleiri menn var að ræða, var hann tekinn fram yfir, af því að hann var lögfræðingur.

Frekara skal jeg svo ekki fara út í þetta mál.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Fyrirspurn þessi liggur nú fyrir til umr., og þótt henni fylgi, eins og vant er um fyrirspurnir, löng ræða, sem ekki er nema eðlilegt, þá ætla jeg nú að eins að snúa mjer að fyrirspurninni sjálfri, fyrst um sinn. Hún er í 2 liðum, og eins og allir hv. þm. sjá, er sjerstaklega spurt um, hvað líði framkvæmdum fossanefndarinnar gagnvart 1. og 4. lið margnefndrar þingsályktunar.

Ráðuneytið hefir ekki sjeð ástæðu til þess að spyrja fossanefndina smám saman, hvað störfum hennar liði. Er það því ráðuneytinu eigi sjerstaklega kunnugt, og gat það því eigi svarað fyrirspurninni af eigin ramleik. En þar, sem sjálfsagt var, að fyrirspurnin yrði leyfð, þá taldi stjórnin sjer skylt að gera sem fyrst gangskör að því, að hægt yrði að svara. Fyrirspurnin var því send fossanefnd 11. þ. m. til umsagnar. Svar hennar kom 12. s. m. Stjórnin bauðst svo til að svara 17. s. m. Samkvæmt erindi til forseta átti fyrirspurnin að koma í gær, en fjell úr, án þess að jeg viti um ástæðuna. (**E. A.**: Þær voru lögmætar). Jeg get nú ekki svarað fyrirspurninni á annan hátt en með leyfi hæstv. forseta að lesa upp svar fossanefndarinnar. Þar segir svo:

„Skal hjer með skýrt frá því, að nefndin hefir ekki enn þá lokið störfum sínum, að því er snertir neitt af þeim fjórum atriðum, sem talin eru í þingsályktun, samþ. 15. sept. 1917. Eru þessi verkefni öll svo náskyld, að þess má ekki vænta, að álit komi frá nefndinni um eitt eða tvö af þeim fyr en nefndin hefir lokið ítarlegri rannsókn á öllum undirstöðuatriðum málsins."

Gagnvart síðari lið fyrirspurnarinnar segir nefndin enn fremur:

„Í nefndri þingsályktun er látið í ljós, að þingið vænti þess fastlega, að nefndin geti sent stjórninni álit sitt og tillögur, sjerstaklega að því er snertir 1. og 4. lið ályktunarinnar „svo tímanlega, að leggja megi fyrir næst þing". En þar sem þingið var kallað saman miklu fyr en við hafði verið búist, sá nefndin sjer alls ekki fært að hafa nefndarálit um þessa liði tilbúið fyrir þing."

Eins og jeg hefi tekið fram, hefir stjórnin ekki neinu við þetta að bæta. Þetta er sú skýrsla, sem nefndin gefur stjórninni, og er hún nú lögð fyrir þessa

hv. deild. Annars skal jeg geta þess, að þótt stjórnin hafi ekki haft vakandi auga á gerðum nefndarinnar, þá er henni kunnugt um, að nefndin starfar og hefir starfað, (S. S.: Og tekur laun.) og við nánari athugun málsins, hefir hún komist að því, hversu, að hennar skoðun, afarvíðtækt verkefni hennar er. Jeg fyrir mitt leyti tel það mjög eðlilegt, að störfum nefndarinnar sje ekki lokið enn.

Jeg skal geta þess, af því að ræða hv. fyrirspyrjanda (G. Sv.) gaf tilefni til þess, að hr. Klemens Jónsson, fyrv. landritari, var fenginn til að rannsaka rjettarspursmál það, sem till. hans, hv. fyrirspyrjanda (G. Sv.), frá aukaþinginu 1916—17, fór fram á að rannsakað væri. Og eins og hv. fyrirspyrjandi (G. Sv.) tók fram, var það svo lengi framan af, að þetta starf var í höndum þessa manns, er hann nefndi. Hann skilaði svo aldrei árangrinum af starfi sínu, og sá stjórnin þá ekki annað betur við eiga en að fela fossanefndinni það verk, þar sem það lægi eiginlega í 1. lið þingsályktunarinnar í fyrra, og stjórninni auk þess var kunnugt um, að nefndin hafði þegar nokkuð rannsakað þetta rjettarspursmál, er falst í eldri þingsályktuninni.

Gagnvart fyrirspurninni sjálfri get jeg svo eigi gefið frekari upplýsingar en þetta. Og þótt svarið sje flutt í ræðuformi, hefi jeg leyft mjer að skrifa upp svar nefndarinnar, og vitna jeg í þau orð.

Ræða hv. fyrirspyrjanda (G. Sv.) gefur ekki tilefni til að minnast á mörg atriði af því, sem hann tók fram. En hann virtist gefa í skyn, að stjórnin hefði ekki verið sjálfráð í vali nefndarmanna. Hæstv. forsætisráðherra hefir nú skýrt það mál fyrir sinn flokk. Og jeg hefi ástæðu til að taka það sama fram um minn flokk, og get jeg um það vitnað í samflokksmenn mína, að engin skilyrði voru af flokksins hálfu sett, og jeg hafði gersamlega óbundnar hendur í því efni.

Um þetta, sem hann drap á og er alliskyggilegt, ef satt er, að það sje alment haft fyrir satt, að störf nefndarinnar muni standa í fleiri ár, er jeg alls ófróður. En nú vill svo til, að hjer í hv. deild eru 2 af nefndarmönnum, og geta þeir eftir vilja sínum svarað ekki einungis þessu atriði, heldur fleirum í ræðu hv. fyrirspyrjanda (G. Sv.), ef það gæti orðið til frekari skýringar í málinu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Sveinsson): Jeg hefði óskað þess, ef fleiri ætluðu að taka til máls, svo sem einhverjir úr fossanefndinni, að geyma svör mín þar til á eftir.

Jeg skal að eins út af þessum „svörum", sem fram hafa komið, láta það í ljós, sem menn sjálfsagt hafa þegar sagt sjer sjálfir, að fyrirspurninni er alls ekki svarað. Það hefir ekkert svar komið í þá átt, er við hefði mátt búast. Má vel vera, að hæstv. stjórn sje ekki fær um að svara meiru þar til, með því að nefndin sjálf hefir ekkert svar gefið. Það hefir nú komið fram, þótt ótrúlegt sje, að nefndin hefir ekki látið neitt uppi um störf sín, ekki einu sinni þau 2 atriði, sem hún sjerstaklega átti fyrst að leysa úr.

Eftir því, sem hæstv. atvinnumálaráðherra gaf til kynna í því, er hann las upp úr brjefi nefndarinnar, þá færir nefndin það til og ber fyrir sig, að þing hafi komið saman fyr en við var búist. En nú er mjer spurn: Hver hefir sagt nefndinni, hve nær þing yrði kallað saman? Hún vissi, eða mátti vita, að þingið

yrði kallað saman á næsta ári, 1918, en hitt ekki, hvort það yrði í byrjun árs, um mitt ár eða síðar. Það var tekið fram og öllum vitanlegt, að það gæti að borið hve nær sem væri. Þess vegna átti nefndin að hafa vakandi auga á þessum atriðum tveimur og rannsaka þau eftir megni meðan tími vanst, frá því í haust og til nýárs, frá nýári og fram í apríl. En nú hefir nefndin ekki gert þetta, og verð jeg að segja, að traust mitt á þessari nefnd í heild sinni, eins og hún er skipuð, hefir ekki vaxið við þetta.

Nefndin telur í „svari" sínu ekki fært að ljúka rannsókn á einstökum atriðum málsins, því að ítarleg rannsókn á undirstöðuatriðum þess verði áður fram að fara. Með öðrum orðum: Það er ekki von á neinu svari frá nefndinni fyr en hún er komin að rökstuddu áliti um alt málið. Og ef það er svo ætlunin, að nefndin sitji á rökstólum svo árum skiftir og fari í ferðalag út um lönd, þá getur orðið langt að bíða niðurstöðu þeirrar rannsóknar, sem átti að vera búin fyrir næsta þing, þ. e. þetta þing.

Annars er ekki ástæða til að taka fleira fram viðvíkjandi þessu, sem nefndin hefir látið uppi, og skal jeg þá snúa mjer að nokkrum atriðum í ræðum hæstvirtra ráðherra. Það var víst hæstv. forsætisráðherra, sem tók það fram, að hann ætlaði ekki að svara fyrirspurninni, en vildi upplýsa það, að hans flokkur, Heimastjórnarflokkurinn, hefði ekki beint tilnefnt eða skipað mann af sinni hálfu í nefndina. Mjer var kunnugt um, að andróður var allmikill í Heimastjórnarflokknum móti þessari stefnu, og þykir mjer rjett trúlegt, að sú andstaða hafi orðið þar svo mikil, að þetta hafi ekki verið gert beint af flokksins hálfu. En svo fór þó, að einn af þingmönnum Heimastjórnarflokksins lenti í nefndinni, maður, sem margt gott má að vísu um segja, en þó gildir um hið sama og flesta aðra nefndarmenn, að ekki verður sjeð, hvað hann átti í nefndina að gera. Hann er auk þess trúnaðarstörfum hlaðinn, bæði í ábyrgðarmiklu embætti, og auk þess í nefndum, sem lengi hafa setið, og sitja enn, en þó ókunnugt um, hvað hafa afrekað. Þetta gaf til kynna, að sama regla hefði orðið ofan á í Heimastjórnarflokknum og hinum, að einn þingmaður hefði verið tekinn úr honum í nefndina, þótt ekki væri til annars en að vega upp á móti þeim mönnum, sem hin flokkabrotin höfðu ætlað sjer að koma í nefndina.

Þá kem jeg að hæstv. atvinnumálaráðherra. Hann skýrði frá því, fyrir hönd síns flokks, að engin skilyrði hefðu verið sett af þess flokks hálfu, og hann enga skipun fengið frá honum í þessu efni. Það hefir nú áður verið talað um ýms skilyrði, sem þessum hæstv. ráðherra hafi verið sett af flokksins hendi, og er því játað og neitað á víxl, svo ekki verður vitað, hvað ábyggilegt er í því. En verið getur, að í þetta sinn hafi hann að eins fengið frá flokknum hóflega áskorun, en ekki beint hótun, um að verða sendur norður — ekki niður — ef hann hlýddi ekki, eins og sagt er að gerst hafi í öðru alþektu máli. En víst er um það, að þess tjáir eigi að dyljast, að þegar þingsályktunin var samþykt, þá var það öllum lýðum ljóst og alkunnugt, hvaða menn þessi flokkabrot höfðu ætlað sjer að koma í nefndina, og þegar til kom, voru í nefndina skipaðir einmitt sömu mennirnir. Jeg fyrir mitt leyti vissi það upp á hár, að þessir menn áttu það að verða, og þess vegna sló jeg með fleirum þann var-

nagla, að stjórnin ætti að vera óbundin og einráð í þessu máli.

En jafnframt því, sem hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að hann gæti ekki að öðru leyti svarað fyrirspurninni, þá viðurkendi hann, að það væri eitt af því iskyggilega, ef nefndin skyldi ætla sjer að sitja á rökstólum í fleiri ár. En nú kem jeg að annari hlið á þessu máli, og það eru eftirköstin. Hv. þingdeild hefir nú fengið að vita, að nefndin hefir ekkert komið fram með. En þá er mjer líka spurn: Er ekkert hægt að gera? Getur landsstjórnin ekkert gert til þess að flýta fyrir og herða á nefndinni? Nú vil jeg, að hún hjálpi nefndinni til að vinna að þessu velferðarmáli. Vil jeg því fyrir mitt leyti gera það að till. minni, að málinu verði að umræðum loknum vísað til stjórnarinnar, þar sem jeg skil svo 41. gr. þingskapanna, að með því, að hjer er um fyrirspurn að ræða, megi ekki gera beina ályktun. Vil jeg því einfaldlega vísa málinu til stjórnarinnar, og þau rök, sem fylgja tillögu minni, stjórninni til leiðbeiningar eru:

1. Stjórnin sjái um, að fossanefndin afgreiði á næstunni rökstudda niðurstöðu um 1. og 4. lið þingsályktunarinnar frá 15. sept. f. á.

2. Stjórnin sjái um, að nefndin forðist óþarfa ferðalög og kostnað.

3. Stjórnin sjái um, að nefndarmenn fái vinnu sína vel borgaða, en þó ekki nema hæfilegt kaup.

Með þessum röksemdum hefi jeg þá gert mína tillögu.

Sigurður Stefánsson: Að eins fáein orð. Þegar jeg kom til þings síðastliðið sumar, var þetta mál komið svo langt, að ekki var eftir annað en reka á það endahnútinn. Jeg var á fundinum í sameinuðu þingi og heyrði þá lýst yfir því, að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, eða hvað þeir nú heita, ætluðust til, að flokkarnir rjeðu kosningu mannanna, með öðrum orðum, að nefndarstarfið skyldi gert að flokksbitlingum. Hæstv. forsætisráðh. hefir nú skýrt frá, að þetta ætti ekki við Heimastjórnarflokkinn.

Það er auðvitað ekki nema gott fyrir þá, sem völdin hafa, að geta gefið þeim við og við brauðbita, sem fylgispakastir eru og bestir viðfangs. En hitt orkar meir tvímælis, hvort það sje heppilegt fyrir alþjóð, ef meir er farið eftir því við val manna til einhvers starfs í þarfir hins opinbera, hvaða klíku þeir eru í, en eftir hinu, hverjum hæfileikum þeir eru gæddir og hversu líklegir þeir eru til að geta unnið að gagni fyrir þjóðina. Og mjer finst rjett að nefna það í þessu sambandi, þótt ekki væri tekið tillit til þess þá, — að jeg tók það þá fram, að jeg sæi engan þann í þessum sal, er jeg gæti treyst til að leysa þetta starf af hendi svo vel, sem skyldi. Að vísu bjóst jeg ekki við, að hæstv. stjórn myndi taka mikið tillit til þessara ummæla minna, en til hins hefði mátt ætlast, að hún veldi ekki mann í þessa nefnd af þeirri ástæðu, að hann var bróðir fjármálaráðherrans. Það er langt frá því næg trygging fyrir því, að sá heiðursmaður sje því starfi vaxinn. (**B. J.:** Er hann verri fyrir það?) Það hefi jeg ekki sagt, en mjer er tjáð, að hv. þm. Dala. (B. J.) hafi tekið að sjer lögfræðihlið þessa starfs, og það ber ekki vott um mikið traust til þessa lögfræðings í nefndinni, að hún fær til að rannsaka rjettarhlið þessa máls mann, sem, þótt hann þykist vera yfirlögfræðingur þingsins, hefir þó ekki hinn lögákveðna lögfræðingsstimpil.

Hæstv. atvinnumálaráðherra sagði, að hann hefði haft óbundnar hendur um val nefndarmannsins, og þykir mjer það reyndar gott að heyra. (**Atvinnumálaráðherra:** Jeg stend við það!) Gott! En ef hann hafði óbundnar hendur, þá þykir mjer það í meira lagi skrítið, að valið skyldi einmitt falla á þann mann, er flokkurinn var fyrirfram búinn að ákveða að fara skyldi í nefndina. En þar til verða auðvitað færð þau rök, að sá heiðursmaður hafi fyrir sjerstakra hæfileika sakir verið vel til starfsins fallinn. Um hæfileika hans veit jeg ekki, en hann var þó einn í þeirra tölu, sem jeg gat eigi treyst til þess starfs í fyrra, og enn er mjer ókunnugt um sjerstaka hæfileika hans til þessa starfs. En það er þegar nokkuð grunsamlegt, að hæstv. atvinnumálaráðherra með „óbundnu hendurnar" skyldi þegar detta einmitt ofan á þennan mann, sem flokkurinn var búinn að binda fastmælum að koma í nefndina.

Jeg heyrði hv. fyrirspyrjanda (G. Sv.) furða sig á því, hvernig nefndin var skipuð. Mjer kom ekki til hugar að furða mig. Hjer er alt orðið að bitlingum; öll launuð störf eru fyrst og fremst ætluð skyldmennum, flokksmönnum og vinum stjórnarinnar. Og sama má jafnvel segja um afskifti þingsins af þeim störfum, sem liggja undir veitingu þess. Svona er nú komið. Það eru því miður fáir, sem hafa einurð til að minnast á þetta í þessum sal.

Jeg hefi það eftir góðum heimildum, að nefndin muni þykjast þurfa að sitja á rökstólunum í 4—5 ár. Það verður dálaglegur skildingur, ef kostnaðurinn verður hlutfallslegur við það, sem hann hefir verið þetta hálfa ár, sem nefndin er búin að hirða, sem nemur hátt á 12. þúsund króna. Þá verður árskostnaðurinn um 24 þús. og meira, já, miklu meira. Því heyrst hefir, að nefndin þykist þurfa að ferðast víða um lönd til að skoða fossa, líklega samt ekki til þess að sjá, hvort fossar renna niður á við eða upp á við. Vera má, að hún geti unnið gagn með þessari fossaskoðun, en varla trúi jeg þó, að gagnið verði á við kostnaðinn, og ekki skil jeg, að nefndin þurfi að fara að sigla til að geta sagt álit sitt um fossa hjer á landi. En vera má, að hún leggist svo djúpt í fyrirætlunum sínum, að hennar vegir sjeu óskiljanlegir okkur fáráðunum.

Hv. fyrirspyrjandi (G. Sv.) talaði um að vísa málinu til stjórnarinnar. En jeg verð að segja, að jeg treysti ekki betur hennar forsjá í þessu máli hjer eftir en hingað til. En fela vildi jeg stjórninni það að sjá um, að nefndin verði búin að ljúka störfum sínum fyrir næsta þing. Það ætti ekki að vera frágangssök fyrir nefndina, einkum þar sem í henni eru meðal annara menn, sem þykjast hafa vit á öllu á himni og jörð. Jeg vildi skjóta því til hv. forseta, hvort ekki megi afgreiða fyrirspurnina með rökstuddri dagskrá Ef hann leyfir það, mun jeg bera fram dagskrá. Það er mest um vert að binda einhvern enda á starfstíma þessarar nefndar. Væri vel ef hægt væri að hindra hana í að ferðast um alla Evrópu, Asíu, Afríku og guð veit hvað. Og svo jeg komi aftur að því, sem jeg oft minnist á og hneykslar suma þá, er næstir mjer sitja, þá er fjárhagurinn nú ekki svo glæsilegur, að efni sjeu á að hafa slíka „praktútgáfu" af fossanefnd, sem þessi nefnd lítur út fyrir að vera. Auðvitað má maður líka búast við langri bók frá nefndinni, sem enginn les, 70—80 þjettprentaðar arkir. Það er í seinni tíð orðið sjálfsagt starf þessara milliþinganefnda að rubba upp

slíkum ritverkum, sem sárfáir endast svo til að lesa. Fyrir skömmu ljet einn mjög vitur maður svo um mælt um eina slíka bók, að hann sæi mest eftir pappírnum.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Tveir hv. ræðumenn hafa haldið því fram, að jeg hafi verið bundinn af Framsóknarflokknum til að setja þann mann í nefndina, sem til þess flokks telst. En þetta er ekki rjett. Jeg var, eins og óþarft ætti að vera að taka aftur fram, algerlega óbundinn í vali mínu. Maður sá, er jeg valdi, hefir aflað sjer nokkurrar þekkingar á rafmagnsfræði, og mun hann í víðtækri þekkingu eigi standa að baki skólagengnu mönnunum alment tekið. Er þetta þjóðkunnugt, og ber jeg engan kinnroða fyrir valið.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla ekki að svara fyrir hönd nefndarinnar; hún er engum skyld um skýrslu fyr en stjórninni á sínum tíma. Hv. sessunautur minn (S. St.), sem er gætinn maður og góðviljaður og notar sjaldan stóryrði, fullyrti, að jeg hefði tekið að mjer að rannsaka lögfræðilegu hliðina á þessu máli, og að lögfræðingurinn í nefndinni, Guðmundur Eggerz sýslumaður, hafi ekki talist hæfur til þess starfs. Jeg er hjer upp staðinn til að lýsa hann ósannindamann að þessu hvorttveggja. Jeg hefi tekið að mjer að rannsaka söguhlið málsins, en alt það, sem horfir beint við lögfræðinni, hefir hr. Guðmundur Eggerz með höndum.

Sessunautur minn (S. St.) kvartaði yfir því, að veislur stjórnarinnar færu mest eftir vinfengi og frændsemi, og hefði það verið orð í tíma talað er Valtýskan var á ferðinni, en hann var einn aðalmaður þeirrar stefnu. Þá fóru allar styrkveitingar eftir því, hvort mennirnir voru valtýskir. Um skipun nefndarinnar skal jeg að öðru leyti geta þess, að það var aldrei neitt launungarmál, að margir litu svo á, að heppilegt væri, að stjórnmálaflokkarnir skipuðu hver sitt sæti í nefndinni. Er þetta ekki nema eðlilegt. Fossamálin eru svo mikilfengleg, að allir flokkar vilja láta sín við getið þar, sem um þau er fjallað.

Skal jeg svo ekki frekar skifta mjer af þessum umræðum, og mun jeg þola það, þó jeg enn einu sinni verði að hlusta á þennan rangmælafoss (S. St.), sem fossar hjer við hlið mína.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls við þessar umræður, en af því mjer fanst umræðurnar falla svo ljettúðlega get jeg ekki stilt mig um að taka til máls.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. deildarmenn reki minni til fossafrv., sem kom fram í Ed. á þinginu í fyrra. Jeg býst við, að flestir álíti, að það hefði verið stóróheppilegt, ef það hefði náð fram að ganga eins og það var. Það hafði í för með sjer fjárhagslegan voða fyrir þetta land. Mönnum mun vera ljóst, að þetta er eitt með allra stærstu málunum, sem nú eru á dagskrá þjóðarinnar. Reynsla annara þjóða sýnir okkur það. Skökku sporin, sem þær hafa stigið, hafa orðið þeim dýrari en nokkur nefnd gæti nokkurn tíma orðið. Kostnaðurinn við fossanefnd þessarar þjóðar getur aldrei orðið nema eins og dropi í hafinu við hliðina á þeim fjárhæðum, sem um er að ræða.

Það kemur mjer einkennilega fyrir sjónir, að sumir þeir, sem talað hafa síðast, halda því fram, að það hafi komið þeim á óvart, að þingmenn voru settir í nefndina. En það var einmitt gert ráð fyrir því hjer á þingi í fyrra, og ætti

þessu máli ekki að vera ver borgið í höndum þeirra fulltrúa þjóðarinnar, sem þingflokkarnir bera traust til?

Það er furðulegt, að menn skuli leggja nefndinni ámæli fyrir það, að hún hefir ekki enn skilað áliti sínu. Hefir nokkurn tíma verið gert ráð fyrir, að nefndin væri búin að ljúka störfum fyrir þetta þing? En ef ekki hefir verið búist við því, og ef ekki hefir verið hægt að búast við því, því er þá verið að gera árás á nefndina? Af hverju er þá yfirleitt verið að bera fram þessa fyrirspurn?

Jeg vona, að hv. deild skilji, að hjer er mikilfenglegt mál á ferð, mál, sem ekki má flaustra af. Hjer er um miljónir að ræða, svo lítil ástæða er til að telja krónurnar, þær fáu krónur, sem fara til undirbúningsrannsóknarinnar, sem þarf að vera sem ítarlegust. Hjer má naglaskapurinn úr Vigur ekki ráða.

Þorsteinn Jónsson: Mjer virðist svo, sem hv. fyrirspyrjandi (G. Sv.) og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) vilji halda því fram, að Framsóknarflokkurinn hafi ráðið því, hvaða mann hæstv. atvinnumálaráðherra valdi í nefndina. Ráðherrann hefir sjálfur svarað þessu, og jeg býst við, að það hafi naumast mikil áhrif á nefnda ræðumenn, þó jeg standi upp til að bera hið sama og hæstv. atvinnumálaráðh.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) kvað sjer hafa verið fullkunnugt um það á þinginu í fyrra, að 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var ætlaður í fossanefndina af hálfu Framsóknarflokksins. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir þá verið meira kunnugt hvað gerðist í þeim flokki en mjer, því jeg fór svo af þingi í fyrrasumar, að jeg vissi ekki, hver myndi lenda í nefndinni. Hitt mun vera það sanna í þessu máli, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hafa álitið þennan mann einna líklegastan til að lenda í nefndinni, vegna þess, að þeir hafa sjeð, að hann var búinn góðum hæfileikum til þess starfs.

Að því hefir verið fundið, að þingmenn voru valdir í nefndina. En um það munu flokkarnir hafa verið sammál í fyrra. Stjórnin hefir og sjeð, að þetta mál myndi seinna koma undir úrskurð þingsins, og væri því velfarið, að hver flokkur ætti eitt sæti í nefndinni, svo hann gæti betur fylgst með gangi málsins. Þetta mál hlýtur fyr eða síðar að koma til kasta þingsins. Þingmenn verða að kynna sjer það vel, því að þeir gera út um örlög þess að síðustu. Og það ætti að liggja í augum uppi, að þingmenn eru hæfir til að sitja í þessari nefnd, ef þeir á annað borð eiga að teljast hæfir til að kveða upp úrslitaúrskurð í málinu.

Sveinn Ólafsson: Jeg verð að segja það, að það voru mestmegnis köpuryrði, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hafði um nefndina. Þetta vil jeg þó ekki segja um alla fyrirspyrjendurna; hjá þeim flestum mun hafa ráðið eðlileg fróðleiksfýsn. En það hefir þó líka komið fram í umr., að menn halda, að hjer sje um miklu minna starf að ræða en í raun og veru hvílir á nefndinni.

Það er áreiðanlegt, að nefndin hefir orðið að skifta sjer af mörgu, sem ekki er tekið fram í þessum 4 greinum þingsályktunar síðasta þings, en er beinlínis óaðskiljanlegt frá þeim. Ef ganga hefði átt inn á það að skýra frá því, sem fossanefndin hefir gert alt til þessa dags, þá hefði ekki verið annað að gera en að fá mönnum þá lausu drætti, sem hún hefir tekið saman, en jeg held, að enginn maður hefði kunnað við að láta heimta

slíka frumdrætti að vandasömu verki og leggja undir þjóðardóm. Eða hvernig hefði annars átt að leysa úr spurningunni nú? Jeg veit satt að segja ekki til, að slíkt hafi nokkru sinni áður verið heimtað af nokkurri milliþinganefnd í þessari hv. deild.

Jeg tek mjer það til inntekta, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði í niðurlagi ræðu sinnar, að hann hefði alls ekki búist við því, að við hefðum lokið störfum fyrir þennan tíma, en hvað átti þá allur þessi mokstur að þýða, sem á undan fór?

Út af því, sem hv. fyrirspyrjandi (G. Sv.) sagði viðvíkjandi vali manna í nefndina, vildi jeg benda á, að 3. og 4. atriði þingsályktunarinnar gefa ekkert tilefni til að líta svo á, að þar eigi eða þurfi verkfróðir menn með að fara. Hvað skyldi verkfróður maður frekar geta kveðið það, hvort tiltækilegt sje, að landið kaupi vatnsafl og starfræki það, heldur en aðrir? Alveg sama er að segja um 4. atriðið. Jeg vil auk heldur segja um 1. atriði till., að verkfræðingar standi engu nær en aðrir til að bera fram breytingar á fossalöggjöf. En um 2. atriðið kannast jeg við, að það er verkfræðilegt, enda fyrir því sjeð af stjórninni að nefna verkfróðan mann í nefndina.

Það er eigi mitt verk að dæma um hæfileika einstakra nefndarmanna, og þá síst um sjálfan mig. En furðanlegt er að heyra sleggjudóma hv. fyrirspyrjanda (G. Sv.) um nefndina að óreyndu.

Þá hefir heilmikið verið talað um utanför nefndarmanna. Jeg get nú skýrt frá því, að það er með öllu óvíst, hvort nokkuð verður af henni, en það má áreiðanlega segja það, að slíkar nefndir, sem starfað hafa í öðrum löndum, hafa ekki sett sig úr færi með það að sjá alt, sem þeim hefir getað að gagni komið, og jeg er í engum vafa um það, að þeir, sem starfa að svona málum hjer, myndu einnig græða á því. „Sjón er sögu ríkari", og myndi verða það hjer, sem endrarnær. Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, af því að það hefir verið lögð sjerstök áhersla á, að þessu verki hefði átt að vera lokið fyrir næsta þing, að milliþinganefndir í þessum málum hjá öðrum þjóðum hafa oftast verið að verki árum saman, jafnvel 5—6 ár; en sumar sitja á rökstólum enn, eftir margra ára starf. Þó mun óvíða eins erfiðlegt við þessi mál að fást sem hjer.

Aðrar þjóðir hafa tekið vatnalöggjöf sína til meðferðar á hentugri tíma. Hjer hefir þetta verið dregið í ótíma og þess vegna alt komið í sukk og tvísýnu, fossar í stórhópum seldir og lönd nærri þeim.

Noregur á ítarlega vatnsrjettindalöggjöf frá 1887 og Svíar enn þá eldri lög um það efni, en hjer er ekkert til af því tægi. Fossalög vor frá 1907 eru að eins glepsur úr vatnsnotalögum Norðmanna frá 1906 og hafa enga almenna vatnsrjettindalöggjöf að byggja á.

Hjer hefir því alt þetta mál verið í óreiðu fram að þessum tíma, og nær engri átt að ætlast til þess, að nefndin geti afgreitt það í hendingskasti, svo illa sem henni er í hendur búið og svo ilt sem það er orðið viðfangs.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tók það tvisvar fram í ræðu sinni, að nefndin hefði ekkert gert, en hvað veit hv. þm. (S. St.) um það? (S. St.: Jeg sagði ekkert um það). Jú, hv. þm. (S. St.) tvítók það, jeg skrifaði það hjá mjer í bæði skiftin, og jeg vona, að almenningur fái á sínum tíma að sjá það. Þá er það ekki

heldur rjett, að nefndin hafi vitað það fyrir, að þingið hafi átt að koma saman á þessum tíma, allra síst þegar hún tók til starfa í fyrra, og ólíku betur hefði nefndin staðið að vígi með álit um 1. atriði þingsályktunarinnar frá síðasta þingi, ef hún hefði mátt halda áfram störfum til venjulegs þingsetningartíma, 1. júlí, en ekki þurft að leggja niður störfin 9. apríl, eins og nú varð að vera vegna þingsetningar.

Þá er nú kostnaðurinn við þessa nefnd. Það átti áreiðanlega að gera sjer mat úr honum. Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) var eitthvað að tala um 100000 krónur. (S. St.: Já, með 5 ára starfstíma). Já, hann vildi „pótensera" upphæðina af auðskildum ástæðum, og kostnaðurinn vex mönnum náttúrlega í augum. En jeg skal nú geta þess, hv. þm. (S. St.) og öðrum til hugarhægðar, að talsvert af honum eru bækur, rit og tæki, sem nefndin þurfti að hafa, afskriftir skjala, skýrslur og skeyti úr ýmsum áttum, sem óumflýjanlegt var að fá, og að enn fremur liggur dálitið af fje þessu geymt og óeytt. Þess vegna eru heldur ekki óyggjandi þessar ágætu heimildir fyrirspyrjanda (G. Sv.) um eyðsluna.

Að öðru leyti mega þessir hv. fyrirspyrjendur gera sjer svo mikið úr málinu, sem þeir vilja og geta. Jeg ann þeim vel allrar ánægju af því og skal ekki æðrast, þótt þeir lýsi vantrausti á nefndinni.

Fyrirspyrjandi (G. Sv.): Jeg skal víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem, eins og kunnugt er, er einn af fossanefndarmönnunum. Hv. þm. (Sv. Ó.) virðist mjög gramur út af því, sem fram hefir farið hjer, og það eru víst fleiri en hann, sem líkaði það mjög illa, að nokkur skyldi dirfast að grenslast eftir því, hvað hún hefði gert, þessi nefnd, hvort hún væri búin að afreka nokkuð á þann veg, sem till. er nefnd þessi er skipuð eftir, mælir fyrir um. Það er nú altaf svo, að mönnum er illa við, ef eitthvað er farið að athuga við þau störf, sem þeir þykjast ekki tilbúnir að tala mikið um. Jeg verð nú að lýsa yfir því, að ef þetta þing hefði liðið án þess, að slík fyrirspurn hefði komið fram, þá hefði það vanrækt skyldu sína gagnvart þjóðinni, því að þjóðin á vissulega heimtingu á að vita, hvernig þessu máli líður, og hún á heimtingu á að ganga eftir því, að framkvæmdir verði á einhverjum störfum nefndarinnar.

Hv. þm. (Sv. Ó.) kom að því, sem jeg hefi áður talað um, — eins og hæstv. fjármálaráðherra og hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) —, að ekki hefði þurft og ekki átt við, að tómir verkfræðingar sætu í nefndinni. Jeg veit ekki, eftir hverjum þeir hafa það, að svo ætti að vera, en hitt sagði jeg, og leyfi mjer að standa við, að í slíkri nefnd sem þessari, sem á að fjalla um sjerstakt og sjerfræðilegt mál, þar sem ekki er hægt að greina hvaða atriði geta komið til meðferðar, eigi að sitja og starfa þeir menn, sem til þess hafi sjerstök skilyrði. Nú má skifta efni þessa nefndarmáls í þrent. Í fyrsta lagi er hið verkfræðilega starfssvið hennar; til þess hefði átt, og til þess ætlast jeg að sjálfsögðu, að verkfræðingur skipi eitt sætið í nefndinni; þá á þar að vera lögfræðingur, og það góður og fróður lagamaður, því það er alveg ótvírætt, að hún hefir einnig með lögfræðileg störf að gera, og í þriðja lagi ætti í svona nefnd að vera maður með sjerstakri þekkingu á fjármálum. Þetta er það þrent, sem til þess þarf, að ábyggilegur árangur geti kom-

ið af starfi þeirra manna, sem við slík mál fást, en þessi nefnd getur að mínu áliti ekki unnið neitt að þessu máli af eigin ramleik, nema hvað verkfræðihliðina snertir. Þetta mál er þaulrakið annarsstaðar, og það eru þær upplýsingar, sem slík nefnd gæti aflað sjer, en til þess að fá nokkuð örugga vitneskju úr þeim þarf líka sjerfróða menn, en jeg hefi nú áður lýst yfir því, að af þessum nefndarmönnum teldi jeg ekki nema einn hafa til brunns að bera nauðsynlega þekkingu á þessu hlutverki, sem sje verkfræðinginn; hinir geta verið góðir og nýtir menn á vissum sviðum, en það er vitanlegt, að þeir hafa ekki sjerþekkingu á þessum efnum.

Sami hv. þm. (Sv. Ó.) gat um það, að það væri ekki við því að búast, að nefndin hefði lokið starfi sínu enn þá. Það gétur verið rjett, og það sagði hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) líka, að hann ætlaðist ekki til þess, að nefndin væri búin með starf sitt alt, en við ætlumst til að fá að vita um þau atriði, sem nefndin átti að vera komin niður á. Það er 1. og 4. atriði þingsályktunarinnar, og jeg skil ekki, að það hefði verið henni ofvaxið, en nú hefir gengið svo fyrir henni, eins og vant er að ganga fyrir mönnum, sem ekki hafa sjerþekkingu, þeir velta öllu saman og vinna svo úr öllu í einum graut. Nú segja hinir hv. nefndarmenn sjálfir, að það sje ekki hægt að svara nokkru um þá niðurstöðu, sem spurt er um, en mjer finst, sannast að segja, að hv. nefndarmenn hefðu getað verið fróðari um það atriði málsins. En hvaðan kemur hæstv. fjármálaráðherra sú viska, að nefndin hefði ekki getað búist við því, að þingið kæmi fyr saman en í júlí, og því ætlað sjer lengri starfstíma? En nú fullyrði jeg, að við hefðum getað búist við næsta þingi á hvaða tíma af árinu 1918 sem vera skyldi.

Háttvirtur þingm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að slíkar nefndir sem þessi hefðu annarsstaðar setið og erfiðað árum saman; það getur vel verið, en jeg býst ekki við, að þessi nefnd geti komið með neitt betra en þær hafa leitt í ljós um þessi mál, og það kemur víst til að sýna sig síðar, — og sjest að nokkru þegar nú, — hvort þessir hv. nefndarmenn geta fundið púðrið; en það sýnir sig vafalaust betur á sínum tíma. Það hefir nú enginn sagt, að nefndin hafi ekkert gert, en hitt hefir verið fullyrt, að hún hafi ekki komið fram með neitt, og nú neitað að koma fram með nokkuð, sjálfsagt af því, að hún er ekki búin að gera neitt heilt. Sumir hafa sagt um þetta þing, að það hafi ekkert gert; þó hefir það verið starfandi, en úrslit eru engin veruleg komin enn þá, og enginn árangur því kominn af starfi þess, en sjálfsagt má vona, að hann verði einhver af starfi þess og væntanlega einnig af starfi þessarar nefndar.

Jeg skal ekkert tala, frekar en jeg hefi þegar gert, um kostnaðinn, að þessu sinni, þótt jeg verði að leggja áherslu á það, að ef nefndin heldur áfram og reynir ekki að hafa hraðann á, þá verður þetta gífurlegur kostnaður. Sumir mæla, að nokkuð af þessu hafi gengið í bækur og áhöld; að það sje rjett efa jeg ekki, en það má nokkuð geta sjer til um, hve mikið það muni vera, — nokkur hundruð krónur í mesta lagi.

Jeg veit ekki, hverju jeg á að svara hæstv. fjármálaráðherra, því að það, sem hann sagði, kom málinu ekkert við. Það kom t. d. málinu ekkert við að fara að lýsa yfir því, með miklum bæxlagangi, að fyrir hv. Ed. hefði frv.

legið í fyrra, sem hefði verið þjóðþrifaverk að stemma stigu fyrir; — það hefir enginn minst á það hjer; — þess vegna hafi það verið happaráð að skipa nefnd í málið; um þetta hefir ekki verið deilt nú. Menn hafa spurt um, hvað nefndin hafi gert og hvers vegna hún kæmi ekki fram með sitt verk, það er hún átti að hafa lokið við. Þetta er vitanlega ekki svo að skilja, að jeg sje á móti því, að málið hafi verið eða verði rannsakað, því það var líka mín till., en það eru skiftar skoðanir um það, hvort ekki sje hægt að ráða einstökum atriðum til lykta án þess, að öll afrek nefndar þurfi að liggja fyrir. Jeg býst við, að enn þá sjeu einhverjir svo nýtir menn hjer á þingi, að kleift væri, ef menn vildu það, að ganga frá einhverjum atriðum málsins, fyr en því öllu saman í einu.

Sami hæstv. ráðherra (S. E.) gat þess, að hann hefði orðið hissa á því, að það kom flatt upp á menn, að skipaðir voru í nefndina menn úr þingflokkunum. Það var nú ekki sjerstaklega af því, að það kæmi flatt upp á menn, að þetta hefir verið athugað, vegna þess að þegar till. um skipun nefndarinnar var samþykt, var það alkunnugt, hvaða mönnum flokkarnir hefðu augastað á; jafnvel í samræðum var því haldið fram, að þessa menn ætti að skipa í nefndina. Og svo lítur út, sem endilega hafi þurft að taka þm. sinn úr hverjum flokki, af þremur flokksbrotum í þinginu, og að þeir hafi þurft að vera í nefndinni til þess að halda fram stefnu hvers flokks. En það eru ekki stefnur, sem eru neitt öðruvísi en annarsstaðar um lönd, enda veit jeg ekki til, að hjer hafi verið fundnar upp neinar frumlegar stefnur í þessu máli.

Jeg hefi nú skýrt frá afstöðu minni og fleiri manna til málsins, og sömuleiðis ósk og eftirvæntingu um það, að hlýtt verði þeirri „skikkan“, sem nefndin var skipuð eftir. Ef það eru árásir, ja, þá verð jeg að segja, að jeg mun ekki hverfa frá þeim, en það eru nú heldur ekki nema einstöku menn, sem leyfa sjer að vera á móti slíkum kröfum, og þá venjulega ekki þeir menn, sem finna mikið til ábyrgðar sinnar. Fleiru hirði jeg eigi að svara til orða hæstv. fjármálaráðh., og jeg skal ekki tala neitt um orðbragð hans; hann var, eins og honum er gjarnt, helst til mikið æstur. En þar sem hann ljet sjer sæma að hreyta einhverju úr sjer um „naglaskapinn úr Vigur“, er hann svo nefndi, þá finst mjer það satt að segja vera að skáka í skjóli umburðarlyndis og frjálslyndis okkar ágæta hæstv. forseta.

Jeg hefi gert mína till. í málinu, sem þá einu till., er kleift er að gera samkvæmt þingsköpum, því að jeg þykist enn vita, að ekki megi gera ályktun um þau mál, sem fyrirspurn er um. En um leið og jeg vísa till. til stjórnarinnar minni jeg á þau orð, sem jeg hefi látið fylgja henni.

Sigurður Stefánsson: Það er dálítið undarlegt að heyra nokkurn þann mann, sem til þessarar nefndar þekkir, vitna það og ræða um það, að skipun hennar hafi ekki verið pólitískt flokkamál, því að á það benti einmitt hv. fyrirspyrjandi (G. Sv.) með skýrum orðum, að það hefði verið meiningin að taka menn úr hverjum flokki. Hjer er um „historiskan“ viðburð að ræða, og því undarlegra, að menn skuli standa upp hver um annan þveran, — og sömuleiðis hæstv. ráðherrar, — og vitna það, að stjórnin hafi haft alveg óbundnar hendur og ekkert tillit þurft að taka til flokkanna.

Um hv. þm. Dala. (B. J.) er það að segja, að oft hefi jeg heyrt honum illa takast að færa röksemdir og sannanir fyrir máli sínu, en sjaldan eins hörmulega og nú, og þar seildist hann vissulega um hurð til loku, er hann fór að tala um hlutdrægni Valtýskunnar í sambandi við þetta mál. En það verður víst lítill árangur af slíkri röksemdafærslu, vegna þess, að sú hlutdrægni snertir ekki þm. N.-Ísf. (S. St.) minstu vitund, því að jeg veit ekki til, að hann hafi nokkurn tíma haft ráð á að útbýta vinnu nje nokkrum gæðum til sinna vina eða flokksmanna. Þessi orðræða sýnir því ekkert annað en röksemdaleysi hv. þm. (B. J.).

Hæstv. fjármálaráðherra talaði af fjálgleik miklum og andagift og sagði, að menn yrðu að tala um þetta með sannri og einlægri alvöru, og er þetta fagurlega mælt, sem honum oft er lagið, en það eru margir, því er ver fyrir hæstv. fjármálaráðherra, svo gerðir, að þeir vilja hafa meira en orðin ein. Og jeg verð að segja, að þetta lítur ekki út fyrir að vera alvörumál landsstjórnarinnar, þar sem hún á að skipa 5 manna nefnd til að yfirvega málið, en skipar að eins einn mann, sem að dómi alþjóðar er hæfur til nefndarstarfanna. Það er hægur vandi að halda langar ræður um ljettúð, en það er þá óneitanlega betra að sýna ekki jafnmikið hirðuleysi og ljettúð sjálfur eins og hjer hefir verið gert, og jeg verð að segja það, að jeg ber fullkomið vantraust til nefndar þessarar og tel, að hún sje alls ekki fær um að leysa starf sitt af hendi. Þó að það sjeu sæmdarmenn, sem nefndina skipa, þá vantar þá alla nema einn þekkingu og nauðsynleg skilyrði til að leysa slíkt verk vel af hendi.

Um spakmæli hæstv. fjármálaráðh. um „naglaskapinn úr Vigur" skal jeg geta þess, að það hitti ekki þann nagla, heldur fjármálaráðherranaglann, á höfuðið.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. fyrirspyrjandi (G. Sv.) hjelt áfram að tala um nefndarskipunina. Jeg fór lítið inn á hana, en það má deila óendanlega um það, hvort þessi maður eða hinn eigi að eiga sæti í nefndinni, og jeg er sannfærður um það, að þótt hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefði verið skipaður í nefndina, þá hefðu margir andmælt því og talið hann með öllu ófæran til slíkra starfa, og eins er það um hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), (S. St.: Hann þekkir sjálfan sig og hefði neitað því.), að þá hefðu ótal raddir heyrst um, að hann væri ófær til slíks; hann horfi svo smámunalega á alt, er fjármálum viðvíkur, að miklu betra væri að setja hann í einhverja smásiglda lúsaleit.

Orð og ummæli hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) um það, að stjórnin hafi í nefnd þessa valið eftir fylgispólitik við sig, lýsa skýrt og ljóst innræti og hugsunarhætti hins hv. þm. (S. St.). Og það er harla einkennilegt að láta sjer slíkt til hugar koma, þegar nefndina sitja þjóðkunnir menn, og þó býsnast sje yfir, að bróðir eins ráðherrans sitji í nefndinni, þá býst jeg við því, að það standi eigi lengi; menn sjá það áður en allir dagar eru taldir, að hann átti erindi þangað. Í tilefni af þessu skal jeg geta þess, að sýslunefnd Árnesinga sendi nefnd á fund stjórnarinnar og óskaði þess, að einhver þar eystra væri í nefndina valinn, og hvað var þá eðlilegra en að velja sýslumann þeirra, (S. S.: Það var ekki ætlunin.), og það því fremur, sem nefndina þurfti að sitja einhver lögfræðingur?

Hv. fyrirspyrjandi (G. Sv.) sagðist

eigi skilja, hversu jeg talaði um málið í heild sinni, en auðskilið má það þó vera, því jeg tel hjer vera eitt stærsta mál þjóðarinnar, sem nauðsynlegt er að rannsaka sem vendilegast. Og er jeg sannfærður um það, að menn munu iðrast þess síðar, ef málið er illa rannsakað og hrapað að því með ljettúð og gáleysi. Slík mál sem þessi verður að rannsaka svo vel, að til fulls megi á því byggja, en það skiftir engu eða mjög litlu máli, hvort rannsóknin tekur mánuði lengri eða skemri tíma. Þetta vil jeg undirstrika vandlega.

Það væri synd að segja, að ræða hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefði komið nálægt efni því, er fyrir lá, en það var gaman að hlýða á ræðu hans, því hún var hljómmikil og málskrúðug, sem hans er vandi, er honum tekst vel. Hann var að tala um fjármálaráðherranagla, og það er bersýnilegt, að hann þráir það mest að geta sýnt það, að ráðstafanir mínar sjeu óheppilegar. Því var það fyrsta verk hans nú á þinginu að fá setta rannsóknarnefnd til að rannsaka gerðir mínar, og var mjer einungis ánægja að því. En það fór öðruvísi en hv. þm. (S. St.) hafði ráð fyrir gert; nefndin starfaði, og hún komst að þeirri niðurstöðu, að verk mín væru góð — hún staðfesti þau — en aldrei hefi jeg sjeð hv. þm. (S. St.) jafnsvartan og dapran á brún og brá. En það er harla einkennilegt, að hv. þm. (S. St.) skyldi rísa upp með þetta á þessu þingi, því nú var lögð fram glögg og ítarleg greinargerð fyrir fjárhag landsins, en á síðasta þingi, þegar engin slík greinargerð var lögð fram, þá hreyfði hann sig ekki, heldur sat og þagði. Ætli þessi mismunur í framkomu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sje eigi af því sprottinn, að nú er annar fjármálaráðherra en þá var? (S. St.: Jeg var ekki þingmaður í þingbyrjun þá). En kom nógu snemma til þess, en þá var ekki nauðsynlegt að hugsa um fjármálin. (S. St.: Hver kom fyrst með naglann?). Vitanlega jeg. (M. P.: Náttúrlega). Og var það ekki eðlilegt, að einmitt jeg, og það ber jeg undir hv. deild, kæmi fyrstur með það (benti til S. St.). (S. St: Hver er sjálfum sjer næstur).

Bjarni Jónsson: Það er vandi að tala svo vel sje um mál þetta. Jeg á sæti í nefnd þessari, er ýmsir hv. þm. virðast bera kvíðboga fyrir að starfi illa, og hyggja jafnvel, að eigi muni auðið að fá skýrslu um starf hennar. Þennan fagra dóm sinn byggja þeir fróðu menn á því, að nefndin sje illa skipuð, og að eins eigi þar setu einn maður, sem fær sje til starfsins, verkfræðingurinn. Það sje fjarri mjer að segja, að hann sje illa fallinn til starfsins, en víst er um það, að fræðigrein hans veitir honum ekki mikla hjálp fram yfir aðra, en það er eins og hv. þm. viti ekki, að hann hefir ekki lagt þessa fræðigrein, rafmagnsfræðina, sjerstaklega fyrir sig. En hversu mikið hann hefir um slík mál lesið áður en hann kom í nefndina er mjer ókunnugt, en hann er góður og fróður maður og mesti gáfumaður og því vel fallinn til að vera í nefndinni. En svo erum við hinir nefndarmennirnir; um oss er sagt, að vjer sjeum lítt til þess færir að eiga þar sæti, og verð jeg að virða það á betri veg, þótt hv. þm. treysti mjer ekki vel; jeg er óreyndur og að sumu gallagripur í augum þeirra. Það læt jeg afskiftalaust, en jeg vil þó halda hlífiskildi fyrir formanni og flokksbróður hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem eigi getur nú borið hönd fyrir höfuð sjer. Sýnist hv. þm. (S. St.) eigi

vilja ábyrgjast hann. En það þori jeg að gera, því að hann er landþektur fyrir fróðleik sinn og gáfur. Annar nefndarmanna á sæti hjer í hv. deild, hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), og þótt bróðir hv. fjármálaráðherra hafi, sem lögfræðingur, verið valinn í nefndina, og nefndin falið honum lögfræðisleg verk fyrir sig, þá þarf eigi að bregða honum um vantraust fyrir það, þótt nefndin síðar fæli mjer að gera rannsókn um fossa á afrjettum landsins. Það kom af því, að spursmál það kom til nefndarinnar þegar hann hafði nóg að starfa að öðru fyrir hana.

Jeg vil benda á það, að það er næsta skringilegt, að þeir, sem eigi hafa verið valdir í nefndina, þykjast vita miklu betur en við fimm nefndarmennirnir, hvað nefndin eigi að gera og hverjir sjeu færir til starfsins. En enginn getur felt slíkan dóm, svo á viti sje bygður, nema því að eins, að hann þekki verkið út í æsar og nauðaþekki mennina. Dómar á öðru bygðir eru sleggjudómar. Og þegar gætt er þess, hvernig nágrannaþjóðir vorar hafa valið slíkar nefndir, þá sjest það strax, að þær eru skipaðar stjórnmálamönnum og þingmönnum, en þeir hafa síðan fengið sjer aðstoð sjerfróðra manna. Þetta er og sjálfsagt, því halda ber hreinum stefnum í stórmálum þjóðarinnar, og því verða þingflokkarnir að eiga fulltrúa í nefndunum. Og því var það, að flokkarnir á síðasta þingi vildu eiga fulltrúa í nefndinni. (P. J.: Því var mótmælt). Það má vel vera, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hafi mótmælt því; hann mótmælir svo mörgu, sem hann á ekki að mótmæla. Og það er með öllu óhugsandi, að stjórnin með nefndarsetningunni sje að útbýta bita, þ. e. a. s. kaupa sjer fylgi; sú hugsun dettur engum í hug nema fávísri og illgjarnri sál. Nei, stjórnin hefir valið þessa menn í nefndina af því, að hún hefir talið þá færa til þess, og jeg segi um þá alla nema mig, um mig getur hver sagt það er hann vill, þeir eru færir til starfsins; á því tek jeg ábyrgð.

Einn þm. var að fjargviðrast um það, að nefndin mundi ekki finna púðrið. Jeg skal ekki um það segja, en samt er jeg nú ekki viss um, nema svo fari, en hitt er mjer ókunnugra um, hvort hann þekkir púðrið, ef það finst.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) var miklu mýkri í síðari ræðu sinni, og var það eðlilegt, er þess er gætt, að hann vissi, að dauðinn stóð fyrir dyrum; skal jeg þá og mýkri vera. Hv. þm. (S. St.) talaði svo, sem hann vildi ekki taka ábyrgð á vali formanns nefndarinnar. Mjer koma ummæli þau kynlega fyrir sjónir, þar sem hæstv. forsætisráðherra hefir, að því er jeg fæ best skilið, tekið það fram, að hann hafi verið valinn í nefndina að hvötum flokks síns, og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) fyllir flokk þann. Mjer skilst því, að hann og flokksmenn hans mættu hjer um vera ánægðir.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) þótti tal mitt um þá gömlu sveit Valtýinga harla kynlegt, en eigi var svo. Hann var að brigsla stjórninni um, að hún veitti atvinnu og annað eftir frændsemi og fylgi, en ekki verðleikum, og sagði, að það væri tíska nú. Þessu mótmælti og mótmæli jeg, en sagði, að ef svo væri, þá ættu hinir gömlu Valtýingar sök á því, því að þingsveit þeirra hefði fylgt þeirri reglu, að miða styrkveitingar þingsins við það, hvort styrkþegi fylgdi þeim að málum eða ekki. Þetta get jeg sannað með vottföstum dæmum, ef þurfa þykir.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) segist treysta

Jóni verkfræðingi Þorlákssyni einum nefndarmanna. Fyrir þetta kann jeg honum þakkir og er glaður yfir, því jeg má varla greina hversu feginn jeg er yfir að hafa vantraust frá honum, því að njóta trausts manns, er talar af jafnmikilli fáfræði og hleypidómum um þetta og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) gerir, væri hverjum góðum dreng mesta hörmung. Jeg vil því færa honum þakklæti mitt fyrir það, er hann má verða mjer og öðrum góðum mönnum til stuðnings, eftir setningunni: „.... það er fremdartjón, ykkar verk, ef vitmenn lasta, en verra er samt ef hrósa flón".

Hv. þm. (S. St.) þekkir einn foss í Vigur, þann er beljar hjer við hlið mína.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skil ekki, hvernig hv. þm. Dala. (B. J.) fór að leggja þann skilning í orð mín, sem hann gerði. Því var lýst yfir strax á þingi í fyrra af Heimastjórnarmönnum, að þeir vildu ekki láta velja neinn í nefndina frá pólitísku eða flokkslegu sjónarmiði sjeð.

Yfir höfuð lýst mjer, að margt af því, er sagt hefir verið, sje fánýtt hjal um málið. Jeg man til þess, að í fyrra spurði erlendur þingmaður mig að því, hver reynsla vor væri af milliþinganefndum. Hann sagði, að reynsla þeirra væri sú, að ekkert gagn væri að þeim. Svona eru dómarnir, og samt eru þær brúkaðar enn. Það eru misjafnir dómar um þær, eins og um þingið. Og þegar álit þeirra kemur, er stundum sagt, að slæmt sje, að svona mikill pappír skuli vera eyðilagður. Jeg vona því, að þessar ræður fari að taka enda. En taka vil jeg það fram, að jeg fæ ekki sjeð, hvaða gagn er að vísa þessu máli til stjórnarinnar.

Fyrirspyrjandi (Gísli Sveinsson): Jeg vil gera örstutta athugasemd við ummæli, hæstv. forsætisráðherra. Hann komst svo að orði — jeg var undrandi yfir því, bjóst ekki við því úr þeim stóli —, að þetta væri fánýtt hjal. Jeg bjóst við því, að hann hefði áhuga fyrir þessu máli og vildi hrinda því áfram, og jeg hjelt, þó menn hafi lagt misjafna dóma á skoðun hans um þetta, að hann vildi taka á málinu með alvöru og festu og láta sem fyrst verða af framkvæmdum. Og samkvæmt þessari skoðun hefði hann sist átt að vera að tala um fánýtt hjal, því að ef umr. þessar mega, sem jeg vona, verða til þess að ýta á eftir áliti nefndarinnar, þá hefir gott af þeim leitt.

Hæstv. forsætisráðherra segir og, að málið verði að engu ef því verði vísað til stjórnarinnar, og má hann vitanlega best um það dæma, en að forminu til er þetta hin eina leið, sem er fær, og með þeim rökstuðningi, sem jeg hefi fært fyrir því, á það að verða til þess, að álit nefndarinnar komi fyr. Þetta alt hefði því átt að gleðja hæstv. forsætisráðh., eftir því, sem þeir, sem vildu honum best, skildu framkomu hans á síðasta þingi; — en nú virðist svo, sem hann skoði þetta að eins leik, og má hann nú eiga um það við sjálfan sig, hvað hann græðir á slíku.

Forsætisráðherra (J. M.): Ef hv. fyrirspyrjandi (G. Sv.) hefði borið þetta mál fram í þingsályktun, þá hefði jeg skilið, að það hefði orðið til að hrinda því áfram, en jeg sje ekki, að þessi leið, fyrirspurn, geti gert það, og þótt samþykt verði tilvísun sú til stjórnarinnar, er hv. fyrirspyrjandi (G. Sv.) leggur til, þá fæ jeg ekki sjeð neitt verulegt gagn af því.

Fyrirspyrjandi (Gísli Sveinsson): Það

var ekki hægt að bera mál þetta fram öðruvísi en í fyrirspurn, því að niðurstaða nefndarinnar er enn ókunn þinginu. Þingið varð því að spyrja stjórnina, aðra getur það ekki spurt með þessum hætti, hvað niðurstöðu nefndarinnar líði, og fyr en þingið hefir hana er ekki hægt að taka ályktun um málið sjálft. **(Fjármálaráðh.:** Eru miljónirnar að kalla). Jeg held, að hæstv. fjármálaráðh. mætti verða feginn, ef miljónirnar vildu kalla í hann, en þess verður víst langt að bíða. Og ef hann með þessu vill gefa í skyn, að hann eða hans nótar sjeu einu „þjóðlegu" mennirnir, þar sem þeir vilji ekki veita erlendu fje inn í landið, þá er þar til að svara, að jeg býst við, að það komi síðar í ljós, hverjir sjeu þjóðlegustu mennirnir, og að hann verði ekki einn um þá hitu, þótt hann berist allmjög á í þeim efnum. Öllum er kunnugt, að framkvæmda hans gætir minna.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla ekki að lengja umr. að þessu sinni, en sú næsta getur orðið nokkuð löng.

Þessi fyrirspurn getur auðvitað ekki haft neinar afleiðingar, vegna þess, að það væri svo óheillavænlega ráðið, ef ætti að fara að skipa stjórninni að stöðva verk, sem er hálfunnið og stjórnin hefir kostað miklu til. Þetta starf nefndarinnar er mjög svo vandasamt, og svo þegar hún hefir starfað í 5 mánuði, koma nokkrir menn fram og vekja voðalegan gný út af því, hversu hún sje lengi að vinna, og út af þeirri ósvífni, að hún skuli taka kaup fyrir verk sitt. Þá bera menn henni á brýn, að hún hafi ekkert unnið, vegna þess að hún hafi ekki komið með svör eða lagt fram álit sitt um tvö atriði, sem nefnd eru í þingsályktunartill. frá í fyrra. En þetta er hin mesta ósvinna. Því að það er til einkis að ætlast til, að nefndin hafi lokið rannsóknum sínum, jafnvel þó einhver orð hafi fallið um það í fyrra á þinginu. Það lítur því svo út, sem menn sjeu hjer að gera að gamni sínu, en slíkt á illa við um jafnmikið stórmál og fossamálið er.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skil ekki í þeirri bræði, sem greip hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þó að mjer hrykkju af vörum orðin um „að miljónirnar væru að kalla", því sannast að segja hlýtur þessi fyrirspurn að hafa eitthvert markmið, og þá eðlilega það, að láta miljónirnar ekki hverfa í burtu. En jeg fyrir mitt leyti er ekki hræddur um, að miljónirnar hverfi í burtu, þó maður gefi sjer nægan tíma til að íhuga og rannsaka, hvernig þeim verði best náð.

Forseti: Við þessa umræðu hafa hjer í deildinni fallið orð, sem ekki geta talist alls kostar þinghæf, en jeg álít, að þau hafi fallið jafnt á báða bóga, og geti því vegið hvor upp á móti öðrum og fallist í faðma.

Út af því, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) kastaði því fram í ræðu sinni, að þingtíðindin frá þinginu 1917 mundu ekki verða komin út fyrir aldamót, þá vil jeg leyfa mjer að skýra frá, að jeg hefi fengið þær upplýsingar frá skrifstofu þingsins, að prentun þeirra væri nú lokið. Þá hefir hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) komið fram með rökstudda dagskrá, sem hljóðar þannig:

> **„Deildin lítur svo á, að landsstjórninni beri að hlutast til um, að störfum fossanefndarinnar verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi,**

og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

Út af þessari rökstuddu dagskrá vil jeg benda á, að í 31. gr. þingskapanna er svo ákveðið, að við umræðu um fyrirspurn megi eigi gera neina ályktun, en þar sem jeg verð að álíta, að ályktun felist í þessari rökstuddu dagskrá, þá get jeg ekki borið hana upp.

Bjarni Jónsson: Engum af nefndarmönnum hefir dottið í hug að skila sínu nefndaráliti síðar en á næsta þingi.

Sigurður Stefánsson: Út af þessum ummælum hv. þm. Dala. (B. J.), felli jeg mig við, að dagskrá mín komi í þingtíðindunum og verði ekki borin upp til atkv.

Forseti: Þá hefir fram komið tillaga frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) svo hljóðandi:

„Deildin vísar málinu til stjórnarinnar, með tilvísun til 41. gr. þingskapanna".

Jeg álít, að þessi tillaga komi ekki í bág við áður umgetna 31. gr. þingskapanna, og skal því leyfa mjer að bera hana undir atkvæði.

ATKVGR.

Till. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 13 shlj. atkv.

---

2. Kolaúthlutun.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var útbýtt

Fyrirspurn til stjórnarinnar um úthlutun kola (A. 101).

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, h v o r t l e y f ð s k u l i.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að fjármálaráðherra hafði tjáð sig búinn til að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 24. maí, var fyrirspurnin aftur tekin á dagskrá.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Það, sem jeg ætlaði að spyrja um hjer, er ekki hvernig dýrtíðarkolunum hafi verið úthlutað milli hinna ýmsu sveita og kauptúna, heldur ætla jeg að spyrja hjer um, hvernig úthlutuninni hafi verið háttað milli einstakra manna hjer í bæ, hvað mikið af þeim hafi farið til hinna efnaðri manna hjer í bæ, og hvað mikið til fátæklinganna, sem þingið í fyrra ætlaðist til að fengju það alt.

Svona ber að skilja fyrirspurnina.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal leyfa mjer að láta þess getið, að sveitarstjórnir og bæjarstjórnir sendu til stjórnarinnar tillögur um það, hvernig dýrtíðarkolunum skyldi verða úthlutað meðal manna. Stjórnin gerði það alstaðar að skilyrði fyrir staðfestingu þessarar reglu, að fátæklingarnir fengju kolin ódýru verði, undir meðalverðinu, sem var 120 kr. Víðast hvar á landinu voru 3 verð á kolunum, en hjer í Reykjavík voru þau 4. Í 1. flokki kostaði smálestin 200 kr., í 2. fl. 160 kr., í 3. fl. 105 kr. og í 4. fl. 75 kr. Önnur

afskifti af kolaúthlutun til sveitarfjelaga eða bæjarfjelaga hefir stjórnin ekki haft og gat ekki haft. Stjórnin gat ekki heldur ákveðið, hvað mikið af kolum skyldi vera í hverjum flokki, því til þess brast hana kunnugleik, en hún gat að eins sjeð um að hafa einn flokk með ódýrum kolum, og það gerði hún.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að svara frekar.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Jeg sje á þessu svari hæstv. fjármálaráðherra, að það er fremur sök bæjarstjórnar heldur en landsstjórnar, að kolunum hefir verið ranglátlega skift niður, en þó þykir mjer það miður, að stjórnin skuli hafa samþykt þessar reglur, sem settar voru um útbýtinguna.

Jeg galt jákvæði mitt við þessari dýrtíðarráðstöfun hv. Alþingis með það fyrir augum, að fátæklingarnir skyldu aðallega njóta þessa, menn, sem ekki væru nægilega úrræðagóðir og út undir sig að afla eldiviðar á annan hátt. En þessi flokkun skilst mjer röng, þar sem runnið hafa gjafir úr landssjóði til þeirra, er vel voru efnum búnir og ekki voru gjafarþurfar. Sjálfur átti jeg kost á að fá kol úr hæsta flokknum, en vildi ekki nýta, en kunnugt er mjer um, að menn með sömu tekjum og jeg hefi voru þar ofarlega á blaði, og af því get jeg ráðið, að þeir nutu, sem ekki voru þurfandi.

Það hefði átt að koma þessu öðruvísi fyrir, og ef kolin hefðu orðið of dýr, þá hefði bæjarstjórnin átt að kaupa kolin og láta svo fátæklingana fá þau undir verði, en selja svo hinum efnaðri fullu verði. Jeg verð því að víta þessa aðferð bæjarstjórnarinnar, því hún fer í bág við anda laganna og vilja hv. Alþingis, því jeg veit, að hv. þm. munu vera sömu skoðunar og jeg um þetta mál.

Magnús Pjetursson: Mig langar til, úr því farið var að spyrja um kolaúthlutunina, að leggja dálitla fyrirspurn fyrir hæstv. fjármálaráðherra, sem að vísu ekki kemur við úthlutuninni, en er þó um dýrtíðarkolin eða þeirra verð. Þess er sem sje getið í nefndaráliti hv. meiri hluta bjargráðanefndar í dýrtíðarmálinu, að landssjóður hefði varið 490 þús. kr. í afslátt á þessum dýrtíðarkolum. En eftir því, sem fram kom á þinginu í fyrra, var gert ráð fyrir, að úthlutað yrði 2800 smál., og var þar gert ráð fyrir, að hallinn á hverri smálest mundi nema 100 kr. Menn bjuggust sem sje við því, að koma mundu kol hingað til landsstjórnarinnar, er mundu kosta 200 kr. smál. hjer á höfninni. Nú er það kunnugt, að kolin hafa komið, og verðið var eins og við var búist. Vildi jeg því gjarnan komast á snoðir um, hvernig á því stendur, að hallinn hefir verið bókaður 490 þús. kr., þar sem mjer reiknast svo til, að hann nemi ekki nema tæp 300 þús kr., ef innkaupsverðið er rjett hjá mjer. Jeg spyr að þessu af því, að vjer þm. úti um land stöndum illa að vígi gagnvart fólkinu, því það krefst þess að vita, hvernig getur staðið á því, að hallinn á þessu nemur undir ½ miljón. Vjer höfum auðvitað reynt að þagga þetta niður og höfum slegið á þetta eins og hverja aðra kviksögu, vegna þess, að það kom aldrei fram í þinginu í fyrra, að hallinn mundi verða svona mikill. Enda hefir hann ekki orðið svo mikill fyrir landssjóðinn.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi

að eins taka það fram, út af fyrirspurn hv. þm. Dala. (B. J.), að jeg hygg, að sveitarfjelög og bæjarstjórnir hafi haft þetta hærra verð til þess eins, að hægt væri að selja fátæklingunum með lágu verði, og er gert ráð fyrir því í lögunum, að svo verði farið að.

Svo jeg snúi mjer að hv. þm. Stranda. (M. P.), þá skal jeg játa það, að jeg er ekki sjerstaklega búinn undir að að svara fyrirspurn hans. En þess vil jeg láta getið, að þó að gert hafi verið ráð fyrir því á þinginu í fyrra, að kolin mundu kosta 200 kr. hjer á höfninni, þá hefir hlotið að leggjast mikill kostnaður á þau áður en þau voru komin á land, bæði kostnaður við uppskipun o. fl. Auk þess skal jeg geta þess, að sett var jafnaðarverð á kolin, og kostaði hver smálest eftir því 300 kr. Við þetta jafnaðarverð var miðað við úthlutunina. Ef jeg hefði vitað um þessa fyrirspurn, þá mundi jeg hafa verið betur undirbúinn, en mjer mun vera óhætt að fullyrða það, að jafnaðarverðið var 300 kr., og það var lagt til grundvallar.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg ætla ekki að blanda mjer mikið í þessa fyrirspurn eða umræðurnar yfirleitt. Það var að eins eitt atriði í ræðu hv. þm. Dala. (B. J.), sem olli því, að jeg stóð upp, og þetta atriði var, að mjer heyrðist ekki betur en hann hafi vitt aðgerðir bæjarstjórnarinnar í Reykjavík í þessu máli. **(B. J.:** Jeg nefndi ekki neina sjerstaka bæjarstjórn, en ef hv. 1. þm. Reykv. sýnist svo, þá mega orð mín gjarnan eiga við bæjarstjórnina hjer). Það, sem olli mismun kolaverðsins hjer í Reykjavík, var það, að efnaðir menn voru líka látnir fá nokkuð af kolunum. Og þetta var gert til þess, að hægt væri að selja kolin með lægsta verðinu, sem var 75 kr., og fengu þeir einir kolin með því verði, sem fátækastir voru. Það má deila um það, hvort rjettlátt hafi verið að láta alltekjumikla menn fá nokkuð af kolunum. En jeg vil að eins benda mönnum á, að það er ekki með öllu ranglátt, því þess ber að gæta, að efnamennirnir hafa borið og koma til að bera þyngstar byrðarnar af dýrtíðarráðstöfunum bæjarfjelagsins, og eiga auðvitað að gera það. Hjá öðrum þjóðum hefir venjan líka verið sú, að þegar líkt stendur á, eins og hjer stóð á, þá hefir hjálpin verið látin ganga jafnt yfir alla, en svo hefir verið tekið af þeim efnameiri með sköttum. Úti um land hefir kolaúthlutununni verið hagað líkt þessu, og þó ver gætt hagsmuna hinna efnaminni heldur en hjer var gert í Reykjavík. Jeg vil geta þessa, til þess að sýna það, að bæjarstjórnin hjer hefir ekki ein haft þessa tilhögun. Vel má vera, og það efast jeg reyndar ekki um, að unt hefði verið að úthluta þessum kolum rjettlátlegar víðar en gert var. En t. d. hjer í Reykjavík vann sjerstök nefnd að undirbúningi úthlutunarinnar og lagði talsverða vinnu í það, og þóttist hún ekki hafa getað fundið heppilegri leið heldur en hún lagði til, og á hennar tillögur fjelst bæjarstjórnin.

Jeg vil taka undir það með hv. þm. Stranda. (M. P.), að það sje ekki rjett að reikna landssjóði svona mikinn halla af dýrtíðarkolunum, þar sem þau kostuðu 200 kr. hjer á höfninni, eftir því sem jeg hefi sannspurt, og þegar þingið samþykti þessa dýrtíðarráðstöfun í fyrra, þá var það gert með hliðsjón af því, að von var á þessum ódýra kolafarmi.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það var að eins örstutt athugasemd út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Jeg vil að eins lýsa yfir því, að það kom ekki til nokkurra mála að reikna kolasmálest 200 kr., þegar þau voru komin hjer á land, því eins og jeg tók fram áðan, þá hefir margskonar kostnaður lagst á þau, t. d. eins og uppskipunarkostnaður og afhendingarkostnaður o. fl. Auk þess eru kolin tollskyld. Svo sje jeg ekki, hver ástæða er til þess, þó einn farmur komi með lágu verði, þá að reikna eftir honum. Rjettara er að taka jafnaðarverð af því verði, er kolin voru í á staðnum, og reikna svo af þessu verði, og jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að jafnaðarverðið var 300 kr. fyrir smálestina.

Annars skal jeg játa það, að jeg sje ekki mikla breytingu á því fyrir landssjóð, hvort reiknað er á einn veg eða annan, því að vitanlega fer það að eins úr einum vasanum í annan, því ef landssjóður græðir við það, þá er tapið meira fyrir landsverslunina, og svo öfugt.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að segja meira í bráð.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Jeg vildi óska, að jeg hefði getað beint fyrirspurninni til háttvirts 1. þingm. Reykv., eða til bæjarstjórnarinnar. Jeg hafði ekki hagað minni ræðu svo, að jeg hafi beint henni að bæjarstjórninni, en sje af ræðu þingmannsins (J. B.), sem er í bæjarstjórn, að hún á hjer aðallega hlut að máli.

Það er eitt, sem jeg vil minnast á, sem að vísu kemur fyrirspurninni ekki við, og það er, að ekkert stendur um það í lögunum, úr hvaða skipi kolin ættu að vera. Því er með öllu óþarfur þessi lestur um það, hvort reikna beri með hærra eða lægra verði. Verð það, sem stjórnin setti, mun vera sennilegt heildarverð á öllum kolunum.

Það er aftur önnur athugasemd, sem er skökk hjá hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að efnamennirnir eigi líka að fá hlutdeild í afslætti af vörum, því að þeir greiði það aftur í sköttum til hins opinbera. Þetta væri alveg rjett, ef um almennan afslátt á vörum væri að ræða. En þessi kolastyrkur var veittur af þinginu sem sjerstök linkind handa fátækum mönnum í kaupstöðum, sem veitti sjerstaklega erfitt að hafa ofan af fyrir sjer. Það virðist vera undarleg leið til að geta selt fátækum mönnum kol lágu verði, að vera að setja á þau mismunandi verð. Nokkru nær hefði þá verið að taka alla fúlguna, sem landssjóður ljet af hendi, og selja svo sumt fyrir fult verð, það sem fátæklingarnir þurftu ekki með, en hitt þá þeim mun lægra. Á þann hátt hefði hjálpin komið niður á fátæklingunum, eins og til var ætlast. En bæjarstjórn Reykjavíkur hefir ekki valið þessa leið, heldur hefir hún stungið gjöfum úr landssjóði í vasa efnaðra manna, sem ekki þurftu þeirra, en þiggja þær, ef til vill bara til þess að sýna, hve illa sje hægt að fara með hjálparviðleitni landssjóðs.

Pjetur Þórðarson: Mönnum hefði ekki átt að koma það á óvart, að svona fór um úthlutun dýrtíðarkolanna. Því var spáð strax í fyrra, að svona mundi fara. Jeg veit til þess, að í minu kjördæmi var mikil óánægja yfir því, að nokkuð af þessari ívilnun hlutu stórríkir menn. Þessi óánægja og umkvörtun komst alla leið til stjórnarráðsins í ákveðnu formi, en stjórnin hefir víst ekki sjeð sjer fært að gera neitt við

það, fram yfir það, sem í tillögunni stóð. En jeg vona, að þessi fyrirspurn verði til þess, að menn læri af reynslunni fyrir framtíðina. Það kemur stundum fram hjer í deildinni, að menn vilja vera að leika stærri þjóðir, sem geta gefið ívilnanir í dýrtíðinni alment; hjer jafnvel þeim, sem hafa stórgrætt á henni, og ýmsum, sem ekki hafa viljað þiggja. Það eina, sem við kunnum að geta gert, er þá það, að þingið leggi meiri áherslu á það í næsta skifti, að ekki sje nein ívilnun frá landssjóði látin lenda hjá þeim, sem ekki þurfa hennar með. Jeg stóð að eins upp til að leggja áherslu á þetta.

Magnús Pjetursson: Jeg vona, að hæstv. ráðherrar eða hæstv. forseti taki ekki hart á mjer, þó jeg taki þennan útúrdúr. Mjer þykir leitt, að hæstv. fjármálaráðherra skyldi ekki geta gefið betri skýringu á þessu nú þegar. Jeg hjelt satt að segja, að hann þyrfti ekki mikinn undirbúning til þess. Það er munur, hvort landssjóður leggur fram 300,000 kr. eða 500,000 kr til þessarar kolaniðurfærslu, og því undarlegt athugaleysi, að einn fjármálaráðherra skuli ekki vita neitt, hvernig á þessum mismun stendur. Hæstv. fjármálaráðh. hjelt, að verðið mundi miðað við meðalverð þeirra kola, sem landsverslunin hafði til sölu. Jeg býst við, að það muni vera rjett. En það var ekki ætlun þingsins, og engin ástæða til þess, að landsverslunin græddi um 200,000 kr. á því að selja landssjóði þessi kol. Hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að það hefði ekki verið tekið fram í þinginu í fyrra, að dýrtíðarkolin ættu að vera úr neinu ákveðnu skipi. Það má ef til vill segja, að þetta sje rjett hermt. En víst er um það, að allir þingmenn höfðu þá þennan ákveðna skipsfarm í huga. Og þegar þeir greidu atkvæði með því að veita þennan afslátt af kolaverðinu, þá var það með þeirri fullu vissu, að ekki færi þessi niðurfærsla yfir 300 þús. kr., því það var þá kunnugt öllum þingmönnum, að landsstjórnin átti von á kolum fyrir það verð. — Það getur verið satt, að þetta hafi ekki mikið að segja, þegar upphæðin kemur í landssjóðinn hvort sem er. En það er óviðfeldið, að þegar hagur landsverslunarinnar er gerður upp, þá sje ¼ af gróðanum fram kominn við það, að landssjóður hafi borgað of mikið fyrir vöru, sem hann keypti af versluninni.

Jeg hefi komið þessu að hjer, til þess að þurfa ekki að koma með sjerstaka fyrirspurn um það. Það þarf líklega ekki að ræða meira um þetta. Jeg býst við, að þær upplýsingar sjeu komnar fram, sem hægt er að fá, að minsta kosti hjá hæstv. fjármálaráðherra.

Fjármálaráðherra (S. E.): Í tilefni af því, sem hv. þm. Mýra. (P. Þ.) tók fram, vildi jeg láta þess getið, að annarsstaðar, eins og t. d. í Danmörku, þar sem vörur eru seldar undir verði, er lækkunin látin ná til allra; svo var t. d. um smjörið. En að því er kolin hjer snertir, þá varð að selja þeim, sem betur voru staddir, nokkuð af kolunum við hærra verði, til þess að fátækara fólkið gæti fengið nokkuð af kolunum við lægra verði. Þeir, sem betur voru staddir, áttu að borga niðurfærsluna hjá þeim fátækari.

Jeg get nefnt nokkur dæmi upp á verðlag og flokkun í nokkrum hjeruðum:

Í Húnavatnssýslu voru kolin seld á 90 kr., 120 kr. og 200 kr. Á Fáskrúðsfirði 100 kr., 150 kr. og 170 kr. Í Helgu-

staðahr. 110 kr., 125 kr. og 140 kr. Á Seyðisfirði 100 kr., 130 kr. og 160 kr.

Út af ræðu hv. þm. Stranda. (M. P.) get jeg ekki sagt annað en jeg er búinn. Það mun vera ábyggilegt, að landsverslunin ákvað kolaverðið 300 kr. pr. smálest. Hvort það hefði mátt vera lægra, það er vitanlega nokkuð álitamál. En það sjá allir, að ekki gæti verið nein meining í því að miða verðið við lægsta farminn. Jeg skil, hvað háttvirtur þingm. Stranda. (M. P.) er að fara með þessu. Honum finst, að þarna sje gróði, — hann nefndi 200,000 kr. — sem vafasamt sje, hvort landsverslunin geti tileinkað sjer, og viljinn er auðvitað hinn besti til að gera sem minst úr gróða landsverslunarinnar. Jeg veit ekki, hve mikið landsverslunin kann að hafa grætt á þessari kolasölu. En það liggur í augum uppi, að þegar landsverslunin á að hafa hag, þá verður hún að græða á einhverju. Og eitthvað hefir hún sennilega grætt á kolaversluninni.

Jörundur Brynjólfsson: Út af orðum hv. þm. Dala. (B. J.) skal jeg taka það fram, að bæjarstjórn Reykjavíkur úthlutaði ekki dýrtíðarkolum til annara en þeirra, sem um það sóttu.

3. Sykurverðshækkun.

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um hækkun á verði á sykri landsverslunarinnar (A. 118).

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. maí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð með 21 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. K., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., Ó. B.

nei: Þorst. J., E. Árna.

J. M. greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (Sv. Ó. og B. J.) fjarstaddir.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 27. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig reiðubúinn til að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Einar Arnórsson): Jeg vil leyfa mjer að gera stutta grein fyrir framkomu fyrirspurnarinnar um sykurmálið.

Eins og kunnugt er, var skipuð nefnd 27. f. m. í þessari deild til þess að athuga verslunarframkvæmdir landsins. 2. maí sendi nefnd þessi stjórninni brjef og bað um upplýsingar varðandi verslun landssjóðs. 10. s. m. svarar stjórnin aftur og kveðst eigi geta gefið þessar upplýsingar nema með löngum fyrirvara. Um sama leyti lá í loftinu, að þingfundum yrði frestað. Þótti sýnt, að afráðið yrði um það um hvítasunnuna. Nefndin sá nú, að það mundi eigi verða nema tilferðin tóm, þótt hún færi að rannsaka verslunarmálið, og afrjeð því að gera ekki neitt að sinni. Því bar jeg og samflutningsmenn mínir upp fyrirspurn þessa um hækkun sykurverðsins. Töldum við sjálfsagt að fá að vita, hvaða rök stjórnin vildi færa fyrir þessari ráðstöfun sinni, því að enn sem komið er hefir hún engin nýtileg rök komið með til stuðnings henni. Enn fremur var einsætt að gefa stjórninni kost á því að

rökstyðja lækkun sykurverðsins aftur.

Þótt verslunarmálanefndin hefði nú tekið að rannsaka þetta atriði, býst jeg ekki við, að hún hefði fengið fullnægjandi skýringu á þessari ráðstöfun. Hún mundi hafa fengið sömu upplýsingar sem jeg hefi fengið hjá núverandi forstjórum landsverslunarinnar, og jeg er þeim þakklátur fyrir. Fyrirspurnin hefði því óhjákvæmilega jafnt komið fram, þótt nefndin hefði tekið málið til rannsóknar, því að hún mundi eigi heldur hafa fengið upplýsingar, sem rjettlættu þessar ráðstafanir.

Jeg kem þá að málinu sjálfu.

Sykur er ein þeirra vörutegunda, sem landssjóður verslar með. Í júní f. á. mun landsstjórnin hafa haft allmikið af sykri í vörslum sínum. Þá, 12. júní, var sykurverðið hækkað um 25 aura pr. kíló, og verðið þá ákveðið: á höggnum sykri kr. 1,35 pr. kg., á steyttum sykri kr. 1.15 pr. kg.

Var verð þetta auðvitað lagt á allar, bæði eldri og yngri, birgðir, sem fyrir voru. En fyrir voru allmiklar birgðir þá.

Í júlí f. á. fær landsstjórnin svo sykur frá Ameríku með eimskipinu „Ísland“, rúmar 400 smálestir, þar af 101 smálest steyttan sykur. Þessi sykur er einnig seldur sama verði og eldri sykurinn, sem verðið hafði verið hækkað á 12. júní f. á. Virðist þetta verð á „Íslands“-sykrinum hafa verið nærri lagi, en talsverður gróði hlýtur að hafa orðið á eldri birgðunum með þessu verðlagi.

Í september f. á. kemur enn sykur með „Íslandi“, 590 smálestir af höggnum sykri. Þessi sykur var nokkru dýrari en sykur sá, er fyrir var. Skipið hafði orðið að bíða nokkuð lengi í New York, og farmgjald því hærra en áður, og innkaupsverð nokkru hærra líka. Samt sem áður lætur stjórnin sykurverðið haldast óbreytt enn um hríð.

Svo kemur þá að hækkuninni. 19. okt. f. á. eru kannaðar sykurbirgðir landsverslunarinnar. Á hún þá fyrirliggjandi sykur, svo sem hjer segir:

A. Högginn sykur:

Í vörslum landsversl. ..	1157 smál.
Í vörslum sýslumanna	128 —
Alls	1285 smál.

B. Steyttur sykur:

Í vörslum landsversl. ..	135 smál.
Í vörslum sýslumanna	87 —
Alls	222 smál.

Sykurbirgðirnar alls eru 1507 smál. Þar af voru með „Íslandi“ í sept., eins og áður segir, 590 smálestir. Eldri birgðir, er seldar voru með lægra verðinu, voru því 917 smálestir.

Þennan dag, 19. okt. f. á., sýnist hafa verið í ráði að hækka verð á öllum sykurbirgðum þessum alment. Og sagt er, að það hafi reyndar verið gert, en sú hækkun hafi verið afturkölluð eftir 2 klukkustundir. Forstjóri landsverslunarinnar, sá er þá var, skýrði svo frá í yfirlýsingu í „Vísi“ 12. og 14. nóv. f. á., að verðið hafi þá (19. okt. f. á.) breyst þannig, „að sykurpantanir, sem koma utan af landi til landsverslunarinnar í Reykjavík eftir 19. okt., hafa verið afgreiddar þaðan með hinu hærra verði, en engin fyrirskipun hefir verið gefin til sýslumanna, sem keypt hafa sykur hjá landsversluninni, um að hækka í verði sykurbirgðir þær, sem þeir kunna að eiga óseldar“.

Eftir þessu hefir sykur landsverslunar frá 19. okt. f. á. verið seldur tvennskonar verði:

a. Af birgðum, sem hjá sýslumönnum lágu, og af birgðum, sem voru í vörslum landsverslunarinnar, til kaupmanna í Reykjavík og þeirra annara,

er hjer keyptu á staðnum, með gamla verðinu 1,35 kr. kilo af höggnum sykri og 1,15 kr. kilo af steyttum sykri.

b. Ef pantaður var hjeðan sykur og afgreiddur eftir 19. okt. út um land, t. d. af kaupmanni á Ísafirði o. s. frv., þá var sykur seldur með hækkaða verðinu kr. 1,60 kilo af höggnum sykri og kr. 1,50 af steyttum sykri.

Á sama tíma og sama stað er því tvennskonar verð á sömu vöru hjá sömu verslun.

Með þessu síðara, hækkaða verði sýnast hafa verið seldar um 10 smálestir, 20. og 24. okt. f. á., og eru þær afgreiddar til sýslumannanna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu. Sjest þetta í skýrslu frá landsversluninni, er jeg hefi í höndum.

Eins og getið er áður, átti landsverslunin 19. okt. f. á. 917 smál. af eldri sykrinum. Ef hún hefði þá þegar hækkað allar þær birgðir í kr. 1,35 kg. af höggnum sykri úr kr. 1,35, og í kr. 1,50 kg. af steyttum sykri úr kr. 1,15, hefði það numið sem hjer segir:

222 smál. st. sykri, hækkun 350 kr. pr. smál. ..	kr.	77,700
695 smál. hg. sykri, hækkun 250 kr. pr. smál. ..	—	175,750
Alls	kr.	253,450

Hefði sú upphæð, rúm ¼ miljón, orðið hreinn gróði.

Þessi millibilshækkun stendur, eins og kunnugt er, til 5. nóv. Nokkuð hefir selst á þessu tímabili, frá 19. okt. til 5. nóv. f. á. En 5. nóv. verður eigi sjeð, að nein birgðakönnun hafi farið fram, sem sjálfsagt var þó, því að pakkhúsmenn verslunarinnar hefðu átt að segja, hvað þá væri til, svo að ákveða mætti, hverju þeir ættu að standa skil á. Samskonar gildir auðvitað líka um birgðir sýslumanna, ef hækka átti verð á sykri, er þeir höfðu í vörslum sínum. Eftir því, er ráða má af skýrslum um endurgreiðslur þær, sem fóru fram eftir að verðið var aftur sett niður, hafa milli 30 og 40 smálestir alls verið seldar hærra verðinu.

5. nóv. var almenna sykurverðshækkunin ákveðin. Þá er högginn sykur alment hækkaður úr kr. 1,35 pr. kg. í kr. 1,60 og steyttur sykur úr kr. 1,15 pr. kg. í kr. 1,50, eða högginn sykur um 25 aura pr. kg. og steyttur 35 aura pr. kg., eða höggni sykurinn um rúmlega 18½% og steytti um rúmlega 30%. En aldrei var þó nein skipun send sýslumönnum um að hækka verð á birgðum þeim, sem hjá þeim lágu þegar hækkun þessi gekk í gildi. Enda var víða sykur seldur á öllu þessu tímabili með gamla verðinu. Er þetta bæði bygt á yfirlýsingu þáverandi forstjóra landsverslunar í Vísi 14. nóv. og fjölda mörgum skýrslum um sykurverðið frá ýmsum stöðum á landinu.

Hjer er því samskonar misfella og misrjettið, sem átti sjer stað um hækkunina 19. okt. f. á.

a. Þeir, sem kaupa eftir 5. nóv. 1917 af landsversluninni sjálfri, verða að borga kr. 1,60 og kr. 1,50 fyrir hvert kg.

b. Þeir, sem kaupa af birgðum sýslumanna, fá sykurinn fyrir kr. 1,35 og kr. 1,15 hvert kg.

Og voru þá enn víða allmiklar sykurbirgðir í vörslum sýslumanna, er seldar voru áfram lægra verðinu.

Þá kem jeg að síðasta þættinum.

Skiljanlegt er það, að mönnum þætti hart undir þessari ráðstöfun, hækkun sykurverðsins, að búa. Eftir verslunar-

skýrslum vorum er sykurnotkun á mann hjer nálægt 29 kg. á ári. 25 aura hækkun gerir á ári kr. 7,25 á hvert nef, en á landsmenn alla gerir það 650 þús. kr. Sykur er fullkomin nauðsynjavara, einkum í Reykjavík og öðrum mjólkurlitlum stöðum. Því er eðlilegt, að almenningur heimtaði fullar og ótvíræðar röksemdir fyrir nauðsyn þessarar ráðstöfunar. Og það er líka óhætt að segja, að sjaldan hefir mönnum komið betur saman en í þessu máli.

Andófsblöð stjórnarinnar vittu auðvitað oftnefnda ráðstöfun stjórnarinnar. En menn kunna að segja, að eigi sje mikið upp úr því leggjandi. En það sannar meira í þessu efni, að eina stjórnarblaðið, sem þá var, „Tíminn", varði hana alls eigi. 10. nóv. krefst hann þess, að ráðstöfunin verði feld úr gildi. Segir, að einhver ráð verði að hafa „til þess að lækka einmitt þessa vörutegund". Segir, að það mundi valda mjög miklu misrjetti, ef þessi vörutegund verði eigi seld undir sannvirði — því að „Tíminn" hyggur sýnilega, að hækkunin hafi verið nauðsynleg af verslunarástæðum — af því að mikill hluti manna hafi viðað að sjer þessari nauðsynjavöru fyrir veturinn, og að þessi verðhækkun komi því aðallega niður á fátæklingana í kaupstöðunum. „Tíminn" kallar það því „misfellu" og „misstigið spor", að hækkunin kom svo seint, að allmikill hluti landsmanna gat áður birgt sig upp til vetrarins af sykri með lægra verðinu, áður en hækkunin kom.

„Sykurverðið verður að lækka", segir blaðið.

Kaupmannastjettin tók eins í málið. 7. nóvember var almennur kaupmannafundur haldinn í bænum. Þar var skorað á verslunarráðið að beita sjer fyrir því, að stjórnin næmi ráðstöfun sína þegar úr gildi; þar var skorað á alla kaupmenn að selja með óuppsettu verði þann sykur, er þeir ættu. Og þetta gerðu kaupmenn líka. Loks var skorað á stjórnina að ná sjálf eða hjálpa kaupmönnum til að ná sykri, er stjórnin hafði fengið loforð um að fá frá Danmörku.

Því næst var haldinn almennur fundur hjer í bænum 9. nóv. að tilhlutun stjórnar Alþýðuflokksins. Þar voru ráðherrarnir 2, er þá voru hjer á landi. Engin röksemd kom fram, er rjettlætti svo mikla hækkun á sykurverðinu, sem ákveðin hafði verið. Þar bar Jörundur bæjarfulltrúi Brynjólfsson upp till., er samþykt var með viðaukatill. frá Sveini bæjarfulltrúa Björnssyni, og var hún á þessa leið:

„Fundurinn skorar á landsstjórnina að fella nú þegar burtu hina gífurlegu verðhækkun á landssjóðssykrinum, þar sem hún, eins og á stendur, skapar afarmikið misrjetti —

og skorar á landsstjórnina að birta þau gögn, sem verðhækkun á núverandi birgðum landssjóðs af sykri byggist á".

Loks er málið tekið fyrir, utan dagskrár, á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur 15. nóv. Þar töluðu margir bæjarfulltrúar, og mælti enginn ráðstöfuninni bót. Var þar samþykt með öllum greiddum atkv. svo látandi tillaga:

„Bæjarstjórnin skorar á landsstjórnina að fella nú þegar niður verðhækkun þá á sykri, sem ákveðin hefir verið og gekk í gildi fyrir Reykjavík 5. þ. m., með því að verðhækkun þessi felur í sjer misrjetti, sem kemur hart niður á almenningi nú í dýrtíðinni, og þess utan hefir eigi verið upplýst, að þörf hafi verið á henni af verslunarástæðum".

Daginn eftir, 16. nóv., verður það úr, að landsstjórnin neyðist til að lækka

verðið aftur. Og hún lækkar það niður í sama verð sem sykur hennar var áður í. Og hún endurgreiðir allan verðmuninn, sem samkvæmt reikningum landsverslunarinnar nam rúmum 10,200 kr.

Manni hlýtur að verða að spyrja: Var lækkunin forsvaranleg frá verslunarsjónarmiði? Stjórnin taldi þá hækkun, sem hún hafði ákveðið, nauðsynlega eftir verslunarreglum sínum. Því hlýtur sú spurning að koma fram, hvers vegna stjórnin lækkaði sykurverðið. Var það verjandi frá verslunarsjónarmiði?

Fyrirspurnin er í tveimur liðum. Fyrst er spurt um, hvers vegna stjórnin hækkaði sykurverðið. En jeg vil leyfa mjer að sundurliða þessa spurningu nánar. Og verður þá sundurliðunin þessi:

1. Af hverju stafaði hin mikla verðhækkun á sykrinum?

2. Hvers vegna var verðið eigi hækkað þegar í stað eftir að stjórnin hafði sannreynt það, hvaða verð þyrfti að leggja á sykurinn, sem kom á „Islandi" í september 1917, til þess að sala á þeim sykri út af fyrir sig gæti borgað sig?

3. Hvers vegna var verðið haft mismunandi frá 19. okt. til 5. nóv. f. á., selt með hækkaða verðinu það, sem var afgreitt samkvæmt pöntunum úti um land, en sýslumannabirgðir og það, sem selt var kaupmönnum hjer, framvegis selt með lægra verðinu?

4. Og loks, hvers vegna var sykur landsverslunarinnar enn seldur mismunandi verði, eftir að almenna hækkunin 5. nóv. var ákveðin, þannig, að af sýslumannabirgðum var framvegis selt með lægra, gamla verðinu, en af birgðum, sem voru í vörslum landsverslunarinnar, með hækkaða verðinu?

Í síðari lið fyrirspurnarinnar er spurt að eins um ástæður fyrir því, að sykurverðið var aftur lækkað, og eigi að eins lækkað, heldur lækkað alveg niður í gamla verðið á öllum birgðunum, enda þótt „Íslands"-sykurinn frá í sept. f. á. væri talsvert dýrari en svo, að sala á honum út af fyrir sig bæri sig með gamla sykurverðinu.

Jeg vona, að hæstv. atvinnumálaráðherra hafi skilið fyllilega sundurliðun mína á spurningunum og svari þeim skýrt og glögt í sömu röð sem þær eru settar fram. Á þann hátt verður auðveldast að ræða málið, glöggast mönnum að átta sig á svörunum og umræður um málið skipulegri.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg skal taka það fram, að jeg er ekki fyllilega viðbúinn að svara öllu því nú, sem hv. fyrirspyrjandi (E. A.) tók fram í ræðu sinni og liggur utan við fyrirspurnina sjálfa, enda er eigi sanngjarnt að ætlast til þess, að svarað verði þegar um hæl hverju einu á næsta augnabliki, sem slíkt kemur fram.

Fyrirspurn sú, sem hjer liggur fyrir, er í 2 liðum, og skal jeg fyrst taka fyrri liðinn, þar sem spurt er um það, hvers vegna landsstjórnin hækkaði síðastliðið haust útsöluverð á sykri landsverslunarinnar.

Eins og mönnum er kunnugt, var mest af sykri þeim, sem notaður var hjer fyrir stríðið, keyptur frá Þýskalandi og fluttur yfir Danmörku. Í byrjun ófriðarins keypti landsstjórnin og einnig kaupmenn miklar sykurbirgðir frá Þýskalandi, sem fjekst flutt þaðan, meðal annars af því, að landsstjórnin tók einnig þátt í kaupunum. Birgðir þær, sem landsstjórnin keypti þá, voru lagðar til geymslu og hvorki seldar kaupmönnum nje almenningi, enda ekki þörf á því, því að kaupmenn og

kaupfjelög höfðu miklar sykurbirgðir. Eftir að þær birgðir fóru mjög að minka og eftirspurnin að aukast eftir birgðum landssjóðs, var farið að selja þær, og þótt þær þá hefðu legið lengi og kostnaður orðið mikill, voru þær þó ódýrari en sykur sá, sem þá fjekst hingað frá Danmörku eða a. m. k. hjelt útsöluverði á þeim sykri niðri. Þegar kom fram á sumarið 1916, er sykurbirgðir landssjóðs og einstakra manna hjer voru komnar að þrotum, fóru að verða erfiðleikar á að fá keyptan sykur frá Danmörku, og þegar kom fram á haustið, tók alveg fyrir sykurflutning frá Danmörku hingað. Þá var farið að leita eftir því fyrir landsverslunina, hvort hægt mundi að fá hingað sykur frá Ameríku og með hvaða kjörum.

Kom það þá strax í ljós, að sykur þaðan mundi verða miklu dýrari hjer en menn hingað til höfðu átt að venjast. Þá var þó þegar fest kaup á töluverðu af sykri frá Ameríku fyrir landsverslunina, og síðast á árinu fjekst loforð dönsku stjórnarinnar fyrir því, að hún á komandi ári myndi, ef nokkur kostur væri á, selja íslensku stjórninni danskan sykur, alt að ⅓ af því, sem telja mætti að þyrfti hingað af sykri yfir árið, með því verði, sem sett væri á sykur í Danmörku, sem reyndist töluvert lægra en hægt var að fá sykur fyrir í Ameríku, og flutningsgjaldið hingað einnig lægra. Þar sem verðið á ⅓ af ársbirgðunum af sykri þannig yrði miklum mun lægra hjá landsversluninni en aðrir gætu fengið sykur fyrir hingað, var þegar auðsjeð, að aðrir myndu ekki geta kept við landsverslunina með sykursölu, þótt hún keypti ⅔ af ársþörfunum í Ameríku og jafnaði svo útsöluverðið. Það var þannig ljóst þegar í ársbyrjun 1917, að landsverslunin myndi ein þurfa að sjá landinu fyrir sykurbirgðum. Fyrri hluta þessa árs keypti því landsstjórnin alt að ársbirgðum fyrir landið af sykri, en vegna siglingateppunnar, sem þá varð, og vöntunar á nægilegum skipakosti, varð þó fyrri hluta ársins að takmarka mjög sykursöluna innanlands, og varð það til þess, að nokkrir kaupmenn keyptu þá talsvert af sykri í Ameríku, þar sem þeir bjuggust við því að geta selt það hjer, því mörgum þótti sykurskamturinn of lítill, og myndu því vilja kaupa sykur af kaupmönnum, þó dýrari væri, enda losuðust þá við að eiga í útvegun sykurs gegnum hið opinbera, sem sumir hafa ef til vill talið óþægilega nýbreytni.

Kaupmenn og kaupfjelög munu sumarið 1917 þannig hafa flutt hingað um 700 smál. af sykri og höfðu hann til sölu fram á vetur, enda hafði landsstjórnin ekki hækkað neitt að mun sykurskamtinn, lofaði kaupmönnum að koma út sínum sykri, því gott var fyrir landsverslunina að halda sínum birgðum, þar eð varan geymist vel, og búast mátti við því þá og þegar, að hömlur yrðu lagðar á sykurinnflutning frá Ameríku, eins og einnig kom fram.

Sykurverðið í Ameríku fór fyrri hluta ársins jafnt hækkandi, þann tímann, sem innkaup á sykri til landsverslunarinnar fóru fram, og flutningskostnaður fyrir landsverslunina, sem nær eingöngu varð að nota leiguskip, fór hækkandi, og hækkaði því sykurverðið fyrir landsversluninni hjer að sama skapi, smátt og smátt, en útsöluverðið á sykrinum hjer var þó ekki hækkað, og lágu til þess ýmsar orsakir, meðal annars sú, að sykurverðið hafði verið sett ríflegt í fyrstu, og það, sem fluttist hingað af sykri til landsins fyrri hluta sumarsins frá Ameríku, var tiltölulega ekki mikið hækkað

í verði, og fyrri hluta ársins fluttist mikið af hinum lofaða sykri frá Danmörku. Sykurskamturinn, þó naumur væri, var látinn halda sjer, þar sem ganga mátti út frá því, að menn keyptu til viðbótar hjá kaupmönnum, en hins vegar hefði af verðhækkun á sykri hjá landsverslúninni að líkindum stafað hærra verð hjá kaupmönnum.

Á sykri þeim, sem kom með eimskipinu „Island" í september, var hækkað svo flutningsverð og innkaupsverð, að óhjákvæmilegt var að hækka útsöluverð sykursins hið fyrsta, ef ekki ætti að víkja stórlega frá þeirri meginreglu um verðlag í landsversluninni, sem fylgt hefir verið að undanförnu. Var því þegar 19. okt. ákveðið að hækka sykurverðið, og skyldi það hærra verð vera á öllum sykri, sem eftir þann tíma var pantaður utan af landi, en í Reykjavík og nágrenni skyldi verðið hækkað þegar að því kæmi, að þar þyrfti aðallega að taka af birgðum landsverslunarinnar, eða með öðrum orðum þegar kaupmenn hefðu selt upp sykur þann, er þeir höfðu flutt inn, en það varð um 5. nóv.

Bæði kaupmenn og aðrir munu hafa búist við því, að sykurverð landsverslunarinnar mundi hækka um þessar mundir, og það jafnvel fyr, en þegar hækkunin var birt hjer, risu stjórnendur fjelaga þeirra, sem kaupmenn hafa með sjer, bæði innan bæjar og um landið alt, öndverðir gegn þessari hækkun sykurverðsins og kváðu almenningi ofþyngt með henni. En ástæður fjelagsstjórnanna fyrir mótmælum þessum voru í lausu lofti og virtust bygðar á einhverjum smáinnkaupum á sykri, sem einhver kaupmaður hafði gert undir hagstæðum gengismun á amerískum og íslenskum peningum, og enn fremur komið hingað með lægra flutningsgjaldi en landsstjórnin varð að sæta, vegna þess, að hún ljet kaupmönnum eftir ódýrasta skipakostinn, til þess að ýta undir þá að birgja einnig landið upp að vörum. Ekki var heldur tekið tillit til sjerstakra ástæðna landsverslunarinnar í þessu efni, sem lá með mjög miklar birgðir og varð að bera mjög mikinn kostnað og vaxtatap af þeim um langan tíma, þangað til þær seldust og andvirði þeirra fengist inn aftur. Og enn fremur þurfti að hafa lengi peninga fyrirliggjandi í Ameríku með lágum vöxtum. En áður en mótmælin voru hafin leituðu fjelagsstjórnirnar engra upplýsinga hjá landsversluninni, sem nauðsynlegar voru til þess að geta felt rjettan dóm um rjettmæti eða órjettmæti verðhækkunarinnar. Á þessum mótmælum var og er því ekkert að byggja, þótt þær kæmu frá fjelagsstjórnum, sem eiga að hafa sjerstakt vit á slíkum efnum.

Jeg hefi nú leitt rök að því, að nauðsynlegt var, eftir því sem á stóð síðastliðið haust og útlitið var þá fyrir framtíðina, að hækka sykurverð landsverslunarinnar. En nú skal jeg víkja að því, hvort hækkunin hafi verið hæfilega mikil.

Verðlagið á höggna sykrinum var lagt á samkvæmt verðinu á farmi af höggnum sykri, 600 smál., er kom frá Ameríku með e.s. „Island" í september f. á., og var á þessa leið á hverjum 100 kg.:

Verð á höfn í Reykjavík ..	kr.	110,60
Uppskipun, tollur, húsaleiga og brunabótagjald, rýrnun, afgreiðslukostn. og vextir	—	30,10
Flutningsgjald, útskipun, vátrygging og innheimtu-		

laun til sýslumanna úti um land ..... — 10,80

Samtals kr. 151,50

Verðið var sett kr. 1,60 pr. kg., og hefði þá ágóðinn á kg. orðið 8½ eyrir. Verðið var eins og tíðkast hefir í landsversluninni að undanförnu, þegar breytt hefir verið um verðlag, miðað við verð á því af vörunum, sem síðast kom á undan verðlagningunni. En hagnaður sá, sem að framan getur, hefði hækkað, er tekið er tillit til þess, að um 300 smál., sem komu með e.s. „Island" í júlí, voru nokkuð ódýrari en sykurinn, sem kom í sept. Verðlag á þeim sykri var á þessa leið, á hverjum 100 kg.:

Verð á höfn í Reykjavík .. kr. 98,25
Uppskipun, tollur, húsaleiga og brunabótagjald, rýrnun, afgreiðslukostn. og vextir ..... — 29,30
Flutningsgjald, útskipun, vátrygging og innheimtulaun til sýslumanna úti um land ..... — 10,20

Samtals kr. 137,75

Á þessum hluta sykurbirgðanna, sem, eins og getið var, voru helmingi minni en hinar, með hærra verðinu, hefði orðið 22½ eyris ágóði pr. kg.

Verðlagið á steytta sykrinum var sett eftir verðinu á síðustu sendingu, sem kom með e.s. „Island" í júli, og var á þessa leið á hver 100 kg.:

Verð á höfn í Reykjavík .. kr. 97,13
Uppskipun, tollur, húsaleiga og brunabótagjald, rýrnun, afgreiðslukostn. og vextir ..... — 31,00
Flutningsgjald, útskipun, vátrygging og innheimtulaun til sýslum. út um land ..... — 11,45

Samtals kr. 139,58

Í verðlaginu var útsöluverðið sett kr. 1,50 pr. kg., og hefði ágóðinn því orðið tæplega 10½ eyrir pr. kg.

Af þessu, sem sagt hefir verið, hefði ágóði af sykrinum getað orðið sem svarar 5 aurum á pundi. En þar sem búist var við, að það mundi dragast alt að ári að selja allar sykurbirgðirnar, þótti rjett, að hafa sykurverðið svo ríflegt, að ekki þyrfti að hækka það aftur á því tímabili. Af því engin vissa var þá fyrir sykurflutningi frá Danmörku á yfirstandandi ári, er verðlagið var lagt á, var ekki heldur tekið tillit til sykurs þaðan við ákvörðun verðlagsins.

Á hinn bóginn þótti rjett að láta verða ágóða af sykurversluninni, sjerstaklega þar sem landsverslunin var ein um verslunina og hafði áður haldið niðri verði á honum. Landsverslunin þurfti að hafa hag af sölu þeirra vörutegunda, sem helst gátu borið slíkt, og þar til varð einna helst að telja sykurinn, sem undanfarandi hafði fengist með sæmilegu verði, því landsverslunin hafði í fyrra sumar á undan verðhækkun sykursins orðið að selja aðrar vörur, t. d. steinolíu, undir verði, vegna atvinnuveganna, en það er líka vara, sem er viðlíka alment notuð og sykurinn. Hins vegar er það sjálfsögð verslunarregla að jafna nokkuð vöruverð eftir þörfum og atvikum.

Jeg verð því að halda fast við það, að verðhækkun á sykri hjá landsversluninni hafi síðastliðið haust verið, eins og á stóð þegar hún var gerð, fyllilega

rjettmæt og eðlileg, og hækkunin hafi ekki verið ósanngjarnlega mikil, ef nokkur ágóði átti að verða af þeirri vörutegund, sem eftir atvikum var æskilegt.

Þá vík jeg að síðara atriði fyrirspurnarinnar, hvers vegna landsstjórnin hafi lækkað aftur sykurverðið. Eins og jeg hefi áður tekið fram, var sykurverðið aðallega gert með tilliti til ársins 1918, en á því ári mátti ætla, að mest af sykurbirgðunum, sem til voru, seldist, og ekki var hægt að gera ráð fyrir, að ódýrari sykur fengist frá Danmörku, því ekkert loforð var þá fengið fyrir flutningi, eins og áður er sagt. En síðar, í nóvember, fjekk stjórnarráðið símleiðis frá dönsku stjórninni vilyrði fyrir því, að hún mundi selja stjórninni hjer á yfirstandandi ári áþekkar sykurbirgðir og síðasta ár. Þar sem nú vist mátti telja þá, að verðið á þeim sykri yrði líkt og undanfarandi ár, og að hann mundi fást fluttur hingað, eða nokkuð af honum, þegar tímanlega á þessu ári, þótti rjett að taka tillit til þessa til lækkunar á sykurverðinu.

Í öðru lagi má telja það, að þegar þessar sterku líkur um sykur og sykurflutning frá Danmörku voru fyrir hendi um þær mundir, sem hinar almennu áskoranir um lækkun sykurverðsins komu fram, þótti stjórninni tiltækilegt að lækka verðið aftur.

Í þriðja lagi bættist það við, að um sama leyti ákvað landsstjórnin að breyta fyrirkomulagi á stjórn landsverslunarinnar og gera hana enn óháðari landsstjórninni og sjálfstæðari en þegar var orðið, og þótti þá rjett að binda ekki hendur hinnar fyrirhuguðu stjórnar landsversl. í þessu atriði. Stjórnarbreyting þessi átti að verða þegar um áramótin, og sykurverðið kom aðallega við árinu 1918, eins og áður er drepið á. Það þótti því rjett að láta gamla sykurverðlagið gilda þann litla tíma, sem eftir var af árinu 1917.

Því var í vetur haldið fram í aðfinslum út af sykurhækkuninni, að misrjetti stafaði af henni vegna þess, að sum hjeruð hefðu verið búin að fá sykur, sem dugað gæti langt fram á vetur, en önnur hjeruð, sjerstaklega Reykjavík og nærsveitirnar, tækju sykurinn eftir hendinni. Hjer er þess að gæta, að Reykjavík og nærsveitirnar höfðu staðið best að vígi með kaup á sykri þeim, sem kaupmenn seldu hjer síðastliðið sumar og haust, og haldið var óbeinlínis niðri verði á, eins og jeg áður gat um.

Forstöðumaður landsverslunarinnar, sem eðlilega rjeði hjer mestu og hafði þá viðlika vald yfir verslun landssjóðs innanlands eins og hinir nýju forstöðumenn landsverslunarinnar hafa nú, hefir gefið þá skýringu á þessu atriði:

„Birgðunum var þannig varið, þegar sykurinn var hækkaður, að reyndar voru þá allmiklar sykurbirgðir úti um flest hjeruð, en af þessum birgðum voru að eins í þrem sýslum birgðir að ráði hjá sýslumönnum. Í hinum sýslunum höfðu kaupmenn, fjelög og hreppar fengið afhent mestan sykurinn, og þann sykur var að minsta kosti ekki hægt að hækka. Ef sykurinn hefði samt verið hækkaður hjá sýslumönnum, þá hefði hækkunin komið misjafnt niður á hjeruðum, sem varð að varast eftir megni. Hjer mætti segja, að misrjetti hefði samt orðið fyrir Reykjavík og nærsveitir. En einmitt þá var von á til Reykjavíkur töluverðum kaupmannasykri með næstu skipum Eimskipafjelagsins, og var búist við, að honum mætti halda í líku

verði og undanfarið, þannig, að Reykjavík og nærsveitir gætu birgt sig upp af honum fyrst um sinn. Á þennan hátt fengi Reykjavík og sveitirnar ódýrari sykurinn, nokkurn veginn jafnlangan tíma, ef sykurverðið yrði ekki hækkað á sýslumannabirgðunum. Hitt er annað mál, að verðhækkun á vörum kemur ætíð ósjálfrátt nokkuð misjafnt niður, og hefir þannig ætíð að einhverju leyti misrjetti í för með sjer".

Þar sem jeg sagði áðan, að forstöðumaður landsverslunarinnar hefði að mestu verið einráður um sykurhækkunina, þá má enginn skilja orð mín svo, að jeg sje að skella skuldinni, ef um skuld er að ræða, aðallega yfir á hann. Stjórnin lagði það ekki í vana sinn að krefja hann reikningsskapar í hverju smáatriði, en er jeg spurði hann um ástæður sínar fyrir hækkuninni, þá gaf hann þessa skýrslu, sem jeg nú las upp.

Jeg hefi nú skýrt þetta mál eftir bestu föngum og hygg, að það megi nú ljóst vera hv. þm., að góðar ástæður rjeðu bæði hækkun og lækkun sykurverðsins, sem hjer er um að ræða.

Hjer er ekki um „pólitískt" atriði að ræða, að mínum skilningi, heldur að eins um eitt atriði í framkvæmdum landsverslunarinnar, sem að sjálfsögðu, ásamt mörgu fleiru, heyrir undir athugun hinnar hv. verslunarnefndar, er þessi hv. deild setti á stofn á öndverðu þessu þingi. Má vænta þess, að það, sem á kann að vanta upplýsingar og athuganir, snertandi fyrirspurn þá, sem hjer liggur fyrir nú í dag, það fái sínar uppbætur hjá verslunarnefndinni á sínum tíma. Má þá og þess bíða, enda mun jeg halda teknum hætti, að eltast lítt við smávægileg aukaatriði eða útúrdúra, sem umr. kunna að leiða fram.

Fyrirspyrjandi (Einar Arnórsson): Jeg get ekki látið hjá líða að minsta kosti að fara nokkrum orðum um svar hæstv. atvinnumálaráðherra. Það er reyndar erfitt, því að hann svaraði ekki spurningum mínum í þeirri röð eða í því kerfi, sem jeg bar þær fram. Fyrir því verða athugasemdir mínar dreifðari. Aðalatriðið er það, hvers vegna var verðið á sykrinum hækkað? Hæstv. atvinnumálaráðherra hefir svarað því frá sínu sjónarmiði, eða frá sjónarmiði þess starfsmanns, sem hann hefir bygt svar sitt á. Jeg veit, að hann getur með nokkrum rjetti sagt, að ástæða hafi verið til að hækka sykurverðið. Annað mál er það, að það var ekki ástæða til nærri svo mikillar hækkunar, sem raun varð á, og síst á þeim tíma, sem gert var. Jeg hefi hjer fyrir mjer skýrslu um sykurbirgðirnar, — hvernig þær voru til komnar og hve miklar þær voru þegar hækkunin var gerð. Þessa skýrslu hefi jeg úr sama stað og hæstv. atvinnumálaráðherra hefir fengið sínar upplýsingar, sem sje frá þeim manni, sem veitti landsversluninni forstöðu.

Eins og jeg tók fram áðan, voru alls til í landsversluninni 19. okt. 1917:

Af öllum sykri	1507	smál.
Þar af steyttur	222	—
Högginn	695	—

eða 917 smál. eldri en Íslandsfarmurinn í sept. Þetta var svo selt á kr. 1.15 kg. steytti sykurinn og á kr. 1.35 kg. sá höggni. Nú geri jeg ráð fyrir, að verðið hafi verið lagt á eftir því, sem rjettmætt var og óhætt að selja sykurinn, með hæfilegum ágóða fyrir verslunina. Hins vegar hefi jeg líka kynt mjer kalkulation yfir einstaka sykurfarma, og verð jeg að segja það, að sykurfarmurinn, sem kom með „Íslandi" í júlí, var skyn-

samlega seldur. Jeg tók það líka fram, að sá hluti birgðanna, sem kom með „Íslandi“ í september, varð töluvert dýrari. Það voru 590 smálestir, sem þurfti að hækka verð á, ef landsverslunin átti ekki að tapa. Þá rísa upp tvær spurningar, sem vænta mátti að landsverslunin hefði svarað áður en sykurverðið var hækkað. Hve mikið þurfti sykurinn, sem kom í september að kosta til þess, að ekki yrði tap á þeim farmi út af fyrir sig? Og hve mikið þurfti að hækka heildarverðið á öllum þeim sykri, sem til var, til þess að jafna þennan verðmun? Úr þessu átti að leysa. Það var hægt, og það hefir líka verið gert seinna. Í sykuráætlun þeirri, sem Hallgrímur Kristinsson hefir gert, er sett lágmarksáætlunarverð á sykurfarminn, sem kom í september, og það talið kr. 1,43 pr. kg. Nú hefi jeg heyrt frá ábyggilegri heimild, að þetta verð sje, eins og tekið hefir verið fram, áætlað lágmarksverð, og muni vera heldur lágt. Er mjer sagt, að fullgerlegt mundi hafa verið að selja þennan sykur á kr. 1,50 kg.

Nú átti þá verslunin þrennskonar sykur, sykurinn, sem kom með „Íslandinu“ í september. 590 smál. á kr. 1,50 kg., höggna sykurinn, sem til var áður, 695 smál. á kr. 1,35 kg., steytta sykurinn sem til var áður, 222 smál. á kr. 1,15 kg.

Ef nú verðinu er jafnað á þessum þremur tegundum, lækkað verðið á síðasta farminum, sem var dýrastur, en hækkað verðið á þeim, sem til var áður, þá kemur út það verð, sem sykurinn í heild sinni hefði þurft að kosta. Niðurstaðan verður sú, að eldri sykurinn hefði þurft að hækka um 6—7 aura, en lækka hinn um 8—9 aura. Verðið á höggna sykrinum hefði þá átt að vera kr. 1,41 til 42 aura kg. — Það kemur út brot, sem er nær 42, og er því sjálfsagt að hækka, svo að heildarverðið verður kr. 1,42 kg. af höggnum sykri og kr. 1,22 af steyttum sykri. Verðhækkunin á eldri birgðunum er því 6—7 aurar, en lækkunin á hinu rúmir 8 aurar. Að lækkunin er meira en hækkunin kemur af því, að það er minna af sykrinum, sem þarf að lækka verð á, heldur en hitt.

Þannig var þá sykurverðið 19. okt. Jeg veit ekki, hve mikið hefir verið selt á millibilinu frá því sykurinn kom í september og fram að þeim tíma. Sjálfsagt hefir það verið töluvert. Með þessari skýrslu, sem jeg hefi fyrir framan mig, er þá sýnt fram á það, að hækkunin var að minsta kosti 18 aurum of há á hvert kg. af höggnum sykri, og 28 aurum of há á hvert kg. af steyttum sykri. Sú hækkun, ef hún er reiknuð út, nemur um 300,000 kr. — Jeg verð því að telja það ábyggilega sannað, að ef miðað er við sykurverslunina eina saman, þá hafi nokkur hækkun verið rjettmæt, en svona mikil hækkun hafi ekki verið bygð á rökum. Jeg veit ekki, hvað kann að hafa verið lagt fyrir hæstv. ráðherra, eða þá tvo embættisbræður, sem ákvörðuðu þessa hækkun. En þeir hefðu átt að vera varkárari og athuga ástæðurnar betur, sjerstaklega hæstv. atvinnumálaráðherra, sem þessi grein heyrir algerlega undir.

Svarið við undirliðunum í fyrirspurn minni var mjög á reiki. Var það víst nokkuð af því, að hæstv. atvinnumálaráðh. tók þá ekki hvern fyrir sig, eins og best og æskilegast hefði verið, til þess að gera umræðurnar greinilegri. — Hvers vegna var sykurverðið ekki hækkað strax, þegar þessi farmur kom, sem

gaf tilefnið til hækkunarinnar. Var það gert til þess, að kaupmenn gætu ekki farið í kjölfar landsverslunarinnar og hækkað verðið á þeim sykri, sem þeir höfðu til sölu? Jeg hefi sjeð þessari ástæðu haldið fram, bæði í Tímanum 10. nóv., og svo hefi jeg heyrt hæstv. atvinnumálaráðh. halda því fram, að sú hafi verið ástæðan. En það skýtur nokkuð skökku við, því að almenningur var við því búinn, að sykurverðið ætti að hækka. Jeg hefi það fyrir satt, að grun um það hafi verið mjög á lofti haldið hjer í bænum, og jeg veit um kaupmann, sem sagðist hafa vitað það með vissu, að til stæði að hækka sykurverðið, mánuði áður en það var gert. En fyrst kaupmenn vissu þetta, þá var ekki nein ástæða til að fresta hækkuninni vegna kaupmannanna. Fyrst þeir vissu, að hækkunin var í vændum, þá þurftu þeir ekki annað en draga að selja sínar sykurbirgðir þangað til hækkunin væri komin á. En stjórnin gat tekið annað bragð, til þess að sporna við því, að kaupmenn gætu hækkað sinn sykur. Ef hækkunin hefði verið gerð fyr og jafnað niður á meiri birgðir, þá þurfti ekki annað en að „exprópríera" sykurbirgðir kaupmanna, — taka þær af þeim og gjalda þeim fyrir þær það verð, sem þeir höfðu sett á sykurinn.

Þegar hækkunin loksins kom, þá var ekki nein ábyggileg von og því síður vissa um það, að nokkur sykur myndi koma frá Danmörku. Það mátti því gera ráð fyrir, að þetta sykurverð mundi standa, og ef til vill hækka enn þá meira, þegar nýjar birgðir kæmu. Þegar hækkunin er gerð á þessum tíma, þá hlýtur hún að byggjast á því, að ekki muni landsverslunin fá neinn sykur með lægra verði. Þess vegna á að jafna verðinu yfir allar þær sykurbirgðir, sem til eru, svo samræmi verði á verðinu á þessum margumrædda „Íslands"-sykri og sykurbirgðum landsverslunarinnar. Þetta veldur að vísu nokkru misrjetti, en þó hverfandi litlu í samanburði við það, að láta verðið á síðasta farminum ráða verðinu á öllu hinu.

Viðvíkjandi því, að sykurinn var seldur misjöfnu verði á ýmsum stöðum, voru svörin ekki fullnægjandi. Hæstv. atvinnumálaráðh. sagði, að hann gæti ekki gefið fullnægajndi svör við því. En eitt var það í þessu sambandi, sem jeg hjó eftir í ræðu hans. Hann sagði, að ekki hefði verið hægt að hækka verðið á þeim sykri, sem var í vörslum sýslumanna, því hann yrði að skoðast sem þegar seldur. (**Atvinnumálaráðherra:** Jeg sagði, að sá sykur hefði verið þegar afhentur). Jæja, þegar afhentur. Þetta get jeg ekki gengið inn á. Það segir sig sjálft, að þegar sýslumönnum eru sendar birgðir af vörum, sem lagðar eru inn hjá þeim til geymslu og afhendingar síðar, þá geta þær ekki skoðast afhentar af versluninni fyrir það. Þær eru, eins og aðrar vörur, í vörslum landsverslunarinnar, þó þær sjeu lagðar upp til geymlu í pakkhúsum, sem sýslumenn hafa útvegað víðs vegar um landið. Annað mál er það, ef sýslumenn voru búnir að lofa einhverju út úr birgðum, er í vörslum þeirra voru. Í vörslum sýslumanna voru þá rúmar 200 smálestir af sykri. Finst mjer, að verðhækkunin hefði átt að koma niður á því af þessum birgðum, sem ekki var búið að lofa eða gera samning um sölu á. Hefði þá átt að fá nákvæma skýrslu um það, hvað sýslumenn voru búnir að fá mikinn sykur frá versluninni, og hve miklu þeir voru búnir að lofa, því að sjálfsögðu var ekki hægt að selja það hærra verði, sem búið var að semja um sölu á.

Viðvíkjandi innkaupsverðinu á „Íslands"-sykrinum, þá virðist svo, sem útreikningurinn á því hafi verið bygður á skökkum grundvelli. Gangvarð dollarans var um þær mundir kr. 3.60, en er reiknað kr. 3.85. Þó það muni ekki nema 25 aurum á hverjum dollara, þá munar það miklu á öllum sykurfarminum.

Þá er jeg búinn að athuga það, sem mjer finst ástæða til, viðvíkjandi fyrri lið fyrirspurnarinnar, og kem þá að síðari liðnum: Hvers vegna var sykurverðið fært niður aftur? Hæstv. atvinnumálaráh. tilfærði ýmsar ástæður. Eina þeirra er jeg honum alveg sammála um. Umkvartanir fólksins hafa vafalaust átt talsverðan þátt í því, að verðið var sett niður, og er víst óþarfi að ræða um það.

Annars virtist mjer það helst koma fram í ræðu hæstv. atvinnumálaráðh., að hann hefði hugsað eitthvað á þessa leið: „Það var liðið langt fram á haust, þegar verðið var hækkað, svo að búast mátti við, að lítið yrði keypt af sykri það sem eftir var ársins." — Já, það er svo sem auðvitað, að þegar hækkunin er dregin svona lengi, þá var viðbúið að lítið yrði selt út um landið það sem eftir var af árinu, því flestir bændur kaupa sinn sykur, eins og aðra vöru, í kauptíðinni á haustin, og hún var afstaðin. En til hvers var að draga hækkunina? Fyrst hún átti að fara fram, þá var svo sem auðvitað, að hún mundi valda misrjetti. Enda sagði eitt blað, sem sumir kalla stjórnarinnar blað, að svo hlyti að vera. Það dró ekki dul á, að sykurhækkunin mundi valda misrjetti. En nú hugsar hæstv. ráðherra áfram: „Á næsta ári er hugsanlegt, að sykurverðið lækki aftur, og þá geta Reykvíkingar og þeir, sem hægt eiga með að ná í sykurinn, notið góðs af, en sveitamenn ekki. Hugsum oss, að sykurverðið lækki í janúar." —

Jú, það getur verið mikið rjett, en svona mátti stjórnin ekki hugsa, þegar hún hækkaði sykurverðið í haust, því þá vissi hún ekkert um, að hún gæti lækkað það aftur. Það voru ekki nokkrar líkur til, að hún gæti lækkað það, og hún varð að ganga út frá, að hún gæti það ekki. Þá var engin vissa fengin fyrir því, að hægt væri að fá nokkurn sykur frá Danmörku fyrir lægra verð. Nú hafa menn ekki fengið að vita, hve nær og á hvern hátt stjórnin fjekk þær upplýsingar, að sykurinn mundi koma. En maður gæti hugsað, að hún hefði fengið skeyti um það á tímabilinu frá 9.—16. nóv. Því á borgarafundinum, sem haldinn var hjer í Reykjavík 9. nóv., var ekki minst á það, og í Tímanum 10. nóv. er ekki getið um það, að neinar fregnir sjeu komnar um danska sykurinn. Það var haft eftir hæstv. fjármálaráðherra á nefndum fundi, að svo framarlega sem ábyggileg vissa fengist fyrir því, að sykur fengist með lægra verði, þá gætu menn gert sjer von um, að sykurverðið lækkaði þegar í stað. Það eru því allar líkur til, að skeytið hafi komið þessa kritisku daga, 9.—16. nóv. Ef skeytið hefði verið komið fyrir borgarfundinn, þá hefði fjármálaráðherrann ekki komist þannig að orði. (**Atvinnumálaráðherra:** Skeytið var ekki komið þá.) Jæja, þá er þetta alveg rjett, sem jeg segi. Skeytið hlýtur að hafa komið á þessu kritiska tímabili. Það er þá sýnt, að stjórninni hefir ekki verið hughaldið að láta háa verðið haldast, því verðið er lækkað jafnskjótt og líkur eru fengnar fyrir því, að danski sykurinn muni fást. Það hafa ekki liðið meira en í mesta lagi 6 dagar frá því fregnin kom og þangað til verðið er lækkað.

Nú veit jeg ekki, hvernig þessi fregn um danska sykurinn hefir verið, hvort tiltekin hefir verið nokkur skipsferð með hann. Líklega hefir íslenska stjórnin átt að sjá fyrir flutningi á honum. Þá má deila um það, og segja sem svo Ef verðhækkunin var nauðsynleg, var þá ekki teflt á tæpasta vaðið að lækka fyr en eitthvað var komið af þessum danska sykri til landsins, eða að minsta kosti fullvíst, hve nær hann muni koma? Enda talar „Tíminn" um, að það geti verið djarft teflt. En það er vegna þess, að það blað trúir á það, að verðhækkunin hafi verið óhjákvæmileg.

Eins og kunnugt er, fór forsætisráðherrann utan um mánaðamótin september-október. Hann mun hafa látið í haf 30. sept. Þegar þessi ráðstöfun er gerð — hækkun sykurverðsins — þá er hann því erlendis. Hygg jeg, að hann hafi á einhvern hátt starfað að því að fá loforð stjórnarinnar þar um að fá þennan sykur keyptan, og að fá flutning á honum til landsins. Þá var talað um, að skip yrðu send með kjöt til Norðurlanda, og munu menn hafa hugsað, að eitthvað fengist flutt á þeim til baka. Enn fremur var þá von um, að Botnía færi að ganga. Nú er mjer spurn: Þar sem ráðherrarnir, sem hjer voru heima, munu hafa vitað, að forsætisráðherra ljeti sjer ant um kaup á nauðsynjavörum, og það var líka vitanlegt, að hann mundi láta sjer ant um flutninga til landsins, mátti þá ekki bíða með sykurhækkunina til þess er frjettist, hvað honum yrði ágengt? Það er ekki ólíklegt; að minsta kosti geta menn ímyndað sjer það, að þeir hefðu haldið spurnum fyrir um það af eigin hvötum. Og standi verðhækkunin í sambandi við líkindi eða vissu um þennan danska sykur, þá var óþarfi að hlaupa í að hækka verðið áður en einhver vissa var fengin. Má vel vera, að stjórnin hafi gert þetta; mjer er ekki kunnugt um það, og því segi jeg sem maðurinn forðum: Spyr sá, sem ekki veit.

Hæstv. atvinnumálaráðherra nefndi eitt atriði, er hann kvað hafa átt þátt í því, að verðið var lækkað aftur. Hann kvað um þessar mundir hafa verið ráðna breyting á stjórn landsverslunarinnar. Jeg ætla ekki að bera brigður á þetta. En hafi breytingin verið ráðin um þessar mundir, þá er mjer enn spurn: Hví var þá verðið hækkað? Hví gat það ekki beðið til nýárs, er hin nýja stjórn tók við forstöðu versluninnar, svo að hún gæti ráðið málinu til lykta? Það hefði verið rjetta aðferðin.

Jeg skal játa, að landsversluninni, eins og hún var rekin síðastliðið ár, var nokkuð erfitt að leggja á vöruna svo nákvæmlega, að alveg væri örugt fyrir tapi, og því nær óhugsandi að girða fyrir óviðráðanlegt og óvænt tap. Til þess liggja margar orsakir, tafir skipanna, er sumpart stafa af fyrirhyggjuleysi stjórnarinnar, en sumpart eru óviðráðanlegar, og auk þess ýmisleg skakkaföll önnur. Öllu þesskonar tjóni er ekki auðvelt að gera ráð fyrir. Um það geta verið skiftar skoðanir, hvort leggja beri á verslunina tjón af töfum skipanna og önnur skakkaföll, eða þá óvænt útgjöld, sem ekki er auðvelt að gera ráð fyrir. Þau geta numið allmiklu, ef það er t. d. salt, er jeg hefi ástæðu til að ætla, að einn sendimaður landsstjórnarinnar í Vesturheimi hafi krafist 60,000 kr. fyrir 10 mánaða dvöl, eða 6000 kr. á mánuði. Fyrir þessu er tæplega hægt að gera ráð fyrirfram. (**Atvinnumálaráðh.**: Hver er maðurinn?). Maðurinn er Jón Sivertsen. Jeg sel þetta ekki dýrara, en jeg keypti. Jeg hefi spurt tvo menn að þessu, er við mál þessi eru riðnir og hafa

þeir ekki vefengt, að rjett sje hermt frá þessu, en enga ábyrgð tek jeg á þessu, þar sem jeg hefi ekki enn sjeð reikninginn sjálfur. Sje hjer farið með rangt mál, vænti jeg þess, að hæstv. atvinnumálaráðherra leiðrjetti það. (**Atvinnumálaráðh.**: Það mun koma í ljós á sínum tíma). Jeg gat þess að eins til rjettlætingar stjórninni, að hún gæti ekki áætlað með fullri vissu, hve mikinn kostnað þyrfti að leggja á vöruna. Annað mál er það, hvort ástæða sje til að greiða umyrðalaust, ef svona hár reikningur kæmi.

Jeg vil leyfa mjer að draga saman í stuttu máli þá niðurstöðu er jeg hefi komist að. 6 aura hækkun á kg. hefði verið verjandi og nauðsynleg til þess að hafa vissu fyrir því, að verslunin skaðaðist ekki á sölunni. Svör hæstv. atvinnumálaráðherra finnast mjer eigi fullnægjandi, og mun það varla koma honum á óvart.

Enn er eitt atriði, er jeg vil víkja lítið eitt nánar að. Eins og kunnugt er, heldur hæstv. atvinnumálaráðherra því fram, að hækkunin hafi verið óhjákvæmileg. Sje þetta rjett, má menn ekki furða á því, þótt eigi lítið tap yrði á sykurversluninni frá þeim tíma, er verðið var lækkað aftur. Það munar um minna en 3—400,000 kr., en svo miklu nam verðhækkun á sykurbirgðum stjórnarinnar. Jeg er þó ekki hræddur um, að ýkjamikið tap verði á sykurversluninni. Enda skildist mjer á hæstv. atvinnumálaráðh., að forstjórar landsverslunarinnar vildu ekki segja neitt um þetta með vissu; má þó búast við, að þeir myndu gera aðvart, ef stórhalli yrði á sölunni. En það kalla jeg stórhalla, er nemur jafnhárri upphæð sem hjer um ræðir. En ef ekki verður stórhalli á sykurversluninni út af fyrir sig, þá er það besta sönnunin fyrir því, hversu órjettmæt verðhækkun stjórnarinnar á sykrinum hefir verið.

Mjer er ekki kunnugt um, hve miklu af dönskum sykri stjórnin á von á. (**Atvinnumálaráðh.**: Það verður hjer um bil þriðjungur af þeim forða, er landsmenn þurfa að nota). Jeg vil leyfa mjer að spyrja hæstv. atvinnumálaráðherra, hvort nokkuð af þessum sykri sje komið hingað til landsins, svo að honum sje kunnugt um. (**Atvinnumálaráðh.**: Man ekki til þess; enda get jeg ekki svarað þessu viðstöðulaust). Mig furðar ekki á því, þótt hæstv. atvinnumálaráðherra sje óviðbúinn að svara þessu. En að landsverslunin og hæstv. stjórn sjer sjer fært að selja sykurinn sama verði, bendir í þá átt, að ábyggileg vissa sje, að hennar áliti, fyrir þessum danska sykurforða. En ábyggilega vissu geta menn ekki haft á þessum tímum fyr en varan er komin þangað, sem hún á að fara. Það var því, eins og blaðið „Tíminn“ tók fram, nokkuð djarflega teflt af stjórninni að lækka sykurverðið svo fljótt, ef hún var sannfærð um, að nauðsyn bæri til að hækka sykurinn.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Hingað til hefir það verið rætt í mesta bróðerni, þótt menn hafi ekki verið á sama máli. Hv. deildarmenn geta haft það fyrir satt í málinu, sem þeim sýnist, og nær það svo ekki lengra frá minni hálfu.

Gísli Sveinsson: Jeg bjóst við, að hæstv. atvinnumálaráðh. myndi svara fyrirspurninni frekar en hann hefir gert. Ekki svo að skilja, að jeg búist við, að hann þekki nú, fremur en áður, inn í alla króka og kyma þessa máls. Það er öllum vitanlegt, að hæstv. stjórn var mjög svo á reiki í þessu máli, þegar það

gerðist, svo sem menn hafa rætt nú um hríð. Varð hún þá að vísa til annars manns, er umsjón hafði með verslun-inni, og sama mun víst raunin á enn þá. Þetta skal ekki lagt stjórninni til ámæl-is, en forstjórn landsverslunarinnar fór nú einu sinni eða hefir altaf farið fyrir ofan garð og neðan hjá henni. Við hinu mátti þó búast, að í haust, er landsversl-unin þurfti samþykki stjórnarinnar til **allra framkvæmda**, hefði hún vitað nokkuð ger um allan hag **verslunarinn**-ar, í sambandi við þetta atriði, en komið hefir á daginn.

Hv. fyrirspyrjandi (E. A.) rakti mál-ið eins og það kom fyrir og fullkomn-ar upplýsingar eru um. Því til andsvara er skýrsla hæstv. atvinnumálaráðherra, er vafalaust má telja bygða á því, sem stjórnin hefir fengið frá forstjóra lands-verslunarinnar, er þá var. Þessi skýrsla hefir ekki vitund hnekt rökum hv. fyrir-spyrjanda (E. A.) og því, sem fram hef-ir komið í málinu á opinberum mann-fundum og í blöðunum.

Þegar verðhækkunin spurðist, varð úlfaþytur allmikill hjer í Reykjavík, og þótti almenningi sjer órjettur ger með henni. Og sú varð líka raunin á, að fyrst í stað kom hækkunin að eins niður á þeim, sem hjer búa og daglega þurftu að kaupa sykur, en þeir, sem gátu birgt sig upp til vetrarins eða keypt sykur annarsstaðar á landinu, sættu miklu betri kjörum.

Það er nú upplýst í málinu, að í hæsta lagi þurfti að hækka sykurinn um 6—7 aura á kg. En hvað verður? Forstjóri landsverslunarinnar og landsstjórnin á-kveða að hækka verðið — ekki um þessa upphæð, heldur um 18—28 aura fram yfir þetta, eða högginn sykur um 25 aura kg. og steyttan um 35 aura. Þessi 18 og 28 aura álagning, sem umfram er hið rjetta, styðst ekki við neinn rjettan útreikning á birgðunum eða áætlun um það, hve hátt verðið þyrfti að vera.

Ef málið er athugað rjett, er ekki hægt að mæla þessu bót. Jeg býst því ekki við, að stjórnin vilji mæla því bót nú, að hækka að óþörfu og í gáleysi sykur-verðið í nokkrum hlutum landsins um 18 og 28 aura á kg. Það er fyllilega upp-lýst, að þetta hefir verið gert í reiðileysi. Þeir, er um málið fjölluðu, höfðu ekki vit á því, hvað gera átti, og hafa fram-kvæmdirnar því orðið þessar, sem raun varð á.

Í svari sínu kom hæstv. atvinnumála-ráðherra að 2. lið fyrirspurnarinnar, hvers vegna verðið hefði verið lækkað jafnskjótt aftur. Tók jeg eftir því, að auk andróðrar almennings, er var svo megn, að stjórnin hefði þurft að hafa góð gögn í höndum til þess að vinna bug á honum, hefði það ráðið miklu hjer um, að um þær mundir hafi feng-ist full vissa fyrir því, að hægt væri að fá ódýrari sykur frá Danmörku. Það er annars eitthvað einkennilegt um þennan danska sykur. Jeg veit þó ekki betur en að þegar á síðasta þingi, sem endaði, svo sem kunnugt er, í fyrra haust, nokkru áður en þetta gerðist, hafi menn vitað um þennan sykurforða frá Danmörku. Um þetta var rætt í nefnd-um, og stjórnin sýndi bæði nefndum og einstökum þm. símskeyti, er að þessu lutu, svo að menn höfðu vissa von um þennan sykur með vægu verði. (**Atvinnumálaráðh.**: Menn voru í óvissu um flutningskostnað). Það hefir að eins ver-ið vafamál, hvernig hægt væri að flytja sykurinn. En þegar til kemur og sykur-verðið er hækkað, er sem landsstjórnin hafi ekki munað eftir þessu, hafi hækk-unin verið bygð á því, að ekki fengist sykur frá Danmörku. En svo ber það

til, að fregn kemur um þennan danska sykur, eftir því, sem hæstv. atvinnumálaráðh. segir, og er þá hlaupið upp til handa og fóta og verðið lækkað aftur. Jeg hygg þetta alt fremur hjal en ábyggilega skýrslu. Við áttum altaf von og vissu um sykur frá Danmörku, en að eins óvíst, hvernig eða hve nær hægt væri að flytja hann hingað. Þetta gat því hvorki verið ástæða til að hækka sykurverðið, nje heldur lækka það aftur.

Sú var önnur ástæða hæstv. atvinnumálaráðherra fyrir lækkuninni, að í sömu andránni hafi verið afráðið að skifta um forstjóra fyrir landsverslun-inni. Hafi þá verið ákveðið að fella hækkunina úr gildi, en hana hefir stjórnin þó ekki viðurkent óþarfa, og lækka verðið aftur; láta hina nýju forstjórn verslunarinnar ráða fram úr málinu. Þetta er allógreinilegt. En hitt er skiljanlegt, að um þessar sömu mundir hafi stjórninni orðið það ljóst, að brýn nauðsyn bar til að skifta um forstjórn fyrir landsversluninni. En sem ástæða fyrir verðhækkuninni verður þetta ekki fært, því að hafi breytingin á forstjórninni verið ráðin um sömu mundir, hefði aldrei þurft að hækka verðið.

Hæstv. atvinnumálaráðh. taldi, að stjórninni hefði eigi þótt við þurfa að krefja þáverandi forstjóra verslunarinnar greinargerðar um einstakar framkvæmdir í versluninni. Þetta má rjett vera, ef stjórnin treystir ráðsmanni sínum. En hún verður að treysta honum vel, þegar svo er ástatt, að landsstjórnin verður að samþykkja og leggja úrskurð á hvert einstakt atriði, ef það skiftir máli. Og hjer er ekki um eitt einstakt atriði að ræða, heldur um mesta „politiska“ atriðið í sögu landsverslunarinnar. Jeg segi „politisk“, því að þar sem verslunin er rekin fyrir landsfje, þá hljóta allar meiri háttar framkvæmdir að vera há-„politisks“ eðlis og varða að sjálfsögðu allan almenning. Hjer er ekki að ræða um hokurverslun einstaks manns, er enginn hefir rjett á að skifta sjer af. Hjer víkur alt öðruvísi við og þolir engan samanburð við slíkt.

Hæstv. atvinnumálaráðh. taldi þessa hækkun á sykurverðinu eðlilega og í samræmi við þær meginreglur, er landsverslunin hafi fylgt. Það mun nú öllum orðið ljóst, hvernig hækkunin hefir komið niður og á hverjum rökum hún hefir verið bygð. Og að lýsa svo yfir því, að þessi verðhækkun sje í fullu samræmi við meginreglu verslunarinnar, er frá minu sjónarmiði algert rothögg á þessar meginreglur og alt fyrirkomulag verslunarinnar, a. m. k. eins og það var. Því að sje nokkuð óhæfilegt fyrirkomulag, þá er það það, að rjúka upp til handa og fóta og hækka slíka nauðsynjavöru að nauðsynjalausu. Almenningur getur ekki þolað, að slíkt sje gert á ábyrgð landsins og með fjármagni þess. Ef þetta hefir orðið til þess, að slíkri meginreglu landsverslunarinnar hafi verið breytt, þá er það góðu heilli. Því að þetta er einhver hin allra óskaplegasta meginregla, er jeg hefi heyrt nefnda.

En ýmislegt bendir á, að þessari óskaplegu meginreglu hafi verið fylgt í fleiru. Þegar menn athuga þetta mál, reka menn sig á annað atriði, er allir þekkja. Það er alkunnugt, að skömmu áður komu hingað á Reykjavíkurhöfn, til landsstjórnarinnar, um 6000 smál. af kolum og allmikið af salti. Það var og vitanlegt, að kolin kostuðu landsstjórnina 200 kr. smál. hjer á höfninni. Ekki hafa menn heyrt þess getið, að landið hafi áður keypt kol, er kostuðu meira en 300 kr. smál., og má gera ráð

fyrir, að þær birgðir, er landsstjórnin átti áður, hafi alls eigi meira kostað að jafnaði, og öllu fremur nokkuð minna. Við þessar birgðir bætast svo 6000 smál. á 200 kr. smál. Nú er það upplýst, eftir því, sem komið hefir fram áður í umr., að landsverslunin hafi reiknað einnig þessi kol á 300 kr. smál., og hæstv. fjármálaráðherra hefir nýlega skýrt frá því hjer í hv. deild, að þetta hafi verið jafnaðarverðið. Jeg geri ráð fyrir því, að hæstv. fjármálaráðherra hafi ekki vitað betur og að hann hafi haldið sjer við skýrslur frá forstjórn landsverslunarinnar. Þetta finst mjer óskiljanlegt jafnaðarverð. Það verður ekki skilið öðruvísi en að verðið á öllum birgðunum hafi verið hækkað svo, að það varð jafnhátt hinu hæsta. Ef menn athuga, hvern ágóða landsverslunin hefir haft af þessum umrædda farmi, er enginn vafi á því, að með þessu hafa 100 kr. verið lagðar á hverja smál., og nemur þá hagnaðurinn af þessum eina farmi ekki minna en 600,000 kr.

Nú verður að taka tillit til þess, hvað uppskipun kolanna kostar og kostnaðurinn við að senda „gjafakolin“ út um land. Þótt þetta væri reiknað, myndi það ekki nema allmörgum tugum þúsunda, segjum 100 þús. kr. allur kostnaðurinn, og er þá vel í lagt. Þá er eftir 500,000 — ½ milj. króna gróði á kolunum, þessum farmi einum saman; jeg geri ráð fyrir líkum gróða á saltinu. Þegar nú þetta gerist rjett áður en sykurverðið er hækkað, hvað er það þá frá almennu sjónarmiði, sem rjettlætir þetta, að hækka? Jeg tala þetta að vísu til allrar landsstjórnarinnar, en vona þó, að hæstv. atvinnumálaráðherra sjerstaklega hafi heyrt það; en jeg sje hann ekki hjer í deildinni nú. Það ber alt að sama brunni. Öll þessi óskaplega verslunarmeginregla, að hækka í blindni verðið á öllum vörutegundunum, eða einhverjum vörutegundum, er til þess upp tekin, að sjálfsögðu, að ná sjer einhversstaðar niðri og ná einhverju upp í „skakkaföllin“.

Og það eru þessi skakkaföll, sem gera það að verkum, að gróði verslunarinnar er ekki meiri en kunnugt er, þrátt fyrir alt. Gróðinn hefði skift miljónum, ef þessi skakkaföll hefðu ekki verið, eða ef þau hefðu verið dálitið minni eða færri. Við höfum nú heyrt eitt dæmið, er sendimaður til Ameríku kostar um 6000 kr. á mánuði, 60 þúsund á 10 mánuðum, maður, sem ekki er „diplomat“, en einungis agent fyrir útflutningsleyfi; fyrir nú utan þau skakkaföll, sem fólgin eru í óþörfum töfum skipa, óhæfilegum skipaleigum og vátryggingum. En þetta alt á nefnd sú, verslunarmálanefndin, er nú situr, að rannsaka og fá skýrslur um, svo að Alþingi fær væntanlega að heyra nákvæmar um það.

Loks er á það að minnast, að nú er það orðið bert, að þetta sykurfargan mun að vísu ekki eiga upptök sín hjá landsstjórninni beinlínis, heldur hafa komið til af ráðum þess manns, er landsstjórnin hafði sett yfir verslunina og nú hefir sýnt sig, að minsta kosti í því tilfelli, algerlega óhæfan til þessa starfs. Hann hefir í fyrsta lagi vanrækt, ef þörf hefir verið að hækka, að láta þá hækka í tíma, og í öðru lagi að kynna sjer þær birgðir, sem til voru óseldar hjer innanlands, hjá sýslumönnum; í þriðja lagi vanrækt að skýra fyrir stjórninni, hvað sykurinn kostaði erlendis í raun og veru, og þá ekki síst sykurinn, sem kom með „Íslandi“; í fjórða lagi ekki leitað fyrir sjer eða athugað, hvernig ástatt væri um sykurinn, er koma átti frá Danmörku, því að þá var ekkert komið í ljós, er gerði það að

verkum, að hann gæti ekki, eins og lofað var, komið þaðan. Og loks í fimta lagi hefir hann gersamlega misreiknað, ef hann hefir reiknað, og hækkað svo gálauslega verðið, að hækkunin nemur um of 18 og 28 au. pr. kg., eða sem hefði svarað til 300 þús. kr. skatts, í einu, á nokkurn hluta landsmanna.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg stend ekki upp til þess að svara fyrirspurn þeirri, sem fram er komin frá hv. 2. þm. Árn. (E. A.) og fleirum hv. þm., því að það hefir atvinnumálaráðherrann gert, og jeg skal játa, að jeg er ekki kunnugur ýmsum framkvæmdum í þessu máli, og get því ekki talað um það í einstökum atriðum. En jeg vildi leyfa mjer að fara nokkrum orðum um málið frá almennu sjónarmiði, og jeg vona, þar sem þetta mál hefir verið gert að svo miklu og alvarlegu umræðuefni í einstöku blöðum þessa lands, að hæstv. forseti muni ekkert finna við það að athuga, þótt jeg fari meir alment inn á málið.

Fyrst vildi jeg þá gera þá stuttu athugasemd, að mjer þykir undarlegt, að fyrirspurn þessi skyldi koma frá hv. 2. þm. Árn. (E. A.), og er það af þeirri ástæðu, að nú er búið að skipa nefnd í þinginu, þar sem þessi hv. þm. á sæti, og á þessi nefnd, að mjer skilst, að rannsaka allar aðgerðir landsverslunarinnar frá byrjun. Þessi hv. þm. (E. A.) hefir nú viljað bera það fyrir sig, að landsstjórnin hefði ekki svarað ýmsum fyrirspurnum, sem nefndin hefði lagt fyrir hana viðvíkjandi landsversluninni. Og er það sanna í því máli, að landsverslunarstjórnin sá sjer ekki fært, nema með mjög löngum tíma, að svara þessum spurningum, en hins vegar standa öll skjöl og allar bækur verslunarinnar opnar fyrir nefndinni, svo að hún getur hve nær sem hún vill rannsakað einstök atriði, og þá einnig þetta mál. Sje jeg því ekki betur en að það hefði verið miklu heppilegra, að nefndin hefði rannsakað ölt gögn og kynt sjer málið, svo að hún hefði getað svarað fyrirspurnum, í stað þess að spyrja sjálf. Hv. þm. (E. A.) hefði því átt að rannsaka málið, svo að deildin hefði getað spurt hann, í stað þess að spyrja sjálfur.

Annars veit jeg, að nöfn margra þeirra hv. þm., er standa á fyrirspurninni, standa þar til þess að fá að vita, hvað satt er og rjett í málinu. En hins vegar eru ýmsir á fyrirspurninni í þeirri von, að geta vakið nýjan óróa.

Annars skal jeg taka það fram, að jeg hefi talið og tel það skyldu mín að reyna að stilla sem allra mest til friðar, þar sem svo stór og vandasöm mál eru á dagskrá þjóðarinnar, (S. St.: Sei-sei!), og vil því leiða allar illdeilur sem mest hjá mjer. En hins vegar ber þess að gæta, að svo mörgum orðum og hörðum hefir verið farið um þetta mál í andstæðingablöðum stjórnarinnar, sjerstaklega „Ísafold“ og „Vísi“, að jeg sje mjer ekki annað fært en að minnast á aðferð þesstara blaða; það er ekki meining mín að svara því, sem þar stendur, en jeg ætla að eins að tína saman nokkur gullkorn, til þess að draga upp mynd af framkomu þessara blaða. (S. S.: Má ekki gera það í „Ísafold“?). Jeg vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann vill ekki áminna hv. 1. þm. Árn. (S.S.) um að leyfa mjer að tala í friði. Jeg vil, að meðan jeg ræðst ekki á hann sitji hann þegjandi, eins og kurteisum mönnum sæmir. (S. S.: Skárri er það ofanigjöfin).

Þá kem jeg með nokkur af gullkorn-

unum. „Ísafold“ talar á einum stað í þessu máli um „glæpsamlegt ráðlag stjórnarinnar“. En um það að „beita almenning þrælatökum“. Málið er kallað „ófyrirleitin tilraun til að leggja skatt á almenning“. „Hvílíkt miskunnarleysi“ stendur á einum stað. Þá er þetta kallaður „blóðsuguskattur“. Í blaðinu 17. nóv. skýrir „Ísafold“ frá því, að sykurverðið hafi verið hækkað, og er ein voðaleg ræða út af því. Segir, að nú sje „lokið 1. þættinum í þessum hrygðarleik“. Þá segir „Ísafold“, að sannað sje á stjórnina, að hún gefi rangar skýrslur um ástæðurnar til hækkunarinnar. Hún segir, að stjórnin viðurkenni, að hún hafi ætlað að leggja 500—600 þúsund króna skatt á þjóðina. Ef ekki hefði verið á verði, þá hefði stjórnin látið vöndinn ganga miskunnarlaust um bakið á þjóðinni. Svo eru nokkur hjartnæm orð í „Vísi“. Hann kallar málið „landplágunа“, segir, að þetta sje 140 þúsund kr. skattur, sem fátæklingarnir í Reykjavík eigi að borga. Segir, að þetta virðist stafa af tilhneigingu stjórnarinnar til að níðast á Reykvíkingum. Sagt, að landsstjórnin hafi farið með opinber ósannindi, þar sem hún hafi lýst yfir því, að verðið hafi verið hækkað úti um land. Alþýðan í Reykjavík hafi verið beitt svívirðilegu gerræði, og gerð tilraun til þess að ná af henni blóðskatti, til að bæta fyrir heimskupör þeirra manna, sem hafi verið að níða áhugamál hennar niður í sorpið. Verðhækkunin er kölluð ofbeldisfult gerræði gegn Reykvíkingum. Enn segir, að stjórnin reyni að ljúga sig frá því, sem hún hafi gert.

Jeg hefi tint upp þessi gullkorn, en ótal fleiri eru ótalin, til að sýna dálitla mynd af æsingatilraunum blaðanna. Þessum og mýmörgum fleiri gullkornum var stráð út meðal almennings, þegar veturinn, atvinnuleysið og allir örðugleikarnir voru að byrja. Sykurhækkunin var höfð að yfirvarpi til að framkalla þessar æsingar, en bak við stóð mjög rík tilhneiging hjá ýmsum til að hefna sín og ná sjer niðri á stjórninni.

Mjer þykir nú rjett, áður en jeg fer frekar út í þetta, að hafa yfir, með leyfi hæstv. forseta, þau ummæli, sem jeg hafði um málið á sykurfundinum og prentuð eru í „Tímanum“ 10. nóvember. „Jeg er alveg sammála um það, að sykurverðið er tilfinnanlega hátt. Jeg held, að jeg skilji það eins vel og kaupmennirnir, hve hvart það er fyrir fátækt fólk að fá þessa verðhækkun ofan á mjólkurekkluna. En jeg hygg, að þessi verðhækkun sje bundin sömu reglum og aðrar verðálagningar í landsverslununinni. Og því mega menn ekki gleyma, að stjórnin hefir þær fyrirskipanir frá þinginu, að sjeð sje um, að landsverslunin beri sig.

Það er aftur annað mál, hvort ekki hefði verið rjett að heimila stjórninni að selja ýmsar vörutegundir undir verði. Stjórnin barðist fyrir því á þinginu að selja kol undir verði. Lengra varð ekki komist í því máli. Og hjer vil jeg að eins taka það fram, að stjórnin á ekki sök á því, þó almenningur hafi ekki fengið þessi kol.

Um sykurmálið vil jeg annars ekki fara fleiri orðum, en þessu vil jeg lýsa yfir, að stjórnin skilur vel kröfur fólksins í þessu máli og mun sinna þeim eins fljótt og unt er. Og í því sambandi vil jeg taka fram það, sem lýst hefir verið yfir á undan þessum fundi, og það sem stjórnin hefir jafnan haft fyrir augum, að svo framarlega sem danski sykurinn ábyggilega fæst, þá mun verðið lækkað niður í það, sem áður var.“

Eins og þessi orð bera með sjer, hefi jeg ekki sagt meira um sykurhækkunina en það, að jeg haldi, að sykurinn hafi verið hækkaður eftir venjulegum reglum landsverslunarinnar. Og það er sannleikur; jeg vissi ekki annað en að svo væri. Sjálfur hefi jeg ekki reiknað út verðhækkunina og tel ekki, að mjer hafi borið að gera það. Ræðan sýnir það líka, að því hefir verið lofað á fundinum að lækka verðið, ef vissa væri fyrir því, að hægt væri að fá sykurinn frá Danmörku. Og jeg get bætt því við, að mörg ítarleg tilraun var gerð til að afla þessarar vissu, en skilyrði fyrir því, að sækurinn næðist, var, að skipsferð fengist með hann, en þá var mikil óvissa yfir þeim hlutum. Og er nokkurn veginn vissa fjekst fyrir þessu, þá var sykurinn lækkaður, eins og lofað var á fundinum. Auk þess tel jeg rjett að láta þess getið, að það var enn fyrir mjer ástæða til að fallast á, að sykurverðið væri lækkað, að mjer fanst — við athugun á eftir — að verðið hefði mátt vera lægra.

Annars skal jeg ekki fara lengra inn á sykurmálið, og jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvort hv. deild telur verðið hafa verið of lágt eða of hátt. Tel það hreint og beint smámál. Því enginn hafði tjón af sykurhækkuninni. Og þó sykurverðið hefði verið látið standa og verið of hátt, þá hefði aldrei farið ver en svo, að landssjóður hefði grætt. Og ef fátæklingarnir hefðu orðið illa úti, þá mátti bæta kjör þeirra með gróðanum. En jeg verð að segja, að þegar það er athugað, að sykurverðið er lækkað aftur svo fljótt, að enginn einasti maður í þessu landi hefir beðið tjón við hækkunina, þá er það dálítið skrítið, að út af þessu skuli efnt til jafnmikilla og jafnalvarlegra æsinga og tilvitnanir þær bera með sjer, er jeg las upp. Og það er því merkilegra, að blöðin hlaupa upp til handa og fóta, ef þau halda, að landssjóður græði, en loka augunum með guðræknisblæ fyrir hinum afarmikla gróða kaupmannanna, og eru meira að segja varnargarðar í kringum hann. Sem sagt, hvort verðið verður skoðað of hátt eða eigi, það læt jeg mig engu skifta, með tilvísun til þess, sem jeg hefi tekið fram hjer á undan. En jeg mótmæli því, að það hafi verið tilætlun stjórnarinnar að leggja skatt á nokkurn hluta þjóðarinnar. Þessi ummæli eru því með öllu ósönn. Hinu vil jeg og lýsa skýrt yfir í viðurvist Alþingis, og sú yfirlýsing skal berast út um þetta land, að það eru með öllu rakalaus ósannindi, að jeg hafi á opinberum fundi farið með ósannindi í þessu máli, og sama býst jeg við að hæstvirtur embættisbróðir minn geti sagt. (**Atvinnumálaráðherra:** Jeg fjekk lítið að segja!). Blöðin segja líka í öðru orðinu, að jeg hafi enga skýrslu gefið í málinu, eða viljað gefa, en sá, sem enga skýrslu gefur í máli, gefur ekki ranga skýrslu.

Ummælin um, að jeg hafi sagt skakt til um verðhækkunina úti um land, eru með öllu gripin úr lausu lofti, því jeg sagði ekkert um hana á fundinum. En hefði jeg verið spurður um það á fundinum, hvort búið væri að hækka verðið úti um land, býst jeg við, að jeg hefði svarað því játandi, því mjer var kunnugt um, að komnar voru umkvartanir utan af landi um, að búið væri að hækka sykurinn þar, án þess að búið væri að hækka sykur í Reykjavík.

Jeg tek og tók þessu máli altaf rólega. Jeg spáði því og spái því enn, að það mundi á endanum ekki koma stjórninni í koll, heldur þeim, sem ætluðu að kveikja með því taumlausar æsingar gegn henni.

Jeg hefi altaf verð, og er, sannfærð-

ur um, að svo mikil sanngirni ríki í þessu landi, á þessu þingi og í þessari hv. þingdeild, að enginn þessara aðilja myndi hlaupa undir bagga með þessum blöðum, heldur verja stjórnina með trausti sínu gegn þeim samviskulausu árásum, sem Langsum-blöðin hafa gert á stjórnina í þessu máli. Fyrir mjer er það stórt atriði, að öllum hv. þm. og þessari þjóð sje það ljóst, að vjer ráðherrarnir skiljum svo stöðu vora, að vjer móðgum ekki þingið og þjóðina með því að fara með ósatt mál. En hitt læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvort sykurverðið þykir hafa verið of hátt eða eigi. Það verða þeir verlunarfróðu að dæma um, og jeg get fúslega játað það, að jeg hefi enga sjerstaka verslunarþekkingu, en hitt get jeg fullyrt, að jeg, ekki síður en aðrir, geti dæmt um það, hverjum sje trúandi fyrir hinum og þessum störfum; og jeg vænti þess, að hv. þm. sjeu mjer sammála um, að stjórninni hafi tekist vel valið á forstjórum landsverslunarinnar. Jeg verð að líta svo á, að þessi eina umbót skifti miklu meira máli en alt þetta sykurmál. Og sú „kritik“ blaðanna, að nauðsyn bæri til að skilja versluna með öllu frá stjórnarráðinu hefir, eftir mínum skilningi, verið rjett, þó ekki væri nema af þeirri ástæðu einni, að meðan landsverslunin var í höndum stjórnarinnar, þá var það vitanlegt, að andstæðingar stjórnarinnar mundu stöðugt draga verslunina inn í illdeilurnar, sem einnig nú hefir sýnt sig.

Býst jeg svo við, að jeg fari ekki mörgum fleiri orðum um þetta mál hjer í hv. deild, en vil láta þess getið, að mjer er það vel kunnugt, að ræða sú, sem jeg hjelt á sykurfundinum svokallaða, hefir verið mikið notuð til þess að æsa kaupmenn landsins móti mjer. En jeg skal taka það fram, að það er ekkert í þeirri ræðu, er jeg vil nú taka aftur eða óska að breyta. Jeg verð að líta svo á, að aðferð sú, er kaupmenn beittu í þessu máli, hafi ekki verið rjett.

Í stað þess að snúa sjer beint til stjórnarinnar og tala um sykurverðið við hana, ef þeim þótti það of hátt, þá stofna þeir til æsinga gegn stjórninni, einmitt þegar mestir voru örðugleikarnir og veturinn var að ganga í garð. Og jeg geri ráð fyrir, að stjórn í hverju landi sem væri myndi hafa slegið hart, er reynt var að koma slíku af stað, og það hefði verið skylda hennar. Kaupmennirnir sumir gleymdu sjer. Löngunin til að hlynna að landsversluninni varð alt í einu svo taumlaus.

Hitt er annað mál, að þótt þetta færi svo, að almenningur í Reykjavík sýndi mikla og aðdáunarverða stillingu og ró, þá er það ekki kaupmannaklíkunni og blöðum hennar að þakka, heldur heilbrigðri skynsemi almennings.

Fyrirspyrjandi (Einar Arnórsson): Það voru nokkur ummæli hæstv. fjármálaráðherra, sem jeg vildi gera lítils háttar athugasemdir við. Hann var hissa á því, að jeg skyldi vera að spyrja, þar sem nefnd er skipuð í þetta mál, en jeg er búinn að gera grein fyrir því í ræðu minni, hvers vegna jeg flutti fyrirspurnina. Jeg skal að eins geta þess, að jeg hefi rannsakað þetta mál svo, sem mjer var hægt, og fengið þær skýrslur, sem stjórn landsverslunarinnar hefir getað gefið. En þó að jeg hafi fengið þessar skýrslur, þá hefi jeg, alveg eins og jeg tók fram áður, ekki fengið þar með fullnægjandi rök fyrir þessari hækkun, og ekki fengið þau enn þá, þrátt fyrir svonefnd svör stjórnarinnar. Annars held jeg, að það hefði ekki verið neitt tjón, þótt hæstv. fjármálaráðherra hefði ekki

haldið þessa ræðu sína, því að hún gaf ekki minstu skýringu í þessu máli. Hæstv. atvinnumálaráðh. hjelt sjer við efnið og gaf þá skýringu, sem hann gat gefið og rjett var frá hans sjónarmiði.

Jeg ætla ekki að fara mikið út í ræðu hæstv. fjármálaráðherra, því að hún kom ekkert málinu við; það eitt, sem kom málinu við, var það, að hann las upp ræðukafla frá Alþýðuflokksfundinum 9. nóv. í haust. Þá talaði hæstv. fjármálaráðherra mikið um tvo aðilja, sem honum eru þyrnar í augum, blaðið „Ísafold" og kaupmennina. Væri jeg ritstjóri Ísafoldar, myndi jeg þakka hæstv. fjármálaráðh. fyrir þann heiður, sem hann gerði blaðinu með að taka upp ummæli þess á opinberum þingfundi. En menn reiða oft hátt til höggs, þegar þeir eru að berjast, og hafi blaðið reitt of hátt, þá hefir hæstv. fjármálaráðh. engu síður gert það núna. Hins vegar hefi jeg skoðað það svo, sem sjálfsagt væri að blanda sem minst í umr. mönnum, sem ekki eru viðstaddir, og þegar ein stjett manna er lýtt, eins og hjer er með kaupmennina, og enn fremur þessi blöð, sem honum þykir ekki meira en svo vænt um, finst mjer að eigi að fara mjög varlega í það; það er dálítið annað mál, þó við kljáumst hjer í deildinni, sem megum tala hjer og ekki er hægt að draga til ábyrgðar í þinghelginni. **(Fjármálaráðh.:** Jeg hefi ekkert sagt, sem jeg er ekki fús til að endurtaka utan þinghelginnar). Jeg er ekki að segja, að hæstv. fjármálaráðherra hafi sagt nokkuð, sem varðaði við lög.

Hæstv. fjármálaráðh. var eitthvað sár út af því, að blaðið sagði, að hann hefði ekki minst á málið á Alþýðuflokksfundinum, og mjer skildist, að hann vildi telja það rangt. **(Fjármálaráðh.** Það, sem jeg meinti, var það, að þar, sem „Ísafold" sagði, að jeg hefði varla minst á málið, þá væri það ekki rjett, að jeg hefði gefið ranga skýrslu). En það er nú samt mikið til í þessu, og manni dettur líka í hug, þegar maður les ræðu hæstv. fjármálaráðherra í „Tímanum", hvers vegna hann hafi haldið hana, því að hún kemur málinu ekkert við, nema þá lítils háttar atvinnubótum. **(Fjármálaráðh.:** Vill hv. þm. (E. A.) lesa hana?). Nei, það verður hæstv. fjármálaráðh. að fyrgefa, þó að jeg nenni ekki að gera það aftur, enda myndi hæstv. forseti ekki leyfa það. Ræðan er skáldleg, hún byrjar á sögunni um Galdra-Loft, hún væri ef til vill ágæt skálaræða í veislu, en sem ræða um sykurverð er hún algerlega einskis virði; mig minnir, að þar sje sagt, að verðið sje bundið sömu reglum og vanalega, og að ef ábyggileg vissa fáist um, að danski sykurinn komi, muni verðið lækka, og sama er að segja um þessa ræðu, sem hæstv. fjármálaráðh. hjelt nú. Hún var meira í þá átt að vera „lyrisk" en „finansiel" eða „politisk".

Hæstv. fjármálaráðherra furðaði sig mjög á því, að það hefði verið svo mikill urgur í mönnum út af verðhækkuninni, þar sem hún hefði strax verið numin úr gildi. Það var rjett, eins og jeg tók fram áður, að landsverslunin endurgreiddi mismuninn, en mig furðar samt á því, að svo veraldarvanur maður, eins og hæstv. fjármálaráð. ætti að vera, skuli furða sig á, að menn verði reiðir órökstuddri hækkun á svo mikilsverðri nauðsynjavöru; en lækkunin var ekki komin til þegar fundurinn var haldinn, því að hann var haldinn á tímabilinu milli verðhækkunarinnar og verðlækkunarinnar, svo að það var ekkert undarlegt. Það getur líka verið mjög rjett, sem hæstv. fjármálaráðh. segir um kaupmannagróðann, en það er eins og fleira

í ræðu hans, að það upplýsir ekkert þetta mál, sem fyrir liggur. Líka skal jeg fullkomlega ganga inn á það með hæstv. fjármálaráðh., að það hafi ekki verið tilgangur stjórnarinnar að leggja skatt á landsmenn; hækkunin hefði ekki farið fram í því skyni. Jeg veit ekki, hvort jeg byggi það á sömu rökum og hæstv. fjármálaráðh. gerir í sinu hugskoti, en jeg veit, að til þess að leggja skatt á þjóðina þarf það að vera gert í þeim tilgangi og með því viti, að álagningin muni hafa með sjer peninga í skaut landssjóðs, en hjer er ekki því til að dreifa, því að jeg verð að trúa því, að stjórnin hafi það álit, að verðhækkunin væri til þess að vinna upp eitthvert tap, og í rauninni verið að mestu í blindni gerð. Sumir hafa ekki álitið þetta atferli stjórnarinnar á rjettum grundvelli bygt, halda, að hún hafi gert þetta í einhverju ógáti, en til þess að leggja skatt á, þarf maður að vinna vísvitandi. Hæstv. fjármálaráðherra hafði þau ummæli, að hann ljeti sjer í ljettu rúmi liggja, hvort verðhækkunin væri metin of há hjer í deildinni. (**Fjármálaráðherra:** Já, af því að það er dautt mál.) Já, það er auðvitað dautt mál, eins og fjöldi annara verka okkar í lífinu, sem ekki er hægt að gera um aftur, t. d. eins og að drepa mann. (**Fjármálaráðherra:** Það var enginn að drepa mann með þessu.) Jeg veit, að hæstv. fjármálaráðherra hefir tekið lögfræðipróf, og getur því vel skilið hugsanaganginn hjá mjer, ef hann vill. Út af því, sem hæstv. fjármálaráðherra sagði um það, að þetta væri dautt mál, verð jeg að svara þessu til, en hitt er annað mál, að þingið eins og það nú er skipað, fer varla að gera nokkuð út úr þessu máli. Hann hefir þar á rjettu að standa, að þingið telur þetta víst dautt mál, eins og nú er komið, og eins þótt stjórnin gæti ekki vitað, hvað hún þyrfti að láta verðhækkunina standa lengi.

Þá var það eitt atriði í ræðu hæstv. fjármálaráðherra, sem hann kom inn á, og virtist eins og fleira í ræðu hans vera sagt til þess að beina athygli manna frá höfuðatriði málsins. Það var breytingin á stjórn landsversluninnar. Það var góð breyting, enda veit jeg ekki betur en að bjargráðanefnd þessarar hv. deildar á síðasta þingi kæmi fram með þá till. að losa landsstjórnina við forstöðu landsverslunarinnar, en það er algerlega rangt frá skýrt, að það hafi verið gert fyr en um nýár. (**Fjármálaráðherra:** Það var gert fyr.) „Tíminn" segir þó, að forstjórinn geri till. til landsstjórnarinnar um verðið, og jeg geri ekki ráð fyrir, að hann segi ósatt, og hefði verið búið að taka verslunina út úr stjórnarráðinu, hefði þetta aldrei komið til stjórnarinnar, því að forstjórinn hefði þá gert það upp á eindæmi sitt, og það er einmitt þetta, að stjórnarblaðið er að benda á, hvað gera þurfi og gera eigi, en hvað ekki sje búið að gera ætti hæstv. fjármálaráherra vissulega að vera heima í, og hve nær skiftingin hafi orðið, því að það vita allir, að það, sem gert var um nýár, það hefir ekki verið gert fyr í þessu efni. En það er einmitt það, sem jeg álít að stjórnin hafi gert skakt í, að fara ekki að ráðum bjargráðanefndar í fyrra; hæstv. fjármálaráðherra var þá sjálfur í bjargráðanefndinni, og veit jeg ekki betur en að hann væri á sama máli um það, en þrátt fyrir það varð það ekki fyr en mörgum mánuðum seinna en átti að vera. Hæstv. fjármálaráðherra var að ámæla kaupmönnum og nokkrum öðrum góðvinum sínum fyrir þennan mikla úlfaþyt, sem þeir hefði vakið, þegar farið var

að kreppa að mönnum og atvinnuskortur var í nánd. Það er ekki hægt að neita því ámæli, en það kemur úr dálítið skakkri átt, því að það er einmitt á þessum sama tíma sem þessi hækkun á nauðsynjavöru gengur í garð. Það getur vel verið, að kaupmenn kreppi að mönnum og sjúgi þá út. (**Fjármálaráðherra:** Jeg notaði ekki það orð, að sjúga). Það getur vel verið, en meiningin var hin sama, og það er andinn, en ekki orðin, sem máli skifta. — En þá hefði líka hin góðsama stjórn átt að hafa það í huga, hve illa var tilfallið að hækka vöruverðið. (**B. J.:** Hún lækkaði verðið aftur.) Hún vissi ekkert um, hvort hún gæti gert það, þegar hún hækkaði verðið.

Jeg sá það, að hæstv. atvinnumálaráðherra kvaddi sjer hljóðs; það getur vel verið, að hann ætli eithvað að fara út í málið og komi með ný atriði. Jeg veit ekki, hvort hæstv. forseti leyfir mjer þá að gera athugasemd á eftir.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það fór eins og jeg bjóst við, að það mundi teygjast úr þessum umr., og jafnvel blandast inn í þær einstöku atriði, sem ekkert skýra málið.

Gagnvart því, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók fram, að það hefði verið gert of seint að skipa þessa nýju stjórn landsverslunarinnar, þá stafaði það mest af því að þessir menn, sem fyrir vali höfðu orðið, gátu ekki tekið við stjórninni fyr en um síðustu áramót, og einn þeirra ekki fyr en talsvert seinna, en það var fyrir löngu ráðið, hvaða menn stjórnin hugsað sjer að fá, og urðu það þeir, sem raun varð á. En gagnvart ýmsum öðrum atriðum, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók fram, bæði um tafir á skipum og sendinefnd til Ameríku, þá álít jeg sjálfsagt, að það verði tekið fyrir á sínum tíma, í sambandi við verslunarmálið í heild sinni, en jeg vona, að engan furði á því, þótt ekki sje farið út í það nú.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi lofað hæstv. forseta að gera að eins örstutta athugasemd, svo að ekki þurfi að lengja umræðurnar með því að fresta fundi.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) var að taka þykkjuna upp fyrir blöðin. Jeg verð að segja, að það væri hart, ef ekki mætti minnast á opinber blöð hjer í þingsalnum. Enda munu þau hafa einurð á að svara fyrir sig annarsstaðar, en jeg er reiðubúinn að standa við það, sem jeg hefi sagt, utan þinghelginnar. Annars veit jeg ekki til, að jeg hafi farið með aðra móðgun í garð blaðanna en að hafa yfir það, sem þau sjálf hafa sagt, en jeg get vel skilið, að þeim þyki lítið gaman að að heyra það endurtekið í þingsalnum.

Út af því, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði um ræðu mína, að jeg hefði ekkert farið inn á sykurverðið, vil jeg leyfa mjer að minna hv. þm. (E. A.) á, að jeg tók fram þegar í byrjun, að jeg ætlaði ekki að tala um sykurverðið, það er að segja, verðhækkunina eða verðlækkunina. Atvinnumálaráðherrann hefir að sjálfsögðu svarað þeirri hlið málsins.

Að því er snertir aðgreiningu verslunarinnar frá stjórnarráðinu, þá var það rjett, að meðan verslunin var undir stjórn cand. polit. Hjeðins Valdimarssonar, þá var hún að mörgu leyti alveg skilin frá stjórnarráðinu, þó að skilnaðurinn yrði ekki fullkominn fyr en 1. janúar síðastliðinn. Annars er ekki neitt nýtt fram komið í málinu, sem jeg þurfi að svara; að eins vil jeg undirstrika það, að umræður um þetta mál

hafa ekkert að þýða. Málið er fyrir löngu dautt mál. Sykurhækkunin kom engum til útgjalda. Málið er að eins stórt fyrir stjórnarandstæðingana, sem eru þau börn, að þeir halda, að þeir geti unnið stjórninni mein með því.

4. Sala á nauðsynjavörum til útlendra fiskiskipa.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. maí, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar út af sölu á salti og öðrum nauðsynjum til útlendra fiskiskipa (A. 149).

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. maí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Með brjefi forseta Nd., dags. s. d., var landsstjórninni send fyrirspurnin og beiðst vitneskju um, hve nær hún teldi sig við látna að svara henni.

En frá landsstjórninni barst aldrei svar við brjefi þessu, og var fyrirspurnin því ekki á dagskrá tekin framar.

Á lokafundi neðri deildar, miðvikudaginn 17. júlí, mælti

Fyrirspyrjandi (Pjetur Ottesen): Mjer finst jeg ekki geta látið hjá líða nú í þinglokin að beina örfáum orðum til hæstv. stjórnar í tilefni af því, að við 2 deildarmenn fluttum á öndverðu þingi fyrirspurn til stjórnarinnar um alvarlegt atriði. Fyrirspurnin var leyfð af hv. deild með öllum greiddum atkvæðum. En hún hefir ekki fundið náð fyrir augum hæstv. stjórnar, og hefir hæstv. stjórn ekki svarað henni einu orði, hvorki hátt nje í hljóði. Í stuttu máli hefir hún stungið fyrirspurninni algerlega undir stól.

Við fyrirspyrjendur verðum að telja þessa aðferð stjórnarinnar gagnvart okkur í hæsta máta móðgandi. Og við lítum enn fremur svo á, að hún fari algerlega í bág við 31. gr. þingskapanna, þar sem ótvírætt er gert ráð fyrir, að slíkum fyrirspurnum sje svarað, og enn fremur við 40. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi að eins geta þess, að mjer er mál þetta ókunnugt. Það hefir algerlega farið fram hjá mjer, og jeg hefi ekkert um það vitað.

Fyrirspyrjandi (Pjetur Ottesen): Það virðist nú svo, sem hæstv. stjórn ætti allri að vera málið kunnugt. Jeg skal geta þess, að jeg hefi látið hæstv. atvinnumálaráðherra vita, að jeg myndi minnast á þetta mál nú, en hann hefir ekki fundið ástæðu til að vera viðstaddur samt sem áður.

5. Alþingiskvaðning.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. maí, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um Alþingiskvaðningu (A. 181).

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 24. maí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 30. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að forsætisráðherra hafði tjáð sig búinn til að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Stefánsson): Jeg skal strax taka það fram, til að byggja fyrir allan misskilning, að þessi fyrirspurn er ekki komin fram af því, að landsstjórnin kvaddi þingið til aukafundar, heldur, eins og líka fyrirfyrirspurnin ber með sjer, af því, að jeg vil fá að vita, hvers vegna aukaþingið var kallað saman 10. apríl.

Eins og kunnugt er, mælir 8. grein stjórnarskrárinnar svo fyrir, að konungur geti kvatt Alþingi saman til aukafunda, og ráði hann þá, hve lengi það á setu. Þessi fyrirmæli eru vitanlega bygð á því, að oft getur verið full nauðsyn fyrir stjórnina að kveðja þingið saman milli reglulegra Alþinga. Þau mál geta til hennar kasta komið, er ekki má fresta framkvæmdum á til næsta reglulegs Alþingis. Þess vegna er þessi ráðstöfun sjálfsögð í þeim málum, er ekki þola bið. Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt ákvæði um, að stjórnin skuli njóta aðstoðar þingsins, þegar hún getur ekki gert út um málin á eigið eindæmi.

En hitt er annað mál, að það getur stundum orkað tvímælis, hvernig stjórnin notar þessa heimild. Hingað til hefir það þó ekki átt sjer stað í þingsögu vorri, því að stjórnir vorar hafa gætt þess, að nota ekki þessa heimild nema brýna nauðsyn bæri til, og sem minst á þeim tímum árs,sem það er mestum örðugleikum bundið fyrir þingmenn og kostnaðarsamast fyrir landssjóð. Þessi atriði verður að telja hverri stjórn skylt að athuga vel, í hvert skifti, sem hún þykist neydd til þess að kalla saman aukaþing. Hún verður bæði að athuga, hvort til þess sje full nauðsyn, og hitt, á hvaða tímum árs það sje þingmönnum hentugast og landssjóði kostnaðarminst. Þetta síðasta atriði er ekkert lítilsvert, vegna þess, að öllum má það vera kunnugt, hve ferðalög hjer á landi eru dýr og bundin mörgum örðugleikum og hættum fyrir heilsu og jafnvel líf manna, að vetrarlagi.

En hvað sem öllu þessu líður, verður að gera þá sjálfsögðu kröfu til hverrar stjórnar, að hún kveðji ekki til aukaþings fyr en alt er af hennar hálfu svo undirbúið, sem nauðsynlegt er til þess, að þingmenn geti þegar gengið að þeirri vinnu, sem þeim er ætluð, með fullum krafti. Ef svo er ekki, er hjer um vanrækslu að ræða, sem veldur eða getur valdið því, að þingið sitji, lengur eða skemur, aðgerðalaust um þau efni, er sjerstaklega voru orsök þess, að þingið var kallað saman. Það er með öðrum orðum skýlaus skylda hverrar stjórnar að haga aukaþingum þannig, að þeim fylgi sem minstur kostnaður fyrir þjóðina, án þess þó að störf þeirra sjeu í minsta máta vanrækt, og þetta alt er stjórninni í lófa lagið.

En nú er það svo, á þeim háskatímum, er vjer lifum á, að altaf má búast við óvæntum atvikum, er geri það knýjandi nauðsyn að kveðja til aukaþings. Þess vegna gæti það líka vel verið nauðsynlegt, eins og slegið hefir verið fram, að þingið sæti á rökstólum árið í kring. Jeg verð að segja, að það getur verið

nokkurt vit í þessu, því að þótt þing sje kallað saman einhvern tíma á árinu, þá getur það vel viljað til, að þegar þingið er nýlega skilið, þá komi einmitt það óvænta fyrir og vandamálið beri að höndum.

En nú er það svo, að hver sú stjórn, sem fer með framkvæmdarvald landsins, á í flestum tilfellum að geta ráðið upp á sitt eindæmi þeim umboðslegu málum til lykta, er fyrir koma, án þess að kalla þingið saman, ef stjórnin á annað borð er fær um að fara með umboðsvaldið og hefir traust þingsins.

En það er auðvitað öðru máli að gegna um veika og vanmáttuga stjórn, sem er huglaus og ekkert þorir að gera af ótta fyrir því, að þingið muni ekki segja já og amen. En þær stjórnir, sem svo er varið, eru í raun og veru ekki færar um að fara með umboðsvaldið. Þær eiga ekki að vera til, því að þær vantar þann hug og dug, er vænta má af hverri úrræðagóðri og einarðri stjórn.

Skoði maður nú þingkvaðninguna 10. apríl í sambandi við þessar almennu athugasemdir, þá verður þeirri hugsun ekki varist, að það orki mjög tvímælis, hvort þessi ráðstöfun stjórnarinnar hafi verið hyggileg eða jafnvel forsvaranleg. Hún gæti því að eins verið hyggileg og forsvaranleg, að eitthvað það væri fyrir hendi, að velferð landsins væri í húfi, ef ekki væri þegar úr því greitt, hve mikla erfiðleika og kostnað sem það hefði í för með sjer. Og það var því í raun og veru mjög eðlilegt um oss þingmenn utan af landi, að oss kæmi í hug, þá er vjer fengum þessa kvaðningu í mestu harðindum vetrarins, að eitthvað lægi sjerstaklega á, velferð landsins væri hreint og beint í veði. En það held jeg, að engum okkar, sem ekki vorum neitt sjerstaklega „innvígðir“ í áform stjórnarinnar, hafi getað til hugar komið, að þá er vjer værum komnir til þings með miklum erfiðismunum og jafnvel lífshættu, þá væru málin, sem þingið var kvatt saman til að fjalla um, eins laklega undirbúin af hendi stjórnarinnar eins og raun varð á. Vjer gátum ekki hugsað annað en að alt væri svo vel fyrir búið, að þingið gæti þegar gengið að verki með stjórninni. Að minsta kosti get jeg sagt það fyrir mig, og því var það, að jeg þóttist ekki geta varið það fyrir kjósendum mínum, nje minni eigin samvisku, að sitja heima, enda þótt þessi ferð reyndist stórhættuleg bæði heilsu og lífi manna, og munu þeir, sem voru förunautar mínir, best geta borið mjer vitni um, hve geðsleg sú för var.

Það er ekki tilgangurinn með aukaþingum, að þau skuli kveðja saman til almennra löggjafarstarfa. Þeim störfum er vanalega svo varið, að þau geta landinu að skaðlitlu beðið næsta reglulegs Alþingis. Jeg segi að skaðlitlu, svo að ekki sje ástæða til þess að kasta út tugum þúsunda til aukaþinga þeirra vegna. Aukaþing á ekki að kalla saman til venjulegra löggjafarstarfa, heldur til þess að ráða til lykta málum, sem ekki mega dragast, annaðhvort af lagalegum ástæðum, eins og t. d. stjórnarskrárbreytingar, eða öðrum knýjandi ástæðum, nema til stórófarnaðar fyrir landið. Þótt allir geti nú skilið, að nú á tímum sje meiri nauðsyn til aukaþingshalds en á „normal“-tímum, þá er þó hins að gæta, að einmitt sökum þess, hve þessir tímar eru tvísýnir og ótryggilegir, þá hefir þingi einmitt veitt stjórninni miklu fremur en ella óbundnar hendur til þess, að hún geti upp á sitt eindæmi ráðið fram úr þeim vandamálum, sem nú má einlægt búast við að beri óvörum að. Auk þess hefir stjórnin einlægt þau ákvæði,

sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir, að hún getur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Það er svo sem auðvitað, að á „normal"-tímum fer stjórnin varlega í þessu, en á þessum tímum getur hún oft verið neydd til að grípa til þess úrræðis. Og jeg skil ekki, að nokkurt þing á Íslandi geti verið svo ósanngjarnt, að finna stjórninni það til foráttu, þótt hún geri þetta, í stað þess að setja af stað þetta bákn, sem þingið er, með öllum sínum kostnaði og umsvifum.

Jeg álít nú, eins og fjárhag vorum er komið, að stjórninni beri að taka fult tillit til fjárhagsástandsins og baka ekki þjóðinni kostnað, nema það sje í alveg óhjákvæmilegu bjargráðaskyni fyrir landið. Líti maður nú á, hvernig sakir stóðu, er vjer komum til þessa þings, hygg jeg, að mörgum hafi flogið í hug sú hugsun, að fullsnemma væri hingað komið. Að vísu var það svo, að laust fyrir miðjan vetur fóru að berast út hviksögur um, að von væri á einhverjum samningum við Dani, sem ættu að fara fram í Reykjavík um það mál, sem nú má telja mál málanna hjá oss, sem sje fánamálið. En þetta voru þó að eins hviksögur, sem ekki var vissa fyrir hve miklar reiður mátti á henda.

Að vísu heyrðum við, að stjórnin hefði haft fundi með þeim þm., sem hún gat náð til, og skal jeg ekki lasta það, en þess hefðu þó þm. úti um land mátt vænta, að fá einhverja vitneskju frá stjórninni um það, hverja nauðsyn bæri til að kalla þá saman, en það hafa þeir ekki fengið. En eins og jeg hefi áður tekið fram, þóttumst við vissir um, að eitthvað mikið væri í húfi.

Það skal enn fremur tekið fram, að jeg álít, að þótt samningaumleitanir hefðu verið komnar lengra en nú er á daginn komið, og jafnvel þótt málið hefði verið svo vel undirbúið, að þingið hefði strax getað tekið það til meðferðar þegar suður kom, þá hefði ekki verið mikið í hættunni, þótt þinghaldinu hefði verið frestað fram á vorið, er þm. gátu lífshættulaust eða lífshættulítið ferðast hingað. Við sem sagt bjuggumst við, að eitthvað væri á ferðinni, sem enga bið þyldi og stjórnin alveg ómögulega gæti ráðið fram úr upp á sitt eindæmi, hversu vitur, einbeitt og úrræðagóð sem hún væri. En í mínum augum er ekkert það enn þá komið fram, sem rjettlætt geti þá ráðstöfun stjórnarinnar, að kalla þingið saman á þessum tíma, og þess vegna hefi jeg borið fram þessa fyrirspurn; bjóst jeg við að fá svarið strax er jeg kom á þing, en það er enn þá ókomið.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil fyrst gera þá athugasemd, að það svar, er jeg gef hjer, er aðallega fyrir minn reikning eins, og þótt jeg búist við, að ráðuneytið í heild sinni muni vera líkrar skoðunar í aðalatriðunum, þá er jeg hjer aðallega sá, sem ábyrgðina ber og um er að kenna, því að þau mál, sem snerta Alþingi sjerstaklega, kvaðning þess o. s. frv., heyra undir mína deild. Auk þess má geta þess, að einn ráðherrann, atvinnumálaráðherrann, var helst þeirrar skoðunar, að efasamt væri, hvort þörf væri á að kalla aukaþing þetta saman fyr en á venjulegum tíma, eða í júlí, þótt hann gæfi samþykki sitt til þess, að það væri kvatt saman 10. apríl. Fjármálaráðherra var aftur eindregið þeirrar skoðunar, að kalla ætti þingið saman eigi síðar en gert var.

Þegar jeg var að leggja af stað á konungsfund í fyrra vor, þá fjekk jeg tilmæli um það frá stjórn Sjálfstæðisfjelagsins að reyna að koma því til leið-

ar í utanför minni, að fullkominn verslunarfáni fengist fyrir Ísland. Jeg reyndi fyrir mjer um þetta og ræddi málið meðal annars við forsætisráðherra Zahle. Tók hann það fram, að hann hefði ekki búist við því, að þetta mál yrði tekið svona fljótt upp aftur, og minti á ummæli sín í ríkisráði 22. nóv. 1913, að frekari aðgerðir í fánamálinu, eða breytingar á hinum almenna siglingafána fyrir utan landhelgi, yrði að bera undir ríkisþing Dana, og að hann ekki gæti sætt sig við það, að þetta mál væri tekið út úr, heldur teldi hann, að rjett væri, ef fara ætti að breyta sambandinu milli landanna, að taka þá upp í einu alt sambandið milli landanna. Annars var það talið þar í Danmörku óráðlegt af sumum að taka þessi mál upp meðan á ófriðnum stæði, og þá sjerstaklega fánamálið. Frá þessu skýrði jeg þingmönnum, er Alþingi kom saman í fyrra sumar. Jeg þóttist ekki geta færst undan að þreifa fyrir mjer um þetta mál, þótt jeg hefði ekki fengið tilmæli um það, nema frá einum stjórnmálaflokki, sem ekki skipar nema minni hluta þings, því að fyrst og fremst taldi jeg alla þingmenn mundu vera samhuga í málinu, og þar að auki mundi allur þorri þjóðarinnar þessu máli eindregið fylgjandi. — Sú varð og raunin á, að þingið alt var hjer á sama máli og afrjeð að halda málinu fram. Og þótt í fyrstu væri lítið eitt deilt um það, hvort rjettara væri að samþykkja frumvarp um fána eða þingsályktun um útvegun konungsúrskurðar um fullkominn siglingafána, þá hurfu allir þingmenn að því ráði, að fara þingsályktunarleiðina, en það var tekið fram, að þótt svo væri að farið, þá væri þingviljinn hinn sami, sem lög væru samþykt. Eftir þeim undirtektum, sem jeg hafði fengið um vorið, var ekki örgrant um, að þingið bæri kvíðboga fyrir því, að komið gæti fyrir, að erindið um fánann fengi ekki áheyrn, en þingið vonaði þó, að þegar það sæist, að alt þingið væri einhuga með þjóðina að baki sjer, þá mundi sigurvænlegt. Því kom sú spurning fram á þinginu í fyrra, hvort ráðuneytið ætlaði að gera synjun um fánann að fráfararefni; það varð þá að ráði, með samþykki þingsins eða viðkomandi nefnda, að gera það ekki milli þinga, því ófært þótti, að landið væri stjórnlaust nokkra stund á þessum tímum, en skjóta skyldi málinu til þingsins á þann hátt, sem jeg gerði á ríkisráðsfundi 22. nóv. f. á., ef synjað væri um fánann.

Nú stóð svo á, að ráðuneytið tekur að sjer að flytja erindi fyrir þingið, erindi, sem bæði þing og þjóð leggja afarmikla áherslu á að fram gangi, en ráðuneytið fær synjun hjá hans hátign konunginum. Eftir rjettum reglum hefði nú ráðuneytið átt að gera synjunina að fráfararefni, en eftir því, sem í garðinn var búið, er ekki hægt að saka það fyrir, þótt það gerði þetta ekki, en þar með var alls ekki loku fyrir það skotið, að þingið gæti ekki krafist þess, er það kom saman, að ráðuneytið, eða jeg sjerstaklega, færi frá. Þingið hafði fullan rjett á að segja við mig: Þú hefir tekið að þjer að flytja erindið um fánann, erindi, sem mjer var umhugað framar öðru. Þjer hefir mistekist. Þú verður því að fara. Þetta vakti fyrir mjer, er synjað var um fánann, og því útvegaði jeg samstundis heimild til að kveðja þingið til fundar hve nær sem væri á árinu 1918, með það í huga að gera það sem fyrst, enda leit jeg svo á, að málið væri að öllu svo vaxið og það komið í það horf, að þingið ætti beint heimting á því, að fá að fjalla um það sem fyrst. Það var því stjórnar-

farslega fyllilega rjettmætt að kalla þingið saman svo snemma á þessu ári, sem fært þótti. Þess vegna hefði þessi fyrirspurn miklu fremur átt að vera orðuð þannig: Hvers vegna var þingið ekki kvatt til fundar fyr en 10. apríl. En þar til er svarið vitanlega, að þetta dróst svo vegna tíðarfarsins í vetur, íshindrana og hörku.

Þetta, sem jeg nú hefi talað, er að minni hyggju eitt ærið nóg til þess að sýna, að það getur ekki komið til mála að saka stjórnina fyrir það, að ekki var dregið lengur en gert var að kalla þingið saman.

En, segja sumir, það átti ekki að taka upp fánamálið í fyrra, það varð fyrirfram vitað, hvernig fara mundi, en tímarnir eru þannig, að um annað er fremur að hugsa. Enginn skyldi ætla, að þeir, sem þannig líta á málið, sjeu verri Íslendingar en hinir, eða síður ant um að fá fánann. Það er eins og áður; markið er hið sama, en vegirnir einatt ekki hinir sömu. Það hafa auk heldur komið fram í blöðunum raddir í þá átt, að þingið hafi ekki átt með að koma fram með fánamálið, það hafi ekki verið til þess kosið. Mjer virðist hjer kenna mikils misskilnings. Alþingi er auðvitað til þess kjörið að ráða öllum málum þjóðarinnar, með þeim takmörkum einum, sem stjórnarskráin setur. En þá er hin ásökunin, að það hafi verið óhyggilegt að fitja upp á fánamálinu einmitt nú. Rjettara að bíða til ófriðarloka. — Jeg skal nú ekki tína ástæður þær, er færðar hafa verið fyrir því, að oss sje einmitt nú svo afarnauðsynlegt að fá fullkominn fána viðurkendan; um það hefir verið deilt. En jeg hygg, að málið sje ofureinfalt, ofurljóst, ef menn gefa sjer tíma til að athuga allan haginn, allan aðdraganda.

Frá upphafi hefir vakað hjá oss öflug og lifandi tilfinning þess, að vjer erum sjerstök þjóð, sem byggjum eigið land og höfum eigna tungu, með öðrum orðum: þjóðernistilfinningin hefir jafnan verið vakandi hjá oss. Jafnvel á hinum mestu niðurlægingartímum þjóðarinnar hefir þjóðernistilfinningin þó ekki sofið. — Jeg skal ekki fara mikið út í stjórnmálasögu landsins, að eins minna á það, að síðan fyrir miðja síðustu öld hefir hin íslenska þjóð barist fyrir því að fá það viðurkent, að vjer eigum rjett á að ráða öllum vorum málum og að vjer sjeum ekki undir yfirdrotnun annarar þjóðar gefnir. Þótt vegir hinna ráðandi manna hjer hafi ekki ávalt verið þeir sömu, þá hefir markið þó verið eitt, viðurkenning á fullrjetti. Sýnilegt tákn þjóðernisrjettarins er fáninn, en þýðing fána, sem tákn þjóðernis, kemur í rauninni svo að segja eingöngu fram í rjettinum til að hafa hann á skipum hvers lands. Nú fengum vjer 1913 viðurkendan rjett vorn til þess að hafa eigin fána að þjóðernistákni á íslenskum skipum innan landhelgi Íslands, en í siglingum til annara landa megum vjer ekki sýna þannig þjóðerni vort, heldur verðum að hafa þjóðernisfána Danmerkur. Fyrir mjer hefir það ávalt staðið svo, sem það væri í rauninni fremur lítils virði út af fyrir sig að hafa leyfi til að sýna þjóðernisfána á skipum landsins að eins í landhelgi, eða með öðrum orðum að eins heima fyrir, en vera fyrirmunað að gera það annarsstaðar, eða einmitt þar, sem aðallega er ástæða til þess. Það, sem ávanst 1913, tel jeg samt mjög mikils virði, en að eins sem spor í áttina til marksins, viðurkenningar fullkomins siglingafána. — Að ekki hefir verið fylgt fastara fram fullkomnari fánakröfu

hingað til hygg jeg að hafi komið meðfram af því, að hin almenna skoðun var sú, — og skal jeg viðurkenna, að jeg fyrir mitt leyti hjelt þeirri skoðun fram, — að ekki fengist viðurkendur fullkominn íslenskur siglingafáni, nema áður væri fengið viðurkent fullveldi landsins, eða þá að minsta kosti viðurkent um leið. Nú hafa þeir hlutir, sem eru að gerast í heiminum, breytt mörgu í skoðunum manna, afmáð ýmsar kreddur, og umsteypt ýmsu, er áður voru talin svo sem trúaratriði. Nú ætti ekki að þurfa að búast við því, að fánakrafa vor strandaði á kreddum einum. — Og það er eitt sjerstaklega, sem mjer finst að ætti að gera það skiljanlegt, að fánakrafan fjekk byr undir báða vængi, og það er það, að nú er haldið mjög á lofti í umheiminum þjóðernisrjettinum, rjetti smáu þjóðanna, sem hinna stærri. Það hlýtur að hafa áhrif á Íslendinga að sjá höfðingja hinna voldugu þjóða í orði viðurkenna þetta, sem stöðugt hefir haldið uppi staðfestu vorri og djörfung í sjálfstæðisbaráttu vorri. Það mátti því telja það nær því eðlisnauðsyn, að þessi sjerstaka þjóðerniskrafa vor, fánakrafan, kæmi fram einmitt nú. — En eins og sagt er, strandaði hún á mótstöðu frá Dana hálfu.

Þegar það var ráðið, að synja skyldi um fánann, þá var því hreyft af Dana hálfu, að rjett væri að reyna heldur almenna samninga, og jafna á þann hátt í einu öll deilumál milli landanna, heldur en að taka svona eitt mál út úr hinum sameiginlegu málum, sem svo eru talin. Það væri mjög svo þreytandi, þessar deilur um einstök atriði, hvert eftir annað, og spilli góðri sambúð yfirleitt. Jeg hjelt því fram, að almennar samningsumleitanir ættu ekkert að koma fánamálinu við; það væri einungis íslenskt mál og kæmi ekkert hinum sameiginlegu málum við, og gæti jeg því ekkert tekið í þessa uppástungu um almenna samninga í sambandi við fánamálið. Zahle kvaðst vel skilja þessa afstöðu mína, eftir því sem skoðun Alþingis væri á málinu, en hann væri nú á annari skoðun. Að öðru leyti ljet jeg það þá í ljós, að jeg hefði ekkert umboð til að taka undir uppástunguna um samningaumleitanir, að jeg gæti ekkert sagt um það, hvort Alþingi væri fúst til að taka þær upp, enda ljet jeg í ljós, að jeg væri ekki sjerlega vongóður um, að hepnast mundi að ná samkomulagi í einu um alt. Því var þá og um leið skotið fram frá Dana hálfu, að hentugt mundi má ske að taka upp samningaumleitanir á þann hátt, að maður eða menn kæmu hingað frá Danmörku í því skyni. Jeg fór svo frá Kaupmannahöfn í vetur, að jeg hafði alls enga afstöðu tekið til þessa samningaboðs; að eins ljet jeg það í ljós, að ef til þess kæmi, þá teldi jeg líklegustu leiðina, að sendimaður eða menn kæmu hingað.

Þegar jeg kom heim, skýrði jeg þeim þingmönnum, er náð varð saman hjer, frá afdrifum fánamálsins, og ljet þess um leið getið, að kostur væri á almennum samningum. Í fyrstu voru undirtektirnar undir það fremur daufar, en nokkru síðar hreyfði jeg málinu aftur við allmarga þingmenn, og taldist þá mega gera ráð fyrir, — þar sem því hafði verið skotið fram frá Dana hálfu, — að sendimenn kæmu hingað. Allir þeir þingmenn, sem jeg þá talaði við, tóku vel í málið, og þóttist jeg því geta skrifað það til Danmerkur, að útlit væri fyrir, að þingið mundi gera það, og frá þessu skýrði jeg. Þegar Alþingi kom saman, hnigu allir flokkar þingsins að því ráði, að hafna ekki tilboðinu um

samningaumleitanir, en jafnframt skýrði jeg hinum aðiljanum frá því og ljet skýra, að jeg hefði reift málið á þeim grundvelli, að maður eða menn kæmu hingað. Það er því auðsætt, hve fjarri sanni það er, að vjer höfum heimtað samninga í ákveðnu formi eða ákveðnum stað. Vjer höfum að eins tekið kurteisu boði. Þegar brjef mín um, að sennilegt væri, að Alþingi tæki vel í málið, komu til Danmerkur, var komið nálægt kosningunum þar, og fjekk jeg þá það svar, að danska stjórnin gæti ekkert frekar átt við málið fyr en eftir kosningarnar. Mjer kom þetta á óvart, því að mjer hafði verið sagt, að tilboðið um upptöku samninga, eins og reyndar alt, sem kæmi frá Dana hálfu í Íslandsmálum, væri gert með ráði allra flokka þar. Þess vegna hafði jeg ekki ástæðu til að ætla, að sending manna hingað stæði svo í sambandi við kosningarnar þar, að þeir gætu ekki komið hingað fyr, þótt jeg gæti ímyndað mjer, að samningum kynni ekki að verða lokið fyr en eftir að ríkisþingið kæmi saman að kosningunum loknum; en sendimenn hlutu að geta borið sig saman við Danastjórn í símskeytum. Að kosningarnar í Danmörku stæðu þannig í sambandi við sendiför hingað skildi jeg ekki þá, því síður, sem það var eins vel búist við því, er um þessar samningaumleitanir var talað í Kaupmannahöfn í vetur, að þingið kæmi saman enn fyr en varð.

Drátturinn frá Dana hálfu verður reyndar nokkuð skiljanlegri nú, er vitneskja er fengin um, að bryddir á því, að þetta mál sje orðið að deiluefni milli flokkanna í Danmörku. En þótt jeg hefði vitað fyrirfram, að þessi dráttur yrði, þá hefði jeg samt ekki talið forsvaranlegt að draga það lengur en gert var að kveðja þingið til fundar. Áður en þingið kom saman og svar þess var fengið um samningsboð Dana gat danska ráðuneytið ekki gert frekara í málinu, og það mátti altaf búast við, að einhvern undirbúning þyrfti frá Dana hálfu, áður en sendimenn kæmust af stað, ef svar Alþingis yrði játandi. Á hinn bóginn er það vitanlegt, að því meiri dráttur, sem orðið hefði á því, að Alþingi kæmi saman, því meiri dráttur hlaut að verða á öllum þessum málum, en mjög mikið tómlæti frá vorri hálfu í málunum þótti mjer lítt sæmandi. — Jeg verð því að halda því fram, að einnig með mögulegar samningaumleitanir fyrir augum hafi ekki verið fært að draga lengur en gert var að kveðja þingið saman. En þessa dagana verður úr því skorið, hvort af samningaumleitun verði.

Jeg gat um það, að raddir hafi heyrst um það, að það hafi verið órjett af þingi og stjórn að vera að taka þessi mál upp nú, fánamálið eitt, eða sambandsmálið í heild. Er talið, að sje vitanlegt, að Dönum er þetta viðkvæmt mál og verði heldur til að vekja gremju hjá þeim, og ef samninga verði leitað, en ekkert samkomulag fengist, þá sje ver farið en heima setið, því að þá muni spilt vinfengi Dana, en Danir hafi verið oss mjög innan handar og hjálpað og aðstoðað á margan hátt, meðan á ófriðnum hefir staðið, og þessi hjálp sje oss nauðsynleg.

Það sje fjarri mjer að gera lítið úr þeirri greiðasemi, sem vjer njótum hjá Dönum, án þess að vjer látum nokkuð í móti. Mjer hefir fallið það illa, er jeg hefi sjeð þetta vanþakkað og gert lítið úr í blöðum hjer á landi, en sem betur fer hafa og heyrst raddir í blöðunum, sem viðurkenna greiðasemi Dana. Mjer er það kunnnugra en flestum öðr-

um, með hve mikilli greiðasemi og góðum hug dönsk yfirvöld og stofnanir hafa greitt fyrir viðskiftum vorum. Og hefir þetta verið af atriði meðal annars fyrir skipakaup vor, vörukaup og peningalán. Vjer höfum fengið skip vor frá Danmörku, Lagarfoss, Willemoes og Borg. Þetta hefðum vjer ekki fengið annarsstaðar á sama tíma, án nokkurs greiða móti, því að alstaðar er þess gætt, svo sem verða má, að verslunarflotinn minki ekki. Útflutningsbann er á skipum, og sala til annnara landa eigi leyfð á þeim, nema einhver fríðindi komi á móti, önnur en kaupverðið. En Danir hafa viðstöðulaust veitt útflutningsleyfi á skipum til Íslands og greitt fyrir leigu á þeim. Sterling fengum vjer að vísu frá Svíþjóð, en að eins fyrir milligöngu Dana, og gegn mikilsverðum greiða frá þeim. — Yfirleitt hefir jafnan verið útflutningsleyfi á vörum hingað frá Danmörku, og höfum vjer fengið mikið þaðan af nauðsynjavörum; skal jeg að eins nefna rúgmjöl og sykur. Rúgmjöl hefir numið nú síðast 5000 tons um árið, sykur síðustu árin 1000 tons, og hefir þetta ekki verið gróði fyrir Danmörku, því að þá hefði mátt fá bæði miklu meira verð fyrir þetta annarsstaðar en hjer, og auk þess einhver hlunnindi á móti.

Peningalán fengum vjer allmikið hjá 5 stærstu bönkunum í Kaupmannahöfn í fjelagi við íslensku bankana, 7½ miljón króna, þar af 1⅓ miljón frá íslensku bönkunum, og hjá einum hinna nefndu 5 banka, Handelsbanken, sem jafnan hefir sýnt Íslandi velvild, þar að auki 2 miljón króna lán, auk dálítils hlaupareikningsláns. Vaxtakjörin voru sanngjörn af hálfu dönsku bankanna, eftir því sem nú gerist og þegar ræða er um lán til annars lands. Yfirleitt eru löndin nú lítið fyrir að veita erlend lán, nema gegn miklum beinum og óbeinum hagnaði. Við lántöku þessa, sem um tíma átti örðugt uppdráttar, naut jeg aðstoðar forsætisráðherra Zahle og fjármálaráðherra dr. Edvard Brandes. Auk þess leyfði dr. Brandes, að 2½ miljónar skuld, sem Ísland var komið í við ríkissjóðinn danska, mætti standa vaxtalaust og afborgast eftir hentugleikum. Jeg bauð, að greiddir væru vextir af skuldinni, er hún væri orðin svona há, en dr. Brandes vildi ekki heyra það, og sagði, að þessi viðskifti væri nú orðin yfir 40 ára gömul og aldrei reiknaðir vextir. Síðar hefir fjármálaráðherra boðið vexti.

Jeg sagði, að dönsk stjórnarvöld hefðu sýnt oss velvild og greiðasemi. Þetta á ekki síst við utanríkisráðherra Scavenius, sem jafnan hefir tekið í málaleitanir hjeðan með velvilja og fullum skilning á aðstöðu vorri. Það má nefna það, að það var góðri milligöngu hans meðal annars að þakka, að vjer fengum Sterling, og ekki síst ber að láta þess getið, að hann hefir alls ekki blandað sjer í þær ráðstafanir, er Ísland hefir gert á ófriðarárunum í beinum viðskiftum við erlend ríki, svo sem í samninga og sendifarir til London og Vesturheims. Þetta afskiftaleysi hans hefir ekki líkað öllum fyrir handan Pollinn, en jeg heyrði haft eftir honum, að hann hefði svarað einhverjum, sem að þessu var að finna, að sjer virtist Íslendingar hafa komið vel ár sinni fyrir borð, og það væri ekki ástæða til annars fyrir Dani en að gleðjast af því.

Þótt jeg fúslega viðurkenni alt þetta og þyki leitt, að það skuli ekki alment metið hjer að verðleikum, þá teldi jeg það illa farið, ef það hefði nokkur áhrif á afstöðu vora í sjálfstæðismálunum eða

tefði nokkuð viðleitni vora við að fá viðurkendan fullan þjóðernisrjett vorn. Jeg er þess fullviss, að þeir, sem mestu hafa ráðið um allar þessar fyrirgreiðslur í Danmörku, hafa ekki látið sjer detta í hug, að með þessu væri keyptur nokkur afsláttur á sjálfstæðiskröfum vorum.

En setjum svo, að þær raddir hefðu eitthvað til síns máls, sem telja það rangt af þingi og stjórn að fara nú af stað með fánamál og önnur mál, sem Danir kysu heldur að kyr lægju, þá hefði samt verið ástæða til að kalla þingið saman sem fyrst, því að þá væri stjórnin í alvarlegri sök, og bætti það ekki fyrir henni að skjóta sjer undir þingið, því að engin stjórn má taka að sjer að flytja mikilsvert mál, sem ekki er rjettmætt, bæði að efni og tíma, og missýnist henni í því eða mistakist, þá á hún að fara frá, hvern þátt sem þingið svo hefir átt í því.

Hvernig sem litið er á þessi mál, þá virðist mjer einsætt og ómótmælanlegt, að borið hafi, eftir rjettum stjórnarfarsreglum, að kveðja þingið saman eigi síðar en gert var, og að það hafi alls ekki mátt dragast lengur.

Þá virtist mjer þörf á því að kalla þingið saman vegna vandræða þeirra, sem af styrjöldinni stafa. Það var talið sjálfsagt í þinginu í fyrra, að aukaþing yrði í ár, en ekkert um það sagt, á hverjum tíma. Nú lít jeg svo á, að ástandið sje þannig, að í rauninni væri heppilegast, þannig, að í rauninni væri heppilegast að þingið væri stöðugt saman. — Það er altaf nóg um að hugsa og úr að ráða, ef menn að eins vilja skilja, að nú eru aðrir tímar en venjulega.

Það má heita, að vjer Íslendingar höfum enn sem komið er ekki orðið mikið varir óþæginda af ófriðnum, í samanburði við flestar aðrar þjóðir. En nú erum vjer að byrja að finna til þess fyrir alvöru. Vjer verðum að haga oss svo og búa oss svo út, sem stöðugt þrengi meir og meir að. Enginn veit, hve nær ófriðnum linnir, en hitt veit hver maður, að nú muni fara hríðversnandi fyrir hlutlausar þjóðir, og þá ekki síður fyrir oss.

Ráðuneytið þóttist sjá fram á, að tímar þeir, er nú fara í hönd, mundu verða mjög örðugir fyrir landið, framleiðsluskilyrðin fyrir vörur til að senda á erlendan markað versna, og má ske verða þannig, að ekki væri unt yfir höfuð að framleiða, að örðugleikar á því að fá nauðsynjavörur að verði æ meiri og meiri, og þær vörur sjerstaklega hækka í verði, svo að nauðsynlegt yrði að takmarka sem mest kaup á vörum frá útlöndum. Það er sem sje augljóst, að ef mikið af afardýrum neysluvörum er keypt frá útlöndum, en vörur þær, er vjer höfum á móti að láta, eru framleiddar með skaða, eða þannig, að það í rauninni hreint peningalega borgaði sig betur út af fyrir sig að framleiða þær ekki, þá sekkur landið fljótt í óbotnandi skuldir við útlönd.

Ráðið við þessu er að reyna að láta landið sjálft framleiða sem mest af því, sem vjer þurfum að nota, því að jafnvel þótt sú framleiðsla verði kostnaðarsöm, þá verður landið í heild ekki fátækara fyrir hana. Nú er það vitanlega aðallega sumartíminn, sem notaður er hjer til framleiðslunnar, og ráðuneytið taldi, að ekki væri of fljótt til tekið, þótt farið væri þegar á þessu sumri að gera kröftugar og almennar ráðstafanir í þessa átt. Það hafði hugsað sjer, að þingið mundi vilja taka höndum saman við stjórnina um þetta, og þá varð þingið

að koma saman fyrir sumarið. Það yrðu engar slíkar ráðstafanir gerðar á sumrinu, ef þingið kæmi ekki saman fyr en í júlí. Nú heyri jeg þingmenn segja, að stjórnin hafi ekki lagt svo mikið fyrir þingið í þessa átt. Það er að vísu að nokkru leyti rjett. Þó voru lögð fyrir það í byrjun tvö frumvörp, bæði um dýrtíðarhjálp og fráfærur. Það er kunnugt, hvernig fór fyrir fráfærnafrumvarpinu, sem átti að vera nokkurskonar prófsteinn á því, hvort þingið vildi hallast að þeirri stefnu að reyna að framleiða sem mest af mat til neyslu í landinu. Það er og kunnugt, hve erfitt dýrtíðarhjálparfrv. stjórnarinnar hefir átt uppdráttar. Landsstjórnin hefir látið vinna kol á Tjörnesi; það hefir orðið skaði fyrir landssjóð af námunni, en að minni hyggju ekki skaði fyrir þjóðina. Nú vilja þingmenn helst hætta við þessa framleiðslu. Stjórnin telur nauðsynlegt að hafa heimild til að veita atvinnulausu fólki atvinnu. Það vill þingið ekki leyfa.

Jeg býst við, að þegar svona er ástatt, þá sje eðlilegt, að stjórnin sje tregari til að hafa frumkvæði að till. til bjargráða. Annars hafði stjórnin hugsað sjer, að samvinnan milli þingsins og hennar yrði má ske ekki nú fólgin svo mjög í tilbúningi fjölmargra lagafrumvarpa, heldur í því, að taka saman ráð sín um það, hvernig fá má þjóðina til að spara alt, sem sparast getur, setja t.a.m. niður kornvöruskamtinn svo sem verða má, uppörfa þjóðina til að afla sjer innlendra ætigrasa, fjallagrasa o. s. frv., leiðbeina í notkun fæðunnar, má ske gera ráðstafanir til, að ungir vinnufærir menn og konur, sem ekki starfa annars að framleiðslu, gerðu það um tíma, svo sem í þegnskylduskyni. En jeg verð að segja það, að hingað til virðist mjer, sem hv. þm. hafi ekki haft fullan skilning á nauðsyninni á sjerstökum ráðstöfunum í þessa átt.

Og ef ekkert breytist hugur þeirra að þessu leyti, þá verð jeg að játa, að þessara mála vegna gerir má ske ekki svo mikið til, hvort þingið kom saman fyr eða síðar. En jeg vona, að augu hv. þm. hafi þessa dagana lokist upp fyrir alvörunni, og að þeir skilji betur, hvert stefnir, ef ekki er tekið til kröftugra ráða í tíma. Og þá er ekki ófyrirsynju þingið saman komið heldur fyr en síðar.

Þá var það vitanlegt, að hagur landssjóðs var að verða mjög athugaverður og að einhver ráð þurfti að finna til þess að útvega honum tekjur. Nú er óhætt að byggja á því, að að minsta kosti tvö tekjufrumvörp stjórnarinnar, sem lögð hafa verið fyrir þetta þing, verði að lögum 2——3 mánuðum fyr en orðið hefði, ef þingið hefði ekki komið saman fyr en í júlí. Það, sem landssjóði græðist við það, að lögin komast þessum mun fyr í gildi, ætti að minsta kosti að verða nóg til að borga þingkostnaðinn.

Jeg þykist með því, sem jeg hefi tekið fram, hafa sýnt það og sannað, að það hafi ekki að eins verið forsvaranlegt að kveðja þingið saman þegar gert var eða ekki síðar, heldur hefði annað verið óverjandi.

Þá hefi jeg svarað fyrirspurninni alment, eins og hún lá fyrir á þgskj. Öðru því, sem hv. fyrirspyrjandi (S. St.) tók fram í ræðu sinni, er þar með í rauninni fullsvarað, svo að eigi virðist þurfa að rekja þetta mál frekar. Þó skal jeg geta þess, að mjer virtist hann gera ærið mikið úr örðugleikum þm. við þingför í vor. Það er ekki langt síðan, að lögmælt voru vetrarþing, og sýnir það, að menn hafa ekki talið ókleift að fara til þings, jafnvel um miðjan vetur. Jeg hygg, að hv. þm. (S. St.) hafi haft ferð

sína sjerstaklega í huga, er hann gerði þetta atriði að umtalsefni; hún mun að vísu hafa verið erfið. En jeg get ekki svarað neinu góðu til, þó að hann eða aðrir þm. kvarti undan þessum örðugleikum. Hv. þm. verða að sætta sig við að koma til þings þegar kallað er. Hitt getur altaf komið fyrir hjer, að menn hreppi ill veður á ferð, sjerstaklega á sjó, jafnvel á sumrin. Þegar rætt var um það fyrir skemstu hjer á þingi, hvort rjettara væri að hafa regluleg þing á sumrum eða vetrum, þá voru mjög skiftar skoðanir um þetta. Þessi umkvörtun um tímann virðist því ekki á miklum rökum bygð.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Stefánsson): Hv. deild getur verið forsætisráðherra þakklát fyrir hina fróðlegu skýrslu, er hann gaf um tildrög fánamálsins og horfur þess, og lofsöng hans um hjálpsemi og velgerðir Dana oss til handa. En hins vegar skal jeg láta þess getið, að meginið af ræðu hans snerti alls ekki fyrirspurnina, eins og hún liggur fyrir. Hún gaf enga ástæðu til, að farið væri að rekja sambandsmálið eða afstöðu hæstv. forsætisráðh. og Dana til fánamálsins. Hún gaf ekki heldur tilefni til þeirra hugleiðinga, hvort undirtektir Dana undir málið hefðu verið að rjettu lagi fráfararefni fyrir hann. Yfirleitt lá ræða hæstv. forsætisráðh. fyrir utan umtalsefnið. Hins vegar var hún fróðleg, og líklega eina skýrslan, sem þingið hefir fengið um framkomu hans í þessu máli, en hana hefir mjer aldrei dottið í hug að víta.

Fyrirspurn mín hljóðar að eins um tímann, sem hæstv. stjórn þóknaðist að ákveða, að þingið skyldi koma saman á, en um annað fjallar hún ekki. Hæstv. forsætisráðh. sagði, að það hefði verið stjórnarfarslega rjett að kalla þingið svona snemma saman. Það má deila um það, en þó það nú hefði aldrei verið nema stjórnarfarslega rjett, þá getur þó vel verið, að mörg atvik liggi til þess, að ekki sje rjett að fylgja þeirri reglu út í æsar, og þau atvik liggja einmitt fyrir í vetur. Jeg hafði aldrei nokkuð við það að athuga, að þingið yrði kvatt saman á þessu ári, en það, sem jeg tel stórkostlega athugavert, var, að það skyldi vera kvatt saman 10. apríl. Og þótt það hefði aldrei verið annað en stjórnarfarslega rjett í eðli sínu, þá gat það líka verið stjórnarfarslegt glapræði að kalla það saman á þessum tíma, og vil jeg nú færa rök fyrir, að svo hafi verið. Þar sem hið mikla vandamál þings og þjóðar — fánamálið, eins og maður nú hefir heyrt, — var aðalorsök þess, að þingið var kvatt saman, og þar sem það eitt gerir það stjórnarfarslega rjett í augum hæstv. forsætisráðherra að kalla þingið svona snemma saman, þá verð jeg að lýsa því yfir, að það var ekki síður stjórnarfarslega viðeigandi, að þingið hefði getað þegar í byrjun snúið sjer að því máli og tekið þar til óspiltra málanna. En nú höfum vjer þegar beðið í tvo mánuði og þetta mál enn ekki tekið á dagskrá og ekkert að því unnið opinberlega, nema hvað ein nefnd hefir eitthvað verið að rjála við það í mesta pukri. Hvaða gagn hefir þá fánamálið haft af því, að þingið var kvatt saman 10. apríl? Jeg sje það ekki. Eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, þá álít jeg, að þegar um aukaþingskvaðningu sje að ræða, þá verði maður að heimta það af stjórninni, að hún hafi gert alt, sem í hennar valdi stóð, til þess, að þm. sætu ekki iðjulausir í því máli, sem vera átti aðalverkefni aukaþingsins. En er nú þetta

svo? Það er svo langt frá því, því við erum ekki hænufeti nær samningum við Dani nú heldur en fyrir tveimur mánuðum. Og hverjum er þetta að kenna? Jeg kenni það stjórninni og engum öðrum. Hún kallar okkur til þings án þess að hafa minstu tryggingu fyrir því, hve nær þetta stórmál geti komið til athugunar í þinginu.

Við þingm. hlýðum auðvitað kallinu og komum í þeirri góðu trú, að alt sje vel undirbúið, en þá verðum við fyrir þeim miklu vonbrigðum, að málið er ekki tilbúið. Og vonbrigðin verða enn þá meiri þegar litið er á, hve nauðafátækleg þau frv. voru, sem stjórnin lagði fyrir þingið. Það var svo sem ekki því að heilsa að hún fyrir sitt leyti fengi þinginu nægilegt viðfangsefni, meðan það var að bíða eftir fána- eða sambandsmálinu.

Það er þegar öllum augljóst, að þingið hefir verið kvatt saman 5—6 vikum of snemma.

Það er ekki ríflega í lagt, þótt talið sje, að þingið kosti 1000 krónur á dag í 5—6 vikur verða það 35—42 þús. kr., sem ófyrirsynju er eytt í þinghaldið. Svo bætist þar við gífurlegur ferðakostnaður þingmanna á þessum versta tíma ársins. Flutningur vestfirskra þingmanna frá Ísafirði til Reykjavíkur kostaði um 2000 kr. Flutningur norðlensku þingmannanna með Geir úr Borgarnesi veit jeg ekki með vissu hve dýr hefir verið; sumir segja 1000 kr., aðrir 3000 og enn aðrir 5000 kr. En þó hann hafi ekki kostað nema 1000 kr., þá er þessi þingfararkostnaður orðinn 3000 kr., eða einum 500 kr. minni en allur ferðakostnaður þingmanna í vanalegu ári. Og þá er ótalinn allur landferðakostnaðurinn með þessu sinni.

Jeg veit reyndar, að nú á tímum er þetta ekki talið mikið fje, og kemur mjer því ekki á óvart, þótt sumum hv. þingmönnum, sem láta sjer mest ant um stjórnina, þyki jeg óþarflega hótfyndinn við hana, með því að víta það framferði hennar að ausa út fje úr landssjóði að þarflausu. En jeg lít nú svo á fjárhag vorn, að mjer sje bæði rjett og skylt að víta svona aðfarir.

Þá vil jeg taka það fram, að þó þingið hefði ekki komið saman fyr en 5—6 vikum síðar, þá hefði það auðveldlega getað lokið við þau mál, er fyrir þurfti að taka og stjórnin hafði fram að bera. Jeg veit, að mjer verður svarað því, að við þessi mál hafi þingið þó ekki lokið enn þá, en þessari mótbáru er svarað með þessu, að þegar menn vita til þess, að nægur tími er fyrir höndum, þá vinna menn ekki af eins miklu kappi og eins miklum dugnaði og þegar fastákveðinn tími er ætlaður til starfanna.

Auk þessara óþörfu útgjalda er líka stórkostlegt óbeint tjón, sem leiðir af því fyrir þingm., að þeir voru svo að segja gintir á þetta aukaþing, sem ef til vill getur staðið í alt sumar. Þeir fara frá búum sínum og heimilum í aprílbyrjun og búast við að vera komnir heim aftur í maílok, en þegar sú varð nú ekki raunin á, þá eru bú þeirra í reiðileysi frá maílokum og allan þann dýrmæta tíma, sem hverjum bónda er mest nauðsyn á að vera heima. — Þeir munu hafa búist við því, að þingið stæði ekki lengur en 5—6 vikur, og það var nægilegur tími til þess að ráða sambandsmálinu og öðrum nauðsynjamálum til lykta á, ef ekki hefði verið flanað að því að kalla þingið saman áður en það gat hafið þessar samningatilraunir. Þetta þing verður líklega lengsta þingið, sem háð hefir verið á Íslandi, því jeg geri mjer ekki vonir um, að nokkuð

verði aðhafst í sjálfstæðismálinu fyr en í júnílok, ef þá ekki allar vonir manns á því máli verða tálvonir, og þá sjest fyrst, hversu nauðsynlegt var að kalla þingið saman áður en stjórnin vissi, hvort nokkrir samningar tækjust eða ekki. Jeg er líka viss um, eða þykir það að minsta kosti líklegt um jafngóða menn eins og nú sitja í stjórninni, hvað svo sem um gerðir þeirra er að segja, eða hversu þeir eru starfanum vaxnir, sem þeir hafa tekist á hendur, að þeir með sjálfum sjer sjeu í raun og veru farnir að sjá það og finna til þess, að eitthvað sje bogið við þessa samanköllun. Byggi jeg þessa skoðun mína á því, að þegar kemur fram yfir miðjan maí, þá fara að heyrast raddir um það í þinginu, að fresta eigi fundum þess, svo þingmenn geti skroppið heim til búa sinna og annara heimastarfa, og hefi jeg fyrir satt, að þetta sje komið í upphafi frá hæstv. forsætisráðherra. Þessi tillaga var af sumum þingmönnum talin óalandi og óferjandi öllum bjargráðum, en svo var ekki um mig, því jeg virti hæstv. stjórn fyrir að eiga frumkvæðið að henni, því hún er mjer vottur þess, að stjórnin hafi verið farin að sjá, að hún hafi hlaupið á sig, er hún kvaddi saman þing 10. apríl, og hafi sjeð, að það var með öllu óverjandi að láta það sitja lengi aðgerðalaust. En jeg virði ekki stjórnina fyrir það, hvernig henni tókst að fylgja þessari tillögu sinni fram. Stjórnin sem sje heldur fundi með hinum svonefndu flokkum þessa þings, og þar er svo þessi tillaga velkt og volkuð í marga daga, og endirinn verður sá, að þetta góða áform svo að segja lekur niður úr lúkunum á stjórninni. Svona fór um sjóferð þá, en þó var þetta þó einhver aðkenning þess hjá stjórninni, að hún hefði ekki farið sem hyggilegast að ráði sínu við þessa þingkvaðningu, hvað svo sem stjórnarfarslegum rjetti hennar til þess viðvíkur. Svona standa sakirnar nú, að við bíðum, stjórnin veit ekkert, þingið veit ekkert enn í dag, en við eigum bara að bíða og bíða í trú, von og trausti þess, að danska mamma veiti okkur einhvern tíma á sumrinu einhverja áheyrn í þessu máli, sem átti að vera fyrsta mál á dagskrá aukaþingsins. Jeg veit vel, að segja má, að þingið hafi nægilegt að gera, en þess verður að gæta, að það á ekki að dæma gagn þingsins eftir því, að það hafi nóg að gera, heldur eftir því, hvað það gerir og hvernig það er gert. Og þó nóg væri að gera allan þennan tíma, sem við bíðum eftir málinu, sem átti að vera fyrsta mál á dagskrá aukaþingsins, þá rjettlætir það ekki gerðir stjórnarinnar, nema því að eins, að hún hefði sjeð þinginu fyrir nógri og þarfri vinnu í alla þá mánuði, sem það kann að bíða eftir svarinu frá Danmörku, en því er ekki að heilsa. Fjöldi þingmanna situr hjer sáróánægður og nauðugur, og því minni trygging er fyrir því, að nokkuð verði úr verki, enda er sjón sögu ríkari um, að gerðir þingsins eru enn sem komið er í hinni mestu óreiðu.

Þá vil jeg taka það fram, að fyrir utan sambandsmálið hefir þingið alls ekki nóg að gera allan þennan tíma við þau mál, sem stjórnin hefir lagt fyrir það. Það var sannarleg skylda stjórnarinnar að fá þinginu nytsamlegt verkefni. En eins og hæstv. forsætisráðherra tók fram, þá hefir hún ekki lagt nema eitt frv. fyrir þessa deild, um björgunarráðstafanir, og það hefði vel getað náð fram að ganga á venjulegum aukaþingstíma, ef vel hefði verið undirbúið, en sökum þess, hvernig það var úr garði gert, er tvísýnt, hvort það merst í gegnum þing-

ið. Þeim frv. sem fóru í þá átt að afla landinu tekna, var fyrst ungað út af stjórninni næstum mánuði eftir þingsetningu, og sumu seinna, og svo kemur þessi huggun frá hæstv. forsætisráðh., að með þessum tekjuaukafrv. komi þó svo miklar tekjur í landssjóð, að þær verði meira en nægilegar til þess að greiða með allan þingkostnaðinn. Flestir munu að vísu líta svo á, að landssjóður hafi nóg að gera með þessar tekjur, þótt miklum hluta þeirra væri ekki sóað í óþarft aukaþinghald.

Eftir þessari ræðu hæstv. forsætisráðherra sýnist mjer svo, að hann geri ekki mikið úr skilningi þingsins á bjargráðamálum landsins, og nefndi hann því til sönnunar afskifti þingsins af Tjörnesnámunni og fleirum bjargráðaframkvæmdum stjórnarinnar. Það er satt, þingið hefir losað stjórnina við þá ráðsmensku, en af hverju? Af því að því ofbauð það afskaplega ráðleysi, sem hún hafði sýnt bæði í því máli og öðrum bjargráðaframkvæmdum sínum, og um aðalbjargráðafrumvarp hennar að þessu sinni er það að segja, að það var svo í garðinn búið, að skilningsleysi þingsins verður tæplega kent um afdrif þess.

En svo jeg haldi mjer við aðalmálið, sem þingið var kvatt saman til að fjalla um, þá þykir mjer rjett að drepa nokkuð nákvæmar á afstöðu stjórnarinnar til meðferðar þess.

Þegar við komum á þing, þá tilkynnir hæstv. forsætisráðh. oss, að það muni útkljáð þegar eftir þingkosningar í Danmörku, hve nær þessir ráðgerðu dönsku samningamenn komi. En þegar þingkosningarnar eru um garð gengnar, þá er okkur sagt, að ekki verði útkljáð um sendingu þeirra fyr en þingflokkarnir hafi haldið með sjer fundi. En af þeim fundum varð heldur ekkert „resultat“, og þá er okkur sagt, að nú muni það ekki bregðast, að ákvörðun verði tekin í málinu þegar ríkisþingið komi saman, síðast í maí, og oss heitið skeyti um það fyrst í júní, er muni leiða oss í allan sannleika. Hve lengi vjer eigum að lifa í þeirri von, veit enginn. Þessi margsviknu loforð hafa þegar haft þau áhrif á hugi margra, að þeir eru farnir að efast um, hvort nokkur sendinefnd komi. En í þessari von hefur maður þó lifað næstum tvo mánuði, og þann tíma hefir hæstv. stjórn látið Dani teygja sig á eyrunum, með því að gefa vonir, sem reyndust að vera tálvonir, og svo hefir stjórnin teygt okkur á eyrunum, í stað þess að kalla ekki þingið saman fyr en ábyggileg vissa var fyrir því fengin, hvort nokkuð yrði úr þessum samningum eða ekki, og hve nær þær yrðu byrjaðar, ef úr þeim yrði. Og þetta er það, sem jeg hefi að setja út á gerðir stjórnarinnar. Þegar þingið hefir nú setið 7 vikur og jafnóvíst er nú og þegar þingið kom saman, hvort nokkuð verði úr samningum eða ekki, þá er ekki hægt að lá neinum, þó hann sje ekki sterktrúaður á það, að einnig þessi síðasta von verði ekki tálvon. Og þá hefir verið eytt dýrum tíma og miklum peningum fyrir landssjóði í hreinan óþarfa, hvað þetta mál snertir, og þó var þetta mál aðalmálið, sem þingið átti að hafa með höndum. Það hefir verið um mig sagt, að mjer væri einlægt gjarnt á að horfa nokkuð mikið í sparnaðaráttina fyrir landssjóðinn, og jeg veit, að sumum hv. þm. þykir þetta stórgalli og leggja mjer það út til lasts. En jeg verð að segja, að þó það sje dýrmætt að hafa Alþingi Íslendinga sitjandi á rökstólunum, þá geti þó sú pípa orðið of dýru verði keypt, og svo hefir nú orðið raunin á, þar sem

það er á daginn komið, að það var kallað saman tveim mánuðum áður en það mál var tilbúið, er það var kvatt saman til að fjalla um. Jeg býst við, að ekki sje of djúpt tekið í árinni, þó áætlað sje, að þingið kosti 1000 kr. á dag. Og þótt stjórnin huggi sig við þá vissu von, að tekjuaukinn borgi miklu meira en þann kostnað í tvo til þrjá mánuði, þá held jeg, að nægilegt rúm sje fyrir þessa peninga í landssjóðnum, þótt ekkert af þeim færi forgörðum fyrir forsjáleysi stjórnarinnar, því jeg man ekki betur en að hæstv. fjármálaráðherra hafi lýst því yfir í þingbyrjun, að 3½ milj. kr. tekjuhalli mundi verða eftir þetta fjárhagstímabil, svo að auðvelt verður að koma þessum þúsundum í lóg, þó ekki sje streitst við að eyða þeim í óþarfa þingsetu. Það er eins og stjórninni hafi fundist það stórkostleg uppgötvun, er hún sá, að gróðinn af tekjuaukafrumvörpum hennar mundi verða til að margborga þetta aukaþing. Hún gerir sjer nú ef til vill í hugarlund, að hann nægi til að minka allríflega þennan 3½ milj. kr. tekjuhalla, sem öll líkindi eru til að verði einni miljóninni hærri en nú er látið í veðri vaka. Jeg veit það ekki; en annað veit jeg, og það er, að í þessum mikla tekjuhalla mun þessi langa þingseta eiga sinn drjúga þátt, og það álít jeg að sje stjórninni beint að kenna.

Jeg drap á það í fyrri hluta þessarar ræðu minnar, að í raun og veru væru störf þingsins alt annað en skemtileg og væru, þegar að væri gætt, komin í mestu óreiðu, og nú skal jeg færa rök að þessari skoðun minni. Á öndverðu þinginu lýsti stjórnin því yfir, að hún mundi fyrir sitt leyti ekki leggja nein fjáraukalög fyrir þingið. Þar af leiðandi lá það í augum uppi, að engin fjáraukalög mundu verða lögð fyrir þingið, því ekki fer það að leggja fjáraukalög fyrir sjálft sig, heldur er það stjórnarinnar einnar að leggja slík lög fyrir þingið. Þegar jeg heyrði þetta, virti jeg landsstjórninni það fremur til lofs en lasts, því jeg skildi það svo, að hún með þessu vildi forða landinu frá auknum útgjöldum að þessu sinni. En svo þegar kemur fram á þingið, þá verður sú raunin á, að inn á þingið streyma fjárbeiðnir, sem nema til samans hundruðum þúsunda króna, og það aðstreymi eykst með degi hverjum. Annaðhvort hefði verið fyrir þingið á þessum tímum, að moka öllum þessum fjárbeiðnum út, eða þá að fara, ef ekki í bág við bein ákvæði stjórnarskrárinnar, þá að minsta kosti á bug við anda hennar, með því að samþykkja grímuklædd fjáraukalög á hverjum degi, í þingsályktunarformi, og þetta gerir það nú daglega. Vjer getum haldið áfram að samþykkja slík lög í alt sumar, en jeg vil að eins minna á, hversu sparlega við hjeldum á fje landssjóðs og tíma þingsins á þessum alvöru- og erfiðu tímum. Við skulum segja, að hver af þessum tillögum kosti 4 umr.; þær eru nú orðnar 20 talsins og kosta því til samans 80 umr., þó þær kæmu ekki til sameinaðs þings, en ef þær kæmu þangað, þá kosta þær 100 umræður. Fjáraukalögin, ef sá kostur hefði verið upp tekinn, en stjórnin vildi ekki taka upp, hefðu kostað í mesta lagi 9 umr. Með þessu háttalagi er eytt tíma þingsins í 90 umræður umfram það, sem hefði þurft með, ef fjáraukalög hefðu legið fyrir. Það má náttúrlega svara mjer því, að ekki hefði þurft að taka neitt tillit til þessara fjárbeiðna. Það hefði auðvitað verið það rjettasta og eðlilegasta, eins og á stendur. En stjórnin hefir verið með mörgum af

þessum tillögum og hefir viljað, að þær gengju fram. Hún hefði að vísu ekki getað tekið þær allar upp í fjáraukalög, en margar af þeim fjárveitingum, sem hjer hefir verið fjallað um, hefði stjórnin einmitt getað tekið upp í aukafjárlagafrumvarp, og ef hún hefði gert það, þá hefði hún með því sparað þinginu að eyða tímanum í þennan hjegóma, í 100 umræður, þar sem ekki þurfti nema í hæsta lagi 9. Þetta er sýnishorn af því, hvernig fer þar, sem vantar einarða, duglega og verkhæfa stjórn, sem lítur til hvorugrar handar, en heldur beina stefnu, — kvíðbogalaust fyrir því, að verða ef til vill að fara frá. — Það er blátt áfram hugleysi af stjórninni að leggja ekki fjáraukalög fyrir þetta þing. Jeg segi ekki, að mig, fyrir mitt leyti, hefði langað til að fá fjáraukalög. En jeg hefði mörgum sinnum heldur viljað þau en allar þessar þingsályktunartillögur, sem ekkert eru annað en grímuklædd fjáraukalög. — Það er ekki rjetta leiðin, að þingið leiti til stjórnarinnar með fjárbeiðnir, heldur á stjórnin að leita á náðir þingsins og biðja það að veita sjer heimild til að verja fje landsins í það og það. En þetta er sýnishorn af því, hversu öfugt og snúið alt er orðið, — eintómt reiðileysi bæði hjá þingi og stjórn. — Það er auðvitað hægra fyrir stjórnina að kasta svona allri ábyrgðinni upp á þingið, en hvort það er stjórnarfarslega sæmilegt, það er annað mál.

Jeg hefi minst á það, að þetta þing muni verða það lengsta þing, — þó aukaþing sje, — sem háð hefir verið á þessu landi. En ef það nú samt sem áður ræður því málinu til heppilegra úrslita, sem það var kallað saman til að afgreiða, þá væri minna um að tala. En jeg get hugsað mjer, að það verði ekki einungis lengsta og dýrasta þingið, heldur verði það einnig langómerkilegasta þingið, sem sögur fara af. Eins og jeg hefi tekið fram, gef jeg stjórninni að miklu leyti sök á þessu. Hún hefir kallað þingið saman fyr en hægt var að leggja fyrir það aðalmálið, sem átti að ver og þingið var kallað saman til að útkljá.

Jeg veit það, að ýmsum ættjarðarvinum og frelsishetjum er illa við það, ef minst er á, hvað hlutirnar kosti, eða að fjárhagur landsins standi höllum fæti. Hjer er yfirleitt ekki mikið horft í kostnaðinn og ekki verið að gera sjer rellu um það, hvort tekjuhallinn er miljóninni meiri eða minni. Jeg get ekki að því gert, að mjer finst þetta alvarleg stefna hjá þinginu, því alvarlegri, sem tímarnir eru erfiðari og horfurnar alt annað en glæsilegar fyrir land og lýð. Þegar ranglæti tímanna er í þann veginn að loka öllum sundum fyrir atvinnuvegum vorum, þá erum við að vinna að útgjöldum, sem ekki hefði þurft aukaþing til að ausa út, en vel hefðu mátt bíða reglulegs löggjafarþings. Þetta er því verra, sem stjórnin gengur á undan með það að horfa ekki sjerlega mikið í skildinginn. Hún hefir sýnt það, bæði með þessari þingkvaðningu og öðrum fjármálaráðstöfunum, sem sumar hafa verið teknar til athugunar hjer áður.

Þeir verða ekki margir, sem taka undir það með hæstv. forsætisráðherra, að óforsvaranlegt hefði verið að fresta þingkvaðningu lengur en til 10. apríl, þó ýmsir kunni að verða til að halda lofræður hjer á þingi um þá ráðbreytni hennar. Það verður ekki mikill hluti þjóðarinnar, sem tekur í þann strenginn, að sjálfstæði landsins hefði á nokkurn hátt verið í veði, þótt þessi þingkvaðning hefði dregist fram á vorið, og

landið verið firt stórkostlegum útgjöldum. En sama stjórnin, sem talar hæstum sjálfstæðismál landsins, sama stjórnin er sjálf að smíða hvern naglann á fætur öðrum í líkkistu fjárhagslegs sjálfstæðis þess. Hún er á leið með það til grafar. Mjer er engin tilhugsun óttalegri en að íslenskur sjálfstæðisfáni blakti yfir þeirri gröf.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki sjeð, að nein þörf sje í rauninni á því, að svara hinni síðari ræðu hv. fyrirspyrjanda (S. St.). Mjer virðist ekki hafa komið neitt það fram, sem ekki er þegar svarað að fullu, og jeg legg ekki í vana minn að taka upp aftur það, sem jeg hefi áður sagt, — geri það að minsta kosti ekki að þessu sinni. Að eins skal tekið fram það, er hjer segir:

Þar sem hv. fyrirspyrjandi (S. St.) segir, að jeg hafi heitið þm. einhverju um samninga við Dani, þá er það algerlega rangt. Jeg hefi ekki heitið neinu um það. Jeg hefi að eins skýrt hv. þm. frá því, hvað jeg hafi að gert og hvað gerst hafi í málinu, sýnt þeim skeyti og yfir höfuð látið þá vita alt, sem farið hefir milli mín og danskra stjórnarvalda um þetta mál. Það er því tilhæfulaust, að jeg hafi gint þingmenn á nokkurn hátt. Enda hefir alt, sem jeg hefi sagt, verið staðfest með símskeytum og á annan hátt, eins og hv. þm. vel vita.

Það er líka rangt hjá hv. fyrirspyrjanda (S. St.), að hugmyndin um þingfrestun, sem var á döfinni fyrir hvítasunnuna, hafi verið frá mjer runnin. Það voru ýmsir aðrir þm., sem komu með þá hugmynd. Hefðu verið komin skýr svör frá Dönum um það, að þeir ætluðu að senda menn hingað, og hefðu þeir tiltekið ákveðinn tíma til komunnar síðar, þá gat verið talsmál að fresta þinginu þangað til sendimenn kæmu. En eins og á stendur, er vjer höfum ekki fengið fulla vissu fyrir komu þeirra, þá getur ekki verið um frestun á þinginu að ræða.

Jeg finn enga ástæðu til að afsaka, að stjórnin kemur ekki fram með fjáraukalög fyrir þingið. Satt að segja finst mjer þær ásakanir koma úr hörðustu átt, er sparnaðarmaðurinn hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) er að álasa stjórninni fyrir það. Það hefir verið um það deilt, hvort rjett væri að leggja fjáraukal. fyrir auka-þing. — Það er mjer alveg óskiljanlegt, hvernig hv. fyrirspyrjandi (S. St.) fer að tala um hugrekki eða hugleysi stjórnarinnar í þessu sambandi. Væri það svo sem nokkur vottur um hugrekki, þótt stjórnin hefði lagt fram fjáraukalög? Auðvitað hvorugt.

Jeg er alveg samdóma hv. fyrirspyrjanda (S. St.), að frumkvæðið í fjárveitingum eigi að koma frá stjórninni, og hún á að ráða miklu um það, hverjar fjárveitingar komast að, en sú skoðun hefir ekki fengist viðurkend hjer á þingi. Þó bæði jeg og aðrir hafi haldið því fram, þá hefir ekki verið við annað komandi en að halda þeirri reglu, að tillögurjettur hvers einstaks þingmanns að þessu leyti sje jafnhár rjetti stjórnarinnar.

Vel má vera, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) þyki miklu eytt og telji, að mikið mætti spara. Má vera, að svo sje. En mjer finst ekki, að hv. þm. (S. St.) hafi fullan skilning á því, að tímarnir eru aðrir en áður hafa verið. Nú er ekki með nokkru móti hægt að komast hjá því að eyða, og það jafnvel stórupphæðum, sem hvorki stjórninni nje öðrum hefði dottið í hug að eyða fyrir stríðið, að jeg

ekki nefni fyrir 10—20 árum síðan. Sem betur fer eru peningarnir ekki eins mikils virði og áður. En það færi illa, ef eyðslusemin væri eins óttaleg og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) vill láta af. Jeg get ekki sjeð, að stjórnin gangi á undan með neina fjáreyðslu, þó hún kalli þingið saman. Það er ekki heldur rjett, að þingið sje kallað saman, einungis vegna eins máls. Dýrtíðarráðstafanirnar gátu verið nægilegt viðfangsefni fyrir þingið, ef það hefði viljað snúa sjer að þeim. En jeg verð að segja það, að mjer finst ekki hafa kent þeirrar alvöru hjá hv. þm. í þessu máli, sem jeg hafði búist við. Vonandi fara nú hugir manna að snúast meira að því, er þeir sjá, hvað nú er að gerast.

Jeg vona, að þótt landssjóður þurfi mikið fje að brúka og komist í skuld, eins og ríkissjóðir annara landa á þessum tímum, þá sje samt engin hætta á ferðum frá þeirri hlið. En um það skal jeg ekki deila; það gagnar ekki neitt, og stór orð ein hafa ekki mikið að segja.

Hv. fyrirspyrjandi (S. St.) var að minnast á, að ferðakostnaður þingm. muni hafa orðið gífurlegur að þessu sinni. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. blöskrar svo sjerlega mikið, þó þeir heyri nefndar 3000 kr. í aukakostnað, af alveg ófyrirsjáanlegum ástæðum. Það atvikaðist svo, að „Sterling“ gat ekki flutt hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), og stjórnin gat ekki sjeð það fyrir, að „Ingólfur“ mundi stranda. Björgunarskipið „Geir“ setti ekkert upp fyrir sína ferð upp í Borgarnes, til að sækja þingmenn þangað, nema bara fyrir kolin, sem hann eyddi í ferðinni. Hve mikið það var veit jeg ekki. — Skal jeg svo láta máli mínu lokið.

6. Birting ensku samninganna.

Á 42. fundi í Nd., mánudaginn 10. júní, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um birting ensku samninganna (A. 321).

Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. júní, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð með öllum gr. atkv.

Með brjefi, dags. s. d., sendi forseti neðri deildar landsstjórninni fyrirspurnina, og beiddist jafnframt vitneskju um, hve nær hún teldi sig við látna að svara.

Við þessu brjefi barst aldrei svar, og var því fyrirspurnin ekki á dagskrá tekin framar.

7. Úthlutun og sala kornvöru og sykurs.

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 4. maí, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um úthlutun og sölu kornvöru og sykurs (A. 51).

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 6. maí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg sje ekki neitt á móti því, að fyrirspurnin verði leyfð, þótt jeg telji ástæðuna til hennar liggja í augum uppi, og mun henni því verða fljótsvarað.

En jeg vildi nota tækifærið til að benda á, að jeg tel það athugavert að hafa miklar umr. um aðdrætti til landsins og vöruforða þann, sem nú kann að vera til, nú á þessum vandatímum, gagnvart samningum við erlendar þjóðir.

Fyrirspurnin leyfð með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., fimtudaginn 16. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Halldór Steinsson): Þó að þessi fyrirspurn hljóði um úthlutun og sölu kornvöru og sykurs, verð jeg um leið að fara nokkrum orðum um landsverslunina yfir höfuð, þar sem þessi mál eru svo náskyld hvort öðru, en jeg skal reyna að vera stuttorður að vanda.

Síðan landið tók verslunina í sínar hendur hefir óánægjan yfir henni stöðugt farið fremur vaxandi, og það er ekkert undarlegt, þegar litið er á fyrirkomulag og rekstur verslunarinnar frá byrjun. Þegar landsverslunin tók fyrst til starfa, var engin þörf á henni; þá var það engum erfiðleikum bundið að fá vörur frá útlöndum; þá var engin vöruekla í landinu, og mjer er ekki kunnugt um, að þá hafi kaupmenn borið upp kveinstafi sína fyrir stjórninni og óskað aðstoðar hennar. Ef stjórnin þá, af „praktiskum" ástæðum, hefði haft hugfast að birgja landið upp að ódýrum vörum, þar sem fyrirsjáanlegt var, að þær fóru hækkandi ár frá ári, þá hefði það verið vel ráðið, og þá hefði landið getað grætt svo miljónum króna skifti á einstökum vörutegundum; svo jeg nefni að eins t. d. kol, salt og steinolíu. En sennilega hefir þetta ekki vakað fyrir stjórninni, heldur hitt, að koma í veg fyrir vöruskort í landinu. En hverjar svo sem ástæður stjórnarinnar í byrjun voru fyrir versluninni, þá er það víst, að hún var í fyrstu í molum og svo smáum stíl, að hún hvorki varð til þess að birgja landið upp nje afla því tekna. Það má með öðrum orðum segja, að verslunin hafi á þeim árum verið gagnslítil og meinlítil.

Í byrjun ársins 1916 fer fyrst að verða veruleg nauðsyn fyrir stjórnina að athuga, hvar skórinn krepti að, og fara að hafa vaxandi eftirlit með vörubirgðunum í landinu. Eftir því átti hún svo að haga ráðstöfunum sínum. En það gat hún gert miklu betur og landssjóði hagkvæmar en hún gerði. Hún átti þegar frá byrjun að hafa nána samvinnu við kaupmenn og eftirlit með þeim, og taka verslun landsins í sínar hendur að eins að svo miklu leyti sem kaupmenn gátu ekki fullnægt henni. Landsstjórnin átti hægt með að hafa eftirlit með vörubirgðum í hinum ýmsu hjeruðum landsins, og gat jafnframt haft eftirlit með vöruverði kaupmanna. Hún hefði einnig til frekari tryggingar getað haft fyrirliggjandi meiri eða minni vörubirgðir, og ef ekki hefði þurft á þeim að halda, var hægur vandi að selja þær kaupmönnum, og það með ágóða fyrir landssjóð, þar sem vöruverð fór síhækkandi. Ef stjórnin hefði hagað ráðstöfunum sínum á þennan hátt, hefði hag landssjóðs verið betur borgið.

En með árinu 1917 kemur þriggja ráðh. stjórn til valda, — illu heilli, — liggur mjer við að segja. Þá breytist verslunaraðferðin. Sú stjórn setur ofarlega á sitt

„prógram“ að versla og aðallega að draga verslunina úr höndum kaupmanna í sínar. Verslunin, sem upphaflega var fremur lítil, er því nú orðin að því heljarbákni, að ekki þarf mikið út af að bera til þess, að hún beri landssjóðinn sjálfan ofurliði. Jeg býst við, að stjórnin muni svara því, að hjá þessu hafi ekki orðið komist; þetta hafi verið samkvæmt vilja þingsins o. s. frv. En mjer er óhætt að fullyrða, að það hefir aldrei verið tilætlun þingsins, að verslunin yrði rekin í því horfi, sem hún nú er komin í, og á síðasta þingi heyrðust allháværar óánægjuraddir yfir rekstri verslunarinnar yfir höfuð. Samvinnufjelagshugmyndin, sem stjórnin ímyndar sjer að hún styðji með þessu fyrirkomulagi, getur verið góð og gagnleg, en ef hún getur ekki þrifist öðruvísi en með undirokun frjálsra verslunarviðskifta í landinu, þá er hún óheilbrigð, og þá á hún að vera feig. Stjórnin segir: Við höfum grætt miljón krónur á landsversluninni, en jeg segi: Við höfum tapað, ekki miljón, heldur miljónum króna á þeirri verslun. Það er sannanlegt, að kaupmenn hafa grætt miklu meira á vörum sínum síðan stríðið byrjaði. Þeir hafa því, um leið og þeir hjeldu lífinu í landsversluninni, með því að fylgjast með verði hennar, — auðvitað ekki af neinni umhyggju fyrir henni, — grætt stórfje í skjóli hennar. Landsverslunin er komin inn á öfuga braut, og ef hún heldur áfram að teygja arma sína út yfir alla verslun landsins, þá er hætt við, að hún beri keim af einokuninni gömlu og verði ekki til að draga úr, heldur miklu fremur til að auka á dýrtíðina í landinu.

Það hefir verið fundið ýmislegt að hinum einstöku gerðum landsstjórnarinnar í verslunarmálum, sumt rjettilega og sumt ranglega, eins og gengur, en jeg ætla ekki, að þessu sinni, að leggja neinn dóm á það. Jeg ber gott traust til þeirra manna, sem nú stjórna versluninni, og treysti því, að þeir fái komið einhverjum umbótum á hana, ef þeir þá á annað borð fá að ráða því fyrir landsstjórninni.

Eins og þgskj. 51 ber með sjer, þá var það aðallega út af reglugerð stjórnarinnar frá 23. jan. 1918, að jeg kom fram með fyrirspurn. Mig langar sem sje til að fá skýringu á því, hvað vakað hafi fyrir stjórninni með henni. Alstaðar annarsstaðar hafa slíkar reglugerðir verið gefnar vegna vöruskorts eða útlits fyrir vöruskort, og því í sparnaðarskyni. Menn skyldu því halda, að eitthvað svipað hefði vakað fyrir stjórn þessa lands. En ef reglugerðin er nánar athuguð, með hliðsjón af ástandinu, eins og það þá var hjer á landi, þá dylst manni ekki, að þetta er harla einkennileg ráðstöfun. Þegar reglugerðin var gefin út, var engin veruleg vöruekla í landinu. Hins vegar kann að vera, þótt mjer sje ókunnugt um það, að þá hafi verið útlit fyrir aðflutningsteppu á vörum frá Ameríku, og hafi svo verið, var aldrei nema sjálfsagt af stjórninni að gera einhverjar ráðstafanir til sparnaðar. En hafi stjórnin hugsað sjer, að það væri fengið með fyrnefndri reglugerð, þá hefir henni hrapallega skjátlast.

Eftir reglugerðinni er enginn munur gerður á þurrabúðarmönnum, daglaunamönnum í kaupstöðum og kauptúnum og bændum til sveita. Vjer Íslendingar lifum ekki, frekar en aðrar þjóðir, á einu saman brauði, heldur einnig á ýmsum öðrum afurðum, er landið gefur af sjer. Stjórninni var vorkunnarlaust að vita, að bændur komast af með miklu minni kornvöru en kaupstaðarbúar. Sá munur er svo mikill, að meðal-

bóndi mundi, án kornvöru að mestu leyti, geta haldið í sjer lífinu og fjölskyldu sinni, þar sem þurrabúðarmaðurinn ætti mjög erfitt með það. Enda hafa margir góðir bændur sagt mjer, að þeir teldu sig fara ráðlauslega með efni sín, ef þeir eyddu öllum þeim skamti, sem þeim er heimilaður samkv. reglugerðinni. Þess vegna átti vöruúthlutunin að vera mismunandi fyrir kaupstaði, kauptún og sveitir. Það fer því fjarri, að hægt sje að sanna, að ákvæði reglugerðarinnar hafi nokkurn sparnað í för með sjer.

Er fróðlegt í þessu sambandi að gera samanburð á neyslu þessara vörutegunda hjer á landi fyrir stríðið, þegar vjer vorum sjálfráðir um matarskamt vorn, og nú. Samkvæmt reglugerðinni frá í vetur fjekk hver maður kornvöruseðil upp á 40 kg., sem gilti í 4 mánuði eða 2½ kg. á viku, en það verða 130 kg. á ári.

Árið 1910 komu á hvern mann á landinu 118 kg. af kornvöru, og árið

1911 ..... 118 kg. á mann
1912 ..... 117 — - —
1913 ..... 140 — - —

Matarskamturinn í vetur er því samkv. reglugerðinni meiri en öll hin árin, nema árið 1913. — Þó að stjórninni hefði verið alveg ókunnugt um, hvað nauðsynlegt er af þessum vörutegundum á mann, þá hefði hún þó ekki þurft að fara lengra en reynslan var búin að sýna að var meira en nóg.

Beri menn saman sykureyðsluna, verður niðurstaðan sú sama.

Á árunum 1880—'90 koma 8—9 kg. af sykri á hvern mann í landinu; árið

1910 ..... 23,5 kg. á mann
1911 ..... 26,0 — - —
1912 ..... 25,0 — - —
1913 ..... 28,9 — - —

En samkv. reglugerðinni átti hver maður að fá ½ kg. á viku, en það verða 26 kg. á ári. Það er sami skamturinn og á árunum 1911—'12, og voru þó Íslendingar þá áreiðanlega komnir framarlega í sykureyðslu.

Sykurneyslan í landinu fram að aldamótum mátti ekki vera minni en hún var, því, eins og allir vita, er sykur eitt af þeim efnum, sem líkaminn getur ekki án verið; en eftir aldamót vex sykureyðslan mjög mikið, og er orðin óþarflega há 1910; þó vex hún eftir það.

Sykurneyslan hjer á landi var orðin alt of há fyrir stríðið, og hefði verið skaðlaust að minka hana að mun. Það er því fjarri því, að með reglugerð stjórnarinnar sje um nokkurn sparnað að ræða, heldur þvert á móti. —

Aðrar þjóðir, sem nú berjast við dýrtíð og aðra örðugleika vegna heimsstyrjaldarinnar, skilja það fullkomlega, að til þess að spara þurfi að leggja eitthvað á sig. Hjá Norðmönnum er t. d. sykurskamturinn helmingi minni en hjer og kornvöruskamturinn helmingi minni en hjer. Ætli Norðmenn sjeu þeim mun fátækari eða neysluminni en Íslendingar. Jeg held ekki. En þeir vita, hvað þeir eru að gera. —

Jeg hefi nú sýnt fram á, að ástæðurnar fyrir reglugerð stjórnarinnar hafa ekki verið mikilvægar. Það er sannanlegt, að þessi ráðstöfun var gagnslaus að því leyti, sem hún hafði engan sparnað í för með sjer. Enn fremur er sannanlegt, að hún hefir komið ranglátlega niður í hjeruðum landsins. En það má einnig sanna það, að hún hefir orðið til þess að hindra viðskifti innanlands, og draga úr innflutningum til landsins. Það er vitanlegt, að kaupmenn hafa hætt við að flytja miklar vörubirgðir inn í landið, sumpart af því, að þeir hafa ekki viljað

liggja með þær langan tíma, og sumpart af því, að stjórnin hefir ráðið þeim frá því og talið, að það væri samkepni við landsverslunina. (**Atvinnumálaráðh.:** Sannanir!) Get komið með þær síðar, ef menn vilja.

Ef stríðið heldur áfram, má búast við því, að svo kreppi að landsmönnum, að meiri sparnaður verði nauðsynlegur en hingað til hefir átt sjer stað. En þá verður að haga seðlaúthlutuninni alt öðruvísi, og um fram alt verður stjórnin að leggja aðalkapp á það, að þær vörur, sem yfirleitt eru fáanlegar í útlöndum, flytjist til landsins, hvort heldur það er landsverslunin eða kaupmenn, sem eiga kost á þeim. Frjáls samkepni í verslunarviðskiftum verður altaf hollust, og ekki síst á þessum tímum. — Þegar svona stórkostlegar ráðstafanir eru gerðar sem þessi, sem jeg hefi nú drepið á, þá á þjóðin fullkomlega heimting á, að ekki sje rasað að þeim. Hún á heimting á, að þær sjeu að minsta kosti bygðar á heilbrigðum grundvelli, en ekkert fálm út í loftið. Og þegar ofan á alt annað bætist það, að seðlaúthlutunin hefir haft mjög mikinn rekstrarkostnað og fyrirhöfn í för með sjer, þá sjá allir, að þegar litið er á árangurinn, hefir verið ver farið en heima setið. —

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg gat þess um daginn, þegar fyrirspurn þessi var fyrst til umræðu, að henni væri fljótsvarað, og er það rjett, en jeg varaði mig ekki á því, að hv. fyrirspyrjandi (H. St.) mundi vilja draga inn undir hana öll verslunarmál vor, smá og stór, og er því tæplega við búinn að svara öllu því, er um þau kann að verða spurt, þó jeg hins vegar geri það að nokkru leyti. Jeg mun því aðallega beina orðum mínum að fyrirspurninni.

Hv. fyrirspyrjandi (H. St.) gat ekki fundið nema eina ástæðu, sparnaðarástæðuna, til þess, að landsstjórnin gaf út þessa reglugerð; að minsta kosti mintist hann ekki á aðra ástæðu.

Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (H. St.) á sæti í sveitarstjórn, en um leið og reglugerð þessi var birt og send sveitarstjórnum landsins ritaði landsstjórnin brjef til allra sveitarstjórna landsins, þar sem hún skýrði frá, hverjar ástæður lágu til reglugerðarinnar eða setningar hennar. Það hefði því átt að mega gera ráð fyrir, að hv. þm. (H. St.) væri þetta kunnugt, en úr því að svo er eigi, vil jeg skýra frá, hvaða ástæður eru færðar fram í fyrgreindu brjefi landsstjórnarinnar.

Fyrsta — og helsta — ástæðan var sú, að svo leit út, sem aðflutningar til landsins mundu framvegis vera af skornum skamti, og því nauðsyn á að tryggja það, að vörurnar dreifðust sem jafnast til neytendanna. Þá horfði málið svo við, að það voru eiginlega engin líkindi fyrir, að við fengjum nokkrar vörur frá Danmörku, nema nokkuð af rúgmjöli, og það var ekki mjög mikið, og matarforði sá, er til var í landinu á nýári, var svo lítill, að sjáanlegt var, að hann mundi ganga til þurðar á stuttum tíma.

Í öðru lagi, að þjóðinni væri um megn að hafa stærri skipakost en hún nú hefði, en að skip þau fullnægja ekki til fulls þörfum vorum.

Þriðja ástæðan var, að þegar unnið var úr skýrslum þeim, er safnað hafði verið um vörubirgðir landsmanna, þá kom það í ljós, að vörubirgðirnar voru mjög mismunandi í hinum ýmsu hjeruðum landsins. En þennan mismun var nokkurn veginn auðvelt að lagfæra, þegar seðlafyrirkomulagið var komið á.

Enn fremur er það nú svo, að flestar

þjóðir, sem við skiftum við, hafa orðið að koma á fót hjá sjer allskonar seðlafyrirkomulagi, og þar sem svo er, þá má vænta þess, að þær væru ófúsar til þess að láta oss fá vörur eftir þörfum vorum og hvers eins vild og getu, ef það væri eigi háð eftirliti, hvernig þeim væri úthlutað hjer. Bandaríkjamönnum hefir verið send skýrsla um það, hversu mikið við eyðum árlega af helstu nauðsynjavörum vorum. Þetta var gert eftir ósk þeirra. Það er — og var — engin vissa fyrir, að við fengjum jafnmikinn forða til ársins og við höfum áður þurft, og þótt svo hefði orðið, þá gátu sumir fengið ofmikið og aðrir oflítið. Við höfum fengið vörur frá Danmörku, þar sem flestar vörur eru látnar eftir seðlum, og var það vitanlegt, að Danir vildu, að eins yrði farið að með vörur frá þeim.

Hv. þm. (H. St.) var að tala um það, að lítill sparnaður yrði eftir reglugerðinni, en þetta er ekki rjett. Eftir skýrslu hagstofunnar hafa eyðst 150 kg. á mann af kornvöru, en eftir reglugerðinni má aðeins úthluta 130 kg., svo það er eitthvað bogið við tölur þær, er hv. þm. Snæf. (H. St.) flutti, en það er hægðarleikur að fá upplýsingar frá hagstofunni um hið rjetta um tölur þessar.

Þegar feitmetisskortur ríkir í landi voru, þá megum vjer síst án sykurs vera. Því er það, að bæjarbúar og sjávarþorpsbúar mega síður neita sjer nú um sykur en áður fyr, og þeim, kaupstaðarbúum, fer alt af fjölgandi. Því má eigi bera sykurþörf vora nú saman við sykurneyslu vora árið 1910, eins og hv. þm. (H. St.) gerði.

Mjer skildist hv. þm. (H. St.) halda því fram, að hjer ætti einvörðungu að vera frjáls samkepni í versluninni, og ekkert eftirlit ætti að vera með því, hvernig vörunni væri hlutað út meðal almennings. Stjórnin lítur öðruvísi á þetta. Hún lítur svo á, að þótt frjáls samkepni eigi að vera grundvöllur góðrar verslunar á venjulegum tímum, þá geti út af því brugðið, að hún sje hagfeldust, og nú hefir út af því brugðið. Nú er erfitt að útvega vörur, og frjálsa verslunin ekki fær um það, svo að hún fullnægi kröfum þjóðarinnar.

Hann sagði, að óánægjan með landsverslunina hefði farið fremur vaxandi, en jeg neita, að svo sje. Jeg hygg, að margir hv. þm. geti sagt hið gagnstæða orðum hv. þm. (H. St.), og jeg veit, að margir líta svo á, að landsverslunin hafi verið og sje alveg bráðnauðsynleg fyrir þjóðina.

Hv. þm. (H. St.) sagði, að það ætti að vera náin samvinna milli stjórnarinnar og kaupmanna, og stjórnin ætti að hafa eftirlit með kaupmönnum. Eftirlit þetta hefir verið haft; það hefir verið fólgið í því, að sýslumenn hafa verið látnir safna skýrslum um vörubirgðir kaupm. Að hverju leyti hefir komið fram skortur á samvinnu milli landsverslunarinnar og kaupmanna er mjer hulið, og neita því gersamlega, að kaupmönnum hafi verið meinað að birgja landið upp að vörum. Það er síður en svo, að kaupmönnum eða samvinnufjelögum hafi verið meinað um rúm fyrir vörur þeirra í skipunum, að þau hafa þvert á móti setið að ódýrara farmgjaldi með skipum Eimskipafjelagsins, og landsstjórnin hefir ætíð flutt fyrir þá vörur þegar rúm hefir leyft, og það oft vörur, sem eigi er beinlínis hægt að telja nauðsynjavöru.

Jeg neita því, að ósönnuðu máli, að landsstjórnin, landsverslunin eða forstjóri hennar hafi sýnt kaupmönnum nokkur þægindi, og jeg legg áherslu á þetta atriði, því það hefir hvað eftir ann-

að verið borið fram, bæði á mannfundum, blöðum og nú loks hjer í hv. deild. En aldrei hafa verið færðar neinar sönnur á þessar fullyrðingar, sem eigi er heldur við að búast.

Hv. þm. (H. St.) sagði, að landsverslunin væri orðin svoddan heljarbákn — er það bákn, sem leiðir til heljar? spyr jeg — eða væri orðin alt of stór. Þetta hlýtur að vera misskilningur hjá hv. þm. (H. St.), því eins og jeg áður hefi sýnt fram á, þá er forði sá, er hún hefir, ekki svo stór, að hann geti dugað þjóðinni nema skamman tíma, og landsverslunin hafi aldrei amast við því, að kaupmenn flyttu vörur til landsins, eftir því sem þeir geta. Og það er með öllu rangt, að stjórnin hafi um þetta fremur hlynt að samvinnufjelögunum en kaupmönnum; aðstaða hennar til þeirra er algerlega hin sama.

Hv. þm. (H. St.) var að tala um einhvern vilja þingsins; hvaða vilja og hvar er sá vilji bókaður? Jeg geri ráð fyrir, að honum veiti erfitt að finna þessum orðum sínum stað.

Hv. þm. (H. St.) sagði, að kaupmenn græddu í skjóli landsverslunarinnar, en jeg býst við, að það yrði langt mál að sanna, að svo væri, eða hvernig á því stæði, og honum mundi veitast það allerðugt. En jeg vil benda honum á, að landsverslunin hefir eigi nema örfáar vörutegundir, og það vörutegundir, sem einna minst hefir verið lagt á, alment tekið, hjá verslunum, en kaupmenn hafa allar aðrar vörur og geta lagt á þær svo sem þeim lýst, og jeg geri ráð fyrir, að hagnaður þeirra þessi ár sje aðallega fyrir verslun með þær vörur.

Hv. þm. (H. St.) tók það loks fram, að hann bæri fult og óskorað traust til þeirra þriggja manna, er stjórnað hafa landsversluninni síðan á nýári. Þetta gladdi mig, og ekki hvað síst af því, að seðlafyrirkomulag það, er hv. þm. (H. St.) er að spyrja um og fárast yfir, er tekið upp með fullu ráði þeirra og samþykki, og svo er og um margt annað, er hv. þm. (H. St.) talaði um. Einn þeirra, hv. þm. Ak. (M. K.), á sæti hjer í hv. deild og getur því leiðrjett orð mín, ef öfugmæli eru.

Og þegar forði landsverslunarinnar er orðinn talsverður, varasjóður álitlegur og stjórn hennar komin í ágætishendur, eins og hv. þm. Snæf. (H. St.) segir, þá vonast jeg til, að við getum verið sammála um, að málið horfi vel við.

Fyrirspyrjandi (Halldór Steinsson): Það þýðir lítið fyrir mig og hæstv. atvinnumálaráðherra að þjarka um landsverslunina og grundvöll hennar; við verðum þar aldrei sammála.

Svar það, er hæstv. atvinnumálaráðh. bar fram við fyrirspurn minni, var hvorki betra nje verra en jeg bjóst við; jeg vissi, að hann mundi aldrei geta gefið fullnægjandi svar. Hæstv. atvinnumálaráðh. sagði, að aðflutningarnir væru af skornum skamti, að vörubirgðirnar væru litlar og að aðrar þjóðir hefðu kunnað því illa, ef við hefðum ekki haft seðlafyrirkomulagið.

Það er rjett, að aðflutningarnir voru af skornum skamti, og þá var rjett að setja á fót seðlafyrirkomulagið, ef einhver sparnaður hefði verið samfara því. En jeg hefi sýnt fram á það, að hjer er ekki um nokkurn sparnað að ræða, og því er reglugerðin órjettmæt. Það er öldungis óþarft að ætla, að aðrar þjóðir vilji, að við höfum seðla þessa; þær vita, hvað mikið við notum í „normal"-ári, svo þær geta hæglega látið oss fá hið afskamtaða uppeldi, er við höfum þurft. Og það, hversu mikið við notum, getur

ekki verið neitt launungarmál. Það hefir verið birt í blöðum landsins, og skýrslur hagstofunnar eru sendar til margra samskonar landsstofnana í öðrum löndum, og það geta því allir sjeð, hversu mikils við þurfum af þessum vörutegundum.

Upplýsingar þær, er jeg flutti hjer um eyðslu vora, voru eftir skýrslu frá hagstofunni og því með öllu rjettar, en tölur þær, er hæstv. atvinnumálaráðh. bar fram, voru fyrir árið 1914; þær eru líka í brjefi hagstofunnar til mín, en jeg gat þeirra ekki vegna þess, að það er ekki hægt að miða við það ár, því þá voru vöruflutningar meiri en venja er til, því margir kaupmenn birgðu sig þá upp með vörur fyrir seinni tímann.

Um eftirlitið með kaupmönnum skal jeg að eins geta þess, í viðbót við það, sem jeg sagði, að stjórnin gat vel ráðið við það, að verslunarverð kaupmanna færi ekki fram úr eðlilegu hámarki.

Hæstv. atvinnumálaráðh. sagði, að samvinnufjelögin kæmu þessu máli ekkert við; það væri gömul afturganga, að hann vildi blanda því saman. Það er nú svo. Jeg vil benda hæstv. atvinnumálaráðh. á, að lesa blað það, er hann gefur út, ásamt öðrum, til þess að styrkja sig; ef hann gerði það, býst jeg við, að hann sjái, að öllum hljóti að vera ljóst, að það ber þetta mjög fyrir brjósti.

Hæstv. atvinnumálaráðh. þóttist ekkert vita um vilja þingsins. Jeg vil leyfa mjer að benda honum á að lesa umræður þær, er fóru fram hjer í hv. deild í fyrra um fyrirspurn frá hv. þm. Ísaf. (M. T.). Þar kemur sannarlega engin ánægja í ljós eða traust til stjórnarinnar yfir aðgerðum hennar í verslunarmálum landsins.

Jeg endurtek það, að landsverslunin er komin inn á ranga braut, og hún lenti það strax. Í stað þess, er verið hefir, hefði hún átt að kosta kapps um að hjálpa kaupmönnum að viða sem mest af birgðum til landsins og efla aðflutningana og vöruforða landsmanna sem mest.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það kom ekkert nýtt fram í þessari síðari ræðu hv. þm. Snæf. (H. St.), svo í sjálfu sjer er óþarft að svara henni, enda skal jeg verða fáorður.

Jeg tók það fram, að kaupmenn hefðu ekki haft tök á að birgja landið nægilega af vörum, og það er rjett. Því eru bollaleggingar hv. þm. (H. St.) með öllu óþarfar, og meira að segja skakkar.

Það er ekki vani minn að endurtaka oft orð mín, og nenni jeg ekki að endurtaka þau nú, þótt hv. þm. (H. St.) færi rangt með þau. Að eins skal jeg geta þess, að erfitt mundi fyrir stjórnina að hafa eftirlit með verðlagi kaupmanna, þegar verðlagsnefndin, sem nóg vald og vilja hefir, hefir eigi fundið ráð til þess, og hefir þess þó verið full þörf, og oft um það talað.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í umræðurnar um fyrirspurnina eða þær deilur, er hafa spunnist ú af henni. Það var eitt atriði, er kom fram í umræðunum, sem jeg vildi minnast á með fáum orðum.

Hv. fyrirspyrj. (H. St.) sagði, að landsverslunin hefði aldrei átt að vera til annars en að birgja landið. En það er líka einmitt það, sem landsversluninni hefir verið, ætlað að gera og hún reynt að gera frá upphafi. Hún hefir aldrei haft í frammi neina samkepni við kaupmenn. Það er ekki við því að búast, að hv. þm.

Snæf. (H. St.) þekki þetta eins vel og jeg. Jeg hefi aldrei vitað til, að landsverslunin legði stein í götu kaupmanna. Kaupmenn voru spurðir í upphafi um það, hvort þeir vildu taka að sjer að birgja landið að öllum nauðsynjum, en þeir svöruðu, sem eðlilegt var, að þeir vildu enga ábyrgð taka á sig með tilliti til þess. Stjórnarvöldunum hefir því frá fyrstu verið nauðugur sá kostur að tryggja landinu nægar birgðir á hvaða tíma sem er. Jeg veit ekki betur en að kaupmönnum hafi verið látið í tje skiprúm í landssjóðsskipunum, þegar þeir hafa óskað og hægt hefir verið að koma því við, og ávalt verið ýtt undir þá að kaupa vörur. Það er því algerður misskilningur, að landsverslunin hafi kept við kaupmenn. Mótspyrna kaupmanna gegn landsversluninni hefir ekki verið sprottin af því, sem hefir átt sjer stað, heldur af hinu, sem þeir hafa verið hræddir við að yrði. Jeg spurði einu sinni mikilsvirtan kaupmann, í hverju stjórnin eða landsverslunin hafi troðið kaupmönnum um tær. Hann gat þá ekkert sagt, í hevrju það lægi, ekki bent á neitt ákveðið, en ljet sjer nægja að segja, „að það væri öll stefnan“, svo óákveðið sem það þó er.

Eggert Pálsson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um landsverslunina yfir höfuð. Jeg skal að eins, vegna tilefnisins, geta þess, að frá mínu sjónarmiði er það höfuðgalli landsverslunarinnar, að hún gerðist alt of yfirgripsmikil í byrjuninni og ljet ekki sitja við það eitt að afla brýnustu og bersýnilegustu nauðsynjanna. Jeg hefði talið best farið, að hún hefði ekki gripið yfir allar þær vörutegundir, sem hún hefir fengist við, heldur bundið sig við þær vörutegundir, sem nauðsynlegastar eru fyrir atvinnurekstur landsbúa, svo sem kol, salt, og steinolíu. Landsverslunin var og er þess eigi umkomin að sjá fyrir öllum þörfum landsmanna. Hún þurfti og þarf æfinlega að sníða sjer stakk eftir vexti. Það, sem beinast lá við að nota fje landssjóðs til að afla, voru einmitt þær vörutegundirnar, sem jeg nefndi. Ef það hefði verið gert og þessar vörutegundir ekki þrotið eins fljótt og raun varð á, þá hefði vissulega betur farið. En einmitt þetta hefir landsverslunin eða stjórnin látið undir höfuð leggjast og hugsað meira um annan innflutning, sem eigi var eins nauðsynlegur. Það er höfuðsökin. Þetta er landsstjórnarinnar aðalyfirsjón í þessu efni. Því ef atvinnuvegum landsmanna hefði verið haldið uppi með innflutningi á því, sem til þess þurfti, þá hefði eigi þurft að kvíða matarskorti, þótt minna hefði flust inn af kornvöru.

Um sjálfa fyrirspurnina er það að segja, að svo framarlega sem byggja má á skýrslu þeirri, er hv. þm. Snæf. (H. St.) las, um notkun kornvöru og sykurs á „normal“-tímum, þá er sýnilegt, að reglugerðin er ekki bygð á neinni sparsemdarhugsun. En að láta á sjá í reglugerðinni einhverja viðleitni til sparnaðar var svo sjálfsagt og nauðsynlegt, að jeg tel, að eigi geti verið um það skiftar skoðanir. En að svo vöxnu máli er ekki hægt að fara lengra út í þessa sálma, þar sem hæstv. atvinnumálaráðherra og hv. þm. Snæf. (H. St.) koma með sundurleitar skýrslur um sama efni, báðir frá hagstofunni.

Hæstv. atvinnumálaráðherra sagði, að landsverslunin hefði verið nauðsynleg til þess að halda niðri vöruverði kaup-

manna. Því þótt verðlagsnefnd væri til, þá hefði hún ekki enn fundið ástæðu til að lækka verð kaupmanna. En jeg vil taka það fram, að verðlagsnefndin hefir ekki getað lækkað verð á vörum kaupmanna vegna landsverslunarinnar. Verð landsverslunarinnar hlaut að vera mælikvarði, og niður fyrir það var og er ekki hægt fyrir neina verðlagsnefnd að lækka vöruverð kaupmanna, enda mun það sjaldan hafa yfirstigið vöruverð landsverslunarinnar, nema sem svarar eðlilegum kostnaðarauka.

Magnús Kristjánsson: Jeg skal ekki eyða löngum tíma, því það er grunur minn, að fyrirspurn þessi sje bara leikur. Fyrirspyrj. (H. St.) hefði ekki þurft að koma fram með hana, því honum mun hafa verið vel ljóst, hvert reglugerðin stefndi. Í öðru orðinu taldi hann reglugerðina alveg óþarfa, en í hinu orðinu fanst honum skamturinn vera alt of hár. Þessu tvennu hjelt hann fram á víxl, en, eins og allir sjá, getur þetta ekki staðist hvað við hliðina á öðru. Það er einkennilegt að heyra óánægju yfir landsversluninni einmitt úr þessari átt, frá hv. þm. Snæf. (H. St.), því í hans kjördæmi hafa raddirnar verið hvað háværastar um vöruskort hjá kaupmönnum. Jeg gæti sýnt mörg skeyti og brjef því til sönnunar. Það sannar meðal annars, að stefna þessa hv. þm. (H. St.) getur ekki verið sniðin eftir þörfum kjósenda hans. Kaupmannastjettin í hans kjördæmi hefir ekki reynst megnug að birgja sýsluna að nauðsynjum. Því kemur mjer þessi fyrirspurn einkennilega fyrir sjónir. Mjer dettur ekki í hug að geta þess til, að hv. þm. (H. St.) hafi sjerstaklega horn í síðu landsverslunarinnar fyrir það, þó hann sjálfur kunni að vera riðinn við verslun á fleiru en lyfjum. — Annars þykist jeg hafa bent á, að þingm. (H. St.) hefir komist í mótsögn við sjálfan sig, að ummæli hans eru þar með orðin dauð og ómerk.

Fyrirspyrjandi (H. St.) lagði áherslu á, að kaupmenn myndu hafa verið einfærir um að birgja landið. En svo var ekki. Þeir voru ekki til þess færir. Þeim hefði orðið um megn að útvega flutningstæki. Þar við bætist, að stjórnir þeirra landa, sem við skiftum við, hafa ekki viljað selja okkur vörur nema fyrir milligöngu landsstjórnarinnar.

Hv. þm. (H. St.) mun kann ske því til svara, að landsstjórnin hefði átt að láta nægja með eftirlit með vöruinnflutningi kaupmanna. En erfitt hefði þetta eftirlit getað orðið, og að mínu áliti óframkvæmanlegt.

Sú fullyrðing þm. (H. St.), að vöruverð landsverslunarinnar hafi ávalt verið hærra en vöruverð kaupmanna, er allsendis röng. Mjer er kunnugt um, að á ýmsum stöðum hefir verð kaupmanna verið 25—30% hærra en verð landsverslunarinnar. Hafa menn margsinnis borið sig upp undan þessu við forstjóra landsverslunarinnar.

Um fyrirspurnina mætti margt segja, en jeg býst við, að það sje til lítils að orðlengja þetta frekar. Hún mun ekki vera borin fram til að fá skýringar, heldur til að fá tækifæri til að leggja stjórn og landsverslun ámæli.

Mjer var ekki vel ljóst, hvert ræða hv. 1. þm. Rang. (E. P.) stefndi. Mjer virtist hann helst halda því fram, að það hefði verið og væri óþarft, að landsstjórnin hlutaðist nokkuð til um aðflutninga á kornvöru og yfirleitt allri

matvöru. Ef þetta er álit hans, mun hann ekki hafa gert sjer ljóst ástandið, eins og það nú er. Eftir því, sem jeg best veit, er nú um tvent að velja, annaðhvort að vera án allrar kornvöru eða að flytja hana inn fyrir milligöngu landsstjórnarinnar.

Jeg ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta. Jeg hefi einungis viljað benda á, að hv. fyrirspyrj. (H. St.) komst í þá mótsögn við sjálfan sig, að aðfinslur hans fjellu hvor um aðra, að kaupmönnum myndi hafa orðið ókleift að birgja landið að öllum nauðsynjum, og að landsverslunin hefir oft selt lægra verði en kaupmenn. Er þá fyrirspyrjanda (H. St.) væntanlega fullsvarað.

Fyrirspyrjandi (Halldór Steinsson): Mjer þykir hv. þm. Ak. (M. K.) vera farinn að gerast furðu skilningssljór. **(Forseti:** Ekki þessi orð!). Hann hefir gersamlega misskilið orð mín. Jeg taldi svipaða reglugerð nauðsynlega. En öðruvísi þurfti hún að vera, ef hún átti að stefna að nokkru marki. Hún þurfti að stefna að því að spara. En það er eitthvað annað um reglugerðina, eins og hún er.

Þá var annað atriði, að legið hefði við svelti í Snæfellsnessýslu síðastliðið ár. Það er mjer alls ókunnugt um, og er jeg þó kunnugri sýslunni en hv. þm. Ak. (M. K.). Hitt er annað mál, þó kaupmenn þar vilji ekki liggja með miklar birgðir um langan tíma, þar sem sambandið við Reykjavík er jafngott og það er. Það er haganlegra fyrir þá að fá minna í einu, til að verða ekki fyrir miklu vaxtatapi.

Það sagði jeg aldrei, að kaupmenn hefðu selt lægra verði en landsverslunin, en hitt sagði jeg, að þeir hefðu blómgast í skjóli hennar, og er það á allra vitorði.

Magnús Torfason: Jeg ætla ekki að taka þátt í umr. um fyrirspurnina sjálfa. **(Forseti:** Það er fyrirspurnin, sem er til umræðu). Á jeg þá einn að fara að binda mig við hana? Jeg verð að svara hv. 1. þm. Rang. (E. P.) nokkrum orðum, vegna þess, að hann mintist á svo mikilsvert stefnumál. Hann hjelt því fram, að landsverslunin hafi verið of yfirgripsmikil frá upphafi. Jeg er á gagnstæðri skoðun. Jeg álít, að byrjað hafi verið í of smáum stíl, og að henni sje enn skorinn of þröngur stakkur. Landsstjórnin verður að taka fastari tökum á verslunarmálinu en hún hefir gert. Fyrst og fremst var of seint byrjað. Jeg ásaka engan fyrir það. Menn álitu, að stríðinu mundi miklu fyr lokið en raun hefir á orðið. Þess vegna skorti nægan undirbúning undir þessi síðari stríðsárin. Ef fyr hefði verið byrjað, hefði landið t. d. fengið skipastól sinn með miklu betri kjörum en raun varð á.

Jeg vildi gera athugasemd við þau orð hæstv. forsætisráðherra, að kaupmenn hefðu að gefnu tilefni lýst því yfir, að þeir treystu sjer ekki til að birgja landið upp að vörum.

Jeg rengi það ekki á neinn hátt, því jeg þekki ekki til nema í mínu kjördæmi.

Jeg man, að þáverandi landsstjórn sendi út fyrirspurnir til kaupmanna, hvort þeir treystu sjer til þess, og svöruðu aðalkaupmennirnir á Ísafirði því, að þeir óskuðu ekki, að landsstjórnin hefði nein afskifti af þeim sökum.

En hvað skeður? Þeir bregðast allir kaupmannsskyldu sinni, þegar á herðir, og einn neitar að selja vöru sína, og það

jafnvel þótt þeir hafi full hús af vörum.

Jeg tek þetta fram til að sýna, að ekki er holt fyrir landið að eiga mikið undir náð kaupmanna.

Jeg á bágt með að skilja, að menn utan af landsbygðinni skuli bera hag kaupmanna fyrir brjósti. Þeir virðast hafa gleymt því, að korn fjekst talsvert ódýrara hjá landsversluninni. Það er mjer kunnugt um, því ísfirðingar byrjuðu fljótt viðskifti við hana, og gátu með því haldið í skefjum vöruverði kaupmanna.

Út í verðlag á landssjóðvörunum skal jeg ekki fara, en telja má víst, að gerðar hafi verið ýmsar ákvarðanir um landsverslunina, sem betur hefðu mátt fara. Enda var þess engin von, að landsstjórnin hefði fullkomna kaupmannsþekkingu, þegar í fyrstu.

En jeg vil taka það skarpt fram, að kaupmenn hafa haft alveg sjerstaka tekjugrein fram yfir landsverslunina. — Þeir hafa gert sjer Eimskipafjelagið að fjeþúfu. Á að leyfa þeim það áfram?

Einmitt um það ber að taka ákvörðun.

8. Þingfrestun.

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 17. maí, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um þingfrestun (A. 159).

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 18. maí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð með 10 shlj. atkv.

Með brjefi, dags. s. d., sendi forseti Ed. fyrirspurnina landsstjórninni, og beiddist jafnframt vitneskju um, hve nær hún teldi sig við látna að svara.

Forsætisráðherra svaraði þessu brjefi 21. s. m. á þá leið, að hann væri búinn til að svara fyrirspurninni, hve nær sem vera skyldi.

En með því að flm. (M. T.) mæltist undan því við forseta, að fyrirspurnin yrði tekin til frekari meðferðar var hún ekki á dagskrá sett framar.